15 - Ull og tóvinna III

Leiðbeiningar

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1898
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1289

p1
Ull og tóvinna 3.
Ef ofnar voru fleirri en ein voð á bæ, var byrjað um jólaföstukomu eða fyrr, en væri aðeins ein voð ofin, var ekki byrjað fyrr en eftir áramót. Víðast var vefnaði lokið fyrir vertíð, í byrjun febrúar. Ofnar voru flest 4 voðir á bæ, en víðast ein eða tvær. Fyrr var ofið í nærföt og

p2
rúmfatnað, en síðar
í utanyfirföt. Það var eftir ástæðum heimilisins, hvort vefarinn sat við allan daginn eða milli mála. Á fámennum heimilum var oftast aðeins ofið milli mála. Duglegur vefari óf um 10 álnir á dag eða eina alin á klukkustund af vaðmáli. Ef aðkomumaður óf, var greiðslan miðuð við alin, og var 10 aurar á alin fram yfir s.l. aldamót (Jörg. Bjarnas.).

p3
Ýmist ófu konur eða
karlmenn, oftar þó karlmenn. Unglingar fóru að læra að vefa skömmu eftir fermingu. Vefstaður var algengara nafn og eldra , en vefstóll var líka notað, einkum á síðari árum. Á flestum bæjum mun vefstaður hafa verið til, og notaður þó þröngt væri, jafnvel svo þröngt að taka varð upp rúm í baðstofu, til að koma honum fyrir. Þó var ekki allsstaðar ofið, heldur var efni komið fyrir annarsstaðar. Þrengsli eða mannleysi hafa valdið því. Breidd vefstaðs leyfði 5 kvartela breiða voð, en voðir voru sjaldan breiðari en 4 1/2 kvartel. Ritti, sjaldan kallað skeið, var 5 kvartel með 60-80 tannir á kvarteli. Þó voru til 100 tanna ritti, notuð þegar ofinn var tvistur, garn í garn. Rittið gekk inn í gróp í slagborðinu, sem líka var kallað skeiðarslag. Það hékk venjulega niður úr kjálkanum efst á væng vefstaðsins, og var

p4
fært til á kambinum
ofan á kjálkanum eftir þörfum. Skyttan var úr harðviði, mjó og rennileg.
Endar hennar voru bryddaðir með látúni, og á annarri hlið hennar
var látúnsplata með rifu fyrir veftinn. Neðan á skyttunni voru 2
látúnsfjaðrir, til þess að hún rynni betur um skilið. Spólan lék
á spóluteininum úr járni. Spólurnar voru oftast járnpípa, en stundum
tréspólur renndar með hnúð á báðum endum. Skinn eða roðspólur höfðu þekkst
áður fyrr. Spólurnar þurftu að vera 20-30 á bæ. Spólurokkar
voru oftast gamlir spunarokkar. Látinn teinn með skoruhjóli á, í
stað hnokkatrés, og spólunni stungið upp á teininn framan við brúðuna.
Einnig höfðu verið smíðaðir sérstakir spólurokkar. Þá hafði
borið við, að notaðir væru venjulegir spunarokkar. Var þá spólunni
stungið upp í pípuna á hnokkatrénu.

p5
Spanstokkur var notaður
til þess að spenna út voðina. Hægt var að lengja hann og stytta með
því að færa lítinn tein, sem tengdi saman báða hluta stokksins og einnig
hólk, sem hélt hlutunum í skefjum. Í endum spanstokksins, sem smíðaður
var úr harðviði, voru broddar, sem stungið var í jaðra voðarinnar. Þegar
ákveðin var legnd voðar, var miðað við þyngd þráðarins. Mörk af þræði
átti að gera 2 álnir. Jafnvel var sú nákvæmni viðhöfð, að taka einn
hnykil og mæla nákvæmlega með kvarða, og reikna eftir því. Ef vefjargarn
var notað í uppistöðu, var reiknað með 9 til 10 álnir úr pundi garns í
vaðmál, en 11 álnir í einskeftu. Í uppistöðu var talið hæfilega 1200
þræðir, hvort sem notað var garn eða þráður. Fyrirvafið nefndist veftur,
spunninn úr ull. Tvistur var það kallað, ef garn var notað bæði í
uppistöðu og fyrirvaf. Rakið var á rakningsgrind. Jafnvel
farið á

p6
aðra bæi til þess,
ef ekki var hægt að koma grind við heima. Skilhælar voru fastir í
krísholtum. Rakningsstokkar voru sumsstaðar notaðir með 10 til 12
hólfum. Lykkjur voru á barmi hvers hólfs fyrir þræðina. Annars
voru víða notuð hvers konar ílát undir hnyklana. Alltaf var þráður
og garn undið í hnykla á völur, áður en rakið var. Sumir röktu á
5 þráðum, og fengu þá 10 þræði í feta, einu sinni niður og einu sinni upp
á grindinni. Aðrir röktu á fleirri þráðum, og höfðu fleirri þræði
í feta. Slanga nefndist rakin uppistaða. Hún var lykkjuð
upp af rakningsgrindinni, vo að hún ekki flæktist og hægara væri að meðhöndla
hana. Höföldin voru áður gerð úr vönduðum togþræði, en síðar úr seglgarni.
Beggja vegna augans var hnýtt þverhnút, en aðra hnúta veit ég ekki
um. Höföldin voru tekin af sköftunum. Undið utan um þau, og

geymd uppihangandi.

p7
Að setja til við,
að setja upp, var sumsstaðar talið tveggja daga verk. Talað var um
að leggja í kamb, aðrir að láta í kamb. Tvö skilsköft voru til þess
að halda silunum réttum. Að bóma var það kallað að vinda slönguna
upp á þráðarrifinn. Það var vandasamt og þurfti 3 menn til þess.
Rifskaftið féll inn í gróp í rifnum. Á því voru lykkjurnar
á slönguendanum. Kragar voru á báðum endum slöngurifsins, til að
halda að þráðunum. Á krögunum voru göt fyrir enda rifskaftsins, ennfremur
spengur sem uppistaðan vafðist yfir þegar byrjað var að bóma. Þar
með var all stöðugt. Á vefstað B, voru hliðargrindurnar eða vængirnir
tengdir saman að neðan með slám, en að ofan með bómum. Yfir þá fremri
lá voðin, en yfir þá aftari lá uppistaðan, og svo niður á rifina. Upp
úr vængjunum stóðu kjálkarnir. Yfir þá lá tréð, sem uppihöldin héngu
í

p8
og í þeim hékk slagborðið.
Tvo þurfti til að draga í höföldin. Annar rétti fram þræðina,
en hinn dró þá í gegn með skeiðarkrók,sem aðrir nefna krækju eða krók,
og stjórnaði sá verkinu. Einn dró í rittið, 2-3 þræði í hverja tönn.
Að hnýta fram var að hnýta þræðina á framhnýtingarteininn
eða voðarteininn. Mér skilst, að þeir hlutir, sem kallaðir voru sköft,
ef þeir voru úr tré, væri kallaðir teinar, ef þeir voru úr járni. Þrjú
snæri tengdu svo framhnýtingarskaftið eða teininn yfir frambómuna við voðarrifinn,
framrifinn,. Að draga fyrir var það nefnt að hefja vefnaðinn
með því að skjóta skyttunni í fyrsta sinn gegnum skilið.
Að gefa í hét að færa fyrirvafið með hendinni fram í skilið, í boga um
miðju, áður en það var slegið fram með slagborðinu. Færa: Þegar
bilið milli voðar og hafalda

p9
var of þröngt fyrir
skyttuna, var slakað á þráðarrifnum og undið upp á voðarrifinn. Hét
sá partur voðarinnar, sem færður var færa, og verkið að færa.
Lengd voðar var mæld jafnótt og ofið var með álnarlöngu bandi, sem sett
var við byrjun voðarinnar, og fært þegar alin var ofin. Að
fella voð var að klippa hana frá uppistöðunni. Það sem klipptist
frá hét afvikur. Þær voru notaðar til viðgerða, bæta flíkur og stoppa.
Þóf: Voðin var þvegin svo vel sem hægt var úr góðu
þvæli, og hreinu vatni, og síðan undin. Járnkarl eða önnur sterk
stöng var skorðuð þversum yzt í dyr, bæjardyrnar. Önnur stöng, t.d.
sterkur broddstafur, var tekinn og yfir þessar stangir var voðin lögð og
endarnir hafðir innan í. Sá sem vatt

p10
snéri svo upp á voðina,
með því að snúa lausu stönginni og toga í voðina. Annar var til aðstoðar,
fór höndum um hnúta og snurður. Víðast var þæft í fjósinu. Látin
var slétt hurð á auðan bás. Oft þurfti að taka nautgrip af básnum
og láta út í hesthús. Á hurðinni var voðin þæfð með því að troða
á henni og velta henni til með berum fótum. Menn voru mjög léttklæddir
við að þæfa. Oftar þæfðu karlar en konur. Stundum þæfðu tvær
konur saman. Alltaf fékk þófari, þófarabita og aukakaffi líka væri
það til. Voðin var hrist upp nokkrum sinnum, 3-4 sinnum. Tveir
hrisstu voðina, slógu til svo small í, teygðu og toguðu á alla kanta, lítinn
hluta í einu og færðu til á hurðinni. Farið var eftir útliti voðarinnar
og lónni, þegar ákveðið var hvort voð væri fullþæfð. Einnig urðu
smellirnir lægri og dimmari þegar fullþæfð voð var hrisst. Votaþóf
var þæft undir fótum í íláti með vatni í.

p11
Fullþæfð var voðin
hrisst og teygð vel og vandlega og vafin upp á rúmfjöl, látin á slétta
fjöl eða kistulok, önnur fjöl ofan á, og síðan farg, grjót. Undir
farginu var voðin svo í 2 daga, áður en hún var þurrkuð. Ekki mátti
þurrka nýja voð úti í frosti. Það var talið spilla efninu, ef það
fraus.

p12
Það er mest til að
sýnast, að ég svara ullar og tóvinnuspurningu 3. Ég hef ekki verið til
heimilis neinsstaðar, þar sem ofið var eða vefstaður upp settur, og get
því fáu svarað af eigin þekkingu. Að vísu man ég nokkurn vegin eftir
útliti vefstaðs í aðalatriðum, en þekki fátt af nöfnum, og einstök verksnöfn
eða vinnubrögð þekki ég ekki. Ég tók mig loks saman í andlitinu
og spurði gamla Ölfusinga: Önnu Bjarnadóttur og Jörgen Björnsson,
hjón frá Þurrá, og Sigurberg Jóhannsson frá Grænhól. Þau eru öll
yfir 80 ára, og minni þeirra farið að bila, og Þjóðbjörgu Jóhannsdóttur
frá Sogni, og er mest af þessu frá henni komið. Ég vona að þetta sem hér
er skráð, sé ekki rangt, þó það sé fátt.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1905
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 6302

p1
Ull og tóvinna 3.
Ég skrifa mágkonu mína fyrir þessum svörum. Hún var talsvert æfð í vefnaðarlistum og lögðum svo saman að svara spurningunum, en verðum þó að biðjast afsökunar hvað þetta hefur dregist lengi að senda þetta.
Dagrún starfar dálítið enn að ullarvinnu og hannyrðum. Spinnur úr lopa á rokk og prjónar fín sjöl. Þá er víst ekki meira um þetta að segja.

p2
Ég undirrituð Dagrún Pálsdóttir, Stóruvöllum, er fædd þar 15. sept. 1905, og var þar alla æfi til 1982. Finnst mér ég geti ekki annað en svarað að einhverju leyti sumu af því sem spurt er um, sem er nokkuð margt. En almennt um vefnað, og man eftir frá barnsaldri að mikið var um tóvinnu á mínu heimili. Þar var þá til bæði 15 þráða spunavél og vefstóll, þar sem unnið var til fata flest það sem heimilisfólkið þurfti til sín úr ull. Pabbi minn Páll Hermann Jónsson, hreppsstjóri, óf á verjum vetri og bróðir hans líka á fyrstu árum aldarinnar. Það var til dæmis buxnaefni, venjulega röndótt, uppistaða frekar gróft, og það var þæft talsvert undir fótum. Það voru til sérstakir menn, sem það gerðu og ferðuðust jafnvel um í þeim tilgangi. Það var mikið um að vera er þófið stóð yfir. Þetta var með vaðmálsvendum. Svo var aftur hvítt vaðmál haft í nærföt frekar fínt. Og síðast svo þráðardúkur fínn, sem ætlaður var í kjóla og gjarna var sent til Noregs til litunar og pressunar, og var haft í krakkaföt og betri fatnað. Einnig var keyptur tvistur bæði hvítur og mislitur, og var ofið úr honum og notað í milliskyrtur og fleirra því líkt. Á mínum yngri árum voru það aðallega karlmenn sem ófu, en um 1930 fóru húsmæðraskólar að starfa, svo sem í Þingeyjarsýslu. Ég var á þannig skóla 1929-30. Var þar kenndur vefnaður. Næsta áratug óf ég á hverjum vetri

meira og minna. Ef
ég á að telja upp það sem ég gerði yrði það nokkur listi. Fyrst má
segja frá kjóladúk úr ull. Það var mórautt og sauðsvart og það leit
út írótt, en ég man ekki hvað vefnaðurinn hét. Þá var og til hjá
kvenfélaginu í minni sveit tvíbreiður vefstóll, sem farið var með á milli
bæja og setti ég upp í hann fleirri gerðir, og voru þá fleirri um að vefa.
T.d. voru gerðir matardúkar úr tvisti og voru notaðir í tugi ára
og jafnvel til enn í dag. Þar voru líka rúmábreiður úr tvisti, einnig
voru dívanteppi með línuppistöðu, en ullar ívafi. Þau voru með krókbragði,
og eitt enn er hét húsgagnavoð, var það með rósabragsídrætti, bæði úr tvisti
og ull. Það kom út smástykkjótt. Þetta var notað til að yfirdekkja
stóla, og eins í stólsetur og er ekki langt síðan að til var aðeins af
því. En það er varðveitt ögn af þessum gamla vefnaði hér heima í
héraði hjá Kvenfélagasambandinu og er þar til sýnis. Læt
ég svo þessu skrifi lokið og bið velvirðingar á því hvað þetta hefur dregist
lengi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1884
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1242

p1
Ull og tóvinna 3.
Um vefnað og það sem honum tilheyrir get ég fátt og lítið sagt, sem til fræðslu sé. En það litla sem ég man eða kannast við vil ég gjarna festa á blað. Vefnaður var sjálfsagður heimilisiðnaður á hverjum bæ. Fleirri eða færri voðir á hverjum vetri. Hvað margar eða stórar þær voru, fór eftir mannfjölda, efnum og ástæðum. Voðirnar voru ætlaðar í utanyfirföt, gróf og fín. Milliföt, pils og skyrtur.
Nærföt, rúmföt, rekkjuvoðir, sængurver, koddaver, brekán.
Flest heimili kepptust við að koma upp og ljúka einni voð fyrir jól. Og helst skyldi efni í þá næstu vera tilbúið, sem fyrst eftir nýjár. En helst átti vefstaðurinn að vera auður um hátíðarnar, og gjarnan tekinn upp á meðan, svo rýmra væri. Vefnað önnuðust að langmestu leyti stúlkur eða konur, einatt húsfreyjan sjálf, heimasæta eða vinnukona.
Hvað lengi setið var í vefstaðnum dag hvern, fór auðvitað mjög eftir heimilisástæðum. Á stórum heimilum, mannmörgum sat vefarinn við allann daginn. En þyrfti hann að sinna

p2
öðrum verkum, eins og víða var, var ofið milli mála og á vökunni. Vefnaður var erfitt verk, og ekki ætlað öðrum en fullþroska stúlkum. Ekki þekkti ég neinn umferða vefara, en fyrir kom, að tekinn var vefur af vinkonu, ef á lá. Um borgun fyrir það var víst ekki nein regla, oftast greiði móti greiða.
Heyrt hef ég um mann í Mýrdal, Þorstein, sem nokkuð stundaði vefnað fyrir aðra, og fór milli bæja þeirra erinda. Vefstaður var til á flestum bæjum, annars varð að fá lánaðan vefstað eða fara með vefinn á annan bæ, og vefa þar. Hvorutveggja kom fyrir.

Ekki þekki ég kljásteinavefstaðinn, og ekki veit ég hve lengi hann var í notkun austur þar. Í

vefstaði þurfti gott efni, og vefstaðasmíði vandaverk. Menn í Meðallandi,
sem smíðuðu vefstað get ég nefnt Sigurð á Fljótum, Bjarna á Melhól, Runólf
í Nýjabæ, Ingiberg á Melhól og Friðfinn á Skurðbæ.

Vefstaðir voru amk.
með tvennu lagi. Aðallega

p3
var það þráðarbóman
sem skildi "Með háu bómu" afturokar um helmingi hærri en framokar,
og þá þráðarbóman fest efst milli þeirra "með lágu bómu". Jafnháir
aftur og framokar. Vefjarbóma og þráðabóma á jafnháar báðar í efri
hliðfjöl. Skeiðin, rittið, var í slagborði, féll í gróp, sem
var í efri og neðri slá. Efri sláin á slagborðinu var færanleg á
uppihöldum, en á uppihöldunum hékk slagborðið á kambatrénu, sem voru snasir
framundan hafaldatrénu, tennt fremst, svo færa mátti slagborðið aftur og
fram eftir þörfum. Skeiðar voru allar líkar að lengd og gerð, en
misþéttar, 8o tanna ritti, voru víst algeng. Þetta var útlend smíði.
Þó voru til íslensk ritti, sem notuð voru við mjög grófann vefnað,
t.d. hæruvoðir, sekkja-ritti, poka-skeið. Skyttan var smíðuð
úr hörðum góðum viði. Létt og lipur átti hún að vera. Neðan
á henni voru 2-3 látúnsreimar langs eftir miðri skyttunni, við það rann
hún vetur í skilinu. Á báða enda voru festar málmspengur, þeir máttu
ekki trosna.

p4
Í báðum endum spóluopsins
voru þunnar flögur með gati, sem spóluteinninn, príminn, lék í. Við
aðra flöguna var fjöður laus í efri enda, sem varnaði því að príminn dytti
úr. Spólan var undin á spóluroð. Þau voru klippt úr þunnu kindarskinni,
kannske stundum fiskroð. Spólunni var smeygt á prímann og bandendinn
gekk út um rifu á hlið skyttunnar, sem fóðruð var með látuns renning (rifan).
Spólurokkur var einatt uppgjafa, gamall, spunarokkur, óbreyttur
nema að spóluteinn kom í stað snælduumbúnaðar. Til voru þó spólurokkar
af sérstakri gerð. Hjól líkt og rokkhjól, eintrjáningur, með sveif,
lék í grópum milli lóðréttra stuðla. Snúra var af hjólinu á trissu,
sem var föst á spóluteininum, undir honum var oft kassi fyrir spólur og
spóluhnoð. Spanstokkur var till þess að halda út jöðrum voðar, svo
hæfilega strýtt væri. Hann var í 2 hlutum, svo lengja mátti og stytta
eftir þörfum.

p5
Þegar búið var að
þvo og þurrka þráðarhespurnar varð að ákveða hvað mætti leggja upp úr mörkinni.
Gjarna var þetta borið undir grannkonu eða húsmóður, og vefjarkona,
sem raunar var oft sú sama, ákváðu það eftir nokkrar bollaleggingar. Með

þessu var átt við hvað margar álnir vefjarlengdar miðað við þyngd þráðar, svo voðin hefði hæfilega breidd. Þetta fór eftir því hvað grannur þráðurinn var, stór eða smár.

Þá er að vinda þráðinn í hnykla, þéttfast með fallegum jöfnum reikum. Og næst var að rekja. Einn þráður var mældur og merktur. Það var lengd vefjarins, 10 álna stubbi, tvítugur, þrítugur vefur, jafnvel fertug voð. Oftast var rakið á hælum.

Einatt þannig að sköft eða prik voru rekin inn í vegg með þeim millibilum, sem við átti. Sumsstaðar var rýmra um hús og fastir hælar. Skilhælar munu hafa verið 2. Þráðarhnyklarnir voru einn og einn látnir í einhver smá ílát, kassa, skálar, jafnvel aska. Endar allra hnyklanna teknir í hendina, feti brugðið um hælana eftir einhverjum vissum reglum, sem

p6
ég kann ekki að lýsa.

En skilhæla og skilband heyrði ég nefnt. Þegar fullrakið var, var fikað ofan af hælunum, lykkju brugðið í lykkju, vel gengið frá endum og slangan var fullgerð. Rakningsgrind sá ég fyrst á Strönd.

Hana átti Einar hreppsn. oddviti Einarsson. Hana mun hafa smíðað snillingurinn Sveinn Ólafsson, tengdasonur Einars. Þannig var um búið í skemmu Einars, að fljótlegt var að setja upp grindina og taka niður. Ýmsum þótti gott að fara að Strönd, og fá að rekja á þessarri grind. Þótti hægara en að hlaupa á milli hælana. Nú var komið að því að setja til. Fyrst var að leggja í kambinn. Kamburinn var trérim allþykk, næstum jafnlöng breidd vefstaðarins. Í þessa rim voru festir sívalir tindar ca. 3" langir, svo þéttir að tæplega varð komið fingurgóm á milli. Til beggja enda voru flatar rimar nokkru lengri en tindarnir, svo var önnur rim, efri kambur, með götum á báðum endum, sem neðri kambrimarnar gengu í gegnum þegar kambinum

p7
var lokað. Þegar búið var að leggja í kambinn, og þannig ákveða breidd voðar, var kamburinn festur framan streyi bómu plógskaftinu, sem var sívallt smeygt í skilið, gengið frá því í gróp á þráðarbómunni, rifnum, og svo var farið að bóma.

Til þess þurftu helst að vera 3 menn, einn hélt í slönguna, hélt undir, fram af brjóstbómu, annar snéri þráðarbómuhausnum og þriðji var við þráðarbómuna, sá um og hafði hendur á, svo að vefðist jafnt á hana, jaðrar færu vel osfrv. Svo voru höföldin sett upp. Hafaldasköftin voru venjulega 8, 4 að ofan 4 að neðan, flöt slétt og lipur. Í enda efri skaftanna var fest snæri, sem svo voru þrædd upp í trissur, Jómfrú, sem festar voru á hafaldatréð. Þetta voru smátalíur eða blokkir. Haföldin voru vandlega unninn þráður úr góðu togi. Tvinnaður eða helst þrinnaður, undinn í hnykla á dálítinn tólgarmola, hespað í mátulega stórar hespur, þvegið og þurrkað. Skorið út úr hespunni og loks voru höföldin hnýtt

á hafaldagrindinni.

p8
Hafaldagrindin: 2
okar, í neðri okann voru festar rimar, flatar sín í hvorn enda og grönn
sívöl rim í miðju. Efri okinn var laus með götum fyrir rimarnar,
og mátti festa hann á þær á meðan haföldin voru hnýtt. Hafaldaefnið, hespan,
hengd upp. Einn og einn þráður tekinn, lykkjan lögð um rimina,
sem frá manni snýr. Endarnir jafnir, góðir hnútar báðu megin við
mið, sívölu, rimina, og svo hnýtt utaná hinni, venjulegur rembihnútur.
Miðrimin myndaði möskvan, hafaldaaugað. Þegar grindin
var full, var efri okinn tekinn af, spotti dreginn gegnum báða enda hafaldanna,
og þeim smeygt upp af rimunum. Og svo á sínum tíma á hafaldasköftin
í vefstaðnum. Hnútarnir á haföldunum snéru upp og mynduðu eins og
.... ofan á sköftunum. Til þess að haföldin færu ekki útaf neðri
sköftunum, var spotti festur um endana og lá lauslega með þeim. En
niður úr miðjum neðri sköftum voru skammelabonelin niður í skammelin. Stundum
voru járnlykkjur í sköftunum til þess

p9
að festa í skammelabönd
og jómfrúsnærin, en það var ekki alltaf. Að draga í höföldin
þurfti 2, annar, sá sem rétti, einatt unglingur, tók þráðarendana einn
og einn framan við kambinn, hinn, oftast vefarinn sjálfur, var fyrir framan
haföldin. Tók við endanum og þræddi hann gegnum möskvann eftir einhverjum
flóknum reglum, fremsta, fremra mið, aftara mið, aftasta, heyrðist stundum
í hljóðskrafi. Næst var að draga í skeiðina. Skeiðin,
ritti, var skorðuð í slagborðið. Krækjan, oftast klippt úr látúnsrenning,
henni var stungið gegnum skeiðina (byrjað í miðju), annar lét 2-3 enda
á krækjuna, hinn dró hana til sín og tók endann af. Þetta gekk koll
af kolli út til enda og svo hinn helmingurinn á sama hátt. Áður var
ákveðið hvernig reiknað var í skeiðina, hvað margir þræðir í tönn, þar
eftir fór varpið, 2 í tönn, 3 í annarri, þriðju hverri. Skemmtilegast
var að þráðurinn fyllti skeiðina út til enda skeiðarbreidd. Stundum
gekk kannske utanaf smáfeti og stundum varð görnmjótt. Hvorugt var
gott, einhver misreikningur olli.

p10
Nú er að hnýta fram,
3-4 snæri fest um vefjarbómuna, lögð svo upp yfir brjóstbómuna, þar sem
plógskaftið er nú. Þráðunum sem komnir eru í gegnum haföld og skeið,
er nú nokkrum saman hnýtt um plógskaftið, strekkt á og aðgætt að öll uppistaða
væri jöfn og skil hrein, hvergi misslekja né snúið um tönn.
Og svo er að draga fyrir. Fyrirvafið hreint og þurrt í hespum eða
hnyklum og búið að spóla á nokkur voð. Skyttan með spólunni í, er
tekin, skilið opnað með því að stíga á skammelin. Skyttan smýgur

gegnum skilið og þráðurinn, fyrirdrátturinn, sleginn að með slagborðinu.
Sköftin með höföldunum ganga á víxl upp eða niður við hvern fyrirdrátt
um leið og stigið er á skammelin. Gefið er í með því að höndin ýtir
á fyrirvefsþráðinn í boga aftur undir skeiðina, áður en að er slegið. Stikuþráður
álnarlangur bandspotti (fín flétta) með hnút á öðrum enda, er festur í
vefaðið milli þráða. Hann er færður eftir því sem verkið vinnst,
með því er hægt að vita hvað gengur. Ein áfæra er búin þegar dúkurinn
er kominn

p11
það nærri skeiðinni,
að ekki er skilrúm fyrir skyttuna, enda þótt búið sé að færa slagborðið
í öftustu skor á kambatrénu. Það er slakað á þráðarbómu, en hert
á fram-vefjarbómu, greitt vel úr aftan við höföldin, ef einhversstaðar
er flækt eða þræðir snúnir saman. Snærin vefjast um bómuna og loks
eru komin það mörg vöf af voðinni að nú má leysa snærin. Plógskaftið
fellur inní gróp á bómunni, strekkt er á, og vefurinn barinn jafnt og þétt.
Taktfastur samhljómur í skammelum, trissum og slagborði merkir að
lag er á vefnum. Stundum er líka ólag á, hann er flæktur, slitnar
eða misslekja. Að mörgu þurfti að gæta, þráðarbótin varð alltaf að
vera tiltæk, ef þráður slitnaði. Stundum þótti óvenjuleg þráðaslit
boða gestakomu og jafnvel vissir menn boðuðu komu sína með þeim hætti.
Smátt og smátt gildnar vefjarbóman, en hin rýrnar að sama
skapi. Svo fer að grisja í bómuna gegnum þráðinn, og bráðum er mál
að hnýta snærin. 3-4 snæri eru festu um blógskaftið og hinn hendinn

p12
um bómuna, jafnlöng
urðu þau að vera. Ekki þótti gott, ef nótt leið eftir að búið var
að hnýta snærin áður en vefur var felldur, og væri skaftið komið upp að
streyibómu, en ekki fellt niður, skyldi vefjarkona sofa hjá geitnakarlinum,
sem fáar fýsti. Nú er skaftið komið fram undir höföldin. Ekki skil
fyrir skyttuna fyrir framan skeið, verkinu er lokið. Vefurinn er
felldur, klippt frá og afvikurnar dregnar úr höföldunum. Þær mátti
nota í þráðarbót, þræðingar við fatasaum ofl. Voðin er vafin í stranga
ofan af bómunni. Voðir voru ýmislega litar. Uppistaða
stundum með sama lit og fyrirvaf, stundum ekki. Ofið var röndótt
og köflótt, litað fyrirvaf. Ofið var vaðmál, vormeldúkur, tvískefta
og hver veit hvað. Svo kom vefjargarn, útlent, tvistur, til
sögunnar. Það var bæði hvítt og mislitt. Við það minnkaði mjög
þráðarspuni. Oft var garnið haft í uppistöðu, en ullarband í fyrirvaf,
stundum var líka ofið "garn uppí garn". Þetta voru ágætir
og fallegir dúkar með margslags randaflúri.

p13
Fljótlega eftir að

voðin var laus úr vefstaðnum varð að þvo hana og þæfa. Hún var þvæld
í heitri keytublöndu, síðan vel skoluð í köldu vatni og margbarin með tréklappi,
svo var hún gegnbleytt í heitu vatni og vandlega undin. Að
vinda voð var næsta erfitt verk og vandasamt, oftast þannig gert: járnkarl
eða annað slíkt, var skorðað í húsdyr. Þar um var gengið frá báðum
endum eða lykkju og endi voðar. Í hinn enda eða lykkjur var sett
sterkt skaft, sem sterkur maður fór með, svo langt ú sem náði. Svo
var snúið af öllu afli og vatnið hripaði úr. Forðast bar í lengstu
lög að láta "hlaupa í lið", þ.e. að snurða kæmi á þennan vefning.
Þegar búið var að þurrvinda, var vöndullinn borinn inn í baðstofu,
kannske stundum í auðan fjósbás. Þar greitt úr vöndlinum á þófaraborðið,
sem var tilbúið, hreinþvegið. Það var vanalega hleri eða lítil hurð.
Þófarinn oftast karlmaður, berfættu á nærklæðum einum, steig upp
á hrúguna, hnuðlaði hana, og vellti undir fótum

p14
sér af mesta kappi,
tímum saman. Við og við varð að hrista upp. Það gerðu 2, tóku
í jaðrana sinn með hvorri hendi um fjögra álna bút í einu. Hrist
var með snöggum samtaka hreyfingum, svo að small í. Þetta þótti vandaverk
og erfitt var að þæfa stóra voð.

Oftast gerðu þetta
heimamenn, einstaka kvenmaður þæfði fótaþóf, en þótti varla kvennavinna.
Afbæjarmenn eða maður var stundum fenginn til að þæfa vaðmál. Þótt
það góður greiði. Til voru menn sem fengu orð fyrir að vera góður
þófari, og voru eftirsóttir til þeirra hluta. Sjálfsagt þótti að
þófarinn væri vel haldinn, hvað fæði snerti. Það besta sem til var,
var framreitt og ekki skorið við nögl. Hann var kófsveittur og þurfti
því oft að drekka. Stundum þófnaði voðin óvenulega seint, því var
sagt að óþóf væri komið í hana. Orsakir þess kunnu að hafa verið
ýmsar, þófið of þurrt. Þá var reynt að dekkja í því, þ.e. látið drjúpa
vatn hér og þar í viðina, t.d. eftir að

p15
hrisst var upp. Ef
til vill vantaði þófarann snerpu eða hann var ekki nógu þungur á því.
Þegar fullþæft var, en þar kom vanalega úrskurður húsfreyju til,
var voðin vafin upp á slétta jafnbreiða fjöl, oft rúmfjöl, annar hélt í
þéttfast og teygði út jaðra. Fast og jafnt var vafið og hvert vaf
vel strokið út til ystu jaðra. Svo var þetta sett undir farg t.d.
þunga kistu, þar sem það var um tíma. Seinna var þessi voð hlutuð
í sundur, sumt litað og sniðið í flíkur. En það er önnur saga.

p16

Alkunn vísa: Bárður
minn á jökli - leggst þú nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan
í skóna - og naglabrot í skipið þitt - ef að gengur þótið mitt. Þófaravísur:
Illa gekk að þæfa þá - þegar hann var með hnallinn - brúðurin mælti
og börnin smá - brjótt ekki ofan pallinn. Þungur er á þófinu - þó
þunnur sé á vangann - Ekki skaltu hafa karlinn svangann. Þraut er
að sprikla á þófi hér - í þröngum baulu klefa - en bót er það ef birtist
mér - bráðum jómfrú Eva.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1882
Sveitarfélag: 880 Kirkjubæjarklaustri

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1256

p1
Ull og tóvinna 3.
Hvenær vefnaður hófst að hausti, var mjög mismunandi. Á sumum heimilum voru t.d. 2-3 vinnukonur, auk húsmóður, en á öðrum t.d. aðeins húsmóðirin ein, og þó sumsstaðar með stóran barnahóp. En vanalegast var farið að byrja að vinna til vefjar, þ.e. að spinna þráð og fyrirvaf, þegar mestu haustönnum var lokið, svo sem sláturvinnu og þess háttar. Svo þegar rokkvinna var búin, þ.e. búið að spinna nóg í voðina, var farið að undirbúa vefnaðinn. En hvenær vefnaði var lokið að vetri,var ekkert fast ákveðið. Venja var hér að vefja fyrst þær voðir, sem áttu að notast í föt á menn, em fóru í útver. Ávallt var keppst við að klára að vefa og fella vef fyrir jólin, ef verið var að vefa á þeim tíma, og ekki sett til, sem nefnt var því nafni, þegar þráðurinn var látinn í vefstólinn, og byrjað á öðrum vef að nýju fyrr en eftir nýjár. Hér önnuðust konur eingöngu

p2
um vefnað. Oftast voru það vinnukonur, ef þær voru á heimilinu, en húsmóðirin, ef ekki voru vinnukonur, og vanalegast var það sama vinnukonan sem óf, þó fleirri væru.
Ekki var neitt ákveðið hvort sú sem óf, sæti við vefnað frá fótaferð til háttumála. Það fór eftir því hvort flýta þurfti vefnaðinum. Um afköst í vefnaði daglangt, get ég ekki sagt ákveðið. Það var mjög breytilegt, t.d. hvort ofin var voð úr fínum þræði og fyrirvafi eða grófu efni, því ef voðin var gróf, vannst lengri voð á sama tíma, en ef voðin var fíngerð, og svo voru konur mis fljótar að vefa. Börn eða unglingar voru aldrei látin vefa, en aðeins fullorðið fólk, en unglingar voru látnir spóla. Hér voru engir, hvorki karlar né konur, sem höfðu atvinnu af vefnaði, en á sumum heimilum, t.d. mínu heimili, var tekinn vefnaður heim, aðallega af fátækum barnafjölskyldum, og aldrei tekin borgun fyrir vinnuna. Hér var enginn vefnaður notaður í vöruskiftaverslun.

p3
Í mínu ungdæmi gekk
vefstóll, í daglegu tali, undir nafninu vefstaður, en þegar fram liðu stundir
breyttist það smámsaman og var ýmist kallaður vefstaður eða vefstóll.
Ekki er mér kunnugt um neinar sagnir um gamla kljásteinavefstaðinn, og
ekki er mér kunnugt um hvenær notkun hans lagðist niður með öllu. Ekki
eru hér neinir hlutir í geymslu viðvíkjandi honum, og hafa ekki verið
hér til. En hér hefur fyrr á öldum, sennilega verið til kljásteinavefstóll,
því laust eftir aldamót síðustu, var ég að grafa í gömlum húsarústum, er
verið var að endurbyggja bæinn hér, og fann ég þá smásteinahrúgu, og voru
allir steinarnir með gati í gegn, og taldi ég að það væru kljásteinar,
en því miður hirti ég ekki um að halda þeim saman og hirða þá og geyma.

p4
Um smíði á vefstólum
hef ég lítið að segja. Ég sá aldrei vefstól smíðaðann, en faðir minn
smíðaði vefstóla, en það var fyrir mitt minni. Um gerð vefstóla hef ég
einnig lítið að segja. Aðeins sá ég 2 gerðir, að því leyti er varðar
slöngurifinn. Á annarri gerðinni var slöngurifurinn staðsettur aftarlega
í sömu hliðarslá og rifurinn að framan, en á hinni gerðinni, var slöngurifurinn
staðsettur uppi aftast í kverkinni á kambinum sem slagborðið lá á að framan.
Tvíbreiðir vefstólar voru hér ekki. Ekki átti nærri öll heimili
vefstól og urðu því að fá að vefa hjá þeim sem vefstóla áttu. Ekkert
veit ég um gangverð á vefstólum í kaupum og sölu. Um myndirnar sem sýna
vefstólana, og fylgja spurningalistanum, er þetta að segja. Vefstóll
B líkist helst vefstól, sem hér var til. Þó var hann dálítið öðruvísi
að sumu leyti, t.d. voru engin hliðarskammel á honum, og svo voru á honum
2 hafaldatré, sem trissurnar sem

p5
hafaldaskaftasnærin
líku í voru festar í og lágu þau, hafaldatrén, þversum yfir vefstólinn.
Hér var vefjarskeiðin kölluð ýmist skeið eða ritti. Bæði
nöfnin voru fólki jafn töm. Ekki veit ég til að vefjarskeiðar hafi
verið smíðaðar hér heima. En í ungdæmi mínu sá ég heimasmíðaða skeið,
sem notuð var við vefnað á hrosshári, sem spunnið var og ofið og notað
í hærusekki. Var hún lík að gerð og aðrar skeiðar, nema mikið grófari
og tennurnar búnar til úr eirvír. Yfirleitt voru vefjarskeiðar hér
af svipaðri lengd og mjög svipaðar að fínleika, en ekki heyrði ég talað
um ákveðinn tannafjölda í ákveðinni lengd, t.d. kvarteli. Ekki heyrði
ég að heiti skeiða væru miðuð við neina talningu á tönnum.
Vefskytta var hér kölluð vefjarskytta eða skytta. Þær voru dálítið
mismunandi að gerð. Efni í þær var harðviður, svo sem eik, maghoni,

tkk, sem á var kallað hér amerisk eik.

p6
Lengdin á þeim var
12-14 tommur og í miðjunni á þeirri lengd var rauf ca. 5 tommu löng, sem spólan var höfð í þegar ofið var. Á sumum skyttum var raufin með botni, en á öðrum opin niður úr. Þær skyttur þóttu léttari. Skytturnar voru hafðar svolítið bognar, þá runnu þær betur meðfram skeiðinni, gegnum skilið. Neðan á þeim var gengið frá 2 teinum. Voru þeir úr eirvír, ef til var. Þeir voru hafðir út við kanta skyttunnar, sitt hvoru megin, svo þær rynnu betur gegnum skilið á þræðinum, og á framhlið á þeim, þeirri sem að vefaranum snéri, þegar ofið var, var rauf í gegnum hliðina á skyttunni, og var fyrirvafið þrætt í gegnum þá rauf, og raktist þannig af spólunni. Í kringum þá rauf, var skyttan klædd með látúnsþynnu, til að verja sliti. Teinninn, em spólan lék á, var kallaður prími og féll hann í gróp í endum holsins á skyttunni, og var í öðrum enda holsins á

p7
skyttunni fjöður
sem príminn féll í. Tréspólur voru ekki hér, hvorki renndar né tálgaðar. Til að spóla á ívafið, sem vanalegast var kallað fyrirvaf. En spólur til að spóla á voru búnar til úr skinni, t.d. þykku sauðskinni eða úr útnárum af hross eða nautsskinni. Fiskroð aldrei notað hér til þess. Áhaldið sem spólað var á við vefnað hét spólurokkur, og var hann smíðaður sérstaklega til þeirra nota. Hann var þannig gerður, að smíðaður var kassi ca. 12 tommu langur, en frekar mjór, og voru gaflar nokkuð hærri en hliðarfjalir.
Út frá fjarri enda kassans, þegar setið var við hann, gekk botnfjöl til hægri var fest þversum yfir kassann að neðan, og í hana voru festir 2 uppstandarar (spýtur), og á milli þeirra kom hjól, og lék hjólásinn, sem var sveifarás, í rauf í efri nenda uppstandaranna, en yfir kassann eð endilöngu kom járnteinn, og á hann, móti hjólinu, var festur snúður,

p8
og var svo snúra
á hjólinu og á þeim snúð, sem snérist þegar hjólinu var snúið.
Teininum var stungið í holur í fjarri gaflinum, en á framgaflinum var teininum smellt í rauf ofan á gaflinum, sem lokað var með smá spýtu, sem fest var á öðrum enda í galffjölina, og mátti snúa til hliðar þegar opnað var, til að ganga frá spólunum á teininum eða taka þær af, og svo snúið til baka þegar lokað var. Spanstokkar voru hér með tvennskonar móti.
Annar var þannig, að 2 spýtur voru búnar til, og voru 2 járnpinnar reknir í annan endann á hvorri spýtu, og var þeim stungið í jaðrana á voðinni, sem verið var að vefa, en hinir endarnir voru lagðir á víxl, hlið við hlið og bundnir saman, og að ofan á þeim var smá spýta, sem snérist á nagla,

sem festur var í aðra langspýtuna, og með henni var spanstokknum lokað, þannig að hann lyftist ekki þar sem spýturnar lágu á

p9
misvíxl ofan á voðinni.
Hin gerðin var þannig að 2 spýtur voru einnig í þeirri gerð, og járnpinnar í endum eins og á hinni, og notaðir eins, en samtenging á spýtunum var með öðrum hætti. Hún var þannig, að á annarri spýtunni var búinn til rauf í ca. helming af lengd spýtunnar og var fellt af hinni spýtunni í sömu lengd, þar til hún féll nákvæmlega í raufina á hinni, og í gegnum báðar spýturnar á köntunum voru boruð nokkur göt, sem stóðust á, og í eitt þeirra gata var stungið járnnagla í gegnum spýturnar með því mátti lengja eða stytta spanstokkinn eftir þöfrum. Yfir um spanstokkinn var hafður hólkur, oftast úr látúni, sem mátti færa til, og hélt hann spanstokknum niðri um miðjuna þegar ofið var, en þegar færa þurfti spanstokkinn til í voðinni, var hólkurinn færður út fyrir samsetningu spanstokksins og lyftist hann þá um miðjuna.

p10
Verkið að finna út hvað mátulegt var að hafa uppistöðu í vef langa, var nefnt að leggja upp.
Það fundu konur út eftir vigt þráðarins, aðallega hnyklanna, þegar búið var að vinda þráðinn í hnykla. Ekki heyrði ég farið um það neinum sérstökum orðum. Ekki get ég sagt um það með neinni vissu, hvað var venjulegt að leggja mikið uppúr einni mörk af þræði í hnyklum. Það var mjög mismunandi eftir grófleik þráðarins, og möttu konu það hverju sinni og þær sem vanar voru í því starfi fóru oftast mjög nærri um það, hvað mátulegt var að leggja upp úr þræðinum í hvert sinn. Að sjálfsögðu voru sauðarvölurnar sem þráðurinn var undinn á, dregnar frá þyngd hnyklanna.
Það var gert þannig að jafnmargar sauðarvölur og hnyklarnir voru margir voru teknar og vigtaðar, því nóg var til hjá unglingunum af þesskonar dóti, og þannig fannst þyngd þráðarins , svo lítið skeikaði.

p11
Ekki man ég að ég heyrði neitt orð um það að ákveða fjölda uppistöðuþráða í breidd voðar, er vefa átti. Við það var ekki hafður neinn útreikningur, heldur mat. Konurnar möttu það í hvert sinn, eftir sverleika þráðarins, og oftast stóðst það mat vel, og í sambandi við það, var metið hvernig dregið var í skeiðina, t.d. hvað margir þræðir voru hafðir í tönn, sem nefnt var. Srundum voru það 2 eða 2 í annarri hvorri tönn á skeiðinni.
Það var talsvert breytilegt, eftir grófleika þráðarins. Ef voðin reyndist gisnari, en ætlað var í byrjum, var það kallað að voðin væri varplítil. Ekki þekktist hér, svo mér sé kunnugt, nein sérstök aðferð eða verk, við að ákveða efnismagn í voð, aðeins mat þess sem verkið vann, byggt á fenginni reynslu. Þráðurinn í voðina var nefndur uppistaða,

en þéttleiki voðarinnvar var nefnt varp. En bandið, sem notað var
í ívaf í voð, var kallað fyrirvaf.

p12
Efni í voð, þráður
og fyrirvaf var einu nafni nefnt vefjarefni. Áhaldið sem uppistaða
í voð var rakin á, var nefnd rakningsgrind. Ekki sá ég hér nema eina
gerð af þeim. Trén sem skilhælarnir voru festir í voru nefnd hælatré
eða skilhælatré. Rakningsgrind var þannig fest upp hér, við notkun,
að í miðju bæjardyrahúsi var þverbiti og á hlið hans tréklossi með gati,
og var efri endi grindaröxulsins látinn ganga uppí það gat, en undir neðri
enda grindaröxulsins, var látin hraun eða blágrýtishella, sem grindin hvíldi
á, enda var járngaddur í báðum endum á grindaröxlinum. Ekki voru
rakningsgrindur á öllum bæjum, þar sem til voru vefstólar, og var því farið
þangað, sem þær voru til, og vefurinn rakinn þar. Balbínur eða balbínustóll
var ekki notað hér, þegar rakið var í vef, og var ekki til hér, og hef
ég því ekkert um það að segja.

p13
Ekki var hér heldur
notaður rakningsspaði. Hann var ekki til hér, og sá ég hann aldrei.
Ekki voru hér sérstakir kassar með hnyklahólfum notaðir þegar rakið
var á grind, en notuð voru smá ílát af ýmsu tagi, eftir því sem til var,
og hnyklarnir látnir velta í þeim. Eins og áður er sagt, var rakningsgrindin
sett upp í bæjardyrahúsi. Vanalegast vann ein kona að því að rekja
vefinn, og svo unglingar til að hafa gát á að hnyklar hrykkju ekki upp
úr ílátunum. Áður en byrjað var að rekja, var þráður af einum hnykli
mældur með svonefndum kvarða, sem á nútíðarmáli nefndist tommustokkur,
og mælt af þræðinum eins margar álnir eins og vefjarslangan átti að vera
löng. Það var kallað að leggja upp. Þegar búið var að mæla
mátulega lengd, var sett merki í þráðinn, var hnýtt bandspotta eða ullarhári
þar í þráðinn, dökku ef þráðurinn

p14
var ljósleitur, og
öfugt í dökkan þráð. Rakningsspaði var ekki notaður hér,
og ekkert um hann að segja. Ekki voru þráðarvölur notaðar á þráðinn
þegar rakið var. Fyrst voru þráðarendarnir festir um ytri
hæl, þ.e. skilhælinn, og farið með þráðinn yfir hann, en undir innri skilhælinn,
og þannig myndaðist svonefnt þráðaskil. Ein þráðarumferð niður og
upp rakningsgrind var gangur, en ein umferð upp eða niður nefndist feti.
Rakning fyrsta fetans á grindina var ekki nefnd neinu sérstöku nafni.
Aðeins talað um að byrja að rekja. Þegar búið var að rekja
fyrsta fetann niður, og komið var að innri skilhæl, var fetanum brugðið
undir hann, og yfir ytri skilhæl, og svo til baka, undir ytri og yfir innri
skilhæl, og svo farið eins að á efri skilhælnum, eins og byrjað var. Ekki

var vanalegt að setja merki í gangaskilin við ákveðin þráðafjölda. Þetta framansagða er um rakningu á rakningsspaða.

p15
Um áferð feta á rakningsgrindinni
var vanalegast þannig, að þegar búið ar að fara nokkrar umferðir upp og niður, var rakið annaðhvort ofan eða neðan við það, sem komið var en síður ofan á það. Fullrakin uppistaða á grind nefndist slanga eða vefjarslanga.
Áður en hún var tekin af grindinni, var hnýtt spottum í skilin á hælunum. Þegar slangan var tekin af grindinni, var hún kappmelluð jafnóðum, og af grindinni var rakið. Það var kallað að kappmella slönguna. Ekki veit ég um neina sérstaka aðferð, þá rakin var tví eða fleirlituð uppistaða. Það kom aðallega fram þegar dregið var í höföld og skeið, að það væri allt í réttri röð. Ekki er mér kunnugt um neitt almenningsálit varðandi lengd slöngu og voðar, sem átti að vefa úr henni, og því ekki kunnugt um neitt nafn á því. Hér var aldrei rakið á vegghæla né rúmstólpa.

p16
Áhaldið sem höföld
voru hnýtt á var kallað hafaldagrind. Ekki var hér neitt áhald til að rekja á hafaldaefnið, en mig minnir, að það væri rakið í sambandi við hafaldagrindina, en man það þó ekki, svo ég geti lýst því. Efni í höföld var unnið heima. Efni í það var tog, og var það dregið. Til að gera hafaldaþráðinn snöggan og haldgóðan og stífan, var hann soðinn í tólg. Í höföldin var rakið þannig að búin var til hespa með eins mörgum umferðum eins og höföldin áttu að vera mörg, og svo skorið útúr lykkjunni á hespunni á einum stað, og var því ein lykkja eða ein umferð á hespunni í eitt hafald. Hafaldahnýting var þannig, að efninu í hafaldið var brugðið aftur fyrir ysta rimil grindarinnar og farið með endana sitt hvoru megin við grindina, og hafðir jafnlangir, svo var hnýtt framan við miðrimil grindarinnar og svo endunum brugðið aftur

p17
fyrir þann rimil,
og hnýtt þar að, og var þar þá komið hafalda eða þráðaraugað, svo farið með endana fram fyrir fremsta rimilinn á grindinni, og hnýtt þar á endana og þá var hafaldið tilbúið. Höföld voru geymd á þurrum og hreinlegum stað. Stálhöföld þekktust hér ekki. Bönd til varnar því að höföld færu útaf hafaldasköftunum þegar ofið var, hét ekki neinu sérstöku nafni, enda sjaldan notuð hér, því trissusnærin, sem hnýtt voru um enda hafaldaskaftanna, vörnuðu því að þau færu útaf efri hafaldasköftunum.
Vefjarkambur nefndist ekki öðru nafni. Lengd hans miðaðist við breidd vefstólsins. Hann var gerður úr 2 langspýtum, em voru að lengd eins og vefstóllinn var víður. Í neðri slána var út við enda á henni, felld í hana þverspýta til beggja enda, og gengu þær spýtur upp gegnum

enda á efri slánni og lokaði þannig kambinum.

p18
Í neðri slána voru
festir trétindar, sem vissu upp eða eins og endaspýturnar, og voru þeir
í röð eftir kambinum að endilöngu með stuttu millibili. Neðan í efri
langspýtuna var búin til rauf, eftir henni endilangri, og þegar kambinum
var lokað féllu tindarnir uppí hana. Verkið við að ganga
frá slöngunni í kambinum, var kallað að leggja í kambinn. Það var
þannig, að slöngunni var dreyft um allan kambinn, og séð svo um, að sem
jafnast væri dreyft í kambinn, en ekki mikið meira í einum stað en öðrum.
Skaftið sem sett var í gangaskilið, og tengt við slöngurifinn,
var kallað rifskaft, en þráðurinn, sem festur var í skaftið og dreginn
í fremra gangaskilið, var kallaður skilþráður. Skaftinu var svo smellt
í rauf, sem var í rifnum og bundið fast við rifinn til endanna. Verkið
að setja vefjarefni í vefstól, þar til það var tilbúið til að byrja að
vefa hét að setja til vefinn.

p19
Verkið að vinda slönguna
uppá slöngurifinn var kallað að bóma vefinn. Eins og áður segir var
rifskaftinu smellt í rauf í slöngurifnum og bundið. Stundum voru
notuð sérstök áhöld til að halda að jöðrunum á slöngurifnum þegar bómað
var. Það voru trésnúðar, sem kallaðir voru kragar. Þeim var
smeygt uppá slöngurifinn og á þeim að innanverðu voru festir skinnsneplar,
dálítið langir, og voru þeir látnir liggja inná slöngurifinn, undir þræðinum
þegar byrjað var að bóma, og þannig héldust þeir stöðugir.
Vanalegast voru 3 við að bóma, þ.e. að vefja slönguna á slöngurifinn, einn
sat í sætinu (setfjölinni), og hélt í slönguna og gaf eftir þegar undið
vr uppá rifinn. Annar snéri slöngurifnum, og sá þriðji annaðist um
að þráðurinn lægi sem jafnast á rifnum. Rifsköft voru ekki notuð
með jöfnu millibili til stöðvunar.

p20
Ef ekki voru notaðir
kragar til að halda að jöðrunum, var slangan látin ganga lítið eitt að
sér á rifnum, smátt og smátt, þegar bómað var. Það var ekki nefnt neinu
sérstöku nafni. Þegar búið var að bóma voru skilsköftin látin
í skilin, og ef ekki var strax farið að draga í höföldin, var bundið um
slönguendana. Að draga í höföld var nefnt því nafni. Ekki var
það venja að festa hafaldasköftin meðan dregið var í höföldin. Þó
munu sumir stundum hafa gert það, að tilla þeim aðeins. 2 unnu að
því að draga í höföldin, annar rétti fram þræðina, en hinn smeygði þeim
í gegnum þráðaraugð á höföldunum, og hafði vanalegast höföldin í greipum
á vinstri hendi, þannig að höföldin á hverju skafti, voru í sitt hverri
greip, þegar um fjórskeftu var að ræða, sem oftast var ofin. Þegar

búið var að draga í nokkur höföld t.d. kvartelsbreidd, var hnýttur hnútur
á það,

p21
og þannig gert áfram.
Þar til verkið var búið. Áhaldið sem notað var til
að draga í skeið var kölluð krækja. Vanalegast var það járn eða tréþynna,
og var hafður haki á þeim endanum,sem stungið var gegnum skeiðina, og þráðurinn
var látinn á og dreginn framan úr skeiðinni. Tveir menn unnu að því
að draga í skeið, annar smeygði krækjunni í skeiðina, tönn fyrir tönn,
og dró þráðinn í gegn, en hinn lét þræðina á krækjuna, eftir því hvernig
ídráttur í skeiðina var hafður, þ.e. hvað margir endar voru í hverri tönn.
Skeiðin var höfð í slagborðinu, þegar dregið var í hana. Ef
það vildi til að hlaupið var óviljandi yfir tönn í skeiðinni, og því enginn
þráður í henni, var það nefnt skeiðarglenna. Skaftið sem uppistaðan
var hnýtt á var vanalegast kallað framskaft eða bara skaftið, og verkið
kallað að hnýta fram. Þegar hnýtt var fram var aðal vandinn sá að
sjá um allir þræðirnir væru nákvæmlega janfstrengdir.

p22
Framskaftið var fest
í rauf á voðrifnum eins og á afturrifnum, og bundið fast til endanna. Um
uppbindingu í vefstól get ég ekki sagt, svo öruggt sé, og því sleppi ég
að reyna það. Vefstólssnæri voru hafaldaskafta og trissusnæri, og
svo skammelasnæri, og snæri þegar byrjað var á vef og endað, og voru þau
snæri nefnd einu nafni vefjarsnæri. Þegar byrjað var að vefa, voru
fyrstu umferðirnar með skyttunni um skilið á uppistöðunni kallað að draga
fyrir. Þegar fyrirvafið var gefið í voðina, var aðferðin
hér sú, að þegar búið var að skjóta skyttunni um skilið og fyrirvafsbandið
þannig komið í skilið, fór vefjarkonan með fingurna á annarri hendi gegnum
uppistöðuna, og færði með þeim fyrirvafsþráðinn aftur, þ.e. nær skeiðinni,
sem jafnast hverju sinni, í hverja voð. Var það kallað að gefa í,
og ef mikið var gefið í, var kallað að voðin væri bandborin.

p23
Ívafið var gefið
fyrir í einum stórum boga, þar næst var slagborðinu skellt fram, og færði
það ívafið að voðinni, sem búið var að vefa. Slegin voru eitt eða
tvö högg með slagborðinu, eftir því hvað þétt, þ.e. fast ofin voðin átti
að vera. Spanstokkur var ávallt notaður þegar ofið var, til
þess að voðin héldi upphaflegri breidd, en herptist ekki saman. Var
hann látinn fylgja fast á eftir, jafnóðum og ofið var, og því hélt voðin
ávallt fullri breidd, og var því ekkert sérstakt orð um það að voðin herptist
saman. Mæliband (alinmál) var ávallt notað þegar ofið var.
Til þess var notað fínt band, t.d. seglgarn, ef til var, og var hnútur
hafður á öðrum enda þess. Það var dregið í gegnum uppistöðuna. Þannig

að hnúturinn var hafður að neðan, en svo lá mælibandið ofaná voðinni, þegar ofið var, þar til búið var að vefa eina alin, þá var bandið dregið niður úr voðinni og

p24
bandið fest aftur
með sömu aðferð. Helstu misfellur í vefnaði voru þráðaslit. Að jafnaði var það ekki annað, og var úr því bætt með því að bæta saman þá þræði sem slitnuðu. Ekki var almennt talið að það boðaði neitt, þó þræðir slitnuðu venju fremur. Enda bar frekast á því ef venju fremur var kalt, þar sem ofið var, og þá allt stirðara. Þó munu einstaka konur hafa sett það í samband við gestakomu. Einstök vinding voðar á voðrif eða framrif, sem sumir nefndu, var kölluð áfæra. Var það nefnt að færa á. Þegar búið var að vefa voðina, og hún var tekin úr vefstólnum, var það kallað að fella vefinn. Þá var saumað fyrir enda voðarinnar, svo hún raknaði ekki upp. Þráðarendar sem af gengu þegar vefur var felldur, voru kallaðir afvikur. Það var notað sem saumgarn til að bæta utnanyfirföt, sem voru höfð í draslvinnu og í ýmiskonar óvandað saum.

p25
Þá kemur næst að
segja frá þófinu á voðunum. Um það atriði ætti mér að vera nokkuð kunnugt, því margar voðir þæfði ég á fyrri árum. Þvottalögurinn var hitaður að suðumarki, og svo var honum helt í þvottabala, ef til var, annars í nokkuð stórt ílát og voðin látin ofaní löginn, og þvæld vandlega. Svo þegar nóg þótti þvælt, var voðin tekin upp úr ílátinu, og undið það mesta af leginum úr henni. Hér var sett þverslá í bæjardyr, helst sívöl spýta, og voðinni brugðið margfaldri um þá slá, og úti fyrir dyrum var sá, sem vinda átti voðina, og hafði sívala spýtu, dálítið langa, og um hana var voðinni brugðið, líka margfaldri, og séð var um að jaðrar voðarinnar væur innan í. Því annars var hætta á að þeir rifnuðu. Svo var snúið á voðina með lausu spýtunni, og kom því snúðurinn á voðina á milli þessara spýtna, þeirrar sem fest var í dyrunum og þeirrar, sem snúið var með, og kom því

p26
snúðurinn jafnt á
alla voðina, og var snúið á voðina þar til lögurinn hætti að leka úr henni, og þá var hún tilbúin undir þófið. Hér önnuðust heimamenn um þæfingu, og unnu karlmenn alltaf það verk. Voðir voru alltaf þæfðar í baðstofu.
Hér var alltaf notuð ein, sama aðferðin við að þæfa vaðmál, sú, að þæft var undir fótunum á hurð. Um sérstakan klæðnað var ekki að ræða við það verk. Yfirleitt voru menn léttklæddir og þæfðu með berum fótum, því nógur var hitinn, því best þótti að þæft væri af kappi, því þá hélst voðin frekar volg, og þófnaði þá betur. Þófið var innifalið í því,

að þófarinn væri alltaf á hreyfingu á voðinni, og þrýsti fast á hana með fótunum, og velti henni til um leið og hún var hreyfð. Þá þófnaði hún jafnast. Alltaf var, við og við, verið að athuga og hrista voðina þegar á leið þófið. Það gerðu 2 menn. Þeir héldu

p27
nokkrum kafla voðarinnar
á milli sín, og hristu þeir hana með sérstökum hnykkjum, sem ekki er hægt að lýsa. Það var kallað að hrista voðina upp. Um það hvenær voðin var álitin fullþæfð, kom til greina mat þeirra, sem vanir voru við starfið, og svo annað sem athuga þurfti. Það var þannig að stundum komu fram í voðinni kaflar, sem þófnuðu meira á einum stað en öðrum, og þá mynduðust smá pokar sitt hvoru megin við þann blett, sem meira þófnaði, og ef dálítið fór að bera á þeim, varð að hætta að þæfa voðina, því þeir stækkuðu því meira, sem voðin var meira þæfð. Þetta var kallað að voðin væri farin að bryggða. Var talið að það orsakaðist af misgrófu fyrirvafi, og líka gat það stafað af misgóðri ull, sem fyrirvafið var spunnið úr. Algengt var að húsmæður létu þófaranum í té, einhver aukaglaðning meðan á verkinu stóð, því þetta var mjög erfitt verk, ef það var unnið af kappi, t.d. aukabita eða aukakaffi, ef kaffi var til,

p28
sem vildi oft verða
skortur á, sérstaklega þegar úthallaði vetri.

Þófaraþulur heyrði
ég ekki nema þessa: Bárður minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - naglabrot í skipið þitt - ef þú leggst á þófið mitt. Ekki er mér kunnugt um launagreiðslur fyrir þæfingu á voð. Þegar búið var að þæfa voðina, var hún undin upp á fjöl, t.d. rúmfjöl. Það gerðu 2 menn. Annar hélt fjölinni og vatt upp á hana og athugaði að engar hrukkur væru á voðinni á fjölinni, en hinn hélt á móti og toguðust þeir þannig á, svo voðin væri sem best strengd á fjölinni. Svo var fjölin með voðinni, sett undir farg, sem nefnt var. Það er, að ofaná voðina var látin fjöl, og eitthvað þungt ofan á hana. Þannig var hún pressuð. Voðir voru ekki sendar í verksmiðjur til litunar né lóskurðar, hvorki innanlands né utanlands.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1887
Sveitarfélag: 801 Selfossi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1254

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Vefnaður mun að jafnaði ekki hafa byrjað fyrr en í janúar eða febrúar. Stóð oftast til páska, en þá fóru bændur og einnig vinnumenn í verið, til sjóróðra. Þó kom fyrir að konur lykju við voð eftir páska, ef þeim vannst timi til. Þess voru einnig dæmi að bændur hefðu vefstól með sér í verið og gripu í að vefa í landlegum eina voð, einkum ef páskar voru snemma. Oftast voru það bændurnir sem ófu, milli mála, en létu þá liðléttari, einkum unglinga, flýta fyrir sér við gjafirnar. Afköst voru misfjöfn, en þóttu sæmileg, ef hægt var að skila alin á klukkustund að meðaltali. Sumir drengir byrjuðu að vefa 16-17 ára, en flestir eldri. Fáir eða engir höfðu vefnað að aðal atvinnu, en nokkrir tóku þó eitthvað að til að vefa, því nokkrir bændur áttu ekki vefstað, og höfðu lítið eða ekkert átt við að vefa. Var það oftast í einhverskonar vinnuskiftum.

p2
Vefstóll: Bæði nöfnin vefstaður og vefstóll voru notuð. Vefstaður mun þó hafa verið öllu algengara. Nokkrir lagtækir menn hér smíðuðu vefstóla. Voru þeir hafðir sem fyrirferðar minnstir og hægt var, þó var þess jafnan gætt að breiddin væri fyrir 5 kvartila skeið, en tvíbreiðir sáust ekki. Oftast var slöngurifurinn niðri, svo sem á B mynd. Hraðskyttu slagborð voru lítið notuð hér. Meirihluti heimila hér áttu vefstól um og fyrir síðustu aldamót. Hinir komu vefnaðinum fyrir eða fengu vefstól lánaðann.

Skeið: Vefjarskeiðar voru jafnan 5 kvartil á lengd. Útlendar tönnur úr járni eða látúni. Þéttleiki var miðaður við tannafjölda á kvarteli, 60-70-80-90 og 100 á kvarteli, og skeiðin nefnd eftir því. Vefskyttan: Skyttan

var smíðuð úr harðviði, eik eða brenni. Sáust með rúllum eða keflum niður úr botninum stutt frá endunum, en flestar voru með sléttum botni.

p3
Í skyttunni var spóluteinninn.
Flestir notuðu tréspólur. Þó sáust bæði blikkspólur og roðspólur (úr steinbítsroði). Spólurokkur: Flestir notuðu gamla rokka eða hjól úr þeim með spóluteini í stað snældubúnings. Spanstokkur var hér jafnan nefndur spjálk. (Hér er teikning). Að leggja upp: Vanar spunakonur fóru nærri um hvað leggja mætti margar álnir úpp úr pundinu, einnig gamlir vefarar. Oftast mun hafa verið lagðar upp 4-6 álnir úr hverju pundi af þræði, völur frádregnar.

p4
Að reikna í skeið:
Aður en rakningu lauk, var oftast ákveðið hvaða varp ætti að hafa á voðinni. Rektist illa var gripið til þess ráðs að varpa minna.
Það er, hafa annaðhvort gisnari skeið, eða færri þræði í tönn, t.d. 2 þræði í annarrihvorri, en 3 í hinni. Talað var bæði um fyrirvaf og ívaf. Rakningsgrind: Lang oftast nefnd rakgrind. Ekki voru rakgrindur til nema á fáum bæjum, þó vefstaðir væru á allflestum.
Oftast farið á bæi til að rekja eða fengið rakið, þar sem grind var til. Efst og neðst á grindina voru festir svo nefndir þollar með hælum útúr, sem mynduðu skilið milli umferða. Nær alltaf var rakið af hnyklum. Balbínur voru ekki notaðar hér. Fáir notuðu rakningsspaða, nema þá helst á seinni árum, og þó fáir. Nokkrir áttu rakningsstokk með 6 hólum. Aðrir notuðu aska, koppa eða skálar til að láta hnyklana velta í.

p5
Rakning á rakningsgrind:
Margir rakningsmenn létu ungling líta eftir hnyklunum, að þeir færu ekki uppúr hólfi eða íláti, og segja til, er þeir voru búnir. Flestir vanir rakningsmenn vissu hvað hver hringur um grindina skilaði langri voð.
Oft var það 5-5 1/2-6 álnir. Var þá fljótlegt að leggja upp ákveðinn álnafjölda. Oft var rakið á 6 þráðum, stundum færri. Leiðin upp eða niður grindina nefndist umferð, en nokkrar umferðir voru í hverjum feta, og fór það eftir því hvað fetagrindin var þétt tennt. En fetagrindin var notuð til að halda þræðinum út í hæfilega breidd þegar undið var á rifinu. Vafið var með bandspotta um hvern feta, svo hægara væri að fylgjast með þráðafjöldanum, og fljótara að láta í fetagrindina. Oftast var rakið neðan við síðustu umgerð, og svo ýtt uppað. Þegar búið var að rekja og taka af grindinni, nefndist uppistaðan slanga. Var hún með hendinni hekluð niður af grindinni. Alltaf var rakið á grind, en ekki á vegghæla eða rúmstólpa.

p6

Hafaldagrind: Algengari var hér hafaldafjöl en grind. Þó áttu sumir hafaldagrind. Oft var hafaldafjölin höfð það löng, að ummálið, á lengdina, væri hæfileg lengd fyrir hafaldsefnið. (teikning). Hafaldaefni og höföld: Mest var notaður togþráður í höföld, þar til á seinni árum, að farið var að nota grannt netagarn eða tvöfaldan tvist. Á neðri hafaldasköftunum var band, sem nefnd var snúra eða vartá, svo höföldin færu ekki framaf.

Vefjarkambur: Var hér ávallt nefnd "fetagrind" og að láta í fetagrindina, áður en undið var á rifinn, rifskaftinu var þá stungið í skilið eða lykkjuna. Vinda á rifinn, draga í höföld og skeið, nefnt "að festa upp".

p7

Að vinda á rifinn:

Rifskaftinu var fest við rifinn með skörðum í kringlurnar, sem hafðar voru á rifnum til að halda við þráðinn. Var kringlunum fest með ýmsu móti, en gæta varð þess að hafa bilið á milli þeirra jafn mikið og slöngubreiddin í fetagrindinni, svo jafnhátt væri við þær og annarsstaðar á rifnum.

Tveir eða tvennt vatt á rifinn, annar hélt allfast í, en hinn vatt uppá, og leit eftir að ekki hækkaði eða væri lægra við kringlurnar en annarsstaðar á rifnum, svo ekki yrðu misslakir jaðrar. Þurfti vel að vanda það, einkum á langri voð. Tvennt var jafnan við að draga í höföldin, annar rétti, oft unglingur, en hinn dró í. Hnýtt var uppá 20-30 þræði, eftir því hvað hæfilegt þótti í hvern hnút, er hnýtt var á skaftið. Svipað var dregið í skeiðina. Flestir höfðu krók, bæði við að draga í höföld og skeið. Jafnan var einn þráður í hafaldi, en 2-4 þræðir, oftast þó 3, í hverja tönn á skeiðinni.

p8

Að hnýta á skaft:

Hafðar voru 3 snúrur úr fremra skaftinu, sem lágu yfir bómuna, og undust uppá framrifinn. Voru þær svo teknar frá þegar búið var að vefa það langt að 1-2 brögð af voðinni næði um rifinn. Uppbinding:

Uppbinding eða uppsnúrun var með ýmsu móti, eftir því hvort ofið var einskefta, vaðmál (vaðmálsvend), salon eða annað. Að draga fyrir: Hver einn ívafsþráður var nefndur fyrirdráttur. Hverjum ívafsþræði var ýtt frá voðinni, nálægt miðju með einum fingri 4-6 þuml. um leið og skilið var stigið. Var það nefnt "að gefa í".

Hæfilegt og jafnt áhersli varð að vera á ívafinu, svo jaðrar yrðu jafnir og ígjöf jöfn. Væri ígjöf lítil eða áhersli mikið, vildi fremur vefast saman. Varð þá að færa spjálkina oftar. Hver einstök vinding uppá rifinn nefndist "færa" og var nefnt að færa.

p9

Að fella vef: Nefnt
var að fella vefinn eða ljúka við vefinn. Afvikurnar voru notaðar til að
þræða með bætur, stoppa göt, og gera tásauma á roðskó ofl. Þóf:
Voðin var þvegin úr heitu vatni. Síðan færð í bala og farið
með hana út, þar sem hún var undin. Var hún þá jafnan lögð þreföld,
og spýtum eða stöfum stungið í lykkjurnar til endanna, og svo snúið uppá,
þar til hún var talin hæfilega rök. Síðan færð til baðstofu, þar
sem þófararnir tóku við, venjulega heimafólk, karlar og konur. Jafnan
var þæft undir fótum, á baðstofugólfi eða lofti. Tvisvar til þrisvar
var voðin aðgætt og hrist upp, því ekki mátti ofþæfa, þá fór voðin í brygður.
Jafnan munu þófararnir hafa fengið aukakaffi og þá oftast bita með.
Að þófinu loknu var voðin undin uppá fjöl, oft rúmfjöl. Var
hún þá teygð og sléttuð eftir því sem hægt var. Síðan sett undir
farg, t.d. þunga kistu.

p10
Vefnaðarsýnishorn:
Því miður mun nú vera fremur lítið til af gömlum vefnaði hér um slóðir.
Tvær gamlar ábreiður, sem hér voru til, salonsofnar, fékk Ragnar
Ásgeirsson fyrir Byggðasafn Ísafjarðar, fyrir nokkrum árum. En sjái
ég eitthvað af því tagi, mun ég að sjálfsögðu beina því til Þjóðminjasafnsins,
þó síðar verði.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1881
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1246

p1
Ull og tóvinna 3:
Ég byrja á þessum þætti, þó ég sjái að ég hef aldrei verið fær um
að svara nema litlu af því sem spurt er um, hvað þá nú þegar minnið er

p2
stórum bilað, og
víst er að miklu verður ósvarað. Þátturinn er hinn 15. í
tölunni, og er það falleg tala, ef hann yrði hinn síðasti. Ég hef
einnig dálitla von um að geta lagt eitthvað til, sem betur sé fengið en
ekki. Á bernskuheimili mínu var vefstóll, og ofið var þar
á hverjum vetri, og óf ég sjálfur dálítið á unglingsárum mínum. Er
það, sem ég sá á heimili mínu, nær því það eina, sem ég þekki til vefnaðar,
og verður frásögn mín því miðuð við það, sem ég þar sá og heyrði.
það var aðeins óbrotinn vefnaður, sem þar var ofinn, vaðmál og einskefta
til fatnaðar, en misjafnlega fíngerður, eftir því í hvað það átti að notast.
Ég sá á heimilinu salonteppi með nokkrum breytingum, en þau voru
aldrei ofin þar. Hið sama er að segja um glit. Mér skilst það
eigi að bíða næsta þáttar. Nokkuð var einnig á heimili mínu
um vefnað styttubanda og sokkabanda. Styttuböndin voru ofin með kvaðratmynduðum
spjöldum, nálægt 8 cm. á kant. Göt voru í hornunum, og í þau var uppistaðan
dregin eftir vissum reglum, eftir því sem litir áttu að skiftast, en böndin
voru ávallt í fleirri litum, og jafnvel ofin með rósum og myndum, sem litu
út eins og saumuð með krosssaum. Ekki voru þau bönd ofin á mínu heimili,
en aðeins af einföldustu gerð. Spjöldin voru þunn, smíðuð úr harðviði,
og þau sáust einnig erð úr surtarbrandi, hinum svokallaða viðarbrandi.
Þá voru ofin sokkabönd. Þau voru ofin

p3
á fæti, sem kallað

var. Þar voru engin spjöld, en skilið var gert með útbúnaði úr þræði, sem settur var á uppistöðuna, og ég skildi ekkert í. Allt þetta tilheyrir víst næsta þætti. Ég sá aldrei bækur með leiðbeiningum um vefnað.

Vefnaður: Ég held það hafi verið misjafnt, hve snemma vefnaður byrjaði á heimilum, og svo var það á bernskuheimili mínu. Ég held að aldrei hafi verið settur upp vefur fyrr en á jólaföstu, og jafnvel ekki fyrr en eftir nýjár. En oftast mun honum hafa verið lokið fyrir sumarmál.

Ekki var það þó svo, að ofið væri á hverjum degi þann tíma. Ekki man ég til að neitt sérstakt væri látið ganga fyrir. Held það hafi farið eftir ástæðum í hvert sinn. Ekki get ég sagt glöggt hvernig yfirumsjón vefnaðarins var hagað á heimili mínu. Faðir minn mun hafa haft hana á hendi og ofið sjálfur meðan hann lifði, en ég var 7 ára, þegar hann dó. Eftir það var það móðir mín, og óf hún einnig, en ávallt voru fleirri, sem það gerðu. Á mínu heimili hafði vefarinn ávallt öðrum störfum að gegna, og var því óákveðinn tíma dag hvern við vefstólinn.

Meira einn daginn en annann. Þar sem utanheimilismaður var fenginn til að vefa, hefur hann ekki haft öðrum störfum að gegna, og þá verið við vefstólinn ákveðinn vinnutíma, sem ég veit ekki hver var.
Ekki get ég sagt með vissu, hvað góð afköst þóttu á fullum vinnudegi, enda voru afköstin misjöfn, eftir því hvað var ofið. Væri

p4
ívafið fíngert, munaði
hægar fram, og þá þurfti jafnframt að gæta meiri vandvirkni. Það var með vefnaðinn eins og önnur verk, að misjafnlega var hann gerður og misjafn var hvað kröfur heimilin gerðu. Var það húsmóðirin, sem þar réðu mestu og setti svip sinn á allt innan heimilisins. Þar sem eins var með húsbóndann utanhúss, þá voru slík heimili skólar þess tíma, skólar sem að sumu leyti stóðu ekki að baki skólum nútímans. Ekki veit ég hve gömul börn voru er þau byrjuðu að vefa, en misjafnt mun það hafa verið. Ég man jafnvel ekki hve gamall ég var þegar ég byrjaði, en vissulega hafði ég oft áður stolist í vefstólinn, þegar hann var auður, af hinni barnslegu þrá til að gera það, sem ég sá fullorðna fólið gera, og gera það eins og ég sá það gera. Það þekktist víst ábyggilega að afbragðs vefarar fóru milli bæja, en ekki heyrði ég þess getið í minni sveit. Aftur á móti tóku ýmsir vefnað af mönnum, sem ekki höfðu vefstól.

Var vefnaðarkaupið miðað við álnafjölda, og minnir mig ég heyrði það væri 20 eða 25 aurar á alin. Um kaup aðfenginna vefara heyrði ég ekkert. Ekki heyrði ég neitt um sölu vefnaðarvöru í minni sveit, og víst var að aldrei var neitt þesskonar selt frá mínu heimili.

Vefstóll: Ég heyrði áhaldið kallað vefstað. Heyrði einnig nafnið vefstóll. Virtist það minna notað, þó mér þætti það fallegra.

Ég heyrði sagnir af kljásteinsvefstaðnum, svo ég fékk nokkra hugmynd um gerð hans.

p5

Minnist ekki hafa
hitt neinn, sem hafði séð hann. Tvær föðursystur mínar fæddar milli
1830 og 1840 höfðu aldrei séð hann. Kann ég engin skil á, nær hann
lagðist niður, en ég tel víst að í minni tíð voru engar leyfar hans til
í Súgandafirði. Um smíði vefstóla veit ég ekkert. Sá eiginlega
ekki nema þann sem var heima hjá mér, sem ávallt var hinn sami, þó stundum
kunni hafa þurft að gera eitthvað við hann. Ég sá að vísu vefstóla
á öðrum bæjum, og virtist þeir hafa sama svipinn, þó eitthvað kunni hafa
munað í smáatriðum. Ég hef því raunar ekki séð nema eina gerð, og
hún er í mörgum atriðum frábrugðin því, sem sýnt er á teikningunum A og
B. Heildarsvipurinn þó líkari B. Ég hefði þurft að gera teikningu
af honum, en hef aldrei verið góður í þeirri list, og er síst betri. Verð
ég því að gera lýsingu af honum með tilvísun til nefndra teikninga, og
reyni ég að gera það svo að heildarsvipurinn skiljist, þó ég sé í vafa
um ýms smáatriði. Nöfn á ýmsum hlutum vefstólsins þekkti ég fá.
Stuðlar nr. 2 á A, voru 4 og allir jafnháir eins og á B, og var
fram- og afturstuðull tengdir saman að neðan eins og sýnt er á A nr. 23,
en ekki heyrði ég nöfn á þeim. Að ofan var gerður tappi á stuðlana.
Náði hann þvert yfir, sagað fyrir þeim svo eftir var þriðjungur breiddar
á þann veginn. Borð gekk á milli fram- og afturstuðuls hvorrar hliðar,
hákvæmlega á sömu hæð og sýnt er á teikningu A. Ekki man ég hvort
það var jafnbreitt og sýnt er á B, svo báðir rifirnir gengu gegnum það,
eða annar búningur var fyrir

p6
þá, en báðir voru
þeir á sömu hæð. Þegar vefstóllinn var settur upp, voru hliðarnar
tengdar saman að neðan eins og sýnt er á teikningu A nr. 19 og 25, en ekki
heyrði ég nöfn á þeim. Ofan á stuðlana framan og aftan, gengu svo
slár, kallaðar bommur, gengu tappar stuðlanna upp í grópar í endum þeirra.
Endar bommanna náðu lítið eitt lengra. Setubekkur nr. 1 og
útbúningur fyrir hann, var mjög líkur og á teikningu B. Ekki
heyrði ég nafn á efsta stykki vefstólsins, sem ber númerið 10, en það var
nokkuð öðruvísi. Náði minna aftur en ívið meira fram. Mig minnir
að 2 stoðir gengju upp undir það með litlu millibili, og væru höföldin
á því millibili. Stykkið nr. 10 náði nokkuð lengra fram, en fremst
á því var lega, sem slagborðið hékk í, en um miðju þess legur fyrir hafaldarúllurnar
2, sem voru gild kefli með litlum trésnúðum með rauf í fyrir hafaldasnúrurnar
lágu í nærri endunum, en í enda keflanna var rekið sívalt járn, sem lá
í legunum. Mig minnir að stoðir þessar niður í efra borð hliðanna
næðu niður í neðra borð þeirra, amk. vinstra megin, en þar var ábyggilega
2 stuðlar með ás á milli, sem hliðarsköftin 4 léku á. Þá var neðra
borðið milli afturstuðlanna útbúið með eyrum með ás í gegnum, fyrir fótasköftin
4, en þau náðu svo langt frá, að vefarinn gat náð að stíga á enda þeirra.
Þá voru 2 rifir, báðir undir vefnum, kallaðist afturrifurinn
slöngurifur, en hinn frefri taurifur. Þeir voru nokkuð gildur sívalningur

úr tré, en lítið eitt mjórri til endanna

p7
það sem gekk gegnum
hliðarborð. Gekk gildleikinn fast að borðunum, svo þeir gátu ekki
hreyfst til endanna, er þeir voru í vefstólnum. Sá endi sem rifshausinn
var á, gekk lengra út og var ferkantaður, það sem gekk gegnum hausinn.
Hausinn var nokkuð öðruvísi en á teikningu B, aðeins 2 endar til
að taka á, er undið var á rifinn. Þeir virtust gerðir úr plankabút,
nokkuð breiðir um miðjuna, þar sem rifurinn gekk gegnum þá, en mjókkuðu
til endanna, svo þeir urðu sívalir. Á enda rifsins, undir hausnum
var tannhjól gert úr járnplötu. Var það með stórum tönnum, líkt og
á stórviðarsög, tönnuhliðin með nokkrum halla, en beint inn í hjólið hinsvegar.
Ekki man ég hvernig hjólinu var fest á rifsendann. Stöðvari
úr 1.5 vm. breiðu járni var festur á hliðarborðið, sem rifurinn gekk í
gegnum, lék hann þar á sívölum nagla og lagðist niður á tennur tannhjólsins,
drógst hann upp eftir skáhlið tannarinnar, en féll niður er hann kom yfir
odd hinnar, og veitti mótspyrnu að drægist til baka, þó hætt væri að vinda.
Umbúnaður sá, er skeiðin var í, kallaðist einu nafni slagborð,
en ekki man ég nöfn á sérstökum hlutum hans. Hann var aðallega frábrugðinn
teikningunum, að hann hékk á efstu stokkum vefstólsins, þar sem áður er
getið legu hans. Stokkarnir beggja megin skeiðarinnar voru nær eins
og á teikningu A. Var rauf eftir þeim eindilöngum, sem skeiðin lá
í. Upp úr endum undirstokksins gengu spýtur festar í grópir í endum
hans. Þær voru samsvarandi nr. 6 á teikningu A, en að því leyti frábrugðnar,
að þær voru mun lengri og gengu ekki gegnum gat

p8
í efri stokknum,
heldur grópir í enda hans, sem voru svo djúpar og víðar, að hann varð liðlega
færður upp og niður. Breidd þessarar spýtu varð að vera ívið meiri
en þykkt viða þeirra sem slagborðið hékk á. Efst voru spýtur negldar
á hliðar þessar með sömu þykkt og hún. Náðu þeir armar nokkuð lengra
upp og var járnás settur í gegnum þá efst, og lá hann millum þeirra. Var
slagborðið albúið til að setjast á sinn stað og lögðust ásarnir í örmunum
í legurnar. Gæta þurfti þess að stilla ásana í örmunum þannig, að
þegar slagborðið héngi í legunum væri strekktur vefur í miðri skeið eða
ívið ofar. Var þá nokkuð bil milli skeiðar og hafalda. Mig
minnir að hausar rifanna væru ávallt á vinstri hlið við vefara. Vera má
það sé misminni, en ávallt voru þeir báðir á sömu hlið. Þegar vefstóll
var settur upp mátti hæglega setja þá á hvaða hlið sem var, án nokkurrar
auka fyrirhafnar, nema að færa þurfti stöðvarana á tannhjólunum, ef breytt
var um hlið frá því, sem áður hafði verið. Rendur bómanna
á fram og afturstuðlum vefstólsins voru gerðar ávalar, svo vefur og slanga
skemmdust síður og rynnu léttar yfir þær þegar slanga var undin á rif eða
vefur færður meðan á vefnaði stóð. Ég held ég hafi ekkert

frekar að segja, held mig hafa getið flestra nafna, em ég hef heyrt og nokkurra hluta sem ég hef ekki heyrt nafn á. Ég vona að með hliðsjón af teikningunum megi sjá heildar svipinn réttan, þó misfellur eða vafi sé á ýmsum smáatriðum.

p9

Skeið: Það áhald heyrði ég ávallt kallað skeið eða vefjarskeið. Aldrei sá ég íslenskar skeiðar eða heyrði þeirra getið. Þær sem ég sá voru útlendar og nákvæmlega eins að allri gerð og stærð, en ekki kann ég að greina lengd þeirra eða breidd. Eini munur á skeiðum var sá einn, að tönnurnar voru misjafnlega margar á kvartils bili. Voru skeiðarnar aðgreinar með tölu tannanna á kvartilsbili, en vissi ekki hvað um margar gerðir var að ræða hvað tannir voru flestar eða fæstar á kvartilsbili. Sá var einnig munur að tönnur voru gildari þar sem þær voru færri. Á mínu heimili voru 2 skeiðar með mismunandi mörgum tönnum, en báðar um 5 kvartil að lengd. Virtist mér ekki mætti vera minna með hverjum vefstól.

Vefjarskytta: Ég held efni skytturnnar væri vanalega beyki eða birki. Var þó óglöggur á það. Að mig minnir, var hliðin, sem snéri að skeiðinni nokkuð bogin, en hin bein um miðjuna, en mjókkaði til endanna. Þeir þynntust bæði að ofan og neðan. Skyttan var nokkuð breið um miðjuna, og var þar holað í hana rúm fyrir spóluna. Gert var op fyrir bandið af spólunni í hliðin, sem að vefnum snéri. Það náði neðri hluta spólunnar, en var mjótt. Við enda þess var settur messingvír eða klætt með messing, sem bandið rann eftir, svo það gerði ekki skorur í opið.

p10

Spólurnar voru gerðar úr tré. Voru þær mjóar um miðjuna en með hnúð til beggja enda. Það sem hnúðurinn var, voru endarnir mjókkaðir til beggja enda með jöfnum halla. Lítil hola var í endum gróparinnar í skyttunni fyrir enda spólunnar og rauf niður í aðra þeirra sem oddurinn á spólunni gat farið um, eftir að fyrri endanum hafði verið stungið í sína holu. Ég man ekki til að aðrar spólur væru notaðar á mínu heimili, en farnar voru þó að koma keflisspólur, og þurfti annar búnaður vera í skyttu fyrir þær.

Spólurokkur: Ekki þekkti ég spólurokka fyrir vefjarspólur, og hjá mér var ávallt spólað á spunarokka. Gekk annar endi spólunnar inn í pípuna á snældubúningnum, en við hinn var stutt með spýtu. Oftast voru notaðir gamlir rokkar, en nýir rokkar skemmdust ekkert við það, og vel mátti snælda vera í snældubúningnum, en væri garn á henni var betra að taka af henni snúruna.

Spanstokkur: Hann var kallaður hjá okkur spjálk eða spelkur. Hann var gerður úr 2 jafnlöngum þunnum borðfjölum, nál. 5 cm. breiðum. Sagað inn í hliðar annarrar fjalarinnar

og mynduð tunga með þriðjungs breidd á þeim enda hennar. Í hina fjölina voru sagaðir 2 skurðir inn í annan endann og tekin úr miðjan, svo rúm fékkst fyrir tungu

p11
hinnar fjalarinnar.
Þá voru boruð göt með stuttu millibili gegnum tunguna og álmurnar til beggja hliða. Urðu götin á álmunum að standast á, svo sami vírinn gæti gengið gegnum þær báðar, og orðið þolinmóður þegar hann gekk gegnum tungu hinnar fjalarinnar milli álmanna. Stilla þurfti lengd spelkanna með því að láta þolinmóðinn í hæfileg göt á tungu og álmum. Tveir vírtittir voru í hvorum enda. Voru sperrur gerðar úr spelkunum yfir voðinni, tittunum stungið í jaðra voðarinnar og spelkurnar lagðar slétt á voðina og jaðrar hennar spenntust hæfilega út. Þá var snari á tungunni hennar meginn við þolinmóðinn, og mátti hann ekki vera fyrir þolinmóðnum en svo, að hann héldi álmunum niður er honum var snúið þvert á tungunni.
Að leggja upp og reikna í skeið og vef: Ég held best fari að ég taki þetta sameiginlega. Það er allt sem ég tók ekki eftir, sem sérstökum verkum, og heyrði engin nöfn á, en varð þó að gera. Í bernsku minni var margur sem lítið eða ekkert kunni í reikningi, en gat þó reiknað ótrúlega mikið í huganum og komist að réttri niðurstöðu. Vissulega höfðu þeir mismunandi aðferðir. Það þarf meiri þekkingu en mína til að skýra frá þeim. Ég hygg að ef það ætti að vera vel gert yrði það mikið mál, hver sem það gerði. Efnið í vefinn kallaðist uppistað og ívaf, sem einnig nefndist fyrirvaf. Efnið í vefinn þurfti að vera fyrir hendi þegar byrjað var,

p12
sérstaklega uppistað,
við ívafið var hægt að bæta. Ég sá aldrei neitt til að grennslast eftir lengd spuna á snældum eða hnyklum, en oft sá ég hnykla vegna, en lengdin var ærið misjöfn, þó þunginn væri hinn sami. Ég heyrði talað um vef með vissum lóðafjölda, en þekkti það ekkert. En víst er að spunakonur fóru mjög nærri um hvort efnið var nægilegt. Við rakningu var tvennt sem maður þurfti að vita: lengd vefsins og þráðafjöldi. Lengdin var takmörkuð með undirlagningu á rakgrindina og höfð, að ég held, ívið lengri en vefurinn. Aldrei sá ég þetta mælt á grindina, en ég hygg að vanur maður hafi vitað nákvæmlega hve marga hringa á grindina þurfti í hverja ákveðna lengd. Þó þráðafjöldinn væri ekki talinn, var hann auðfundinn. Breidd vefsins var ákveðinn og þekktur var tannafjöldi skeiðarinnar á hverju kvartili, og þá kom fram allur tannafjöldinn. Ákveðinn var fjöldi þráða í tönn, og það með fundinn þráðafjöldinn. Nú var vanalega rakið á 10 þráðum, 10 í feta, 20 í gang, upp og niður. Þá þurfti ekki mikla kunnáttu til að finna hve marga ganga þurfti á rakgrind og hafa menn hlotið að telja þá. Virðist þá öruggast að skrifa þá, gera strik hvert sinn sem komið var að þeim skilhæl, sem farið frá í fyrsta.

Ekki man ég til ég sæi það gert, og getur þó hafa verið. Aldrei vissi ég til að skeikaði í þessu. Einum gangi fleirri eða færri munaði nokkrum tönnum í skeið. Þegar farið var að nota tvist í uppistöðu vissi maður nákvæmlega hvað leggja mátti upp úr

p13
hverju pundi. Þetta
var eðlilegt. Tvisturinn var allur jafn að gildleika og sama breidd á því sem ofið var. Með ívaf þurfti ábyggilega annann reikning og lengdarmál kom ekki til greina. Ég tel enginn hafi getað svarað því hve margar ívafsumferðir voru á kvartili, enda var það misjafnt og kom þar margt til greina. Það var því ekki við annað en þungann að styðjast og áætlun, sem byggð var á reynslunni, og fór það oft nærri. Þetta gat þó munað nokkuð, þó ofið væri úr sama garni. Mismunandi ígjöf hafði nokkra þýðingu í því efni, og þá ekki síður hve vel og jafnt vefurinn var sleginn. Rakningsgrind: Hjá okkur var þetta áhald ávallt kallað rakgrind og heyrði aldrei annað. Það var eiginlega 2 samkræktar grindur, nákvæmlega eins. Hvor grind var úr 4 viðum, sem ég heyrði engin nöfn á, en vil kalla 2 stuðla og 2 þverslár. Þverslárnar voru tryggilega festar í stuðlana, lítið eitt frá stuðulendunum, bæði að ofan og neðan. Síðari grindin var gerð á sama hátt, en áður en síðari þversláin var fest, varð að krækja grindinni inn í hina, en gæta þurfti þess nákvæmlega að sama mál væri milli þverslánna og á fyrri grindinni.
Göt voru gerð nákvæmlega í miðju þverslánna á báðum grindunum. Þá var gildur ..... gekk gegnum götin á þvertrjánum, urðu götin á þeirri grindinni, sem ofar var að vera svo rúm að lyfta mætti grindinni á möndlinum. Hinsvegar var traustlega umbúið að neðri grindin

p14
og öll grindin gæti
ekki sigið niður, en ekki veit ég hvernig það var gert. Þegar grindin var reist upp, þá lágu þvertré efri grindarinnar jafnt á þvertrjám hinnar neðri. Þá voru 2 svokölluð hælatré, sem í voru svonefndir skilhælar, 2 í öðrum en 1 í hinum. Tré þessi voru sett á rakgrindina þegar búið var að setja hana upp. Voru þau sett millum stuðla á hliðum hennar sá með 2 hælunum að ofan en hinn að neðan. Hvernig þeim var fest man ég ekki. Balbínur, balbínustól og rakningsspaða sá ég hvorki né heyrði getið. Get því ekkert um það sagt.
Rakningsstokkur: Ég tel víst að á sumum heimilum hafi verið kassar sundurhólfaðir fyrir hnykla þegar rakið var, þó aldrei sæi ég þá.

Hjá okkur var ávallt
rakið úr smákössum eða smáílátum, eftir því sem fyrir hendi var.
Rakning á rakgrind: Ég tel ekki hægt að benda á ákveðinn stað hvar rakið var á heimilum. Húsakynni voru ólík og hlaut hver að velja þann stað er hann taldi hentugastan. Hjá okkur var ávallt rakið á

gólfinu undir baðstofuloftinu, sem hentast þótti og minnst hindraði umgang.
Var þar gerður umbúnaður á loftbita fyrir efri enda mönduls grindarinnar.
Ekki man ég eftir nema einum við að rekja, en aðstoð fékk hann til að

p15
setja upp grindina
og undirbúa byrjunina. Ég þekki ekki aðra mælingu á rakgrind, en
ég hef áður sagt frá, talningu hringa á grindinni. Mig minnir að
skilhælar væru ávallt á hægri hlið manns, er maður stóð framan við grindina.
Þeir gátu eins verið á vinstri, en þeir urðu að vera á sömu hlið
bæði ofan og neðan. Ef þeir voru á sama horni bæði að ofan og neðan,
þá stóð á heilum hring, þegar komið var á enda. En það mátti mæla
1/4, 1/2 og 3/4 hrings með því að færa annanhvorn skilhælinn um 1, 2 eða
3 hliðar. Nánar varð ekki mælt. Þér talið um að setja 2 þræði
í hafald. Þetta var gerlegt, en ekki sé ég þar hafi sömu þræðirnir fylgst
í hafaldið, sem voru í gati spaðans. Ég vissi aldrei 2 þræði dregna
í hafald. Þeir hafa hlotið að vefast sem 1 þráður, sá munur einn
frá tveim þáttum í tvinnuðum þræði að þarna liggja þeir samhliða í stað
þess að vefjast hvor annan. Ég held best sé ég lýsi rakningunni
í heild eins og hún kom mér fyrir sjónir. Fyrst var að setja upp
rakgrindina. Hún var tekin fram og efri enda möndulsins stungið í
umbúnaðinn í loftbitanum. Þá var að búa undir hana og var tíðast
að settur var undir hana hæfilegur kassi, sem á var þykk fjöl með hæfilegri
gróp fyrir neðri enda möndulsins. Var grindin og grindurnar færðar
svo þær mynduðu vinkilhorn hvor við aðra. Þá var aðeins eftir að
festa hælatrjánum á sínum stað, svo grindin væri albúin og traust. Þá
voru rakningsílátin látin á sinn stað, hnyklarnir látnir í þau og maðurinn
tók enda þeirr í greyp sér. Ekki man ég til þess að völur væru hafðar
á þráðunum, en hafi það verið, hljóta það hafa verið nautsvölur.

p16
Ég man ég sá eina
nautsvölu með gati á heimili mínu. Hún var orðin gömul og margur
þráðarspottinn hafði farið gegnum hana. Gatið var allt skorið innan.
Mig minnir hún væri notuð á þráð þegar tvinnað eða þrinnað var, en
minnist hennar ekki við rakningu. Rakningsmaður fer nú að
rekja. Tekur endana í hendi sér, festir þá við eina skilhælinn, sem
er neðan og rekur upp, er það að leggja undir verður að gæta þess að hringatalan
verði rétt. Þegar komið er að skilhælnum sem fjær er endanum, skiftir
engu hvort hann fer fyrir ofan hann eða neðan, en fari hann fyrir ofan
bregður hann fetanum niður fyrir endahælinn og kringum hann niður fyrir
hinn hælinn og niður grindina. Fari hann í fyrst undir hælnum sem
hann kemur fyrr að, þá er þetta allt öfugt, og hann kemur á niðurleið.
Þegar fetinn fer undir hælnum á niðurleið fylgir hann neðri jaðri
slöngunnar eða er nálægt honum, undir hælinn að neðan, kringum hann og

upp með og svo áfram uns lokið er. Það er ófrávíkjanlegt að á uppleið skal fara með hælunum með þeirri hlið og í fyrstu umferð og eins niður. Gengur svo eftir sömu reglu uns lokið er. Meðan á rakningu stendur verður rakningsmaður að líta eftir hnyklunum, að þeir hrökkvi ekki úr ílátunum, sérstaklega þegar að lítið er orðið á þeim. Hann þarf líka að skifta um hnykla áður en endinn skreppur af þeim. Þá þarf hann að gæta þess að þræðirnir leggist sem jafnast og sléttast á grindina.
Þegar rakningu er lokið festir maðurinn fetaendann á hælinn. Þá bregður hann þætti með hælunum gegnum skilin og bindur um þau beggja megin. Þá er eftir að taka af grindinni, en hann verður

p17
að fá mann til að
styðja við hana, svo hún snérist ekki sjálfkrafa, svo slangan félli niður eftir grindinni. Þá er tekið skilið fram af eina hælnum, sem oftast var neðan, hnútur með lykkju gerður á endann og slangan eins og hekluð í lykkjum uns komið var að enda. Þá var endanum brugðið gegnum hann og hert lítið eitt að. Var slangan þá örugg til allrar meðferðar.
Ég hef þegar lýst skilum þeim sem gerð voru á skilhælunum.
Virðast þau ekki geta kallast annað en fetaskil, því þau gera það eitt að þau tryggja að fetarnir verða í vefnum í sömu röð og þeir voru látnir á grindina. Um þráðarskil finnst mér ekki hafi verið að ræða fyrr en alsett var upp og farið að gera skil með höföldunum. Ég hef þegar lýst rakningu á rakningsspaða. Maðurinn hélt þráðunum í greip annarrar handar, en snéri grindinni með hinni og myndaðist borði á grindinni, sem breikkaði eftir því sem rakið var. Þunnur til jaðranna, en nokkuð þykkri í miðju. Að öpru get ég ekki lýst því frekar.
Fullrakinn vef heyrði ég ávallt nefndan slöngu og aldrei annað.

Vera má hann hafi
verið nefndur annað á grindinni meðan rakið var, einkum fyrst, þó ég muni það ekki. Það má telja víst smáhandtök manna hafa verið nokkuð frábrugðin hjá einum og öðrum, en ég get ekki lýst því nánar. Ég sá aldrei rakinn vef úr tví- eða fleirlitu garni og þekki ekkert til útbúnaðar við það. Ekki þekki ég heldur hlutföll milli lengdar slöngu og vefs.
Líklega hefur hún verið lengri, enda ónýttist ávallt nokkuð af báðum endum.

p18
Aldrei sá ég rakið
á veggjahælum eða rúmstólpum og heyrði þess ekki getið. Held hvorugt hafi þekkst hér í sveit. Hafaldagrind: Ég heyrði hana aldrei nefnda öðru nafni. Hún var einfalt áhald gerð úr 5 spýtum, sem ég heyrði engin sérnöfn á. Neðst var ferköntuð spýta og frá endum hennar voru 2 nokkuð flatar spýtur grópaðar. Mörkuðu þær lengd hafaldanna.
Að ofan fjórða spýtan lík þeirri að neðan. Göt voru gerð í enda hennar,

svo hún gat gengið niður á þær sem upp stóðu. Þá var spelur mjór,
sem gekk upp og niður miðja grindina, og sem takmarkaði stærð augans. Ekki
man ég hvort honum var fest að neðan eða var þar í gróp og svo í annarri
að ofan þegar grindinni var lokað. Hafaldaefni og höföld:
Þegar ég man fyrst var hafaldaefnið togþráður. Reynt var að hafa
hann sem sneggstan, en ekkert sá ég gert til að gera hann sneggri, og þekki
enga aðferð til þess. Síðar var notað erlent netagarn. Rakið
var hafaldaefnið þannig, að maður tók endann í vinstri, en um þráðinn með
hægri hendi, brá honum unir il sér til að gera hespu, mátaði lengd hespunnar
svo hver umferð passaði í hafald og rakti svo áfram. Þegar hespan
var fullrakin var skorið upp úr henni þar sem maður hélt vinstri hendinni,
og var settur á heildina lauslegur

p19
hnútur.
Þá var hnýtingin. Maðurinn reisti grindina á hné sér með lausa rammann
upp, brá þræðinum fram fyrir hana og þegar komið var að miðspelanum, var
hnýtt báða vegu við hann og að síðustu hnýtt að grindinni næst manninum.
Myndaðist þar fax á hafaldinu, því endarnir voru ekki skornir frá hnútnum.
Gæta þurti að hnútarnir féllu þétt að, en ekki of fast. Ekki
þekkti ég nöfn á lykkjunum sem fóru upp á hafaldasköftin, en það sem uppistaðan
fór um kallaðist auga. Var áríðandi að þau væru jöfn. Mislöng
augu gerðu óglögg skil. Þegar grindin þótti full, var hún opnuð,
garni hnýtt í enda lykkjunnar og hnýtt að. Höföldin síðan geymd þangað
til þurfti að nota þau. Ég held hnúturinn á höföldunum hafi kallast
seilingarhnútur. Sá hnútur hnýttur lítur út eins og 2 lykkum væri
brugðið gegnum hvora aðra og hert að. Ekki get ég bent á ákveðinn
geymslustað fyrir höföldin. Hann varð að vera þurr svo þau fúnuðu
ekki. Stálhöföld þekki ég ekki.

Ekki vissi ég annað
til að aftra því að höföld færu fram af hafaldasköftunum, en hafaldasnúrunar,
sem hnýttar voru á enda skaftanna. Vefjarkambur: Hjá
okkur fetagrind. Það voru 2 ferkantaðir rammar nálega 2 þuml. á kant
og lengdin lík breidd vefstólsins. Stutt

p20
frá endanum voru
tvær um 2 þuml. breiðar, þunnar borðfjalir festar. Gengu þær gegnum
neðri rammann og náðu upp úr þeim efri þar ávallt var gert fyrir enda hans.
Síðan voru boraðar holur með jöfnu millibili milli fjalanna og keyrði
í þær sívalir trétindar að gildleika við blýant eða vel það, og þeir jafnaðir
að ofan. Síðan voru gerð göt í efri rammann, svo eyrun gætu gengið
upp úr honum, boruð göt á þau fyrir ofan hann og tréslpitti sett í. Þá
var grindin öll. Að festa upp: Svo hét verkið
í heild sinni frá því byrjað var í fyrstu þar til hægt var að fara að vefa.

Fyrsti undirbúningurinn var að koma slöngunni í fetagrindina. Grindin var bundin á aftari bómuna og lokið. Þá var slangan tekin. Tekinn endinn úr sem skilið var við og raktar upp nokkar lykkjur, leyst utanaf fetaskilunum í þau látnar tvær skilfjalir, þunnir renningar nálægt þumlungs breiðar og rúmlega breidd voðarinnar á legnd. Bundið var milli enda þeirra svo þær rynnu ekki úr skilunum. Fjalirnar með skilunum voru færðar nokkuð fram og skilin um leið, en aftara rifskaftið látið í skilið í endann.
Var þá farið að láta fetana í grindina. Það átti að láta sem jafnast, en til þess þurfti maður helst að vita tölu feta og tinda í breidd vefsins, svo sjá mætti hve jafnt væri hægt að láta í þá. Væri það ekki, varð mismunurinn að dreifast sem jafnast. Það reið á, að sem sléttast yndist á rifinn. Þegar þessu var lokið var grindinni lokað.
Slöngunni var

p21
jafnað sem best eftir
rifskaftinu, og það dregið niður að rifnum. Eftir endilöngum rifnum var laut gerð með þunnum hefli með boginni tönn, sem passaði fyrir helming skaftsins og á rifnum til beggja enda voru trékringlur. Götin í þeim miðjum féllu að rifnum, en tekið var úr þeim á einum stað, var þar kringlótt op, mátulegt fyrir enda skaftsins. Skaftið með slöngunni var látið niður í lautina á rifnum og kringlunum smeygt upp á enda, svo það sat fast.
Þær voru stilltar þannig að yztu fetarnir féllu niður með þeim. Svo var bundið um rifinn með snæri og vafið að kringlunum, svo þær hreyfðust ekki. Þær voru ætlaðar til að halda að slöngunni á rifnum, og þurftu að vera svo háar að nóg væri fyrir lengsta vef. Þá var hægt að vinda á rifinn, en til þess þurfti fleirri menn.

Einn gerði ekki annað
en snúa rifnum, en ég held 2 hafi þurft til að halda í slönguna, svo áherslan yrði jöfn. Hafa þeir þá skift henni milli sín. Vera má þetta sé misminni mitt. Þegar verkið var hafið gekk það greiðlega, slangan gekk greiðlega úr fléttunni og skilfjalirnar færðust eftir því sem undið var, gekk því allt greitt uns því var lokið. Aldrei heyrði ég þetta verk kallað annað en að vinda á rif. Hef ég lýst því svo greinilega og ég hef minni til. Það sem ég tel mest hafi þurft að gæta að vel yndist á rifinn, slétt og með jöfnum þrýstingi yfir allan vefinn.
Þegar búið var, var tekið úr fetagrindinni, og hún tekin. Skilfjalirnar voru dregnar aftur að bómunni, þangað sem þær voru meðan ofið var, og endi slöngunnar lá fram í vefstaðinn. Var hann svo langur að hann náði fram fyrir skeið.

p22
Að draga í höföld
og skeið: Það var ekki margbreyttur vefnaður, sem ofinn var á þessa vefstaði, en getur þó hafa verð margbrotnari en ég þekki, en þó svo kunni

að vera, hygg ég það órannsakað, hvort ekki er unnt að vefa í þessum vefstólum áður óþekktan vefnað eða vefnaðarvend.

Þar sem hér var nær
eingöngu ofið vaðmál, var ídrátturinn ávallt hinn sami og uppbindingu þurfti ekki að hreyfa. Vaðmál var ofið á 4 sköftum.

Tvo menn þurfti til
að draga í höföld, annar dró í höföldin, sat hann inni í vefstólnum framan við höföldin. Sá sem rétti var aftan við höföldin, og man ég ekki glöggt um hann. Hann varð að gæta þess að taka jafnan vissan feta, en til þess varð hann að ná til skilfjalanna.

Hefur hann eflaust
fært þær eftir því sem honum fannst hagkvæmast. Að því mig minnir var alltaf vani að byrja hægra megin við þann sem dró í. Vitanlega mátti líka byrja til vinstri. Mundi það þó hafa haft áhrif á vend þess sem ofið var. Skárákirnar legið til annarrar hendar, ef sama röð var á ídrætti hafalda, en vendin orðið óbreytt, ef reglan hefði verið öfug. Sá sem rétti tók fyrst ysta fetann frá, þó hann héldi fleirrum í hendi sinni. Þá varð hann að gæta þess að taka þræðina greiða úr fetanum. Þeir gátu verið flóknir fremst og varð að taka endann þar sem hann var greiður, og draga hann úr því sem ógreitt var. Að síðustu varð hann að gæta þess að vera búinn með fetann áður en hann byrjaði á öðrum.

p23
Verk þess sem dró
í, var að draga þræðina gegnum augu hafaldanna. Hann varð að gera það eftir ákveðinni reglu og aldrei láta útaf bregða. Reglan var ekki margbrotin, varð skrifuð með 4 tölustöfum, 1234, nr. hafaldaskaftanna. En raðað var tölunum eftir þeirri röð sem sköftin áttu að takast. Hann varð einnig að gæta þess að ekki skytust framhjá auð höföld, en ekki var mikil hætta á því. Þegar allt var komið í gang gekk þetta greiðlega. Maðurinn sem dró í, lagði þræðina hægra megin við sig, og þegar nokkuð var komið brá hann hnút á skúfinn og byrjaði á öðrum. Þá var að draga í skeiðina, en til þess þurfti 2, annan sem taldi þræðina í hverja tönn og rétti, hinn sem dró í, sat hann frammi fyrir skeiðinni. Sá sem rétti var á milli hafalda og skeiðar, en ekki man ég hvernig hann kom sér fyrir. Til að draga í skeiðina, var notað áhald sem nefndist skeiðarkrókur. Hann var gerður úr blikki, mjór og nokkuð langur. Breiðari sá endinn sem haldið var um, en hinn mjórri og fremst á honum var skarð í þá röndina sem upp snéri. Voru þræðirnir látnir þar í og dregnir gegnum skeiðina. Það var ákveðinn þráðafjöldi í hverri tönn, og varð sá er rétti að telja þá og jafnframt gæta þess að taka þræðina í réttri röð úr höföldunum. Sá sem dró í gat ekki séð hvort rétt var talið,

en hann varð að gæta þess að fara aldrei framhjá tönn. Það hefði verið óþægilegt að bæta úr því. Eins og við höföldin, var hnýtt fyrir endana framan við skeiðina, eftir því sem áfram munaði. Það tók ekki mikinn tíma að draga í skeiðina.

p24

Að hnýta fram: Síðasta

verkið við uppfestinguna var að hnýta endunum á fremra rifskaftið, sem vafðist upp á rifinn í enda voðarinnar. Ekki minnist ég þess að ég heyrði á því sérstakt nafn, og man ekki ábyggilega smáatriði, sem vafalaust hafa oft verið mismunandi og jafnvel hjá sama manninum. Ég geri lýsingu mína eins og ég hygg hana réttasta, en þó kann þar að skeika í einhverju.

Bundið voru 2 snæri um rifinn, nær endunum, svo fjarri miðju að vefurinn kæmist millum þeirra. Þau voru lögð upp á bómuna og hnýtt þar um enda rifskaftsins og stillt svo til að skaftið væri bil frá bómunni og jafnt til beggja enda. Þá var tekinn skúfur úr báðum jöðrum, og þeim hnýtt á báða enda skaftsins og hélst það svo á sínum stað. Þá var aðeins eftir að hnýta það sem eftir var á skaftið og var það fljótgert.

Best var að hnýtt væri á skaftið í sem minnstum lokkum, með því ófst vefurinn fljótar saman, en hvort þess var ávallt gætt, getur verið annað mál. Uppbinding: Uppbinding var í því fólgin að sett voru tengsli frá fótasköftunum upp í hliðarsköftin, og úr þeim upp í miðju hafaldaskaftanna. Þegar ofið var með 4 sköftum eða fleirri varð þetta að gerast eftir ákveðnum reglum og því flóknari sem sköftin voru fleirri.

Að framan er lýst ídrætti þar sem 4 hafaldasköft eru, en það

p25

allt annað ef aðeins

var ofið á 2 sköftum, ofin einskefta, sem oft var gert, þó ekki væri á hverjum vetri. Þar var allt svo einfalt sem það gat verið, við ídráttinn dregið á sköftin á víxl og þess aðeins að gæta að aldrei færu 2 þræðir samhliða á sama skaftið. Uppbindingin gat engin kallast. Stigið var aðeins á 2 sköft. Ídráttur í höföld, uppbinding og stig eru nátengt hvert öðru. Til að fá ákveðinn vefnað eða ákveðna vefnaðarvend, verður að hafa ákveðinn ídrátt og honum verður að fylgja tilheyrandi uppbinding og stig. Algengasti vefnaðurinn hér var vaðmálið og vaðmálsvendin.

Hún hafði þau einkenni, að skárákir lágu yfir vefinn, frá hægri til vinstri eða frá vinstri til hægri og ég held hægt hafi verið að skifta um það með því að stíga öfugt við regluna. En ekki hef ég sannanir fyrir því. Ég varð þess einnig var, að fá mátti einnig vaðmálsvend með breyttum ídrætti, og jafnframt breyttri uppbindingu og stigi. Á einhvern hátt komst ég upp á að fá fram óþekkta vend, en vitanlega var það með breyttum ídrætti, og tilheyrandi breytingum. Þetta var að því leyti frábrugðið vaðmálinu, að í stað skárákanna voru mjóir teinar langs eftir voðinni. Þetta þótti lagleg tilbreyting og var nokkuð af því ofið á heimili mínu, en ég vissi ekki til það bærist út af því.

Þessi vefnaður fékk ábyggilega aldrei sérstakt nafn.
Ekki get ég greint formúlur eða reglur fyrir ídrætti, uppbindingu og stigi
þess vefjar, sem ég þekki. Það er algerlega gleymt.

p26
Vefnaðurinn: Þegar
búið var að binda fram á skaftið var allsstaðar bil á milli hnút og því
meira sem meira var í hverjum hnút. Þau bil teygðu sig fram í vefinn
og þurfti nokkra fyrirdrætti til að vefa þau saman svo jafn yrði. Ekki
man ég eftir sérstöku nafni á því er fyrst var farið að skjóta skyttunni
og yfirleitt man ég fá nöfn. Ekki skal þó tekið fyrir ég hafi heyrt
fleirri, þó ég muni það ekki. Spelkurnar voru látnar á svo fljótt
sem hægt var, og var vefnaðurinn þá fyrst kominn í fullan gang. Spelkurnar
voru stilltar á rétta lengd, tittunum í endunum stungið í naumu jaðrana,
en þó svo þeir höfðu fullt hald. Þá voru þær lagðar niður og snaranum
snúið svo þær hreyfðust ekki. Voru þær færðar eftir því sem ofið
var. Eftir það var vefnaðurinn óbreyttur og voru handtökin þannig,
að ég man best. Væri skyttan til hægri handar ýtti maður slagborðinu
aftur með vinstri hendi, og skaut skyttunni með hægri, greip hana með vinstri
og lét ívafið leggjast að vefnum, en hægri hendi stakk hann gegnum vefinn
og myndað á ívafið boga. Þá var skilið og slegið að með slagborðinu.
Þetta gekk svo eins til baka, en þá gerði vinstri hendin það sem
hægri hendin gerði í hinni fyrri og svo áfram til skiftis. Boginn
sem gerður var á ívafið kallaðist ígjöf og heyrði ég það aldrei nefnt öðru
nafni ásamt sagnorðinu gefa í. Ég sá aldrei gefið í á annan hátt.
Ígjöf með fleirri bogum hlýtur að hafa verið seinlegri og vandasamara
að hafa

p27
hana hafna. Það
hafði mikla þýðingu í að vefnaðurinn yrði góður, að ígjöfin væri jöfn og
hæfileg, en hún var aukin og minnkuð með mismunandi stærð bogans á ívafinu.
Þá reið ekki minna á, að vefurinn væri vel og jafnt sleginn, svo
hvergi grisjaði gegnum vefinn. Þegar búið var að vefa svo langt fram,
að of þröng þætti milli vefs og skeiðar, varð að færa til og vefja voðina
upp á rifinn. Það var kallað að færa, og það sem ofið hafði verið
frá því næst var fært, kallaðist einnig færa, en ekki heyrði ég á því önnur
nöfn. Til þess varð vefarinn að standa upp. Hann tók á höfði
afturrifsins og lyfti upp stöðvaranum og tók hann upp úr tönninni á hjólin,
vatt svo sem hæfilegt þótti upp á framrifinn og herti síðan á þeim aftari.
Þegar undið var á rif, hvort sem var slanga eða vefur, var ávallt
undið ofan á hann. Þegar framrifur gildnaði fjarlægðist voðin hné
vefarans, þar sem hún gekk niður á rifinn. Ekki man ég eftir það
kæmi fyrir að voð væfist saman, og heyrði ekkert nafn á því. Það
átti heldur ekki að eiga sér stað, ef spelkur eða spanstokkur, sem er betra
nafn, var færður nógu oft. Ef allt var í lagi átti ekki að reyna

meira eða öðruvísi á tennur skeiðarinnar í jaðri vefs, en annarsstaðar.
Mæliband var jafnan haft í vefnum meðan ofið var og var það látið í vefinn þegar svo var komið að hann þótti góður. Það var alin á lengd úr þætti og var hnútur á öðrum endanum. Var hnútnum brugðið niður framan við það sem komið var, nærri jaðrinum og ofið að, síðan fylgst með og hann færður þegar full lengd var komin. Alltaf gátu komið einhverjar misfellur, og man ég best eftir

p28
sliti á uppistöðu,
sem oftast var eitthvað. Hafði vefarinn jafnan hjá sér hnýti af uppistöðuþræði til að bæta með. Varð hann að hafa gát á þessu, finna þráðin, greiða hann og bæta. Mest bar á þessu í einstaka voðum og þá gegnum þær allar. Verst vissi ég þetta vera í erlendum lituðum tvisti, sérstaklega svörtum. Aldrei heyrði ég þetta talinn neinn fyrirboða á mínu heimili, enda var illt að kenna það aðsókn einstaks manns, þegar ófögnuðurinn stóð yfir allan vefinn. Það var sagt stafa af gallaðri uppistöðu og að því sem tvistinn snerti, að hann væri skemmdur í lituninni, og kölluðu hann litbrenndan, en þó einn og einn þráður slitnaði vakti enga eftirtekt, það var dagleg venja. Að koma slöngu eða voð á rif heyrði ég aldrei kallað annað en að vinda á rif, og á einstaka brögðum, heyrði ég aldrei sérstök nöfn. Að fella vef: Ég tel mig aldrei hafa heyrt annað nafn á þessu verki, var það fljótgert og óbrotið. Haldið var til að vefa svo langt sem unnt var. Skilfjalrinar færðar sno nærri skaftinu sem unnt var, og þær síðan færðar það næsta höföldunum, sem þær máttu vera, svo unnt væri að gera skil. Þá var ofið fram það sem hægt var og síðan uppistaðan skorin framan við skeiðina, en dálítill spotti stóð fram úr vefnum. Nöfn á afgangi heyrði ég engin. Þá var dúkurinn tekinn af rifnum og undinn í rúllu.

p29
Þóf: Mér verður
ábyggilega svarafátt við sumum spurningunum viðvíkjandi þessu. Því er svo varið, að ég veit eða man ekkert viðvíkjandi undirbúning voðarinnar undir þófið, hvernig hún var vætt og hituð, og að síðustu undin áður en byrjað var að þæfa. Ég tel að kvenfólkið á heimilinu hafi annast það og hafi það verið gert í eldhúsinu. Ekki minnist ég að ég heyrði nein sérnöfn eða orðtæki í sambandi við það. Aðal umsjónina með þófinu hafði húsmóðirin. Hún fylgdist með hvað því leið og ákvað nær það væri orðið gott. Hjá okkur var ávallt þæft á baðstofuloftinu í þeim enda baðstofunnar sem betur þótti henta. Var gólfið þvegið áður en byrjað var. Ég tel víst að á hverju heimili hafi verið þæft þar sem hentast þótti, en það gat verið mismunandi. Ég sá aldrei voð þæfða nema undir fótum. Ég heyrði talað um að þæfa í tunnu, en sá það aldrei.
Sagt var að þar héldist hitinn betur á þófinu, og þófnaði fljótar.
Votaþóf þekki ég ekki. Menn voru léttklæddir við þófið. Það

var allerfitt verk, tók nokkrun tíma og vinna varð af kappi til að halda
þófinu vel heitu. Þófið var þannig, að þófarinn stóð á voðinni, þar
sem hún var látin í hrúgu á gólfið, trauð hana og þvældi á alla vegu undir
fótunum, en varð jafnan að gæta þess hún héldist saman og dreyfðist ekki
til langframa. Þegar nokkuð var liðið á þófið fór húsmóðirin að athuga
það með stuttu millibili. Ekki man ég til hún gerði annað en athugaði
það á nokkrum stöðum. Ekki get

p30
ég greint ljóslega
hvers var krafist til þess að vel þætti þæft. Það var ábyggilegt
að þófarinn fékk jafnan einhvern aukabita, en ekki minnist ég þess það
væri í neinni ákveðinni mynd og get ekki lýst því. Ég tel mig hafa
heyrt það kallað þófarabita, en getur þó hafa verið með fleirri nöfnum,
eftir því í hvaða mynd það var. Ekki kann ég neina vísu um þóf eða
þæfingu, minnist ekki hafa heyrt neina. Á mínu heimili var það heimilisfólkið,
sem þæfði og vann að þófinu, og fékk það engin aukalaun fyrir. Býst
ég við svo hafi verið víðar. Þegar voðin var fullþæfð var
hún illa útlítandi og ærið kreppluð og þörf á að slétta hana. Þetta
var gert með því að hrista hana. Það var gert á þann hátt að 2 konur
stóðu með litlu millibili, tók önnur í enda voðarinnar, en hin tók hana
upp hjá sér. Báðar tóku þær í jaðra voðarinnar, strekktu hana millum
sín, hófu hendurnar upp og héldu þeim saman, þá kipptu þær samtímis báðum
höndum snögglega til beggja hliða, og kvað þá við hár hvellur og laus ló
þaut í allar áttir. Ef vel átti að vera urðu stúlkurnar að vera vel
samtaka, varð hvellurinn þá meiri og var góður hvellur öruggur vottur um
góða hristingu. Brátt fór voðin að sléttast og var haldið áfram með
þessa færu þar til hún þótti góð, þá var tekin sú næsta og svo koll af
kolli, uns lokið var. Þá var eftir að þurrka voðina og minnir mig
það væri gert í hjalli, í lykkjum á snúrum eða rám. Ég heyrði eitthvað
talað um lóskurð, en minnir það væri mest í sambandi við hraðskyttuvefnað,
en ég þori að fullyrða,

p31
að af bæjum hér var
vefnaður aldrei sendur til lóskurðar.

Á liðinni öld hefur
heimavefnaður verið almennur, en þó ávallt nokkrir bæir verið sem ekki
höfðu vefstól. Þess hefur verið getið að svo var í bernsku minni
og virtist mér húsakynni þar víða svo þröngleg, að vefstól varð þar ekki
komið fyrir. Framan af öldinni var fjöldi smákota með ýmsum jörðum
í hreppnum, raunar sjaldan öll í ábúð. Var þar síst um betri húsakynni
að ræða og hafa því enn fleirri bæir verið sem engan vefstól höfðu. Hraðskyttuvefstóll
kom hingað að mig minnir á öðrum tug þessarar aldar. Maður sem flutti
hingað hafði hann með sér. Hann hafði áður ofið töluvert og margbreytt,

en var hættur fyrir nokkru. Hann hóf þó ekki vefnað en stundaði aðra iðn. Vefstólinn seldi hann, og hafa orðið nokkur eigendaskifti á honum síðan, og er hann hér víst til enn. Eitthvað hefur verið ofið á honum, en lítið er það og fábreytt. Ég þekki þetta lítið og það er víst þessum þætti óviðkomandi. Vefnaðarsýnishorn: Það hefði verið gaman að geta sent safninu sýnishorn af súgfirskum vefnaði, en ég hygg til einskis sé að fara að leita hans. Nú er langt síðan ofið var á þessa vefstóla, og enn lengra er síðan mest var notað erlent enfi í betri fatnað, sem tíðast

p32
hafði betri endingu
og jafnvel verksmiðju unninn vefnað í flestan fatnað. Ég tel því engar líkur til að hér finnist flíkur úr heimaunnum vefnaði. Þegar hætt var að nota þær voru þær teknar í sundur til einhverra notkunar, væri einhver heil brú í þeim. Annars var þeim kastað. Þá hef ég farið yfir þennan þátt og gert honum þau skil, sem ég get. Það hefur gengið fljótar en ég gat búsist við, og það hefur orðið fyrirferðar meira en mér kom til hugar, er þó mörgu ósvarað, en sjálfsagt margt óþarft sagt, en það ætti ekki að vera skaðlegt. Hitt er lakara hvernig frágangurinn er. Það er tvísýnt það verði lesið eða skilið á sumum stöðum. Ég verð að biðja góðfúsa lesendur að afsaka það, eg get það ekki betur. Verk mín hafa alltaf gölluð verið, og nú er ég orðinn óhæfur til alls.

Ég sé ekki að sé til neins að ég skrifi á blaðið með teikningunum þau fáu nöfn sem ég þekki eða man. Teikning A er mikið frábrugðin mínum vefstól, og ég hef getið allra nafna sem ég man á honum með lýsingunni, sem ég hef reynt til að gera sem skiljanlegasta. Hvernig sem það hefur tekist.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1446

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Vefnaður hófst eftir hentugleikum, þegar efnið var tiltækt, oft var þá byrjað á tvisti en sjaldnar var það fyrir jól sem vefstóll var settur upp, og þá ef var, vefstóll gjarnan tekinn niður um jólin. Heimilispiltar ófu jafnan, og stundum gerði sá maður ekki að útiverkum, um 1910 óf afi minn eingöngu til heimilisþarfa og sat þá við allan daginn. Eftir hans dag 1914 voru fleiri er gripu í verkið. Heyrt hef ég um afköst á dag 20-25 álnir en það fór mjög eftir efninu. Aldraður bóndi segir mér, að svo fótastuttur var hann í byrjun þegar hann fór að vefa að hann varð að standa á skammelinum, gat ekki notað setubekkinn, en áhuginn var mjög mikill. Til var að tekinn var vefur til vinnslu en smá þóknun tekin eða örfáir aurar á alin

p2
Vefstóll: Heitið var vefstóll. Kljásteinsvefstóll alveg óþekktur hér um sveitir. Hraðskyttu slagborð var til hér, en aldrei notað. Ekki til tvíbreiðir vefstólar.
Þeir sem ekki áttu vefstól en höfðu framtak að koma upp voð, fengu þá ofið hjá nágrönnum er betur bjuggu. Skeið: Nafnið ætið skeið. Til var hér heimasmíðuð skeið, pílarnir keyptir. Kjálkarnir smíðaðir úr góðum viði, bilið á milli pílanna vafið með grófum togþræði, þar til gerður og unninn. Annars voru skeiðar innfluttar ætið fimm kvartel og ætíð talað um t.d. 6 tuga 7 tuga og áttræða.

p3
Vefskytta: Efni gott eftir bestu getu t.d. beyki elstu skyttur voru heilar að neðan með lítið eitt uppbretta enda, seinna komu skyttur með völtukeflum litlum er þóttu ganga betur, á þræðinum. Spólurnar rendar eða tálgaðar tréspólur, ef fleiri litir voru og spóluþörfin meiri, gjarnan þá notuð bréf spil eða

þess háttar.

Spólurokkur: Gekk
ætíð undir því nafni. Gjarnan þá notaðir fyrrum spunarokkar en sett
á þá snældurteinn og færanlegur framstjaki því tveir teinar voru notaðir
til að spóla og balbína.

p4
Spanstokkur: Nafnið
spjálk ætíð notað um áhaldið til að halda út voðinni. Talað
var um spjálkarbrygður ef hún var ekki færð til með hæfilegu millibili
og þótti ekki vefaralegt. (sjá teikningu) Þannig var spjálkin, hægt að
stytta hana og beygja. Að leggja upp: Talað var um að
leggja upp alin úr hespu 12 skreppa er mælt var á hesputré því fljótt eftir
aldamótin var hér í sveit spunavél er mikið var spunnið á. Talað
var um "verk í lóðum" t.d. 6.8.

p5
Að reikna í skeið:
Ákveðið var í byrjun hvað þráðafjóldi skyldi vera var þá talað um
"varp" einnig að voðin væri of "varplítil" ef hún reyndist
þynnri en áætlað var. Að reikna í vef: Þegar efnið var tiltækt
og þá ef til vill fleiri litir, þurfti að ákveða hvað margir þræðir og
þá hespur þurfti til að "leggja upp með". Talað var ætíð
um uppistöðu og ívaf.

p6
Rakgrind:
Það var áhaldið nefnt. Rakgrinduur munu hafa verið af svipaðri gerð, víðast
til ásamt vefstólum. Skilhælar eða hestar var nafnið á hælunum er
skoraðir voru á grindina og bundnir traustlega. Rakgrindin var með
prik stúf að ofan er festur var í ólarsmeyg á baðstofubita en að neðan
var kollóttur haus er látinn var leika í holu á fjalarstúf, í holu þá var
gjarnan látinn tólgarmoli til að liðugt léki í. Balbínustóll: Og
balbínusnældur þar í 6 í röð tvíraða stólinn á sjálfstæðum fæti. Undið
var upp á snældurnar "balbínað" á spólurokkinn en þá notaður
"balbínuteininn".

p7
Rakningsspaði: Þekkti
þetta áhald og nafnið með. Afi minn notaði spaðann æfinlega en seinni
tíma vefarar ekki en sennilega hefur flóknað síður ef slitnaði (sjá mynd)
þannig leit rakningsspaði afa út, var hann með laglegt handfang íslenzk
smíði spaðinn 6 cm á breidd, og 30 cm á lengd allur spaðinn.

p8

Rakning á rakgrind:

Rakgrindin var sett upp þar sem pláss var til oft í baðstofu. Gott var að tveir voru við verkið t.d. þegar ég var barn var, afi minn æfinlega sá sem hélt á spaðanum, og aðalmaður, en amma sneri grindinni og leit eftir. Áætluð lengd voðarinnar var ákveðin með því að undið var ofan af einni snældunni 1 þuml. hleypt framfyrir hverja alin. Þegar lengdin var fengin var aftur undið upp á snælduna eftir að fest var merki á þráðinn bundinn spotti eða þ.h. þá var dregið í rakningspaðann en 1 hafður í gati og gangurinn hélt sér. Hnýttur hnútur á alla endana, skipt sundur til helminga og brugðið um skilhlælinn og byrjað að ofan og áætlað eftir lengd hvað þétt þurfti að "leggja á" grindina. Þegar komið var að merkinu á þræðinum kom hinn skilhællinn, festur sem að ofan, gert skil á ganginn með því að komið að ofan á fyrrri hælnum og undir hinn og krossað við til baka

p9

þannig var snúið til baka og var þá kominn gangur "feti". Alltaf komið ofan að og þrýst niður með hendinni um leið og grindinni var snúið. Settur markspotti við "hundrað" eða "stórt hundrað" ef rakið var á 12. Fullrakin uppistaða nefnd slanga var ætíð gengið frá skilum með öruggum skilspottum og slangan tekin niður að sérstökum hætti slangan lykkjufléttuð, fór það fram með mikilli aðgát og grindinni stilltur hraði í hóf. Þegar fleirlituð uppistaða var, krafðist það vitanlega margs konar fyrirhafnar slíta frá rekja litarendur. Nokkuð þurfti að áætla fyrir styttingu að voðin, "kippti sér" en ekki með fastri reglu.

p10

Hafaldaefni og höföld:

Hafalda efni mun hafa fyrrum verið úr togi en ekki er mér kunnugt um vinnzlu á því. Miðhluti hafaldsins nefndist hafaldaauga. Geymd voru höföldin, hangandi á góðum stað helst þar sem mölur og ryð komst lítt að. Höföld með stálaugum komu frá 1916-'20 og voru slæm, vegna þess að ekki var hnýtt að augunum er þráðurinn var festur í gegn en efnið mjög límborið og hart, því var breytt um og hnýtt góðri vefjagarni í staðinn, en það verk var mikil þolinmæðisvinna en tókst vel.

p11

Hafaldagrind:

Var það áhald nefnt er höföld voru hnýtt á. Ég vann að því sem drengur að hnýta höföld vorum við tveir við það. Þá var notaðneta garn en gömul höföld voru áður úr togþræði. Þannig var hafaldagrind (sjá mynd). Hafaldagrindin var gerð úr 5 hlutum 2 hliðum 2 göflum og sívölum miðás. Vinnan hófst á því að efnið var skorið niður í hæfilega lengd, annar endinn lítið eitt lengri, honum var brugðið utan um miðásinn

og hnýtt að með rembihnút þetta var um miðju endans en hinum endanum brugðið lykkjuna áður og hnýtt að síðan út fyrir hliðarskaptið og hnýtt að með tveim hnútum og að lokum út fyrir leyniþráðinn og enn þá hnýtt eins. Þá var fyrsta hafaldið komið.

p12

Vefjarkambur: Nefndist hann. Og að gerð var hann þannig: (sjá mynd). Á kambinum voru 55 fastir tindar í neðri kjálkanum, efri kjálkinn var laus en með holum á móti tindunum er í þær féllu þegar búið var að leggja í kambinn og honum lokað. Að láta í kamb: Verkið nefdist að leggja í kamb.

Ákveðið var eftir gangafjölda hvað oft þurfti að breyta útaf með skiptingu t.d. 1 1/2, 1, að sem slangan kæmi sem jafnast á. Settust tveir með kambinn milli sín opinn með tindana upp og deildu síðan í bilin er við átti. Áður var skilprik og skilþráður settir á sinn stað.

p13

Að festa upp: Að "setja til vefinn" var það kallað. Að bóma vef: Að "vinda upp" var það kallað. Skilprikið felt inn í rásina á slöngurifnum, en lausir snúðar voru á rifnum undir snúðana gengu endarnir á prikinu, snúðarnir festir með teinum er gengu í gegn um rifinn. Gott var að þrír störfuðu að uppvindingunni 1 hélt í slönguna 2 snéri rifnum en á rifhausinn var gjarnar bundinn annar skilhælinn sá þriðri leit eftir kambinum og færði hann til eftir þörfum, greiða flóka og festingar og sjá um að slangan breiddist sem jafnast á rifinn. Þegar komið var á enda voru skilprikunum komið fyrir í neðri skilin.

p14

Að draga í höföld:

Verkið hét það. Höföldin bundin saman svo þau gætu sem minnst færst til. Tveir störfuðu að því að draga í sátu hver á móti öðrum, annar sá um þræðina en hinn sá um að höföldin kæmu í þeirri röð er við átti hnýtt var uppá þegar kominn var töluverður skúfur. Að draga í skeið: Skeiðar krókur hét verkfærið (sjá mynd). Skeiðin bundin þannig framan á höföldin að hún hallaðist fram. Tveir unnu að ídrættinum annar tók fram rétta enda, hinn með skeiðarkrókinn í hendi sá um að í réttan reir væri farið.

p15

Að hnýta fram: Skaftið er uppistaðan var hnýtt framá var grannur járnteinn, ferkantaður, var talað um að "hnýta á skaftið" þrjú snæri voru fest um teininn, fyrir bómuna og í neðri rifinn í þar til gerð göt. Uppbinding: Við venjulegan einskeftuvefnað voru snærin með sínum krókum fest í hafaldasköftin

í beinni röð, en breytilegt eftir vefnaðargerð t.d. vaðmál.

p16
Að draga fyrir: Þegar
búið var að hnýta fram og fá nokkurt skil, var byrjað að "draga fyrir".
Gefið var "uppí" með einum stórum boga, og slegið með slagborðinu
en þó var oftast fært að fyrst en síðan gefið snöggt högg.
Þá var fljótt er komin var dálítill bekkur tekin spjálkin og hún spent
á, og þurfti þá aðgát til að ekki kæmu spjálkarbrigður ef hún var ekki
færð nógu oft. Þá var alinspotti hafður, það var seglgarnspotti
alin á lengd með hnút á öðrum enda þeim enda ofið í og síðan dreginn brott
er full lengd var komin og sagan endurtók sig.

p17
Að fella vef: Kallaðist
það þegar kom að lokum. Ekki þótti gott að hætta að kvöldi þegar
grisja fór í rifinn var þá "sofið hjá skallakerlingu" og aðrir
sögðu "geitnakerlingu" og þótti það hneysa. Afgangs
endar nefndust "krummabuxur" og voru til margra hluta nytsamir
að bæta og stoppa á þeim tímum er ull var í meira heiðri höfð en nú.

p18
Þóf: Ætíð var
stór dagur er átti að þæfa. Settur stór pottur á eld, fylltur af
vatni. Þá var þófaratunnan staðsett á hentugum stað og ekki mjög
köldum, búri, eldhúsi. Vatninu heitu helt í tunnuna, og þar með drjúgum
slatta af keytu, vel stækri ofan í þennan lög var vaðmálið sett, því ég
geri ráð fyrir að þetta sé 30 alina langur buxnadúkur, en ég óf og þæfði
margar, Hér var um að gera að velta þófinu til með fótunum, var það
ærin þrekraun að geta velt því til meðan hitinn var sem mestur. Þegar
búið var að þvætta þessu um tíma var undið upp og jafnvel dúkurinn skolaður
í rennandi vatni, til að skola keytu þefinn burt. Nú var sett heitt
vatn á dúkinn og nokkur sápa þá hófst hið verulega vota þóf og þá var nauðsynlegt
að halda hitanum í tunnunni, því kom fyrir að þófarinn varpaði af sér brókum
og klæddist pilsi, breiddi það

p19
yfir tunnu barmana,
síðan var snúist og velt og velt tímum saman. Þegar frá leið og þvælið
kólnaði var skift um vatn, fætur vildu sárna, og voru menn lítt til gangs,
daginn þann. Að lokum þótti nóg að gjört, var þá efnið dregið upp
úr þvælinu lykkjað upp á gott prik síðan látið síga úr því til næsta dags.
Þá var þurra þófið eftir: Þvegið var horn í baðstofu, voðin
sett í bala mjög heitt vatn á, farið út í dyr fundin miðjan á dúknum stungið
þar í sterkum staf og nú fór alt fram með miklum hraða snúið og snúið seinni

endanum fléttu brugðið um annan staf er settur var um þverar dyr, nú var undið, og strokin bleitan af sem best, sett í hlykki sem jafnasta togað í og strokið. Þá var eftir að "kippa" til að jafna dúkinn þótti þá miklu varða að smellirnir voru sem jafnastir og hæðstir, annars var "lausakrakki" sem fólst í mislukkuðum tilburðum við kippinguna.

p20

Nú var farið með dúkinn inn á þvegið baðstofuhorn og nú hófst seinni þófara athöfnin. Efninu velt til og frá hnoðað og troðið stóð þetta yfir dagsstund. Ekki var að jafnaði höfð yfir þófaraþula en vel hefur verið þeginn þófarabiti, var það ef vel var, magálssneið all væn, og flatkaka fylgdi með. Nú var senn talið nóg að gert efnið orðið þétt við hæfi. Þá var eftir að vinda á fjöl, var hafðar tvær fjalir, undið af annari á hina mjög fast með stimpingum, strokið og togað endinn saumaður fastur, fjölinni komið fyrir í pressu, undir kistu eða kommóðu. Eftir pressuna í fleiri daga, var efnið rakið niður þurrkað, vafið í stranga er síðan beið að skorin væru úr því klæði. Þessir þófara lýsing á við tímann 1910-20. Eftir þann tíma mun sápa meira notuð en ekki keyta. Ofnir voru líka þynnri dúkar í milliskyrtur, kjóla og var þá ef meira var haft við sent til pressunar og litunar til Gefjunar á Akureyri. Þetta sem hér er sagt er upprifjun á þeim gömlu tímum sem gengnir eru.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1919
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1244

p1
ULL OG TÓVINNA
Vefnaður: Vefnaður hófst ekki fyrr en eftir nýár á flestum bæjum. Vanalega var byrjað á einskeftu, eða nærfatavaðmáli. Algengast var að karlmenn önnuðust vefnað og þá oftast sami maður . Aldrei var ofið frá fótaferð til háttumála, því sami maður þurfti oftast líka að annast einhver útiverk. Um afköst daglangt var það breytilegt eftir því hvaða teg. af vefnaði unnin. Var það þótti gott ef ofnar voru 20 álnir af einskeftu á dag og 15 álnir af vormeldúk. Mjög sjalda sá ég unglinga vefa og aldrei undir 16 ára. Til voru menn og konur sem fóru á milli og ófu,(t.d. í minni sveit var kona sem tók að sér að vefa rúmábreiður)(salonsvefnað). Um greiðslu fyrir vefnað veit ég ekki, (líklega 25 aurar á alin). Kljásteinavefstólum er lýst í útdr. úr "Hlín blað 9. Engir vefstólasmiðir voru í minni sveit. Þeir vefstólar sem ég sá á Austurlandi voru svo til allir eins og teikning B sýnir "Slöngurifurinn" var niðri, og aðeins slá uppi fyrir höföldin. Hraðskyttu-vefstólar voru ekki til. Mörg heimili áttu vefstóla, en þeir sem enga áttu fengu ofið hjá nágrönnum sínum. Veit ekki um gangverð á vefstólum, enda var sami vefstóllinn á sama heimilinu áratugum saman. Skeið: Vefjarskeiðar voru ekki heimasmíðaðar, þær voru úr málmi (járni eða stáli). Þær voru oftast af sömu lengd, en tannafjöldi misjafn frá 70 til 110 tennur. Mjög algengt var 80 tanna skeið. Vefskyttur: (vefjarskyttur var algengara) Þær voru oftast smíðaðar í heimahúsum úr birki eða ösp. Teinninn var kallaður spóluteinn. Neðan á skyttunum voru settir vírar úr messing svo þær rynnu betur. Tréspólur voru rendar og notaðar til að spóla á ívafið. Þær voru aldrei nema úr tré.

p2
Spólurokkur: Vanalega voru gamlir rokkar notaðir til að spóla á og var þá settur sérstakur spólusteinn

í stað snælduumbúnaðarins. Spanstokkur var tilbúinn úr þunnri fjöl, (harðvið). Sumir kölluðu þennan spanstokk, spjálk, (sjá teikn). Að leggja upp: Svo nefndist það að reikna út uppistöðuþráð. Ymsar aðferðir voru hafðar við það. Stundum notað ummál hesputrés, en oftar var það vigt á hespum, (eða hnyklum) þá voru oftast 8 hespur í pundi. Að reikna í skeið: Það var kallað að leggja í skeið og var kallað varp. Ef sá útreikningur stóðst ekki og uppistaðan varð of gisin þá var sagt að voðin væri varplítil. Að reikna í vef: Ég þekki ekki mun á því og að "leggja upp" sem áður er komið, nema það var bæði um uppistöðu og ívaf að ræða. Veit ekki neitt umfram það sem áður er sagt. Rakningsgrind: Það var ætíð kölluð rakgrind í minni sveit og sá ég bara eina gerð af rakgrindum. Hælatré var kallað það sem grindarhælar (skilhælar) voru festir á. Rakgrindin var fest upp í loftið þannig að járnteinn stóð upp úr rakgrindinni og gekk upp í holu sem var í tréklossa festum í loftið. Að neðan var sami útbúnaður nema það var klossinn laus, (bara stíflaður af með fleygum).

Rakgrindur voru til þar sem vefstólar voru til. Ummál grindar mun hafa verið 4-5 álnir. Balbínur, balbínustóll: Snældur þær sem uppistaðan var rakin af á rakgrindina hétu balbínur

p3

Balbínur voru úr holu tréskafti með rendum snúð á hvorum enda. Svo voru balbínustólar og þar voru balbínurnar festar í og léku á járnteinum sem stungið var gegn um uppistöðurnar á stólnum. Þessir balbínustólar tóku minnst 6 og upp í 12 balbínur þótti því betra sem þær voru fleiri. Balbínustóll var úr tréblökk sem lá við gólf og upp úr henni voru tvær eða þrjár uppistöður og á milli þessara uppistaða voru balbínurnar settar með járnteinum. Ef uppistöðurnar voru 3 þá var hægt að hafa tvær balbínur hlið við hlið. Það voru oft sérstakir rokkar til að spóla bandið á balbínurnar þeim var handsnúið og hét það að balbína. Balbúnurokkur var með stóru hjóli í rokkgrindinni og allur frágangur svipaður og á venjulegum rokk, þó með því fráviki að þarna var enginn snælduumbúnaður ofan við rokkhjólið heldur til hliðar við það í áföstum kassa þar var balbínan á teini og bak við hana trissa sem var tengd við rokkhjólið með snúru, (eins og á venjulegum rokk). Handfangið var áfast við hjólöxulinn þannig að ásinn sem gekk í gegnum hjólið náði nokkuð fram úr hjólgrindinni og þar var handfangið fest við.

Rakningsspaði: Ég þekki ekki það orð, en það voru kallaðir rakhælar sem héldu uppistöðuþráðunum í réttri röð, svo það mynduðust skil á milli. Þeir voru festir í einhverja lykkjur sem voru á hinum 4 uppstöndurum í grindinni.

p4

Rakning á rakningsgrind:

Rakgrindin var sett upp þar sem nóg rými var til að geta athafnað sig við vinnuna, og gagnrúm kringum grindina. Undir baðstofulofti

var víðast hvar svefnstofa fyrir gesti og oft önnur fyrir heimafólk. Þar var rakgrindin sett upp og umbúið eins og áður er umgetið. Vanalega voru 2 menn sem unnu við að rekja. Lengd voðarinnar var mæld með merki á einhverjum uppistöðuþræði. Þræðirnir voru hnýttir í göt á hælinn og svo rakið niður. Þræðingin var miðuð við þráðafjölda í hafaldi þegar ofið var. Þráðarvölur voru ekki notaðar. Fyrsta skilið var tekið á þræðina strax og búið var að binda þá fasta í hælgötin. Það var kallað þráðaskil og var bundið á grindina. Ein umferð með þræðina niður og upp á rakningsgrind var nefnt "gangur" en ein umferð niður eftir grindinni hét "feti" og var það kallað "að leggja á grind". Þegar búið var að rekja fyrsta fetann þá var farið aftur á bak? Merki voru sett í gangaskilin að neðan við ákveðinn þráðafjölda t.d.50 eða 100 þræði, þar var bundinn spotti og hét bandspottinn "fetaband".

Ekki var rakið utan á fetana heldur ofan við þá, eða neðan við þá.

Fullrakin uppistaða á grind var kölluð "slanga". Þegar slangan var tekin af grindinni þá var hún kappmelluð upp.(búin til lykkja og hendi stungið í gegn og slangan dregin upp og ný lykkja myndast og þannig koll af kolli) það var kallað "að fika ofan". Þegar fleiri litir voru í uppistöðu þá var búið til munstur á spjald og svo rakið eftir því. Það var venja að hafa slönguna eitthvað lengri en voðin átti að verða var því rakin þverhönd fram yfir á hverja alin. Það var kallað að voðin "skryppi saman". Þekki ekki að rakið væri á vegghæla eða rúmstópla

p5

Hafaldagrind, hafaldaefni:

Ekki heyrði ég talað um hafaldagrind, en aðeins um hafaldasköft.

Á þessi sköft voru höföldin sett. Hafaldaefnið var rakið á hafaldasköftin. Ekki man ég eftir nafni yfir það. Efni í höföld var unnið heima þar sem gamlar venjur voru í heiðri. En aðallega man ég eftir útlendu garni sem notað var í höföld. Gamlar konur spunnu hafaldaþráð og var hann nokkuð snúðharður og snöggur. Höföldin voru hnýtt á sköftin (sem þá voru fest á grind). Hnýtt var bæði ofan og neðan á hafaldaskaftinu. Mismunandi aðferðir voru við hafaldahnýtingu en þeim kann ég ekki að lýsa. Miðhluti hafalds nefndist hafalda auga. Höföld voru geymd á sköftum á þurrum stað. Það band sem varnaði höföldum að dragast útaf endum skaftanna var af sumum kallað vartág. Það var þráður milli hnúta ofan á sköftunum. Svo var hann vafinn yfir endann á skaftinu og bundið fast öðrumegin en öðrumegin varð að hafa endann lausann til að smeygja skaftini í að ofan. Vefjakambur, Skilsköft:

Vefjakambur var smíðaður úr tré tvær kinnar og tindar á milli. Tindarnir voru fastir í annari kinninni en lausir í annari. Kamburinn var hafður jafnbreiður voðinni. Það var kallað að leggja í kamb þegar slöngunni var dreift í kambinn. Skaftið sem sett var í gangskilið var kallað rifskaft,(það var með götum) þráðurinn sem festur var við skaftið og dreginn í fremra gangskilið var kallaður skilþráður. Á endum skaftsins var

skora og vafið þar í. Þessi skilsköft voru 2 fremra og aftara skilskaft.
Skilsköftin voru aftur við bómutréð og færð til eftir því sem með
þurfti.

p6
Að festa upp vef,
og bóma vef: Það var kallað að festa upp vef þegar slangan var undin
upp á slöngurifinn, dregið í höföld og skeið og fest uppistaðan í
framrif. Verkið við að vinda slönguna upp á slöngurifinn var kallað
að bóma. Rifskaftið var sett í gróp á rifnum. Það var sérstakt
áhald sem hélt að jöðrunum og var kallað "kragar". Þeim
var ýtt upp á skaftendana. Tveir menn unnu saman að því að vinda
slönguna á rifinn. Annar þurfti að gæta vel kambsins og halda honum
beint, en hinn hélt á slöngunni og gaf hana vel fyrir svo þurfti að nota
skilsköft til stöðvunar. Skilsköftin voru þunn með grópi á endum
til að binda þau saman. Slangan var ekki látin ganga saman. Skilsköftin
voru svo höfð neðan við "strekkingarslána" og eins og áður er
sagt voru þau færð til eftir því sem vefurinn gekk áfram. Að rétta
í höföld: Verkið var kallað að rétta í höföld og líka kallað að draga
í höföld. Við það unnu æfinlega 2 saman, annar til að rétta og hinn
til að taka á móti þræðinum. Sá sem dró í gegn tók fyrst part af
höföldunum og hélt þeim í greip sinni uns sá partur var búinn og þannig
koll af kolli. Þræðir voru taldir og þráðarendar svo hnýttir í lykkju
þegar komnir voru 50 eða 100 þræðir. Að rétta í skeið, eða að draga
í skeið: Áhaldið sem notað var við að draga í skeið nefndist "gikkur".
Það var úr tré flatt og breitt með krók á enda. Tveir unnu
við að draga í skeið. Skeiðin var höfð flöt og bundin í báða enda
upp í höföldin. En á eftir var hún sett föst í skeiðarskaftið eða
slagborðið eins og það var kallað. "Framhnýtingarskaft"
var það kallað sem uppistaðan var hnýtt fram í eftir að búið var að draga
í skeiðina. Bundið var í skaft með þremur snærum og voru þau kölluð
"krummaklær".

p7
Uppbinding: Þegar
uppistaðan hafði verið bundin við "framhnýtingarskaftið" þrem
snærum sem eins og áður er sagt voru kallaðar "krummaklær" þá
voru sett önnur snæri í skaftið og þau síðan vafin utanum rifinn á sama
hátt og voðin átti að vefjast, svo var hnýtt að, eða stundum dregið gegnum
göt sem voru í rifnum og þar bundinn hnútur svo snúrurnar ekki snérust
á rifnum. Þegar voðin var svo löng orðin að hún náði alveg yfir um
rifinn þá var losað um snærin og þau fjarlægð en "framhnýtingarskaftið"
fest í gróp á rifnum og svo voðin fest með því að strekkja á henni með
handfangi sem var á rifendanum (algengast var að kalla rifinn bómu).
Að draga fyrir: Byrjun á vefnaði var það að stigið var á fótskammelin
eins og vera bar eftir tegund voðarinnar, og fengið fyrsta skil þá var

skyttunni skotið í gegnum skilið og meðan fyrstu umferðir á ívafinu voru dregnar í gegn var farið mjög gætilega með hvern þráð og aðeins þrýst að með slagborðinu. Það var kallað "að draga fyrir". Það var mismunandi langt "gefið upp í". Ívafið var gefið fyrir í einum stórum boga. Hald var á slagborðinu sem gripið var í og slegið nokkuð fast strax og eitthvað var búið af voðinni. Spanstokkur var eins og áður segir meir kölluð "spjálk" hún var stöðugt færð til eftir því sem voðin lengdist og helst höfð sem næst skilinu. Ef voð hélt ekki fullri breidd, var sagt að það væri of lítið "gefið upp í" og "það vefst inn". Ef dregið hafði verið vitlaust í hafald þá varð skilið ekki hreint og var það kallað "staurar" væru í skilinu. Hver einstök vinding voðar upp á bómu var kölluð "færa" eða "áfæra". Verkið var nefnt "að bóma".

p8

Að fella vef:

Þegar vefnaði á voð var lokið, og hún tekin úr vefstól þá var það kallað "að fella vefinn". Þráðarendarnir nefndust "neðanafgangar". Einstöku kölluðu það "krummafætur". Þessir þráðarendar voru oft notaðir sem þræðing við fatasaum, viðgerð á sokkum o.fl.

Þóf: Vatn var hitað í stærstu tegund af potti sem til var á heimilinu og þegar það var snarpheitt, þá var voðin látin í þvottabala og vatninu hellt þar á hana. Voðin var undin þannig að tveir menn oftast karlar höfðu sitt prikið hvor vöfðu endunum á voðinni um sitt hvort prik og svo var snúið upp á eftir því sem þurfa þótti til að ná vatninu úr voðinni. Sjálfsagt var talið að vinda úr voðinn í fjósi svo vatnið rinni í flórinn. Annars var það úti ef veður var gott, en æfinlega voru höfð borð undir svo voðin yrði ekki óhrein. Þæfingu önnuðust karlmenn æfinlega það ég vissi til. Þeir voru staðsettir í baðstofum helst við rúmgafl öðrumegin og með borð hinumegin, handa þeim að halda höndunum í. Æfinlega var þæft undir fótum á palli,(þó sá ég menn hafa hurð undir þófi). Þófarar voru aðeins í nærbuxum og skyrtu og héldu svo vel áfram að þeir voru æfinlega kófsveittir. Oftast var voðin aðgætt einu sinni eða tvisvar meðan á þófinu stóð. þá var voðin strekkt til að slétta út allar brigður sem höfðu myndast í henni.

Þófarar fengu æfinlega aukakaffi með lummum, eða öðru kaffibrauði. Þegar þæfingu var lokið var venja að vinda hana upp á þar til gerða fjöl gerðu það 2 menn, annar hafði fjölina og vatt en hinn sat á móti honum og hélt voðinni beint fyrir. Þegar búið var að vinda upp á fjölina var tekin önnur fjöl samsorta, og nú var undið upp á hana af hinni og haldið verulega fast á móti. Það sem hér hefur sagt verið gilti mest um einskeftu og efni í nærföt.

p9

Útdráttur úr heimilisiðnaðarþáttum
úr "Hlín" 1925-1945.

1925. Vefnaðarnámskeið
voru haldin á Eiðum, í Vopnafirði og í Mjóanesi 1928. Um það hve hægt sé að vefa margar álnir á dag í hraðskyttuvefstól er ekki hægt að gefa sígilt svar, því afkastasemi í vefnaði fer eftir ötulleik og atgerfi þess sem verkið vinnur, en afburða vefarar munu geta ofið eina alin á 10 mínútum. Vefstólar sem notaðir hafa verið frá því er sögur hófust og til loka 18.aldar eru kljásteina vefstólar, (kallaðuríslenski vefstólinn).
Með Innréttingum Skúla fógeta koma fullkomnari vefstólar (svokallaður danskur vefstóll). Til Austurlands komu þeir með Jóni vefara, sem var einn af 4 Ísl. sem Danakonungur bauð utan til verklegs náms um 1800. (af Jóni er mikill ættbálkur á Austurlandi "vefaraætt").
Steinavefstóllinn var mjög einfalt verkfæri. Uppistaðan (garnið) lá lóðrétt, í hvern þráð voru bundnir steinar (kljásteinar) til að halda þráðunum strengdum. Skilið var myndað með skafti sem var smeygt inn þannig að annarhvor þráður lá fram fyrir það en hinn aftur fyrir. Hitt skilið var gert um leið og ofið var með því að draga fram með hendinni þráð fyrir þráð. Seinna voru notuð ófullkomin höföld, fest á skaft og aðeins þræddir í þau þeir þræðir sem lágu bak við skilskaftið. Gamli vefstóllinn er enn notaður við myndvefnað með nokkrum breytingum. Nú er ívafinu ýtt niður í skilið, en áður var ofið neðan frá og upp. Þessi vefstóll tekur mjög lítið rúm og hefur þann kost að hægt er að sjá uppdráttinn, (myndina) á bak við uppistöðuþræðina. Íslenski spjaldvefnaðurinn er gullfallegur, og að því er virðist frumlegastur og fegurstur af bandvefnaði Norðurlanda.

p10
Nokkur aftriði um
vefnað og vefstól upptekið úr "Hlín": Vefstólar eru fáanlegir frá Danmörku með sæmilegu verði kr. 200-250 tvíbreiðir, dável sterkir vandaðir að efni og smíði. (Það mun verða lagt allt kapp á að fá vefstóla smíðaða hér á landi svo fljótt sem unnt er). Vefjarskeiðar kosta um 20 kr. Skyttur norskar ágætar kosta 4-5 kr. Spólurokkar 12-15 krónur. Garnvindur hafa verið fáanlegar fyrir 10-12 kr. Vefstóla og önnur verfjaráhöld útvegar Heimilisiðnaðarfélag Norðurlands. (Úr 4.árg. Hlínar 1920)

Handklæðadregill:
Krossarnir sýna uppbindingu úr skammelum í höföld. Uppistaðan óbleiktur tvistur nr.16-20 skeið 70-80 á 10 sm. Einn þráður í hafald tveir í tönn. Það eru vinsamleg tilmæli Hlínar að góðir vefarar sendi henni lýsingu á inndrætti í höföld, stigi og uppbindingu á skammelum á vefnaði sínum. Það þarf að fara að safna drögum til íslenskrar vefnaðarbókar. (úr Hlín 7.árg. 1923)

Vefnaðarnánskeið:

Félagið fékk lánaða vefstóla af ýmsum bæjum því það sá sér ekki fært að kaupa nýja sem hefði þó verið ákjósanlegt. En nokkuð var keyft af nýjum áhöldum svo sem vefjarskeiðar o.fl. Margir létu sér fátt um finnast þegar þeir sáu þessa vefstólagarma. En þegar menn sáu vefnaðinn á námskeiðinu þá breyttist skoðun þeirra. Það sem þarna var ofið stóðst fyllilega samanburð við samskonar erlenda muni. (Úr Hín 8.árg. 1924.)(vefstólarnir voru 7).

Eftir nýár var vorullin
borin inn og farið að vinna hana í vaðmál. Faðir minn var góður vefari og óf síðari hluta vetrar fyrir sig og sveitunga sína fram á vor oft um 4-500 álnir yfir tímann. Mitt hlutvertk var að rétta þræði balbína og spóla. Mjög voru þræðir misjafnir og tafði vefnaðinn ef illa var spunnið. (Úr Hlín 10.árg.)

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 7645

p1
Ull og tóvinna 3.
Þessari skrá er þið sendið mér nú, er fljótsvarað, því á mínu heimili, var enginn vefstóll til. Fyrst þegar ég fer að muna, er ég man vel eftir mér 4 ára, og jafnvel fyrr. En ég man það svo vel að bræður mínir, sem upp komust voru mikið eldri en ég, áttu buxur úr heimaofnu vaðmáli,sem móðir mín hafði ofið. En hún hafði kunnað bæði vaðmálsvefnað, einskeftu og líka klæðisvefnað, og man ég að hún átti peysuföt sem hún hafði ofið í sjálf, með klæðisvefnaði, og saumaði hún þau líka sjálf að öllu leyti í höndunum, því þá átti hún enga saumavél. Þóttu þau vera listaverk.
En vefstóllinn lét mamma í burtu þegar hún varð ekkja eða skömmu eftir að ég fæddist. Því bæði var, að þá hafði hún engan tíma til að vefa, og svo var þá farið að hætta að vefa heima á flestum heimilum, og allstaðar þegar ég fór að fara nokkuð á bæi. Ég sá því aldrei vefstól, og get ekki lýst þeim á nokkurn hátt, hvað þá teiknað. Þegar ég fer nokkuð að stálpast, fóru að koma prjónavélar mjög víða, bæði hringprjónavélar (sokkavélar) og líka stærri vélar, sem prjónað var á nærföt og peysur, en efni í ytri föt, karlmannaföt, var þá allt keypt í búðum. Þá fóru líka margir að senda ull til norskra verksmiðja, til að fá reglulega fín efni í spariföt. Þótti það mikið fallegri voðir en þær sem íslenskar verksmiðjur unnu. Man ég til dæmis að mamma sendi mjög vandaða ull til Noregs árið áður en ég fermdist og fékk hún úr henni ljósgrænt klæði afar fallegt sem

p2
var notað í fermingarkjól á mig. Eftirfermingarkjól, sem kallað var. Var hann mjög fallegur, mikið útsaumaður og átt ég hann lengi. Þegar ég var krakki, voru svo miklar vegalengdir í Vopnafirði, að maður ferðaðist svo lítið, fyrr en ég var farin mikið að stálpast, en þá held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að hvergi hafi verið ofið heima. Og hafa þá vefstólar, ef einhversstaðar

verið til, verið geymdir í ruslakompum, og ekki verið hafðir á glámbekk.
Ég heyrði talað um aþð að oftast hafi það verið húsbóndinn eða húsfreyjan, sem ófu fyrir sín heimili, en stundum muni þó vinnukona eða vinnumaður á heimilinu hafa haft þetta starf með höndum. Líka heyrði ég talað um að einstöku menn eða konur, þó oftast karlmenn, hafi haft atvinnu af að fara á milli bæja og vefa fyrir fólk. En ekki man ég að ég heyrði um nokkurn sérstakan kauptaxta fyrir það verk. Alltaf heyrði ég, að það hefði verið siður á meðan allt var ofið á heimilunum, að setja upp vef strax oð afloknum hauststörfum, og lögð áhersla á að ljúka þeim vef sem fyrst.
Var byrjað á fyrir jól, að hausti, fella vefinn fyrir jól, og eins að ljúka öllum vefnaði fyrir síðasta vetrardag. Það heyrði ég talað um að vanalegt hefði verið að sá eða sú, sem óf hefði alltaf aðeins setið við það milli mála. Ekki get ég sagt um hvað þóttu góð afköst í vefnaði, en að sjálfsögðu fór það víst mikið eftir hvaða gerð vefnaðar var ofin.
Ég heyrði talað um að það hefði verið mikið seinlegra að vefa ..vefnað, salonsvefnað, t.d., heldur en vaðmálsvefnað eða klæðisvefnað. En ákveðin greiðsla held ég

p3
að ekki hafi verið
algeng, en aðeins farið eftir rausn og höfðingsskap þess, sem unnið var fyrir. Þó má vel vera að svo hafi verið sumsstaðar.
Börn byrjuðu víst stundum að vefa strax um fermingaraldur, og jafnvel fyrr stundum. Þeir sem höfðu atvinnu af því að vefa fóru víst oftast á milli bæja, en tóku ekki heim til sín nema kannske í örfáum tilfellum.
Vefstað heyrði ég stundum kallaða vefstaði. Þó oftar vefstól. Víst heyrði ég talað um gömlu vefstólana, kljásteinsvefstólana. En auðvitað sá ég þá aldrei, en heyrði að mikil framför hefði það verið talin, þegar hinir vefstólarnir hefðu komið. Ég hef heyrt sagt að kljásteinsvefstólar hafi verið til á einstaka bæ fram yfir miðja 19. öld. Veit samt engar sönnur á því, en er þó ekki grunlaus um að svo hafi verið sumsstaðar. Það voru margir fastheldnir í það gamla fyrr á tímum. Hvort einstakir hlutar slíkra vefstóla er ennþá til, veit ég ekki, en býst þó ekki við að svo sé. Ég hygg að hraðskyttuvefstólar hafi verið alsstaðar á seinni hluta síðustu aldar, og allt þar til heimavefnaður lagðist niður.
Veit það þó ekki með vissu, því eins og ég hef sagt, sá ég aldrei vefstól.

Vefjarskeiðar heyrði
ég talað um að stundum hefðu verið heimasmíðaðar, vor þær víst aðallega úr hvalskíðum eða harðviði. Við stærð vefjarskeiða var víst miðuð tannafjölda í ákveðinni lengd, kvartel. Ég heyrði talað um bæði 80 tanna skeið og 60 tanna. En auðvitað veit ég ekkert um þetta, nema það sem ég heyrði menn tala um, bæði mömmu mína, og svo aðra.

p4

Það heyrði ég, að
ekki höfðu öll heimili átt vefstól, og hefðu menn þá stundum lánað vefstól
þeim sem engan áttu. Vefjarskeiðar heyrði ég að hefðu vanalega verið
um 5 kvartel. Spóluteinninn í skyttunni heyrði ég að var oftast nefndur
níll. Tréspólur heyrði ég, að hefðu verið vanalega renndar, ef þær
voru úr tré. Fiskroð heyrði ég aldrei talað um að hefði verið notað
til að spóla á, en ég veit svo lítið um allt þetta efni, að það er ekki
að marka. Ég heyrði mömmu stundum tala um, ef eitthvert dálítið vandasamt
verk, að það þyrfti að reikna það út eins og að reikna út í vef. Ég
heyrði oft talað um uppistöður í vef og heyrði það ýmist kallað uppistöðu
eða varp. En ívafið aðeins ívaf eða fyrirvaf. Áhaldið sem uppistaðan
var rakin á heyrði ég kallaða rakgrind. En tréð sem skilhælar voru
festir á var víst kallað hælatré. Og ég býst við að rakningsgrindur
hafi verið til alsstaðar, þar sem vefstólar voru til. Veit það þó
ekki með vissu, því eins og ég hef sagt, þá veit ég svo lítið um þetta
efni. Já, vel á minnst, þið spyrjið hvað börn hafi verið gömul þegar farið
var að láta þau hjálpa til við vefnað. Þau voru víst oft mjög ung,
þegar þau voru látin fara að rétta í höföld, sem kallað var. Til
dæmis man Friðrik, bróðir minn, sem er nærri 5 árum eldri en ég, eftir
því að hann var látinn rétta í höföld, en það er líka allt og sumt, sem
ég veit um það mál.

p5
Rakningsstokka hef
ég heyrt talað um. Voru þeir með hnyklahólfum, hef ég heyrt talað
um, og voru þeir víst til á flestum heimilum. Þeir voru víst víða
kallaðir hólfakassar. Hvaða ílát voru notuð, ef þeir voru ekki til,
veit ég ekki. Ég heyrði talað um að sumsstaðar hafi verið rakið á
rúmstólpum í baðstofum. Þeir voru þá úr renndu tré. .... hugsa
ég að aldrei hafi verið rakið. Eða ég heyrði aldrei talað um það.
Líka heyrði ég að stundum hefði verið rakið á veggjarhæla, en ég
veit ekkert um hvernig þeir voru. Hafaldaefni mun oftast hafa verið
unnið heima. Var það víst oftast unnið úr togi, og var hann soðinn
í tólg, til að gjöra hann snöggan. Ég heyrði aldrei að hann hefði
verð sviðinn, en það má samt vel vera að það hafi stundum verið gjört.
Að draga í höföld og skeið var víst víðast kallað að festa upp vef.
Það var kallað hafaldakambur, áhaldið sem notað var til að halda
höföldunum stöðugum. Þegar voðin var búin, var það kallað að fella
vefinn. Þráðarendar sem af gengu, heyrði ég kallaða afvikur, en þó
oftar hrafnabuxur. En ekki veit ég hvað var gert við þá. Þá
hætti ég, veit hvort sem ekkert um þetta efni. En ef til vill gæti
ég svarað einhverju örðu, ef um væri spurt. En þá er listinn búinn.
Er listann hef ég lokið við - ég löngum best það finn - að ótalmargt ég
ósagt hef - en ekki meira um sinn. Annars á ég afar bágt
með að skrifa, og ætti því ekki að vera að bjóða að skrifa meira. Sigurlaug
Guðmundsd.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1877
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1252

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Það mun hafa verið nokkuð misjafnt hvenær vefnaður hófst eða byrjaði að hausti, en á stærri heimilum, þar sem mikið var ofið, byrjaði hann í nóvember eða desember. Þar sem ég gerði lítið annað en vefa á veturna, frá því ég var 15-22 ára eða var ekki annað verk ætlað, sem og

p2
var furðu nóg, mun
ég miða við það starf mitt hér í þessum svörum. Hér á Laugarvatni, var mannmargt heimili á mínum uppvaxtarárum, 20 manns og þar yfir, og allt unnið heima í öll föt, bæði yst og utast, þurfti mikið að vefa. Þetta frá 150-300 álnir og helst vera búin að ljúka öllum vefnaði fyrir vertíðarbyrjun, seint á þorra eða þorralok. Þótti því nauðsyn vara á því að búið væri að vefa 1-2 voðir fyrir jól. Vefnaður var sóttur af miklu kappi, engu minni en um slátt, og var erftt verk

p3
ef ofið var af kappi.
Eins og áður er sagt var byrjað að vefa í nóv. og des. Vanalega var byrjað á því að setja upp "garnvoð". Fyrir þráð var hvítt eða mislitt útlent vefjargarn 40-50 álna ..... og oftast þá konur við að spinna veftinn. Oft var búið að vefa 1 voð fyrir jól og stundum 2. Óðara en voðin var laus úr vefstaðnum, var önnur sett upp, þó ekki á sjálfan jóladaginn eða annan. Ég hafði þetta verk, hér á Laugarvatni, sem áður er sagt. Í vestaðinn var maður sestur kl. 6 að morgni og ofið hvíldarlaust til kl. 10 á kvöldin, nema 1/2 klst. hvíld í rökkri og matartíma.

Til var það að góðir
vefarar ófu víðar en á einum bæ. Verkkaup var frá 15 aurum til 25
aura á alin, eftir því hvað ofið var. Væri það lausamenn eða lausakonur,
mun það oft hafa tekið í kaup, efni í góða flík.

p4
Vefstóll, vefstaður:
Ég þekki ekki nema 2 tegundir af vefstólum, og sá mismunur á þeim
var aðallega fólginn í rifstæðunum. Önnur tegundin var með báða rifina
að neðan á hliðunum, en á öðrum var afturrifurinn að ofan á hliðinni, og
kunni ég betur við það lag, var hægara að færa fram á þaim. Ég þekkti
ekki tvíbreiða vefstaði, og óf ekki á þeim, þótt til væru á stöku stöðum,
og kljásteinavefstaði sá ég aldrei, nema á safni, að mig minnir. Þeir
sem áttu ekki vefstól, fengu þá lánaða eða fengu að vefa á öðrum bæjum.
Ég keypti 1 vefstól þegar ég fór að búa og kostaði kr. 40.00. Hann
smíðaði Halldór Bjarnason, kenndur við Hagavöll í Grímsnesi, sem var ágætur
smiður. Sá vefstaður var sá minnsti, sem ég sá og ákaflega hægur,
enda hvergi einni tommu ofstór né of lítill. Skeið: Skeið
eða ritti, sen hún var alltaf kölluð

p5
Rittin voru yfirleitt
útlend, þó munu sum ritti hafa verið íslensk smíði. Látúnsritti þóttu
betri, því þau ryðguðu ekki og voru liprari. 3 tegundir voru hér
til, 80, 70 og 60 tanna á 1/5 alin. Var 80 tanna ritti notað á garn,
70 á fínan þráð, en 60 á grófan þráð. Vefskytta, skytta:
Skyttur voru misjafnar að gerð og afar misjafnar að gæðum. Yfirleitt
voru þeir smíðaðir úr eik, brenni, og birki. Látúnsfjaðrir voru á þeim
að neðan og fyrir endum. Sumar skyttur voru bognar til beggja enda,
aðrar beinar. Þær þóttu mér betri, en hver vefari kunni best við
sömu skyttu og sama lag á þeim, líkt og sama orfið eða árina. Það
kom mikið undir vana sem allt fleirra. í skyttunni var spóluteinn,
sem spólunni var smeygt upp á. Ég vandist einungis blikk spólum,
þorskroðum, spóluroðum eða spelaspólum, búið til úr spelum. Tréspólur þekkti
ég ekki.

p6
Spólurokkur: Spólurokkar
voru ýmist gamlir spunarokkar eða þá smíðaðir einungis til þess að spóla
á þá, voru þeir ósköp einfaldir. Í spólurokkum var sérstakur spóluteinn
og trissa í afturstuðli, svo og vanalegt rokkhjól og sveig. En þegar
notaðir voru gamlir rokkar var teinn notaður fyrir snældubúning.
Spanstokkur: Hann var vanalega úr góðviði og settur saman
þannig, að annar helmingur hans var klofinn eftir miðju, en hinn helmingurinn
gekk upp í hann og voru gataðir svo að hægt var að lengja þá og stytta
eftir breidd voðarinnar í hvorum enda voru járngaddar til að stinga í jaðrana.

Að leggja upp: Vanalega var allur þráður og enda allt vefjargarn undið upp á sauðarvölur. Minnir mig að 16 sauðarvölur væru raktar

p7
úr mörkinni, sem
alltaf voru dregnar frá þegar voðarefnið var vigtað. Allur þráður og garn var vigtaður. Af garni var lagt upp í vaðmálnir úr pundinu, en af þræði 2-3 álnir úr mörkinni, eftir því hvað þráðurinn var smár. Stundum 2 1/4 alin 2 1/2 .... osfrv. Vanir vefarar og spunakonur voru afar glögg á þetta, ef of mikið var lagt upp, þá spunnu konurnar í snatri, það sem á vantaði. Þetta var kallað 2 álna 2 1/2 álna þráður osfrv. Völurnar voru alltaf kallaðar þráðarvölur, sem húsmóðirin geymdi alltaf sjálf árum saman og skiftu hundruðum. Að reikna út í skeið: Vefarar voru alvanir þessum reikningi og feilaði ekki nema erkiklaufum, sem kallað var, en það var líka hábölvað, ef vantaði kannske 100 bil að næði út í skeið eða 100 var afgangs. Þá varð að draga allt út. Ef að þráðarvoð átti að ná út á skeið 1 1/4 alin á 60 tanna ritti, sem 300 tannir

p8
og 3 áttu að vera
í tönn, t.d. á vormeldúk, þurfti að vera raktir 900 þræðir til þess að þetta passaði. Og þaðan af minna sem færri áttu að vera í tönn eða voðin mjórri. Sami var útreikningurinn, ef um vefjargarn var að ræða, ef 80 tanna ritti var brúkað, sem sjálfsagt var, þurfti 12 hundrað þræði út í skeið, ef 3 voru í tönn osfrv. Það mátti ekki feila að rétt væri reiknað. Það var strax að vita hvort voðin átti að vera varplítil eða ekki. Að reikna út í vef: Uppistaða var þráður eða vefjargarn ívafið var veftur. Én man ekki eftir öðrum nöfnum á vanalegum voðum, en svo var salún, sem stundum var haft í ábreiður ofl.
Rakningsgrind: Var fjórörmuð með okum ofan og neðan, tittar stóðu upp úr henni, sem gekk upp í bita á húsinu, sem rakið var í og .....

p9
sem gekk ofan í stein
niður í gólf. Krísholt voru 2, annað efst annað neðst, sem gerði skilið á voðina á krísholtinu voru 2 hælar með 6 tommu millibili. Rakningsgrind var víðast til, þar sem vefstóll var. Balbínur, balbínustóll:
Þetta áhald þekki ég ekki, nema það sé sama áhaldið og þekkti og var kölluð rakningskista. Hún var með 10 rakningshólf og var lykkja um látúnsvír í hverjum barmi, í hverju hólfi var eitt hnoða, og þráðurinn dreginn í lykkjuna. Þetta var kallað að rekja á 10.

Ég notaði aldrei
rakningssoaða, þurfti hans ekki þegar ég hafði reikningskistu. Þau
gerðu sama gang að maður sá strax, ef endi slitnaði og þurfti að bæta.
Rakningsstokkur: Ef rakningskista var til, sem var
hólfuð í eins mörg hvolf og rakið var á mörgum, þurfti ekki ílát fyrir
hnykla, en annars

p10
notaðar skálar, stokkar,
askar ofl. Rakning á rakningsgrind: Rakningsgrindin
var sett upp í stofu eða baðstofu undir bita sem áður er lýst. Við
rakning unnu aðeins vefarinn og unglingur, sem fylgdist með, ef slitnaði
þráður eða bæta var við nýjum knekki. Lengd voðarinnar var mæld með
alinmáli. Einn þráður 20-50 álnir eftir því sem voðin átti að vera
löng. Var hnýtt á þráðinn eða slaufa sett á hann og réði hann svo
því hvað voðin átti að vera löng. Ef rakið var á t.d. 10, var það
feti sem svo var skift um á krísholtinu og gerði skilip. Í hafaldi
var aldrei meira en 1 þráður. Ef þráður var mjög snar, var höfð hrossvala
á fetanum, til að jafna þráðinn. Á henni var gat. Skilið myndaðist
á krísholtinu, þráðaskil. Þráðaskilin mynduðust jafnt á báðum krísholtum.
Ein umferð á

p11
grindinni var feti
skilið kom á krísholtinu, sem var tvíhælað að fetinn var settur fyrst ofan
á annan hældinn og niður á tönn um leið og grindinni var snúið við, sama
var gert á neðri hælnum. Fyrsti fetinn var kallað að setja upp á
grind. Það var alltaf rakið niður undan fyrsta fetanum og sömuleiðis
upp eftir, en aldrei ..... utan yfir annað. Merki var sett á krísholtin
við hvert 100. Fullrakið í voð nefndist slanga. Þegar búið
var að rekja voðina var bundið í skilið á efri hælum og slangan svo rakin
niður grindina í nokkurskonar fléttu, og svo bundið í skilið eins á neðri
hælum krísholtsins. Þegar rakin var tvílit eða þrílit voð, voru litirnir
allir raktir undireins, aðeins sorterðir úr fetanum þegar rétt var í höföld
og skeið. Ég þekki ekki aðra skilhæla en krísholtin, sem alltaf voru
höfð á rakningsgrind. Aldrei vissi ég til að rakið væri

p12
á rúmstólpa annað
en uppistöðu í sökkabönd eða axlabönd. Hafaldagrind, hún
var vanalega höfð jafnbreið og höföldin áttu að vera löng með einum titt
í smiðjunni nátulega sverum sem hnýtt var beggja vegna að og myndaði augað
á hafaldinu. Hafaldaefni og höföld: Efni í höföld var
annaðhvort úr mjög góðu togi eða seglgarni. Í höföldin var rakið
á hafaldagrindinni, þvert yfir neðri enda hennar eða kjálka, sem var það
lengri en braiddin á grindinni, sem því nam, að fór í hnútana. Síðan

var skorið í sundur á öðrum okanum og myndaðist þá hinn rétti þráður, sem hafaldið var hnýtt úr. Hafaldinu var jafnað saman að lengd og brugðið um annan aðalhældinn og svo hnýttir 2 hnútar sitt hvoru megin við miðhælinn, sem mynduðu augað og svo hnýtt á hinn hælinn.

p13
Stálaugu fengust,
sem hnýtt var í frá báðum endum, en þau notaði ég aldrei. Það voru göt á endum hafaldaskaftanna, sem dregin var seglgarnsþráður og og bundin í hinn enda skaftsins, og varnaði því að höföldin gætu farið út af.
Vefjarkambur: Voru 2 kjálkar rúm 5 kvartel í neðri kjálkann voru boruð allt að 80-100 göt, sem smíðaðir tittar voru reknir í, síðan var efri kjálkinn settur yfir, hann var vanalega aðeins grópaður að endilöngu. Þeir voru settir saman til endanna. Þegar voð var svo sett í kambinn, var efri kjálkinn tekinn af og fetarnir svo settir á milli tittanna í neðri komin, jafnmargir milli hvers titts og svo efri kjálkinn settur yfir, gekk vo öll voðin milli þessarra tinda, þar til búið var að bóma upp.

Sköftin sem voru
sett í skilið hétu skilsköft og skilþráður.

p14
Að festa upp: Allt
sem getið er um í þessarri grein var kallað að setja til voð.
Að bóma vef: Að bóma upp voð. Í afturrifnum var gróp eftir honum endilöngum, sem plógskaftið var fellt ofan í. Við báða enda þess voru kragar, sem féllu á rifin til beggja enda og vörnuðu þess að voðin færi útaf. Þegar bómað var, hélt vefarinn jafnt um slönguna þegar búið var að setja endaskaftið í aftur eða rifinn, en annar maður vatt upp á rifinn. Ekki þurfti fleirri til að bóma upp. Þegar búið var að vinda voðina alla upp á rifinn, voru skilsköftin sett í skilið og þá tilbúið til að draga í höföld. Hafaldakamburinn var hafður á voðinni meðan bómað var upp á rifinn, en nú var til þess að alltaf færi jafnbreitt

p15
upp á rifinn, þá
var hann tekinn af. Þegar dregið var í höföld, hélt vefarinn æfinlega í greip sinni 20-30 höföldum af hverju skafti, og tók við 1 þræði í einu af þeim sem rétti, og byrjaði að telja í huganum þannig: aftasta,fremsta, fremra mið aftara mið og svo áfram, ef í vaðmál var dregið og gekk þetta svo áfram uns búið var að draga í höföldin. Vönun vefara fipaðist þetta aldrei, þótt hann væri alltaf að masa um annað. Að draga
í skeið: Vefarinn dró í skeiðina með "skeiðarkrók". Ég hafði til þess flatan járnkrók, sem hafði sorfið hak á báðum endum, mjórri til að draga í höföldin, en breiðari til að draga í skeið. Sá sem

rétti tók fetana eftir röð og rétti 2-3 enda í einu sitt á hvað eftir því hvað margir áttu að vera í tönn. Framan við skeiðina voru settir hnútar og eins framan við höföld. Að hnýta fram: Það var hnýtt fram, það var gert á skaft

p16
eða járntein sterkan.
Þetta var kallað að hnýta fram, framhnýtingarskaftið var bundið fast með snúrum, sem festar voru vel á framrifinn. Ef voðin átti að vera vel veftug, var gefið í meir, stærri boginn osfrv. Milli hvers þráðar var slegið vænt högg með slagborðinu. Spannstokk hef ég lýst áður, hann var jafnlangur og voðin var breið. Ef ekki hélst full breidd var talið að oflítið væri gefið í. Álnarmál:
Það var alltaf haft í voðinni og fært til þegar alin var komin.
Allir vildu hafa góð skil, og var vont úr því að bæta. Kom það helst til ef illa var rétt í höföld. Hver færa var svo út af fyrir sig, vanalega 1/4 alin. Þegar búið var að vefa voð, var hún klippt frá. Það sem eftir var voru afvikur, annað nafn þekki ég ekki. Þær notuðu konur til að stagla í með. Þetta hét að fella voð. Þóf: Þegar átti að þæfa voð, stóð mikið til. Settur var á hlóð helvita mikill pottur

p17
fullur af hlandi
og vatni -þvæli-, sem voðin var þvæld og þvegin í, síðan var hún sett og rakin á járnkarl, sem var settur þversum í bæjardyr og rakin tvöföld þar til hún var jöfn. Þá var sett sterkt skaft í hinn endann, sem svo þófarinn eða annar karlmaður stjórnaði, og snéri nú upp á í sífellu, þar til fóru að koma á voðina hnútar, hver á eftir öðrum, þar til allt vatn var undið úr henni.

Þar með var hún tekin
af járnkarlinum, og farið með hana glóðvolga út í fjósbás og látin á stóra hurð, sem var höfð til að þæfa á. Síðan fór þófarinn úr öllum fötum nema mittisskýlu eða nærbuxum og gilti það um hvort það var karl eða kona . Svo hamaðist þófarinn á voðinni eins og bandvitlaus væri, allt til þess að voðin var fullþæfð. Svitinn rann af þófara í boðaföllum.
Var svo hrist upp, það gerði annar maður með þófara.
Allir kunnu vísuna Bárður minn á jökli. Þófari fékk ævinlega kaffi og lummur í fjós, en helviti stóra þófaraköku og stóra kæfusneið í aukabita að lokum, og var það síst oflaunað fyrir verkið.

p18
Meira nenni ég nú
ekki að skrifa um þetta, þótt ég viti að það sé í alla staði ófullkomið.
Ég hef ekkert af pjötlum að senda. Svo bið ég ykkur

alla að forláta þetta riss. Býst ekki við að þið getið lesið það.

Með vinarkveðju Böðvar Magnússon.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1912
Sveitarfélag: 311 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 7572

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Það voru víða til vefstaðir, þegar ég man fyrst eftir, og margir, sem kunnu að vefa. Heima hjá mér var vefstaður, og mikið notaður. Voð var oft sett upp fyrir jól og þá reynt að vera búinn að vefa hana fyrir hátíðar. Það tókst ekki alltaf, en oft.
Stundum var ekki byrjað að vefa fyrr en eftir áramót. Hvenær byrjað var, fór eftir ýmsu. Hve fljótt var búið að spinna í voðina.
Stundum var bæði þráður og veftur spunnið heima, en stundum var garn notað í uppistöðu. Ég man nú ekki hve margar voðir voru ofnar á hverjum vetri, en aldrei færri en 2, oft 3 man ég. Pabbi óf oftast, en líka mamma, og stundum aðrir eftir ástæðum. Sjaldan var setið við frá morgni til kvölds, en ofið milli mála. Við krakkarnir vorum látin grípa í að vefa, þegar við vorum komin nær fermingu, þegar einskefta var í vefstaðnum.
Hún var einföldust. Ég óf stundum dálítið og þótti það fyrna leiðinlegt starf, og lagði mig ósköp lítið eftir vefnaði yfirleitt, svo líklega verður þessi frásögn mín heldur ræfilsleg, en ég geri hvað ég get.
Ég man eftir einni konu, sem átti heima í nágrenni við heimili mitt.
Hún stundaði vefnað mikið að vetrinum, bæði tók hún voðir heim til sín, og fór á bæi og óf. Hún var stundum heima að vefa og sat þá við vefinn daginn út, þar til voðin var búin, en ekkert veit ég hvað hún fékk í akup. Þessi kona hafði gaman af bókum og

p2
alveg sérstaklega
þótti henni gaman að Mannamun eftir Jón Mýrdal. Hún lét mig lesa upphátt fyrir sig meðan hún óf. Ég var þá stelpa 11-12 ára. Það var að lesa nokkuð hátt, svo hún gæti fylgst með. Hún kunni bókina utan að, en hafði alltaf jafn gaman af henni og hló dátt að heimsku Vigfúsar.
Vefnaður ver ekki notaður til vöruskifta. Vefstóll-vefstaður:
Heima ver verkfærið nefnt vefstaður, og svo hefur verið í Árnessýslu

þegar ég var ung. Um kljásteinavefstaðinn veit ég ekkert. Hef
þó einhverntíma séð steina, sem notaðir voru í slíkan vefstað. Veit
ekkert um smíði vefstaða. Hef aldrei séð tvíbreiðan vefstað. Veit
ekkert um hraðskyttu vefstaði eða um við í vefstöðum. Þeir sem ekki
ófu sjálfir urðu að koma voðum sínum í vefnað annarsstaðar eða ef þeir
áttu vefstað, en ófu ekki sjálfir, urðu þeir að fá mann af bæ til að vefa.
Ég kannast best við vefstað B. Skeið: Skeiðið
hét ritti á mínu máli. Um smíði á ritti veit ég ekkert, en tennurnar
voru úr málmi, annaðhvort látúni eða járni. Rittin sem ég sá voru
af svipaðri stærð, en hver stærðin var veit ég ekki. Um tannafjölda
man ég ekkert.

p3
Vefskytta: Skyttan
var úr tré með koparplötum framan á endunum og slípaðar, hál að neðan.
Ég man ekki eftir öðru nafni á teininum sem spólan lék á en skyttuteinn.
Mig minnir að spólurnar væru úr þunnu blikki, og geymdust ár frá
ári. Aldrei notað fiskroð. Ekki man ég heldur eftir tréspólum,
en þunnur pappi var einstaka sinnum notaður, ef spólur vantaði.
Spólurokkur: Heima var notaður gamall rokkur, afdankaður spunarokkur,
notaður til að spóla á. Já útbúinn teinn í hann til að spóla á.

Spanstokkur: Áhaldið
var nefnt spanstokkur. Mig minnir þetta væri úr flatri spýtu ofulítið
breiðari en borðhnífsblað með þremur eða fjórum járnpinnum í hvorum enda,
til að festa í voðina. Að leggja upp: Mig minnir að
þetta væri kallað að reikna út. Mamma sá um þetta. Miðað var
við hve voðin átti að vera löng. En hvernig þetta var gert, man ég
alls ekkert eftir. Mér leiddist allt í sambandi við vefnað, og lagði
mig því miður ekkert eftir neinu viðkomandi vefnaði. Get þess vegna
lítið sagt af viti um þessi vefnaðarmál.

p4
Að reikna í skeið:
Mig minnir að þetta væri kallað að reikna út breidd voðarinnar, ef
þræðir urðu færri en rittið tók, varð voðin mjórri, og varð þá að ganga
af rittinu beggja megin, en að talað væri um að voðin væri varplítil, hef
ég aldrei heyrt. Ég man aldrei eftir öðru en allir útreikningar stæður,
heyrði aldrei talað um annað. Að reikna í vef: Mig
minnir þetta væri nefnt að reikna út í voð. Ég man nú ekki hvernig
þetta var gert. Uppistaða í voð var nefnd uppistaða, en ívafið nefndist
veftur. Rakningsgrind: Áhaldið, sem uppistaða í voð
var rakin á var nefnt rakningsgrind. Ég man aðeins eftir grindinni,
sem notuð var heima, nokkuð stór. Tréð nefndist krísholt, grindin
stóð á fæti, sem gekk í gegnum tré neðst á grindinni, þegar rakið var,
var grindin spennt í sundur eins og vindutré. Hún snérist svo eins

og hjól á fætinum. Ég held að rakningsgrindur hafi ekki alsstaðar
verið til, þó vefstólar væru á heimilinu. Menn fengu þá lánaðar rakningsgrindur.
Balbínur balbínustóll. Ég man ekki eftir að snældur
nokkurskonar væru

p5
notaðar þegar rakið
var á grind. Balbínunafnið hef ég aldrei heyrt áður. Það var
rakið af hnyklum, sem hafðir voru í aflöngum kassa með loki, en göt á lokinu
fyrir þræðina. Einn þráður dreginn é gegnum hvert gat á lokinu. Mig
minnir að kassinn væri nefndur rakningskassi.

Rakningsspaði: Ég
man ekki eftir neinu áhaldi, sem notað var við að rekja á grind.
Rakningsstokkur: Ég hef áður sagt frá þeim. Hafa líklega
verið hólf í kassanum, þó ég muni það ekki. Rakning á rakningsgrind:
Rakningsgrindin var víðast sett upp í baðstofu, því víða voru engin
önnur herbergi til, sem hægt var að nota. Það unnu alltaf 2 við að rekja
stundum 3. Ég man ekkert hvernig lengd voðarinnar var mæld, en búið
var að ákveða lengdina þegar farið var að spinna þráðinn, uppistöðuna,
man ég var. Veit ekkert um rakningsspaða eins og ég sagði áður. Ég
man ekkert hvernig skilin voru tekin. Mig minnir að ein umferð á
grindinni væri aðeins nefnd umferð. Rakning fyrstu umferðar hét einfaldlega
að byrja að rekja eða fyrsta umferð. Ég man ekkert um hvernig þráðarskil
var tekið eða hvort fetaborð var notað, en orðið varptág hef ég aldrei
heyrt fyrr.

p6
Fullrakin uppistaða
var nefnd slanga. Ég man ekki hvernig gengið var frá skilunum, áður
en hún var tekin af grindinni. Ég man ekki til að neitt væri sagt
annað um að taka uppistöðuna af grindinni, en að taka ofan. Það var
alltaf gert ráð fyrir að uppistaðan þyrfti að vera dálítið lengri en voðin
átti að vera, en hve mikið man ég ekki. Rakið á veggjahæla:
Ég þekki ekkert til þess að rakið væri á veggjahæla, sá það aldrei
og heyrði aldrei um það talað. Rakið á rúmstólpa: Hef
aldrei séð né heyrt að rakið væri á rúmstólpa. Hafaldagrind:
Höföldin voru hnýtt á hafaldasköft, engar spýtur fyrir hliðunum.
Ég sá aldrei eða hef aldrei séð höföld hnýtt eða búin til. Þau
voru til heima þegar ég man fyrst eftir og alltaf notuð þau sömu meðan
vefnaður í heimahúsum var stundaður. Hafaldaefni: Efni
í höföldum þeim, sem ég þekkti, var gróft útlent garn, en ekki hart. Hef
aldrei séð höföld úr innlendu bandi eða þræði. Miðhluti afalda hét hafaldsauga.
Höföldin voru geymd í trékassa, sem látinn vr upp á loft þegar hætt
var að vefa að vorinu.

p7
Höföldin varð að
taka varlega saman. Þau voru vafin upp á annað skaftið, hitt skaftið
féll svo utan á vafninginn. Stálhöföld þekki ég ekki. Ég man
ekki eftir neinu nafni á bandinu, sem varnaði höföldunum að renna út af
sköftunum. Áreiðanlega var það hvorki nefnt vartág eða þan. Gæti
hafa verið nefnt varnarband, ég er þó ekki alveg viss. Vefjarkambur:
Ég man ekkert eftir neinu áhaldi, sem nefndist vefjarkambur. Hafi
það verið notað hefi ég alveg gleymt því. Að láta í kamb:
Skaftið í gangaskilin var nefnt rifskaft. Um annað viðvíkjandi
þessum kafla man ég ekkert. Að festa upp: Verkið við
að koma voðarefni í vefstað hét að setja upp voð eða setja í vefstað.
Að bóma vef: Að vinda upp slönguna á rifinn, hét að bóma.
Ég man ekki hvernig gengið var frá festingu fyrir rifskaftið. Ég
man ekki eftir að neitt væri haft á jöðrunum á slöngunni, þegar bómað var.
Við að bóma minnir mig að alltaf væru 3, 2 sitt hvoru megin við rifinn
og gættu þess að ekki færi of utarlega, annar vatt upp á

p8
bómuna, svo hélt
einn í slönguna og varð að toga mátuleg í, svo ekki kæmu snurður á þræðina.
Rifsköft voru notuð. Ég man ekkert hvernig frá þeim var gengið. Fremur
var slangan látin ganga að sér, heldur en hitt, þegar endað var að bóma,
en ekki var það nefnt að hálsa. Ég man ekki til það væri nefnt nokkuð
annað en að láta það gana að sér. Það var hnýtt á slönguendann með
stórri lykkju þegar búið var að bóma, sem svo var leyst upp þegar dregið
var í. Ég man ekkert um frágang á skilsköftum. Að draga í
höföld: Verkið hét einfaldlega að draga í höföldin. Hafaldasköftin
voru bundin föst. Tveir unnu verkið, annar dró í, hafði smákrók til
þess, hinn rétti þræðina. Þegar búið var að þræða í allmörg höföld,
voru þræðirnir, sem sá er dró í hélt í öðrum lófanum, teknir saman og hnýtt
á með lykkju, eins og á slöngunni,sem svo var leyst upp þegar dregið var
í rittið. Að draga í skeið: Það var svipuð aðferð að
draga í skeiðina eins og höföldin. Tveir við verkið, annar dró í
hinn rétti. Áhaldið var ýmist kallað krókur eða krækja. Skeiðin
bundin föst beggja megin meðan dregið var í. Að hnýta fram:
Mig minnir að skaftið væri kallað hnýtiskaft.

p9
Verkið við að hnýta
á skaftið var bara kallað að hnýta eða hnýta á skaftið. Ég man ekkert
um hvernig hnýting fór fram eða hvernig skaftið var fest.
Uppbinding: Man ekkert um uppbindingu eða vefstóls snærum eða hnútum
þar að lútandi. Að draga fyrir: Jú, það mun hafa verið
kallað að draga fyrir, þegar byrjað var að vefa. Ég skil ekki við
hvað er átt, þegar spurt er um hvort ívafið væri gefið í með einum stórum

boga eða mörgum smábogum. Skyttunni var einfaldlega skotið í gegnum skilið, slegið að með rittinu og stigið á skilsköftin osfrv. Ég man ekkert eftir að talað væri um hvort voðin væri vel bönduð eða ekki. En upphnýtingin réði gerð og að nokkru mynstri vefnaðar. Voðin mátti ekki ganga saman og til þess var spanstokkurinn, að halda henni út. Stundum var mælt með tommustokk eða málbandi, til að vera viss um að voðin héldi fullri breidd. Það kom fyrir bráðarslit, þá var lausi þráðurinn festur í voðina aftur. Svo gátu komið skilgallar, ef stigið ar vitlaust á skilsköftin. Það kom stundum fyrir hjá óvaningum, en sjaldan eða aldrei hjá vönum vefurum. Ekki man ég eftirað talið væri það aðsókn, þó þræðir slitnuðu meira í eitt skifti en annað.

p10
Hver einstök vinding
upp á bómuna var kallað umferð. Verkið var nefnt að bóma.
Að fella vef: Þegar búið var að vefa alla voðina, og hún tekin úr vefstaðnum, hét það að fella voð. Þráðarendar, sem af gengu nefndir afgangur. Ég man ekki til þess að þeir væru notaðir í neitt sérstakt, eða yfirleitt hvað við þá var gert, en sjálfsagt hefa þeir eitthvað verið nýttir. Í þá daga var allt nýtt, sem hægt var. Þóf:
Þegar þæfa átti voð, var vatn hitað í stórum pottpotti, sem notaður var til að sjóða í þvott. Grænsápa hrærð út í vatnið í pottinum þegar það var orðið mátulega heitt, voðin sett ofan í og hrært í dálitla stund.
Tekið upp úr og undið dálítið, borið út í fjós, alltaf var þæft í fjósinu. Hitunin fór fram á hlóðunum, sem voru við útgöngudyr á eldhúsinu, bakdyramegin. Úti í fjósi var hurð, sem áður var þvegin, látin flöt í auðan bás. Þar ofan á var voðin lögð og karlmaður þæfði með því að troða voðina undir fótum. Pabbi þæfði oft, en stundum vinnumaðurinn. Þeir vörpuðu af sér öllum klæðum, sem hægt var velsæmisins vegna. Voru venjulega í nærfötunum einum saman. Svitinn draup af þeim þrátt fyrir léttan klæðnað. Manna aðgætti þófið við og við og sagði til um hvenær búið var að fullþæfa. Svo var öðru hvoru hrist upp, þá var hrist og togað

p11
líkt og þegar lak
er brotið saman. Tveir um verkið, en ekki var hægt að taka alla voðina í einu, en haldið áfram þar til öll voðin var toguð og teygð, sem þurfa þótti. Ég held að venjulega hafi þófarinn fengið aukakaffi og nýbakaðar pönnukökur með. Ég veit ekkert um laun fyrir að þæfa voð, ef maður var fenginn af bæ til að þæfa. Þegar búið var að þæfa þurfti að þurrka voðina. Þegar búið var að þurrka, var voðin vafin upp á rúmfjöl, síðan pressuð með því að láta farg ofan á allt saman. Ég man ekki hve lengi þótti hæfilegt að hafa voðina undir pressunni. Ég man ekki eftir að voð hafi verið send til lóskurðar heima hjá mér.
Vefjarsýnishorn: Því miður á ég ekki neitt af heimaofnu efni eða

nokkra flík úr heimaofnu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag: 320 Reykholt í Borgarfirði

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1485

p1
Ull og tóvinna 3.
Herra þjóðminjavörður Þór Magnússon. Um leið og ég þakka vinsamlegt bréf frá yður forðum, og nú nýmóttekna jólakveðju, vildi ég óska yður til hamingju með Þjóðminjavarðarembættið. Það hefur dregist úr hömlu hjá mér að senda yður línu. Meðal annars vegna þess, að ég fann að ég gat ekki gert nein viðunandi skil þessu efni er þér senduð mér til úrlausnar, um vefnað og vefstóla, (vefstæði), en svo voru þeir oftar nefndir í æsku minni á Stóra-Kroppi. Þótt vefstóll væri einnig algengt mál. Ég hefi dálítið reynt að tala við menn, sem líklegastir eru hér um slóðir til að geta leyst úr spurningum yðar, en hef ekki getað náð þannig sambandi við þá, að ég hafi getað fest neitt á blað af fróðleik frá þeim, og sjálfur er ég ekki svo viss í ýmsu af þessu, að ég leggi í að setja neitt á blöðin. Ég held að það yrði ekki á marga fiska.
Ég vann nokkuð að vefnaði með föður mínu, er ég var unglingur, en setti aldrei til voð uppá mitt eindæmi, þótt ég gripi oft í að vefa.

Teikningarnar af
vefstólunum eru báðar nokkuð mikið frábrugðnar þeim gerðum,

p2
sem ég hefi séð,
sem hafa verið mjög líkar hver annarri, og munu hafa verið smíðaðir af þeim Birni Eggertssyni og Gísla Böðvarssyni, sem báður voru kunnir smiðir á sinni tíð. Björn var faðir Þorbjarnar, sem í Ameríku tók sér skáldheitið Þorskabítur. En Gísli var frá Skáney, sonur Böðvars Sigurðssonar smiðs og bónda þar, sem mikill fjöldi fólks er frá kominn.
Báðir þessir vefstólasmiðir höfðu verið stórvirkir smiðir og hraustmenni.
Ég á einn vefstól, sem Björn hafði smíðað, og er nálega sama gerð og vefstóll, sem faðir minn átti eftir Gísla. Nýlega hitti ég mann, sem sagði mér, að ég skyldi vísa yður á frænda minn, sem

mun vera búsettur í Reykjavík, og gæti manna best leyst úr hverri spurningu í sambandi við allt sem að vefnaði lyti. En því miður hef ég ekki húsnúmer hans. Hann heitir Björn Jónsson, og hefur fegnist við ýmislegt. Verið kennari við Blindraskólann, í stjórn Blindrafélagsins, í stjórn Sjúkrasamlags Seltjarnarnesshr. Um skeið var hann ritstjóri Félagsrits Kron og starfsm. ríkisstofnanna í Reykjavík. Ef unnt er að finna manninn eftir þessum upplýsingum, er trúlegt að hann gæti veitt góð svör við spurningunum. Hann er Borgfirðingur, fæddur í Síðumúla 1904.

Ég bið svo afsökunar á öllu þessu klúðri mínu. Með bestu jóla- og nýjársóskum og kærri kveðju. Einar Kristleifsson.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1889
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1271

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður hófst sjaldan fyrr en um miðjan vetur, og lokið fyrir sumarmál. Þótti verra að fást við slíka vinnu í skammdeginu. Að sjálfsögðu var byrjað á því verkefninu, sem mest lá á. Á flestum bæjum mun einhver karl eða kona, hafa kunnað að vefa, og annaðist hann um vefnaðinn. Rakti, setti, upp setti til, var það nú reyndar oftar kallað, og óf að mestu. Sumsstaðar gripu þó fleirri heimamenn í að vefa, einkum unglingar. Þegar búið var að setja vefinn til og allt komið í lag. Ekki veit ég hve gömul börn voru þegar þau fóru að vefa. Man ekki einu sinni hve gamall ég var, þégar ég byrjaði að fást við vefnað. Hafði svo mikið gaman af því, og ég veit ekki nema ég hefði það enn. Man það eitt, að ég var svo stuttur, að ég gat ekki setið í vefarabekknum. Varð að standa og styðja rassinum við bekkinn, til þess að geta stigið sköftin. Sennilegt þykir mér að börn hafi ekki verið yngri en 12 ára, er þau byrjuðu að vefa.
Hve lengi ofið var hvern daginn, fór eftir því, hve miklum öðrum störfum vefarinn hafði að sinna. Væri afbæjarmaður fenginn til að vefa, óf hann allan daginn, því önnur störf kölluðu ekki á hann.
Að sjálfsögðu voru afköst manna misjöfn við vefnað sem aðra vinnu.
En fleirra kom til greina. T.d. hvernig uppistaðan hélt (slitnaði mikið eða lítið), hvort fyrirvafið var einlitt eða marglitt, svo og hve gróf voðin var. Ég held að góð afköst hafi þótt 10-12 áln., við sæmilega aðstöðu, 5-8 áln. var víst all algengt. Dæmi vissi ég til að stöku maður komst allt upp í 20 áln., en slík dæmi voru fá. Engan mann þekkti ég, sem ég get sagt að hefði vefnað beinlínis að atvinnu. Hinsvegar bar oft við að farið var til nágranna, sem vantaði vefara, og ofið fyrir hann, eða þá vefnaður tekinn heim, frá

p2
þeim, sem vantaði vefara, vefstað eða hvorttveggja. Ókunnugt er mér hvað var tekið

fyrir að vefa, t.d. alin eða um verð á vaðmáli eða vefstað, enda ekki um sölu á slíku að ræða mína minnistíð. Vefstóll: Ýmist kallaður vefstóll eða vefstaður, þó oftar vefstaður, á uppvaxtarárum mínum.

Vefstaðasmið þekkti ég engan utan að einn maður mér kunnugur, sem allt lék í höndunum á, smíðaði vefstað handa sjálfum sér. Flestir vefstaðir, sem ég sá voru orðnir gamlir. Skeið: Einnig of kölluð ritti. Allar vefjarskeiðar, sem ég sá voru útlendar. Heyrði aldrei talað um íslenskar skeiðar eða neinn, sem smíðaði þær. 5 kvartil mun hafa verið venjuleg lengd á skeiðum. Þegar talað var um tannafjölda skeiðar, var miðað við tannafjölda í kvarteli, 60, 70, 80, 90 tannaskeiðum man ég eftir. Líka man ég eftir garnrittum, er ekki viss um tannafjölda í þeim, minnir helst að hann væri 120. Annars voru þessar skeiðar aldrei kallaðar annað en garnritti. Tannafjöldi ekki nefndur. 60 tanna skeið þótti ágæt á tvöfaldan þráð, 70 og 80 á einfaldan, 90 tanna þótti helst til þett, nema á fínasta þráð, og vel nothæf á garn, þó garnritti þættu þar best. Vefjarskytta: Var smíðuð úr harðviði.

Í þá hlið skyttunnar, sem gatið var á, var greypt málm- eða beinplötu, með gati jafnstóru og eins löguðu og gatið var á skyttunni. Var þetta gert, til þess að fyrirvafið væri lengur að nudda skorur út frá skyttugatinu.

En þó fyrirvaf væri venjul. snúðlint voru furðu fljótt að koma skorur undan því í málm og bein, auk heldur mýkra efni. Látúnsþynna var utan um skytturnar, og neðan á hana var fest mjóum látúnsræmum, svo hún væri hálli, rynni betur gegnum skilið. Spólur voru úr harðviði. Ekki veit ég hvort þær voru tálgaðar eða renndar, sá þær

p3

aldrei smíðaðar.

Sumir höfðu álftaleggi fyrir spólur. Spóluteininn heyrði ég aldrei kallaðan annað en spólutein. Spólurokkur: Hér, á Álftarósi, og svo mun víðar hafa verið, var gamall rokkur notaður fyrir spólurokk. Spýta tálguð til, öðrum enda hennar stungið inn í hnokkatréspípuna, en spólunni smeygt uppá hinn endann. Spanstokkur: Það orð þekki ég ekki. Spjálk var þetta áhald kallað hér. Spjálk var smíðuð úr 2 eikar- eða brennirenningum, hvor rúml. þuml. á breidd og hub. 1/4 þuml. þykkur. Lágu renningarnir á misvíxl, líklega fulla 1/2 alin, rönd við rönd, 3-4 göt voru þvert í gegnum báða. Götin voru þetta mörg, svo auðvelt væri að stytta og lengja spjálkana. Og í einu þeirra var járnteinn, er verkaði sem hjara þegar spjálkin var tekin úr eða látin í voð. Ofan á spjálkinni voru 2 einskonar snerlar, sinn á hvorum spjálkarhluta, er hvorum um sig var fest með og snúið á skrúfnagla, og héldu þessir snerlar eða hvað ég á að kalla það, spjálkinni niðri, þegar voðin var þanin. 2 koparoddar, mjóir, voru í hvorum enda spjálkarinnar, sem stungið var í gegnum jaðra voðarinnar. Að leggja upp:

Hér um verð ég fáorður, svo óljóst er það í minni mínu. Eins og ég mun áður hafa vikið að, í svari til Þjóðháttardeildarinnar, var farið eftir gildleika og vigt þráðarins, þegar ákveða skildi hve margra lóða garn hann

væri, og út frá því hve mikið mætti leggja upp úr t.d. 1 rokksnældu. Væri mér núna fengin þráðarkippa og spurður hve mikið mætti leggja upp úr þessu, stæði ég tvímælalaust á gati. Að reikna í skeið: Vefarinn vissi hve margar tannir voru í skeiðinni, einnig hve margir þræðir voru í uppistöðunni, var þá auðvelt

p4
að finna út hve varpið
skildi vera mikið, svo voðin fengi hæfilega breidd.

Að reikna í vef:
Hefi engu við að bæta það er ég sagði hér að framan í kaflanum að leggja upp. Rakgrind: Þar sem portbaðstofur voru, var rakið í herbergi undir baðstofu, klampi negldur á bitanum, sem alltaf var þvert undir lofti í miðju slíku herbergi. Boruð var eða tálguð hola í klampinn og önnur í þykkan kubb, lausan, á gólfinu, fyrir endana á rakgrindarásnum, en á honum snérist grindin þegar rakið var. Þegar búið var að reisa grindina, voru hælatrén bundin föst, annað efst, hitt neðarlega eða neðst á rakgrindina. Ef rekja varð í baðstofu, var skammbiti negldur á sperru, í hæfilegri hæð. Svo farið eins að og að framan er lýst. Áður en byrjað var að rekja, var mæld af einum hnyklinum, hér var alltaf rakið úr hnyklum, sú lengd, sem vera átti á voðinni, og merki sett á þráðinn, sem svo var aftur undinn upp á hnykilinn. Allir þráðarendarnir á hnyklunum, sem venjulegast voru 5, teknir saman og settur á þá þverhnútur, síðan smeygt á annan hælinn á neðra hælatrénu, svo byrjað að rekja. Fært var til á grindinni, þar til merkið á þræðinum kom á efri hæl, þar sem snúið var til baka. Hélt vefarinn þráðunum í vinstri hendi, en snéri grindinni með hinni. Alltaf var fetinn látinn fara á grindina ofan við næsta feta á undan. Aldrei ofan á það, sem komið var, því þá var hætta á að mislengjur kæmu fram í uppistöðunni þegar farið var að vefa.
Á voru hælatrénu voru 2 hælar, skilið haft á milli þeirra. Þegar komnir voru 100 þræðir var skilbandinu brugðið utanum þá, svo um næstu 100 þræði, og þannig koll af kolli, þar til rakningu var lokið. Þá hnýtt að, og einnig bundið hinum megin við skilið. Þá var og

p5
bundið beggja megin
við skilið á efri hælnum. Með þessu fylgdist vefarinn með tölu þráðanna meðan á rakningu stóð, og vissi hve margt var á að rakningu lokinni. Hnyklarnir voru hver um sig hafðir í smádöllu, snældustólum, skálum oþul. Þar til gerða smáhnúða var þráðurinn látinn renna í gegnum, svo síður kæmu á hann snurður. Þegar vefarinn ar búinn að ganga frá skilunum, losaði hann neðra hælatréð, tók skilið fram af hælunum, stakk annarri hendi í gegnum það, greip utanum slönguna og dró í gegn, þannig myndaðist lykkja er sömu hendi var smeygt í gegnum, aftur tekið utanum slönguna, og þannig haldið áfram uns búið var að taka af grindinni. Með hinni hendi hafði vefarinn

stjórn á rakgrindinni. 1 maður, vefarinn, vann þetta verk.
Hafaldatré: Það leit út eitthvað þessu líkt (teikning). Fletirnir
eiga auðvitað að vera beinir, þó á þessarri teikninarnefnu séu þeir hlykkjóttir.
Utan um tippið, sem er á öðrum andanum var hafaldsaugað hnýtt. Þegar
búið var að hnýta hvert hafald, an það var gert með rifhnútum eða rembihnútum,
var það tekið af hafaldatrénu. Rakið var í höföld þannig, að mælt
var eftir hafaldi, hve hespan þurfti að vera stór, svo var hafður rúmstuðull
eða annar fastur hæll, ot vinstri hendin til að rekja á, en rakið með hægri
hendi. Þegar hespan þótti hæfilega stór var skorið út úr henni, og
þar með var hafaldaefnið tilbúið til hnýtingar. Miðhluti hafalds hét hafaldsauga.
Togþráður var hafður í höföld þar til á síðari árum heimavefnaðarins,
að eitthvað var notað netagarn. Vefjarkambur: Hann
mun hafa verið um eða rúmlega 5 kvartel á lengd, 6-7 þuml. breiður, með
sívölum tönnum, er festar voru í neðri

p6
hluta kambsins með
hub. 1/2 þuml. millibili. Eftir endilöngum efri hlutanum var skora,
sem tönnurnar gengu upp í, nema endatönnurnar. Þær gengu upp í gegnum
efri hlutann. Þegar láta átti í kambinn var efri hlutinn tekinn af.
Vitað var um tölu fetanna í slöngunni, tannanna í kambinum, og með
hliðsjón af hvorutveggja ákveðinn fetafjöldi í hverri tönn. Þegar
búið var að láta í kambinn, voru höföld og slagborð tekin úr vefstólnum,
kamburinn bundinn við stólpana, er héldu uppi trjánum, sem slagborðið
hékk á og völtunum er höföldin héngu í. Skaftið tekið úr þráðarrifunum
og smeygt í gegnum enda slöngunnar og þráður (veit ekki nafn á honum) dreginn
í gegnum slönguna og bundinn fastur um báða enda skaftsins þannig að skilið
væri á milli þráðarins og skaftsins. Nú var rakið smátt og smátt
úr slöngunni, skaftið sett yfir þráðarbómuna, látið á sinn stað í þráðarrifnum,
krögunum á rifnum ýtt yfir endana á skaftinu, og þar með var það fast.
Á krögunum voru járn, sem lágu á rifnum og héldu þeim föstum þegar eitthvað
var komið á rifinn. 2 menn unnu þetta verk, annar vatt uppá rifinn,
hinn hélt þétt í slönguna og rakti úr henni jafnóðum og undið var á rifinn.
Þegar búið var að vinda á rifinn, var kamburinn tekinn af, skilsköftin
sett í skilið, og bundin við bómuna og skorið út úr endanum á slöngunni.
Annars voru skilsköftin ekki bundin við bómuna, nema á meðan verið
var að setja til. Næst lá fyrir að draga í höföld. Voru
þau nú hengd upp á sinn stað, voðarbóman tekin af, kassi eða koffort látið
framan höföldin, til að stigja á, þar settist verfarinn, taldi 25 höföld
af fremsta hafaldakambi og hélt þeim á milli þumalfingurs og vísifingurs
vinstri handar, af næsta kambi lét hann höföld á milli vísifingurs og löngutangar,

p7
af þriðja kambi lét
hann höföld á milli löngutangar og baugfingurs, og af fjórða kambi á milli

baugfingurs og litlafigurs. Þegar búin voru þessi 25 höföld af fremsta kambi, var búið að draga í höföldin 100 þræði. Tekið var dálítið í þessa 100 þræði og hnýtt á þá lykkja. Þá var byrjað á nýjan leik á sama hátt og lýst er hér að framan, alltaf byrjað á fremsta kambi og endað á aftasta, þannig haldið áfram uns búið er að draga í höföldin. Annar maður, oft unglingur, stóð fyrir aftan þráðarbómuna og rétti vefaranum þræðina.

Og þá er komið að því að draga í skeiðina. Var nú bundið snæri, sinn spottinn um hvorn enda efri hafaldaskaftanna og endarnir á hvorum um sig hnýttir saman. Lykkjurnar, sem þannig mynduðust látnar ná ofanundir neðri hafaldasköftin, og í þær var skeiðin látin liggja flöt.

Fyrirfram var ákveðið verpið, sem vera átt ií voðinn. Dregið var í með krók, er annaðhvort var úr málmþynnu eða tré. Byrjað var að taka þráð úr fremsta kambi, þá næsta, svo næst næsta og endað á aftasta.

Þá aftur byrjað á fremsta kambi, og svo áfram alltaf í sömu röð.

Með þessu var öruggt að aldrei færi nema einn þráður af sama hafaldakambi í hverja tönn.

Þegar búið var að draga í skeiðina var slagborðið látið upp og skeiðin í það, og bóman sett á sinn stað. 3 snæri bundin bæði á voðarrifinn og voðarskaftið, 1 á miðju hin á endana á rif og skafti. Svo hnýtt fram (uppistaðan bundin á voðarskaftið), byrjað á miðju skafti, þá á endunum, og svo áfram.

Þegar búið var að hnýta fram, voru sköftin kræKt upp. Á litlu sköftum voru krókar bæði að ofan og neðan. Á stóru sköftum aðeins að ofan. Keðjubútar, heldur mjórri en nautabönd, voru höfð á milli stóru skafta og litlu, og frá litlu sköftum upp í höföld. Að þessu loknu voru snærin undin

p8

upp á rifin þar til uppistaðan þótti hæfilega strengd. Svo var byrjað að vefa. Það mun hafa verið kallað að draga fyrir, að fara með fyrsta fyrirdráttinn í gegnum skilið. Að vinda uppistöðu í rif, láta í kamb, draga í höföld og skeið, hnýta fram og draga fyrir, var einu nafni kallað, að setja til vef. Þegar komið var nægilegt pláss fyrir spjálkina, var hún látin á voðina, og meðan á vefnaðinum stóð, alltaf færð þegar komnir voru 2-3 þuml. frá henni að uppistöðu. Gæta varð þess, ef þráður slitnaði, að bæta hann strax, væri ofið með einn eða fleirri slitna þræði varð voðin gölluð. Þegar svo langt var komið vefnaði voðar, að uppistöðurifurinn var orðinn ber, voru snæri látin á hann og uppistöðuskaftið á sama hátt og í upphafi voru sett á voðarrifinn og voðarskaftið. Ofið var þar til uppistöðuskaftið var komið svo nærri höföldunum, búið að taka skilsköftin og voðarendinn það nærri slagborðinu, að ekki var lengur hægt að stíga skil til að skjóts skyttunni, var varpað yfir voðarendann, uppistaðan klippt sundur, svo sem 1 þuml. frá voðarendanum. Það sem eftir var af uppistöðu, þegar vefnaði voðar lauk, var kallað, afvikur. Notað sem saumgarn

við bætingu á flíkum. Að varpa fyrir enda voðar og klippa afvikur frá var kallað að fella af vef. Þvottur og þóf: Blandað var saman keytu, vatni og þvottarefni. Þessi blanda hituð og hellt í bala, voðin látin þar ofaní og þvegin. Balinn með öllu sem í honum var, borinn út fyrir bæjardyrnar, báðir endar voðarinnar teknir uppúr og vafðir um járnkarl, sem settur var þversum innan við dyrastafina, og haldið þar. Voðin var svo dregin tvöföld upp úr balanum, og öðrum járnkarli eða sterku priki smeygt í lykkjuna. Hélt karlmaður þessu járni eða priki og snéri með því upp

p9
á voðina, og teygði
hana við og við. Þannig var haldið áfram þar til voðin var öll komin í hnúta., þá voru járnin losuð, voðin borin þangað sem átti að þæfa hana, og snúningurinn tekinn af henni. Hér var þæft í baðstofunni. Bletturinn sem þæfa átti á, vandlega þveginn og raðað kringum hann kistlum og koffortum. Einhver heimamanna (karlmaður) þæfði. Fékk hann að launum þófaraköku, sem var venjuleg glóðarbökuð kaka, en með, auk smjörs, magál, lundabagga eða öðru slíku góðgæti ofaná. Þófarinn var á nærklæðunum einum, velti voðinni fram og aftur, tróð á henni og stappaði. Við og við var voðin hrist upp meðan á þófi stóð. Gerðu það 2 konur, hvor um sig tók í jaðra voðarinnar, sinn með hvorri hendi, höfðu 2-3 metra bil á milli sín og kipptu snöggt út til beggja hliða nokkrum sinnum. Urðu að vera vel samtaka. Teygðu voðina svo og létu hana falla á þæfingarblettinn aftur jafnóðum og búið var að hrista hana. Þegar voðin var talin fullþæfð var hún vafin upp á rúmfjöl, svo fast og slétt, sem tök voru á, síðari endinn saumaður fastur. Látin svo undir þunga kistu, grjót látið ofaná kistuna, og þar höfð, ég man ekki hve lengi, þar til hún var þurrkuð.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1322

p1
Ull og tóvinna 3:
Hér á heimilinu var alltaf ofið. Húsmóðirin, sem bjó hér á Kinnarstöðum, Kristín Björnsdóttir, var fyrirmyndar vefari. Óf allar vefnaðargeðir sem tíðkuðust. Hún kenndi Guðrúnu systur minni að vefa. Hér var aldrei, eftir að ég man til, settur upp vefur fyrr en eftir áramót, þegar daginn var farið að lengja, t.d. á þorra. Var þá búið að vinna í voðirnar. Ef mögulegt var, var vefstóllinn tekinn niður fyrir sumardaginn fyrsta. Rýmkaðist þá vel í baðstofunni. Þar var ofið. Það munaði nú um minna, en stóran vefstól, hvað rýmið snerti.
Ofið var oftast milli mála, en þegar var verið að herða við að ljúka af vefnum fyrir vissan tíma, þá var haldið til dagsins meðan birtan leyfði t.d. fyrir sumarmálin. Hér í sveit, man ég ekki eftir því að vefarar færu milli bæja til að vefa, heldur var vefjarefnið flutt þangað sem vefstóllinn var og vefarinn. Í mínu ungdæmi voru

p2
ekki vefstólar til
á öllum bæjum. Við munum ekki vel hvað þóttu góð afköst, en það mun hafa verið yfir 10 álnir. Annars fóru afköstin eftir því hver vefjartegundin var, og hvað efnið var gróft.

p3
Vefstóll: Vefstóll
og vefstaður. Þessi nöfn voru jöfnum höndum notuð hér. Engar sagnir þekki ég um gamla kljástólinn, en Kristín Björnsd., sú sem kenndi systur minni að vefa, hafði kynnst honum og talaði um hvílíkur feikna munur var á honum og þeim nýja. Kristín var fædd 1837. Ég veit því miður ekki um neinn örmul, sem eftir er af kljásteinsvefstólnum. Ég get ekkert sagt um smíði vefstóla eða smíði þeirra. Kristin heitin smíðaði sjálf vefstólinn hér að einhverju leyti, en fékk líka hjálp. Tvíbreiðir

vefstólar þekktust eða það var talað um þé. Þeir voru bara breiðari en þeir einbreiðu. Hraðskyttuvefstóla veit ég ekkert um. Vefstólar voru ekki til á öllum heimilum. Það kom fyrir að heimili fengu lánaðan vefstól, en hitt var algengara að heimilin, sem ekki áttu vefstól, fengu ofið hjá nágrannanum.

p4
Ég var að virða fyrir mér myndina af vefstólnum í bókinni Vefnaður eftir Halldóru Bjarnadóttur. Vefstóllinn hér var ekki líkur þeim vefstól. Vefstóllinn hér var líkur vefstól B. En á myndina vantar höföldin og hafaldasköftin. Hliðarnar á vefstólum hétu einu nafni kjálkar. Svo voru sköftin, sem stigið var á fest við slána undir sætinu, en Kristín sagði að það mætti líka snúa þeim eins og á B. Vefstóll B er að því leyti frábrugðinn, að slagborðið í vefstólnum hér, hékk á snaganum, sem ég merki með 30, þannig að slagborðskjálkanum var smokkað upp á nr. 30. Nr. 30 var með járntinningum að ofan. Þversláin efst nr. 32 var engin.

p5
Skeið: Ég veit ekki um annað nafn en skeið, vefjarskeið. Það kom fyrir að skeiðar voru smíðaðar eða lagaðar heima, en stálið í tennurnar varð að fá að. Ég vissi til, að Kristín vafði upp eina skeið. Vefjarskeiðar voru yfirleitt af sömu lengd. Það var til að þær væru styttri en 5 kvartil. Fínleiki skeiðanna var miðaður við tannafjölda í kvarteli. Hér var og er til 60 tanna skeið, 80 tanna og 90 tanna. Vefjarksyttan: Harðviður var hafður í vefjarskyttur. Endarnir á skyttunni oru látúns bryddir, til þess að þræðirnir festust ekki í henni. Skyttan var vel slípuð neðan. Teinninn hét hér spóluteinn. Renndar tréspólur voru hér til. Sömuleiðis beinspólur. Þær voru úr sviðafótaleggjum, og sagað af báðum endum leggjarins. Svo voru járnspólur. Þunnt járn beygt í hólk. Spóluvoð þekktist ekki hér í minni tíð.

p6
Soólurokkur: Hér var notaður gamall rokkur íslenskur, kallaður Trausti. Allir stólpar voru geysilega sverir. Efalaust frá þeim tíma þegar rokkar voru fyrst notaðir. Nú er hann, því miður ekki lengur til. En það er seint að iðrast eftir dauðann. Hann vildi kasta af sér, og var því stundum í ónáð hjá okkur börnunum. Spóluteinn var settur fyrir snælduumbúning. Spanstokkur hét hér spjálk. Spjálkin var um 5 cm. breið. Í báðum endum hennar voru járntittir, sem gengu gegnum jaðra voðarinnar, 2 í hvorum enda. (Hér er teikning). Tanginn féll í raufina. Göt voru boruð mörg í röð gegnum tangana og stóðust þau á. Í þeim var einn teinn eða í gegnum þau var einn teinn, og þarna mátti lengja spjálkina. Teinninn verkaði eins og hjörur. Þegar spjálkin

var notuð, var tökkunum í endum

p7
hennar stungið í
gegnum jaðra voðarinna. Á meðan þetta var gert léku spjálkahlutarnir
um teininn. Svo var hún þvinguð flöt og þandi um leið út voðina.
Spjálkina varð að stilla mátulega. Til þess, að hún héldist
lárétt, var hafður hólkur úr leðri, sem var yfir spjálkina. Hann
var hreyfður til, þegar hún var losuð og sett föst. Hann var utan
um tangana, þegar spjálkin var spennt, en færður til annars endans þegar
spjálkin var færð. Þá fór spjálkin aftur svona (teikning). Stundum
voru líka 2 teinar notaðir en enginn hólkur. Var þá annar tekinn
úr spjálkinni þegar hún var hreyfð.

p8
Að leggja upp: Mér
er ókunnugt um útreikning, en mig minnir að reiknað væri með 2 álnum úr
mörkinni af einföldum þræði, meðalgrófum. Völuþyngdin var dregin frá. Ég
man ekki hvað valan var reiknuð mörg lóð. Að reikna í skeið: Ég man
ekki eftir því nafni. Það hét allt einu nafni, að setja til vefinn.
Það var álitin ómynd, ef útreikningurinn stóðst ekki. Það var
kallað varplítið, ef voðin var gisin. Að reikna í vef: Það
var oft kallað að áætla í vef. Efnið var vigtað og áætlað, t.d. 2
álnir úr mörk. Fyrirvaf var líka vigtað, en annars var ekki eins
glöggt með fyrirvafið. Það var bara bætt við ef vantaði. Ég
man ekki hvað margar álnir fengust úr mörkinni af fyrirvafi. Það
fór líka eftir því hvað fyrirvafið var gróft.

p9
Rakgring hét áhaldið,sem
uppistaðan í voð var rakin á. Ég veit ekki um nema eina gerð af rakgrind.
Hún var mynduð úr 2 ferhyrndum grindum. Þær voru lengri en þær voru
breiðar. Gegnum miðjar þverslárnar eru göt og í gegnum þau eftir
grindinni endilangri gekk ás, að sverleika eins og sver ísastafur. Þegar
rakið var, lék neðri endi þessa áss í spori í gólfinu, en efri endinn í
velgerðri holu í loftbita stofunnar. Þegar rakgrindin var notuð mynduðu
þverslárnar kross. En þegar rakgrindin var ekki í notkun, var hún
lögð saman, svo að minna færi fyrir henni og látin liggja upp við vegg.
Hér var rakgrind til ásamt vefstólnum. Balbínur, balbínustóll:
Snældurnar hétu balbínur. Ég sá einu sinni balbínur og balbínustól.
Þær

p10
voru fengnar að láni.
Þá var ég barn og var ákaflega hrifin. Balbínurnar voru geysistórar
snældur og balbínustóllinn í líkingu við snældustól. Þannig að balbínurnar

léku um tein hver í sínu hólfi. Mig minnir að raðirnar væru 2 og 6 snældur eða balbínur í hvorri röð. Oftast var rakið á 12. Verkið við að spóla á balbínurnar hét að balbína. Rakningsspaði. hër var hann oft kallaður gataspýta. Það var flöt spýta eða fjöl með 2 gataröðum og 6 göt í hvorri röð. Milli gatanna í röðinni var rúmur þumlungur, til þess að þræðirnir slægjust ekki saman, en milli raðanna var lengra, á að giska hálf fingurhæð. 12 gata spaði hefur verið um 35 cm. langur, fyrir utan skaft. Riss af spaðanum á baksíðu.

p11

Rakningsstokkur:

Þeir voru með hólfi fyrir hvern hnykil. Tvær hólfaraðir. Hólfin voru ferköntuð um 12 cm. á kant nokkuð djúp. Hér voru til 2 rakningsstokkar. Án þeirra var ekki hægt að rekja á grind. Vefjarþráðinn varð að vinda upp á völur, annars hoppaði hnykillinn upp úr hólfunum þegar hann fór að minnka. Rakning á grind: Hún stóð á gólfi og náði til lofts, lék rakgrindarmöndullinn í holu eða spori hvor endi. Til að halda rakgrindinni út voru notaðar 2 spýtur, kallaðar hælaspýtur. Önnur efst á rakgrindinni, en hin neðst. 2 hælar voru í báðum spýtunum (3 hælar í efri), og á hælaspýtunum var búið til skilið. Það var alin (eða rúmleg) milli stólpanna í grindinni og hringurinn um grindina var því rúmar 4 álnir, því stólparnir voru auk bilsins milli þeirra. Vön kona við að rekja vissi

p12

hvað bilið milli hringanna þurfti að vera breitt og með því að telja hringana sinnum 4, fannst lengd voðarefnisins. Umferðirnar urðu auðvitað að liggja dálítið á ská. Þegar vitað var hvað hátt slönguefnið þurfti að ná upp eftir grindinni, var hælaspýtan látin þar. Svo byrjaði rakningin. Þræðirnir voru þræddir í gegnum rakspaðann einn í hvert gat. Rakið oftast á 12. Síðan voru endarnir hnýttir saman og hendinni smeygt milli þráðaraðanna á spaðanum, og þeir þannig klofnir, 6 hvoru megin, og látið yfir hælinn nær stólpanum. Hinn hællinn var ekki langt frá þeim fremri. Það var byrjað efst og rakið niður eftir. Já, þegar búið ar að smokka yfir fremsta hælinn var skilið tekið niðri við rakspaðann. Hælarnir á efri spýtunni voru 3. (Athuga riss af spaðanum). Þráðurinn 2 var tekinn milli þess 1. og þess 3. Þráður 4 milli þess 3. og þess 5. Þráður 6 milli þess 5. og þess 7. Þráður 8 milli þess 7. og þess 9. Þráður 10 milli þess 9. og þess 11.

p13

Þráðurinn 12 fyrir aftan þann 11. Skilið var fært upp eftir og smokkað yfir miðhælinn. Svo var aftur farið niður að spaðanum og hendinni smokkað milli raðanna

og smeygt yfir aftasta hælinn. Skilið, þráðarskilið, kom á milli
aftari hælanna. Fyrir aftan aftasta hælinn voru þræðirnir allir sameinaðir
og rakið niður eftir. Grindinni snúið réttsælis. Þegar kom
niður að neðri hælaspýtunni var fetaskilið tekið. Þráðunum öllum
í einu brugðið yfir hælana (teikning) Fetaksil. Þá var snúið við
og rakið upp eftir og grindinni snúið rangsælis. Í hverri ferð var
tekið þráðarskil ogst og fetaskil neðst. Ég held að ein umferð upp
og niður hafi heitið feti. Hver umferð varð að liggja þétt að þeirri
fyrri. Haldið var áfram að rekja þar til nógu margir þræðir voru
komnir. Fór þá oft að þrengjast á grindinni, og varð að þjappa hverjum
hring saman. Þegar kom upp að efri hælunum aftur, var farið milli
þráðaraðanna á spaðanum og þeir látnir beggja megin á hælinn, sem

p14
fyrst var komið að
svo var tekið skilið eins og fyrr og smokkað yfir miðhælinn, síðan voru
þræðirnir sameinaðir og brugðið yfir endahælinn eins og á fetaskilinu,
og enn var tekið skil, farið milli raðanna og látið beggja megin á miðh.
og tekið skilið milli aftari hælanna eins og fyrr. Það mun stundum
hafa verið látið merki við vissan þráðafjölda, var það einn þráður. Þegar
slangan var tekin af grindinni var bundið eða smokkað bandi, þar sem fetahælarnir
voru, um leið og smokkað var fram af hælunum (annar í einu). Það
band var úr margföldum skóþræði og hét varptág. Alltaf voru 2 við
að rekkja. Líka var bundið í þráðarskilin. Varptágin þurfti
að vera löng og sterk. Því henni var bundið um báða enda á rifskaftinu.
Þegar vefjarefnið var tekið af grindinni, ar gerð úr því flétta.
Hún var kölluð slanga. Ég veit ekki til að rakið hafi verið
án rakningsspaða. Slangan var tekin þannig af grindinni. Byrjað

p15
efst hnýtt lykkja
af sjálfri slöngunni. Hendinni smokkað í lykkjuna og gripið utan
um slönguna og dregið í gegn. Kom þá önnur lykkja, sem eins var farið
með. Þannig koll af kolli, þar til slangan var á enda. Var
þá komin sver flétta, sem líka var kölluð slanga. Hælsaspýtunum var
fest þannig, að þær voru skorðaðar milli stólpanna, sýlt í báða enda á
spýtunum. (Hér er teikning). Stundum voru stórgripavölur látnar
leika á þráðunum, ef þráðurinn var snúðharður. Ég veit ekki betur
en alltaf væru sömu handtökin við að rekja. Á tví- eða marglitri
uppistöðu, er mér sagt, að hver litur hafi verið rakinn út af fyrir sig,
jafnvel þótt fáir þræðir væru í lit. Hægt var líka að rekja það með,
er mér sagt.

p16
Ég þekkti ekki til

að rakið væri á vegghæla eða rúmstólpa. Á baksíðu er riss af hafaldagrind.
Hafaldaefnið var vafið yfir um grindina lagnsum, og skorið upp úr.
Grindin var lengri en hún var breið. Efnið í höföldin var tvennskonar,
hör og þrinnaður eða fjórfaldur togþráður. Ég veit til að togþráðarhnykillinn
var soðinn í vatni. Hnýting hafalda: Þræðinum í hafaldið var
brugðið undir neðri hlið (1) grindarinnar og hnýttur þverhnútur yfir báða
þræðina fast neðan við rimina (2), sem mátaði hafaldaaugað. Svo voru
þræðirnir sinn hvoru megin utan um rimina og hnýttur þverhnútur fast fyrir
ofan. Síðan var bundinn annar þverhnútur fyrir ofan hliðina sem upp
snéri (3). Þræðirnir auðvitað sinn hvoru megin við efri hliðina.
Endarnir voru hafðir þumlungur að lengd eftir síðasta hnút. Höföldin
voru ýmist hengd upp eða vafin upp og geymd á þurrum og góðum stað.

p17
Stálhöföld heyrði
ég talað um, en þekkti ekki. Veit ekki um nafn á bandinu, sem varnaði
höföldunum að fara út af skaftinu. Vefjarkambur, fetakambur:
Hér var hann alltaf kallaður fetakambur. Hann var allur úr tré. Tennurnar
voru sívalar, grennri eða líkt gildar og blýantur. Lengd tannanna
var um 5 cm. Neðri sláin var föst og endaspelarnir, en efri sláin
var laus, til þess að hægt væri að raða fetlunum milli tannanna í kambinum.
Efri sláin smokkaðist yfir endaspelina, em stóðu upp fyrir slána,
voru göt á þeim, og þar í var látinn splittur, sem hélt efri slánni fastri.
Verkið við að dreifa slöngunni í kambinn hét "að láta
í kamb". Einn feti, 24 þræðir, ef rakið var á 12, var látinn
milli tanna eða í hvert bil. Fetarnir aðskildu sig. Skaftið,
sem tengt var við slöngurifin hét rifskaft. Þráðurinn í

p18
fremra gangskilinu
hét vartág. Henni var bundið utan um skaftendana. Á endum rifskaftsins
voru skorur þvert yfir fyrir vartágnina. Hún var úr margföldum skóþræði.
Að festa upp, hét verkið við að vinda upp á rifinn
eða setja til vef, að koma slöngunni í vefstólinn, draga í höföld og skeið,
og festa uppistöðu í framrif. Ég veit ekki til að verkið við að vinda
slönguna upp á rifinn héti neinu sérstöku nafni. Rifskaftið féll
í skoru, sem var eftir endilöngum rifnum, og svo var kringlum eða krögum
smokkað upp á rifinn beggja megin slöngunnar, og náðu endar rifskaftsins
innundir kringlurnar. Þannig héldust rifsköftin föst, og svo áttu
þær að halda utan að slöngunni. Í gatið á kringlunum voru fest eltiskinnsspeldi
of 4 eða 5. Þau voru um 6 cm. breið og 8-10 cm. löng. Þau lágu

p19
frá kringlunum með
rifnum, og var slangan undin yfir þau um leið og hún vanzt um rifinn. Þetta

festi vel kringlurnar. Kringlurnar voru úr viði þykkum, og var ytri
brún þeirra 6 köntuð. 2 og stundum 3 unnu að því að vinda slönguna
upp á rifinn. Einn hélt fast í slönguna og smokkaði slöngulykkjunni
upp á úlnliðinn, svo að ekki rektist of langt. Svo þurfti öðru hvoru
að rekja niður slönguna. Þegar það sem tekið var fyrir var orðið
svo stutt, að sá sem hélt í slönguna var kominn að frambómunni eða nálægt
henni. Einn vatt upp á rifinn. Þurftu báðir þessir menn að
vera sæmilega sterkir. Sá þriðji færði til fetakambinn og leit eftir,
að slangan færi vel á rifnum. Hún mátti ekki hrúgast ójafnt upp.
Mest ábyrgð hvíldi á þeim,sem þetta starf hafði. Slangan átti
ekki að ganga að sér á rifnum. Skilsköftunum var smokkað í skilið
og héldust þau kyrr, en stundum voru þó endar þeirra

p20
tengdir saman með
spotta. Göt voru á endum skaftanna. Slönguendanum var tyllt
í fremri rifinn. Verkið við að draga í höföldin hét "að
draga í höföld". Snærin, sem héldu höföldunum uppi voru bundin
saman. 2 unnu að því að draga í höföld. Annar dró í, hinn rétti
þræðina. Sá sem dró í, hafði höföldin í 4 núpum vinstri handar. Hafaldaraðirnar
voru 4 og hafði hver röð sína núp. Tekin voru fyrir í núpirnar nokkur
höföld í einu. Að draga í skeið: Áhaldið hét skeiðarkrókur.
2 unnu að því að draga í skeið. Annar rétti, hinn rétti krókinn
í tennurnar og mátti ekki hlaupa yfir. Stundum voru 2 eða 3 þræðir
í tönn, en aldrei nema 1 í hafaldi. Það hét að voðin væri mikið verpt,
ef margir þræðir voru í tönn. Skeiðinni var fest fyrir ofan höföldin meðan
dregið var í skeiðina. Sá sem rétti þræðina sat í setbekknum, en
hinn var fyrir aftan vefstólinn. Svo var bundinn lykkja á þræðina eða þeir
bundnir

p21
saman með lykkju
þegar þeir voru hæfilega margir til að hnýta á skaftið. Skaftið hét
engu sérstöku nafni. Verkið hét, "að hnýta á skaft". Það
var tekið skil um leið og hnýtt var á. Skaftinu var fest á rifinn
með 3 snærum, sem lágu yfir bómuna og niður í rifinn. Það var kallað
"að draga fyrir", þegar skyttunni var skotið. Gefið var
í, í einum stórum boga. Þegar skilið var stigið, var þrifið í slagborðið
og þráðurinn laminn að voðinni. Spjálkin var færð öðru hvoru. Mátti
aldrei vera mjög langt frá mótum voðar og uppistöðu. Styttsta bilið
rúmur þumlungur og þegar spjálkabreiddin hafði vel bætzt við var hún færð
á ný. Álnarlangt band mældi voðina jafnóðum. Þegar alin var
komin, var bandið dregið til baka og endinn með hnútnum var látinn milli
þráðanna við brún voðarinnar. Festist spottinn þegar næsti fyrirvafsþráður
bættist við voðina. Þegar þráður slitnaði þurfti að "bæta"
hann. Hnýtt var við endann og viðbótarspottinn látinn ná fram á voð.

"Að fella vef" hét, þegar voðin var tekin af vefstólnum.
Afgangur af slöngunni hét afvikur. Það var saumað með afvikum.

p22
Þóf: Voðin
var þvegin upp úr heitu keytublönduðu vatni í stórum bala. Undin þannig að endarnir voru tengdir saman, svo að hún var tvöföld, smokkað spýtum í báða enda og snúið upp á, og vattst þá voðin vel. Einhver heima karlmaður þæfði. Stundum var þæft á tréfleka á auðum bás í fjósinu, stundum í baðstofu. Stundum var þæft undir fótum. Gerði það einn maður, en stundum var þæft í botnlausri tunnu. Gerðu það tveir, sem lágu á gólfinu uppí loft á undirsæng með brekán yfir sér. Þeir spyrntust í iljar og höfðu tunnuna langsum á milli sín. Í tunnunni var þófið. Svo spörkuðu þeir og þvældu þófinu milli sín. Öðru hvoru var þófið "hrist upp". Það gerðu 2, hélu hæfilega löngum hluta milli sín, héldu sinn í hvert horn, lögðu hendur sínar á mis og með snöggri hreyfinu breiddu þeir úr voðinni, svo skall í. Þegar fyrsta færa var búin var önnur tekin fyrir, voðina á enda. Full þæfð var voðin, þegar hún þótti vel þétt og áferðin falleg. Fór það eftir smekk hvers eins.

p23
Meðan á þófinu stóð
voru menn snöggklæddir, á nærbuxunum og milliskyrtunni. Þófurunum var gefinn góður matur og aukakaffi með lummum. Ég veit ekki um kaup fyrir þóf. Að loknu þófi var voðin undin upp á fjöl, t.d. sterka rúmfjöl. Gerðu það 2 og tóku fast á. Voðarendinn var lagður sléttur þvert á fjölina og svo vafið áfram og togað vel við hvert bragð, strokið og sléttað með lófunum. Þegar voðin var uppundin, var endinn saumaður niður og rúbagginn settur í farg, t.d. undir þunga kistu, látinn vera þar nokkra sólarhringa. Til var að voðir voru sendar til verksmiðju til lóskurðar og litunar. Þófaraþulan: Bárður minn á jökli - leggstu með mér - Ég skal gefa þér lóna - leppana inn í skóna - mórautt lamb og gimburskel - múra, ef þú þæfir vel - hálfskeifu undir hestinn þinn - naglabrot í hófinn - gakk þú gakk þú duggarinn - allra mest í framleistinn.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1911
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 7590

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Því miður get ég lítið sem ekkert svarað þessari spurningaskrá, því ég hef aldrei lært að vefa og vefstóll ekki til á heimili foreldra minna, en móðir mín sagði mér mikið frá tóvinnu og vefnaði í heimili foreldra hennar í Meiri-Hallardal í Álftafirði vestra, þegar hún var að alast upp, eða frá 1885-1900. Þar var alltaf margt fólk í heimili og þurfti því mikið að vefa og prjóna þegar allir gengu í ullarfötum yst sem innst, og rekkjuvoðir (lök) í öll rúm, sem voru ofin úr hvítri einspinnu. Á þeim bæ, var vinnutilhögun þannig, að eftir sláturtíð á haustin var farið að kemba og spinna. 3 vinnukonur voru þar, og þær voru látnar skiftast á að vera sína vikuna hver í eldhúsinu, þá voru 2 að spinna. Gamall maður sem malaði kornið, kembdi þess á milli, og fleirri liðléttingar. Dæturnar, sem voru 5, urðu hver að skila einu pari af sjóvettlingum á viku allann veturinn, með sínum barnalærdómi, því þar var tekinn heimiliskennari, en þá voru sjóvettlingar gjaldmiðill.
Því á vorin var farið með fulla poka af vettlingum í "höndlunina", og lagðir inn. Það þurfti svo mikið af vettlingum til að róa með.

p2
Afi minn Ólafur Jensson,
sem óf allt fyrir sitt heimili, setti vefinn upp um nýjár, og óf allann tímann til páska. Þá höfðu vinnukonur 30 kr. í kaup á ári, og vaðmál í einn fatnað, sem var sítt pils og treyja, en piltar fengu 50 kr. um árið og tvennan fatnað. Það voru tvennar vaðmálsbuxur og 2 treyjur, en sokka, vettlinga og skó eftir þörfum urðu allir að fá, og afi sem gerði út árabát útí Höfnum (gamall útróðrarstaður á Súðavíkurhlíð), varð að sjá sínum piltum fyrir öllum skinnklæðnaði á sjóinn. Það þótti mikið gott þegar tvistgarnið fór að koma, þá var ofið tvistefni í milliskyrtur á karlmennina og í millipils og svuntur á stúlkurnar ofl. Í Hallardal

var sá siður að þæfa voðirnar í tunnu og voru 2 röskir piltar sem það gerðu,
en sagt var að þeir svæfu fast nóttina eftir, svo erfitt var verkið.
Því miður nær mín vitneskja víst ekki lengra í þetta sinn.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1903
Sveitarfélag: 800 Selfossi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8170

p1
Ull og tóvinna III.
Þar eð ég er svo afar ófróð um allt er að vefnaði lítur, tel ég mig ekki geta svarað þessari spurningaskrá. Því þó ég muni aðeins eftir, þegar móðir mín var að vefa, en ég var þá smá krakki. Og síðan ekki söguna meir. Aldrei komið nálægt vefstól, því miður. Svo það er ekki von á góðu. Samt man ég nöfn á nokkrum hlutum vefstólsins.
Hliðartrén á vefstólnum voru nefnd einu nafni kjálkar. Svo er það: 1. setufjöl, 3 voð, 4. skeið, ritti, 5. slagborð, 7. hafaldaskaft, 8. höföld, 18. skilsköft, 24. rifill, bóma, 26. neðri-hafaldasköft. Spanstokkinn vantar á myndina.

Með vinsemd og virðingu,
Marta Jónsdóttir, Selfossi.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1892
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1255

p1
ULL OG TÓVINNA 3

Ef satt skal segja,
jafnast það því sem mest við ullarleit í geitahúsi að leita til mín með
fræðslu um vefnað og eru ástæður fleiri en ein og sú er mestu veldur, að
á mínu æskuheimili var ekki ofið sem talist gat nema

p2
einn vetur, að vinnumaður
sem átti vefstól kom með hann og óf eitthvað, en þann vetur var ég í skóla
og kynntist ekki þeirri atvinnugrein þá. En svo var það löngu
seinna (veturinn 1916-17) að ég var kennari á Húsavík og keypti þennan
gamla vefstól og lærði að nafni til að setja upp vef og vefa einfalda vefnað,
vaðmál og þráðardúk, en kennarar mínir voru Sigurjón Þorgrímsson veitingamaður
og Júlíana Guðmundsdóttir kona hans og þar að auki setti ég upp einn vef
með daglegri vefnaðarkonu Jakobínu að nafni. Óf ég þarna tvo vefi
í hjáverkum um veturinn. Næstu tvo vetur á eftir óf ég dálítið heima
á Laxamýri, en þó ekki svo mikið að verulega tyldi í mér kunnáttan, enda
snéri mér að öðrum verkefnum og nú í dag, þegar ég er spurður um þessa
iðngrein, er flest sem að henni lært fallið svo í gleymsku, að nær ómögulegt
er að rifja það upp,

p3
þannig að treysta
megi á að rétt sé munað, enda munu fleiri komast að sömu raun um það að
illa tollir í minni það sem illa er þar fest og sérstaklega þegar alveg
er skift um verkefni, verksvið og áhugamál. Samt skal það játað að
mér gast vel að vefnaði og hefði kosið að halda honum við mig, en óviðráðanlegar
orsakir gerðu það ókleyft. Tvo vefstóla mun ég hafa smíðað handa
öðrum, en þrátt fyrir það, eru mér gleymd sum heitin á hlutnum sjálfum

og fylgifé hans. Gerð þessara þriggja vefstóla er ég hafði kynni af, var mjög lík B teikningu. Er þá þarna gerð grein fyrir tveim megin ástæðum fyrir því að liðsinni mitt á þessu sviði verður í molum og sennilega einskis virði, þó ég reyni að skrifa eitthvað upp til reynslu.

Árlega var spunnið í 2-3 vefi á mínu heimili og sent á nágrannabæi, því nokkrir menn í grenndinni tóku vefnað af öðrum og var þá greitt visst á alin, en ekki man ég hvað það var mikið né heldur þori ég að segja um afköstin. Var voðinni skilað beint úr vefstólnum og þófið framkvæmt heima. Tækin sem ofið var í heyrði ég aldrei nefnt annað en

p4

vefstóll og engum

kynntist sem ofið hafði í kljásteinavefstólnum, en heyrði menn lýsa honum, sem séð höfðu að minsta kosti einhverjar leyfar af honum, en ekki er mér kunnugt um að neinn hafi geymst hér um slóðir fram á okkar daga. Vefstólar með slagborðið fest að neðan, munu hafa verið algengari hér og sennilega verið betri, einkum vegna stöðugleika. Hinir vildu riða til, einkum ef þeir voru veikbyggðir. Tvíbreiðan vefstól sá ég. Hraðskyttuvefstól sá ég ekki, en heyrði honum lýst og vissi að hann var til hér um slóðir, en náði ekki útbreiðslu. Allar skeiðar sem ég sá voru útlendar og var mér ekki kunnugt um að heimasmíðarðar skeiðar væru notaðar. Fimm kvartela skeiðar voru algengastar og 80 tanna á kvarteli það grófasta, en fullt eins mikið notaðar þéttari (fleiri tanna). Ritti hefi ég aldrei heyrt. Skyttan var mjög þýðingarmikið áhald við vefnaðinn og reynt að vanda til hennar, en þess má þó geta að allir vefarar voru ekki jafn ánægðir með einhverja vissa gerð, heldur réði smekkur, hverju maður vandist mest og svo sérvizka, eins og er á mörgum sviðum. Algengastar voru heimasmíðaðar skyttur, en

p5

þegar ég fór að vefa

mátti fá danskar skyttur, sem voru öllu liprari en þær sem áður voru algengastar.

Skyttan var smíðuð úr völdu efni oftast beyki eða brenni, eins og það var kallað og sem var aðalefniviður í hrífuhausa og annað sem vanda þurfti. Var hún oftast látunsklædd til enda og stundum að neðan svo að hún væri hálli og rynni betur. Skyttu sá ég einnig með smáhjólum að neðan (útlenda). Renndar spólur voru eingöngu notaðar það ég til vissi, enda rennibekkir til hér um slóðir. Spóluroð þekki ég ekki.

Spólurokkur er eina nafnið sem ég þekki á spólutækinu. Algengast var að breyta uppgjafarokk í spólurokk og voru það oft eymdaráhöld eins og fram kemur í orðtakinu spólurokkur. Litlu eftir að ég fékk vefstólinn komu litlir handhægir spólurokkar með prjónavélum Favorit. Voru þeir skrúfaðir á borð og mjög fljótvirkir og notaði ég þá ekki annað áhald við spólun. Spanstokkurinn sem við kölluðum spjálk var í líkingu við meðfylgjandi teikningu. Var hún í tvennu lagi, klof á öðrum hlutanum

en eins og hamarskora á hinum. Nokkur göt boruð gegnum bæði stykkin sem

p6
nagla var stungið
gegn um og með því að skifta um göt var hægt að stytta og lengja spjálkina í samræmi við voðarbreiddina. Að leggja upp, reikna í skeið og reikna í vef, er mér fallið svo úr minni, að ég þori ekki um það að fjalla. Orðið fyrirvaf þekki ég aðeins, en ívaf meira notað hér og aftur uppistaða. Rakgrind reyndu flestir vefarar að eignast, en til var þó að fara varð á aðra bæi til að rekja, enda á sumum bæjum svo lítill húsakostur, þó vefstól væri troðið í þrönga baðstofu, að rakgrind varð hvergi fyrir komið til rakningar og naumast til geymslu og var helst reynt að rekja í bæjardyrunum eða skemmu. Var rakgrindin sett neðan í bita, en trébútur hæfilega hár á gólfið, en naglar eða teinar í rakgrindarásnum að ofan og neðan látnir í holu neðan á bitanum og aðra í kubbnum og var þá hægt að hringsnúa grindinni.
Skilhælatrén heyrði ég nefnd grísholt, en má vel vera að hrísholt sé réttara. Eins og áður er getið var algengast að breyta gömlum spunarokk í balbínurokk og hann þá notaður bæði til að balbína og spóla á skyttuspólunar. Balbínusnældurnar vor helst renndar, en þó oft tálgaðir snúðarnir og þeir helst límdir á gegn um boraðan trélegg og voru um 25cm.langar á

p7
milli snúða og snúðurinn
(eða hausinn) um 8-10cm.þvert og leggurinn 2-2 1/2cm. gegnum boraður fyrir vírtein 4-5mm. Balbínustóllinn eða snældustóllin var grind á fæti svo að hann gæti staðið óstuddur á gólfi og það hár að allt að 5 snældur kæmust í hæðina og var hann tvöfaldur (fyrir tvær raðir og tók þá 10 snældur).
Hér þrýtur mig kunnáttu og minni. Man að rakin uppistaði hét slanga og talað var um að fika ofan af grindinni. Þekki aðeins rakningu á grind þó ég heyrði þess aðeins getið að bjargast mætti við aðra aðferðina.
Hafaldagrind sá ég aðeins, en hnýtti ekki höföld sjálfur fyrr en stálaugu fóru að fást og hnýtti ég ein höföld með þeim. en svo komu fullkomin málmhöföld, sem þóttu bera af hinum, en höföld með stálaugu og vaxborið hafalda garn voru líka ágæt. Fyrst sá ég stálhöföld nálægt 1918 og munu þau ekki hafa komið öllu fyrr um þessar slóðir. Aðeins eina gerð af vefjarkambi sá ég sem leit sem næst þannig út (sjá mynd).
Tveir trérenningar ca 1"á kant. Holur boraðar dálítið inn í þá með jöfnu millibili ca.2cm og sívalar spýtur um 8mm í þvermál reknar í andstæðar holur. Lengd þeirra ca. 8-10cm.

p8
Talað var um að setja
upp vef eða setja til stundum. Kragar voru á rifnum til varnar því að slangan færi út af hliðarfjölunum. Tvo þurfti til að vinda slönguna

á rifinu. Tveir þræddu í höföldin, rétti annar og hinn tók við. Voru unglingar notaðir við að rétta í höföldin, en voru oft latir við það. Þá var það og unglingavinna að spóla. Þegar búið var að draga í nokkur höföld minnir mig að hnýtt væri lauslega að nokkrum þráðum, jafnóðum og þræddist, svo að ekki dragist úr aftur. Við skeiðarídráttinn krók úr þunnu efni, sem gekk út á milli tannana og lagði hjálparmaður þræðina í krókinn. Talað var um að hnýta á skaftið. Gæði og útlit voðar var að sjálfsögðu háð vandvirkni og lagni vefara. Sem jöfnust uppígjöf og ásláttur skifti miklu máli og jaðrar vor mjög misjafnir. Einnig voru vefar misjafnlega þolinmóðir við að bæta þegar slitnaði og létu sumir marga þræði slitna áður en bætt var. Skilgallar vildu og koma fram hjá óvönum eða hroðvirknum og mæltist allt þetta illa fyrir, enda fengu vefarar misjafna dóma á verk sín, eigi síður en aðrir. Þráðarspuni var ekki vandalaust verk og gerði illa spuninn þráður vefurum oft gramt í geði, enda gerður oft mun á heimilum þegar þeir tóku vefi af öðrum.

p9
Að taka vefinn niður,
hét að fella hann. Man ekkert sérstakt um afgansendana. Tvennskonar þóf tíðkaðist. Votaþóf í tunnu eða stórum bala og þurraþóf á hreinu trégólfi og þæft undir fótum í báðum tilfellum það ég til þekkti og af karlmanni. Til var það, að þófarar færu milli bæja, en oftast varð heimamaður til þess. Aukaglaðning til þófara. þófarabiti er vel þekkt venja. Fyrst þegar ég man, var voðin þvætt í hitaðri keytu í stórum bala eða stampi, en seinna lagðist það niður. Votaþófið var helst framkvæmt í fjósinu, niðri í stampi eða bala, en þurraþófið á timburgólfi eða hurð. Var voðin undin áður en þófið byrjaði þannig að hún var lögð tvöföld saman og annar endinn settur fastur en sterkur göngustaður settur á hinn endann og snúið uppá af miklum krafti og jafnframt maður látinn strjúka vatnið úr henni og þetta því gert útivið ef verður leyfði.
Þófari var léttklæddur og berfættur (á brókinni einni). Við þurraþófið var voðin tekin upp tvisvar til þrisvar og kippt sem kallað var (dustuð) þannig, að fullgildur kvenmaður (eða karlmaður) tók í voðina á móti þófaranum 8-10m. frá honum og jafnframt því að toga í voðina, var hún lögð saman tvöföld og þá rikkt sundur svo snökkt og fast

p10
sem kraftar leyfðu
og reynt að láta smella sem hæst í um leið, en til þess urðu báðir að vera vel samtaka og þurfti nokkra æfingu til, ef vel átti að smella. Þegar fullkippt var fyrstu færu, var önnur tekin, þar til lokið var allri voðinni og gátu það stundum verið nokkrar færur ef voð var löng og húspláss takmarkað.
Húsmóðir dæmdi um hvenær fullþæft var, en á það bar ég lítið skyn.
Að þófi loknum var voðin undin upp í stranga og stundum sett í pressu og á seinni árum voru voðin sendar til Akureyrar í lóskurð og litun.
Á meðan ég átti vefstól, óf ég fyrir mitt heimili undirlök og koddaver

og notaði tvist í uppistöðu, en ull í fyrirvaf (ívaf) og með vaðmálsvígindum.
Gafst þetta mjög vel svo að heimili bjó að árum saman, en enga pjötlu
á ég þó til að senda safninu. Því miður man ég ekki lengur nöfn
á nærri öllum hlutum vefstólsins, enda aldrei heyrt sum. Var of skamman
tíma samtíða vefstólnum og þá einnig skilmerkilegu fólki, er kunni skil
á hlutum vefstólsins.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1896
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1262

p1
Ull og tóvinna 3.
Ég verð að segja það, eins og er, að ég er mjög ófróður um allt sem að vefnaði lýtur. Að vísu var gömul kona á bænum, þar sem ég var, sem átti vefstað. Hún setti oft upp vef, síðari hluta vetrar, og greip þá í að vefa stund og stund. Ég var þá svo ungur, að ég tók lítt eftir slíkum hlutum, og svo er ég víst búinn að gleyma mörgu, sem viðkemur vefstað og vefnaði. Ég held að það hafi verið á 3 eða 4 heimilum í Laxárdal, sem ofið var fyrir heimilin. Einum manni man ég eftir, sem tók vefnað af öðrum bæjum, og gerði ekki annað yfir veturinn en vefa.

p2
Yfirleitt var talað um vefstað og vefjarskeið og spólutein. Ég man eftir nöfnum eins og spólurokk og spjálk, en ekki að lýsa þeim hlutum. Mig minnir að talað væri um að setja upp vefinn. Ég kannast við orðin: rakgrind, fyrirvaf, balbínur og að balbína. Og þá má nefna höföld og hafaldagrind. Höföldin í vefstað gömlu konunnar, er ég gat um áður, voru heimaunnin. Svo voru rif og rifsköft. Ég held að tveir eða tvennt hafi unnið að því að draga í höföldin. Kræk ja var höfð þegar dregið var í skeið.

p3
Þóf: Tveir undu úr voðinni með þeim hætti, að járnkarlar eða kefli voru sett í báða enda vaðmálsins, og snéri þá annar þeirra upp á voðina, þar til hún þótti full undin. Á bænum þar sem ég var, þæfðu heimamenn, en ég vissi til þess að sum heimili fengu mann af öðrum bæjum til þess að þæfa.
Ég held að flestir hafi verið á nærbuxunum og nærskyrtunni við þófið. Öðru hvoru var voðin svo hrist upp, og gerðu það tveir eða tvennt, með því að teygja vaðmálið á milli sín og hrista af því lóna. Þegar ekki

sást lengur fyrir vend vaðmálsins var voðin fullþæfð. Að því búnu var vaðmálið undið upp á rúmfjöl og sett undir farg, þungar kistur eða koffort. Á þeim árum sendu sumir vaðmál út, til litunar og lóskurðar.

p4
Athugasemd: Ég
hef spurt eldra fólk, sem þekkti vel til vefnaðar og vefstóla, en það mundi óglöggt nöfn á einstökum hlutum vefstólsins, svo ég tók það ráð að senda skrá óútfyllta, heldur en að skrifa einhverja vitleysu, því eins og ég hef ápur tekið fram, man ég sjálfur yfirleitt ekki nöfnin það vel, að ég treysti mér til þess að skrásetja þau á skrána.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1531

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Það sem hér verður sagt miðast að langmestu leyti
við það sem ég þekkti til vefnaðar á æskuheimili mínu Oddgeirshólum í Flóa.
Þegar ég var að alast upp, var ofið meira eða minna á hverjum vetri.
Gott þótti að geta lokið af einni eða tveimur voðum fyrir hátíðir.
Ekki man ég hvenær byrjað var, eða hvort þar gilti einhver sérstök
venja. Þar voru húsakynni lítil en heimilisfólk margt, og stundum
farkennari og börn, sem sóttu skóla frá næstu bæjum, og auk þess stundum
komið til dvalar börnum, sem lengra áttu að sækja. Því get ég þess,
að reynt var að stilla svo til að ekki væri vefstaður uppsettur meðan kennsluvikur
stóðu yfir. Þó mun það stundum hafa farið saman, en þá einkum eftir
að dag tók að lengja. Venja var að byrja vefnað á haustin eða fyrri
hluta vetrar með því að vefa úr garni (tvisti). Venja var að leggja
upp langar voðir úr garni. Minnir

p2
mig það væri alltaf
einskefta. Var þá oft hafður sá háttur á, að hluti voðarinnar var
ofinn með garni í fyrirvaf, venjulega talað um "garn í garn".
Aldrei var það nefnt tvistur, heldur vefjargarn. Það var haft
í lök, sængurver eða milliskyrtur karlmanna. Að sjálfsögðu var uppistaðan
hvít og ívaf líka í lökin. Aftur á móti var mislitt fyrirvaf í sængurver
og skyrtur, hið síðara oft með röndum. Fyrir kom að spunnið var ullarívaf,
(í daglegu tali veftun) í rekkjuvoðir, en líklega hefur verið algengara
að vefa þær þá með vaðmálsvend. Svo kemur nú að aðalskrautinu
í garnvoðinni, en það voru millipilsin, sem þá þótti ómissandi flík fyrir
konur á öllum aldri. Í þau var alltaf spunninn veftun úr góðri ull,
venjulega í ljósum litum, ljósgrátt, ljósmórautt, jafnvel fölgrænt eða
blákembt. Í randir voru hafðir dekkri litir, venjulega sauðalitir

í ýmsum litbrigðum, en oft prýtt

p3
með smáröndum í skærum
litum, venjulega rauðu eða bláu. Ýmist var mynstrið reglulegt eða
svokölluð elting, þ.e. fyrsta röndin í bekknum breiðust, en fóru vo mjókkandi,
síðast kannske aðeins 2 fyrirvöf. Venja var að hafa smárönd mitt
á milli aðalbekkjanna, gjarna "tennta" (þ.e. skyttunni skotið
tvisvar frá sama jaðri) og gerður munur á einskeftutenningu og vaðmálstenningu.
Stundum var randamynstrið vafið á spjald, áður en byrjað var að vefa,
einkum ef óvanir áttu í hlut. Venja var að hafa aðeins eitt pils
af hverri gerð og átti væntanlegur eigandi tillögurétt um mynstur og var
oft farið eftir þeim óskum. Sniðið var úr voðinni þversum, og stóðu
randir þá lóðrétt. Læt nú útrætt um þetta. Nú má gera ráð
fyrir að komið sé nálægt jólum og vefstaðurinn því tekinn upp og geymdur
fram yfir hátíðir. En meðan verið var að vefa garnvoðina, hefur verið
unnið af kappi að því að spinna í næstu voð, sem að öllum líkindum hefur
verið svonefnd buxnavoð, vegna þess að úr henni voru einkum saumaðar buxur
á karlmenn á

p4
öllum aldri. Aldrei
man ég eftir að saumaðir væru jakkar, en fyrir kom að gerðar voru einfaldar
úlpur, jafnt á konur sem karla úr slíkum voðum. Svo lengi sem ég
man eftir voru þessar voðir unnar úr sauðarlitri ull, ég held alltaf sauðsvartri.
Gerðin var klæðavend, öðru nafni "veiba". Alltaf
var spunninn tvöfaldur þráður, harðtvinnaður og undinn jafnt og fast á
sauðarvölur, hnyklarnir kippaðir upp á band og geymdir þannig, þangað til
farið var að rekja í voðina. Veftur var ýmist einfaldur eða tvöfaldur,
oftar þó hið síðarnefnda. Ekki voru þættirnir alltaf tvinnaðir saman,
heldur látinn duga snúður, sá sem kom á þegar undið var saman. Veftinn
skyldi vinda laust og mjúklega, gagnstætt þræðinum (þ.e. uppistöðunni),
enda oft hafður svo snúðlinur að slíkt hefði hann ekki þolað. Ef
veftur varð of snúðharður "gekk hann ekki að" eins og það var
kallað. Svona voðir var erfitt að vefa og þurfti mikinn aðslátt.

p5
Þegar kom fram á
útmánuði var svo röðin komin að salúninu, en það voru rúmteppi eða brekán.
Venja var að hafa ullarþráð í uppistöðu og venjulega var hann litaður
svartur. Ekki þótti bera nauðsyn til að vanda svo sérlega ullarvalið
í þráðinn. Aftur á móti var reynt að hafa góða ull í salúnið og jafnvel

veftinn, ef hægt var.

Venja var að lita
salúnið skærum litum, oftast rautt eða grænt, stundum voru líka hafðar
mjóar randir af öðrum lit, einkum þótti það fara vel að hafa skæra randaliti
með jurtalituðu salúni,sem var á tímabili nokkuð algengt.
Stundum var uppistaða og veftur garn (tvistur) og mun það hafa verið algengara
eftir að farið var að vefa dívanteppi. Að sjálfsögðu varð þá salúnið
að vera fínna, til þess að falla að, og vissi ég dæmi til að slík teppi
væru ofin úr aðkeyptu efni eingöngu (þ.e. fínt ullargarn í salún).

p6
Þá hef ég í stórum
dráttum lýst tilhögun við algengustu gerðir vefnaðar, en að sjálfsögðu
er þetta engin tæmandi lýsing, heldur einskonar rammi, gerður úr óljósum
minningum, seumum allt frá bernskudögum. Næst ætla ég að aðeins að
drepa á nokkur afbrigði frá því sem áður er lýst. Spurt er um hvernig
hagað hafi verið rakningu í tvílitar voðir. Því miður get ég enga
lýsingu gefið á því. Að vísu voru þannig voðir ofnar heima líka,
en mjög sjaldan. Ég minnist þess að til voru sængurver í 2 litum,
köflótt, sum rauð og hvít, en önnur blá og hvít og höfðu þau verið ofin
heima, en það var fyrir mitt minni. Eins og áður segir voru sængurver
ofin einlit í garnvoð t.d. rautt ívaf í hvíta uppistöðu, og varð af bleikt
eða blátt ívaf sem gerði misjafnlega ljósbláa voð eftir því hve litsterkt
fyrirvafið var. Allmiklu seinna (máske kringum 1930), var ofin heima
köflótt alullarvoð, minnir mig að bæði þráður og veftur væri einfalt, dökk
sauðsvart

p7
og mórautt. Kaflarnir
voru smáir, 6-8 þræðir gæti ég trúað. Úr þessari voð voru saumuð
"sport" föt, eins og tíðkuðust í kringum 1930, þ.e. pokabuxur
og blússur með rennilás. Hygg ég, að þessi voð hafi verið unnin þegar
ég var ekki heima, því að ég man aðeins eftir voðinni sjálfri, en ekki
hvernig hún var unnin, en ég dvaldi við nám á Laugarvatni veturinn 30-31.
Þá minnist ég einskeftuvoðar með garn í uppistöðu í mógráum lit,
og ullarívafi, sem einnig var einhvern veginn móleitt, en ýrt í skærum
litum, svo að þannig litlir smáhnökrar komu fram í voðinni. Þessi
voð var höfð í reiðföt kvenna. Síðustu voðirnar, sem ég veit
til að ofnar hafi verið heima, voru dívanteppi, sem faðir minn óf, þau
síðustu 1935 (hann lést 1936). Uppistaða var vefjargarn, mynstur svonefndur
Þelamerkurvefnaður. Fyrirvaf var að sjálfsögðu líka vefjargarn, en
salún var aðkeypt ullargarn. Litur var í sumum voðunum.

p8
Stálgrá uppistaða
og ívaf, og þá salúnið svart. Eitthvað af þeim teppum mun enn vera
til í Oddgeirshólum. Í öðrum voðunum var uppistaða ljósbrún og samlitt
ívaf, salún dökkbrúnt. Á ég ennþá teppi með síðarnefnda litnum. Þessi
teppi þóttu mjög falleg og munu hafa verið söluvara, en ekki man ég gangverð
á þeim. Spurt er hverjir einkum hafi annast vefnað. Heima voru það
fremur karlar en konur, sem það geru. Fyrst man ég eftir að vinnumaður,
sem var hjá foreldrum mínum, sat daglangt í vefstað, og munu honum ekki
hafa verið ætluð önnur verk meðan vefur var uppi. Að vísu fór hann
til sjós, en keppst var við að koma sem mestu frá áður en vertíð byrjaði.
Þessi maður er enn á lífi í Rvk. Faðir minn var ágætur vefari
og óf á tímabili flestar voðir, sem unnar voru heima. Þó man ég eftir
að einu sinni var fenginn gamall maður af næsta bæ, ágætur vefari, en ekki
man ég hvað

p9
hann óf. Síðar
lærði unglingar að vefa. Ég hygg að unglingspiltur, sem heima var
kringum 1920, hafi byrjað að vefa 15-16 ára og bróðir minn, sem einnig
lærði að vefa, mun hafa verið nálægt fermingaraldri þegar hann byrjaði.
Við tvær, þær eldri af þremur, systur, lærðum aðeins léttustu og
einföldustu aðferðir við vefnað. Á næsta bæ við Oddg.h. var húsmóðirin
ágætur vefari, og óf að ég hygg á hverjum vetri. Var hún vön að rekja
í voðirnar heima í Oddgeirshólum, og minnir mig að faðir minn hafi oft
reiknað út í voðina með henni og jafnvel móðir mín líka, sem alltaf fylgdist
með slíkum útreikningi, þótt ekki væri hún sjálf vefari.

Venja var að vigta
hnyklakippuna og sennilega hefur eitthvað verið dregið frá þyngdinni fyrir
völur, þótt ég muni það ekki. Síðan var mælt með alinmáli af einum
hnyklinum, og merkt glögglega við voðarlengdina með stórum hnút eða vilsitu
bandi. Undið aftur uppá hnykilinn og byrjað að rekja.
Rakningsgrind var þannig fest upp að negld var slá (lauslega) á sperrur
þvert yfir herbergið í

p10
mátulegri hæð. Síðan
var safnað saman öllum döllum og kyrnum, sem hægt var að láta hnykil velta
í. Balbínustóll var ekki til. Ekki man ég glöggt hvað "rakið
var á mörgum" eins og það var orðað. Minnir mig þó að 8-10 þræðir
væri algengast. Ekki man ég eftir að notaður væri rakningsspaði heldur
var þráðurinn látinn leika í greipum. Krísholt hétu trén, sem fest voru

í grindina þegar byrjað var að rekja. Hver umferð var kölluð feti. Ekki mátti rekja utan á slönguna. Minnir mig að venja væri að leggja jafnan nýja fetann neðan við það sem komið var. Öðru hvoru var talið og þó gjarna sett merki við en ekki man ég eftir að þau merki væri nefnd sérstöku nafni. Vel má vera að stundum hafi verið fullgildur aðstoðarmaður við rakningu, en ekki minnist ég þess að heiman. Aftur á móti vorum við krakkarnir snemma látin fara að fylgjast með, segja til þegar búið var af hnykli og rétta nýja, að ógleymdu því ljúfa verkefni að hirða kindur okkar

p11
upp úr döllunum,
jafnóðum og þær losnuðu úr fjötrunum, og var það oft fagnaðarfundur. Þegar fór að síga á seinni hlutann var oft venja að jafna á hnyklum, þannig að rekja dálítinn slatta ofan af heilum hnyklum, svo að mismunur yrði minni þegar dró að lokum. Þó minnir mig að stundum væri "fellt af", þ.e. þegar ekki voru til fleirri hnyklar til að bæta við, var rakið á 6-4 eða jafnvel tveimur að síðustu. Ekki man ég eftir að það héti sérstöku nafni, að taka slönguna af rakningsgrind. Eftir að búið var að binda tryggilega í skil, var slangan losuð fyrst var gerð á lykkja, sem var lauslega hnýtt, síðan var hendi stungið gegnum lykkjuna og þannig mynduð önnur lykkja, og svo koll af kolli eins og þegar hekluð er fit. Fyrsta atriðið við að bóma var að leggja í kamb.
Síðan var kamburinn staðsettur við bómuna og minnir mig að vefarinn

p12
sjálfur stæði við
kambinn og stjórnaði honum. En það þurfti líka valinn mann til að halda í slönguna og yfirleitt fannst manni þetta mjög hátíðleg athöfn á þeim árum. Kragar voru á rifnum, sem héldu að slöngunni báðu megin, en ekki treysti ég mér til að lýsa frágangi nánar. Dregið var í höföld með krækju og rétti annar fram. Var það lengi mitt starf að rétta. Venja var að bregða hnúti á endana, jafnóðum og dregið var í, sennilega hafðir álíka margir endar í hverjum lokk, þótt ég muni það ekki. Þegar dregið var í skeið, var skeiðarslagið bundið fast (við bómuna minnir mig). Kom dálítill skái á rittið, svo að það lá vel við. Nú rétti vefari sjálfur fram, en sá sem rétti endana í höföld dró í. Endar í tönn voru oftast 3-4, þó má vel vera að stundum væru 2.
Mig minnir að hnýtt væri á vissan endafjölda og síðan væri lykkjunum brugðið upp á framhnýtingarskaftið, þó má vera að mig rangminni þetta.

p13
Uppbindingu treysti
ég mér alls ekki til að lýsa, en heima var alltaf talað um að krækja upp.
Í skammelunum voru lykkjur úr galvaniseruðum vír og krókar úr sama efni í hliðaskammelum (minnir mig). Ég komst aldrei svo langt að læra uppkrækingu. Það var kallað að draga fyrir, þegar byrjað var á voð. Gjarna var þá athugað vel hvernig áferð yrði með mismunandi ígjöf. Það þóttu vandaðri voðir sem voru veftaðar, heldur en ef þráðurinn hafði betur, voru varpaðar, en að sjálfsögðu gengu þær síðartöldu voðir betur fram. Gefið var í með einu handtaki stóran eða lítinn boga, eftir því sem átti við á hverri voð. Betra þótti að færa oft spanstokkinn.
Þá varð voðin sléttari. Venja var að mæla álnarlangan spotta og bregða honum í vefinn og afköst mæld og talin í álnum. Talað var um að færa, þegar voðin var undin upp á og þar af dregið no. færa. Ég er búin með eina færu. Helstu gallar í voð minnir mig vera brigður (þ.e. verpingur).

p14
Var reynt að jafna
brigðurnar með ígjöf og ennfremur, ef skakkt varð fyrir var gefið meira í, þar sem minna gekk fram. Fyrirskekkja gat orðið til stórlýta, einkum ef randir voru í voðinni, því að þá vildi verða lengra á milli í þann jaðarinn, sem betur gekk fram, og alltaf þótti það galli, ef skakkt varð fyrir. Ekki man ég nú hvað talin voru venjuleg afköst við vefnað. Fór það að sjálfsögðu eftir dugnaði og æfingu vefarans, svo og gerð vefsins. Minnir mig að lagt væri að líku alin af garni-einskeftu og salúni, þegar greiðsla var tekin fyrir vefnað, og held ég að venja hafi verið að taka eina krónu fyrir hverja alin af þeim voðum. Fyrir grófari boðir var að mig minnir tekið frá 50-75 aurar. Það þóttu góð afköst, að vefa alin á klst. jafnvel þótt voðin væri gróf. Algengt var að bregða upp á gamni við vefarann og spyrja t.d. "Hvað ertu búinn að

p15
flækja margar í dag"?
Eða þegar kom að því að voðinni væri lokið: "Ertu nú dottin í sundur"? Venja var að hafa "afuggur (alltaf nefnt svo), sem styttstar, þó þótti ekki nauðsynlegt að nýta garnvoðir eins og vef og þráðarvoðir, því að hægt var að hagnýta garn-afuggur til að þræða saman flíkur, því að allt var saumað heima. Þegar búið var að klippa frá var voðin undin upp í stranga. Þótti þá tilvalið að bregða sér í Gilitruttarleik, ef einhver nennti að taka að sér hlutverkið.
Ef þæfa þurfti voðina, var hún tekin til þeirra aðgerða, sem því fylgdu þegar tækifæri gafst. Vatn var hitað í stórum potti á hlóðum, og

þar í látið þvottasódi og grænsápa, voðin þvæld þar í svo lengi sem þurfa þótti. Nú minnir mig að potturinn væri borinn út á hlað, voðin rakin upp úr brugðið í nokkuð langar, margfaldar

p16
lykkjur og sterkum
prikum, jafnvel járnkarli, brugðið í báða enda, annar endinn settur fastur, en snúið upp á hinn. Þannig var undið þar til voðin þótti hæfilega undin til að byrja þófið. Betur gekk að þæfa, ef voðin var höfð í votara lagi, en þá vildu bófarabrigður koma, og þær þóttu ekki prýða. Alltaf voru voðir þæfðar undir fótum, og oftast var það gert þannig að hleri var settur í einn fjósbásinn, þar sem hlýjast var, og þæft þar. Konur, einkum þær eldri töluðu um að láta "stíga upp á voðina", þegar þær áttu við þæfingu. Á seinni árum voru voðir oft sendar í verksmiðju (Álafoss) til þæfingar, og þá voru þær einnig pressaðar og lóskornar. Ef voðir voru pressaðar heima, var það þannig gert, að þær voru vafðar upp á fjöl (rúmfjöl) strax að þófi loknu, eitthvað sett til hlífðar utan um þær og síðan var einhver þungur hlutur látinn standa á, jafnvel svo vikum skifti.

p17
Eftir hæfilegan tíma
var rakið ofan af fjölinni, voðin lögð í stórt brot og "sofið á henni" í bókstaflegum skilningi, þeas. hún var lögð í rúm, em þá voru venjulega með þungum sængum. Var þetta þó nokkur pressa, því að allan daginn var setið á rúmunum við margskonar vinnubrögð. Svo sem áður segir kom það fyrir að voðir væru sendar til frágangs í verksmiðju. Mun það einkum hafa verið gert við vandaðri voðir. Mér eru í barnsminni dökkrauðir kjólar úr fínu vaðmáli, sem við systur áttum. Sömuleiðis dökkgræn föt, sem bróðir minn átti úr samskonar voð. Þykir mér trúlegt að það hafi verið litað og lóskorið í verksmiðju, þótt ég geti ekki munað það. Aftur á móti man ég vel eftir voð, sem ofin var heima, eftir að ég stálpaðist. Var það hvít alullarvoð, lituð rauð og höfð í kvenkjóla.
Vissi ég til að um það leyti voru slíkar voðir ofnar á fleirri bæjum í nágrenninu. Það er undarlega margt sem rifjast hefur upp, síðan ég fór að hugsa um

p18
að svara einhverju
af þessu. Meðal annars skaut því upp í huga mínum að einu sinni voru ofin í Oddgeirshólum rúmteppi með salún í sauðalitum. Minnist ég þess hversu falleg litbrigði komu fram frá dökkgráu niður í hvítt, ennilega 3-4 litir.
Mynstrið man ég ekki vel, ég hygg að það hafi verið bekkjagerðin, sem algengust var. En eitt er það sem mér er ómögulegt að

henda reiður á, og hef þó töluvert hugsað um það. Ég man eftir slitrum úr aflögðu rúmteppi með mynstri sem kallað var H og Ó. Ég þykist muna glöggt hvernig það leit úr, en get ómögulega náð því upp. Óskýr mynd af Þelamerkurmynstri fylgir með, ég er ekki úrkula vonar um að ég finni kannske smáprufu, sem ég þykist muna eftir og sendi hana þá seinna. Og mun nú má að linni.

p19

Yfirlit. Vefnaður:

Hef lýst vefnaði svo vel sem ég get, og vísast til þess. Vefstóll:

Get litlu bætt við það, sem myndin sýnir. Ekki vissi ég til að tvíbreiðir vefstólar þekktust. Venja mun hafa verið að þeir sem ekki áttu vefstóla kæmu vefnaði fyrir hjá öðrum. Hitt mun einnig hafa þekkst að 2 bæir væru um einn vefstól. Skeið: Ég man eftir einu ritti úr látúni, sem vafalaust hafur verið íslenskt, þótt ég viti ekki hver smíðaði. Það var gróft, mig minnir 40 tanna, miðað við tennur á kvarteli. Að sjálfögðu var það aðeins notað á grófar voðir. Algengust voru 60-70-80 tanna rittin. Trúlegt þykir mér að lengdin hafi verið sú, sem þarna er nefnd.

p20

Vefskytta: Gott þótti að eiga margar skyttur. Ég get ekki munað úr hverju þær voru, minnir þó óljóst að faðir minn smíðaði skyttur, ef þurfti. Einhverskonar "skíði" voru undir sumum skyttum, fjaðrir úr látúni eða jafnvel sléttum vír. Sumar voru með heilum botni en venjulegra var að spóluholið væri opið ofan og neðan, spóluteinn beinn og sléttur, féll að lítilli plötu en fyrir innan plötuna lítil fjöður, sem hélt teininum í réttum skorðum meðan raknaði af spólunni. Spóluhólkar smíðaðir úr sléttu járni, stundum líka spólað á aflögð spil, aldrei fiskroð. Spólurokkar:

Venja var að spóla á óvandaðan rokk, tvinningarrokk. Tréteini var stungið í pípuna og spólunni smokkað þar upp á. Rokkurinn stiginn eins og þegar spunnið var. Á næsta bæ var til stór handsnúinn spólurokkur, og var hann stundum fenginn að láni, ef ekki var vefstóll uppi þar, þegar verið var með vef heima.

p21

Eftir að prjónavél kom að Oddgeirshólum 1923 eða 1924 var alltaf spólað á spólurokk, sem fylgdi henni. Spanstokkur: Alltaf nefndur svo, en síðar heyrði ég talað um spjálk (talið skaftfelskt). Tennur, 3 minnir mig, voru í endunum, sem vissu út í jaðrana, endarnir sem féllu saman voru annar með 2 álmum hinn með einni og féll hún í bilið milli þeirra tveggja á þeim

fyrrtalda. Allar voru álmurnar gataðar með jöfnu millibili. Lítill vírteinn féll í götin og var hægt að lengja eða stytta í eftir þörfum. Lítill snerill var festur á tvíarma hlutann og með honum var lokið þegar stokkurinn hafði verið spenntur, svo sem mátulegt var talið. Að leggja upp: Áður lýst eftir bestu getu. Að reikna í skeið: Treysti mér ekki til að lýsa því.

p22

Að reikna í vef:

Kannast við öll þau orð sem þarna eru nefnd. Rakningsgring: Áður lýst. Balbínur: Get ekki lýst þeim. Rakningsspaði: Þekkti aldrei það áhald. Rakningsstokkur: Ekki til í Oddgeirshólum. Sá einu sinni slíkan stokk með ferköntuðum hólfum, man ekki hve mörgum. Rakning á rakningsgrind: Áður lýst. Rakið á vegghæla: Þekkti það aldrei. Rakið á rúmstólpa: Sá það aldrei gert. Hafaldagrind: Minnir að það væri nefnt hafaldatré, sendi lítið sýnishorn.

p23

Hafaldaefni og höföld:

Í höföldin var alltaf notað seglgarn (netagarn). Stálhöföld hef ég aldrei séð.

Ekki veit ég við hvað er átt með vartág. Á vefstaðnum í Oddgeirshólum léku hafaldasnúrur á litlum hjólum, trissum. Mig minnir að yst á hafaldasköftunum hafi verið festir smánaglar, sem héldu að. Höföldin geymd hjá öðru lauslegu úr vefstað. Að öðru leyti vísað til sýnishorns. Vefjarkambur: Tennur úr tré, festar í neðri hluta kambsins, efri hlutinn laus, svo að hægt var að opna til að láta í kambinn og loka síðan. Að láta í kamb: Það mun hafa verið algengara "að leggja í kamb", en hvorttveggja þekktist. Treysti mér ekki til að lýsa þessu nánar en þarna er gert. Að festa upp: Algengast var "að setja til".

p24

Að bóma vef: Talað var um að bóma. Að öðru leyti áður lýst eftir bestu getu. Að draga í höföld: Áður lýst. Að draga í skeið: Áður lýst. Að hnýta fram: Þegar losað var um skeiðarslagið kom slaki á. Minnir mig teini væri stungið í lykkjurnar, snærum brugðið um þa 3 stöðum og ofið með þeim þar til voðin náði niður á rifinn. Þá voru snærin tekin, teinninn lagður í gróp í rifnum og undið upp á.

Að fella vef: Mig minnir að það væri nefnt svo. Áður lýst nánar. Þóf: Að nokkru lýst áður. Venja var að karlar þæfðu, væru í léttara lagi klæddir. Oft var hrist upp, þ.e. einhver annar kom og

p25
tók í voðarendann,
stóð svo sem faðmslengd frá þófar og kipptu þeir í, þannig að sléttist sem best úr hrukkum. Það þótti betra, ef háir smellir komu og voru þeir nefndir strákar. Þeir óverulegri hétu þá auðvitað stelpur. Síðan var auðvitað fært til, þar til búið var að hrista upp alla voðina. Þófið varð fallegra, ef oft var hrist upp. Venja var að bera þófaranum kaffi eða annan glaðnig, svo oft sem hann óskaði og minnir mig að hann fengi líka einhvern sérstakan glaðning þegar þófi var lokið eða kannske að kvöldi sama dags. Það var þófarabiti. Frágangi þæfðrar voðar áður lýst. Vefjarsýnishorn: Hef nýlega sent smá sýnishorn og ef ég skyldi finna eitthvað fleirra, skal ég halda því til haga.

p26
Þófaraþula: Bárður minn á Jökli - leggst þú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - leppana innan í skóna - naglabrot í skipið þitt - ef þú þæfir þófið mitt - mórautt lamb og gimburskel - og meira ef þú þæfir vel. Eftirfarandi vísu kenndi mér gömul kona í Oddgeirshólum, Sigríður Oddsdóttir: Þófarinn sat á hörðum stokk - hafði iðju stranga - þegninn var að þæfa sokk - þótti honum ekki ganga.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1898
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1321

p1
Ull og tóvinna 3.
Formáli: Þar sem ég var barn á þeim árum, sem svörin miðast einkum við, get ég ekki lýst öðru um vefnað, en því sem ég sá og veitti eftirtekt á mínu æskuheimili. Það var þó ýmislegt, sem ég lærði aldrei er snerti vefnað, eins og t.d. að reikna út í vef ofl. Vefstóll föður míns var hraðskyttuvefstóll, líkastur að gerð vefstól C og voru 4 hafaldakambar og 4 sköft á þessum vefstól, sem fest voru við 4 skammel, er vefarinn steig eftir vissum reglum. Vendin á voðinni fór eftir því hvernig dregið var í höföldin og varð að stíga skammelin eftir því hvaða vend var á voðinni. Aldrei lærði ég þessar listir, því ekki var unglingum treyst til að vefa fyrr en þeir voru orðnir nær tvítugir að aldri. Sama var að segja um að rekja vef. Hjá foreldrum mínum var oftast ofið vaðmál, en einnig klæði, dúkur og vormeldúkur, en ekki einskefta, salon eða glit. Dúkur var oftast úr tvisti ofinn.
Mun ég nú svara spurningunum eftir getu. Faðir minn smíðaði vefstólinn að öllu leyti.

p2
Vefnaður almennt:
Sjaldan var vefur settur upp fyrir jól, nema efnið væri til frá vetrinum áður eða þá tvistur hafður í vefinn. Ef svo var, var vefurinn settur upp um veturnætur og lokið við hann fyrir jól. Oftast var vefur settur upp í þorrabyrjun, og svo annar í miðgóu, ef þorravoðin var ekki svo löng að það tæki alla útmáðunina að vefa hana, en sjálfsagt þótti að ljúka vefnaði fyrir sumarmál, því þá hófst útivinna, ef tíð var góð. Heima hjá mér ófu faðir minn og elsti hálfbróðir minn aðallega, en fyrir kom þó að móðir mín og næstlesti hálfbróðir minn gripu í vefinn, ef tími gafst til þess. Aldrei var ofið nema á milli mála á meðan bartast var. Þóttu góð afköst á þeim tíma að vefa 3-5 álnir milli mála í hraðskyttuvefstól, en seinlegra var að vefa í handskyttuvefstól, miðað við vðamál. Austan

vatna voru til menn, sem fóru um að vefa, en ekki veit ég hver laun þeir fengu auk fæðis.

p3

Vefstóll: Hann nefndist ætíð vefstóll. Ég hygg að til hafi verið á stöku bæ í Skagafirði gamlir kljásteinsvefstólar fram undir miðja 19. öld. Jón Samsonarson alþm. í Keldudal í Hegranesi mun hafa átt einn slíkan, en ekki notað hann.

Úr honum voru til nokkrir kljásteinar fram á mína daga í Hróarsdal, sem var næsti bær. Allir eru þeir löngu týndir. Eins og ég tók fram á spássíu formálans, smíðaði faðir minn sjálfur sinn hraðskyttuvefstól.

Grind hans var svipuð grindinni á gerð A, nema uppihöldin (10) náðu lengra fram og hékk slagborðið niður úr þeim eins og á C, en hinar háu stoðir að framan frá fótstykki til uppihalda (23) vor ekki, heldur voru hliðarstoðir úr afltré í uppihöld aftan við slagborð. Að öðru leyti líktist hann mjög C og vefjarslöngurifur á sama stað, en honum var snúið með þar til gerðum lykli úr járni (sjá bakhlið). Engum smið man ég eftir er smíðaði vefstóla til sölu. Um verð á

p4

vefstólum heyrði ég aldrei talað, en dýrir voru þeir. Sigurður Ólafsson á Hellulandi, smíðaði sinn vefstól einnig. Það var hraðskyttuvefstóll.

Sigurður fann upp og smíðaði svonefnda "skaftavél". Það var einskonar hraðskyttuvefstóll, en þannig gerður að ekki þurfti annað en að slá slagborðinu á ívafið, þá gerði vélin sjálf skilið og skaut skyttunni.

Aldrei sá ég þessa vél, en til mikils skaða eyðilagðist hún. Í þessari vél var auðvelt að vefa 20-25 álnir á milli mála. Nú er þessi uppgötvun þessa mæta manns með öllu glötuð. Aldrei sá ég né heyrði talað um tvíbreiðan vefstól. Hraðskyttuvefstólar voru mjög líkir handskyttuvefstólum að gerð, nema slagborðið. Í slagborði hraðskyttuvefstóls voru bönd og kólfur, sem var í sambandi við skyttuhulstrið. Í þennan kólf var kippt ýmist til hægri eða vinstri og rann þá skyttan með miklum hraða gegnum skilið og í skyttuhulstrið hinu megin og um leið raktist ívafið af spólunni í skyttunni. (Hér er teikning á bakhlið blaðsins).

p5

Af 16 bæjum í Hegranesi var vefstóll á 6 bæjum. Á hinum bæjunum fengu sumar konur ofið hjá nágrönnunum. Aðrar lögðu oft saman í vef við grannkonur sínar, þannig að þær lögðu t.d. til 1/3 eða helming af uppistöðu og ívafi í vefinn og fengu svo 1/3 eða helming voðarinnar eftir því sem þær höfðu lagt til frá sér. Ekki vissi ég hvað tekið var fyrir að vefa hverja alin voðar, því faðir minn tók aldrei neitt fyrir, þó hann væfi þannig fyrir nágranna sína, enda voru þeir flestir fátækir. Um verð á vefstólum er mér ókunnugt, því þeir gengu sjaldan kaupum og sölum, nema þá helst á uppboðum

á dánarbúum og þar var ekki fast verð. Vefjarskeiðar: Tvær skeiðar notaði faðir minn, aðra fína á venjulegar voðir og hina grófa til að vefa brekán úr tvinnuðu bandi og annað gróft vefjarverk. Skeiðar þessar voru úr stáli og

p6
smíðaðar erlendis.
Lengd skeiðanna var um 5 kvartél. Aldrei vissi ég tannafjölda þeirra á kvarteli. Vefjarskyttur: Þær voru tvennskonar, hraðskyttur og handskyttur. Hraðskyttan var lengri en handskyttan. Neðan á hraðskyttunni voru 2 rúllur, sem snérust á ás. Þær voru sín við hvorn enda á spóluraufinni (sjá teikningu). Á endum hraðskyttunnar voru oddhvassar hettur úr stáli, sem gengu inn í leðurhólkana neðan á rennilokunum í slagborðinu, og var skyttunni skotið gegnum skilið með því að kippa snöggt í kólfinn, ýmist til hægri eða vinstri. Leðurhólkarnir voru trektlaga. Aðalefni í hraðskyttum og handskyttum var harðviður, brenni eða maghoni. Neðan á handskyttum voru spennur eða einskonar skíði úr eir eða látúni, til þess að þær rynnu betur gegnum skilið.

p7
Faðir minn renndi
spólur í skytturnar, oftast úr brenni (beiki), ef það var til. Aldrei heyrði ég talað um að voð væri notað í stað spólu eða annað efni en tré.
Spólurokkur: Flestir notuðu gamla rokka til að spóla á. Var þá settur sérstakur spóluteinn í rokkinn í stað snælduumbúnings.
Trissa með skorum var aftan á spóluteininum. Faðir minn notaði gamlan svonefndan skotrokk til að spóla á, höfðu 2 hjól verið á honum áður.
Pallur þessa rokks var óvenjulega langur. Fjórir stuðlar voru upp úr pallinum, tveir á hvorum enda pallsins. Þverslár voru á milli þessarra stuðla, og á þeim voru skörð fyrir hjólteinana. Upp úr miðjum þverslánum voru afturstandari og framstandari og biti var á milli standaranna fyrir ofan hjólin. Jómfrú fyrir spóluteininn

p8
var upp úr framenda
bitans. Spjálk: Það, sem hélt jöðrum voðarinnar út, er ofið var, var æfinlega nefnt spjálk. Spjálkin var ætíð sett rétt fyrir framan vefarann í voðina. Í spjálkinni voru 3 járnoddar út úr endunum, sem gengu í gegnum jaðra voðarinnar. Ekki veit ég hvernig lagt var upp í vef og ekki hvernig reiknað var í skeið eða vef. Ívaf var ætíð nefndur þráðurinn á vefjarspólunni og var sá þráður snúðlinari en þráður í uppistöðunni. Rakningargrind: Hún var ætíð nefnd rakgrind.
Það voru raunar 2 grindur. Var önnur ögn minni en hin þ.e. lægri. Göt voru gegnum þessar grindur að ofan og neðan og gekk sívalur hæll eða stutt prik í gegnum þessi göt.

p9
Neðri hællinn lék
í holu í gólfinu, en sá efri lék í svift úr leðri, er fest var á bita neðan
í loftinu. Tréð sem skilhælarnir voru festir á var ætíð nefnt grísholt.
Rakgrindur voru til víðast, þar sem vefstólar voru til. En
væru þær ekki til voru þær fengnar að láni. Aldrei heyrði ég talað um að
rakið væri á hælum. Balbínusnældur og balbínustóll. Þær nefndust
ætíð Balbínusnældur, voru lengri en rokksnældur og með stóra einfalda snúða
á báðum endum. Snældueggurinn var holur innan og var honum smeygt upp
á spóluteininn á spólurokknum, þegar balbínað var á þær. Oft var
balbínað á 10 snældur í vefn, en stundum á 12 snældur. Svo voru þær
settar í balbínustólinn (sjá teikningu) til að rekja af þeim. Þessir
10 eða 12 þræðir nefndust feti.

p10
Þegar balbínað var,
var hespan sett á svonefnda krónu eða garnavindu og snérist þá krónan,
þegar þráðurinn raktist af hespunni. Einfaldasta gerð af garnvindu
var hin svonefnda krosskróna, sem líktist vængjum á hesputré. Faðir
minn bjó til krónur úr mörgum þunnum, löngum tréræmum, er festar voru í
snúða efst eða neðst á krónuleggnum, var sú samsetning allflókin. Efri
snúðurinn var laus og gat færst upp og niður á leggnum, og mátti því leggja
krónuna saman, þegar hún var ekki í notkun, en svo mátti þenja hana út,
eftir stærð hespunnar, þegar balbínað var af henni. Rakningarspaði:
Notkun hans var óþekkt í Hegranesi. Aldrei var þar heldur rakið
úr hnyklum heldur ætíð af snældum, og var því rakningarstokkur aldrei notaður,
enda sá ég það verkfæri aldrei.

p11
Rakning á rakgrind:
Um rakningu á rakgrind get ég lítið sagt, því við krakkarnir máttum
ekki vera inni þar sem rakið var. Sagt var að við trufluðum þann
sem rakti. Venjulega var aðeins einn maður, sem rakti. Rakgrindin
ar sett upp í stofu frammi í bæ. Inn um glugga þar sá ég að rakningsmaður
setti merki í uppistöðuna með mislitu ullarbandi. Ein umferð á grindinni
upp eða niður nefndist feti. Í fetabandið var einn bandspotti settur,
sem merki að neðan í skilin. Ekki var rakið utan á, heldur ofan eða
neðan við fetana. Fullrakin uppistaða nefndist slanga. Jafnan var
rakið ögn umfram hverja alin í voð til að voðin skryppi ekki saman (styttist)
var þetta nefnt yfirvarp. Hvergi í Hegranesi var rakið á veggjahæla
eða rúmstólpa, en vel getur verið að það hafi tíðkast í öðrum sveitum,
þó ég heyrði aldrei talað um það.

p12
Hafaldagrind og hafaldaefni:
Ég kynntist aldrei hafaldahnýtingu, því höföld föður míns voru öll

með stálaugum og voru stálaugun hnýtt í seglgarn, sem hafði verið áður
bleytt í fernisolíu. En þessi höföld höfðu öll verið sett upp fyrir
mitt minni. Hafaldaaugu úr stáli munu fyrst hafa komið í Skagafjörð
laust eftir 1880 með Gunnari Olafssyni í Ási, sem um það leyti fór til
Danmerkur að læra nýtísku vefnað og flutti heim með sér nýjan hraðskyttuvefstól
með öllu tilheyrandi. Vartóg hét bandið, sem varnaði því að höföldin
færu útaf sköftunum. Vefjarkambur: Það nafn heyrði
ég aldrei á þessu verkfæri. Það var ætíð nefnt eknir. Halldóra
Bjarnadóttir nefnir það fetakamb. Nafnið eiknir mun stafa af því
að tækinu var "ekið" hægt fram og aftur þegar bómað var, til
að greiða sundur þræðina. (sjá teikningu).

p13
Það var nefnt að
leggja í ekni, þegar fetarnir voru lagðir í tennur hans. Skaftið
í gangaskilinu nefndist rifskaft. Rifskaftið var sett í rauf í rifnum
og bundið fast á endunum við rifinn eftir að lagt var í ekninn. Ekki
man ég vel hvernig gengið var frá skilþræðinum. Að setja til. Allt
verkið, við að bóma eða vinda slönguna á slöngurif, draga í höföld og skeið
og festa uppistöðuna við voðrif eða framrif, hét einu nafni að setja til
vefinn. Að bóma: Það var kallað að bóma, að vinda lsönguna
á rifinn. Rifnum var snúið með lykli sem gekk upp á enda rifsins.
Á endum rifsins voru lausir snúðar, sem vörnuðu því að slangan færi
út á ystu enda rifsins. Tveir unnu við að bóma. Annar snéri rifnum
hægt. Hinn passaði eknirinn og gætti þess að þræðir slitnuðu ekki
og hnýtti saman, ef svo fór.

p14
Sá þriðji passaði
slönguna. Skilsköftin voru sett rétt framan við bómuna fyrir aftan
höföldin. Að draga í höföld og skeið: Við það unnu
tveir, annar rétti þræðina, en hinn setti krókinn gegnum hafaldaaugað og
dró þráðinn gegnum það. Þegar búið var að draga vissan þráðafjölda
í höföldin, voru endarnir hnýttir í lykkjuhnút framan við höföldin. Tveir
unnu einnig við að draga í skeið. Annar rétti krókinn gegnum tennur skeiðarinnar,
en hinn rétti þræðina á krókinn. Krókurinn var langur og mjór. Skeiðin
var höfð í slagborðinu á meðan dregið var í hana. Venjulega voru
2 eða 4 þræðir í tönn. Með vissum millibilum var hnýtt framan við
skeiðina. Þegar ídrætti var lokið, var hnýtt á skaftið, sem gekk
á voðrifinn. Þetta skaft var fest við voðrifinn með löngum snærum,
sem bundin voru

p15
um báða enda skaftsins
og fest í voðrifinn. Að draga fyrir: Þegar byrjað var að vefa
var ívafið látið í mörgum smábogum í skilið fyrst. Hét það að gefa

fyrir. Þegar komið var nokkur stúfur af vef, oftast eitt kvartil (6 þuml.), voru spjálkin set í voðina svo að hún vefðist ekki inn. Ef þráður slitnaði í uppistöðum var bætt í nýjum þræði og var þá endi hans oftast laus, en hinn endinn hnýttur aftan við skeiðina. Jú, ég heyrði talað um að fylgjur sumra gesta vildu slíta þræði, en helst var það sagt í spaugi. Hver einstök vinding á voðrif nefndist færa. Að fella vef var það nefnt þegar voð var lokið og hún tekin úr vefstólnum. Þráðarendarnir, sem gengu af þegar vefur var felldur nefndust undanskurður. Ef þeir voru nógu langir í nálþráð voru þeir notaðir til að stoppa í göt á sokkum.
Annars voru þeir líka oft

p16
snúnir saman á hrosshárssnældu
og notaðir í hnappheldur á hross ofl. Stundum var þetta notað í lambahöft á meðan fært var frá. Þóf: Vatnið eða keytan var hituð upp undir suðu í stórum potti. Síðan var voðin lyppuð niður í stóran stamp og keytunni hellt yfir hana svo að hún varð vel blaut. Væri keyta ekki til, var notað vatn, sem grænsápa var leyst upp í. Síðan var stampurinn borinn fram í bæjardyr. Þar var voðin tekin upp úr stampinum og lögð saman tvöföld. Skaft var sett í lykkjuna á voðinni.
Annar vindingsmaður gett með boðarlykkjuna fram á hlaðið og gætti þess að voðin snerti ekki jörð. Hinn vindingsmaðurinn setti skaft fast í báða enda voðarinnar í dyrunum. Sá, sem gekk fram á hlaðið snéri nú upp á voðina með

p17
skaftinu og vatt
hana þar til ekki lak lengur úr henni. Síðan var snúið ofan af voðinni aftur og hún borin inn og sett á hurð eða sléttan tréfleka sem settur var upp í lokarekkjunni í baðstofunni Þófarinn klæddi sig nú úr öllu nema brók og skyrtu, því verkið var erfitt og hlýtt í baðstofunni. Síðan steig hann í lokrekkjuna og var þá tjaldað brekáni fyrir opið á lokrekkjunni.
Þófarinn studdi nú höndum á slána yfir lokrekkjudyrunum og tók til að hoppa og hamast á voðinni og velti henni aðallega undir fótum sér. Á klukkustundar fresti var svo þófið athugað og "kippt" sem kallað var til þess að "brigður" kæmu ekki í voðina og svo að þær hyrfu, ef komnar voru. Tvo þurfti til að "kippa". Var voðin þá sett fram á gólf og byrjað á öðrum enda hennar að kippa. Annar maðurinn hélt í hornin á enda voðarinnar en hinn í jaðra voðarinnar um þrjár álnir frá enda. Sú lengd var nefnd "færa". Síðan kipptu þeir snöggt og samtímis í voðina út og að sér þannig að small hátt í. Voru brigður komnar í voðina var togað fast og sígandi í þær til að slétta úr þeim. Svo tók endamaður í voðina þar sem hinn hélt áður og dró hana til sín eina færulengd, en hinn tók í jaðra voðarinnar á nýjum stað og svo kipptu þeir eins og áður og færðu sig eftir voðinni þar til búið var að "kippa" henni allri. Þeir stóðu alltaf í sömu

sporum á meðan. Svo var voðin aftur sett á hurðina og þófinu haldið áfram þar til fullþæft þótti, en það held ég að hafi verið smekks atriði hverju sinni hvenær fullþæft þótti. Þó munu vígindin hafa átt að hverfa í lónni.

p18

Votaþóf var þæft í stampi nálagt ofni eða eldavél vegna hitans. Hafði þá þófarinn stólbak til að styðja höndum á, er hann þæfði. Þegar kippt var þurfti að fara út með stampinn og kippa úti, vegna bleytu frá þófinu. Hvíldi þófarinn sig þá inni, á meðan aðrir kipptu úti, þar sem hann var fáklæddur.

Venjulega drakk hann þá kaffi með lummum. Var það nefnt þófarakaffi.

Sama var með þurraþóf, að þófari drakk meðan kippt var. Venjulega fékk faðir minn afbæjarmann til að þæfa. Var það ætíð í vinnuskiptum þannig að faðir minn smíðaði eitthvað úr tré eða járni fyrir þófarann í staðinn. Að loknu þófi var voðin hengd út á snúru í mörgum lykkjum og látin þorna. Síðan var hún vafin vandlega upp á breiða fjöl og þess vandlega gætt að ekki voru brigður í henni og teigt vel á henni. Þetta urðu tveir að gera.

p19

Svo var vefjarstranginn settur á borð eða flatt kistulok og breið fjöl sett ofan á hann. Ofan á fjölina var sett þungt farg, venjulega margir steinar og voðin látin liggja undir því í 2-3 daga. Aldrei vissi ég til að voðir væru sendar úr minni sveit í verksmiðjur til lóskurðar, og ef litað var, þá var það gert heima. Þófaraþulu hef ég aldrei heyrt en oft rauluðu þófarar vísur á meðan á þófinu stóð. Alls staðar mun hafa verið lagt niður í Skagafirði að þæfa í tunnu um síðustu aldamót, enda var sú aðferð bæði erfið og svo þurfti tvo menn þar til að vinna verk, sem einn gat unnið.

Þeir urðu að liggja á hryggnum og sparka viðinni á milli sín innan í botnlausti tunnu.

p20

Eftirmáli: Vegna fáfræði minnar um ýmis atriði er snerta vefnað hef ég því miður ekki þurft að nota öll blöðin, sem þið senduð mér til að skrifa á um vefnað. Datt mér því í hug að senda ykkur nokkrar dulspár sem fólk hér nyrðra hafði talsverða trú á í mínu ungdæmi. Það má segja að slíkt teljist einnig til íslenskra þjóðhátta og þetta er nú óðum að hverfa og gleymast, en það lýsir þó að nokkru sálarlífi og hugsunarhætti þjóðarinnar á liðnum tímum.

1. Væri maður hársár (þ.e. þyldi illa að tekið væri í hár hans) átti hann að verða hræddur um konu sína, er hann giftist. Sama var um konur, þær áttu þá að verða hræddar um mann sinn að hann yrði þeim ótrúr.

2. Klæjaði mann í lófann átti hann að fá gjöf. 3. Klæjaði mann í nefið átti hann að reiðast innan skamms.

p21
4. Ef manni svelgdist
á kaffinu sem hann drakk var sagt að sækti ofan í hann. Átti þá gestur
að koma sem langaði í kaffi. 5. Ef kýr sló afturundan sér á básnum
átti það að boða gestakomu á bæjum eða í fjósið. Ég hef veitt því
eftirtekt að þetta er rétt, hvernig sem kýrin fer að vita þetta. 6.
Ekki mátti brjóta fótlegg úr kind til mergjar. Þá átti kind að fótbrotna,
sem sá átti, er braut legginn. Til að ná mergnum var því borað gat
í afturenda leggsins og annað gat var borað neðan á legginn og mergurinn
soginn ú um þessi göt. 7. Málbein nefndust þunnu hamarlaga beinin
sitt hvoru megin í tungurótum kinda og í nautgriðum. Þetta bein mátti
ekki brjóta. Ef það var gert átti barn þess er braut beinið að verða
mállaust. Beininu átti að stinga í holu í moldarvegg. 8. Maríufiskur
nefndist fyrsti fiskur sem maður dró á færi úr sjó. Þennan fisk

p22
átti sá, sem dró
hann, að merja og sjóða hann er heim kom og éta hann sjálfur. Þá
átti hann að verða mjög fiskinn. 9. Ætíð átti sláttumaður að brýna
ljá sinn áður en hann gekk ú slægju, hvort sem hann hætti slætti styttri
eða lengri tíma. Að öðrum kosti mundi skrattinn þverbrýna fyrir eggina
á ljánum þar til sláttumaður notaði ljáinn næst. Þetta hefur nú líklega
verið fundið upp af einhverjum vinnukergju bónda sem lét sig muna um brýnslustundina,
þegar byrjað var að nýju að slá. 10. Ekki mátti leggja hrífu frá
sér þannig að tindirnar sneru upp, því þá átti að koma rigning. Tilefni
þessa hefur nú líklega verið það að menn gátu stigið á tindana og meitt
sig eða brotið tindana. 11. Jafnan átti að signa krossmark undir
júgur á kúm og ám, þegar mjöltum lauk.

p23
Þá gátu tilberar
ekki sogið þær, svo að þær fengju illt í júgrið. 12. Ef kind
jarmaði upp á þann, sem átti að slátra henni, mátti ekki lóga henni, því
þá átti hann að verða ógæfumaður. Það vissi ég til að kind var aldrei
slátrað þegar þannig vildi til, heldr var hún jafnan látin lifa. Sagt
að hún bæði um líf. 13. Ef hluti af mjógirni kindar, sem slátrað var að
hausti, var tómur átti það að boða harðan vetrarkafla á næsta vetri. Væri
tómi hlutinn næst vinstrinni átti að verða hart til jóla. Væri það
miðjan úr mjógirninu, átti miðhluti næsta vetrar að verða harður. En
væri tómi hlutinn næst langanum varð einmánuður og vorið hart. Þetta
hygg ég mjög gamla trú, komna frá Rómverjum, sem þóttust oft sjá fyrir
óskeða hluti í innyflum fórnardýra. 14. Mikill fífuvöxtur, einkum klófífu
átti að boða harðan vetur.

p24

Þannig mætti lengi
telja dulspár, sem fólk trúði á og sem ýmsir trúa enn, meira og minna,
en hér læt ég nú staðar numið að sinni. Nýlega heyrði ég
í þjóðháttarþætti útvarpsins um merkisdaga og var svonefndur bolludagur
einn þeirra. En sá sem flutti, virtist ekki vita um uppruna þessa
siðar, sem bolludagur er sprottinn af. Dagurinn hét áður hýðingardagur.
Þannig var það nafn til komið að ekki mátti hýða börn eða refsa þeim
á annan hátt fyrir yfirsjónir á meðan langafasta stóð yfir. Var því það
ráð tekið að hýða þau fyrirfram á mánudag í föstuinngang fyrir brek, sem
þau kynnu að gera á föstunni. Fór þá fjöldi vandarhagga eftir því
hvort barn var baldið eða ekki. Líklega hefur nú hýðandinn stundum
verið hlutdrægur í þessu, ef um hreppsbörn var að ræða, því meðferð þeirra
er svartur blettur á menningarsögu Íslendinga.

p25
Þættu vandarhöggin
of fá á hýðingardaginn miðað við yfirsjónir barns yfir föstutímann, þá
mátti bæta nokkrum vandarhöggum við refsinguna á laugardaginn fyrir páska.
En þætti flenging á hýðingardag hafa verið of hörð átti að bæta það
upp með ýmsu góðgæti um páskana. Þessi hýðingasiður mun nú að mestu
hafa verið aflagður fyrir mitt minni. Að minnsta kosti vorum við
krakkarnir aldrei flengd þannig. En bolluvendir nútímans eiga vafalaust
rót sína að rekja til þessa leiðinlega siðar.

Lokaorð: Kæru
vinir. Þetta verður nú ekki lengra að sinni og bið ég ykkur að fyrirgefa
hve lengi hefur dregist hjá mér vegna búsýsluannríkis, að skrifa þetta.
Bið ykkur líka að taka viljann fyrir verkið og vinda á betri veg
það sem áfátt er í þessu skrifi öllu. Vænt þætti mér um ef þið leyfðuð
orðabókarmönnum

p26
Háskólans að líta
yfir þetta, svo þeir gætu tínt þar upp ef þeir yrðu varir við einhver orð
sem þeim þættu merkileg. Þakka ykkur svo jólakort og vinsemd á liðnu ári
og óska ykkur og safninu árs og friðar á nýbyrjuðu ári. Selnesi á
Skaga 3. febrúar 1967 ykkar einlægur Jón Norðmann Jónasson
Hróarsdal.

Poste skriptum: Því
miður á ég ekkert af gömlum vefnaði til að senda ykkur. En ég skal
athuga hjá eldra vinafólki mínu hér nyðra hvort það á nokkuð slíkt og þá
fá það til að senda ykkur. Með bestu kveðju J.N.J.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1897
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1303

p1
Ull og tóvinna 3.
Ekki er ég nógu kunnugur hér í sveitinni, meira að segja, til að geta greint frá því með fullri vissu hvenær venja var að byrja vefnað að hausti, eða öllu heldur fyrripart vetrar, því fyrir veturnætur hygg ég hafi verið mjög óvenjulegt, að vefur væri upp settur. Heyannir stóðu tíðast fram að réttum og stundum lengur, og svo kom sláturtíðin. Þar sem var fjöldi vinnukvenna, má þó vera að ullarvinna hafi byrjað strax að heyönnum loknum. Ég heyrði talað um gamla konu, sem sennilega hefir verið uppi um og eftir miðja 19. öld, og var sagt, að hún hefði hagað sláturgerð þannig, að vinnukonurnar voru með henni í starfi til hádegis, en þá gaf hún þeim kaffi og sláturbita, og svo fóru þær til baðstofu í tóvinnuna. Þessi kona hefir sjálfsagt getað látið vinna þráð í voðarstúf fyrir veturnætur. Ég held, að það hafi verið mjög ótítt að hægt væri að fella voð fyrir jól, ef hún komst upp fyrir hátíðarnar, enda var ekki eins mikil áhersla lögð á að gera voð ekki jólafeita, eins og prjónlesið, en það mátti helst

p2
ekki vera prjónn
í lykkjum yfir jólin, því þá varð flíkin, það sem kallað var jólafeit, og það mátti engan veginn. Ekki heyrði ég þó talað um viðurlög.
Það þótti æskilegast að þurfa ekki að sinna vefnaði eftir að voryrkjur hófust fyrir og um Krossmessu eða jafnvel sumarmál, og fór það eftir veðri.
En ósjaldan held ég þó, að vefur hafi staðið uppi nokkuð langt fram á vorið, amk. eftir að ég man til. Ekki er ég nógu fróður um það hver voðin var látin ganga fyrir, ef tvær eða fleirri voru upp settar yfir veturinn, en líklegt þætti mér, að óvandaðri voðinni hafi verið lokið fyrst, bæði af því, að venjulegast hefir verið nauðsynlegra að koma af því efninu til heimilsbrúks, og svo var fljótlegra að gimbra upp óvandaðri þræðinum, heldur en fíngerðara voðarefninu. Þar sem mest

var ofið, eftir að ég man til, var vefnaðurinn aðallega starf húsfreyjanna,
en fleirri gripu þó í það, bæði konur og karlar. Á 2 heimilum hér
í nágrenninu ófu húsbændurnir aðallega. Hér heima óf t.d. elsti bróðir
minn auk mömmu. Ég man ekki eftir nema einu heimili, þar sem vinnukona
var aðal vefarinn.

p3
Af þessu leiddi,
að vefarinn sat yfirleitt ekki við allan vökutímann, því á honum lágu önnur
störf líka. En ég heyrði sagnir um það, að þegar þeir voru ungir,
sem aldnir voru í minni æsku, hafi vinnumaður eða vinnukona setið við vefnað
dögum saman, alveg tafarlaust. Afköst held ég að hafi farið
æði mikið eftir vefnaðargerðinni. Einskefta held ég, að hafi verið talin
fljótofnust, og því mest venjuleg einlit vaðmálsvend. Veipa þótti
t.d. seinofin, því ívafið var af 2 litum, og allmikill setningur við vefnaðinn.
Þetta fór líka mjög eftir fínleik voðarinnar. Smærra fyrirvafið
var skiljanlega seinlegt í vefnaði. Það var mjög seinlegt að vefa
tvist í tvist, sem kallað var, sem sé að bæði uppistaða og fyrirvaf væri
tvistur. En mig minnir, að það hafi þótt úrvalsafköst að vefa tíu
álnir á dag, og þó því aðeins hægt, að voðin væri ekki samofin.
Gamall karl sagði mér eitt sinn, að þá hefði hann skilað mestu dagsverki
á ævi sinni, er hann óf 5 álnir af vaðmáli og risti ofan af 50 ferföðmum
af túnþýfi. Af þessu má ráða, að það |p4 hafi þótt sæmilegt
dagsverk að vefa 5 álnir. Því mér er vel kunnugt um að 50 ferfaðma
ofanafrista var ekki mjög lélegt dagsverk, ef þýfið var erfitt. Úrtökumenn
ristu ofanaf allt að 100 ferföðmum. Á hvaða aldri börn byrjuðu
að vefa veit ég, því miður ekki neitt. Ég man eftir einni konu, sem
sagt var að hefði byrjað að vefa nýfermd. Ég man ekki til
að hafa heyrt getið um neinn, hvorki karl eða konu, sem fór milli bæja
og óf, en það mun hafa borið við, að þeir, sem áttu vefstól og höfðu tíma,
tóku vefnað heim til sín. Eitthvað heyrði ég talað um greiðslu fyrir
vefnað, en man ekki neitt því viðvíkjandi, sem á er byggjandi.
Í bernsku minni, héld ég að venjulegra hafi verið að tala um vefstað, en
vefstóll hefir orðið fólki munntamara síðustu áratugina og nú býst ég við
að þeir, sem annars þekkja til þess verkfæris segi vefstóll.
Í bernsku heyrði ég talað um kljásteinavefstaðinn, og einnig lýst vefnaði
í honum, og ég held að föður

p5
mínum og móður (hann
fæddur 1835, hún 1850) hafi verið kunnug alla aðferð við það starf. Ekki
er ég samt viss um, að þau hafi séð ofið, en tel líklegra, að þau hafi
haft þekkingu sína af frásögn. Veit ég því ekkert hvenær notkun hans
lagðist niður. Ekki veit ég til að neinir hlutar úr kljásteinavefstað hafi
verið til hér í námunda, fram yfir aldamót t.d. Ég minnist þess,
að það var talið mikið labb við að vefa í kljásteinavefstað. Ég held

jafnvel, að það hafi orðið að ganga þingmannaleið til að vefa alinina.
Um smíði vefstóla veit ég mjög lítið, en sjálfsagt hafa margir smiðir smíðað hann, ef með þurfti. Einn bóndi í Staðarsveit, hér á Snæfellsnesi vissi ég til að smíðaði vefstóla. Jón Sigurðsson, Hofgörðum. Hann smíðaði líka hraðskyttuvefstól, en hann sá ég aldrei, og get því ekki lýst honum. Um gangverð veit ég ekkert.
Ég vissi til að 2 gerðir vorutil af vefstólum hér í sveit, og skifti þar gerðum staðsetning slöngu, rifsins, ýmist var hann uppá sem kallað var, sem sé mikið hærri en voðarrifurinn, eða eins og á mynd A

p6
eða að rifirnir voru
jafnhátt eða öllu heldur lágt, eins og á mynd B. Tvíbreiðir vefstólar voru ekki til hér í sveit, eftir að ég man til, en ég heyrði talað um þá.
Ég held að vefstóll hafi verið til á velflestum heimilum hér í sveit fyrir um og rétt eftir aldamótin síðustu. Ekki held ég, að þau heimili, em vefstólslaus voru hafi fengið vefstól lánaðann að neinu ráði, því hann var vandfluttur, heldur hafi þau fengið ofið hjá nágrönnunum. Eins minnir mig, að væri vefari til, karl eða kona, á vefstólslausu heimilunum, sem hafði tíma til, þá dveldi hann á nágrannaheimili, sem vefstól átti, á meðan hann óf voðina. Ég er alveg frámunalega ófróður um heiti hinna einstöku hluta vefstólsins. Sjálfsagt hefi ég heyrt einhver nöfn á þeim, en gleymskan riðið húsum í hausnum á mér. A-gerðin var til hér heima, einkum hvað snerti slöngurifinn, en slagborðið var hengt upp, en lék ekki á ramböldum að neðan. Var járnþynna grópuð ofan í kjálka vefstólsgrindarinnar. Stóð hún svo sem þumlung uppúr, og voru söguð

p7
í hana hök, líkt
og markið stig á kindareyra og slagborðið hengt þar á. Vefjarskeiðin var yfirleitt kölluð því nafni, en líka bara skeið. "Hart í vefstól lamdi skeið", stendur í vísunni. Ég sá aldrei heimasmíðaða skeið, og held að þær hafi verið fátíðar. Eitthvað rámar mig í að hafa heyrt talað um hvalskíði í sambandi við vefjarskeiðar, en ekki harðvið, en aftur eir og látún, einkum látun. Ég held að látúnskeiðar hafi þótt sérstaklega góðar. Hér heima voru til 2 skeiðar, sem ég man eftir, og ég held báðar 5 kvartel, önnur 60 tanna, en hin 80, miðað við tannafjölda á kvartel. Vefskyttur, vefjarskyttur eða skyttur þurftu að vera úr sérstaklega góðu efni, tekki eða öðrum trjávið, sem var vel fágunnarhæfur, svo hvergi væri á arða né þurða. Á sumar skyttur voru festar látúnsþynnur að ofan og neðan, þar sem þær voru þykkastar, og einnig beygt fyrir báða endana. Ég man nú ekki eftir öðru nafni en spóluteinn. Spólurnar voru nú af mörgum gerðum. Renndar og tálgaðar úr tré, járnþynnur beygðar í pípu, og tölur festar á endana úr tré, beini eða horni,

p8
en um roð heyrði
ég aldrei getið. Áhaldið, sem spólað var á hét spólurokkur, annað nafn hefi ég ekki heyrt, og var hann smíðaður sérstklega til þeirra nota. Hann var þannig smíðaður, að tekinn var fjöl 8-10 þuml. breið og 1-1 1/2 þuml. þykk, söguð skörpustu hornin af öðrum endanum. Þá voru teknir 2 fjalarbútar um 3ja þuml. breiðir og 7-8 þuml. langir, þykkt eftir ástæðum eða um þumlungs þykkir. Þessir bútar voru grópaðir gegnum fjölina þeim megin,sem hornin voru söguð af. Það er að segja endarnir voru grópaðir í gegn, og stóðu þeir þá um það bil 6 þuml. upp af fjölinni. Millibilið milli þessarra búta var haft svo sem 1 1/2 þuml. Milli þessarra uppstandara var svo stærra hjólið látið snúast með venjulegum útbúnaði til þeirra hluta, sem sé ás í gegn og á hann fest sveif til að snúa með. Hjólið hefir sennilega verið nálega 10 þuml. í þvermál. Á hinum endanum var svipaður útbúnaður, en uppstandararnir voru miklu lægri, og hjólið stórum minna í þvermál, eða 3-4 þuml. Í miðju þessa hjóls var festur spóluteinninn,

p9
en upp á hann var
spólunum rennt. Í hjólarendurnar var grópuð lægð, og lék þar í snúra, sem snéri litla hjólinu, þegar hinu stóra var snúið með sveifinni, og snérist það litla miklu hraðar. Jú, gamlir rokkar voru sumsstaðar notaðir, og ég er ekki viss um að það hafi alltaf verið settur í þá sérstakur spóluteinn. Annars var ævinlega notaður spólurokkur hér heima.
Áhaldið sem hélt voðinni jafnbreiðri var kallað spjálk. Spanstokk kannast ég ekki við. Ég er klaufi að teikna, en skal reyna að lýsa áhaldinu. Teknir voru 2 rimlar eða fjalarbútar, 2-3 þuml. á breidd, þó líklega aldrei fullir 3, og innan við þuml. þykkir. Þessar fjalir voru heflaðar og fágaðar, og svo var söguð klauf upp í annan enda annars bútsins, sem að breidd nam ríflega þriðjung allrar breiddar fjalarinnar. Á enda hins bútsins var söguð hök á jaðrana, en miðjan látin halda sér svo breið að hún fyllti útí klaufina á hinni fjölinni. Þegar svo bút þessum var rennt inní klaufina, gæti ég trúað að samsetningin hafi numið 1/3 af allri lengd spjálkarinnar.

p10
Þegar spjálkin hafði
verið sett svona saman, voru boruð göt gegnum allt saman, frá jaðri til jaðars, svo mörg sem þurfa þótti. Tappar voru smíðaðir í götin, og þegar svo þurfti að þenja voðina, voru tappar færðir til í götunum, þannig að spjálkin lengdist. Var þá spjálkinni lyft svolítið upp um miðjuna og tappi látinn þannig í götin að samskeytin gengu í sundur, eftir því sem mátulegt var talið, og spjálkinni svo þrýst niður og tappa stungið í annað gat, svo hún gæfi ekki eftir aftur. Líka var notaður hólkur

í þessu skyni, að sjálfögðu aflangur eins og lögun spjálkarinnar heimtaði.
Um uppsetningu vefs, bæði aðferð og orð, er ég því miður,
alltof ófróður. Bæði hefir gleymskan farið fjandalega með mig, og
svo þekkti ég þetta aldrei nógu vel. Hér er heldur til einskis að
leita um fróðleik. Allar vefjarkonur úr heimi horfnar. Ég man vel
eftir orðunum "að leggja upp". Konurnar sögðu sín á milli:
Það er ekki hægt að leggja meira upp úr þessu, en þetta sem þær tiltóku.
Mig minnir endilega, að hér heima segði hesputréð um lengd þráðar,
þannig að taldir væru þræðirnir í hespunni eða snúningar hesputrésins,

p11
þegar hespað var.
Ég kannast vel við orðatiltækin "fimm lóða verk"
og "tveggja álna þráður". Sennilega myndi ég kannast við
miklu fleirri, ef ég væri á það minntur, en ég get ómögulega rifjað neitt
upp. Að sjálfsögðu fór það eftir smæð þráðar eða gildleika,
hve mikið var hægt að leggja upp úr mörkinni, en 2-3 álnir munu hafa verið
talað um. Annars helg ég, að mamma, sem er eina konan, er ég sá setja upp
vef, hafi lítið átt við mælingar eða viktun, heldur séð þetta nokkurnveginn
í hendi sér. Ég gleymdi að geta þess í sambandi við spjálkina, að
oddar voru í endum hennar, sem stungið var í jaðra voðarinnar.
Ég man ekki eftir öðrum orðum en að "reikna í skeið", í sambandi
við það að ákveða fjölda uppistöðuþráða í voðarbreidd, og ég held að önnur
orð hafi ekki verið um það verk höfð. Eins man ég vel eftir að talað
var um, að voð væri varplítil og varpmikil, og þótti hvorugt gott.
Venjulega var það kallað "að reikna út í vef", að ákveða
efnismagn og munstur voðar, en líka var talað

p12
um að setja til voðina
og jafnvel setja niður. En um aðferðina man ég, því miður ekki. Þráðurinn
var held ég, aldrei kallaður annað en uppistaða. Nokkuð algengt
var líka, að tvistur var hafður í uppistöðu. Uppistaðan var t.d.
tvistur, en fyrirvafið þelband. Varð úr því voð, sem kölluð var dúkur.
Dúk-milliskyrtur voru algengar. Ívafið í voðina var lang venjulegast
að nefna fyrirvaf. Ívaf þekktist líka, en var og er meira notað í
öðrum samböndum, t.d. uppistaðan í ræðunni var nú nokkurnveginn heilbrigð
þjóðmálastefna, en ívafið ekkert annað en pólitískur skætingur. Veftur
held ég að hafi verið mjög ótítt í máli fólks í þessu sambandi, og þó man
ég eftir orðinu. Áhaldið sem voðaruppistaðan var rakin á,
hét rakgrind, ekki rakningsgrind. Ég vissi aðeins af 2 gerðum, og
þó mjög svipuðum. Mismunurinn lá í því, að þær voru misháar, og hin lægri
gerðin fest bara að neðan. Hæll gekk gegnum grindina, og ofan í djúpa
holu í kubb, og á þeim hæli snérist grindin. Hin gerðin

p13
var mun hærri eða
um 1,50 m. og slík grind var til hér heima. Henni var þannig fest,
að festur var þykkur kubbur 7-8 þuml. breiður, og um álnar langur í baðstofugólfið.
Í þessum kubb miðjum var hola, svipuð að lögum og eggjabikar,
og þó heldur flárri, og í þessarri holu lék neðri hluti hælsins, sem gekk
upp í gegnum grindurnar. Hak var á hælnum, svo grindin féll ekki
alveg ofaná kubbinn. Þessi kubbur hafði eitthvert heiti, sem ég man
ekki, svo ég þori með að fara. Minnir, að hann væri kallaður sökkholt,
en það er ekki á því að byggja. Komi þetta nafn annarsstaðar frá
líka, mætti búast við að rétt væri minnst. Að ofan var rakgrindinni
fest á líkan hátt, þannig að hæl var stungið niður gegnum miðja endabitana
í römmunum tveim,s em grindin var gerð af, og lék hann í holu, sem var
í borði, er fest var þvert yfir baðstofuna upp undir mæni eða svo til.
Það má kannske geta þess, að upp á þessa fjöl og aðra til jafnháa,
var tveim rokkum smeygt upp undir baðstofumæninn, þegar þeir voru ekki
í notkun. En hæstu menn urðu nú að beygja sig undir

p14
ólukku rokkana.
Skilhælarnir og tréð, sem þeir voru festir í hétu hér grísholt,
ekki krísholt. Hælatré heyrði ég líka nefnt, en aldrei skilkamb.
Rakgrind hygg ég að hafi verið til á flestum heimilum, sem áttu vefstól,
en ekki öllum. Það var ekki ótítt að rakið væri á nágrannabæjum,
þar sem grind var til. Balbínur, balbínustól og tilheyrandi
snældur sá ég ekki í minni bernsku, og heyrði ekki um þessa hluti talað,
svo ég muni. Sama máli gildir með rakningsspaða. Ekki er þó
útilokað, að þessi áhöld hafi verið til einhversstaðar í nándinni.
Kassi var hér til með 4 hólfum, og getur vel verið, að hann hafi
verið kallaður rakningsstokkur eða rakstokkur. En oft voru fleirri
þræðirnir en 4, og voru þá notaðar ýmsar smákyrnur, litlar byttur, vaskaföt
og jafnvel matarskálar. Eins og getið er um að framan var
rakgrindin sett upp í baðstofunni hér heima, og svo hygg ég að verið hafi
víðast. Ég man það enn hve gaman mér þótti að standa inní rakgrindinni

p15
og snúa henni og
snúast með. Annars var þetta bannað, því ef grindin losnaði að ofan, þá
féll hún niður, og gat þá bæði meitt og brotið. Skelfing
finn ég vel, hve margt hefir úr minni fallið, þegar ég fer að lýsa aðferðinni
við rakninguna, en tvo þurfti til, rakningskonu, sem var aðalmaðurinn við
starfið, og svo aðstoðarmann, sem gat verið lítt kunnandi smámaður. Var
það löngum mitt starf í bernsku að sitja þar yfir, passa hnyklana í ílátunum
og segja til, þegar hnykil þraut. Raknings- eða rakspaða vissi ég
aldrei notaðan. Ekki man ég eftir að þráðarvölur væur látnar leika

á uppistöðuþráðunum. Til þess voru notaðar smáir snældusnúðar, beinsnúðar, flöskustútar, sem brúnirnar höfðu verið sorfnar af, eða eitthvert annað dót, sem svolítil vikt var í og hægt var að þræða enda í gengum.

Nú get ég ómögulega munað hvernig byrjað var að þræða á hælana í grísholtinu, en mig minnir að byrjað væri að neðan og rakið upp, þó fullyrði ég það ekki. Þráðaskil heyrði ég nefnd.

p16

Þegar hafði verið
rakið upp úr á grindinni, voru þræðirnir lagðir ofan á þann hælinn, sem nær var höndinni, vinstri hællinn,en brugðið undir hinn og upp fyrir, og svo neðan við þann hælinn, sem áður var lagt ofaná. Því næst snúið við og rakið niður. Jú, það mun hafa verið kallaður gangur, þegar rakinn hafði verið ein ferð upp og önnur niður, en ein ferð upp eða niður, feti.

Ég held, að þræðirnir hafi verið lagðir ýmist ofan eða neðan við það sem áður var rakið, að neðan þegar rakið var niður, en að ofan þegar upp var rakið. Bandspottinn, sem bundinn var í gagnaskilin, held ég, að hafi veirð kallaður fetaband. Ég man ekki eftir að hafa heyrt nefnda varptág. Og þetta merki var að neðan, svo sennilega vefir verið byrjað efst. Líklega er það eitthvað í sambandi við þennan feta á rakgrindinni, orðtakið, að vera mikill fyrir fetann, sem sagt er um þann, sem er umsvifamikill og stórgerður. Fullrakin uppistaða á grind var alltaf kölluð slanga, og heyrði ég ekki annað nafn.

Ekki

p17

man ég hvernig gengið
var frá skilum, áður en slangan var tekin af grindinni, og heldur ekki hvernig hún var tekin af, né hvað það verk nefndist. Ég kann nú ekki að greina frá neinu sérstöku í sambandi við rakningu marglitrar uppistöðu. En ákveðið var í byrjun, hvað hver rönd uppistöðunnar átti að vera breið, og fjöldi lituðu þráðanna hafður eftir þeirri ákvörðun.

Var svo öllu raðað niður, þegar lagt var í kambinn, dregið í höföld og skeið. Það var tvímælalaust ekki algengt að rekja á veggjarhæla eða rúmstólpa. Þó minnir mig, að ég heyrði þess getið, en í mikilli fjarlægð að tíma til. Hafaldagrind var til hér, og var það ekki margbrotið áhald, aðeins 2 hliðarfjalir, svo sem 2 þuml. breiðar. Voru svo 3 smáspýtur tappaðar gegnum þessar fjalir, sívalar til beggja enda, en flöt um miðjuna. Var svo hafaldaþráðurinn lagður yfir annan enda sívalningsins og hnýtt beggja megin við miðspýtuna, til að mynda hafaldsaugað, og svo lokum bundið ofan við sívalninginn á hinum endanum. Þegar svo hnýtt höfðu verið svo mörg

p18

höföld, sem þurfa
þótti eða þá eins mörg og grindin tók, þá var annarri hliðarfjölinni kippt

af millispýtunum, og höföldin tekin af. Ekki man ég eftir neinu sérstöku áhaldi til að rekja á hafaldaefnið.

Hafaldaþráðurinn var, held ég, allstaðar unninn heima, og úr venjulegu togi. Ekki man ég eftir að hafa heyrt talað um að hann hafi verið soðinn í tólg eða sviðinn, en hann var seyddur, til þess að fyrirbyggja að hann snurðaði eða hafaldið snéri upp á sig. Seyðingin minnir mig að færi þannig fram, að vatn var htiað í potti, en einhver sía eða strigatuska var strengd yfir pottinn, og hafaldaþráðurinn lagður á hana, svo hann naut gufunnar upp af vatninu. En passað var að tuskan væri svo strengd, að þráðurinn færi ekki ofan í það. Ég man ekki eftir neinni sérstakri aðferð við að rekja í höföldin. Vel má vera að ekki hafi allir farið eins að við hafaldshnýtingu, en ég hefi hér að framan lýst þeirri aðferð, sem mig minnir að væri viðhöfð. Mig minnir, að hér væri talað um

p19
hafaldsauga en ekki hafaldaauga. Það þótti alger nauðsyn að hafaldshnútarnir væru þannig gerðir, að ekki rynni á þeim. Það er dálítið snúið að lýsa hafaldahnút, en hann var þannig gerður að eftir að þráðarspottinn hafði verið lagður yfir annan enda sívalningsins á hafaldagrindinni, var spottanum til vinstri brugðið yfir þráðinn til hægri, og niður í kring. Var þá einn snúningur kominn á þráðarendana. Þá var sami þráðarendinn, sem nú var kominn til vinstri tekinn til baka og með vinstri hönd var honum brugðið yfir hinn endann, þeim megin, sem að manninum snéri og niður í kring og hert að. Satt að segja er þetta mjög algengur hnútur, þegar snæri er saman hnýtt. Þessi hnútur var hnýttur beggja megin við þverrimilinn, sem takmarkaði hafaldsaugað, og svo ofan við hinn enda sívalninginn. Stálhöföld vissi ég ekki til, að væru neinsstaðar notuð. Ég er ekki nógu fróður um geymslu hafalda, en ég man, að þau þóttu vandgeymd. Ég held að þau hafi ævinlega verið tekin af sköftunum, og mig minnir

p20
að hér væru þau geymd niðri í rúmi, undir sæng eða yfirleitt þar sem ekki var hætta á slagningi.
Ég kannast við nafnið vartág, og má vel vera að svo hafi heitið bandið, sem varnaði því að höföldin rinnu útaf hafaldasköftunum.
Vefjarkambur var eina nafnið, sem ég heyrði á þessu vefnaðaráhaldi. Hann var þannig gerður, að tekin var spýta, sennilega eitthvað kringum 2 þuml. á kant, og um 6 kvartel á lengd. Í gegnum þessa spýtu, við báða enda, svo nærri sem óhætt þótti, var grópaður fjalarbútur og minnir mig að þeir bútar væru sem næst 2 þuml. á breidd og hálfur þuml. á þykkt. Svo voru boruð göt í sömu rönd og fjalarbútarnir voru grópaðir í, og reknir í þau göt, trétindar, sívalir, og heldur gildari en venjulegir hrífutindar. Því miður man ég ekki hve margir tindarnir voru. Svo var tekin önnur

spýta af sömu gerð og sömu lengd og hin fyrri, og meðfarin á sama hátt og hún, þannig að ástóðust gróp og göt, aðeins heldur rýmra hvorttveggja,, því þessum kjálka kambsins var kippt af og smellt á eftir

p21
því sem þurfti.
Verkið við að dreyfa slöngunni í vefjarkambinn held ég að hafi alltaf verið nefnt að láta í kamb, eða láta í kambinn. Þar kom eiginlega fyrst að því að raða niður litum í uppistöðunni. Þá var lausa kjálkanum kippt af, og þræðirnir lagðir niður milli tindanna. Ekki man ég hvort jafnmargir þræðir voru lagðir milli allra tindanna, en hel þó að það hafi farið eftir litarniðurröðun, og því mismargir þræðirnir í hvern stað. Þetta minnir mig að væri nefnt að setja til vefinn. Skaftið, sem tengt var við slöngurifinn heyrði ég kallað rifskaft. Plógskaft kannast ég ekki við. Þráðurinn, sem dreginn var í gagnaskilið, hét skilþráður, en því miður kann ég ekki að lýsa hvernig frá þessu var gengið, svo á því megi byggja, sem réttri lýsingu. Allt verkið við að búa í vefstaðinn, svo byrja mætti að vefa var, held ég, ábyggilega slmennt kallað að setja upp, að setja upp vefinn.

Ég heyrði bæði talað
um að bóma og rifja, en

p22
fleirri orð man ég
ekki til, að höfð væru um það verk að vinda upp á slöngurifinn. Það var rauf eftir slöngurifnum endilöngum, sem rifskaftið féll inn í, en svo man ég ekki glöggt hvernig það var fest við, held þó að snæri hafi verið vafið yfir enda rifskaftsins og rifinna, ég man að það var skora allt í kring við enda skaftsins og getur snærið hafa verið vafið þar yfir. Ég man ekki eftir neinu áhaldi, nema kambinum í sambandi við að vinda upp á rifinn. Ég held að það hafi verið æskilegast, að ekki færri en 3 ynnu við að vinda slönguna á rifinu. 2 til að styðja vefjarkambinn og hagræða slöngunni og 1 til að snúa rifnum. Ekki man ég til að nein sköft væru notuð, nema þetta eina rifskaft, sem fest var við slöngurifinn, og ekki get ég munað neitt um það, hvort slangan var látin ganga að sér, eða hvað það var kallað. Hafaldda ídrátturinn var almennt kallaður að draga í höföld eða draga í höföldin. Ekki var þeim haldið stöðugum með neinum hætti hér

p23
heima,og ég held
ekki í nágrenninu heldur, og hafaldakamb kannast ég ekki við.
Tveir unnu við það að draga í höföld, og rétti annar þráðinn, en hinn þræddi hann gegnum hafaldsaugað. Þegar nógu margir þræðir höfðu verið dregnir gegnum höföldin, mig minnir að þeir væru 10, voru þeir teknir

saman og knýttur á þá þverhnútur, þannig að dreginn var lykkja í gegn, en ekki endarnir alveg. Ég held að fjöldi þráðanna hafi líka eitthvað farið eftir litum. Hér nefndist áhaldið, sem dregið var í skeiðina með krókur, og líka nefnt krækja, ekki gikkur. Það var látúnsþynna, nokkuð breið, líklega hálfur þumlungur, og var sagað inn í annan endann hak eða agnhald til að krækja í þráðinn með. Skeiðin var höfð í slagborðinu.

Verkið fór þannig fram að króknum var smeygt milli tanna skeiðarinnar og agnhaldið látið snúa upp. Var þráðurinn síðan dreginn í gegn.

Ég held að venjulegast hafi einn unnið við að draga í skeiðina.

p24

Skaftið, sem uppistaðan var hnýtt framá heyrði ég ekki kallað annað en framhnýtingarskaft, og verkið að hnýta fram eða hnýta fram á skaft, sjaldnar að binda fram. Um uppbindingu í vefstól get ég því miður ekkert sagt. Annaðhvort hefi ég aldrei kunnað það verk, né nein orðatiltæki í sambandi við það, eða gleymt því svona gersamlega. Ekki er ég nógu viss í hvað það var nefnt, þegar byrjað var að vefa. Sennilega þó að draga fyrir. Ég held að ívafið, sem oftar var kallað fyrirvaf, hafi verið gefið fyrir í einum boga, þar sem ég sá til, þannig að fingrum þeirrar handar, sem ekki tók við skyttunni í það sinn, var stungið í gegnum uppistöðuna og bandinu, fyrirvafinu, ýtt fram um miðju. Þetta mun hafa verið kallað að gefa í, ekki gefa upp í. Var þessi bogi eitthvað misstór eftir því, hvort átti að vera mikið eða lítið bandað. Ég held að rétthentir vefarar hafi jafnaðarlegast tekið í slagborðið með hægri hendi. Það voru, að ég ætla, yfirleitt slegin 2 högg, hið fyrra nokkuð þétt, en hið

p25

síðara léttara.

Spanstokkurinn, sem vanalega var kallaður spjálk, var færður til eftir því sem vefnaðurinn gekk fram, til þess að voðin héldist jafnbreið.

Var oddunum á endum spjálkarinnar stungið í jaðra voðarinnar, og spjálkinni hleypt upp um miðjuna á meðan, en síðan þrýst niður svo voðin teygðist út eftir því, sem mátulegt þótti. Öðru hvoru var voðin mæld með bandi eða kvarða til öryggis. Jú, það mun hafa verið sagt: voðin vefst inn, ef hún hélt ekki fullri breidd. Ég er ekki nógu fróður um misfellur í vefnaði, eða venjuleg viðbrögð við þeim. Ég óf aldrei sjálfur, en ég held að þráðarendarnir hafi bara verið hnýttir saman þegar slitnaði. Auðvitað var það talin aðsókn, þegar mikið var um þráðaslit, og aðrar misfellur í vefnaði, og þótti stundum sannast. Ég held að hver vinding upp á framrif, hafi frekar verið kölluð færa en áfæra, en verkið var víst nefnt að bóma. Það var alltaf talað um að fella vef, þegar lokið var einhverri voðinni. Ég man ekki eftir neinu öðru nafni á afgöngun, en afvikur. Sumir sögðu reyndar afvökur, hvort sem það var bara afbökun eða ekki.

p26
Þessir afgangar voru
notaðir í nálþræði, til að stoppa í göt með eða bæta. Vel
má vera að hrafnabuxur eða krummabuxur hafi þekkst, þó ég geti ekki komið
því fyrir mig. En í sambandi við undanlás, er allt annað að vefjast
fyrir mér. Ég held, að grotti undan soði flots, eða öðru slíku hafi
verið nefndur undanlás. Hitað var bæði vatn og keyta á voðina
í stórum potti, þeim stærsta, sem til var. Best var að hægt væri
að bleyta voðina í einu lagi, en væri það ekki hægt, voru endarnir bleyttir
á víxl, helmingur voðarinnar í hvort sinn. Þá var látið síga úr henni
á grind yfir pottinum. Því næst var hún tekin, og helst farið með
hana út á hlað, ef gott var veður. Tóku svo 2 menn sinn í hvorn enda
voðarinnar og strengdu hana á milli sína. Væri voðin of löng til
að halda henni þannig uppi á milli sín, hélt einn undir miðjuna. Síðan
undu mennirnir uppá voðina á milli sín, þannig, að hún vattst upp í hlykki
og hringi, svo tóku þeir í, og reyndu að teygja hana sem allra mest úr
öllum hlykkjum. Þá pressaðist vatnið mjög vel úr. Væri vindingsfólkið
þróttlítið

p27
dugði þetta oft ekki,
til að voðin væri fullundin, og var voðin þá lögð tvöföld, og spýtu rennt
í lykkjuna, en endarnir snúnir utan um aðra spýtu, þannig að ekki raknaði
af. Var svo undið á sama hátt og áður með vogstangarafli spýtnanna.
Ég minnist þess úr sögum og sögnum, að menn ferðuðust um til að þæfa,
en ég held að lítið hafi verið um slíkt hér um slóðir. Þó má vel
vera að einhverjir hafi lagt það lítillega fyrir sig, en hingað að Snorrastöðum
kom aldrei þófari í mínu minni. Ég held að þæfing hafi tvímælalaust
þótt karlmannsverk, en sjálfsagt hafa konur þó þæft stundum. Ekki
er ég nógu fróður um hvernig þæfingu ar hagað almennt, en hér heima var
ævinlega þæft í baðstofunni. Borð, sem var við stafngluggann, var dregið
fram og þæft á gólfinu út við gluggann. Studdi þófari höndum á borðið
til að létt sér verkið. Hann var ber upp að hnjám og velti voðinni
til með fótunum og tróð hana. Ég heyrði talað um tunnuþóf. Var
þá þæft í botnlausri tunnu í báða enda, þæfðu tveir, tvær eða tvennt. Lá
þá

p28
eða sat við hvorn
enda tunnunnar og tróð voðina milli sín með fótunum. Sagt var að
stundum hefðu karl og kona sóst eftir að þæfa saman, og líka að annað sóttist
eftir, en hitt færðist undan. Það mun hafa komið fyrir að þæft væri
í tunnu með botni, og einn maður þæfði niðri í tunnunni, en ég held, að
það hafi verið fátítt. Ég er algerlega ófróður um votaþóf. Voðin
var nokkuð oft aðgætt í þófinu, hrist upp. Það var þannig framkvæmt

að tvær manneskjur, venjulega þófarinn og önnur manneskja til, gjarnan sú, sem best vit hafði á, hvort þæft var, tóku voðina milli sín í smástúfum, svona 2 álnir í hvert sinn. Tóku þessar manneskjur höndum sinn í hvorn jaðar voðarinnar, og lögðu hana saman, á langveginn, svo að hendurnar snertust. Síðan var höndunum slegið skarpt út til hliðanna. Ef vel tókst til kom allmikill smellur, þegar jöðrunum var slegið út og teygðist úr voðinni. Hristist þá lóin af. Þetta var endurtekið nokkrum sinnu, og því næst tekið fyrir næsta bil, og því veitt sama afgreiðsla.

p29
Það er að brjótast
í mér annað heiti á þessu verki, en að hrista upp voðina, og það var ábyggilega til, en ég get ómögulega munað það. Hvort það var að slá voðina eða smella henni. Fjarri fer þó, að ég geti fullyrt nokkuð um þessi heiti.

Ekki kann ég að greina frá neinu, sem fullkomin þæfing var miðuð við. Ég held jafnvel, að þar hafi ekki verið farið eftir neinu ákveðnu teikni, heldur eftir heildarútliti voðarinnar. Ég heyrði talað um þófarabita og þófaraköku, en ekki er ég viss um að þær velgerðir hafi alltaf verið framreiddar. Þetta hefir kannske tíðkast meir þar sem umferðaþófarar unnu verkið, og þá ef til vill alkunnir matmenn. Ekki kann ég margar þulur eða vísur um þóf. Eina vísu lærði ég í bernsku um þóf svohljóðandi:

"Íleppana átti ég að þæfa - Ég nuggaði á þá nokkur göt - því náttúran var ífrið löt. Þuluna Bárður minn á jökli, heyrði ég hafða á þessa leið: Bárður minn á jökli - leggst þú á þófið mitt - Ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - Vettlingsspjör á klóna - þegar ég kann að prjóna - Naglabrot í bátinn þinn - Mórautt lamg og sauði þrjá - En þú skalt aldrei það fá - þinn aumi drengur - ef illa gengur.

p30
Ekki get ég neitt
sagt um greiðslur fyrir þóf. Þegar voðin var fullþæfð, man ég að hún var hengd upp á stag, ef þurrt var. Hengd eftir endilöngu á stagið, og löfðu niður lykkjur beggja vegna, því voðin var oftast lengri en stagið.

Þó held ég að ekki hafi verið talið neitt aðalatriði að gera þetta.

Síðan var voðin tekin og vafin uppá fjöl, t.d. rúmfjöl í breiðara lagi. Hún var vafin upp eins fast og mögulegt var, og teygð vandlega út á þverveginn. Því næst var þessi vafningur lagður á slétt gólf eða pall og

p31
þar ofaná koffort
eða kista með sléttum botni. Þurftu þessi ílát að vera allþung, en væri ekki völ á nema léttum hirslum, var bætt einhverjum þyngslum þar ofan á. Stundum var líka slétt fjöl látin ofaná voðarvafninginn, og þunginn ofan á hana. Þetta var pressunin. Var þetta látið sitja svona

í nokkra daga, allt að viku minnir mig, og síðan, held ég að voðin hafi
verið vafin upp í venjulegan stranga. Ég held að þegar fór að líða
á fyrsta tug þessarar aldar, og á öðrum tugnum, hafi farið að tíðkast dálítið
að senda vaðmál til Reykjavíkur til lóskurðar og jafnvel litunar. Þó
man ég ekki eftir að héðan heimanað væri voð send til litunar.
Þá er nú þessari frásögn lokið, og hefði ég svarið fyrir, þegar ég fór
að leiða hugann að þessu í byrjum, að ég stæði svona hrapalega á gati í
mörgum atriðum. Ég læt hér fylgja 3 vefnaðarsýnishorn. Öll
eru þau úr rúmábreiðum, og eru ofin að ég hygg eftir aldamótin síðustu.
Þó er ég ekki

p32
viss um, nema númer
1 sé ofið fyrir aldamótin. Ég man amk. ekki eftir þegar það ábreiðuefni
ar ofið. Þetta var kallað hringofið. Móðim mín Sólveig Magnúsd.
óf þetta. Númer 2, held ég sé vaðmálsvend, og er ég þó ekki
nógu viss um vendina. Móðir mín óf þetta efni líka, og man ég aðeins eftir
því. Það var allstór strangi af ábreiðuefni. Það voru heimaofnar
ábreiður yfir öllum rúmum hér heima, frá því ég man fyrst eftir, og ég
ætla fram á þriðja tug þessarar aldar. Éf held, að þessi dúkur sé
mikið unninn úr togi, amk. uppistaðan. Númer 3 er að uppistðu til
tvistur, en fyrirvafið er ull. Þetta er því dúkvend. Guðríður
Björnsdóttir húsfreyja í Haukatungu hér í hreppi óf þennan dúk einhverntíma
rétt eftir aldamótin. Hún er nú látin.

Ég held mér þýði
ekkert að vera að reyna að skrifa upp heitin á hinum einstöku hlutum vefstólsins.
Ég er svo grautvitlaus í þeim

p33
efnum, að ég veit
ekki neitt, nema örfá heiti, sem öllum eru kunn. Mig minnir bara,
að þessir armar, sem slagborðið var hengt á væru kallaðir kjálkar. Ég
skrifaði það orð óviljandi í frásögninni hér á undan, en þegar ég fer að
brjóta heilann um það get ég ekki fullvissað mig um að það sé rétt.
Ég verð svo að láta hér við sitja. En viðvíkjandi vefnaðar
sýnishornunum er það að segja, að ég skal reyna að athuga þetta betur í
vor, þegar hreingerning fer fram á bæjum. Hirðusamar konur hafa þann
háttinn á að geyma þessar gömlu tuskur niðri kössum og kyrnum og taka þær
ekki upp til athugunar, nema þegar gert er hreint að vori. Þá láta
þær næst hendinni, það sem þær búast við að þurfa á að halda á næstunni.
En gamall vefnaður er ekki þar á meðal.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag: 225 Garðabæ

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8128

p1
Ull og tóvinna 3.
Þóf: Ég man eftir að hafa séð þæfða voð þegar ég var unglingur. Voðin var þæfð í baðstofunni. Það var afmarkað pláss í einu horninu á baðstofunni með koffortum. Voðin var bleytt í volgu vatni og látið síga úr henni. Síðan þæfði maðurinn voðina undir fótunum. Þetta mun hafa verið erfitt verk, því maðurinn var léttklæddur mjög á nærfötum einum saman. Mjög vel var litið eftir voðinni, hún aðgætt og hrist upp. Þegar búið var að þæfa, var voðin hrist vel upp og sléttuð, síðan vafin fast upp á breiða fjöl og sett farg á strangann. Ekki veit ég hvað þófarinn fékk í laun. Ekki kann ég nein skil á vefstólum.
Vefaraþula: Bárður minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - leppana í skóna - vettlinga á klóna - þegar ég kann að prjóna - naglabrot í bátinn þinn - hálfskeifu undir hestinn þinn - mórautt lamb og gimurskel - og meira ef þú þæfir vel.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1895
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1283

p1
Ull og tóvinna 3.
Hér um Þingeyjarsýslur mun það hafa verið siður að setja upp fyrstu vefi upp úr áramótum. Oftast mun hafa verið byrjað á nærfatavaðmáli eða rekkjuvoðaefni, venjulega sinn vefurinn f hverju. Síðar var svo ofið vaðmál í buxur og önnur ytri föt karlmanna. Eftir að kom fram um síðustu aldamót var farið að vefa dúka úr erlendu efni, tvisti. Tvistdúkarnir voru allbreytilegir að lit og gerð. Sumir vefarar ófu sexskeftu og áttskeftu í milliskyrtur og kjóla. Mun ég koma að því er ég rita svör við næstu spurningaskrá. Ef ofið var í kjóla eða annað mjög fínt vaðmál, var það sjaldan ofið fyrr en á úthallandi vetri. Lágu til þess margar orsakir. Það tók langan tíma að undirbúa ullina í hina fínu dúka og ekkert áhlaupaverk að spinna 3-4 lóða þráð og ívaf. Svo var eitt mjög afgerandi atriði í þessu máli. Birtan í gömlu baðstofunum var lítil, og var því gott að bíða

p2
með að vefa fínu
dúkana þar til að hægt var að nota vorbirtuna. Á þeim bæjum sem vefstóll var til á, var alltaf einhver maður, sem kunni að vefa í það minnsta algengan vefnað. Oft var það húsbóndinn sem óf. Svo voru oft á heimilunum fleirri sem gátu ofið, t.d. unglingar sem voru að læra vefnað eða eldri menn, sem ekki höfðu þol til að sitja við vefnað að staðaldri.
Margir vefarar voru mjög kappsfullir og þaulsætnir við vefnaðinn, og sátu í vefstólnum frá fyrstu fótaferð til síðasta háttatíma. Þá voru aðrir sem höfðu vefnaðinn sem ígripavinnu með fjárhirðingu eða öðrum störfum. Afköst manna við vefnað voru mjög mismunandi og kom þar margt til greina, svo sem verklægni áhugi og síðast en ekki síst, hvernig vefjarþráðurinn hélt, en það var til mikillar tafar að þurfa að bæta mikið. Unglingar fóru að grípa í vefnað 13-14 ára gamlir, en ekki mun það hafa verið siður að

p3
láta unglinga sitja
við vefnað fyrr en þeir voru 18 ára eða eldri. Lítið var
það að konur ættu við vefnað, þó voru til konur hér í Þingeyjars., sem
kunnu að vefa. Í flestum sveitum var alltaf eitthvað af mönnum, sem
höfðu nokkra atvinnu af vefnaði. Flestir atvinnuvefarar, sem ég þekkti
tóku vefnaðinn heim til sín, og var þeim á greitt vísst gjald á hverja
alin, sem þeir ófu. Gjaldið var all breytilegt eftir því hvort vefnaðurinn
ar fínn eða grófur. Gamall vefari, sem ég hef átt tal við um þetta
efni, sagði mér að hann hefði sett minnst 10 aura á alinina, en mest 20
aura á alin. Venjulegast gald hefði verið 12-15 aurar á alin hverja.
Ekki get ég sagt um það með fullri vissu hvort greitt var
fyrir vefnað í vöru, en mér þykir það mjög líklegt, að svo hafi verið.
Peningar voru sjaldséðir í viðskiftum manna á milli hér áður fyrr.
Ég vissi til þess að fólk borgaði

p4
vefnað með vinnu,
t.d. við voryrkjur og heyskap. Eftir því sem ég best veit
er orðið vefstaður nær óþekkt í mæltu máli hér í Þingeyjarsýslum, og mun
orðið vefstóll eingöngu notað hér um sveitir. Ekki eru til
hér í sveitum sagnir eða minjar um gamla íslenska kljásteinavefstólinn.
Eitt örnefni þekki ég, sem mun benda til kljásteinavefstólsins, er
það Kljáströnd í landi Höfða í Höfðahverfi. Þar er nú samnefnt býli,
sem byggt var fyrir um 70 árum. Ekki get ég sagt neitt verulega
um vefstólasmíði. Það, sem ég heyrði menn eggja mesta áherslu á,
í sambandi við vefstólasmíði, var það að velja nógu góðan trjávið í vefstólana.
Ekki áttu öll heimili vefstóla og mun það oftast hafa verið
ráð þessa fólks, sem ekki gat verið sjálfu sér nóg í þessum efnum, að koma
vefnaðinum niður hjá þeim, sem gerðu sér það að atvinnu að vefa. Það
þekktist hér í Þingeyjarsýslum að tvær eða

p5
fleirri konur lögðu
saman í einn vef og skiftu svo voðinni eftir því sem þær höfðu lagt til
af efni í vefinn. Oftast 1 alin af voð fyrir hverja þráðarhespu,
sem í vefinn var lögð. Ég hef séð allar þær gerðir af vefstólum,
sem sýndar eru á teikningum þeim er skránni fylgja. Algengasta gerðin
var sú gerð, sem merkt er A. Ég sá vefstóla af þessarri gerð, þar sem slöngurif
var komið fyrir undir slá þeirri, sem rifurinn hvílir á eftir teikningu
A. Var þá komið fyrir tréstykkjum í horninu milli afturuppstandara
og sláar 10, og rifurinn látinn koma í gegnum göt, sem voru á stykkjunum.
Hver maður, sem átti vefstól, átti einnig meira eða minna
af vefjarskeiðum. Oftast munu vefjarskeiðarnar hafa verið útlendar
að uppruna. Ég sá þó í æsku minni eina vefjarskeið, sem ég er ekki

viss um hvort var útlend eða íslensk smíði. Vefjarskeið þessi var mjög gróf, að mig minnir 60 tanna skeið, og voru tennurnar úr látúni.

p6
Allar þær vefjarskeiðar,
em ég hef séð hafa verið af sömu lengd, þ.e. 5 kvartel. Heiti skeiða var miðað við það hvað margar tennur voru á hverju kvarteli, t.d. 120 tanna skeið osfrv. Grófustu vefjarskeiðar, sem ég hefi séð voru 60 tanna skeiðar. Þær voru notaðar á rúmábreiður og ytrifataefni, ef uppistaðan var tvinnaður þráður. Fínar vefjarskeiðar, sem höfðu 110-120-130 tennur á kvarteli, voru notaðar á fínustu dúka, sem ætlaðir voru í kjóla og svuntur. Öllum vefstólum fylgdu skyttur, ein eða fleirri.
Ef ofið var köflótt þurfti að hafa skyttu fyrir hvern lit. Skyttur þær sem ég hef séð voru margar íslenskt smíði, og að því er ég hygg all misjafnar að gæðum. Oftast var notað beyki í skyttur, jafnt í hraðskyttur sem handskyttur. Margir lögðu á það mikla áherslu að skyttur væru sem allra léttastar og nettar. Það þótti alltaf nokkur vandi að smíða skyttur og voru það því fáir, sem smíðuðu þær. Þegar ég var að alast upp í Höfðahverfinu, var þar einn maður, sem smíðaði

p7
skyttur. Það
var Steingrímur Þorsteinsson í Höfða. Ég sá nokkrar skyttur, sem Jóhann Kristjánsson frá Végeirsstöðum í Fnjóskadal, hafði smíðað. Þær voru mjög eftirsóttar, einkum hraðskytturnar. Til þess að skyttur rinnu betur í skili, voru hafðir neðan á handskyttunum nokkurskonar meiðar.
Voru þeir úr málmi, oftast stáli. Neðan á hraðskyttunum voru tvö hjól, nálægt endum og rann skyttan á hjólum þessum eftir skilinu. Það þótti mikils um vert að hjól þessi væru vel gerð, og nákvæmlega rétt sett í. Ef svo ólánlega vildi til að kast var á hjólunum, varð skyttan rangskreið í skilinu, og gat slitið uppistöðuþræðina. Hraðskyttur voru með enda úr járni. Voru endarnir oddhvassir. Spólurokkar fylgdu öllum vefstólum. Voru það oft gamlir spunarokkar, og var þá settur í þá sérstakur (spólurokkur) spóluteinn í stað snælduumbúnings.
Áhald það sem notað var til að halda út jöðrum á voð, nefndist hér um sveitir spjálk. Orðið spanstokkur

p8
mun ekki þekkjast
hér um sveitir. Þar sem ég þekkti til var oftast lagt upp
ein alin úr hespu, sem var tólf knekk, og varð þá tólf hundruð á voðinni, og var það nefnt mikið varp. Væri varpað minna, t.d. ekki hfat nema ellefu hundruð á voðinni, var lagt lengra upp úr hespunni eða um ein alin og tveir þumlungar. Minna varp mun ekki hafa verið haft, nema þá á grófa buxnadúka, sem voru ofnir í rófum skeiðum, og á hafðir 2 og 3 þræðir

í tönn. Venjulega var það ákveðið áður en vefur var rakinn, hvað mikið skyldi varpað og í hvernig skeið vefurinn skyldi vefast. Ég hef ekki séð rakið úr hnyklum, og mun það hafa lagst af hér í Þingeyjarsýslum nokkru fyrir aldamótin síðustu. Ég hef átt tal um vefnað við mann, sem er fæddur 1878 og heitir Halldór Kristjánsson. Halldór þessi var góður vefari og óf mikið. Hann sá aldrei rakið úr hnyklum, en hann sá hnyklakistu með 12 hólfum og jafnmörgum götum á framhlið.

p9
Halldór sá einnigrakningsspaða,
sem á voru 18 göt, og var því hægt að rekja með honum af 18 hnyklum.
Þegar reiknað var út í vef, voru röndóttar og köflóttar voðir mynstraðar.
Var það oftast gjört þannig, að teknir voru þræðir af öllum litum,
sem í vefnum áttu að vera og vafðir upp á fjöl eða pappaspjald. Voru hafðir
saman jafnmargir þræðir og saman áttu að vera í vefnum, t.d. 2 hvítir,
4 gráir, 8 svartir osfrv. Þegar margir litir og litaafbrigði voru
í sömu voð og litum raðað þannig að fyrst var hvítt síðan 3-4 misdökkir
litir og síðast svart, var þetta nefnt "sjattering". Orðið
vafalítið útlent eða af erlendum toga spunnið, en þekki ekki annað orð
yfir þetta. Áhald það, sem uppistaða í voð var rakin á nefndist
rakgrind. Voru þær nokkuð misstórar. Þær rakgrindur, sem ég
sá höfðu þá stærð að hægt var að rekja á þær 50-80 álnir. Tréð sem
skilhælarnir voru festir í nefnist krísholt.

p10
Þó nefndu sumir tré
þetta skammholt. Það orð mun eitthvað vera notað í austur sveitum
S-Þing. Sólveig Indriðadóttir að Syðri-Brekkum á Langanesi, sagði
mér að hún hefði heyrt orðið skammholt notað í Aðaldal. Rakgrindur
voru til á flestum heimilum, sem áttu vefstól. Allir sem áttu vefstól,
áttu meira eða minna af balbínusnældum. Oftast fylgdu hverjum vefstól
12 balbínusnældur. Þær voru um 30 cm. langar og voru snældusnúðarnir
stórir. Var hægt að hafa á hverri snældu 5 hespur eða meira. Balbínusnældur
voru renndar, efnið var oftast eik eða annar harðviður. Þar,
sem ég þekkti til, voru spólurokkarnir notaðir til að spóla þráðinn á balbínusnældurnar,
en þá voru notaðir sérstakir teinar í þá, balbínuteinar. Verkið nefndist
að balbína. Rakningsspaða hef ég aldrei séð, en áður nefndur Halldór
Kristjánsson, sá rakningsspaða í sínu ungdæmi

p11
um 1890. Halldór
sagði að rakningsspaði hafði verið notaður, ef rakið var af mörgum snældum
eða hnyklum, þ.e. 15 þræðir eða fleirri. Spaði þessi var um 25 cm. á lengd,
en 10-12 cm. á breidd í breiðari endann, en hinn endinn var mikið mjórri,
og var haldið um þann enda. Götin voru í röðum 6-8 í röð. Raðir venjulega
3. Efnið í spöðunum var eik eða einhver harðviður. Oftast voru

rakgrindur settar upp í baðstofu, þó sá ég uppsettar rakgrindur í framhýsum.
Áður en byrjað var að rekja í vefinn, voru mældar af einum uppistöðuþræðinum eins margar álnir og vefurinn átti að vera langur, og þar sett í merki.
Ekki þekki ég það að 2 þræðir væru hafðir í sama hafaldi, og ekki þekkir áðurnefndur Halldór það. Ekki get ég lýst því, hvernig fyrsta skilið var tekið á þræðina eða hvernig gengið var frá skilum á krísholtum.
Ein umferð upp og niður grindina nefndist feti. Að rekja fyrsta fetann nefndist

p12
að leggja á grind.
Halldór sagði mér, að sér hefði reynst best að rekja bæði ofan og neðan við það sem komið var á grindina. Þá taldi hann að slangan hefði orðið greiðari. Ekki mátti rekja ofan á það sem komið var á grind. Ég sá menn nota fetaband, þegar þeir röktu vef í. Notuðu þeir sama fetabandið í alla slönguna, en brugðu að við vissan þráðafjölda, t.d. 100 þræði. Fullrakin uppistaða á grind nefndist slanga. Sett voru bönd í skilin áður en slangan var tekin af grindinni.
Bönd þessi nefndust skilbönd. Almennt var talið að voð yrði lítilsháttar styttri en slangan sem upp var lögð, en ekki var talið að þar munaði miklu. Ekki þekki ég til þess að voðir væru raktar á veggjahæla, en ég sá gjarðaefni rakið á veggjahæla og rúmstólpa.
Þegar ég man fyrst eftir um 1903, voru erlend höföld að ryja sér til rúms. Höföld þessi voru úr olíubornu hörgarni, og voru með stálaugum.
Ég sá hafaldagrindur, en sá þær ekki notaðar.

p13
Halldór Kristjánsson
sagði mér, að hann hefði hnýtt höföld úr togþræði, og þá notað hafaldagrind.
Hafaldaefnið sagði Halldór að hefði á stundum verið rakið á veggjahæla, en líka undið á fjöl eða pappaspjald, er var mátulega breitt til að fá nægilega langann þráð í hafaldið.

Meðan höföld voru unnin heima, var efni þeirra oftast togþráður. MJög var vandð til þráðarins. Var talið að það væri ekki á allra færi að spinna góðan hafaldaþráð. Ég hef heyrt um konur sem unnu sérstaklega góðann hafaldaþráð og vönduðu efni í þráðinn, sem ætíð var vel dregið tog. Miðhluti hafalds nefndist auga eða hafaldsauga. Höföld voru geymd á vel þurrum stað, t.d. á lofti í framhýsum. Ekki veit ég með vissu, hvenær var farið að nota erlend höföld með stálaugum. Eftir því sem ég hef komist næst hefur það ekki verið fyrr en nokkru eftir 1890. Móðurbróðir minn Jón Halldórsson, bóndi í Kotgerði í Höfðahverfi, sagðist

p14
hafa keypt höföld

með stálaugum í Húsavík rétt fyrir síðustu aldamót. Þá var ekki hægt að fá slík höföld á Akureyri. Ég sá íslensk höföld notuð á Langanesi eftir 1940. Vefjarkambar voru úr tré, oft úr eik. Vefjarkambarnir voru þannig smíðaðir að önnur hliðin þ.e. sú, sem upp vissi og var laus og hægt að taka hana af. Endar þessarar hliðar voru með götum og gengu endar gaflanna upp í gegnum götin. Á endum gaflanna voru lítil göt, og voru trénaglar reknir í götin, og var þá lausa hliðin vel föst meðan slangan var undin upp. Verkið við að dreyfa slöngunni í vefjarkambinn nefndist hér í Þingeyjarsýslum að leggja í kamb, annað hef ég ekki heyrt. Þráðurinn, sem festur var við skaftið og dreginn í fremra gangnaskilið, var nefndur skilþráður. Að vinda slöngu á slöngurif, draga í höföld og skeið nefndist hér um sveitir, "að setja til", þó hef hég heyrt "að festa upp", en það er sjaldgæft.

p15

Að vinda slönguna

á slöngurifinn nefndist að bóma eða að vinda upp. Eftir slöngurifnum endilöngum var kílfar, nægilega djúpt til þess að rifskaftið gat fallið ofan í það.

Á slöngurifnum voru kragar úr tré sinn á hvorum enda. Í kragana voru festar skinnræmur, sem gengu inn á slöngurifinn, og inn yfir endana á rifskaftinu. Strax og fyrsti vafningurinn kom á slöngurifinn varð því rifskaftið vel fast. Áður nefndir kragar vörnuðu því að jaðrar slöngunnar gengu út, þegar bómað var. Venjulega unnu 3 menn að því að bóma vef. Einn vatt slönguna á slöngurifinn, annar hélt í slönguna, en sá þríðji gætti þess að slangan færi jafnt á rifinn. Ekki hef ég séð það að slangan væri látin ganga að sér á slöngurifnum þegar bómað var. Þar, sem ég þekkti til, var lögð á það mikil áhersla að slangan væri sem jöfnust á slöngurifnum. Þegar búið var að bóma slönguna voru skilsköftin bundin við slá 17 á teikningu A aftan á vefstólnum.

p16

Slöngunni var skift

í 10-15 flokka, og þegar dregið var í höföldin, tók sá sem rétti þræðina einn flokk í vinstri hönd sína, skar fram úr flokknum, og rétti síðan einn og einn þráð fram í einu. Þegar hver flokkur var búinn, var lauslega hnýtt að við höföldin, svo þræðirnir drægjust ekki úr höföldunum. Tveir menn unnu að því að draga í höföld og skeið. Ég hef heyrt orðin skeiðarkrókur og skeiðarkrækja, en orðið gikkur, hef ég ekki heyrt hér um sveitir. Skeiðarkrókurinn var alltaf úr málmi, oft úr þunnu blikki, og var djúp skora í öðrum enda hans, þar var þráðurinn lagður meðan hann var dreginn í skeiðina. Oftast var skeiðinni komið þannig fyrir meðan dregið var í hana, að hafaldasköftin voru bundin saman og skeiðin látin hvíla á hafaldasköftunum meðan dregið var í hana. Skaftið, em uppistaðan var hnýtt fram á, nefndist hér um sveitir, framhnýtingarskaft. Verkið

við að hnýta á skaftið nefndist ýmsum nöfnum

p17
t.d. að binda fram,
að hnýta fram, að hnýta á skaft. Framhnýtingarskaftið var fest við voðrifinn
með 3 böndum, snærum. Þegar búið var að festa böndin við framhnýtingarskaftið
og voðrifinn, var byrjað að hnýta fram. Sumir vefarar hnýttu fyrst
fram í miðju, síðan á jörðunum. Þegar farið var að skjóta skyttunni
um skilið og byrjað var á voðinni, var það nefnt að draga fyrir. Sumir
vefarar vildu ekki byrja á voð nema þeir gætu ofið áður en þeir gengu til
svefns, það mikið að einn eða fleirri vafningar kæmust á voðrifinn. Var
einhver þjóðtrú í sambandi við þetta, en ekki veit ég hver hún var. Algengast
mun það hafa verið að gefa ívafið fyrir í einum boga. Alltaf var
slegið að við hvert skil, en mjög var það mismunandi, hvað menn slógu fast
að. Þær voðir, sem voru ofnar þannig, að laust var slegið að, voru
alltaf mýkri og þjálli. Spjálkin var notuð til þess að halda voð
sundur, svo hún næði ekki að vefast inn. Ef spjálk var ekki færð
nógu oft var hætta á að voðin væfist inn.

p18
Margir vefarar mældu
voðirnar um leið og þeir ófu. Höfðu þeir til þess mæliband, sem hafði
ákveðna lengd, t.d. ein alin. Mælibandið var oftast úr seglgarni
eða bómullargarni. Hjá vöndum og góðum vefurum var lítið um misfellur
í vefnaði, en hjá óvönum og óprúttnum vefurum vildu oft verða ýmsar misfellur.
Ég sá konur vera að bæta þráðaslit, en skilgalla mun hafa verið nálega
ómögulegt að bæta. Ég hef þæft voðir, sem voru með áberandi skilgöllum.
Ýmsir trúðu því, hér áður fyrr, að ef mikið slitnaði í vef, þá væri
það fylgjum gesta að kenna, en aðrir voru raunsærri, og kenndu um illum
spuna, og fengu þá spunakonur ekki háa einkun hjá vefurunum. Hver
vinding voðar upp á voðrif var hér um sveitir nefnd færa. Þegar
vefnaði var lokið og voðin var tekin úr vefstólnum nefndist það, að fella
vef, fella niður vef, taka vef niður. Þráðarendar þeir, sem af gengu,
er vefur var tekinn niður, var nefndur undanskurður, en endar þeir, sem
hnýttir voru

p19
fram á framhnýtingarskaftið,
voru nefndir krummabuxur. Þegar átti að þæfa voð, var byrjað
á því að hita keytu í ullarþvotta pottinum. Keytan var síðan látin
í stamp eða þvottabala og voðin þvæld í þessum legi um stund. Síðan
var keytulögurinn tekinn af voðinni og nú var keyta blönduð vatni látin
á voðina og voðin þvæld í þessum legi nokkra stund. Þar næst var
voðin skoluð í hreinu volgu vatni 2-3 sinnum. Síðast var farið með
voðina í læk, ef hægt var, og hún skoluð þar. Að þessu öllu
búnu, var farið að ná vatninu úr voðinni, og var það gjört á þann hátt,

að spýta var sett þvert fyrir dyr og voðin lögð þar yfir. Síðan var voðin lögð yfir aðra spýtu, oft sveran broddstaf. Var farið með spýtuna eða stafinn það langt frá dyrunum, sem þurfa þótti, til þess að voðin gæti verið tvöföld, og voru endarnir látnir koma saman sem næst miðju. Var nú voðin undin í harðan göndul,

p20
og draup þá úr henni
vatnið. Venjulega fór kona með voðinni og strauk hana meðan hún var undin. Þar sem ég þekkti til, önnuðust heimamenn um þæfingu, og var þæft í baðstofu, á gólfi eða hurð. Þæft var undir fótum, nema um mjög stutta voð væri að gjöra, t.d. 3-4 álnir, þá var þæft undir höndum, oft í trogi. Ég þekki lítið til votaþófs. Það voru helst grófir dúkar, t.d. buxnadúkar, sem voru þæfðir í votaþófi 1-2 klukkustundir.
Síðan voru voðirnar þæfðar, sem annað vaðmál, undir fótum, þar til þær voru fullþæfðar. Flestir þófarar voru létt klæddir við þóf, margir á nærklæðum einum saman. Voðin var oft aðgætt í þófinu og hrist upp.
Það nefndist að kippa. Ýms orð voru notuð um þóf. Þessi voru helst. Bloti, þegar voðin var að byrja að þófna. Voðin er fullþæfð, þegar voðin var búin að fá það þóf, sem talið var hóflegt.
Svellþæft, nefndist það, þegar voðir

p21
voru mikið þæfðar.
Voðir töldust fullþæfðar þegar þær höfðu styttst um eitthvað ákveðið.
Þetta var mjög breytilegt og fór eftir fínleik voðanna. Fínar voðir voru þæfðar mikið minna en grófar voðir.

Þegar ég man eftir
var þófarabiti að mestu eða öllu lagður niður, en ég heyrði aldra fólk tala um þófarabita og lýsa honum. Þófarabitinn var fyrst og fremst smurð flatkaka og eitthvert góðmeti með, svo sem reyktur magáll, súr lundabaggi, reyktur eða súr bringukollur, hangikjöt eða hákarlsbiti. Að vísu ekki allt þetta, en meira eða minna af þessu. Þegar ég var unglingur, heyrði ég gamlan mann segja frá því að þegar hann og bræður hans þæfðu voðir, gaf móðir þeirra þeim þumlungsþykka sneið af stórum blóðmörskepp.
Það var þófarabitinn á því heimili. Ekki hef ég heyrt talað um ákveðin laun fyrir þóf á voð. Þar mun greiði hafa mætt greiða eins og oft hefur verið í samskiftum sveitafólks.

p22
Þegar voðin var fullþæfð,
var hún undin upp á fjöl og sett undir farg. Þar var voðin látin vera 1-2 sólarhringa, síðan var hún breidd út til þerris. Þá var hún undin aftur upp á fjöl, og látin undir mikið farg. Var hún látin vera þar í nokkra daga. Síðan ar voðin tekin af fjölinni og undin

upp í stranga. Stranginn síðan geymdur á þurrum stað, þar til sniðnar voru flíkur úr voðinni. Ég man eftir því að voðir voru sendar í verksmiðjur til litunar og lóskurðar, en ekki var mikið gjört að því.

Helst munu það hafa verið fínir dúkar, svo sem peysufata- og kjóladúkar og dúkar í betri föt karlmanna.

Ritað í nóvember
1966. Halldór Ólason.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1918
Sveitarfélag: 371 Búðardal

Spurningar

Svör úr opnun textareit

Nr. 6908 p1 Ull og tóvinna 3: Vefnaður hófst vanalega í byrjun þorra. Framan af vetri var unnið í vefinn, kembt og spunnið. Reynt var að ljúka vefnaði fyrir páska. Oftast var byrjað á tvisti í tvist. Þá var bæði uppistaða og fyrirvaf tvistur, og var hann notaður í millipils, kjóla, skyrtur ofl. Síðan voru vaðmálin ofin. Þau voru höfð t.d. í buxur, úlpur ofl. Síðast var ofið í ábreiður. Það kunnu ekki allir að vefa. Oftast 1-2 menn á bæ. Oft var talað um góða og duglega vefara, fóru þeir stundum á aðra bæi til að vefa eða tóku vefnað heim. Það var yfirleitt ofið milli mála, sem kallað var, nema ofið var á öðrum bæjum, þá var ofið allan daginn. Það þótti góð afköst að vefa 6-7 álnir á dag. Það þótti góð borgun að fá 0.25 kr. á 1 alin. Líka voru verkaskifti algeng. Börn og unglingar hjálpuðu oft til, réttu í höföld og skeið og einnig við að spóla. Yfirleitt var talað um vefstól. Þó var stundum talað um vefstað, t.d. ef þröng var í baðstpfu. Kljásteinsvefstað þekki ég ekki, aðeins heyrt hans getið. Vefstólar voru ekki til á hverjum bæ. Í Haukadal voru aðeins 4-5 til. p2 Vefjarskeiðar voru ekki heimasmíðaðar. Þær voru að svipaðri lengd. Það var talað um 80 tanna skeið, einnig 90, 100 og 120 tanna skeið. Spólurnar voru bæði úr tré og járni, stundum úr kindaleggjum og spólan látin í skyttuna á spóluteininn. Áhaldið sem spólað var á nefndist spólurokkur, stundum voru notaðir gamlir rokkar, og þá var notaður spóluteinn. Áhaldið sem haft var til að halda út jöðrum á voð, var kallað spjálk. Það var spýta með nöglum til endanna, og mátti bæði lengja hana og stytta eftir því sem voðin var breið. Ég heyrði talað um að setja til vef, sömuleiðis heyrði ég talað um fimm lóða verk, og einnig tveggja lóða verk. Það var talað um að reikna út í höföld, og einnig í skeið. Kann ég ekki að lýsa því nánar. Ef útreikningur stóðst ekki var voðin varplítil, eða þá væri of mikið varp. p3 Það voru ekki allstaðar til rakgrindur, þó vefstóll væri til. Þá var fengið að rekja á þeim bæjum, sem þær voru til á. Ég treysti mér ekki til að lýsa balbínustól, þó hann væri til á Skarði í Haukadal, þar sem ég ólst upp. Það var kallað að balbína. Fengu krakkar helst ekki að koma þar nálægt, sömuleiðis þegar var verið að rekja. Fullrakin uppistaða á grind nefndist slanga. Efni í höföldin voru unnin heima. Það var álitið vandasamt verk, því þráðurinn þurfti að vera seigur. Var hann gufuseyddur. Þegar reka mátti bandprjón í gegnum hnykilinn, var hann orðinn fullseyddur. Þá voru hnyklarnir teknir og ..... þar til þeir voru orðnir kaldir. Að draga í höföld unnu oftast 2 við, annar rétti en hinn dró í. Þófið fór vanalega þannig fram, að þæft var undir fótunum í baðstofunni, og voðin stoppuð af. Oft var voðin hrist upp,sem kallað var, svo ekki kæmu brigður í hana. Síðan vafinn upp á fjöl og látin þorna þannig. Einnig heyrði ég talað um að þæft væri í tunnu. Þá var tvennt við það. Þótti það vont verk.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1909
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 8030

p1
Ull og tóvinna 3. Vefnaður: Vefstóllinn
var aldrei settur inn í baðstofu fyrr en á góu eða í byrjun einmánaðar.
Það var ekki búið að spinna og vinna ullina fyrr en þá. Það
var ekki byrjað að vefa fyrr en allt var tilbúið, því eftir að vefnaður
byrjaði var ekki hugsað um annað. Öll sængurver og skyrtur
voru ofin úr tvisti. Lökin voru úr ullarbandi. Sængurnar voru
harðari. Það var alveg furða hvað fljótlegt var að vefa. það var
misjafnt eftir bæjum hver óf. Það var ekki vinnufólk heima, þannig
að mamma óf mest allt. Pabbi óf stundum þegar hann hafði tíma. Það
var ofið á milli mála. Frá því morgunverkin voru búin, og þar til
orðið var dimmt. Þegar við systkinin vorum orðin dálítið stálpuð,
fórum við að geta farið í fjósið ein og þá gat mamma byrjað fyrr að vefa.
Og eldri systir mín gat séð um eldhúsverkin. Einn eldri bróðir
minn lærði að vefa þegar hann var kominn yfir fermingu, og greip í það
líka.

Vinnukona á næsta bæ, Svalbarða,
kom stundum og óf fyrir mömmu. Hún fékk kaup fyrir, sem gekk til
húsbónda hennar. Ég man að hún óf óskaplega fallega dúka. Það
voru ekki fleirri sem komu til okkar til að vefa, en það getur verið að
það hafi komið fólk á hina bæina till þeirra hluta.

p2
Vefstóll: Það var alltaf
talað um vefstól. Kljásteinavefstól hef ég ekki heyrt talað um. Ég
veit ekki hver smíðaði vefstólinn heima.

Vefstóllinn heima hjá okkur var
eins og sést á mynd B. Tvíbreiða vefstóla eða hraðskyttuvefstóla
hef ég ekki heyrt talað um. Það var vefstóll til á næsta bæ og á

flestum öðrum bæjum. Þó ekki öllum. Það kom aldrei fólk að vefa hjá okkur, né heldur lánuðum við stólinn. Það var óskaplega milil smíði á vefstólnum og mikill viður sem fór í þá.

Skeið: Ég veit ekki hvort vefjarskeiðar voru heimasmíðaðar. Þær voru úr einhverjum málmi. Ábyggilega voru þær miðaðar við einhverja ákveðna lengd. Það voru rimlar á þeim, þar sem maður setti bandið í gegn. Vefskytta: Skytturnar voru úr tré. Spóluteinninn var ekki kallaður neitt annað. Spólurnar voru úr járni. Spólurnar voru settar á skyttuna. Spólurokkur: Það var alltaf spólað á spólur við vefnað. Spólurnar voru bara járnhólkar. Ég sá aldrei gamla rokka notaða til að spóla á fyrir vefnað. Spanstokkur: Hann er til þess að vefurinn dragist ekki saman. Það var svona spýta um þumlungs breið, með oddi á endanum, og hún var sett á dúkinn, svo að hann drægist ekki saman og væri alltaf jafnbreiður. Á endanum á fjölinni voru fínir gaddar, aðeins sverari en títuprjónar og var þaim stungið í jaðarinn.

p3

Að leggja upp: Það var töluvert verk að leggja upp í voð. Ég man að pabbi var oft að hjálpa mömmu við að reikna það út. Það var kallað að reikna út. Það var farið eftir því hvað voðin átti að vera löng og breið. Það var giskað á hvað mikið væri í hverjum hnykli. Það var ekki svo erfitt að sjá það. Fólk var svo vant að sjá það. Að reikna í skeið og vef: Að reikna í skeið er að ákveða fjölda uppistöðuþráða í breidd voðar. Verkið við að reikna út efnismagn í uppistöðu og ívaf voðar, og þá um leið munstur, var kallað að reikna út í vef. Það var alveg ákveðið hvernig litirnir voru lagðir á milli. Mamma talaði um uppistöðu og ívaf. Rakningsgrind: Það var engin rakningsgrind til heima. Hún var fengin lánuð á næsta bæ. Hún var um mannhæðar há og bundin upp í baðstofuna. Við vorum alltaf 2 krakkar sendir eftir henni. Sá sem gekk á undan, fór inní hana og hélt á henni þannig. Hún var ekki mjög þung. Samt urðu alltaf 2 að aækja hana. Hælar voru utan á grindinni, sem var sett á. Það var ekkert mál að fá rakningsgrindina. Við pöntuðum hana bara, og svo gerðum við þetta á einum degi. Balbínur: Ég man ekki eftir balbínum eða balbínustólum. Rakningsspaði og rakningsstokkur: Ég man ekki eftir neinum rakningsspaða eða rakningsstokk.

p4

Rakning á rakningsgrind: Þegar við settum í uppistöðuna á rakningsgrindina vorum við með allt í hnyklum. Það var mikið verk að gera þetta. Hver hnykill varð að vera í séríláti til að ekki færi allt í flækju. Það voru vaskaföt og öll önnur ílát útum allt gólf. Svo þegar einn hnykill var búinn, varð

að binda annan við. Mamma mældi lengd voðarinnar. Hún setti merki á þráðinn og mældi út frá þráðafjölda í hafaldi. Það var alltaf sett eins í hafaldið. Það var enginn rakningsspaði notaður heldur voru puttarnir notaðir. Hafaldagrind: Hún var ekki til heima hjá mér, en ég heyrði talað um hana. Hún var líka fengin lánuð af næstu bæjum. Það var mjó spýta til að rekja á hafaldagrindina, einna líkust skeið. Hafaldaefni og höföld. Höföld voru úr togi. Það varð að vera slétt og jafnt. Ég hef ekki heyrt talað um að það væri soðið upp úr tólg til að mykja það. Það var mikil kúnst að hnýta á höföldin hafaldahnút. Ég gerði það aldrei.

Ég man ekki eftir hvað bandið hét sem varnaði höföldunum að dragast út af sköftunum. Vefjarkambur: Það má vera að skeiðin hafi líka verið kölluð vefjarkambur.

p5

Að festa upp: Það var kallað að setja upp, þegar verið var að vinda slönguna upp á slöngurifin.

Að bóma vef: Það var kallað að bóma, þegar verið var að vefja upp bandið. Bandið sjálft var kallað slanga. Það gat verið óskaplega langt. Það var ekki hægt að bóma vef einn. Það varð að passa vel að bandið dreifðist alveg jafnt um bómuna. Það hlýtur að hafa verið eitthvað sérstakt áhald til að gera þetta, en ég man ekki eftir því. Að draga í höföld: Hafaldasköftin voru bundin föst á meðan verið var að draga í höföldin. Það var setið við þða.

Konan sem dró í höföldin, sag á bekk og svo var annar hinum megin og rétti einn og einn þráð til hennar. Ég man ekki hvernig gengið var frá þráðarendum, enda sá ég það ekki því ég var aldrei þeim megin. Ég bara rétti mömmu þráðinn, og vissi ekkert hvað hún var að gera hinum megin.

Að draga í skeið. Það var notaður krókur til að draga í skeiðina. Að draga fyrir: Það var kallað að draga fyrir, þegar farið var að skjóta skyttunni um skilið og byrjað á voðinni.

Einnig var talað um að gefa í. Spanstokkur var áhald, sem sett var á vefinn til að halda honum jafnbreiðum. Ef vefurinn mjókkaði var sagt að hann væfist inn. Voðin var mæld af og til með tommustokk eða rauðmáluðum álnakvarða, sem mamma átti. Sá kvarði var ein alin á legnd.

Á honum handfang og hann var mjög gamall. Ef þráðurinn slitnaði í vef var strax bætt í. Það var aldrei neitt talað um

p6

trú og hjátrú heima hjá mér, en ég er viss um að þar sem var margt vinnufólk, þar var mikið rætt um svona.

Þar sem er fleirra fólk er meira talað. Að fella vef:

Vefurinn var felldur þegar voðin var orðin nógu löng. Þráðarendarnir sem gengu af voru kallaðir afvikur. Þeir voru til ýmissa hluta nytsamlegir, t.d. til að sauma með. Þóf: Það var all þæft með fótunum.

Sett á gólfið og stigið á því. Það var þvegið gólfið mörgum

sinnum, svo það væri örugglega táhreint. Svo var voðin þvegin úr volgu vatni á hlóðunum, látið leka úr því í meis uppi á pottinum. Áður en eldavélin kom var notað gólfið í húsinu, og þegar vel var lekið úr voðinni var farið með hana þangað, sett á gólfið og gengið á henni. Eftir að eldavélin kom, var sett kommóða framan við á gólfið í baðstofunni, og þeir sem gengu á þessu gátu stutt sig við hana.

Það var alltaf þeir sömu sem þæfðu.

Maður úr næstu sveit, kom oftast il að þæfa með pabba. Þá höfðu hann og pabbi vinnuskifti. Pabbi fór um vorið til að smíða hjá honum í staðinn. Það hlýtur að hafa verið erfitt verk að þæfa, því þó þeir væru á nærbrókunum og skyrtunni við það, voru þeir alltaf kófsveittir.

Svo varð að taka voðina öðru hvoru og hrista hana og teygja, til að hún þófnaði jafnt. Mamma réði því alveg hvenær hætt var að þæfa.

Á meðan þæft var, fengu karlarnir kökubita, sem var alltaf kölluð þófarakaka. Það var ekki alltaf sama kakan, en oft flatkaka eða eitthvað sem til var. Allt prjónadót var þæft í höndunum, jafnóðum og það varð til. Þegar búið var að þæfa var voðunum komið fyrir í rúmunu, og svo var legið og sofið á þeim. Lóin var aldrei skorin af. Það var ekki fyrr en á síðustu árum, sem ég heyrði talað um það.

Voðin var miklu mýkri, ef lóin var á.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1917
Sveitarfélag: 785 Öræfum

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1292

p1
Ull og tóvinna 3.
Fram um 1935-40 var að jafnaði ofinn einn eða fleirri vefir á flestum heimilum hér í sveit, en meira var það þó áður, þegar bæði var ofið í nærföt, sem farið var að prjóna á þessum tíma, og öll utanyfirföt, milliskyrtudúka ofl., sem farið var þá að fá úr kaupstað. Mun ég reyna að gera grein fyrir hvernig þessu var háttað hér, milli síðustu aldamóta og 1920. Tóvinna hófst þegar haustverkum lauk og stóð óslitið til sumarmála, en það tók langan tíma að spinna allt vefjarband, og var því algengt að ekki væri farið að vefa fyrr en með góu (seint í feb.). En eftir það var unnið stanslaust þangað til öllum vefjum var lokið, sem oftast var um sumarmál. Vefjarband var kallað þráður. Þó kom fyrir að farið var með stuttan vef fyrir jólin, ef eitthvað vantaði sérstaklega, svo sem í jólaföt handa börnum. Annars fór það algerlega eftir því hvernig á stóð, á hverju var byrjað. Oftast voru það húsmæðurnar, sem sáu um

p2
vefina, amk. þangað til heimasæturnar gátu tekið við því, enda var góð kunnátta í vefnaði talin nauðsynleg hverri húsmóður. Heimasæturnar fór því oft fljótt að læra vefnað og munu stúlkur oft hafa farið að taka í vefnað eftir fermingu. Dæmi veit ég til (þó ekki úr Öræfum), að stúlkur færu í aðra sveit til að læra vefnað. Stundum önnuðust þó vinnukonur vefina, en varla nema þær sem voru svo árum skifti í sömu vist, og dæmi voru til að húsbændur gerðu það. Oftast var það aðeins einn í heimili, sem óf hvern vef, og hefði hann ástæður til, sat hann við allan daginn. Góð afköst þóttu ef ofið var á dag 10-12 álnir, en mjög gott, ef það var 16-18 álnir, en það veit ég að ein kona óf stundum. Vitanlega voru afköstin misjöfn, eftir því hvað ofið var. Fljótlegast var að vefa einskeftu, og þar næst vaðmál, en vandari vefnaður var seinlegri. Ekki get ég sagt

hvað menn voru lengi með einstakar vefnaðartegundir.

p3
Hér í sveit bjargaðist
hvert heimili fyrir sig með vefnað, en einstaka fengu þó lánaðan vefstól.
Ekkert veit ég um notkun kljásteinsvefstóla hér í sveit, nema það
að Ólöf Árnadóttir í Svínafelli óf síðust manna, svo vitað sé, hér í sveit
í slíkum vefstað. Í manntali 1816 er hún talin 62 ára. Hún
varð háöldruð, en hvenær hún hætti að vefa er nú óvíst, en það hefir varla
verið langt fram yfir 1820. Sigríður Ísleifsdóttir, langömmumóðir mín mundi
Ólöfu, enda alin upp í sama heimili, og er sögn þessi frá henni komin,
þannig að hún sagði dóttur sinni, sem sagði föðursystur minni, en hún sagði
mér. Í öðru heimili við sama hlað ólst upp Guðrún Bjarnadóttir
frá Skaftafelli, og var 16 ára 1816, en ekki er ég viss um að það sé sama
konan sem skrifað var upp eftir aðferðin við að vefa í gamla vefstaðnum,
en svo var kljásteinavefstóllinn nefndur amk. oftast hér í sveit.

p4
Ekki er ég alveg
viss um að það hafi átt við vefstaðina að góður vefari gengi þingmannaleið
á hverjum degi meðan verið væri að vefa. Það gæti eins átt við þegar
rakið var á hæla. Hafaldavefstólar voru alltaf nefndir vefstólar,
en þeir útrýmdu hinum svo gersamlega, að nú mun ekkert vera hér til úr
þeim. Þó eru ekki mörg ár síðan til var hvalbeinsskeið úr slíkum
vefstað, og er hún nú hjá Andrési Valberg. Hér í sveit hafa
flest heimili bjargast fyrir sig með smíði búsáhalda, en varla hefir það
verið svo með vefstóla, amk. munu það einkum hafa verið 3 menn, sem smíðuðu
vefstóla eftir að kom að aldamótum 1900. Voru það Jón Einarsson bóndi
í Skaftafelli, Ari Hálfdánarson, hreppstjóri á Fagurhólsmýri og Björn Pálsson,
bóndi á Kvískerjum. Ekki veit ég til að smíði vefstóla væri metið
til verðs, amk. var ekki fast verð á þeim. Allir voru vefstólarnir í höfuðatriðum
af

p5
B gerð, en á þeim
seinni voru þó gerðar umbætur á skeiðarslaginu (skeiðarumbúnaðinum), þannig
að það var fest að neðan. Var þá fremri bóman ekki höfð lengri en
svo, að endar hennar komu jafnlangt út og hliðarfjalir vefstólsins, og
var hringur með tönnum hafður á henni innan við hliðina og greip stilli
úr járni í tennurnar, svo hægt væri að herða á voðinni. Innan við
hringinn var 2 eikarspýtum stungið í kross í gegnum bómuna til að geta
haft afl á henni. Skeiðarslagskjálkarnir voru járnbryddir að neðan, til
að verja þá sliti, en þeir léku á tönnum, sem oft voru sorfnar í koparlön,
þannig að hægt var að færa skeiðarslagið að sér að frá, eftir vild, en
léttara þótti að vefa þegar skeiðarslagið var fest að neðan en ofan. Aftari
bóman var fest eins og á gerð B. Skeiðar voru fengnar úr kaupstað

(nema hrosshársskeiðar, sem voru smíðaðar úr vír), og voru alltaf kallaðar skeiðar eða vefjarskeiðar. Alltaf voru þær jafnlangar, en misþéttar og var

p6
talað um svo og svo
margra tanna skeið. Í skyttunum var jafnan valinn viður, og átti að vera harður, léttur og ekki kleifinn. Undir skyttunni var hafður eir eða látúnsvír, til að þær rynnu betur um skilið, og var ekki vandalaust að ganga rétt frá þeim. Teinninn, sem spólan var á, var nefndur skyttuteinn, en spólurnar voru alltaf úr sauðskinni. Til að spóla, var notaður rokkur, oftast gamall, og var hafður sérstakur teinn í staðinn fyriri snældubú. Var hann úr sverum vír, en hjól á honum fyrir strengina. Spanstokkur var hafður til að halda voðinni sundur. Hann var með smátindum í endunum, til að festa í voðinni, en var í tvennu lagi. Gekk ein spækja úr öðru stykkinu milli tveggj, sem komu úr hinu, og voru mörg göt á öllum spækjunum og teinn í gegn, sem hægt var að færa til eftir vild, en á spækjunni, sem á milli kom var haft tippi, sem hægt var að snúa, til að gera stokkinn stífann, en til þess varð að hafa spöng milli samföstu

p7
spækjanna eða að
2 tippi voru höfð á hinni. Efnið var vegið þegar lagt var upp og reiknað út eftir vigt, og var talið hæfilegt að mörkin úr hnyklum gerði 1 3/4 alin, en þá var miðað við bandið eitt, en ekki með völunum í hnyklunum. Ekki hef ég heyrt neitt nafn á verkinu að reikna út, hvað margir þræðir ættu að koma í tönn í skeiðinni, en það var talið auðvelt verk þegar búið var að reikna út í höföldin, enda veit ég ekki til að þessir útreikningar stæðust ekki. Ég treysti mér ekki til að segja nákvæmlega frá hvernig reiknað var út í einstök munstur, en efnið þegar í vefstólinn var komið, var kallað uppistaða og veftur. Fram eftir síðustu öld, held ég að almennt hafi verð rakið á hælum (vegghælum), og var það jafnvel til fram á þessa öld. Fór það oftast fram í framhúsi og kostaði mikla göngu. Sömu hælarnir voru notaðir ár eftir ár.

p8
En eftir að kom fram
að aldamótum, var yfirleitt rakið á rakningsgrindur, en algengt var að menn færu með vefjarefnið af bæ til að rekja það. Rakningsgrindur voru misstórar, og mun hæðin oftast hafa farið eftir húsinu, sem rakið var í, því frístandandi grindur þekktust hér ekki, fyrr en Vefnaðarbókin, leiðbeiningar Halldóru Bjarnadóttur, kom.

Rakningsgrindur þær
sem ég man eftir voru rúmlega mannhæðar háar og voru gerðar úr 2 römmum

með styrktum hornum, og var annar ramminn það stærri að hann féll utanyfir hinn. Að ofan voru þeir festir saman með all sverum bolta og gekk hann upp í bita í húsinu. Að neðan var grindin fest saman með þvingu, sem smíðuð var úr 1" járni og gekk oddur niður úr henni. Hann lék í holu í steini, sem fastur var í gólfinu. Skilhælarnir voru festir á fjöl, sem bundin var á grindina, en ekki hef ég heyrt neitt nafn á henni.

p9

Balbínur þekktust

hér ekki, en rakinskassar voru notaðir. Voru það aflangir kassar með 2 eða fleirri hólfaröðum fyrir hnykla, o var ekki hafður nema einn hnykill í hólfi. Ekki mun þó rakinskassi hafa verið til allstaðar, þar sem rakið var, og voru þá notuð þau ílát sem hendi voru næst.

Rakningsspaði var notaður til að halda uppistöðuþráðunum í réttri röð, og taka skil á þá. Rakningsspaðinn var úr góðum viði og mig minnir með 4 gataröðum að endilöngu og handfangi á endanum. Ekki er ég viss um að muna stærð spaðans, en minnir hann vera um 30 cm. fyrir utan handfangið. Rakningsgrindur voru oftast settar upp í bæjardyrum og rakningskona og aðstoðarmaður röktu. Aðstoðarmaðurinn var oftast unglingur. Lengd voðarinnar var mæld með því að setja merki á uppistöðuþráð. Til að taka snurður af þræðinum var höfð lykkja í hverju hólfi rakinskassans, sem þráðurinn

p10

var þræddur gegnum.

Skilin voru tekin þannig að farið var með þráðinn undir annan skilhælinn, yfir hinn og í hálfhring umhverfis hann, og svo yfir hinn hælinn. Væru endar fleirri en einn og ekki rakið í spaða var skilið nefnt gangaskil, en annars þráðaskil. Gangur nefndist ein þráðarumferð upp og niður, og nefndist lagning fyrsta gagnsins að leggja á grind. Merki voru sett við hverja 100 þræði og var notaður við það einn bandspotti, en ekki hafði hann neitt nafn hér. Alltaf var rakið við ganginn (neðan við eða ofan), en ekki utan á. Fullrakin nefndist uppistaðan slanga, og var tekin af grindinni, svipað og þegar haldið var, en þó var snúið á hverja lykkju. Alltaf var byrjað að reka á grindina að neðan. Ekki hef ég heyrt neitt ákveðið um hvað

p11

voðin yrði styttri

en slangan. Til að útbúa höföldin, var höfð sérstök grind, hafaldagrind, og var hún gerð úr 5 spýtum úr góðum við. Hliðarspýturnar voru þunnar (rúmur cm.), en nokkuð breiðar (4-5 cm.), og voru festar vel í þverstykki, gegngrópað, og var gengið á sama hátt frá efra þverstykkinu, nema hvað grópið var haft svo rúmt, að auðvelt var að kippa því upp af.

Mitt á milli hliðarspýtanna, var sívalur tréteinn, og var hann festur

á sama hátt. Efnið í höföldin var unnið heima og var notað dregið tog.
Þráðurinn var rakinn á smá tólgarmola og síðan soðinn. Síðan
var bandið rakið á nagla sem voru hafðir með hæfilega löngu millibili,
og síðan skorið á þetta allt í einu. Hafaldagrindin var oftast höfð
á hnjánum, þegar hún var notuð, neðri þverspýtan látin liggja á hnjánum.
Þráðurinn var jafnaður á grindinni, þannig að miðja hans kom á þá
hliðarfjölina, sem nær manni var, en síðan

p12
var endunum brugðið
um miðteininn og hnýtt vel að. Oftast einir 6 hnútar og hert vel
að hverjum hnút. Hafaldsaugað var svo búið til á þann hátt að endunum
var aftur brugðið um teininn og hnýtt þar á sama hátt. Að lokum var
svo bandið hnýtt um hina hliðarspýtuna. Þegar grindin var full, var
þverspýtunni kippt af, og allt dregið af. Hér voru aldrei notuð stálhöföld,
heldur úr góðu tré. Voru hafðar vírlykkju á endunum og snúið utanum
endann, sem hafaldasnúrurnar voru festar í, og vörnuðu þær höföldunum að
fara út af sköftunum. Höföld voru geymd með ýmsum hætti, en oftast
munu þau þó hafa verið hengd upp á vel þurru lofti. Vefjarkamburinn var
bundinn framan við höföldin, stundum á skeiðarslagið, meðan lagt var í
hann, en oftar mun hann þó hafa verið bundinn þvert yfir vefstólinn eða
á hafaldauppihöldin. Vefjarkamburinn var ekki frekar úr völdum

p13
viði. Sá sem
hér var notaður var úr ljósviði og bambustindar ofan á, en heyrt hef ég
að sumsstaðar hafi verið notaðir naglar. Oftast var hafður hálfur
annar gangur milli tinda, þegar lagt ver í kambinn. Plógskaftið var sett
í endann á slöngunni og bundið við aftari bóluna með 3 böndum. Plógskaftið
var amk. stundum járnteinn. Við enda hans var skilþráðurinn festur,
en hann var dreginn gegnum fremra gangaskilið. Yfirleitt
var verkið að koma vefnum í vefstólinn í heild kallað að festa upp vefinn.
En líka var sagt, að setja upp og stundum jafnvel að setja til vef.
Hér þekktist ekki nafnið slöngurifur. Það var alltaf talað
um aftari bómuna. Hún var úr tré, oftast um 12 cm. sver og lægð tekin
eftir henni endilangri, sem plógskaftið var látið falla í. Lausir
trékragar voru hafðir sitt hvoru megin

p14
á bómunni, og gerðu
þeir hvorttveggja, að halda plógskaftinu, og halda slöngunni. Stundum
var naglapinnum stungið í bómuna utan við kragana, til að stöðva þá. Á
enda bómunnar, hægra megin þegar setið var í vefstólnum, voru festir 4
armar til að snúa henni með, en undir þeim var höfð járngjörð, og var hún
nokkru sverari en bóman. Í gegnum göt, sem voru á þessari gjörð með
ca. 2" millibili, voru reknir sverir naglar, eða því um líkir teinar,

en á hlið vefstólsins var ca. 12" löng spýta með járnlykkju í endanum,
sem féll á þessa pinna, og var það til að stöðva bómuna, en spýtan var
höfð það löng, að til hennar næðist úr sætinu þegar þurfti að slaka á bómunni.
Þegar slangan var bómuð urðu 3 að hjálpast að. Einn að snúa
bómunni, annar að jafna slönguna á hana og þriðji að halda við slönguna.
Reynt var að rekja sem jafnast á bómuna og voru kragarnir látnir
halda að þræðinum sitt hvoru megin.

p15
Þegar búið var að
bóma voru grönn sköft (skilsköft) sett í skilin, og endar þeirra tengdir
saman með bandi, en hafðar ca. 2-3" á milli þeirra. Þegar
dregið var í höföldin, voru hafaldasköftin bundin saman á 2 stöðum til
að halda þeim stöðugum. Oftast rétti unglingur endann, en sú sem
annaðist uppsetninguna taldi í höföldin og tók á móti. Við hverja
100 enda var hnýtt framan við höföldin, svo ekki drægist úr og ólagaðist.
Einnig unnu 2 að því að draga í skeiðina, og var til þess notuð krækja,
sem oftast var klippt út úr girði eða öðru þunnu járni. Oftast mun
skeiðin hafa verið bundin ofan á skeiðarslagið meðan dregið var í hana.
Við fremri bómuna var bundinn járnteinn, og voru höfð í honum 3 snæri (vefstólasnæri),
svo löng að teinninn kom rétt að skeiðinni. Var tekinn jafn feti
af efra og neðra skili

p16
og hnýtt um teininn,
og var það kallað að hnýta fram. Þegar búið var að hnýta fram, var
tilbúið að vefa eða að fara að draga fyrir. Þurfti þá að gefa mátulega,
og var það gert með því að láta bandið mynda mátulega mikinn boga. Vefturinn
var svo sleginn að með því að kippa að sér skeiðarslaginu tvisvar til þrisvar.
Þegar búið var að vefa lítið eitt, var álnar langur spotti dreginn gegnum
voðina, og var hann færður í hvort skifti sem búið var að vefa jafnt honum.
Þegar búið var að vefa lítið eitt var spanstokkurinn settur í og
síðan færður eftir þörfum. Fljótlega þurfti að færa á. Var
þá losað skilið á aftari bómunni, og undið upp á hina og var talað um að
búið væri að vefa eina eða fleirri áfærur. Þegar búið var að vefa
var vefurinn felldur, þ.e. afvikur klipptar af, og vefurinn undinn ofan
af bómunni.

p17
Afvikur voru notaðar
í allt sem henta þótti. Þegar búið var að fella vefinn, var voðin
undin upp úr heitu vatni, þ.e. hún var látin í bala með vel heitu vatni
og bleytt vel og var það oft gert í bæjardyrum. Síðan var endanum brugðið
um sterkan staf og endanum snúið nokkrum sinnum um voðina. Svo var
farið með stafinn hæfilega langt frá dyrunum, en annar stafur hafður þar
og voðinni brugðið um hann, og síðan um stafina á víxl, þangað til búið

var að rekja alla voðina á þá. Stafinn, sem í dyrunum var, settu menn þversum í dyrnar, en hinum var snúið á endum og togað í voðina um leið. Þegar búið var að snúa eins og hægt var, var strokið um voðina með lófunum. Að því búnu var voðin tekin saman og lögð á hreinan hlera, sem hafður var á baðstofugólfi. Oftast mun húsbóndi hafa þæft, en þó veit ég um einn mann, sem

p18
þæfði fyrir mörg
heimili. Alltaf var þæft undir fótum, og voru menn oftast á nærklæðum við það verk.

Þegar búið var að
þæfa voðina nokkuð, var hún teygð. Tóku þá 2 menn hana á milli sín, tóku í jaðrana og toguðu þannig ca. faðms bút á milli sín og gekk það svo koll af kolli, þar til voðin var búin. Hvað mikið voðin var þæfð fór eftir því í hvað hún var ætluð, og var matsatriði í hvert skifti. Að sjálfsögðu könnuðust menn við þuluna um Bárð í jökli, en ekki veit ég til að hún væri nokkurn tíma kveðin við þóf. Ekki veit ég neitt um hvernig greitt var fyrir þóf. Þegar búið var að þæfa, var voðin undin upp á fjöl, oftast rúmfjöl og látin liggja undir fargi nokkra daga til að pressa hana. Síðan var hún lituð, ef þurfa þótti.

p19
Rétt er að taka fram,
að hér var aldrei undið upp úr keytu þegar þæft var, en voðir munu stundum hafa verið þvegnar upp úr keytu áður, en alltaf skolaðar vandlega úr vatni á eftir. Nokkrar eftirhreytur: Unglingar lærðu að vefa með því að ljúka við vefi, endinn varð oftast verri en aðalvoðin, hvort sem var. Hér í sveit var ofið auk einskeftu og vaðmáls, hringavefnaður, nankinsvend. Sá vefnaður barst hingað frá Jóni Hálfdánarsyni í Flatey á Mýrum, eftir aldamót. Einnig voru ofnar ábreiður og teppi, en sjaldan og mun lítið hafa verið gert að því eftir aldamót. En til var hér í sveit, og held ég að víst sé, að það hafi verið heimaunnið, glitofnar ábreiður, salon, brekán og vel má vera að fleirri tegundir hafi verið til.
Etv. hef ég tekið of djúpt í árinni, að segja að Ólöf Árnadóttir hafi síðust manna ofið í gamla vefstaðnum hér í sveit, en víst er að

p20
hún óf síðust á innbæjum
í slíkum vefstól. Ég hef engar heimildir um hvenær síðast var ofið í vefstaðnum, sem til var á Hnappavöllum, en hann var sendur á Forngripasafnið og ætla ég það hafi verið gert allöngu fyrir síðustu aldamót. Eflaust eru einhver gögn um þetta í Þjóðminjasafninu, og er líklegt að í þeim sé getið hvenær hann var síðast notaður. Eins og áður er sagt, var gerð vefstóla hér líkust þeirri sem merkt er B á myndablaðinu. Þó

var sætið öðruvísi. Það var aðeins breið 1 1/4" fjöl, sem fest
var með alllöngum (6-7") krókum í uppstandarana sitt hvoru meginn.
Til að halda uppi höföldunum voru uppstandarar festir hvor á sína
hlið vefstólsins, og var hvor um sig festur við hliðarfjalirnar með 2 skrúfnöglum,
en grópaðir í að neðan. Stundum var slá yfir þessar fjalir
til styrktar, en efst á milli þeirra, undir þverslánni, voru völtrusköftin
sem hafaldasnúrurnar

p21
léku á. Það
voru sívöl sköft, tæpar 2" í þvermál með skorum nærri endunum fyrir
hafaldasnúruna, en í hvorum enda var teinn, sem gekk í gegnum gat í uppstöndurunum.
Einnig var hann öðruvísi að því leyti, að skammelin voru fest að
framan (sætismegin). Ekki vil ég fullyrða að gerð A hafi ekki þekkst
hér um slóðir, en ég hef ekki séð hana.

Sigurður Björnsson
sagði mér, er hann skilaði skránni að til hefði verið svonefnt bringuþóf,
sem var haft er þæfa átti fína hluti vel og mjúklega. Veltu menn þá þófinu
undir bringu sér á borði. Sigurður kveðst ekki hafa séð þetta, heldur
aðeins heyrt sagt frá því. Hann gleymdi að setja þetta með á skrána.
Þ.M.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1929
Sveitarfélag: 220 Hafnarfirði

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1305

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Vefnaður byrjaði mjög missnemma á heimilum, eftir
því hve snemma var lokið við að undirbúa í stólinn. Frekar
var reynt að fella vef fyrir jól, ef að vefnaður var þá hafinn, að segja,
annars mun það oft ekki hafa verð fyrr en eftir jól eða þegar kom fram
á mánuði. Oft hafði ákveðinn maður vefnaðinn með höndum, oft í ígripum.
Stundum sat hann við. Venjulegast var að einhver á heimilinu
sæi um vefnaðinn, sem sagt hver fyrir sig. Þó var hitt til, tíma
og tíma, að maður færi milli bæja að vefa. Vefstóll: Vefstóll
var venjulegt að kalla tækið, sem ofið var í. Tvíbreiðir vefstólar þekktust
ekki. Ef einhver átti ekki vefstól, reyndi hann að koma sínum vefnaði
fyrir annarsstaðar.

p2
Skeið: Vefjarskeiðar
voru hafðar misgrófar, eftir því hvað vefa átti, fínt eða gróft. Ekki
man ég eftir öðru nafni á þeim. Vaðmál var venjulega ekki nema alin
á breidd, eftir að búið var að þæfa. Vefskytta. Vefjarskyttur
voru úr harðviði. Annaðhvort eik eða brenni. Ekki man ég eftir að
neitt væri sett á þær, svo að þær rynnu betur. Sérstakar tréspólur voru
notaðar til að spóla á, og ekki mátti spóla út á enda, því þá gat allt
flækst. Borið var við að nota blikk, en þótti ekki gott, svo hætt
var við það. Þótti vilja slíta. Spólurokkur: Venjulegast
var að spóla á gamla rokka, sem hætt var að nota til spuna, en ekki hafður
sérstakur spólurokkur.

p3
Spanstokkur: Áhaldið,
sem notað var til að halda út voðinni þegar ofið var, nefndist spjálk.
Hún var með tönnum til endanna, sem stungið var í jaðrana. Svo

voru nokkurskonar hjörur í miðjunni, og þar var hægt að muntra til breidd hennar eftir því hvað voðin var breið. (teikning). Að leggja upp:
Ekki veit ég gjörla hvernig það var. Þó munu sauðarvölurnar hafa verið vigtaðar frá, eða giskað á þyngd þeirra. Stundum var líka undið á gimburskeljar. Svo var til balbínurokkur, sem balbínað var á, og af þessum balbínum var rakið á rakgrindina. Þessar balbínur voru nokkurskonar spólur með stóran hnúð á báðum endum.

p4
Að reikna í vef.
Ívafið var oft kallað fyrirvaf og uppistaðan þráður.
Rakningsgrind: Hún var oft kölluð rakgrind. Annar endinn var látinn standa í gólfi, ef torfgólf var, var oft höfð spýta undir, þó með holu í. Hinn hendinn var oft settur í smugu upp í bita. Balbínur:
Þær hef ég minnst á áður. Betra þótti að rekja af balbínum en af hnyklum. Rakningsspaði: Hæll mun hafa verið á grindum,sem skilið var gert um.

p5
Rakningsstokkar:
Sérstakir kassar með litlum hólfum voru hafðir ef rakið var af hnyklum á grind. Sinn hnykillinn í hvert hólf. Ef þeir hoppuðu upp úr, varð að passa, að hver færi í sitt hólf. Rakning á rakgrind:
Til var að rakgrindin var höfð út í skemmu. Oftast voru 2 við að rekja. Venjulega var sett merki á einn uppistöðuþráðinn, ef mæla átti. Þá var allt mælt í álnum en ekki metrum. Ekki man ég eftir að þráðarvölur væru látnar leika á uppistöðuþráðunum til að jafna snuðrur. Fullrakin uppistaða nefndist slanga. Venjulega var gerð lykkja á slönguna og hún tekin niður á þann veg, að aftur var dregið í þá lykkju, svo önnur lykkja. Kom líkt og þegar heklaðar eru keðjulykkjur.
Þetta var bara gert með höndum og gat því slangan litið út eins og sver keðja. Ef að rendur áttu að vera, voru taldir jafnmargir þræðir og röndin átti að vera breið.

p6
Ekki get égt ímyndað
mér að hægt hafi verið að rekja á rúmstólpa. Hafaldagrind:
Áhaldið, sem höföldin voru hnýtt á hét hafaldagrind. Hafaldaaugað mun hafa verið hnýtt yfir til þess mátulega svera spýtu.
Hafaldaefni og höföld: Þrinnaður togþráður var venjulega hafður í höföld. Miðhluti hafalds nefndist hafaldsauga. Stundum voru þau bara látin vara á sköftunum til geymslu. Að festa upp.
Verkið nefndist einu nafni að setja upp vef. Að bóma vef: Þegar vúið var að láta slönguna á rifinn,var hún látin á afturbómuna, svo í

p7
höföldin, og svo
í skeiðina, síðan lagðist vefurinn yfir frambómuna, og ofan á rifið, þegar
búið var að hnýta á skaftið. Venjulega voru 2 við verkið.
Að draga í höföld: Það verk var bara kallað að draga í höföld. 2
unnu venjulega það verk, annar rétti þræðina fram, hinn tók við hinu megin,
og hnýtti lykkjuhnút, sem var auðleystur, svo ekki rynni í gegn aftur.
Að draga í skeið: Áhaldið, sem haft var til þess hét
krókur. Oftast unnu 2 að því að draga í skeiðina. Skeiðinni
var tillt nálægt hafaldasköftunum. Annar setti krókinn í gegn og
dró hann til baka aftur, þegar inn hafði smokkað þræðinum á

p8
Að hnýta fram: Það
sem uppistaðan var hnýtt á, var venjulega nefnt skaft. Verkið nefndist
að hnýta á skaft. Skaftið var hnýtt á 3 stöðum yfir frambómuna ofanyfir
rifinn, til beggja enda og um miðjuna.

Að draga fyrir: Venjulega
voru stigin 1 eða 2 skil áður en farið var að skjóta skyttunni. Venjulega
var ívafið gefið fyrir í einum stórum boga. Slagborðið var slegið bæði
misfast og misoft, eftir því hvað verið var að vefa. Talað var um
að voð gengi saman, ef hún mjókkaði, því átti spjálkin að varna. Voðin
var mæld jafnóðum með álnarlöngum kvarða. Jafnóðum og þráður

p9
slitnaði var bætt
úr því. Þráðurinn leitaður uppi og hnýtt saman með eins litlum hnút
og hægt var. Ef þráður slitnaði venju fremur var frekar talið að
hann væri of linur, heldur en að um aðsókn væri að ræða.
Að fella vef: Að loka vef úr vefstól, var oft nefnt að fella vef,
líka að hann eða hún (sem ófu), voru orðin léttari. Þráðarendar sem
af gengu voru kallaðir afvikur, og voru þeir oft notaðir til að stoppa
eða bæta með. Þóf: Áður en sóti kom, var haft mjög
heitt vatn eða keyta til að þæfa. Venjulega var undið úr voðinni, þannig
að 2 undu á milli sín hver á móti öðrum. Ef hún var löng var hún
brotin tvöföld áður. Ýmsir á heimilunum

p10
unnu að þæfingu.
Ýmist á baðstofugólfi, stundum í tunnu, þannig að hún ar botnlaus
og einhverjir 2 spörkuðu hver á móti öðrum, og vildi það ganga misjafnlega
eftir því hverjir áttu að vinna verkið. Voðin var oft aðgætt og hrist
upp, og fólkið klætt eftir því hvað heitt var í baðstofuloftunum. Voð
var bara þæfð þangað til húsbændum þótti nóg og hefur það eðlilega verið
mismikið eftir því hvað hver vildi þæfa.

Bárður minn á jökli,
er þula, sem er þekkt hér. Eftir þæfingu voru voðir undnar
upp á rúmfjöl og strammaðar fast og vel og strokið svo hvergi

p11
væri hrukka. Svo
var saumað utan um voðina stykki. Stundum bara tyllt saman endum
með nál, síðan stungið undir þungt farg, og látið vera þar í nokkra daga.
Ekki tíðkaðist að senda voðir í erlendar verksmiðjur.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1898
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 7768

p1
Ull og tóvinna III.
Vefnaður: Ég vil nú biðjast afsökunar á þeim drætti sem hefur orðið á því að svara spurningaskrá nr. 15, og fjallar eingöngu um vefnað og mér var send fyrir jólin í vetur, og ber aðallega tvennt til þess að ég hefi ekki getað svarað henni. Fyrst og fremst varð ég fyrir veikindum upp úr áramótum, og varð því að dveljast á sjúkrahúsi í 9 vikur, og í öðru lagi verð ég að segja eins og er, að því miður get ég engu svarað sem spurt er um, því ég hefi aldrei kynnst vefnaði eða neinu sem að þeim vinnubrögðum lítur. Get tæplega sagt að ég hafi séð vefstól, nema hafi það verið á einhverjum byggðarsöfnum. Ég held í daglegu tali hafi verið talað um vefstól, einnig hefi ég heyrt nefndan vefstað. Mágkona mín, sem fékkst dálítið við vefnað á sínum yngri árum, hefir sagt mér að vefjarskeiðin var kölluð ritti, eitt slíkt stykki á hún í fórum sínum, sem minjagrip frá æskuheimili sínu, og er það úr einhverjum málmi. Einnig á hún skyttu og spólur, og er það hvorttveggja smíðað úr tré. Áhaldið sem spólað var á segir hún, var nefndur spólurokkur og spóluteinninn í skyttunni var nefndur á hennar heimili spóluteinn. Ég kannast við nokkur orð sem tengjast vefnaði, eins og uppistöðu, fyrirvaf, höföld og að fella vefinn.
Ekki er mér kunnugt um hvort fólk

p2
gekk á milli bæja til vefnaðar eða hafði það að atvinnugrein, en mér er þó nær að halda að svo hafi verið, sérstaklega karlmenn. Styðst ég aðallega við þá heimild, að uppúr 1930 vissi ég deili á gömlum manni hér í Reykjavík, sem Gunnar hét, og var í daglegu tali kallaður Gunnar vefari. Ekki man ég föðurnafn hans, en þessa starfsgrein mun hann að einhverju leyti hafa stundað, en hann var síðustu æviár sín á Elliheimilinu Grund, og dó þar, og er hann fyrsti maður, sem jarðaður er í Fossvogskirkjugarði, og var kirkjugarðurinn vígður með greftrun hans. Hvernig að vaðmál voru þæfð veit ég ekki, nema

hvað sumir höfðu notað fæturnar til þeirra hluta.

Því miður verð ég
nú að slá botninn í þetta, þar sem mín viska nær ekki lengra, og biðjast
innilega afsökunar á þessari frammistöðu minni. Með bestu kveðju
og þakklæti fyrir jólakortið í vetur, ef þið sendið mér spurningaskrá áfram,
mun ég gera eins og ég get að svara.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1901
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1347

p1
ULL OG TÓVINNA 3
Vefnaður: Á fyrsta og öðrum tug þessarar aldar var enn mest af fatnaði fólks unnið á heimilunum, og að langmestu leyti úr ull. Aðallega var unnið vaðmál úr ullinni, en þó einnig nokkuð af prjónlesi, sem einkum voru sokkar, bæði til heimilisnoktunar og sölu, (smáband). Smábandið var fyrst og fremst unnið fyrir jólin og þá selt í verslanir til útflutnings. Það var því sjaldgæft að vefstóll væri "borinn inn" fyrr en eftir nýár, þó kom það fyrir ef efni í föt, eða rekkjuvoðir, vatnaði. Misjafnt var hvenær vefnaði var lokið á vorin. Á heimilum, sem tóku í vefnað frá öðrum bæjum, gat það dregist fram um sumarmál að vefstóll væri "borinn fram". En á öðrum heimilum var það oftast nærri góulokum. Venjulega mun hafa verið byrjað að vefa hinar grófari voðir t.d. í hversdagsföt.

p2
Karlmenn ófu, og venjulega sami maðurinn á hverjum bæ, allt, sem vefa þurfti hvern vetur.
Unglingar hjálpuðu til við að "setja til" vefinn.
Eftir 1900 munu flestir vefarar hafa, jafnframt vefnaðinum, haft einhverja fjárgæslu, eða annað, með höndum, og því ekki setið í vefstólnum frá morgni til kvölds. Það þóttu góð afköst að vefa 10-12 álnir á dag þó einstaka maður kunni að hafa afkastað eitthvað meiru. Af fínum vef gat þetta orðið allt að heilmingi minna, einkum ef þáðurinn "hélt illa" þ.e. slitnaði mikið. Þar sem ég þekkti til fóru unglinar ekki að vefa fyrr en eftir fermingu, 15-16 ára. Ekki þekkti ég að vefarar færu á milli bæja, en eins og áður segir tóku sum heimili efni í vefnað fyrir aðra. Lítið mun hafa verið um vöruskiptaverslun með vefnað eftir 1900, en stöku sinnum

p3

var vaðmálsbút stungið
að þeim, sem vitað var að þurftu þess með. Kom þá stundum greiði
í einhverri mynd á móti. Nafnið vefstóll var eina nafnið, sem ég
þekkti á þessu verkfæri. Um vefstólasmiði og smíði vefstóla get ég
lítið sagt. Vefstólar í minni sveit, voru lítið eða ekki frábrugðnir
hvor öðrum. Til voru heimili, sem ekki áttu vefstóla. Þau heimili
komu efni í vefnað til nágranna eða kunningja. Þegar ég var að alast
upp, á árunum 1901-1916, voru þar sem ég þekkti til, gamlir vefstólar,
og voru þeir notaðir þar til heimavefnaði var hætt um 1920, eða litlu síðar.
Um kaup og sölu vefstóla vissi ég ekki annað en að um 1930 keypti
ég gamlan vefstól á kr. 50,00. Þennan vefstól á ég enn. Af
vefstólum þeim, sem myndirnar eru af, þær er fylgja spurningaskránni, er
vefstóll A líkastur þeim vefstólum, sem ég þekkti. Þó er hann í nokkrum
smáatriðum öðruvísi. Þessi eru helst.

p4
Slöngurifurinn lék
í götum aftast á kjálkanum sem merktur er (10) á mynd A. Slagborðið
hékk á járnteini framarlega á kjálkanum (10). Á uppistöðufjalir slagborðsins,
(sem á listanum Heiti á vefstól A. er nefnt slagborðskjálki) voru teknar
raufar fyrir vefstólskjálkann, og fyrir þær lá áðurnefndur járnteinn, sem
festur var í uppistöðufjalirnar nálægt efri enda þeirra. Járnteininn
lék svo í skoru á þar til gerðu járni ofan á vefstólskjálkanum. Setubekkurinn
var kræktur á framstuðlana (stólpana) (2) en í þeim voru járnkengir. Járnkrókar,
um 15cm. langir voru festir í kengi á seturbekksfjölinni. Þurfti
þá ekki að losa nema annan krókinn þegar farið var í vefstólinn, eða úr
honum. Skammelin (22)(20) voru aðeins að framverðu. Spjálk
hét fjöl,(reyndar voru það tvær smáfjalir, er festar voru saman með selgargni)
til þess ætluð að þverstrengja með voðina. Henni verður nánar lýst
síðar. Vefjarskeiðar, sem ég þekkti voru úr stáli, útlendar. Kaupfélögin
fluttu þær inn eftir pöntunum manna. Greinarmunur var gerður á vefjarskeiðunum,(sem
reyndar voru oftast aðeins

p5
nefndar skeiðar)
eftir því hversu þær voru péttttenntar. Talað var um 80-100 eða 120 reira
skeið, en rifurnar á skeiðinni voru kallaðar reirar. Með þessu var
átt við að á hverju kvarteli skeiðarinnar væru svona margir reirar, en
þær voru 5 kvartel. Vefjarskyttan, í daglegu tali aðeins nefnd skyttan,
var úr tré.

Á báða enda hennar
var festur vír, sem að nokkru féll inn í smáskoru á trénu. Þessir vírar
voru til þess að þræðirnir í vefjarskilinu festust síður á skyttuendanum
þegar henni var skotið í gegnum skilið. Að vísu var skyttan þannig
smíðuð að endar hennar vísuðu lítið eitt upp á við svo minni hætta væri

á því að þeir snertu þræðina í skilinu að neðanverðu. Neðan á skyttunni miðri, eða yfir neðra opi spóluhússins, voru festir 2-3 vírar, af sama efni og á enda hennar, þeir voru til þess að skyttan rynni betur í gegnum skilið. Teinninn fyrir spóluna, í spóluhúsinu, var einnig úr vír, kræktur fastur í annan endann, en

p6
small inn í gat á
smá blikkplötu, sem var fest hinumegin í spóluhúsinu. Teinninn hafði ekki annað nafn. Tréspólur bæði renndar og tálgaðar,- aðallega þó tálgaðar - voru notaðar til þess að spóla ívafið á. Víðast hvar voru sérstakir rokkar, spólurokkar, notaðir til að spóla á, og smíðaðir sérstaklega til þeirra nota, svo og til að balbína á þá. Sumstaðar voru þó notaðir gamlir spunarokkar við þetta verk, og þá settur í þá teinn til þeirra nota.
Spólurokkar voru mjög óvandaðir að smíði, "uppistandari" úr fjöl eða kubb, sem lauslega hefur verið heflað slétt. Á sumum rokkum var þó renndur húnn. Hola var ofarlega að framan í "uppistandaranum" fyrir aftari enda spólu og balbínuteinsins. Að framverðu voru teinarnir festir í holu á standi, eða hæl, sem lék laus í gati á fjöl, er stóð framúr "uppistandaranum". Götin á fjölinni voru reyndar tvö, annað fyrir spóluteininn hitt fyrir balbínuteininn. Hælnum mátti snúa til að vild, þegar spólurnar voru látnar á hann,

p7
eða teknar af honum.
Annar útbúnaður á spólurokknum var, að mestu, eins og á spunarokkum, fótaskör, og hjól með snúru. Snúran var þó aðeins einföld. Áhaldið, sem notað var til þess að halda út jöðrunum á voðinni með þegar ofið var, hét spjálk, og hefi ég lauslega lýst henni áður, á bls 4, og geri það betur síðar. Áður en farið var að "rekja" vef var reiknað út hvað langt mætti "leggja upp". Var sá útreikningur venjulega byggður á hespufjölda þráðarins, en í hverri hespu var ákveðin lengd, 12 "knekk" eða "skreppur". En þessi orð voru notuð nokkuð að jöfnu. Hvert "knekk" var um 50 hringir á litla hesputréð, en það var algengast. Hver hringur var rúml. 2 álnir svo hespan var 13-14 hundruð álnir, lék þá nærri að leggja mætti eina alin upp úr hespunni. Á sumum bæjum var notað mikið stærra hesputré, og mun hver hringur á því hafa verið allt að helmingi lengri heldur en á því litla. Oft heyrði ég talað um svo eða svo marga lóða verk, en ekki veit ég hvort lengd vefjarslöngu var reiknuð út eftir þyngdinni, sennilega mun það þó hafa verið gert á meðan bandið var undið í hnykla,

p8
en ekki hespað. Sjálfur
man ég ekki eftir nema hespuðum þræði í "uppistöðu". Oft

var ofið mikið úr tvisti, hann var pantaður í gegnum kaupfélögin. Margir pöntuðu 2 til 3 liti af tvistunum, og ófu úr honum ýmsar gerðir af bekkjóttu eð rúðróttu tvisttaui. Þessar tvisthespur voru mikið stærri en íslenskar ullarbandshespur af litla hesputrénu. Jafnframt því að reikna út hvað "leggja ætli upp", þ.e. hvað vefjarslangan skyldi vera löng, þurfti að ákveða hvað voðin ætti að vera varpmikil. En voð var því varpmeiri þess fleiri þræðir sem voru í uppistöðunni. Eftir reirafjölda skeiðarinnar var svo reiknað út hve margir þræðir ættu að koma í hvern reir. Það fór dálítið eftir grófleika uppistöðuþráðarins hvað margt var "haft á" slöngunni. En að hafa á "merkti" hvað margir þræðir voru í slöngunni, venjulega munu þeir hafa verið 12-14 hundruð, komu þá um 3 þræðir í hver reir. En þetta fór þó eftir reirafjölda skeiðarinnar,

p9
þannig að frávik
frá því gátu verið á marga vegu, t.d. að 4 þræðir voru í þriðja hvern reir, eða á hina hliðina að 2 væru í fjórða hvern o.s.fr.v.

Orðin uppistaða og
ívaf voru nálega undantekningarlaust notuð í minni sveit. Þó heyrði ég stöku sinnum orðið fyrirvaf haft um ívafið. Áhaldið, sem uppistaða í vef var rakin á hét rakgrind. Ekki þekkti ég nema eina gerð af þeim. Rakgrindin var þannig. Aðalhlutar hennar voru tveir ferhyrningar, uppistöðustólpar um tveggja metra háir, með þverslám að ofan og neðan um það bil 8-10 cm. frá enda. Uppistöðustólparnir voru heflaðir vel sléttir, og á milli þeirra tveggja hliða, er út snúa, er hornið heflað af, svo hliðarnar koma saman í ávölum boga. Á miðjar þverslárnar var tekið fals, og í miðju þess gat um 2 cm. í þvermál. Þegar rakgrindin var í notkun, voru grindarhlutarnir feldir saman í fölsunum og tréhæl stungið í götin bæði að ofan og neðan. Efri hællinn gekk upp í gat á trébita rétt ofan við

p10
grindina, en neðri
hællinn féll í holu á kubb sem hafður var á gólfinu undir grindinni, miðaðist þykkt kubbsins við að efri endar rakgrindarinnar væru vel lausir við að rekast upp í bitann. Þegar búið er að setja upp rakgrindar á þann hátt, sem lýst er hér að framan, eru næst settar 2 lausar krossslár á milli uppistöðustólpanna, um miðju þeirra. Þessar slár festast strax vel þegar farið er að rekja á grindina. Loks eru sett svonefnd "grísholt" á raqkgrindina. Þau er 2. það efra er sett á áður en byrjað er að rekja á grindina. "Grisholt" er slá með 2 hælum nærri öðrum enda, og sýlingum í báða enda. Sýlingarnar falla á horn tveggja uppistöpustólpanna, og stöðvast við efri þverslá grindarinnar. Síðar verður sagt frá neðra "grísholtinu". Áður en ég lýsi sjálfri rakningunni

ætla ég að lýsa þeim áhöldum, sem notuð voru við undirbúning hennar, en þau voru, auk spólurokksins (balbínurokksins) svonefnd króna og snældustóll,

p11
og svo snældurnar,
sem balbínað var á. Snældurnar voru um 20 cm. langar, með breiðum snúðum á endunum. Snúðarnir voru þunnir, sérstaklega út við raðirnar.
Króna hét áhald það sem hespurnar voru hafðar á þegar balbínað var, hún var þannig: Neðst var planki ca 4-5 cm. á þykkt og 25-30 cm. á lengd og breidd. Þetta stykki hét krónufótur. Í miðju þess var spor, í það var uppistöðustandurinn festur, hann var úr tré, en efst á hann var festur járnhringur. Ofan í tréstandinn var svo rekinn dálitill járnteinn, sem sjálf krónan snérist á, en hún var úr tveimur trérenningum sem negldir voru í kross, og gat á, það sem renningarnir mættust. Yfir þetta gat var negldur bogi úr blikkræmu með gati á. Efsti endi járnteinsins sem áður getur, en hann var mjórri en aðalteinninn, gekk upp í gatið á blikkræmunni, og á þessu snérist krónan. Krosstréð (krónan) var með 2-3 götum nærri hverjum enda, í þessi göt var stundið hælum ca 20-25 cm. háum. Með því að færa hælana til í götunum

p12
var hægt að hafa
hvort sem var stórar eða litlar hespur á krónunni. Snældustóllinn var trégrind um 150 cm. á hæð og 70 cm. á breidd. Á grindinni miðri, eftir lengd hennar, var þunn fjöl með götum á, og samsvarandi göt voru á hliðum grindarinnar. Þegar balbínusnældurnar voru settar í snældustólinn var grannur járnteinn settur í götin og í gegnum snældurnar, þannig að tvær og tvær snældur komu samhliða í stólinn, en þó sín hvorum megin við miðfjölina. Snældustólarnir tóku venjulega 12-16 snældur.
Eins og sagt er hér á undar var spólurokkur notaður til að balbína á. Var þá settur í hann balbínuteinn, en hann var bæði lengri og sverari heldur en spóluteinninn, og er því lýst á bls.6 hvernig hann var festur.
Það sem ég þekkti til var rakgrindin sett upp í framhýsi, stofu eða skála. (Í stofu á mínu heimili, Leifshúsum). Ég hefi áður lýst því hvernig hún var sett upp. Ekki þekkti ég rakningsspaða eða rakningsstokk.

p13
Einn maður vann að
því að rekja vefinn. Áður en rakning hófst, var einn þráður, af einhverri snældunni, mældur með alinmáli í þá lengd, sem reiknað hafi verið út að leggja mætti upp. Þegar lengdin var fengin var tekinn ullarhnoðri, bréfsnepill eða smádula, og þræðinum fest með línubragði utanum, síðan var þráðurinn undinn upp á snælduna aftur. Síðan var byrjað að rekja.
Sá sem rakti hélt þráðunum í greipum vinstri handar, þremur eða

fjórum í hverri eftir því hvað rakið var af mörgum snældum. Með hægri hönd snéri hann rakgrindinni. Það þurfti að halda þráðunum þéttings fast milli fingranna, til þess að snurðurnar, sem oft voru á þráðinum, röknuðu. Hjá þeim sem lagnir voru að rekja, og röktu með jöfnum hraða, helst nokkuð miklum, gekk þetta vel. Faðir minn rakti alltaf hratt.
Rakningin hófst með því að þráðarendunum af öllum snældunum, sem áður verið hnýtt

p14
saman með þverhnút,
var skipt sem jafnast, og brugðið þannig upp á efra grísholtið, þann hælinn, sem nær var uppistöðutré grindarinnar. Síðar var öllum þráðunum brugðið undir aftari hælinn á grísholtinu. Sumir kölluðu grísholtið öðru nafni hælatré. Nú var rakið niður rakgrindina þar til kom að merkinu á þræðinum, sem áður er getið, þá var neðra grísholtið sett á grindina, og bundið fast, því sýlingarnar í enda þess nægðu ekki einar til að halda því nægilega föstu. Öllum þráðunum var nú brugðið undir annan hælinn á grísholtinu en yfir hinn og þannig snúið við upp grindina aftur.
Ein ferð niður og upp grindina aftur hét umferð, en gangur aðra leiðina.
Umferðin var því tveir gangar. Opin, sem mynduðust við að þráðurinn var ýmist brugðið undir eða yfir hælana á grísholtunum nefndist þráðaskil. Rakið var ýmist ofan á þær umferðir, sem komnar voru á grindina, eða lítið eitt til hliðar

p15
við þær, þannig að
slangan bæði smábreikkaði og þykknaði. Þegar raktir voru langir vefir, þurfti að hafa þétta hringina á rakgrindinni, og þá um leið að rekja meira ofan á þá en annars, svo þeir næðu ekki saman. Ekki vissi ég til að merki voru setti við ákveðinn þráðafjölda. Fullrakin uppistaða nefndist slanga, bæði á meðan hún var á grindinni, og eftir að hún var tekin niður. Áður en slangan var tekin niður var gengið frá skilunum á henni á þann veg að snærisspottar voru þræddir meðfram báðum hælunum á grísholtunum og bundið að. Síðan var slangan rakin niður af grindinni. Byrjað var að losa af efra grísholtinu, eða það tekið burt, síðan var tekið um slönguna, 25-30 cm. frá enda hennar, með vinstri hendi og vafinn einn hringur utan um hægri handlegg, þá gripið með hægri hönd um slönguna og lykkja úr henni dregin í gegn um hringinn og honum um leið steypt fram af handleggnum.

p16
Síðan var hægri hönd
brugðið aftur í gegnum þá lykkju og slangan dregin í geng á samahátt og áður, og þannig haldið áfram þar til búið var af grindinni.
Þegar tvílit,-eða marglit- uppistaða var rakin þurfti að vera búið að ákveða, hvað margir þræðir ættu að vera í hverri rönd. Reyndar þurfti að

ákveða þetta áður en farið var að balbína, því þá ver oftast hægt að rekja alla litina í einu. Það var vitað að lengd uppistöðu þurfti að vera nokkru meiri, en voðin sem niður úr vefstólnum kom átti að vera. Þetta gat þó verið dálítið mismunandi, og fór einkum eftir því hve gróft ívaf var notað. En ekki er fjarri lagi að meðaltalið hafi verið um þverhönd (10cm.) á alin. Þetta var kallað að voðin skryppi. Ekki þekkti ég að rakið væri á veggjahæla eða rúmstólpa, nema reipi, en á fyrstu tveimur áratugum 20.aldarinnar, var mikið unnið af þeim

p17

úr ullarbandi, einkum togbandi. Þau voru að sjálfsögðu fléttuð í höndunum. Á sama tímabili var líka mikið unnið af gjörðum úr ullarbandi. Á mínu heimili voru þær ofnar í vefstól, og svo mun víða hafa verið gert. Aðrir brugðu gjarðirnar í höndunum eða stímuðu þær, bæði úr ullarbandi og hrosshári. Ekki þekkti ég neitt áhald til að rekja í höföld á, en sennilega hafa heinhverjir í sveitinni átt þau. Höföld voru hnýtt á svonefnda hafaldagrind, hún var gerð úr, um það bil, 1 1/2x3 cm. trérenningum. Lengd grindarinnar var um, 60 cm. og breidd 50 cm. Í miðja styttri hliðina var festur vírteinn, sem smelt var í fals á gagnstæðri hlið. Á þennan vírtein voru hafaldaaugun sett, áður en byrjað var að hnýta höföldin. Þessi grind var því við það miðuð að hnýtt væri á stálaugu, en frá því um, eða fyrir, 1900 voru notuð hafaldaaugu úr stáli. Ekki var ull (tog) notað sem hafaldaþráður, svo ég vissi til,eftir að farið var að hnýta á stálaugu, heldur seglgarn. Þegar búið var að hnýta öll

p18

höföldin var seglgarnið fernisolíuborið, og varð það þá stinnt og glansandi. Hafalda hnýtingin fór þannig fram: Byrjað var við annan enda vírsins, seglgarninu, sem búið var að skera í hæfilegar lengdir, smeygt í gegnum gatið, sem var á enda hafaldaaugans og hnýttur það einn hnútur, síðan var garninu brugðið út yfir grindina, og þar hnýttur línuhnútur, Þess var vandlega gætt að garnið væri ekki slakt. Síðan var hnýtt smáauga utan um seglgarnsspotta sem strengdur hafði verið utan á langhlið hafaldagrindarinnar. Þegar þessu var lokið var þrætt í gatið á hinum enda hafaldaaugans og farið eins að þar, að öðru leyti en því að nú var strengt dálítið á garninu. Svona var haldið áfram þar til lokið var við það sem sett var á hafaldagrindina í einu, en það voru venjulega hátt á fjórða hundrað augu. Þetta var svo flutt á hafaldasköftin. Vefjakambar voru fyrst allir úr tré, en um 1900 fóru sumir að setja í þá járntinda.

p19

Vefjakambar sem ég þekkti voru mjög óvandaðir að gerð. Neðri hluti hans var trérenningur 3-4 cm. á hvorn veg, í eina hlið hans var gerð smálægð þar sem borað var fyrir

tindunum og þeir reknir í þær holur. Á báðum endum þessa undirtrés voru hök, eða uppistandarar, sem voru nokkru hærri en tindarnir. Efra tréð var svipað hinu neðra, nema hvað öllu meira var hvolft upp úr því, og að á endum þess voru göt sem hökin á neðra trénu gengu upp í gegnum þegar kambinum var lokað. Féllu þá tindarnir upp í áðurnefnt gróp á efra trénu. Kambshlutarnir voru svo festir saman með splittum, eða bundnir saman með snærum þegar bambur var í notkun. Verkið við að láta í slönguna í kambinum hét einfaldlega "að láta í kambinn".

Það var gert þannig að slangan var fyrst lögð yfir kambinn, t.d. nálægt miðju hans, síðan voru ákveðið margar umferðir af rakgrindinni lagðar á milli hverra tveggja tinda, en áður þurfti að vera búið að reikna það út svo slangan væri sem jöfnust um kambinn.

p20

Skaftið, sem þarna var sett í enda slöngunnar, í gangaskilið, hét rifskaft. Verkið við að koma slöngunni á rifinn í vefstólnum, var kallað að vinda upp vefinn.

Allur annar undirbúningur, áður en hægt var að byrja að vefa,hét "að setja til vef" Allt verkið, sem talað er um í tveim síðustu málsgreinunum hér á undan, var þó stundum kallað að "setja upp vef". Þegar byrjað var að koma slönguinni á rifinn, var fyrsta verkið að koma rifskaftinu fyrir. Það var þannig gert að því var þrýst inn í þar til gerða skoru á rifunum, og kragarnir á rifunum síðan dregnir sinn inn á hvorn enda þess. Kragarnir, sem voru tvær trékringlur voru til þess ætlaðir að halda að slöngunni þegar hún var undin upp á rifinu.

Til þess að halda krögunum föstum á rifunum, voru negldir á hvorn þeirra 3 skinnræmur, að utanverðu. Ræmurnar voru svo dregnar innfyrir kragana, meðfram rifunum og sléttað úr þeim þar. þegar svo slangan byrjaði

p21

að koma á rifinn þrýsti hún skinnræmunum að honum, og sátu þá kragarnir fastir. Þrír menn unnu við að, vinda upp vefinn. Einn hélt í slönguna, annar var með vefjarkambinn og stjórnaði sá því að slangan legðist slétt og jafnt á rifinn, og þriðji "vatt upp" þ.e. snéri rifnum, en á enda hans, -utan á vefstólnum- var þykkur og allbreiður kragi með tréhælum í hliðinni, þetta hét hausinn á rifnum. Með hælum þessum fékk sá, sem "vatt upp" gott átak til að snúa rifnum, en ef fast var haldið í slönguna gat þurft að taka töluvert á til þess að snúa rifnu. Sá sem hélt í var framan við vefstólinn, en þaðan lá slangan aftur í gegnum vefstólinn og undir slá, afturbómuna, á honum. Þessi slá, bóman, var um það bil í miðri hæð vefstólsins,og hélt saman aðaluppistöðuhlutum hans. Fyrir ofan þessa slá var kamburinn hafður. Betra þótti að halda nokkuð fast í slönguna hún lagðist þá þéttar og betur á rifinn. Ekki voru notuð rifsköft nema á enda slöngunnar.

p22
Á þeim vefstólum
það sem kragar voru á slöngurifnum -en það var ekki allstaðar- var slangan
ekki látin dragast að sér á rifnum, heldur var hún látin falla sem jafnast
að krögunum. Þegar búið var að "vinda upp" vefinn var
skilsköftunum komið fyrir, á sínum stað, og hengd í spotta, sem festir
voru á afturbómuna. Á hvorum spotta voru höfð tvö op þar sem skilsköflunum
var stingið í. Slönguendanum var nú skipt í svonefnda "feta".
En í hverju, "feta" voru venjulega 80-120 þræðir. Ætíð
var þó skipt í fetana af handahófi. Að draga í höföldin var
kallað að þræða. Hafaldasköftin voru bundin saman með snæri
á meðan þrætt var. Tveir menn unnu við það, annar "rétti",
sá sat á kjaftastól, eða öðru, á milli afturbómu og hafalda, hélt með vinstri
hendi um fetann,-einn í einu- en með þeirri hægri greiddi hann gangana
í honum og rétti þræðina til þess, sem þræddi þá í höföldin. Þetta
verk, að rétta, þurfti að vanda því þá komu síður flækjur í skilin þegar
farið var að vefa.

p23
Venjulega voru börn,
eða unglingar, látin "rétta". Þegar búið var að "fella
af" vef var frambóman tekin af vefstólnum, -en hún var fest með skrúfboltum-
til þess að rýmra væri í honum á meðan þrætt var í höföld og skeið.
Sá sem þræddi í höföldin sat framan við þau. Hann byrjaði á því að
taka handfylli sína af höföldum með vinstri hendi, af þeim tók hann svo
eitt og eitt í réttri röð og þræddi í hafaldaaugað með hægri hendi.
Þegar lokið var við að þræða hvern "feta", hnýtti sá, sem þræddi
hnút á alla þræðina framan við höföldin. Við að draga í skeiðina
var notað áhald sem nefndist krókur, hann var úr járni eða blikki beygður
í hálfhring, -til stuðnings- í þann enda, sem haldið var um. Úr fremri
enda króksins var tekið þannig að í hann myndaðist bugur. Í þennan
bug var þræðinum brugðið þegar búið var að reka krókinn í gegnum reirinn
á skeiðinni. Síðan var hann dregin í gegnum skeiðina.

p24
Tveir unnu við að
draga í skeiðina, eða þræða í hana eins og það var kallað hjá okkur. Á
meðan verið var að þræða í skeiðina var hún látin hanga í 2 snærum, sem
fest voru á vefstólskjálkana. Sá sem rétti þræðina sat á milli hafalda
og skeiðar, en hinn, sem rétti krókinn í gegnum skeiðina san að sjálfsögðu
framan við hana. Þegar búið var að draga í t.d. 25 til 40 reira á
skeiðinni, var brugðið hnút á þræðina til þess þeir drægjust síður úr skeiðinni
aftur. Ekki þekkti ég að skaftið, sem hnýtt var á héti öðru nafni
en skaftið. Verkið við að festa þráðarendana utan um skaftið hét að hnýta
á skaftið. Skaftið var fest með þremur snærum við neðri rifinn.
Byrjað var að hnýta þræðina á miðju skaftsins, næst var hnýtt á enda

þess, og síðan frá þeim, -eða miðju skaftinu- sitt á hvað, þar til lokið var. Flestir vefarar tóku frekar fáa þræði í hvern hnút á skaftið, með því móti fór styttri spotti af uppistöðunni í hnútinn, því mikið var lagt upp úr því að uppistöðu þráðurinn notaðist sem best.

p25
Lítið get ég sagt
um vefstólssnæri. Áður er sagt frá snærunum á milli neðri rifs og skaftsins, sem hnýtt var á. Þegar vef var svo langt komið að rifurinn var "orðinn ber" þ.e. uppistaðan var búin af honum, þá var rifskaftið losað með því að draga kragana út af endunum þess. Síðan voru 3 snæri fest á rifinn og undin utan um hann með jöfnu millibili og endinn þeirra hnýtt á rifskaftið. Lengd þessara snæra var við það miðuð að þau gætu fylgt rifskaftinu eftir alveg að höföldunum. Önnur snæri voru þau, sem héldu milli skammela og skefla, og skefla og hafalda, og þekkti ekki sérstök nöfn á þeim. Þegar byrjað var að vefa var það kallað að "draga fyrir" þegar fyrsti ívafsþráðurinn var festur.
Þar sem ég þekkti til var oftastnær "gefið upp í" í einum stórum boga, um leið var næsta skil stigið og ívafið síðan slegið að voðinni með slagborðinu, með einu snöggu höggi. Þegar verið var að ljúka vef og skilið var orðið lítið, þurti þó

p26
að slá 2-3 högg með
slagborðinu. Eins og áður er sagt var spjálkin í tvennu lagi og voru helmingarnir bundnir saman með selgarni. Þeir endar sem bundnir voru saman, voru um hálfu mjórri heldur en hinir, og víslögðust töluvert þannig að spjálkin varð öll nokkuð jafnbreið þegar hún lá flöt. Á mjórri endum hennar voru 2-4 göt, og mátti lengja og stytta spjálkina með því að færa seglgarnið á milli gata. Snið var á neðri hlið útendanna á spjálkinni og var það komið fyrir oddhvössum vírum, þrem í hvorum enda.
Oddum þessum var stungið í jaðra voðarinnar, myndaði þá spjálkin einskonar burst yfir miðju voðarinnar. Þegar burstinni var þrýst niður þandist voðin út. Spjálkarhelmingarnir voru að því búnu festir saman með trésnerli, sem hreyfðist á þolimæði (þolinmóður var trénagli sem snérist í gati á spjálkarhelmingnum.) á öðrum spjálkarhelmingnum. Þegar lítið, eða ekkert var "gefið upp í" vildi voðin "ganga saman" þ.e. mjókka. Það þótti ekki vel ofið. Venjulega var voð mæld með spotta um leið og ofið var. Spottinn var ein alin, frá hnút

p27
sem hnýttur var á
annan enda hans, síðan var honum stungið á milli uppistöðuþráða, við voðina.
Þegar alinn var búin var spottinn færður á ný, og svo koll af kolli.
Þráðaslit var mjög misjafnt í vefjum, fór það eftir tvennu. Fyrst

og fremst þó því hvernig uppistöðuþráðurinn var unninn, en það var eins
og nærri má geta mjög misjafnt. Bæði gat þráðurinn verið svo snúðharður
að hann hrykki í sundur, einkum ef að snurður voru á honum. Á hinn
bóginn gat hann líka verið of snúðlinur svo að hann drafnaði í sundur,
þetta var þó sjaldgæft nema um fáa þræði í hverjum vef. Svo hætti
eðlilega fínum þræði frekar til að slitna heldur en grófum, að öðru jöfnu.
Enn gátu þráðaskil stafað af því að skilin voru ógerð, en ástæðan
til þess gat verið sú að illa hefði verið "rétt " í höföldin,
það er að segja að þræðirnir í feta "göngunum" voru ekki réttir
fram í eðlilegri röð. Ef skil voru ógerð vildi það frekar koma fyrir
að skyttan sliti þræði. Þegar slitinn þráður var hnýttur saman var
það kallað "að bæta", þá þurfti

p28
að bæta smáspotta
í uppistöðuþráðinn. Lítill hnykill af uppistöðuþræði var ávalt hafður
við höndina til þess að "bæta" með, hann var gjarna geymdur í
spólukassanum. Það þótti ekki góður vefari sem ekki "bætti"
strax og hann varð var við þráð -eða þræði- slitna, því slitinn þráður
vildi flækjast í skilinu og valda með því hættu á enn frekara þráðasliti.
Ef mikil þráðaslit voru, reyndi það oft mjög á þolinmæði vefarans.
Til var sú trú að þráðarslit stafaði frá aðsókn, en ég hald að hennar hafi
þó lítið gætt eftir 1900. Þegar losuð var festingin á efri
rifnum og losað hæfilega mikið af honum, var það kallað "að hleypa
niður". En ein vinding upp á neðri rifinu hét "færa"
eða strenging. Þegar verið var að ljúka við vef hét það "að
fella af" eða "að fella af vefinn". Þetta orðalag
náði bæði yfir vefnaðinn á 5-10 cm. af vefnum og að klippa sundur þræðina
framan við skeiðina. Æfinlega var gengið mjög nærri uppistöðuþræðinum,
eða svo, að síðustu umferðirnar var skyttunni troðið í

p29
gegnum skilið og
bar voðarendinn þess venjulega nokkur merki, varð misþráða. Þráðarendarnir,
sem af gengu þegar vefur var felldur af, voru nefndir afgangar. Þó
heyrði ég þá einnig kallaða hrafnabuxur eða krummabuxur. Ég held
að afgangarnir hafi oftast verið látnir samanvið ullarfætlinga og aðra
ullarsnepla, ásamt ónýtum prjóna og vaðmálstuskum. En þessi samtínungur
var seldur og fluttur út, til vinnslu í ullarverksmiðju. Þó mun ullarverksmíðjan
Gefjun á Akureyri hafa keypt þenna úrgang eftir að hún tók til starfa.
Vatn til að "þvætta" voðir í, sem venja var að blanda
með keytu, var hitað í ullarþvottapottinum á hlóðum í eldhúsi. Þegar
þessi lögur var orðinn snarpheitur var honum ausið í tréstamp, í honum
var voðinni þvælt fram og aftur nokkra stund. Síðan voru endar hennar
teknir og hún lögð saman tvöföld og látið síga það mesta úr henni.
Næsta verk var að vinda voðina, var hún þá borin fram í bæjardyr, þar var

endum hennar vafið utanum staur, eða járnkall, sem síðan var settur þversum
í bæjardyrnar. Í lykkjuna á voðinni var nú sett sívalt trékefli,
og með því snúið upp á hana, og lögurinn þannig undinn úr henni.

p30
Snúið var þangað
til voðin var orðin harður göndull. Við að toga í trékeflið tognaði
ögn á göndlinum, og þannig náðist það síðasta af leginum, sem hægt var
að ná úr voðinni. En talið var að betra þóf fengist ef voðin var
ekki mjög blaut. Síðustu tvo áratugina, sem heimavefnaður var stundaður,
að nokkru ráði á Svalbarðströnd, þæfði hvert heimili fyrir sig, þó sumir
hefðu fengið ofið utan heimilis. Allra síðustu árin kom það þó fyrir
að voðir, sem nota átti í spariföt, voru sendir í þóf í verksmiðjuna Gefjum
á Akureyri. Á heimilunum þæfðu karlmenn. Frá því ég man eftir
mér, 1906, var þæft í baðstofu. Þæft var undir fótum, og á gólfinu,
enda var þá komið timburgólf í allar baðstofur hér í sveit. Á síðari
hluta 19.aldar, mun víða hafa verið þæft í fjósi, á tréfleka, eða í stampi.(Votaþóf)
Sagnir heyrði ég líka um að stundum hefður tveir menn þæft, með fótum,
á milli sín í tunnuskokk. Sú aðferð við þóf, sem ég þekkti var á
þessa leið. Útbúinu var, í einu horni baðstofunnar -eða í baðstofuhúsi-
krókur, með því að borð og kommóða voru sett fyrir hornið þannig að ferhyrningur
myndaðist, var hann um 1.metri á hvern veg. Yfir borðið og kommóðuna
voru breiddar rúmábreiður, til varnar því að kuldi komist á þófinu.

p31
Í þessum krók var
vaðmálið þæft. Fyrir þann, sem þæfði gat það orðið nokkur léttir
að styðja höndunum á borðið eða kommóðuna. Á þessum árum klæddust
menn vaðmálsnærfötum, og voru þófarar venjulega í þeim einum fata við þófið.
Með 30-40 mínútna millibili var voðin tekin upp og hrist það
hægt að "kippa". Það gerðu tveir menn. Þeir tóku
sem svaraði 3 álnum af voðinni í einu, héldu í jaðra hennar, lögðu saman
hendur svo voðin varð tvöföld, kipptu síðan snöggt sundur höndunum, báðir
í senn, og kom þá oft hár smellur. Þótti það góð skemmtun, og var
reynt að hafa smellina sem hæsta. Við þetta sléttist voðin vel í
bili og þæfðist jafnara á eftir. Það var matsatriði hvenær voðin
var talin fullþæfð, en venjulega létu húsmæður smellþæfa flest eð öll vaðmál.
En svellþæfð var sú voð kölluð, sem orðin var stinn átöku. Það
þótti sjálfsagt að gefa þófara aukaleiða. "þófarleiða" oftast
lummukaffi á meðan á þófi stóð. Ekki vissi ég um greiðslur fyrir
þóf. Þegar þófi var lokið og búið að "kippa" vel og rækilega,
var voðin undin upp á fjöl 15-20 cm. breiða. Tveir unnu að því verki, annar

p32

"hélt í"
þ.e. hélt voðinni strengdri og sléttri, en hinn hafði fjölina og vatt upp
á hana. Fjölin var svo löng að góð handarbreidd var hvorumegin utan
við voðina. Við hvern hring -eða annanhvorn- var togast á um voðina
til þess að slétta hana sem best. Þegar lokið var að vinda upp voðina,
var hún sett undir farg til pressunar. Oftast var fergt með kistu,
og þá stundum látið eitthvað ofan á hana til þess að auka þungann.
Vandaðar voðir, sem ætlaðar voru í spariföt, voru stundum sendar í verksmiðju,
til litinar og lóskurðar, aðallega eftir að verksmiðjan Gefjun á Akureyri
tók til starfa.

ÞÓFARAÞULA.
Bárður minn á jökli
leggstu nú á þófið mitt.
Ég skal gefa þér
lóna innan í skóna.
Mjöl á disk, borinn
fisk.
Skeifur undir hestinn
þinn
og naglabrot í hófinu.

Og láttu nú ganga
þófið mitt.
Ýmis afbrigði voru
af þessari þulu, eða einstakar orðabreytingar, en mestur af því er ég búinn
að gleyma.

p33
Hér er svo gáta,
sem ég lærði ungur um vefinn:
"Tugginn er
ég og teygður
tekinn og gerði úr
væta.
Bundinn á burðarlétti
brugðið í ormafelur.
Stungið í stálaglóru.
Strengdur á hrygg
melrakka.
Troðinn og títt um
farinn
af troðfullum dýrabana."

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1907
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1274

p1
Ull og tóvinna 3.
Ullarvinna hófst ekki fyrir alvöru fyrr en um veturnætur, svo nokkur dráttur varð á því að vefnaður hæfist, en keppst var við að vinna í buxnavoð, vaðmál eða vormeldúk svo fljótt sem kostur var á, til þess að þeim vefnaði yrði lokið nokkru fyrir jól. Svo einnig yrði unnt að sauma úr því fyrir hátíðar hana vermönnum. Öllum vefnaði skildi lokið fyrir sumardaginn fyrsta. Ekki var sett til í nýja voð fyrr en eftir hátíðar. Hverjir önnuðust vefnað á heimilum, fór nú eftir atvikum og heimilisástæðum. Það þótti nauðsynlegt að þar færi saman, að vefari væri vandvirkur og duglegur.
Ég held að það hafi verið bara einn heimilismaúr sem annaðist það verk, en ekki einn þessa voðina og annar hina. Þannig var það allsstaðar þar sem ég þekkti til. Þar sem húsmóðirin annaðist vefnaðinn, settist hún í vefstólinn eftir morgunmat (frúkost, sem kallaður var), þegar hún var búin að koma frá mjöltum og

p2
málnytu, en væri
það annar heimilismaður, var ætlast til þess að setið væri í vefstólnum frá fótaferð til háttumála. Ekki veit ég á hvaða aldri unglingar lærðu yfirleitt að vefa, en þegar ég var 16 ára, ákvað mamma að kenna mér að vefa, en þann tiltekna dag, sem námið átti að hefjast, tókst svo illa til að ég var orðin veik af innflúensu með talsverðan hita, en ekki vildi ég gefast upp, því það sem ég átti að vefa var efni í pils handa mér. Uppistaðan var rautt vefjargarn, ég held að það sé núna kallaður tvistur, en ívafið var svart litað einfalt band (eingirni). Vefnaðurinn var veipa. Ég lauk við að vefa í pilsið, en aldrei entist ég til þess að slíta því. En um þetta leyti fór það að vera ófínt að ganga í heimaofnu. Þetta er það fyrsta og síðasta, sem ég hefi ofið, enda er ég í meira lagi ófróð um vefnað. Í daglegu tali var vefstóllinn kallaður

p3
vefstaður, en þó
held ég að allir hefðu skrifað vefstóll, ef þeir hefðu þurft að minnast
á hann skriflega. Flest heimili áttu vefstól, en bæði þekktist það
að vefstóll væri fenginn að láni og einnig var það til að menn fengju ofið
hjá öðrum gegn greiðslu. Gott þótti ef hægt var að losa snærin úr
á fyrsta degi. Veifskeiðar voru einnig kallaðar ritti. Það
var alltaf talað um að draga í skeiðina, en í öðru sambandi var sagt: "réttu
mér rittið eða hvar er rittið". Ritti var misjafnlega gisið
eftir því hvað átti að vefa, og var þá talað um 70-80-90 tanna miðað við
kvartel. Ritti var venjulega 5 kvartel. Þau ritti, sem ég sá
voru úr járni að ég held, ósköp dökk á að líta. Vefskytta
var í daglegu tali kölluð skytta. Vefskyttur voru venjulega úr harðviði,
ljósum eða dökkum eftir atvikum. Skytturinar voru látúnsbryddar á
endum, og einnig látinn greypt neðan á þær til

p4
þess að þær rynnu
betur um skilið. Látún var einnig í grópinu, þar sem príminn var.
Á sumum skyttum var grópað ofaní fyrir spóluna, en botninn heill,
aðrar og algengasta var að grópið væri opið niður úr skyttunni. Ég
vandist því að spóluteinn væri kallaður prími. Í spóluhólkana voru
notuð gömul spil. Eitthvað man ég eftir spóluhólkum úr málmi.
Spólurokkurinn var gamall spunarokkur eða tvinningarrokkur. Tálgaður
var teinn úr tré og honum stungið í rokkpípuna. Þessi teinn var látinn
mjókka dálítið fram, til þess að auðveldara væri að ná spólunni af. Með
vinstri hendi var bandinu stýrt um spóluna, en með hægri hendi var stutt
við endann á spóluteininum með sauðarvölu. Spanstokkur, á
honum þekkti ég ekki annað nafn. Sá spanstokkur, sem mamma átti og
ég þekkti best, var úr mjög dökkum harðviði, látúnsbryddur á endum, með
4 eða 5 gadda á hvorum enda, nokkuð

p5
breiður fyrir endann.
Ég hef séð spanstokka brydda með járni eða blikki, og aðeins með
2 gadda á hvorum enda, aðra með 3 gadda á enda. Sumir spanstokkar
voru úr tvennskonar viði, var þá sá endinn sem gekk utanyfir úr betri við.
Að leggja upp var það kallað þegar reiknað var út í uppistöðuþráð.
Algengast eða það sem ég þekkti best, var að þráðurinn væri vigtaður og
sauðarvölurnar, sem undið var á dregnar frá þyngd þráðarins. Sumar
konur reiknuðu út eftir lengd þráðar í hespum, þar sem hesputré var notað,
sem mældi þráðinn í skreppur. Ég heyrði talað um að ein hespa væri
11 skreppur, 44 þræðir. Að reikna í skeið, var það kallað
þegar reiknað var út hvað margir þráðarendar voru látnir í tönn. Aldrei
var látin nema einn þráðarendi í hvert hafald. Betra þótti
að láta þéttara í skeiðina til endanna, til þess að það slitnaði síður.

Það er að segja uppistöðuþráðurinn þegar ofið var.

p6
Ef voðin var varplítil
slitnaði frekar. Það var talað um að voðin væri varplítil og varpmikil.
Algengast var að tala um uppistöðu og ívaf og fyrirvaf. Rakningskassi:
Margir áttu kassa með hæfilega stórum og mörgum hólfum fyrir hnyklana.
Kassinn var nokkuð kjúpur til þess að hnyklarnir hoppuðu síður uppúr.
Kassinn var hólfaður sundur með þunnum hefluðum fjölum, hvert hólf
ferhyrnt. En þar sem svona kassi var ekki til, voru öll möguleg ílát
týnd saman og losuð, til þess að láta hnyklana velta í, bæði mjólkurskjólur,
vatnsskjólur, kirnur og kassar, pottar og skálar. Aðeins voru það
kopparnir (náttpottarnir), sem ekki þóttu þess verðir að nota þá til þess
arna. Grindin, sem rakið var á kallaðist rakningsgrind. Grindin
var í kross, þegar hún var í notkun, en í geymslu var hún lögð saman. Hún
var fest saman með sívölu skafti, sem náði upp úr og niður úr henni. Á
neðri enda skaftsins var járngaddur.

p7
Þegar hún var í notkun,
var henni haldið sundur með krísholtinu, sem var bundið í báða enda fast
með snærum. Rakningsgrind var til á flestum bæjum, þó ekki
alveg eins algeng og vefstóllinn. Rakningsgrindin var þannig
fest upp við notkun, að leðurhólkur var negldur utaná bita, sem var neðaná
stofuloftinu, miða ég þá við heimili foreldra minna, og þessu líkt var
það þar sém ég þekkti til. Efri enda skaftsins, sem hélt grindinni
saman var smeygt þar í. Járngaddinum, sem var á neðri enda skaftsins
var stungið ofaní gat sem var á járni á kvarnarsteini. Hann var hafður
undir grindinni. Undir kvarnarteininum var hellublað, þykkt eða þunnt,
eftir því í hvaða hæð passaði fyrir grindina. Þegar mamma
rakti í vef var hún ein um það verk, nema ég var til aðstoðar við það frá
því ég man eftir mér og æ síðan meðan hún óf. Það verk var í því
fólgið að fylgjast með þegar hnykill var að rekjast upp, þá

p8
gerði ég aðvart,
hægði hún þá á, og ég hnýtti nýjum hnykli við. Einnig passaði ég uppá það
hvort hnykill hoppaði uppúr og kom honum aftur á sinn stað.
Þegar búið var að vigta þráðinn og ákveða lengd voðarinnar, var einn þráðarendinn
mældur með kvarða og þar hnýtt á þráðinn mislitt tuskusnudda, síðan var
þessu aftur vafið uppá hnykilinn. Svo þegar rakið var og kom að þessu
merki, var ekki rakið lengra niður eftir grindinni, en þráðunum brugðið
um skilhælana og aftur rakið til baka. Ekki man ég eftir að rakningsspaði
væri notaður þegar rakið var, heldur lét rakningskona þræðina renna milli
fingra sér í öllum greipum annarar handar. Ef illa var rakið var
talað um að slekja væri á þræðinum, og kom það fram þegar ofið var. Það

var talað um að það þyrfti að rekja þverhönd á hverja alin í stillingar.
Rakningskona rækti aldrei ofaná, heldur ofanvið og neðanvið. Þegar henni þótti

p9
rekjast of dreyft
á grindina ýtti hún fetunum saman eldsnöggt öðru hvoru. Það þurfti að leggja ofaná fyrir framhnýtingu. Litlum nagla var neglt utan við ysta hafaldið, í hafaldaskaftið, til þess að varna því að höföldin færu útaf. Aðrir höfðu til þess band utan við höföldin.
Ef mikið var gefið í vef, kannast ég við eftirfarandi orð um það. Mikið bandað, bandborið, og svo þessar ýktu lýsingar: bandinu hakkað í, bandinu mokað í, bandinu hlaðið í. Ef voð ófst inn, þá var sagt, hún gengur saman. Það er missa í henni. Ef bandið var allt of smátt í samanburði við þráðinn, þá var sagt, bandið fyrirverður sig, og ef þráðurinn féll illa í voðinni var sagt, þráðurinn ríður uppi. Voðin var þannig mæld jafnóðum og hún var ofin, að bandspotta, sem áður hafði verið nældur nákvæmlega 1 alin, var stungið niður á milli þráðanna

p10
framan við vefinn.
Hnútur var á enda spottans, svo hann drægist ekki uppúr. Með þessum spotta var svo mælt. Þegar ein alin var ofin, var hann aftur færður, og koll af kolli. Vefjarkambur, sem oftast var í daglegu tali bara kallaður kambur, var eingöngu smíðaður úr tré. Báðar hliðar kambsins voru nokkuð breiðar fjalir, en mjóri sívalir trétittar þar á milli. Þeir voru grópaðir fastir á endunum í neðri fjölina, en þá efri var auðvelt að taka upp. Til endanna var þunn fjöl, sem skorðaðist í hliðarfjalirnar eins og tittarnir, en trénagli var settur í gat, sem var efst á endafjölunum, og til endanna á efri fjöl kambsins.
Tittarnir eða tindarnir í kambinum voru á að giska grannir sem blýantur.
Verkið við að dreyfa slöngunni í kambinn nefndist að láta í kamb.
Þræðirnir voru látnir sem jafnast, en ekki taldir í kambinn. Skaftið sem var tengt við afturrifinn, var kallað plógskaft. Þráðurinn, sem dreginn var í fremra

p11
gangskilið kallaðist
skilþráður. Honum var hnýtt yfir slönguna og bundinn við báða enda plógskaftsins í gróp, sem var á endanum. Þannig gróp var einnig á endunum á skilsköftunum.
Að setja til nefndist verkið einu nafni frá því byrjað var að festa slönguna við rifinn, þar til hægt var að byrja að vefa. En einnig var komist svona að orði: "Ég var að festa upp voð í gær".
Að bóma vef nefndist verkið við að vinda slönguna uppá rifinn. Gróp var á rifnum eftir endilöngu. Þar var plógskaftið með slöngunni á lagt í, áður voru kragarnir dregnir uppá rifinn, en þeir voru kringlóttir

trésnúðar með gati í miðið, en meðfram gatinu var skinn neglt á kragann, og gekk það inn á rifinn, og vafðist slangan ofaná það, og urðu kragarnir þá fastir. Verkið við að bóma fór þannig fram, að karlmaður snéri rifhausnum, en kona sat á setufjölinni, og hélt um slönguna, og gaf eftir, hægt og hægt. Hún hélt það fast við, að það var talsverð átakavinna að vefja

p12
upp á rifinn, en
mikið lá við að fast og vel færi á rifnum. Það mátti ekki hlaðast upp öðrumegin en svelta við hinn kragann. Til aðstoðar var svo ein kona, sem passaði kambinn og færði hann til lítillega eftir þörfum. Á Stokkalæk hvalvikaði hún honum til, en í Miðkrika hnikaði hún honum til. Það var líka talað um að hnóhnika, ef t.d. börn voru sí og æ að hreyfa sig, þegar þau áttu að vera kyrr. Að draga í höföld og draga í skeið var einu nafni kallað að draga inn. Að rétta í höföld var það verk kallað, sem aðstoðarmaður annaðist, sem rétti þráðarendana fram. Og einnig að rétta í skeið og draga í skeið. Þegar búið var að draga í 100 þræði var þeim hnýtt saman. Það unnu 2 við að draga í höföld og skeið. konan sem dró í sat á setufjölinni, en aðstoðarmaður sat á stól eða kassa, sem komið var fyrir inni í vefstólnum, aftan við höföldin. En slagborð með skeiðinni í og höföld, var áður búið að færa fram undir bómuna til hagræðis fyrir þá sem unnu

p13
að inndrætti. Að
rétta í höföld og skeið hét einu nafni að rétta fram. Krækja
var notið við að draga í skeið. Hún var smíðuð úr þunnu látúni, lengd hennar mun hafa verið svo sem 2 1/2" og var lítill krókur á öðrum enda hennar. Að hnýta fram nefndist verkið við að hnýta í framhnýtingarskaft. Þegar hnýtt var fram, voru skilendunum hnýtt saman. Byrjað var á miðju skaftinu, og síðan til endanna og gæta varð þess að allt væri jafnt og beint fyrir. Þetta var kallað að hnýta fram, og talað var um framhnýtingu. Um mitt skaftið var hnýtt snæri og sitt um hvorn enda. Þessum snærum var svo hnýtt um framrifinn. Þegar fyrst var stigið á skammelin, til þess að fá skil, var talað um hreint skil eða óhreint skil. Vefstólssnærin fylgdu alltaf vefstólnum. Það var kallað að draga fyrir þegar fyrst var farið að skjóta skyttunni um skilið. Ég held að það hafi verið algengast að gefa ívaf í einum boga.

p14
Það fór eftir því
hvort voðin átti að vera fast ofin eða laust, hvað vefurinn var mikið sleginn. Voðinni var haldið út með spanstokk. Broddunum á endum hans var stungið í jaðra voðarinnar og þvinguð út il þess að hún héldi jafnri breidd. Ef þráðurinn slitnaði var samlitum þráðarspotta bætt þar í, það var kallað

að bæta. Hver einstök vinding voðar upp á framrifinn kallaðist
ein færa, en verkið að færa. Ef voðin var slök var tekið svona til
orða:"Hertu á einni tönn". Er voð var tekin úr vefstól,
var það kallað að fella af.

Þráðarvikur voru
notaðar sem saumgarn til þess að bæta, stoppa og staga með ullarfatnað,
ofinn og prjónaðann. Afvikur úr vefjargarni voru notaðar í þræðingu.

p15
Um höföld og þóf
var ég áður búin að skrifa í fyrri skrá, og vísa ég til þess. En
því miður hefi ég lítil skil getað gert þessu, og hefir þetta legið svona
lengi hjá mér, því mér hefir varla fundist taka því að senda þetta.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1895
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1348

p1
Ull og tóvinna 3:
Að gefnu tilefni vil ég taka það þegar fram, að það sem ég segi um vefnað og annað honum viðkomandi, er fyrir þann tíma er áhrifa fór að gæta frá húsmæðraskólunum og prentuðum vefnaðarbókum. Þegar haustverkum var lokið, sem venjulega var um veturnætur, var á flestum heimilum þar í héraðinu, byrjað á ullarvinnu, sem sé að taka ofanaf ull, kemba hana og spinna síðan í band, til þess að prjóna á hendur og fætur allra á heimilinu, til þess að vera viðbúinn vetrinum. Á stöku bæjum var byrjað um veturnætur að vinna ull í við eða voðir, og vefa þær þegar svo hægt væri að sauma ytri fatnað úr henni á einhvern heimamanna, sem átti þegar að fara til sjóróðra (í verið). Yfirleitt var ekki byrjað að vinna í voðir nema á stöku bæjum fyrr en eftir nýjár. Þá er birtan var farin að skýrast að mun, en þá var líka tekið til óspilltra málanna og unnið af kappi fram á sumamál við að spinna þráð og fyrirvaf í voðir, sem vefa átti fyrir sumarmál. Hér gat oft verið um að ræða margar voðir, sem sauma átti úr fatnað, rekkjuvoðir ofl.

p2
Í byrjun 20. aldar voru fáir karlmenn þar um slóðir, sem kunnu að vefa og sem unnu eitthvað við það starf. Stöku bændur önnuðust sjálfir um allan vefnað á heimili sínu með skepnuhirðingu og unnu þá aðallega að kvöldinu. Á sumum bæjum var tekinn vefari, ef hann var til staðar á næstu bæjum, til þess að vefa. Eftir því sem ég man best, sat vefarinn ekki lengur í vefstólnum en 7-8 stundir á dag. Eins og gengur og gerist voru afköst þeirra, sem við vefnað unnu, dálítið misjöfn, og fór það nokkuð eftir aðstæðum. Ofið var að meðaltali 3-4 álnir á dag. Unglingar sem lærðu að vefa voru mjög fáir. Þeir byrjuðu ekki að læra fyrr en þeir voru á aldrinum 16-18 ára. Sjaldgæft var það, þar um slóðir að menn hefðu atvinnu við vefnað. Eftir því sem ég veit best, var

lítið um það að vefnaður væri notaður í vöruverslun.

p3
Ég sá aldrei kljásteinsvefstól
þar um slóðir. Heyrði aðeins talað um þá. Hvergi varð ég var
við hluta úr honum þar. Hafi þeir einhverntíman verið til, þá hafa
þeir verið horfnir með öllu úr byggðarlaginu fyrir löngu. Hraðskyttuvefstóll
og eins tvíbreiðan vefstól sá ég ekki eða heyrði talað um þá, sem nokkuð
var að byggja á. Vefstóllinn B, var sú eina gerð vefstóla, sem ég
sá og ofið var á þær, eftir síðustu aldamót og framundir 1920. Það
mátti heita að allur vefnaður hyrfi með öllu, þar í héraðinu, þá er ullarverksmiðjur
tóku til starfa hér. Fataefni sem þær framleiddu þóttu áferðafallegri
og léttari búningur en vaðmálsfötin voru. Eftir því sem ég heyrði
í æsku aldrað fólk tala um, voru vefstólar aldrei til á hverjum bæ í austur
hluta Barðastrandasýslu, en þó á nokkrum bæjum. Um 1925 voru vefstólar
orðnir mjög fáir og lítið notaðir.

p4
Yfirleitt gekk vefstóll
undir því eina nafni vefstóll, en þó minnist ég þess, að hafa heyrt stöku
sinnum þar notað orðið vefstaður um vefstól. Ég man ekki eftir því að hafa
heyrt talað um vefstólasmið eða mann sem hefði atvinnu við að smíða vefstóla.
Kæmi það fyrir að einhver hluti vefstóls bilaði, var strax fenginn
einhver laghentur maður til þess að laga það sem bilað var, svo vefstóllinn
yrði nothæfur. Þau heimili, sem áttu ekki vefstól, leituðu þá til
náunga síns, sem átti vefstól og fengu ofið hjá honum. Ýmist var
það að eigandi efnisins óf sjálfur eða eigandi vefstólsins tók að sér að
vefa voðina. Greiðsla fyrir svona starf fór alveg eftir samkomulagi
beggja aðila. Sjaldgæft var það að vefstólar gengju þar kaupum
og sölum. Heyrði aldrei talað um verð á vefstólum. Þeir vefstólar,
sem ég sá notaða laust eftir aldamótin 1900, voru allir gamlir að sjá.
Nýr vefstóll sást hvergi.

p5
Vefjarskeiðar gengu
undir því eina nafni vefjarskeið. Vefjarskeiðar voru úr málmi, eir
eða látúni. Þær voru sumpart smíðaðar hér heima og fluttar inn frá
útlöndum. Heyrði aldrei talað um að vefjarskeiðar væru smíðaðar úr
hvalskíði eða harðviði. Lengd þeirra var dálítið misjöfn og fór það
eftir tannafjölda skeiðarinnar. Lengd skeiðanna var miðað við tannafjölda
þeirra. Talað var um 60, 80 og 90 tanna skeið. Vefjarskeiðar
voru um 5 kvartil á lengd. Þegar ofið var úr grófu efni, var 60 tanna
skeið notuð. Væri ofið úr fínu efni, fínum þræði eða tvist, var notuð
80 eða 90 tanna skeiðar. Skeiðarnar voru nefndar sextíutannaskeið,
áttatíutannaskeið og níutíutannaskeið. Vefskyttur voru smíðaðar
úr hörðum og þéttum við, eik eða brenni. Þær voru flatar að lögun,

um það bil ein tomma á þykkt um miðjuna og þynnri til beggja enda og oddlaga, svo þær runnu liðlega í gegnum skilið,

p6
þá ofið var. Oft
var settur mjór vír neðan á skyttuna, svo hún yrði hálli að neðan.
Á miðri skyttunni var aflangt gat í gegnum, þar sem spólan lék á mjóum
tein, þegar skyttunni var rennt í gegnum skilið. Teinn sá er spólan
lék á var nefndur spóluteinn. Ég sá aldrei spólur sem voru renndar
eða tálgaðar úr tré. Ég man ekki eftir því, að hafa heyrt
að fiskroð hafi verið notað til þess að spóla á það ívafið. Spólur
sem notaðar voru þar um slóðir um og eftir aldamótin 1900, til að spóla
á ívafið voru gerðar úr þunnri málmplötu. Ég man eftir því
að hafa séð spólurokk, sem laghentur maður smíðaði. Hann var að mörgu leyti
svipaður spunarokk, en þó einfaldari að gerð. Teinn sá er spólan lék á
þá er spólað var, var festur svipað og snælduteinn í rokk. Margir
notuðu líka gamla rokka sem lítt voru nothæfir til að spinna á band.

p7
Þegar gamall spunarokkur
var notaður sem spólurokkur, var spólan sett á tein úr járni, stundum úr
tré og öðrum enda hans stungið inn í gatið á hnokkavængnum, og var hinn
endi teinsins látinn snúast í sauðarvölu, sem sá er spólaði hélt á í vinstri
hendinni. Áhaldið sem notað var til að halda út jöðrum á voð er ofið
var, var ávallt kallað spjálk eða spanstokkur. Áhald það sem hér
er um að ræða var smíðað úr tré. Breidd hans var um 3 þumlungar.
Hægt var að hafa hann mislangan, eftir því sem á þurfti að halda
með því að draga hann sundur og saman. (Sjá uppdrátt, ef uppdrátt
mætti kalla). 2 eða 3 smánaglar voru hafðir í hvorum enda
hans, svo hægt væri að festa enda hans í voðinni.

p8
Verkið við að reikna
út uppistöðuþráð í hvera einstaka voð er vefa átti, hafi verið nefnt "að
leggja upp". Eftir því sem ég heyrði talað um (fyrir 50 árum),
var algengast það að hefa hesputré, sem ákvað lengd þráða og vigt á hnyklum
eða hespum. Iðulega var miðað við þyng, t.d. fimm lóða. Venjulega
var lagt uppúr þráðarmörk í hnyklum 2-3 álnir eða þar um bil. Sauðarvölur,
sem þráður var undinn á voru yfirleitt dregnar frá þyngd hnyklanna. Sumir
létu vigta sauðarvölurnar áður en þráðurinn var undinn á þær. Verkið
við að ákveða fjölda uppistöðuþráða í breidd voðar er vefa átti, var ávallt
kallað að reikna í skeið. Gæta varð þess vandlega að uppistaðan yrði
ekki gisnari en til var ætlast í upphafi. Voðin mátti ekki vera of
varplítil. Ég heyrði talað um það að rekja skildi þverhönd fyrir
hverja alin, sem koma áttu ofan úr vefstól,

p9
og var þá líka gert
ráð fyrir endunum síðast. Ég sá aldrei balbínurokk né balbínusnældur,
sem notaðar voru þegar rakið var efni í voð. Verkið við að spóla
á balbínurokk var kallað að balbína. Eftir því sem mig minnir voru balbínusnældur
svipaðar að lögum og venjulegar rokksnældur, en miklu stærri. Því
miður get ég ekkert sagt um rakningaspaðann, nema ef vera mætti, að það
væru..... Rakningsstokkar voru allvíða til á bæjum,
sem notaðir voru er rakið var af hnyklum. Stokkar þessir voru ferkantaðir
að lögun, með mörgum hólfum (hólf fyrir hvern hnykil). Stokkar þessir
voru mjög einfaldir að gerð. Hafaldagrind, sem notuð var er höföld voru
hnýtt var mjög einföld grind um 1 alin á lengd, og um 15 þuml. á breidd,
og eftir henni miðri var þunn fjöl. Hafaldagrindin var fest upp á
vegg þegar hún var notuð við hafaldagerð. Efnið í höföld
var unnið heima úr togi, vandað var til þeirra. Þráðurinn var hafður snúðharður
og sléttur.

p10
Ég heyrði aldrei
talað um stálhöföld. Band það sem varnaði höföldum að dragast út
af hafaldasköftunum, er ofið var, var ávallt kallað öryggisband, er varna
átti því að höföld drægjust útaf enda hafaldaskaftanna. Ég
sá eitt sinn, endur fyrir löngu, tveggja álna langa trégrind, sem mér var
sagt að notuð hefði verið í sambandi við rakningu. Áhald þetta var
með allmörgum sívölum járnteinum, með um það bil eins þumlungs millibili.
Teinar þessir náðu í gegnum listana. Vefjarskeiðar voru úr málmi.
Tennur þeirra voru þunnar (flatar), og snéru rendur þeirra fram og
aftur í skeiðinni. Verkið við að dreifa slöngunni í skeiðina,
nefndist einu nafni að draga í skeið. Til þess að draga í skeiðina
þurfti 2. Þunnur krókur var hafður til þess að draga þráðinn í gegn
eða milli tanna skeiðanna. Skaftið sem sett var í skilið og tengt
við slöngurifin nefnd rifskaft. Þráður sem festur var við skaftið
og dreginn í fremra skilið, nefndist skilþráður. Sama var og að segja um
verkið við að draga þræðina í höföldin. Að draga í höföld, var ávalt
sagt.

p11
Verkið við að vinda
slönguna upp á slöngurifinn, draga í höföld og skeið og festa uppistöðu
í fram rif, nefndist ávallt að setja upp eða setja til vef. Verkið
við að vinda slöngunnnna upp á slöngurifinu nefndist að bóma. Plógskaftið
var fest á þann hátt, að það var sett fast í fals á slöngurifnum undir
kraga. Venjulega unnu 3 saman að því að vinda slönguna á rifinu.
Gæta þurfti þess vandlega að slangan væri ekki flækt. Slangan var
látin ganga að sér á rifnum, smátt og smátt. Þegar búið var að bóma

voru skilsköftin að aftan bundin föst við þverslá vefstólsins að aftan.
Hve margir unnu við að vinda slönguna á rifinu, fór eftir ástæðum.
Þegar dregið var í höföld var þess gætt vel, að halda höföldunum kyrrum, svo ekki yrðu mistök í verki. Tveir unnu saman við að draga í höföld. Annar rétti fram þráðinn, en hinn dró hann í gegnum hafaldagatið.
Þegar búið var að draga nokkra þræði í gegn, voru þeir hnýttir saman, svo þeir rynnu ekki ýr hafaldaauganu. Áhaldið sem notað var við að draga í skeið nefndist krókur. Krókurinn var ávallt smíðaður úr þunnri málmplötu. Skeiðin var bundin upp rétt fyrir ofan höföldin á

p12
meða dregið var í
hana. Tveir unnu við að draga í skeiðina, annar rétti þráðinn, en hinn dró hann í gegnum skeiðina. Þegar búið var að draga nokkra þræði í gegnum skeiðina, hnýtti hann á enda (nokkra í einu), svo þeir drægjust ekki til baka aftur, þar til þeir yrðu settir fastir. Höföldin voru fest upp á vefstólinn á þann hátt, að sett var snæri á báða enda hafaldaskaftanna og síðan var snærið látið yfir rá sem snérist þá er vefstóllinn var stiginn.
Í neðri enda hafaldanna gekk hafalkask. sem svo var kallað í gegnum höföldin að neðan. Stigfjalirnar voru festar við höföldin með allsterkum vír, á að giska 12 þuml. löngum. Sumir kölluðu þær skilfjalir. Vefstóla .... voru misjafnlega sver, fór það dálítið eftir því hvaða hlutverki þau áttu að gegna. Þegar talað var um að hnýta fram, var átt við verkið að ganga frá endunum á voðinni. Skaftið sem oft var nefnt framhnýtingarskaft, og sem uppistaðan var hnýtt fram á, var fest með snærum við frambómuna, rifinu.

p13
Þegar farið var að
skjóta skyttunni um skilið og byrjað var að vefa voðina, var ávallt sagt, að skjóta skyttunni eða að renna henni um skilið. Sjaldgæft var þar um slóðir, að tala um að draga fyrir. Ég man aðeins eftir einni aðferð við að gefa ívaf í voð. Ívafið var gefið fyrir í einum stórum boga.
Venjulega var slegið einu sinni, en þétt með slagborði, en sumir slógu tvisvar eða jafnvel þrisvar sinnum. Spanstokkur var hafður til þess að halda jöðrum voðarinnar sem jöfnustum. Það þótti ljótt, ef voð hélt ekki fullri breidd í vefnaði. Helstu misfellur, sem komu fyrir í vefnaði þegar ofið var, voru þær, ef þráður slitnaði. Vefarinn fylgdist ávallt með því og bætti það þegar, með því að hnýta við þráðinn smáspotta. Sumir vildu kenna það aðsókn, ef mikil brögð voru að því að þræðir slitnuðu þegar ofið var. Hver einstök vinding voðar upp á framrif, nefndist umferð (áfæra). Verkið við að vinda upp á rifinn, nefndist að bóma.

p14

Þegar vefnaði á voð
var lokið, og hún var tekin ofan úr vefstólnum, var ávallt kallað að fella
af vef. Þráðarendar sem gengu af er vefur var felldur voru nefndir
afvikur. Afvikur voru notaðar þá er konur unnu við að bæta ýmsan
ytri fatnað, í staðinn fyrir tvinna. Þegar lokið var við að vefa
voð, var hún þegar tekin ofan úr vefstólnum, og gengið frá báðum endum
hennar. Jafnhliða var venja, þar um slóðir, að setja stærsta pottinn
á heimilinu á hlóðina og hita í honum þvælið. Potturinn var hafður
rúmlega hálfur af vatni, blönduðu með keytu. Lögur þessi var hitaður
allt að suðumarki, og var voðin þá sett í pottinn. Þvælið var haft
það mikið í pottinum að vel flyti yfir vaðmálið. Síðan var hrært
með priki í pottinum þar talið var að vaðmálið væri orðið hreint. Síðan
var vaðmálið fært upp úr pottinum og sett í stóran bala, trébala, hálffullan
af vatni og skolað þar um stund. Þegar því var lokið

p15
var það undið upp
á þann hátt, að tvennt eða þrennt annaðist það verk, sem alltaf var gert
úti, að þeir eða þau höfðu tvö sívöl prik, allsterk. Var öðru þeirra
fest í bæjardyrunum eða öðrum dyrum, og gætti annað þeirra þess að það
losnaði ekki, en hinn hafði hönd á því sem var fjær bæjardyrunum.

Þegar hér var komið
starfi, hjálpuðust þau eða þeir um að draga vaðmálið upp úr balanum og
festa endum þess á prikið, sem fest var í bæjardyrastafina og á þann hátt
var vaðmálið síðan dregið tvöfalt upp úr balanum. Sá sem var fjær
bæjardyrum, smeygði sínu priki í gegnum tvöfalda voðina. Þegar hér
var komið, byrjaði sá er stóð fjær dyrunum að snúa uppá vaðmálið, sem var
tvöfallt, en sá er við dyrnar stóð, gætti þess vel að allt væri í lagi.
Svo óhætt væri að snúa allmikið upp á tvöfalda voðina og á þann hátt
ná úr henni vatninu. Þegar lokið var að vinda voðina, var hún borin
inn í bæ, og á þann stað í bænum sem heppilegastur

p16
var fyrir þófarann
að vera við starfið, t.d. í baðstofu eða stofu, þar sem einhver hlýja var,
og helst eitthvað afsíðis, ef unnt var að fá það. Ávallt var þæft
á trégólfi, undir fótum. Tunnuþóf þekktist ekki þar. Heimamenn önnuðust
þófið. Við þófið voru menn ávallt léttklæddir og alltaf berfættir.
Á meðan á þófinu stóð var vaðmálið hrist upp tvisvar til
fjórum sinnum, til þess að losna við lóna, sem myndast hafði við þófið.
Við að hrista upp vaðmál unnu tveir eða tvennt. Þegar
þófinu var lokið var vaðmálið undið upp á rúmfjöl, gætt var þess vel að
engar hrukkur eða fellingar mynduðust á því um leið og það var undið upp
á rúmfjölina. Fargið, sem notað var á vaðmál, var ávallt þung kista,
þannig var pressað vaðmál, laust eftir aldamótin 1900, og gafst iðulega.

Reynt var að fá vaðmálið eins áferðafallegt og unnt var, þótt áhöldin væru ekki margbrotin. Húsmóðirin fylgdist ávallt vel með öllu sem unnið var á heimilinu, enda veitti henni ekki af því, þar sem allur fatnaður var unninn heima.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1895
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1251

p1
Ull og tóvinna.
Vefnaður var ein af mestu nauðsynjum íslenzkra sveitaheimila hér áður fyrr, því mest allur ígangsfatnaður var spunninn og ofinn heima, að viðbættum rekkjuvoðum og ábreiðum. Víða voru vefstólar til á heimilum, en víða voru menn sem tóku vefnað af öðrum, og sömuleiðis voru til vefarar, sem ferðuðust á milli bæja að vefa. Rakgrindur voru ekki eins algengar, og var þá farið með vefjarefnið þangað sem hægt var að fá það rakið. Var síðan þráðurinn undinn á þessa grind, þegar búið var að átta sig á því eftir föngum hvað mátti leggja í langann og breiðan vef úr efninu. Var gott að finna það út, ef uppistaðan var í hespum með knekkum og vissum þráðafjölda, en væri þráðurinn í hnyklum varð allt meiri ágiskum, en reynsla og hyggjuvit gerði mönnum fært að fara nærri um það. Rakgrindin var venjulega höfð í einhverju framhýsi. Þegar búið var að rekja í vefinn, sem ég kann ekki að lýsa nánar, var slangan tekin af grindinni og vafin á

p2
kefli það í vefstólnum,
sem geyma átti þráðinn og skila honum jafnóðum og ofið var. Þar næst var að draga í höföldin og varð að vanda til þess eins og alls undirbúnings undir vefnaðinn. Var annar aftan við og rétti í gegn, en hinn tók við og hnýtti endana saman í smáskúfa, til að tapa þeim ekki aftur í gegn, þangað til dregið var í skeiðina. Höföldin munu oft hafa verið úr togþræði, en vandinn var mikill að fá þau nógu snögg, svo efalaust hefir verið keypt seglgarn til þeirra hluta þegar hægt var. Ekki veit ég hvort vefjarskeiðar sem ég sá voru innlend eða erlend smíði, en þær voru úr járn eða stálþynnu á brúnum og einskonar vír á milli, sem kallað var tennur. Munu hafa verið algengasta 80-90 tanna skeiðar. Var þráðunum jafnað í þessar tennur með áhaldi sem nefndist gikkur. Var það látunsþynna með krók á öðrum endanum, sem stungið var á milli tannanna

og þráðurinn

p3
kræktur í gegn. Síðan
voru endarnir festir við þar til gerð skaft, og úr því skafti lágu spottar
með jöfnu millibili sem festir voru við voðmeiðinn. Þá var að opna
skil á vefinn með því að stíga á skammelin, festa enda á ívafinu og skjóta
skyttunni í gegn, síðan var stigið á skammelin eftir því hvaða áferð átti
að vera á vefnum, einskefta, vaðmálsvenda. Skytturnar voru úr tré
með einhverjum hálum renningum neðan á svo skyttan rinni betur eftir þráðunum.
Spólurnar voru úr málmi að minnsta kosti snúðarnir. Oftast
munu gamlir rokkar hafa verið notaðir til að spóla ívafið, annaðhvort fest
á snælduteininn eða tein sem skorðaður var í bandpípuna. Mikið þurfti
að vanda spólunina, því það gat illa tafið vefarann ef ekki rann greitt
af spólunni. Það mun hafa verið erfitt verk að vefa, væri unnið af
kappi, svo altaf væru látlaus högg, en á smærri heimilum mun þetta oftast
hafa verið ígripavinna með

p4
öðrum verkum. Unglingar
þurftu að vera vel vaxnir úr grasi til að geta ofið, bæði náð niður á skammelin
og í skeiðargrindina. Smásaman þurfti að gefa eftir á slönguvefnum
og vinda uppá voðvefinn eftir því sem á gekk voðina, að síðustu var svo
lítið eftir að ekki var hægt að vefa lengra. Þá var vefurinn tekinn
niður og kastað lauslega í endann svo ekki losnaði um ívafið, og síðustu
endarnir klipptir frá. Þessi afgangur var nefndur neðangangur
og var eftirsóttur til að nota sem þarfaspotta, bæði til að bæta með og
þræða. Þá voru öll föt og plögg bætt, svo nóg var við spotta að gera.
Það var ekki fyrr en eftir síðustu aldamót að það fór að tíðkast
að stoppa í sokka, og öll föt voru bætt á meðan þau héldu bótum.
Þá var komið að því að þæfa voðina. Var þá hitað vatn í stórum potti
fram í eldhúsi, síðan var vatnið látið í stamp

p5
og bætt í það stæku
hlandi eftir þörfum, var það venjulega notað á ull og ullarföt, og leysti
óhreinindin mikið betur en sápa og sódi, síðan var voðinni troðið ofan
í stampinn og þvæld aftur og fram þar til óhreinindin voru laus. Þá
var náð í endann og voðin vafin um 2 prik þannig að bil var á milli, síðan
tóku tveir menn sitt prikið hvor og undu þannig voðina á milli sín, með
því að halda í endana á prikunum og snú þeim þangað til ekki var hægt að
vinda betur. Ef þurfa þótti var skolað á eftir úr hreinu vatni og
þá undið á sama hátt. Nú var næst að útbúa stað fyrir þófið, var
það venjulega eitthvert horn í baðstofunni sem hægt var að girða af með
einhverjum húsgögnum. Ef laus botn var í einhverju rúmstæði, sérstaklega
ef það stóð autt, var fjarðlægður helmingurinn af botninum. Væri

gólfið svo gott að hægt væri að þvo það nógu vel, var ef til vill notast
við það,

p6
en annars fleka eða
hurð. Þarna var vaðmálið látið í eins fyrirferðarlitla hrúgu sem
hægt var. Því næst kom þófarinn, sem var búinn að kasta af sér ytri
klæðum og stóð það sokkalaus á nærbrók og skyrtu einni saman. Húsmóðirin
aðgætti hvort fæturnir væru vel hreinir og þá var allt tilbúið að fara
að þæfa. Hann studdi höndum fram á borð eða annað hæfilega hátt og
tróð síðan og stappaði með fótunum og passaði umleið að ekki dreifðist
of mikið úr þófinu. Ekki þótti það gott eða skemmtilegt verk að þæfa
fótaþóf og var oft vikið að þeim bita og sopa framyfir aðra, þófarabita,
og oft munu þeir hafa haft yfir einhver kvæði eða þulur sér til afþregingar.
Ein þeirra var á þessa leið: "Bárður minn á Jökli- Þrándur minn
í Götu - leggstu á þófið mitt.- Ég skal gefa þér lóna - innan í skóna
(illeppa í skóna) - hálfskeifu og nagla þrjá - og láttu ganga þófið þá.

p7
Á meðan á þófinu
stóð þurfti annað slagið að "toga upp voðina, tóku tveir hana þá á
milli og toguðu hana og teygðu á milli sín eins og þegar brotinn er saman
rúmfatnaður, og færðu sig smásaman til þar til voðin var á enda. Þótti
hún verða áferðarfallegri ef það var gert. Svo kom að því að nóg þótti
þæft, eftir að búið var að toga hana í síðasta skifti, var komið með rúmfjöl
og vefurinn vafinn um hana. Var hún látin liggja á borði og vefurinn
vafinn um hana og strokinn og teygður sem kostur var á um leið. Þar næst
var þurru stykki vafið utan um og gengið frá henni neðarlega í höfðalagi
einhvers rúmsins. Höfðalög rúmanna voru venjulega geymslustaðir fyrir
samanbrotin föt og nú var fjölinni með vefnum komið þarna fyrir og látinn
pressast í nokkrar nætur. Þar næst var hann tekinn og vafinn ofan
af fjölinni og breiddur til þerris, út á þvottastagi ef veður leyfði

p8
annars einhverstaðar
innanbæjar. Þegar vefurinn var orðinn vel þurr, var hann tekinn og
vafinn fast og vel upp á skaft eða kefli og geymdur á því þangað til farið
var að sauma úr efninu. Vandaðir dúkar voru sendir til lóskurðar
og pressunar, en á því kann ég ekki frekari skil.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1908
Sveitarfélag: 840 Laugarvatni

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1472

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Misjafnt var hvenær vefnaður hófst haust hvert. Oft var ekki byrjað fyrr en liðið var á nóvember, stundum þó fyrr, t.d. ef efni í voð var til frá fyrra vetri. Gott þótti, ef hægt var að fella voð fyrir jól. Ekki þótti gott að eiga voð í vefstól langt fram yfir sumarmál. Væri voð felld fyrir jól, var önnur aldrei sett til fyrr en eftir nýjár.

Mjög misjafnt var á hverju byrjað var á haustin. Fór það að sjálfsögðu eftir því, á hverju lá mest. Væri til efni í voð að hausti, var að sjálfsögðu oft byrjað á henni. Að öðru jöfnu var þó helst byrjað á vaðmáli og öðru efni í hversdags utanyfirföt. Fínni voðir voru fremur látnar bíða þar til á útmánuðum. Lá oft minna á þeim og einnig æskilegt að fá dagsbirtu við þær. Leiðinlegt þótti, að voð stæði uppi um jólin, nema þá helst, ef sérstakt herbergi var fyrir vefstól, en það var ekki mjög víða. Eingöngu óf fulltíða fólk, börn og unglingar ekki nema þá stund og stund til að læra. Sumir sögðu að karlmenn hefðu ekki ofið í gamla vefstaðnum og ekki fyrr en vefstóllinn kom, þar sem mátti sitja.

p2
Venjulega var það aðeins einn heimilismaður, sem óf hverju sinni. Sjaldgæft var að einn væri að grípa í vef hjá öðrum. Sumir gerðu ekkert annað en að vefa að vetrinum. Stundum var fenginn maður á heimili til að vefa, og gerði sá ekki annað. Mörg heimili voru þó ekki betur mennt en svo, að vefarinn varð að láta sér nægja að annast vefinn milli mála eða í ígripum. Mjög var misjafnt hversu mikið góður vefari óf á dag. Fór það mjög eftir, hve fínt efni var í voðinni. Vaðmál

var fremur fljótofið, og ófu vanir vefarar af því 12-15 álnir á dag. Einna best gekk fram klæðavefnaður. Salúnsvefnaður var að sjálfsögðu seinlegur, sömuleiðis sængurver, sem voru ofin úr vefjargarni. Einnig var mjög seinlegt að vefa veftarvormeldúk. Vefturinn hlóðst í hann og gekk seint fram. Efni í milliskyrtur var einnig seinofið eða í svuntur, millipils og annað slíkt. Börn byrjuðu stundum mjög ung að taka í vefstól, jafnvel yngri en 10 ára. Ég man það um sjálfan mig, að þegar ég byrjaði, var ég ekki stærri en svo, að ég gat ekki setið í setubekknum, en hallaði bakinu aftur að honum. Náði ég því varla að skjóta skyttunni eða slá, en handtökin lærði ég. Unglingar hafa varla

p3
ofið neitt að ráði,
fyrr en þeir voru komnir nokkuð yfir fermingu. Sumir höfðu
það að atvinnu að vefa. Þannig var t.d. um hinn fræga vefara Gunnar Hinriksson, sem var löngum hér eystra. Hann var fyrir mitt minni, en ég man eftir einum manni öðrum, sem gerði ekki annað að vetrinum en vefa. Hann tók einkum vefnað heim til sín, en fór einnig á aðra bæi að vefa. Ekki þekki ég til að sérstakt verðlag hafi verið í gildi um vefnað né neinn ákveðinn texti. Vefstóll: Bæði var notað vefstaður og vefstóll. Hygg ég að einkum hafi fullorðið fólk notað vefstaður, en notkun orðsins vefstóll farið vaxandi. Ekki þekki ég neinar sagnir um gamla kljásteinavefstaðinn, nema heyrt hef ég að talið hafi verið fullkomið dagsverk að vefa í honum eina alin. Tveir menn hafi þó getað hjálpast að við vefnaðinn, og hafi þá mátt vefa hálfa aðra alin á dag. Ekki þekki ég hvenær hann lagðist niður, en hygg að það sé mjög langt. Enga hluta þekki ég úr honum nema kljásteina.
Um vefstólasmíði þekki ég ekkert sérstakt.

p4
Ég þekkti ekki margar
gerðir vefstóla. Helsti munur var, hvar slöngurif var komið fyrir.
Stundum var hann niðri, þ.e. báðir rifir voru í sömu hæð. En í þeim vefstól, sem til var á mínu heimili, var hann að ofan. Í kverkinni, þar sem kjálkinn kom í afturokann, var þykk og sterk spýta sett til styrktar, svipuð rúmbrík, og þannig var auðvitað báðum megin. Gegnum þessar spýtur var gat, og þar var rifurinn, sbr. merkingu á vefstólsteikningunni.
Tvíbreiða vefstóla þekkti ég ekki fyrr en seint. Einn var smíðaður fyrir heimili foreldra minna, en það var ekki fyrr en 1940. Hraðskyttuvefstól þekkti ég ekki. Mörg heimili áttu vefstól, þó ekki nærri öll. Menn fengu vefstól lánaðan eða komu vefnaði fyrir hjá nágrönnum. Ég þekki ekkert um gangverð vefstóla. Þó minnir mig að tvíbreiði vefstóllinn, em smíðaður var fyrir heimili foreldra minna 1940, hafi kostað 600 krónur, mjög vandaður að allri gerð.
Vefstóll sá er ég vandist, var um ýmislegt frábrugðinn vefstól á teikningu A. Frávik voru þessi:

p5
Uppistöður þær sem
sýndar eru á teikningunni aftan við slagborðið, og ná upp í kjálkann (merkt
a) voru engar, en þess í stað voru, sem fyrr segir, sterkar bríkur, þar
sem kjálkinn kemur í afturokann, en göt á, og þar í var efri rifurinn.
Sláin nr. 14 var ekki, en afturbóman, 17 náði í gegnum okana og var
fest með fleygum eins og 13, og hélt hún hliðarstykkjunum saman að aftanverðu.
Þversláin að framan, sem voðin liggur á, hét frambóma. Var hún fest
þannig, að efri endi framokanna var stallaður inn í miðju (sbr. teikningu
A), en endar bómunnar stallaðir á móti, en gat í gegnum hvort tveggja.
Gegnum það gekk skrúfnagli og hélt vefstólnum saman að framanverðu. Róin
var að aftanverðu, en í þeim enda naglanna, sem fram vissi var hringur.
Í þessum hringum voru hankar úr íslensku nautsleðri. Var lykkjunni
brugðið niður fyrir kjálkana, sem ég hef merkt xx. Á þessum kjálkum
lá setubekkurinn. Út frá hvorum enda setubekksins miðjum gekk spaði,
um þriggja fingra breiður, en skora gerð fyrir þá í hvorn kjálka. Setubekkurinn
var klæddur gæruskinni. Uppbindingin var allt öðruvísi, en
sýnt er á teikningu A. Ofan á kjálkunun, nálægt þar sem merkt er
11, lá tré þvert yfir.

p6
Það var hafaldatréð.
Það lá þar laust, en lítill klampi var neðan á því hvorum megin.
Námu þeir út við kjálkana, og færðist hafaldatréð þannig ekki úr
stað. Tvær öflugar trétrissur héngu í sterkum snærislykkjum, hvor
um sig rétt fyrir innan hvorn kjálka. Á trissuhjólinu lá snæri, hvor
endi um spannar langur frá hjólinu, og var lítil trissa bundin í hvorn
enda, en snæri lék á hjólum þeirra og lykkja á endum. Þannig hanga
vorum megin tvær litlar trissur í einni stórri, en samtals fjórar snærislykkjur
hvorum megin niður úr litlu trissunum. Í þessum lykkjum voru hafaldasköftin,
en þau voru fjögur. Þverskammelin voru einnig fjögur, fest innan
á vefstólinn vinstra megin. Í þeim voru kengir úr járni og einnig
neðan í sköftunum, en tengt með grannri járnfesti. Skammelin voru
auðvitað líka fjögur, fest á skammelatréð (nr 19 á teikningu a). Voru
engir járnkengir í þeim og þau tengd með grannri járnfesti. Þess
má að vísu geta, að þessar festar voru orðnar margar ónýtar, og voru notuð
bönd í staðinn. Engin skammel voru fest í fótatréð (nr 25 á teikningu).
Svona var alltaf bundið upp og aldrei breytt, þótt breyta ætti um
gerð vefnaðar. Gerð vefnaðar var einungis ákveðin með ídrættinum

p7
og hvernig stigið
var. Slagborðið var ekki fest að neðan, svo sem sýnt er á teikningunni.
Þrjár skorur voru gerðar ofan í kjálkana dálítið fyrir hafaldatréð.

Þar hékk slagborðið. Þegar búið var að færa, var það auðvitað haft í fremstu skorunni, en fært aftar eftir því sem vefnaðurinn gekk fram, en fært að nýju í fremstu skoru, þegar ný færa byrjaði. Þess má geta, að hausinn á rifnum var mjög rammbyggilegur, enda reyndi mikið á hann. Kross var á endanum, og var haldið um þær álmur þegar undið var á rifinn. Innan við krosstréð var jarngjörð utan um hausinn, en út úr gjörðinni stóðu gildir naglaendar með litlu millibili, en á hliðfjöl vefstólsins var stilli úr járni og nam það við einn naglann og hélt þannig rifnum föstum, þegar hert hafði verið á. Skeið: Skeið var einnig nefnd ritti. Voru bæði nöfnin notuð, þó ekki jöfnum höndum. T.d. var venjulega sagt að draga í skeið (ekki ritti), en aftur á móti talað um svo og svo margra tanna ritti. Aldrei þekkti ég að skeiðar væru heimasmíðaðar. Þær voru

p8
ætíð aðkeyptar úr
stáli. Fínleiki tanna var miðaður við hvað margar væru á kvarteli. 60 tanna ritti var það grófasta sem notað var, helst á tvöfaldan þráð. Ekki man ég eftir fínna ritti en 120 tanna, og var það ekki haft nema uppistaða væri vefjargarn. Val á skeið fór að sjálfsögðu mest eftir því, hvernig uppistaðan var. Áferð var gróf, væri uppistaða fín, en ritti gróft. Væri ritti fínt, en uppistaða gróf, t.d. tvinnaður þráður, vildi rittið skafa ló úr uppistöðu. Við það veiktust þræðirnir og vildu slitna. Fyrir kom, að slík ló vildi safnast á vefinn. Varð þá að tína hana burt, annars gat jafnvel svo farið að lóarhólkar mynduðust utan um þræðina, og gátu þeir átt þátt í því, að þræðirnir slitnuðu. Skeiðar voru ætíð 5 kvartela langar. Skyttur: Skyttur voru venjulega úr eik. Voru þær eir- eða látúnsslegnar á endum, einnig eir- eða látúnsþynnur neðan á þeim um miðju, nokkru lengri en spólan, svo að þær rynnu betur. Að sjálfsögðu var aflangt gat á miðju, þar sem spólan var, en á stöku skyttum var þó botn þar í. Spóluteinninn hafði ekkert nafn nema

p9
spóluteinn. Hann
var venjulega úr eir eða látuni. Tréspólur þekkti ég aldrei. Venjulega voru spóluhólkar úr þunnri járnplötu. Eftir að aluminíumplötur fengust, þóttu þær tilvaldar í spóluhólka. Stundum var spólað á spil. Ekki þekkti ég að fiskroð væri notað. Spólurokkur: Ekki var smíðaður sérstakur spólurokkur, heldur var spólað á spunarokk. Var þá smíðaður sérstakur spólutittur. Var hann úr tré. Gekk annar endi hans inn í rokkpípuna, en spóluhólknum smeygt upp á hinn. Var síðan rokkurinn stiginn, og var bandinu stýrt á spóluna með annarri hendi, en í hinni hendinni var höfð vala og stutt með henni framan við spóluendann, svo að spólutitturinn dytti ekki fram úr pípunni. Vefturinn átti helst ekki að vera mjög laus á spólunni. Venja var að spóla þannig að byrja fyrst að spóla

hnúða nálægt spóluendum og síðan á miðjuna, annars vildi hlaupa af spólunni, en það mátti ekki koma fyrir.

p10

Spanstokkur: Áhaldið sem haft var til að halda út jöðrum á voð, nefndist ætíð spanstokkur. Sjá teikningu, sem fylgir með. Að leggja upp: Að ákveða lengd voðar miðað við þráð var kallað að leggja upp. Venjulegasta aðferðin var sú, að vigta þráðinn og ákveða síðan lengd voðar með tilliti til þess, hve smár hann var. Völur voru að sjálfsögðu reiknaðar frá.

Var giskað á þyngd þreirra, en ekki man ég eftir, að nein ákveðin tala valna væri í mörk. Að sjálfsögðu var mjög misjafnt, hversu mikið mátti leggja upp úr mörk þráðar. Fór það bæði eftir stærð þráðar og varpi voðar. Væri venjulegt vaðmál og uppistaða einfaldur þráður, var oft miðað við mörk í alin. Þó var talað um tveggja álna þráð, væri varp ekki mikið og þráður fínn. Oft var hafður tvinnaður þráður í utanyfirföt, er karlmenn gengu í að vetri til, þá dugði ekki mörk í alin, og sama var að segja væri voð mjög vörpuð, t.d. þráðarvormeldúkur.

p11

Venjulega var höfð sama aðferð við að leggja upp úr hespum sem hnyklum, þ.e. að vigta þráðinn.

Þó man ég einu sinni eftir hesputré sem mældi þráðinn. Ég hygg þó, að slík hesputré hafi verið sjaldgæf sunnan lands, var þetta hið eina er ég þekkti, var það norðlenskt að uppruna. Kona úr Ljósavatnshreppi var eitt sinn á heimili foreldra minna, einkum til að spinna. Hún var mjög fíntætt eins og hún sagði, að sumir norðlendingar nefndu að sem sunnlendingar kalla að vera vel vinnandi, þ.e. hög á ullarvinnu. Hún þekkti slík hesputré úr sinni heimbyggð og útvegaði foreldrum mínum eitt slíkt. Hesputréð stóð á þremur fótum, sem báru uppi blökk, svipað og rokkur væri. Á blökkinni stóð uppstandari, sem bar hesputréð. Er hesputrénu var snúið, hreyfði það áfram tannhjól um eina tönn við hvern snúning. Í tannhjólinu var 51 tönn, og er hjólið hafði snúist einn hring, hreyfði það við litlu stilli. Var þá komin ein skreppa, þ.e. 51 umferð í hverri skreppu, og var hver skreppa merkt með því að bregða bandi um. Hesputréð var 2 álnir ummáls. Mátti þá vita með vissu, hversu langt var í hverri hespu. Þurfti ekki annað en telja skreppur og margfalda með 51x2, kom þá álnafjöldinn út. Þessi hesputré

p12

voru kölluð skrepputré.

En eins og fyrr var fram tekið voru slík hesputré ekki tíðkanleg, var þetta hið eina sem ég vissi af í mínu byggðarlagi. Að reikna í skeið: Venjulega var miðað við að draga í skeiðina alla, það var út úr ritti, eins og það var kallað. Á gömlum skeiðum voru 2-3 ystu tennurnar þó stundum beyglaðar og voru þá, ef til vill hafðar

auðar. Þegar lokið var að rekja, var að sjálfsögðu þekkt hvað margt var á. Síðan var deilt með tannafjölda skeiðar í þráðafjölda voðar, og kom þá fram hvað margt skyldi vera í tönn. Að sjálfsögðu gekk ekki alltaf upp í þeirri deilingu, og var það þá jafnað með því að hafa ekki janmargt í öllum tönnum, t.d. 2 í annarri hverri tönn og 3 í hinni. Til frekari jöfnunar mátti t.d. sleppa nokkrum ystu tönnunum, ef með þurfti.
Komið gat fyrir, að ekki yrði jafnmikið á voðinni allri og gert hafði verið ráð fyrir, ef illa raktist úr eins og það var kallað. Gat það orðið til þess, að þræðir yrði að vera gisnari en gert hafði

p13
verið ráð fyrir í
upphafi, voðin var varpminni en ráð hafði verið fyrir gert. Þó var reynt að láta það ekki breytast mikið frá því sem ætlað hafði verið, og þá stundum tekið til þess ráðs að hafa voðina heldur mjórri.
Að reikna í vef: Það var kallað að reikna í vef að ákveða efnismagn í uppistöðu og fyrirvaf. Það var gert með vigtum, svo sem fyrr segir, einkum þó uppistaðan. Auðveldara var að eiga við ívafið, þar mátti spinna viðbót, er leið á vefinn, ef þörf gerðist. Varp var haft um það hversu þéttir þræðir voru í voð. Væri þeir þéttir, var kallað að voðin væri vörpuð eða varpmikil eða að varpið væri mikið. Væri þræðir gisnir, hlóðst veftur meira í vefina. Þá var voðin veftuð.
Ívafið var venjulega kallað veftur, stundum fyrirvaf, sjaldnast ívaf. Helst skiptist á um nöfn á ívafinu í vefnum sjálfum. En væri talað um það áður en það kom í vefinn, var ætíð notað veftur. T.d. var alltaf talað um að spinna veft, aldrei spinna fyrirvaf eða ívaf.

p14
Rakningsgrind hét
það sem uppistaðan var rakin á. Talað heyrði ég um rakningsgrind sem lá á hliðinni, borin uppi af stólpum, sem til þess voru gerðir, en aldrei sá ég þann útbúnað. Þær rakningsgrindur sem ég sá, stóðu upp á endann er rakið var, gerðar af tré, tveir ferhyrningar sem mynduðu kross, en mátti leggja saman. Trén sem skilhælarnir voru festir á, nefndust krísholt.
Voru tveir hælar í hvoru krísholti, ekki á miðju, heldur úr þeim enda sem að enda uppistöðu vissi. Ætíð var þó bætt þriðja hæl í efra krísholt hvert skifti er rakið var, svo að hælar voru þar raunverulega þrír. Rakningsgrind var fest þannig upp: Þverslá var sett upp milli stoða í baðstofu í um það bil seilingarhæð. Á miðju hennar var lykkja úr leðri. Út úr miðju hvors enda rakningsgrindar gekk stuttur tréás, hvor tæplega fets langur út úr grind. Gekk annar gegnum leðurlykkjuna. Á gólfið var venjulega hvolft tóbaksfjöl, en á hana var lögð hella. Neðri ásinn, sem hafði nagla í enda, lék á hellunni.
Rakningsgrind var til á flestum bæjum sem áttu vefstóla.
Væri rakningsgrind ekki til, fóru menn á aðra bæi til að fá að rekja.

p15

Balbínur: Balbínur
voru snældur, sem garn var spólað á, og var síðan rakið af þeim. Þær voru ætíð 10 saman. Leggurinn var fyllilega þverhandar langur, báðir snúðar jafnstórir og talsvert stærri en aftari snúður á rokksnældu. Þegar rakið var af balbínum, var notaður rakningsstokkur. Það var langur og grunnur kassi, hólfaður sundur, 5 hólfa langur, en 2 hólfa breiður, en göt á milligerðum. Mátti stinga þar í járnteini, og runnu spólurnar á honum. Að spóla garn á balbínur nefndist að balbína. Var til þess notaður venjulegur spunarokkur, hnokkatréð tekið af teininum, en balbínan sett í staðinn og rokkurinn síðan stiginn eins og við venjulegan spuna. Aldrei var balbínað annað en vefjargarn. Þráður var ætíð undinn í hnykla og þeir látnir velta í hólfunum 10 í rakningsstokknum.
Áður en balbínur komu, varð að vinda vefjargarnið í hnykla. Það þótti seinlegt verk. Rakningsspaði: Sumir notuðu rakningsspaða, en ég sá það aldrei gert. Hann var með handfangi, en göt á, jafnmörg og þræðir í feta, þ.e. venjulega

p16

10. Hann mun
hafa verið um 25-30 cm. langur. Var hann hafður til að þræðir flæktust ekki saman. Rakningsstokkur. Rakningsstokk hef ég áður lýst. Var hann venjulega notaður þegar rakið var. Að öðrum kosti varð að nota fötur og dalla til að láta hnykla velta í. Auðvitað mátti ekki nema einn hnykill vera í hverju íláti. Rakning á rakningsgrind: Áður hef ég lýst hvernig rakningsgrind var sett upp. Einn vann að því að rekja. Börnum þótti rakning merkisviðburður.
Ef börn voru á heimilinu, voru þau jafnan nærstödd er rakið var og fús að rétt hjálparhönd. Lengd voðar var mæld með því að marka fyrst alin á borðsbrún, og síðan mælt það við. Þumalfingursbreidd lögð fram yfir hverja alin. Síðan var merkt með því að binda í þráðinn bandi af öðrum lit. Væri rakningsspaði notaður, var hafður aðeins einn þráður

p17

í hverju gati og
aldrei var nema einn þráður i hverju hafaldi. Gott þótti að festa krók upp í baðstofusperru og láta þræðina fyrst fara þangað til að allir yrðu jafnstríðir og engar snurður. Ekki var þetta þó nærri alltaf gert.
Þegar rakning hófst, var byrjað á því að binda efra krísholt fast, síðan bundinn einn þverhnútur á alla þræði fetans. Staðið var þannig, að rakningsstokkur var til vinstri, en rakningsgrind til hægri.
Var því haldið vinstri hendi um þræðina, en grindinni ýtt áfram með hinni hægri. Þannig var rakið utan á grindina niður á við hring eftir hring, uns komið var að markinu í þræðinum. Þá var neðra krísholt sett í

og bundið fast. Brugðið var um hælana þannig, að fyrst var brugðið fyrir neðan þann sem fyrr var komið að og síðan út fyrir hinn. Þ.e. fyrst fyrir ofan hann og síðan niður fyrir, síðan fyrir ofan fyrri hælinn. Á sama hátt var brugðið um hælana á efra krísholti. Band var haft á neðra krísholti og brugðið milli eins og skreppu, er hundrað var komið.
Var venjulega notað sokkaband. Rakið var þannig, að fetinn var látinn leggjast fyrir neðan það sem komið var, en ýtt upp að með þeirri hendi sem var á grindinni (hægri hendi). Bandið

p18
sem bundið var til
að telja hundruðin, nefndist hundraðsband. Að lokum var bundið í skilið að neðan og einnig ofan og skorið sundur utan á ysta hæl efra krísholts.
Fullrakin uppistaða nefndist slanga. Ekki nefndist það neinu nafni að rekja slönguna niður, aðeins sagt að taka af grindinni.
Rakið var af grindinni ofan frá og niður eftir. Gengið var þannig frá slöngunni, að fyrst var búin til lykkja, síðan brugðið hendi gengum hana, tekið um slönguna og hún dregin tvöföld í gegn, og myndaðist þá önnur lykkja, síðan dregið gegnum hana og þannig koll af kolli.
Ef voð átti að vera langröndótt (teinótt), var reynt að rekja teinana með. Þó var þess varla kostur, ef voð átti að vera stórbekkjótt.
Þá varð að slíta frá og rekja hinn litinn sérstaklega. En ef voru tiltölulega mjóir teinar, var þeim bætt við og voru þá fleirri þræðir í þeim fetanum. Tveir fetar nefndust gangur. Oft var lagt fram yfir í hverri voð um hálf alin, nokkuð þó misjafnt eftir því hve löng voðin var. Rakið á veggjarhæla: Þá voru reknir hælar í veggjarholur úti. Ekki voru hælarnir

p19
hafðir í beinni línu,
heldur alltaf annar ofar og annar neðar. Síðan varð að hlaupa með hnykilinn, þ.e. það var rakið á einum, og varð því rakningsmaður að hlaupa næstum sömu vegalengd og nam lengd alls þráðar í voðinni. Þetta varið niður lagt löngu fyrir mína tíð, og ég hygg að þetta hafi naumast verið gert í minni foreldra minna, en móðir mín þekkti, er hún var ung, gamlan mann, sem hafði gert þetta. Sagði hann að rakið hefði verið úti og kvaðst aldrei hafa rakið í svo köldu veðri, að ekki hefði hann verið sveittur við rakninguna. Heyrt hef ég talað um, að rakið hafi verið á rúmstólpa, en þekki ekki til, að það hafi verið gert. Hafaldagrind:
Höföld voru hnýtt með tvennum hætti. Stundum var hvert hafald hnýtt út af fyrir sig. Slík höföld sá ég í vefstól, en aldrei sá ég þau hnýtt, en ég held að þau hafi verið hnýtt á þessa leið: Notuð var sérstök fjöl, hafaldafjöl sbr. teikningu. Var lengd hennar eins og hálf hafaldslengd, dálítill naddur út úr hlið hennar rétt við annan endann. Var hafaldagarninu brugðið á þann

p20
endann sem fjær var
naddinum, síðan hnýtt um naddin, þ.e. báðum megin við hann, og þannig myndað augað. Síðan var farið sömu leið til baka með garnið og hnýtt saman á þeim enda fjalarinnar, em byrjað var á, þ.e. þeim sem fjær var naddinum, og síðan skorið frá. Var þá komið eitt hafald. Því var smeygt fram af og síðan hnýtt hið næsta. Þannig var hvert hafald laust frá öðru. Í vefstól voru allir hnútar á því skafti sem upp snéri. Hnúturinn sem notaður var, var rifhnútur eða rembihnútur. Ég vandist ekki svona hafaldahnýtingu, heldur að notuð væri hafaldagrind, sbr. teikningu.
Það var trégrind, að breidd eins og hafaldslengd skyldi vera, en sívalur tréás eftir henni endilangri um miðju. Þá var ætíð notuð netnál.
Var hafaldagarnið rakið í hana. Síðan var endi garnsins festur um aðra hliðarálmuna t.d. a., út við enda. Síðan var garninu brugðið um hina álmuna b, og allt að miðspýtunni c. Síðan var settur hnútur báðum megin við miðspýtuna, fyrst b megin, síðan c megin, þ.e. settur hesta hnútur um þann teyming, sem fyrst hafði verið rakinn á leið frá a til b.
Með þessum hnútum, hvorum sínu megin við sívölu spýtuna, var hafaldsaguað myndað. Síðan var netnálinni brugðið fyrir álmuna og síðan næsta hafald hnýtt á sömu lund. Með þessum hætti voru

p21
öll höföld samföst.
Taka mátti þverspýtuna d úr og ná þannig höföldunum fram af.
Hafaldaþráður var unninn úr togi. Stundum var honum ekkert gert nema vinda hann fast í hnykil. Stundum var hann undinn gegnum ljós.

Stálhöföld þekkti
ég aldrei, en grannt netagarn var oft haft í höföld, er það fór að fást.
Það var sterkt, en hnútar harðir og óþjálir.

Ekkert nafn þekkti
ég á bandi því, sem haft var neðan á neðra skafti til að höföld færi ekki út af. Þegar vefnaði var lokið vor hvert, var bundið um sköftin efri og neðri og allt saman hengt upp á einhverjum góðum stað, þar sem öruggt var, að ekki væri saggi, t.d. upp á loft. Þá voru höföldin tilbúin á sínum sköftum næsta haust. Vefjarkambur: Kamburinn var úr tré með tré tönnum að gildleika svipað og venjulegur blýantur, en bil á milli þeirra rúmlega fingursbreidd. Lengdin var að sjálfsögðu miðuð við lengd skeiðar, þ.e. 5 kvartel.

p22
Á kambinum var lok
og gróp eftir því endilöngu, sem tennurnar féllu í. Upp úr endum kambsins, skammt fyrir utan tennur, gengu flatir tréfleinar og upp í gegnum

göt sem voru á lokinu, og mátti loka þar með fleygum, em reknir voru gegnum fleinana. Þar að auki var bundið yfir kambinn áður en farið var að bóma. Að láta í kamb: Verkið var kallað að láta í kambinn.
Það var unnið þannig, að kamburinn var opnaður og lagður þannig, að tennur snéru upp, en slangan lögð yfir kambinn og reiknað út, hvað mikið þyrfti að vera í hverri tönn. Aldrei var feta skift milli tveggja tanna. Ekki var alltaf hægt að hafa jafnmikið í öllum tönnum, en aldrei munaði það svo miklu að kæmi að sök. Skaftið sem sett var í skilið (venjulega járnteinn), var ekki nefnt neinu nafni. Það féll ofan í rauf sem var eftir rifnum endilöngum. Að festa upp:
Að setja til var það kallað að koma uppistöðu í vefstól og undirbúa vefnaðinn sjálfann.

p23
Að bóma vef: Að
vinda slöngu upp á rif nefndist að bóma. Skaftið var sett ofan í rauf, sem var á rifnum. Kragarnir voru settir á rifinn, og gengu þeir upp á enda skaftsins. Kragarnir voru úr tré, en hólkur úr sléttu járni utan um rifinn, um 10 cm. langur, og vafðist uppistaðan ofan á hann.
Til að bóma þurfti amk. 3 menn. Einn vatt upp á amk. einn hélt í slönguna. Lá hún niður fyrir afturbómuna, síðan undir vefstólinn og fram fyrir hann. Sá sem hélt í, sat þá á gólfinu flötum beinum fyrir framan vefstólinn og spyrnti í fótatréð. Sá þriðji leit eftir, að rétt yndist upp á, þræðir flæktust ekki í kambinum og verkið væri yfirleitt rétt unnið. Þetta gerði venjulega vefarinn sjálfur.
Talað heyrði ég um, að sumir hefði ekki kraga, en léti sköft utan á rifinn með nokkru millibili, en aldrei sá ég það gert. Sumir létu uppistöðuna ganga að sér smátt og smátt. Það var kallað að hálsa.
Skilskaft var bundið við afturbómuna. Þegar búið var að bóma, var slönguendinn látinn lafa niður, en skift í nokkra lokka, sem snéru þá upp á sig hver um sig.

p24
Að draga í höföld:
Verkið var kallað að draga í höföld. Voru þá hafaldasköftin bundin saman að neðan, þannig að snærið var krosslagt milli hverra skafta, og lágu þau þess vegna ekki alveg fast saman. Venjulega unnu tveir að því, annar rétti, en hinn dró í. Þó kom fyrir, ef mann vantaði, að aðeins einn maður vann verkið. Alltaf var byrjað hægra megin í vefstólnum (miðað við að sitja í setubekk). Var þá venja að telja 25 höföld á fremsta skafti, en taka ótalið af hinum og halda öllu í greip vinstri handar. Þá var hægt að fylgjast með, hvenær 100 var komið.
Sumir notuðu krækju og stungu henni gegnum auga hafaldsins, en aðrir brugðu með fingrunum. Ef enginn rétti, varð ekki notuð krækja. Ég man, að ég dró eitt sinn dálítið í einn, af því að mann vantaði til að rétta. Vann ég verkið þannig, að auk þess sem ég hélt höföldunum

í vinstri hendi, hélt ég fetanum milli löngutangar og baugfingurs. Gat ég það notað þumalfingur og vísifingur beggja handa til að bregða þræðinum gegnum hafaldsaugað. En þetta var auðvitað ekki fljótlegt. Ef salún var eða bekki, var hver bekkur hnýttur fyrir sig, annars 100. Hnýttur var einn þverhnútur (lykkjuhnútur).

p25

Að draga í skeið:

Notuð var krækja. Oft var notuð eir- eða járnplata sem krókur hafði verið gerður á. Stundum var þó hafður járnkrókur úr mjóum vír og skeftur. Tveir unnu að því að draga í skeið. Vanan mann þurti til að rétta, en óvanur maður gat dregið í. Slagborðið var á bundið við frambómuna, en sá sem dró í, sat í setubekknum. Helsti vandinn var að hlaupa ekki yfir tönn, en á því var varla hætt, nema skeið væri mjög smátennt. Þegar dálítið var komið, var því skift í tvennt og hnýttur lykkjuhnútur. Að hnýta fram: Járnteinn var notaður, framhnýtingarteinn. Verkið kallaðist að hnýta fram. Fjöldi þráða í hnút var ekki fast ákveðinn, en betra þótti að hafa hnútana ekki mjög stóra. Eitt hundrað var því í þó nokkra hnúta. Þremur sterkum snærum var vafið um rifinn og þau bundin í framhnýtingarteininn.

Var ekki hægt að taka þau burt fyrr en svo mikið hafði verið ofið, að komið var meira en eitt vaf á rifinn. Gróp var eftir endilöngum rifnum, og skyldi teinninn liggja í því.

p26

Mig minnir að stundum hafi það verið gert, er nokkur vöf af voðinni voru kominn á rifinn, að framhnýtingarteinninn var tekinn úr. Hnútarnir klipptir burt og síðan undið upp á rifinn aftur. Var þá endinn á voðinni látinn leggjast ofan í raufina á rifnum og teinninn lagður þar ofan á. Þetta var gert til þess að hnútarnir skemmdu ekki voðina, en það hefði getað komið fyrir, ef hnútarnir voru harðir og harðstrengt á vefnum. Uppbinding:

Keðjur grannar voru upphaflega notaðar í vefstól þeim er ég vandist við. Þær gengu síðar úr sér, og voru sett snæri í staðinn. Járnkengir voru í skammelum, og var bundið í þá upp í þverskammelin, sem voru fest í hliðarfjöl vefstólsins vinstra megin. Úr þeim gengu önnur bönd upp í hafaldasköftin. Tengt var þannig að það skammel, sem var lengst til hægri, var í sambandi við fremsta skaft og síðan áfram í röð. Uppbindingu ar aldrei breytt, hvernig sem ofið var. Það var allt ákveðið með því að draga í og stíga á mismunandi hátt.

p27

Að draga fyrir: Byrjað var að vefa í skörðin, þ.e. glufurnar í uppistöðu vegna hnútanna. Til þess var oft notað grófara band. Að skjóta skyttunni um skilið var helst kallað að draga fyrir. Ein umferð, t.d. einu sinni frá hægri

til vinstri,var kölluð einn fyrirdráttur. Alltaf var byrjað að skjóta skyttu frá hægri, og þar var endað hvert skifti sem hætt var. Skaftvaf var það sem ofið var frá því að staðið var á ákveðnum skammelum, og þar til staðið var á þeim aftur. Í einskeftu voru t.d. aðeins tveir fyrirdrættir, eitt skaftvaf. Þegar hófst að vefa það, var staðið hægra fæti á 2 hægri skammelum og 2 fremri sköftin voru niðri. Síðan var skotið hægri hendi til vinstri, og 2 vinstri skammelin, og þar með aftari sköftin voru stigin niður. Þegar skyttunni hafði aftur verið skotið til baka, stigið og slegið, var aftur staðið hægra fæti á hægri skammelunum tveimur. Var þá skaftvafinu lokið. Væri ofið vaðmál, voru 4 fyrirdrættir í skaftvafi, þ.e. frá því að staðið var á ystu sköftunum, og þar til staðið var á þeim aftur. Föst regla var, að þegar vinstri hönd tók á móti skyttunni, skyldi stigið vinstra fæti og gagnstætt.

p28

Gefið var þannig í, að þegar skyttu hafði verið skotið, var fingrum þeirrar handar, sem þá var laus, smeygt niður milli þráðanna um miðju og fyrirvafinu ýtt fram, mikið eða lítið eftir því hversu mikið skyldi gefa í. Ef vefnaður var sérstaklega vandaður var gefið í á 2 stöðum. Ef mikið var gefið í, var kallað að væri veftað. Sláttur var mjög misjafn, eftir því hversu mikið skyldi slá. Oft dugði eitt högg. Þá þótti betra að leggja veftinn að, áður en lokið var að stíga. Síðan var lausu hendinni gripið um mitt slagborðið og slegið létt högg eða fast eftir því hvað skyldi slá. Stundum voru slegin 2 högg. Sumir tóku jafnvel báðum höndum um slagborðið og héldu þá skyttunni í annarri. Spanstokkur var hafður til að halda út voðinni, ef hún vildi ganga saman. Spanstokk skyldi færa oft, þó aldrei alveg á fremstu brún voðar. Einkum átti að færa spanstokk oft, ef voð vildi ganga saman. Margt gat komið fram í vefnaði sem lagfæra þurfti. Mjög gat verið tafsamt ef þræðir í uppistöðu vildu slitna. Var ætíð hafður við hendina lítill hnykill af samskonar efni og var í uppistöðu

p29

til að bæta. Þessi hnykill var kallaður þráðarbót. Stundum var skil ekki hreint. Komið gat fyrir að þræðir beggja hafalda gengu ekki jafnlangt niður. Mynduðust þá 2 skil. Gat þá komið fyrir, að skytta lenti í röngu skili. Kom þá rangvefja. Hún kom að sjálfsögðu einnig væri rangt stigið. Þótti það mikill galli í voð. Mjög þótti illt, ef voðin gekk meira fram öðru megin, skekktist fyrir, eins og það var kallað. Helsta ráðið var að hafa spanstokkinn skakkann, þ.e. framar þeim megin, sem meir gekk fram, og gefa skakkt í, þ.e. meira þeim megin sem meir gekk fram. Þá kom fyrir, að hafaldasköftin gengu ekki jafnmikið niður í báða enda, er þau voru stigin niður. þá var sagt sköftunum steypir. Þá varð skilið auðvitað lítið þeim megin,sem minna gekk niður. Helsta

ráðið var að taka í sköftin og rétta þau við. Þetta var tafsamt,
en oft mátti laga gallann á þann hátt. Ef voð var ljós og fín, breiddu
menn oft klút á frambómu eða höfðu sérstaka hlífðarsvuntu.
Sjálfsagt þótti að hafa mæliþráð álnar langan til að fylgjast með hvað
ofið væri. Var hann látinn vera í voðinni, venjulega ekki allfjarri
jaðri hægra megin.

p30
Færa nefndist það
sem voð var færð áfram í einu, og það var kallað færa. Hér
má nefna eitt orð, sem stundum var notað, en sumum þótti orðleysa. Það
er orðið vefaður, (nafnorð, karlkyns). Það þýddi svipað og vefur.
Helst man ég eftir að þetta væri notað, ef segja þurfti, að einhver hlutur
lægi á vefnum. Dæmi: Vettlingarnir liggja á vefaðinum. Voru
þeir þá á vefnum einhversstaðar milli frambómu og afturbómu.
Að fella vef: Að ljúka vef var kallað að fella vef eða fella voð.
Þráðarendar, sem gengu af, nefndust afvikur og voru notaðar í nálþráð.
Auðvitað varð síðast að setja snæri um afturrifinn (vefjarsnærin) og binda
í teininn. Þau voru þrjú. Það var kallað að setja snærin í
eða að snæra. Að sjálfsögðu varð skilið illt þegar teinninn var kominn
fram undir höföld og voðin afur undir höföld. Bæta mátti úr í bili
með því að hafa slakt á, en ekki þótti hyggilegt að nýta svo vel út, að
afvikurnar yrðu mjög stuttar, þá voru þær ónýtar, annars þótti gott að
sauma með þeim eða bæta.

p31
Mjög var misjafnt
hve gott var að stíga niður. Var sagt að það stigist vel eða illa.
Væri mjög strítt á, steigst verr. Þóf: Þvælið
var hitað í stórum potti upp undir suðu. Síðan var hellt á voðina
í bala. Síðan var hún undin. Það var gert þannig, að hún var
lögð tvöföld, sköftum brugðið í lykkjurnar á báðum endum og síðan snúið
á. Aðeins karlmenn þæfðu, stundum heimamenn, en stundum voru fengnir
menn til þess. Tunnuþóf þekkti ég ekki, var alltaf þæft undir fótunum,
á hurð, úti í fjósbás. Ætíð voru menn á nærklæðum einum. Þangað
var mönnum færður matur og drykkur, því að ekki mátti víkja af þæfunni.
Voð í þófi var kölluð þæfa. Voðin var höfð í hrúgu, og svo
veltu menn henni undir fótum sér og spörkuðu á henni. Þó hef ég heyrt
getið um eitt dæmi, þar sem þæft var þannig, að voðin var brotin margföld
og síðan hoppað á henni. Hafði þófnað þannig ótrúlega vel. Voðin
var hrist upp einu sinni eða tvisar. Tóku 2 hana milli sín, höfðu
nokkra faðma milli sín í einu, héldu í brúnirnar

p32
og kipptu síðan snögg
í, auðvitað báðir í senn. Þá þæfðist betur. Þetta var líka

kallað að kippa. Ætíð var gefinn þófarabiti. Var það
oft smurð kaka með vænni kæfusneið eða eitthvert annað slíkt góðgæti. Svipaðan
bita fékk vefarinn oft, er hann hafði fellt voð, og nefndist hann vefjarbiti.
Oftast var voðin að loknu þófi undin upp á rúmfjöl og látin þorna
þar. Nauðslynleg þótti að vinda hana fast. Var það gert þannig,
að fyrst var voðin undin upp á rúmfjöl stundarfast, eftir því sem unnt
var. Síðan var undið upp á aðra fjöl ofan af henni. Gerðu það
2 menn. Hélt hvor á sinni fjöl og toguðust á. Með þessum hætti
tókst að vinda voðina fast. Þekkt er þófaraþulan. Ég
lærði hana þannig: Bárður minn á Jökli - leggstu á þófið mitt - ég
skal gefa þér lóna - leppana í skóna - þegar ég kann að prjóna - naglabrot
í bátinn þinn - hálfskeifu undir hestinn þinn -

p33
mórautt lamb og gimburskel
- og meira ef þú þæfir vel. Þegar voðin var þornuð í stranganum,
var hún undin niður og brotin saman í rúmslengd, og látin undir undirsæng
í rúmi og dúkur eða eitthvert stykki lagt undir og ofan á. Þar pressaðist
hún. Ekki man ég eftir því, að voðir væri sendar til lóskurðar
og litunar, en stöku sinnum til þæfingar og pressunar. Þetta gat
verið gott, en gafst þó ekki ætíð vel. Einu sinni man ég að voð sem
þannig var send, var þæfð allt of mikið, varð svo mikill bálkur, að varð
að eyðileggja hana.

p34
Um spanstokk og skyttu:
Um eða skömmu eftir 1920 fór Loftur Bjarnason, móðurbróðir minn,
í skóg ásamt Sigurði Bjarnasyni, og voru þeir báðir heimilismenn hjá foreldrum
mínum, sem bjuggu þá að Skarði í Eystrihreppi. Fóru þeir í Ásólfsstaðaskóg
og voru þar um kveld langt inni í skógi að skógarhöggi og klyfjabandi.
Komu að þeim nautgripir, og meðal þeirra var bolatappur einn, er
lét allófriðlega. Fór Loftur að reka hann burt og rak hann alllangt
inn úr. Fór tuddi þar fram af bakka og niður moldar- og vikurskriðu.
Sér Loftur þá, að eitthvað liggur í skriðunni. Fór hann að gæta að.
Var það þá spanstokkur úr maghony, látúnsbúinn, vel smíðaður, en
sýnilega dálítið notaður. Þetta var langt frá öllum mannavegum, en
þó virtist spanstokkurinn vera þar nýkominn. Var hann óveðraður og
lítt eða ekki fallið á látúnið. Hvernig hann var þanbað kominn virðist
lítt skýranlegt. Hann var síðan notaður á heimili foreldra minna.
Hann er af þeirri gerð, sem sýnd er á teikningu þeirri er fylgir
skýrslunni, neðri teikningin. Fyrir allmörgum árum átti nágranni
minn einn, Jón Einarsson leið um svonefndan Gyldurhaga (í Landnámu heitir
hann Gyldarhagi). Gyldurhaginn er gilgljufur, sumsstaðar vítt með
fallegum grasbrekkum og hvömmum, en sumsstaðar þröngt og á einum stað svo,
að lítið er meira en vegarbreidd. Skammt þar fyrir innan liggur vegurinn
undir kletti, svo nálægt að maður á hestbaki getur næstum tekið hendi í

klettinn. Eitt sinn er Jón fór um Gyldurhagann og reið undir klettinum, sá hann, að þar lá á syllu einni vefjarskytta, dálítið slitin, en vel smíðuð.

Jón hafði skyttuna með sér. Enginn kannaðist við hana. Var hún síðan notuð við vefnað og er sennilega til enn.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1901
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1238

p1
Ull og tóvinna 3.
Það hefur í rauninni enga þýðingu fyrir mig að fara að fást við þessa skrá, því um vefnað veit ég ekkert. Lengi var regla á sveitaheimilum að vinna ull eingöngu heima, það sem heimilisfólkið þurfti til fata og rúmfatnaðar. Var þetta lengi nær allt úr ull. Þetta var þá ofið þar til prjónles er uppfundið og ryður sér til rúms. Eftir það tíðkast þetta tvennt jöfnum höndum. Eftir að ég fer að muna, er oft hafður tvistur í uppistöðu, en það þær stutt. Vefnaður mun hafa hafist svo fljótt sem haustannir minnkuðu, svo að það væru tiltök. Allataf mun það, hvað fyrir var látið sitja að hverju sinni, verið háð þörfum og getu hvers einstaklings um sig, eða öllu heldur heimilis.
Karlmenn ófu sem oftast, en til mun einnig hafa verið að konur ófu. Væri enginn vanur maður til, var einhver sá sem líklegastur þótti látinn byrja á því. Til var að einstaklingar ófu heima hjá sér fyrir aðra, en ekki títt. Hversu lengi maðurinn var að, mun mest hafa verið því háð, hvort ann þurfti að sinna öðrum störfum eða ekki. Þar sem ég þekkti var það oftast húsbóndinn sem óf, en ekki var það nein undantekningarlaus regla. Til var að heimamenn skiftust einhvern veginn á um það, eftir því sem hvor eða hver hafði tóm til frá öðrum störfum.

p2
Ræður því af líkum
að engin regla gat orðið undantekningarlaus um tímalengd og tilhögum í vefstólinn. Sæti maður í vefstól allan daginn, heyrðist mér það þykja lítið, ef hann náði ekki að vefa 20 álnir, en oft mun hafa verið ofið miklu meira á dag, líka minna. Á meðan vefstólar voru stórir og þungir, og allt miðað við alm. voðir, segir sig sjálft, að til hefur þurft fullorðið fólka að vefa. Unglingar tóku áður mun síðar út þroska, en nú gjörist, og yfirleitt var heldur sú stefna ríkjandi að láta ekki unglinga fara að glingra við vandasöm störf, fyrr en þeir höfðu

þroska til að leysa þau vel af hendi með sómasamlegum afköstum.
Ekki er mér kunnugt um ákveðið greiðsluform fyrir vefnað, en hygg að beinar greiðslur hafi miðast við álnatal. Svo er alkunnugt frá eldri tíð, að greiðslur voru óákveðnar, en hver gjörði öðrum greiða, eftir því sem efni og föng stóðu til, og varð það furðu sjaldan að misklíð, svo skiftin jöfnuðust furðu þægilega. Aðeins heyrði ég í daglegu máli nefndan vefstól. Kljásteinavefstóllin var í minni tíð ekki nefndur nema sem fornaldar fyrirbæri, og engar sagnir heyrði ég um hans tilveru öðruvísi en það. Aldrei sá ág eða

p3
hafði spurn af neinu
sem honum var tengt. Hygg ég hinn "nýja" gafa rutt
sér ört til rúms eftir að Skúli kom með hann, og þó hann hefði ekkert annað gjört fyrir þjóð sína, en það, ætti það að hafa dugað nafni hans til langlífis.
Um smíði vefstóla veit ég lítið. Á Bóndastöðum, en
þar var ég í 7 ár, var þá þar nýlega smíðaður vefstóll, eftir Karl Magnússon, sem var bróðir húsbóndans, nýlega lærður trésmíður af Akureyri. Þessi vefstóll var sá fyrirferðarminnsti og hagkvæmasti sem ég sá, þar til vefstóllin sem Björn Helgason útvegaði ÞJMS nú í ársbyrjun 1966. Allir aðrir voru mun fyrirferðameiri að ofan, en hagrænt var, og líka stærri um sig.
Þessi stóll var notaður árlega fram um 1920 eða svo lengi sem ég fylgdist þar með. Hvorki þekkti ég tvíbreiðan vefstól eða önnur slík afbrigði. Ég veit ekki í hverju hraðskyttuútbúnaður var fólginn.
Mörg heimili áttu vefstól, en þau sem ekki áttu þá, urðu auðvitað að bjargast á góðu samkomulagi við náungann og hjálpsemi hans.
Bæði gat komið til greina að fá vefstól að láni, en allra hluta vegna held ég fremur hafi vefnum verið komið fyrir hjá einhverjum,sem gat og vildi vefa hann. Vefstólar voru örðurgir í flutningi, fyrirhöfn

p4
ærin að taka þá sundur
og setja upp aftur. Rúmfrekir þar sem þröngt var. Bóndastaðavefstóllinn líktist mest B, en þó með frávikum. Þeirra mest var að skeiðarhaldið hreyfðist á þolinmóði að neðan í hliðarstykkjunum. Setubekkurinn hékk í krókum, ofl. smávegis bar þeim á milli. Vefjarskeið þekkti
ég aðeins með því nafni, heyrði aðeins nefnt ritti. Þær sem ég sá voru aðeins með stáltönnum, og ógjörlegt að vita fyrir víst, hvort þær voru smíðaðar hérlendis. Hygg þær þó fremur útlendar verið hafa. Ekki sá ég þær nema af einni lengd, grófleiki þeirra var talinn tölum, en við hvaða lengdarmál þær miðust, veit ég ógjörla (60 tanna skeið, 80 tanna, og mig minnir að heyra nefndar bæði 40 og 100 tanna skeiðar, en sá aðeins það algengasta, sem mig minnir aðværi um 70). Ekkert veit ég um skeiða smíði. Af efni í tennur kæmi einkum til greina hvalskíði og látun, en harðviður í kjálka. Þær skyttur sem ég sá, voru helst
úr birki, sem er létt og slétt og þægilegt að vinna. Neðan í þeim

voru látúnsteinar, sem slegnir voru flatir, þunnir og fjaðurmagnaðir (skíðin), svo þær rinnu léttar. Spóluteinninn var úr

p5
járni, stundum látúnsvír,
fyrir endana voru lagðar hlífar umhverfis oddana úr látúni eða eir, og slípaðar vandlega, svo hvergi væri arða sem festist í þræði. Í auga skyttunnar var oftast hafður hringur, sem sagaður var af stút á meðalaglasi, því glerið var varanlegasta efni til þess að þráðurinn skæri það ekki, en ella festist hann í skorum. Spólur voru oftast renndar eða tálgaðar úr tré, þó sá ég spólur með málmlegg, en snúðum úr horni. Ég þekkti ekki annað en spólur til þessarra nota, en hólkar úr öðru efni hefðu getað komið í þeirra stað. Áríðandi þótti svo vel rektist af spólunni, að spóla rétt á hana, þ.e. að spóla fyrst hnúða yst við snúðana, en fylla síðan á milli og mátti þá spólan verða nokkuð full, án þess að sakaði. Spólurokkur nefndist það sem spólað var á, oftast var það aflagður spunarokkur, sem notaður var til þess, með sérstökum teini í stað snældukerfis. Jafnvel var þá til að sami rokkur gæti gilt líka fyrir balbínurokk, en þá þurfti teinninn að vera langur. Líka var til, að nota venjulegan rokk til að spóla á, var þá rekin spýta í pípuna að framan, löguð vel fram, og spólunni smeygt þar á, og haldið með vísifingurs gómi við enda spólunnar á meðan spólað var. Börn og unglinar voru látin spóla.

p6
Til þess að halda
voðinni í sundur framan við skilið var notað áhald, sem stundum var kallað "sprauða" en oftar spanstokkur. (sjá kort á bakhlið). Spanstokkurinn var 2 stykki, klauf var í annað stykkið, sem myndaðist við það að söguð var úr því miðjan, nema stuttum spaða til endans, sem þynnstur var í endann út í egg, og þar voru reknir upp í hann látúnsoddur nokkur. Af hinu stykkinu voru sagaðir jaðarnir, nema í endann, þar sem skilinn var eftir annar spaði jafnlangur hinum, og bryddur á sama hátt. Tindurinn í öðrum hlutanum gekk svo eftir miðhlutanum í hinum (klaufinni). Boruð voru göt þvert í gegnum báða hlutana með jöfnu millibili, og þar var rennt í gegnum einum nagla, sem lengdi eða stytti spanstokkinn, eftir því sem stykkin voru dregin sundur eða saman. Loks var ofan á miðtindinum lítill snerill, sem hélt niðri kjálkunum á hinu stykkinu. Ég held að þetta stykki hafi stundum verið nefnt þana eða þön. Kallað var að setja upp vef, en útreikningur á þráðafjölda og lengd slöngu, að leggja upp. Þá var stuðst við tölu hespanna, en þær voru með vissri tölu knekka (skreppa), og þar höfðu þær vissa lengd.

p7
Væri lagt upp eftir
vef, voru völurnar auðvitað dregnar frá, en þar sem ég þekkti var lagt

upp eftir lengd. Lóðaverk heyrði ég nefnt, en kann ekkert að segja frá því. Næst var lagt í kamb. Hliðin var tekin úr kambinum, hann bundinn með tindana upp á vefstólinn fyrir framan höföldin og slöngunni dreyft þar á milli tannanna, eftir vissri tölu. Síðan var endi slöngunnar svo dreyfður, festur við rifinn, og tekið að vinda upp á hann, eftir að kambinum hafði verið lokað, hélt hann þá eðlilega áfram að greiða slönguna í ákveðinni dreyf á rifinn. Þá þurfti að halda í slönguna á meðan undið var og sá ég oft gjöra það eldri konur.

Var slangan þá leyst úr lykkju brögðunum, sem hún hafði verið hnýtt í, þegar búið var að rekja, jafnótt og undið var á rifinn.

Næst var komið fyrir skilsköftum tveim, rétt framan við afturslána á stólnum (bakbómuna), endi slöngunnar greiddur, deildur og talinn vandlega niður á sköftin í "göngum", minnir mig að væru 5 þræðir í gangi. Hver gangur var svo lagður ofan á annað skaftið, en neðan á hitt, næsti neðan á aftara skaftið, en ofan á hitt,

p8

og þannig myndað skil á sköftunum. Næst voru höföldin sett upp, og þá kom að því að draga í þau Settist þá vefarinn fyrir framan þau í vefstólinn, en einhver meðhjálpari aftan við þau. Vefarinn hafði í hendi lítinn vírkrók, sem hann renndi í gegnum hvert auga, en sá sem átti að rétta í höföldin lagði ákveðinn þráð í krókinn, sem þá var kippt í gegn. Aðstoðin hélt hverjum gangi í vinstri hendi, en rétti með hinni þræðina eftir vissri röð, og var því ekki þakksamlega tekið, ef röðin ruglaðist eitthvað, því það sem ekki var alveg rétt, varð að draga úr og leiðrétta. Veit ég að mörgum unglingi þótti fátt leiðinlegra en "rétta í höföld".

Þegar búið var að draga í höföldin, en á hvert hundrað var hnýtt fyrir framan þau, kom að því að draga í skeiðina, en þá þurfti enn að reikna hve marga þræði ætti að draga í hverja tönn. Til þess var notaður krókur sem kallaðist gikkur. Hann var næfurþunnur að framan, til þess að ganga á milli tanna í skeiðinni, oft úr hvalskíði eða góðri spýtu. Að þessu loknu var tekið sívallt skaft út úr rauf á voðar rifnum og tengt í enda slöngunnar, en það síðan tengt við rifinn með einum 5 snærispottum, sem

p9

undnir voru á rifinn.

Þá kom loksins sú stóra stund að vefarinn gat sest í vefstólinn, tekið fyrsta skilið og sent eftir því skyttuna með fyrsta þráðinn (dregið fyrir). Snærin voru undin upp á rifinn, þar til skaftið kom að honum, þá voru snærin leyst úr, skaftinu rennt í sína rauf, og brugðið rúmum vafningi af voðinni yfir það, og þá loksins var búið að "setja upp vefinn".

Ég þekkti ekki annað nafn á uppistöðu en ívaf og fyrirvaf algengt, þó hið fyrra tíðara. Rakgrind hét það áhald, sem vefur var rakinn á. Sá ég aðeins eina gerð þeirra, sem í miðju var smellt saman

í gróp, svo leggja mátti grindina saman, flata í flutningi. Mig minnir
að eftir henni miðri og endilangri gengi sívallt skaft, sem þá myndaði
um leið þá endastúfa, sem hún snérist á og um. Klossi með hæfilegri
holu fylgdi henni laus, til að festast í loftið þar sem rekja skyldi, og
annar í gólfið, sem gat þurft að hlaða undir, vo bilið yrði mátulegt. Rakgrindur
voru ekki nærri jafnmargar vefstólum, sem eðlilegt er, því það tók aðeins
stund úr degi að rekja. Þegar rakgrindin var komin á staðinn, voru balbínurnar
settar í sinn stól og byrjað að rekja.

p10
Um rakgrindina er
til þessi gáta: Í sporinu snýst hún svo lipurt og létt - litfögrum
böndum hún vefur sig þétt - hún er svo afbragðsvel útlimagrönn - átthyrnd,
höfuðlaus, bein eins og hvönn. Balbínustóllinn var grind, sem balínurnar
voru festar í, í 2 röðum, þannig að teini var rennt í gegnum hverja, í
rauninni aðeins stór snældustóll. Grindin var svo reist upp og skorðuð
þar sem haganlegast lá fyrir rakrindinni. Tala balbínanna mun hafa
verið eitthvað misjöfn. Fyrsta umferðin á rakgrindinni ákvað lengd slöngunnar,
en svo var haldið áfram, umferð eftir umferð af öllum balbínunum, þar til
slangan hafði fengið þá þykkt (þráðafjölda), sem ætlað var. Balbínurokkur
líktist nokkuð skotrokk, nema að hann varð auðvitað að hafa langan tein
með trissu á, í stað snældukerfis. Verkið nefnist að balbína.
Rakningsspaða veit ég ekkert um, og sá aldrei. Sá aldrei rakið
nema af balbínum. Sennilegt þykir mér að fyrsti þráður hafi
verið mældur og merktur að lengd, á rakgrindina, en veit það ekki. Skilið
held ég aðeins hafi verið myndað í

p11
vefstólnum, eins
og ég þegar hef lýst. Skil á grindinni man ég engin, nema að hnýtt
væri á milli umferða á einum stað, líkt og knekk í hespu, og er þetta þó
óljóst. Vafalaust hefur verið rakið aðeins annarsvegar við fetann.
Annað hefði orsakað mislengd í slöngunni. Fullrakin uppistaða á grind,
nefndist slanga, þegar hún var rakin ofan af grindinni, þá var henni brugðið
í hálf hnýttar lykkjur, svo minna færi fyrir henni. Reynt fólk hefur
farið nærri um hvað slangan styttist við það að vefast í voð.
Hafaldagrind nefnist það sem höföld voru búin til á, hnýtt. Efnið
var rakið á spjald, sem gaf í hverjum hring mátulega langan spotta í eitt
hafald, en þegar búið var að vefja á það, var skorið sundur á annari röðinni.
Þó munu spottarnir stundum hafa verið tveir (í hálft hvor), og minnir
mig það vera svo, það eina skifti sem ég hnýtt höföld. Tveir
menn sátu hvor á móti öðrum og hnýtti sína hliðina hvor, en grindina höfðu
þeir á milli sín. Miðju beggja enda var brugðið saman, annar hnýtti
þá augað um sívalninginn með réttum hnút, síðan annan réttan utan við hliðarskaftið,
og mig minnir þrælahnút utan við spottann. Hinn hnýtti aðeins tvo

p12
hnúta á sama hátt.
Réttur hnútur er sá, sem kemur út eins og reipahnútur, gagnstætt rembihnút, þar sem yfirbragðið er hnýtt til annarrar handar, heldur ver, en herðist meira. Til voru á síðari tímum stálaugu í höföld, þau sá ég aldrei. Ég þekki ekki til að unninn væri hafaldaþráður, en vafalaust mun hann hafa verið úr togi. Vefjarkambur er einfalt áhald að smíði. Hann var nógu langur til þess að ná yfir vefstólinn, svo hægt væri að binda hann í hliðarstykkin á meðan verið var að vinda upp á slöngurifinn. Í aðra hlið hans voru settir fastir, með vissu millibili, tindar úr góðum viði t.d. brúnspæni. Í enda þeirrar liðar voru settir fastir endabútarnir, sem mynduðu gaflana, en á hinum enda voru þeir stallaðir við hina hliðina, og þar gengu eyrum á þeim í gegnum, sem svo var einum trénagla smeygt í gegnum hvort, þegar kamburinnv ar lokaður.
Lausa hliðin var svo tekin úr þegar lagt var í kambinn. Í henni var aftur nót, sem fól vel oddana á tindunum. Þegar það var búið, var kambinum lokað aftur, og undið í gegnum hann lokaðan, þar til slangan var komin á rifinn og þjónustu hans lokið að því sinni.

p13
Vefarinn sendi skyttuna
með einu snöggu bragði í gegnum skilið, en tók við henni með hinni hendi, greip þá einum fingri í gegnum uppistöðuna undir ívafið, og ýtti því frá sér í boga (gaf uppí), til þess að voðin herptist minna saman. Steig hann þá í sama vetfangi skilið á, og sló skeiðinni að, fleygði skeiðarhaldinni frá sér og sendi skyttuna aftur osfrv. Festi varla augu á þessm hreyfingum góðra vefara. Spanstokkurinn var dreginn sundur í þá lengd, sem breidd voðar átti að vera, stilltur eftir götum og naglanum rennt í þau, svo lengdin var föst. Þegar svo var búið að vefa dálitla pjötlu var spanstokkurinn settur í, oddunum var þrýst ofan í jaðra dúksins, en þá bognaði áhaldið um naglann, síðan var þrýst ofan á kryppuna þar til stokkurinn var beinn, snerlinum snúið út yfir jaðrana, og sat þá þönfin föst í réttri breidd.
Þegar lokið var að vefa, var voðin felld. Endarnir sem af gengu nefndust "krummabrækur". Undir þóf var vaðmálið þvegið og þvælt í stóru íláti, úr heitu þvæli með nógu þvottaefni í, sem oftast mun, lengi fram eftir hafa verið að mestu keyta. Helst var undið úr voðinni í útidyrum með því að bregða þar í voðina

p14
sterku kefli, t.d.
broddstaf, og setja hann fastan innan við stafina, en bregða öðrum slíkum í voðina fleirfalda, og vinda með því spankefli úti á hlaðinu. Þetta var kröftug vinding. Var svo þetta fært eftir þörfum, en hinn undni endi lagður ofan í bala og tekið þegar að þæfa, þegar lokið var að þvæla og vinda. Venjulega var voðin þæfð í baðstofu, eftir að ég

man, en getið heyrði ég þess, að þæft hefði verið í fjósi. Þá heyrði ég að stundum hefði verið byrjað að þæfa í bala, áður en undið var (nefnt votaþóf), en undið síðan og þæft að venju undir fótum. Venja mun verið hafa lengi, að menn klæddu sig úr ytri buxum og þæfðu berfættir, enda svo ósleyti hreyft sig, að menn héldu á sér hita. Tróð maður þar af allri orku í erg og gríð, færði með fótunum inn það sem tróðst út úr hrúgunni og reyndi að velta vaðmálinu svo vel til sem hægt var, svo jafn þófnaði. Hjá vönum mönnum var þófið ekki oft skoðað, nema til að fylgjast eð hvenær nóg væri þæft. Hyllst var til að þófarinn hefði handfestu, helst í fleirri en eina átt, t.d. í skoti aftan við rúmsenda. Tíðkast mun hafa lengi að þófarinn fengi auka hressingu, eftir að ég man, var

p15
það kaffi, en vel
skyldi vera með því. Og út í það ef til var, og þófarinn kunni að meta slíkt. Þófaraþulu heyrði ég aðeins eina, og hygg að hún sé þar varla öll, svo hljóðandi: Bárður minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - nýja skeifu og nagla þrjá - en láttu ganga þófið þá. Þegar þófi var lokið, var voðin hrist og kippt. Gjörðu það 2 á milli sín, oft karl og kona. Gekk þá á stórum brestum, og þótti því betra, sem meira small í voðinni, og varð oft að glensi. Síðan var hún lykkjuð upp á þvottasnúrur og þurrkuð, en líklega hefur hún pressast betur ekki mjög þurr. Það tíðkaðist áður, að sérstakir menn fóru um og þæfðu, en einkum munu það hafa verið hálfgjörðir umrenningar, sem hlutu stundum af því auknefni eða nafnbót. Þetta getur hver sæmilega laginn og atorkusamur maður, en mjög fór mönnum fram í því sem öðru, með nógri æfingu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1889
Sveitarfélag: 101 Reykjavík

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1260

p1
Ull og tóvinna 3.

p2
Vefnaður: Stór
þáttur í hinni umfangsmiklu ullarvinnu heimilanna var vefnaðurinn. Þar
sem vefstóll var tekinn niður að vorinu, var hann ekki settur saman og
búinn til vefnaðar, fyrr en lokið var haustverkum svo og spuna og prjóni
til handa og fóta, eins og það var orðað. Þá var farið að spinna
þráðinn í uppistöðuna í fyrstu voðina og síðan að huga að vefstólnum. Mun
það hafa þótt gott ef fyrsta voðin var felld fyrir hátíðar. Það gat
líka borið við að byrsta voðin væri tvistur, þ.e, uppistaðan úr vefjagarni
sem keypt hafði verið í kaustaðnum um sumarið og flýtti það skiljanlega
fyrir. Líka bar það við að þráður hafði verið geymdur frá fyrra ári,
sem ekki hafði unnist tími til að koma í voð. Á stærri heimilum mun

p3
það hafa verið siður
að einn maður eða kona hefði vefnaðinn á hendi með aðstoð og ígripum heimamanna,
og yfirumsjón húsfreyju. Þó munu karlar hafa gengt t.d. einu fjárhúsi
með vefnaði og konur vikið sér frá til mjalta. Ef vefarinn
átti að fara til vers, var lagt mikið kapp á að vefnaðinum væri lokið áður
en hann færi, þ.e. fyrir þorralok, og jafnvel þó konur væfu gafst minni
tími til tóvinnunnar, þegar vermenn voru farnir.

Um afköst vefarans
er það að segja, að þau voru mjög misjöfn, bæði fór það eftir leikni vefarans,
grófleika voðarinnar og hvort mikið slitnaði. Mig minnir að sæmilegur vefari
afkastaði 3-5 álnum á dag, en ég heyrði talað um miklu meiri afköst, t.d.

efni í hærupoka gæti farið upp í 15 álnir, ef ofið var af kappi. En ekki er þessum tölum að treysta, þótt fram sé slegið til samanburðar við önnur svör.

p4

Um atvinnu við vefnað

var stundum að ræða, en heldur mun það hafa verið fágætt. Hitt mun hafa verið tíðara, að heimili sem höfðu tæki til vefnaðar og rífann vinnukraft, tóku að sér að vefa voðir af þeim, sem höfðu lakari aðstöðu í þeim efnum.

Um gjald fyrir slíka vinnu þori ég ekki að segja, en sjálfsagt hefur það farið eftir lengd og grófleika voðarinnar. Vefstóll:

Í daglegu tali var vefstóllinn oftast nefndur vefstaður. Um kljásteinavefstaði heyrði ég talað um, sem forngripi og frumstæð vinnutæki, og hef ekkert af þeim séð, nema þann á Þjóðminjasafninu. Vefstóla þá, sem teikningarnar sýna, kannast ég trauðla við, og ekki þann sem tölusettur er, og er því dálítið erfitt að átta sig á einstökum hlutum þeirra. Þó um flesta sé enginn vafi, ef stuðst

p5

er við B og C. Nökkrum

nöfnum má bæta við, svo sem rifhaus, stoppari (járnkrókur) og handföng (á rifhaus). Hraðskyttu- eða tvíbreiða vefstóla þekkti ég ekki.

Að smíða vefstól var mikið vandaverk, og mér býr í grun að slíkt hafi verið fremur fágætt, og þá sennilega eftir útlendum vefstólum. Ég man eftir að Jón Loftsson bóndi á Geldingalæk á Rangárvöllum, smíðaði vefstól heima hjá okkur, en mig grunar að það hafi verið aðgerð eða endursmíði, þótt ég muni það ekki gjörla. Á sumum bæjum var til lítt eða óinnréttað herbergi undir baðstofu, sem kallað var vefstaðarhús, og stóð þá vefstaður þar árið um kring, og þar var ofið, og þurfti þá ekki að taka hann sundur.

Síðar var smíði hans þannig hagað, að taka mátti hann í sundur og var það mikið hagræði, því ef hann var í baðstofu, tók hann mikið pláss.

En milli voða var honum þó ýtt til

p6

hliðar (vefstaðarskot).

Skeið: Skeiðin eða rittið var vandsmíðað, en þó líklega stundum heimasmíði. Lengd hennar ýmist miðuð við lengd 5 kvartela skeið eða 70-80 tanna ritti. Þær skeiðar, sem ég umgekkst voru smíðaðar úr látúni. Vefjarskytta: Þær voru mjög misjafnlega gerðar, oftast munu þær hafa verið smíðaðar úr harðviði. Stundum voru þær nokkuð klúrar og þungar með botni, aðrar voru liprar og léttar botnlausar, og jafnvel látúnsslegnar á endum, og þá hið nettasta smíði. Líklega hafa þær verið verk innlendra hagleiksmanna, þótt ég viti það ekki gjörla.

Spóluteinn var úr járni. Lítt var vandað til þess, sem spólað var á.

p7
Renndar tréspólur
hefi ég ekki séð, en spólur beygðar úr þunnu blikki voru algengar, en höfðu þann galla að ívafið gat fest í þeim og valdið töfum, ef það slitnaði. Síðar var þunnur pappi notaður í spólur, t.d. spil og var þá hægt um hönd að bæta í skörðin, ef þær týndu tölunni. Spólurokkur: Uppgjafa rokkar voru notaðir sem spólurokkar, þar sem ég þekkti til. Þeir rokkar voru minnst metnir af öllum rokkum heimilisins. Þeir féllu ekki í þá stöðu fyrr en þeir höfðu misst flest það sem sæmilegan rokk mátti prýða, sem sæmilegir tvinninga og spólurokkar. Í ..... var stungið tegldri spýtu, sem spólunni var vafið eða stungið upp á og þurfti hún að vera hæfilega gild, svo spólan léki létt um spóluteininn. Börn voru gjarnan látin spóla og einkum áminnt um að láta ekki

p8
"hlaupa á spóluna",
en það skeði, ef ekki vafðist jafnt á hana. Þótt það komi ekki þessu máli við, má geta þess, að skillitlir, marklitlir menn voru oft nefndir spólurokar. Hann er hálfgerður spólurokkur, en þótti ekki hrós, en þótti segja furðu mikið í stuttu máli. Eftir að prjónavélar urðu algengar, fylgdu þeim litlir spólurokkar úr járni, sem festir voru í borð, og þóttu einkar hentugir sem spólurokkar er spunnið var til vefja.
Spanstokkur, sem hafður var til að halda út jöðrum voðarinnar, var vanalega smíðaður úr góðum við og oft snotur smíði. (Teikning).

p9
Að leggja upp var
það kallað, þegar ákveðin var lengd og breidd og varp voðarinnar. En þar rek ég heldur betur í vörðurnar, því ekkert kann ég í þeim útreikningi.
Ég held að eftir gildleika þráðarins hafi verið ákveðið hvað leggja mætti upp úr mörkinni, og þráðarhnyklarnir svo vigtaðir og völurnar svo dregnar frá vigtinni. Að reikna í skeið: Þegar ávkeðin hafði verið breidd og varp voðarinnar, var reiknað út í skeiðina t.d. 2 í tönn, 3 í tönn, ef tala þráðanna gekk ekki upp, var því sem af gekk jafnað niður eða dreyft um voðina, t.d. 2 á tönn og 3 á annarri, þriðju eða fjórðu hverri osfrv. Að reikna í vef. Þegar þráðurinn í verkefnið, hafði verið vigtaður, var ákveðið hvað leggja mætti upp úr mörkinni, og lengd voðarinnar

p10
ákveðin eftir því.
Um alla þessa útreikninga skortir mig þekkingu. En nöfnin voru uppistaða eða þráður og fyrirvaf eða ívaf. Rakningsgrind:
Ég þekkti ekki, að rakið væri á annan veg, en á rakningsgrind. Hún var all fyrirferða mikil, allt að 2 m. á hæð og .... milli lofti og gólfi,

og var sett undir hana koffort eða kista og bjálki, sem standur grindarinnar gat leikið í, og spýtur í kross ofan og neðan, og þannig gert að leggja mátti saman, þegar ofan var tekin. Slár með skilhælum voru skorðaðar milli uppistöðu stólpanna á grindinni. Þegar byrjað var að rekja var nákvæmlega mæld lengd voðarinnar og merkt á þráðum, og átti það að passa að merkið lenti á neðri skilhælnum, og mátti það engu muna, svo lengd voðarinnar yrði, svo sem ákveðið hafði verið.

p11

Balbínur og balbínustóll.

Ef rakið var af spólum voru þær kallaðar balbínur og grindin, sem þeim var raðað í balbínustóll. Ég kynntist þeim ekki, því heima var alltaf rakið af hnyklum. Rakningsstokkur var grunnur stokkur með mörgum hólfum það stórum að gott rúm gæfist í hólfinu fyrir þráðarhnykilinn.

Varð vel að gæta þess að hnykillinn hoppaði ekki úr sínu hólfi, og varð fljótt að koma því í lag, ef svo bar við. Ef hólfin voru of fá fyrir hnyklana var bætt við litlu íláti, svo sem potti, skál eða þess háttar. Rakning á rakningsgrind: Ekki treysti ég mér að lýsa rakningu á grind svo í lagi sé. Man aðeins að skilin voru mynduð á hælunum og þar var talið á grindina, t.d. ef rakið

p12

á 10 feta var fetabandinu brugðið yfir við hverjar 10 umferðir, og gerði það þá 100 þræði. Þegar rakningu var lokið var uppistaðan tekin af grindinni í einskonar fléttu og nefndist hún þá slanga. Ef voðin var tvílit varð að gæta þess að hafa mátulega marga feta með hvorum lit. Heima var grindin jafnan nefnd rakninsgrind. Ég held að ein kona hafi vanalega staðið að rakningu, og barn eða unglingur aðstoðaði, einkum til að gæta þess að hnyklarnir hoppuðu ekki úr sínu hólfi í stokknum, og að ekki slitnaði þráður.

Hafaldagrind var til á flestum bæjum, því jafnan þurfti að endurnýja höföldin. (teikning).

p13

Spýtan að neðan var höfð til að vefja á efnið í höföldin í mátulega lengd, og var svo skorið í sundur á öðrum enda. Síðan voru höföldin hnýtt á grindina, og þurfti við það nokkra nákvæmni, því þau þurftu að vera nákvæmlega jafnlöng, einkum augun, ef ekki átti að hljótast að óhreint skil. Höföld og hafaldaefni:

Höföldin voru lengi frameftir úr snöggum og vel unnum togþræði, en ekki veit ég neitt um vinnslu hans eða meðhöndlun. Neðsti hluti hafaldagrindarinnar var all gild spýta (sjá teikningu). Á þessa spýtu var efnið í höföldin rakið, og þegar dældin í spýtunni var orðin full, var skorið í sundur á öðrum enda spýtunnar, síðan bundið laglega um knippið og var þá hafaldaefnið tilbúið til hnýtingar. Sá sem það verk vann setti grindina

p14
fasta milli fóta
sér, síðan dró hann einn þráð úr knippinu og brá honum um grindina, hnýtti svo nákvæmlega við spýtuna, sem átti að mynda augað, og síðan var augað myndað með öðrum hnút, og var þá augað komið, síðan var svo hnýtt á hinn enda grindarinnar með þriðja hnútnum. Ekki man ég eftir að sérstakur hnútur væri þar notaður, aðeins þverhnútur. Þegar höföldin voru tekin af grindinni eða síðar af sköftunum, var bundið um þau og síðan geymd á þurrum stað. Það var vandaverk að hnýta höföld, því mikið reið á því að augun væru jafnstór. Höföldin voru síðar hnýtt úr seglgarni, og þótti það mun betra en þráðarhöföld. Vefjarkambur var langur kambur með allþéttum tönnum

p15
og lokaður, svo að
tindarnir gengu inn í gróp í lokinu, og síðan var kambinum lokað með fleygum. Ekki veit ég hvaða reglur voru hafðar við að láta í kambinn. Sá aðeins að raðað var í hann og leitast var við að hafa jafnmarga feta í hverri tönn. Eins og sjálfsagt var, varð að halda skilinu hreinu, og var til þess notað skilsköft og skilþráður og þekkti ég ekki önnur nöfn á því. Að festa upp, var þetta verk kallað, líka var það kallað að setja til vef eða setja upp vef. Að bóma: Við að bóma þurftu 3 að vera að verki, einn að vinda upp á rifinn, annar að halda kambinum, og var það mesta vandaverkið, því gæta þurfti

p16
þess að jafnt renndist
á hann. Á slöngurifnum voru hafðir svonefndir kragar. Það voru fjalir með gati, sem slöngurifnum var stungið í gegnum og skinnræmur negldar innan í þær sem síðan festist við vyrsta vafið. Þurfti maðurinn með kambinn að gæta þess vel, að kraginn settist rétt og slétt á rifinn, og átti kraginn svo að setja honum takmörk á rifnum. Sá þriðji hélt svo í slönguna, en maðurinn með kambinn sagði til hversu fast skyldi halda og hart vinda. Að draga í höföld: Þar skal tvo til,
annar að rétta en hinn sem í dró hafði veg og vanda af verkinu. Ég komst aldrei hærra en að rétta, og veit því ekki um leyndardóma hinna ýmsu tegunda dúkanna, sem ofnir voru. Sá sem rétti tók knippi sér í

p17
vinstri hönd, dró
þráðinn úr knippinu, og rétti þeim, sem í dró, sem dró hann svo í auga hafaldsins. Báðir sátu við verkið. Þegar komið var gott knippi, var því skift í tvennt og síðan bandið saman framan við höföldin. Meðan dregið var í höföldin voru hafaldasköftin bundin saman svo ekki smeygðust þau fram af sköftunum. Að draga í skeið. Sá sem, það gerði vann sitjandi. Hann hafði krækju, sem stungið var gegnum skeiðina

og þræðirnir taldir. Skeiðin var tekin úr slagborðinu og lögð á 2 rúmfjalir fyrir framan þann sem í dró. Einn af leyndardómum vefnaðar var varpið, 2 í tönn, 3 í þriðja hverri eða fjórðu hverri osfrv.

p18

Að hnýta fram: Þegar gengið hafði verið frá snærum og framhnýtingarskafti, var hnýtt fram. Það var ýmist nefnt að hnýta eða binda fram. Aðalvandinn við að hnýta fram, var að gæta þess að allir fetarnir væru jafnlangir, svo að ekki væri skakkt fyrir. Vefjarsnærin voru 3, og þegar hnýtt hafði verið fram voru þau undin upp á rifinn, svo strítt væri á þeim. Voru þau svo höfð á, þar til ofið hafði svo mikið að voðin náði rifnum, voru þá snærin tekin af og skaftið lagt í falsið á framrifnum, svo voðin stöðvaðist og vefðist jafnt og þétt á rifnum. Uppbinding: Uppbindinginvar í því fólgin að tengja skammelin við hafaldasköftin. En þeirri aðferð að binda það með snærum hefi ég aldrei kynnst. Sú aðferð sem ég kynntist var því nefnd

p19

að krækja upp, því til þess voru ..... krókar og stuttar keðjur, og var það mun hentugra, því á keðjunum gat ekki tognað, þá tengt var við skammelin. Ekki kann ég að lýsa uppkrækingu með tilliti til sérstaks vefnaðar eða mynsturs.

Að draga fyrir: Þegar búið var að krækja upp og þar með lokið að setja til, var stigið á skammelin og myndaðist þá skilið. Vefarinn skaut skyttunni og dró fyrir sem kallað var. Við fyrirdráttinn grunar mig að vefarinn hafi gefið ríflega í. Það var gert með þeim hætti að vefarinn brá fingri í fyrirvafsþráðinn og færði hann nær skeiðinni áður en slegið var að með slagborðinu. Þegar búið var að vefa nokkra þumlunga var spanstokkurinn settur á til að halda jöðrunum mátulega út.

p20

Var vefnaðurinn þar með hafinn, og ef tilsetningin hafði verið gerð með vandvirkni og nákvæmni mátti treysta því að allt gengi misfellulaust. En allar misfellur í því margbrotna verki, sem tilsetningin var, var svarað með óskýru skili, sliti og öðrum töfum, en afsakað með því að einhver sækti í vefinn eða annað yfirnátturulegt væri þar að verki. Ekki veit ég nákvæmlega hvað færan var löng, en lílega hefur verið hægt að taka af snærin eftir 3-4 færur. Þegar strengt hafði verið í voðinni, mátti segja að vefnaðurinn væri kominn í fullan gang. Misjafnlega mun hafa verið gefið í og ákvað vefarinn það. Mæliþráður var festur í voðina. Var hann

ein alin á lengd og þegar alin hafði verið ofin, var hann færður.

Ef þráður slitnaði,
varð að bæta hann

p21
sem fyrst, og þótti
það tefja verkið, ef mikil brögð voru að því. Sama var um hafaldaslit.
Að fella voð: Við endir voðar var leitast við að vefa svo
lengi sem hægt var, svo að afvikur yðri sem styttstar, en svo var nafnið
á þeim afgöngum, sem eftir urðu í höföldunum og skeiðinni, þegar ekki var
lengur hæft að skjóta skyttunni. Þessar afvikur voru notaðar sem
nálþráður við aðgerð á fötum. Þóf: Þega rþæfa átti
við þótti nauðsynlegt að hún væri vel hrein. Var hún fyrst þvæld
úr sjóðandi keytu og losnaði þá við fitu og óhreinindi, síðan var voðin
skoluð úr köldu vatni, helst í miklu rennandi vatni. Þegar svo vatnið var
sigið úr voðinni og þófið átti að hefjast var byrjað á því að hita á voðina.
Fullur pottur af vatni settur á eld

p22
og sjóðhitaður. Í
hann var svo voðin sett og endaði þar með þvottur hennar. En þá var eftir
að vinda hana, því mikið reið á að voðin væri mátulega rök og vörm þegar
þófið hófst. Bás hafði verið losaður í fjósinu, því þar fór þófið
fram. Stór hurð eða hlemmur hafði verið lagður í básinn og fötum
raðað kringum hurðina til að varna því að óhreinindi færi í voðina, ef
hún færi út af hurðinni. Skaft hafði verið bundið í stoðina framan
við básinn í mátulegri hæð til stuðnings fyrir þófarann. Við vindingu
voðarinnar var höfð sú aðferð að járnkarl var skorðaður í skemmudyr og
voðin sett þar á, en kvísl eða sterk spýta sett í hinn endann á vöðlinum.
Þrír þurftu að vera við þetta verk, einn að styðja járnkarlinn, kona
að sjá um að rétt legðist í vöndulinn, og sá þriðji vanalega þófarinn sjálfur

p23
hafði höndur á kvíslinni,
og vatt voðina. Þegar nóg þótti undið, en þá ákvað konan, sem með
var í verkinu, var snúðurinn tekinn varlega af voðinni, og voðin losuð
af spýtu og járnkarli. Síðan var haldið rakleitt í fjósið
og fyrir þófarann hófst erfiður og langur vinnudagur. Han afklæddist
og var við verkið á nærklæðum einum. Verkið stóð hvíldarlaust frá morgni
til kvölds. Þófaranum færður matur og drykkur á þófið, sem hann neytti
sitjandi á þófinu. Tvisvar eða þrisvar fékk þófarinn heimsókn húsfreyju
eða annarrar konu, til að hrista lóna úr voðinni og teygja hana til að
varna þess að hún hlypi ekki í brigður. Vandað var til matar þófarans og
til var orðið þófarakaka, sem oft var gefin við smærra þóf á plöggum. Eftir

þófið var voðin undin upp á rúmfjöl, teygð og strengd svo

p24
hvergi væri hrukka
og síðan sett undir farg, t.d. þunga kistu. Þar með var þófinu lokið
og þófarinn feginn hvíldinni. Kýrin fékk sinn bás og hafði hún hvorki
legið né jótrað í þessarri útlegð, og var fegin að fá kvöldgjöfina á sínum
eigin bás. Vanalega var það húsfreyja, sem ákvað hvenær voðin
var fullþæfð, en ekki veit ég til að voðum væri komið í þóf eða hvað þófara
var borgað, ef hann var fenginn af bæ. Þóf var talið með karlmannsverkum,
en þó bar það oft við að þrekmiklar konur unnu þetta verk.
Síðar þegar þófaraverksmiðjur komu til sögunnar, tíðkaðist það mjög að
voðum var komið í þóf, lóskurð og litun. En ekki veit ég hvernig
það var unnið eða fyrir það var borgað.

p25
Hins er ég fullviss
að margur þófarinn hefur fagnað því að losna við þetta erfiða og hvimleiða
verk.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1880
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1784

p1
Ull og tóvinna 3.

p2
Vefnaður: Mjög
var það misjafnt, hvenær vefnaður hófst á bæjum. Á sumum bæjum var
siður að hætta heyskap viku fyrir réttir, og var þá byrjað að vinna prjónaband
þegar á réttum. Að vinna í sokkaplögg held ég að allsstaðar hafi
verið það fyrsta, sem byrjað var á, hvað ullarvinnu snerti. Þegar
búið var að vinna prjónabandið var byrjað að vinna vefjarefni. Á
þeim bæjum, er þessi siður var á, var áreiðanlega búið að vefa eina voð
fyrir jól. Þar sem seinna var byrjað á ullarvinnu, var einnig seinna
farið að vefa. Víðast mun einhver einn hafa annast vefnaðinn,
amk. held ég að verra hafi þótt að margir væru að vefa sömu voðina. Hve
lengi hver vefari sat að vef, fór eftir ástæðum, tam. hvort hann hafaði
vefnaðinn í hjáverkum, eða var ekki ætlað annað verk. Sumsstaðar
óf húsmóðirin, en sinnti þó sínum húsmóðurstörfum. Eins var þó um
vinnufólk væri að ræða eða húsbóndann. Það hafði oft einhver föst
skylduverk auk vefnaðarins. Þó sátu sumir allan daginn í vefstólnum,
og voru það helst húsmenn, er voru í kaupavinnu (við heyskap) á sumrin,
en höfðu atvinnu

p3
við vefnað að vetrinum,
og sinntu þá ekki öðrum störfum, og man ég eftir fáeinum vefurum, er það
gjörðu. Ágæt afköst þóttu það, ef vefari óf 12 álnir á dag
af meðalgrófu vaðmáli. Afköst vefarans fóru talsvert eftir því hve
vel var spunninn þráðurinn "uppistaðan". Einnig eftir því
hve fyrirvafið var fínt. Fáir held ég að hafi lært að vefa langt
fyrir innan 14 ára aldur. Eftir einum man ég, er farinn var að vefa

11 ára. Þessi drengur var þá orðinn það góður vefari, að hann var léður á annan bæ til þess að vefa. Ekki var það almennt, að menn færu á milli bæja að vefa, þó kom það fyrir, en almennara var að þeir tækju vefjarefnið heim til sín. Mig minnir að um aldamót væru goldnir 20 aurar fyrir að vefa alin. Ekki man ég eftir að vaðmál væri notað í vöruskiftum. Aldrei heyrði ég vefjarskeiðar kallaðar öðru nafni en "skeið" eða "vefjarskeið". Aldrei vissi ég til, að þær væru smíðaðar hérlendis. Stærð þeirra, eða þéttleiki, var miðaður við tannafjölda á kvarteli, t.d. 70-80-90 tanna skeið. Flestir vefarar áttu fleirri mismunandi grófar skeiðar.

p4

Vefstóll: Bæði nöfnin, vefstóll og vefstaður, voru algeng hér um slóðir í mínu ungdæmi, og eru raunar enn. Um gamla kljásteinavefstaðinn, veit ég ekkert, en ég heyrði sagt, að sá vefstaður hefði lagst niður, er Skúli fógeti stofnaði "Innréttingar" sínar. Einnig hefði spunasnældan þá vikið fyrir rokknum. Ekki hef ég séð neina hluti úr kljásteina vefstól, nema einn kljástein, er ég sá sem barn. Um smíði vefstóla get ég lítið sagt. Þó mun það hafa verið nokkuð algengt, að hagir menn smíðuðu vefstóla, og víða voru vefstólar til, þó ekki á hverjum bæ, en fleirri munu þeir bæir hafa verið er vefstóll var á. Á öllum þeim vefstólum, er ég hef séð hafa rifirnir verið á sömu hæð.
Á meðan söðuláklæði voru almennt ofin, voru víst flestir vefstólar tvíbreiðir, en er hætt var að vefa þau, sem hér um slóðir, mun hafa verið eftir 1870-80 létu sumir minnka vefstólana. Þóttu þeir léttari og meðfærilegri einbreiðir. Þeir, er ekki áttu vefstað sjálfir fengu flestir ofið hjá grönnum sínum, einkum þeim er atvinnu höfðu af vefnaði.

p5

Vefjarskytta: Flestar vefskyttur, held ég, hafi verið með látúnsdragi að neðan, til þess, að þær rynnu betur um skilið. Aldrei heyrði ég annað nafn á teini þeim er spólan lék á en "spóluteinn". Sá aldrei, eða vissi notað, annað en renndar tréspólur. Spólurokkar: Ekki held ég að sérstakir rokkar hafi verið smíðaðir til þess að spóla á, heldur voru gamlir rokkar notaðir, og var þá settur í þá þar til gerður teinn í stað snælduumbúnings. Spanstokkur: Hér um slóðir var þetta háhald venjulega nefnt spjálk. Spjálkin var smíðuð úr 2 fjölum, hub. 3ja cm. breiðum og nálægt 50 cm. löngum. Hún var þannig, að það mátti lengja hana og stytta, eftir þörfum, og var það þannig gjört, að allt að helmingur annarrar fjalarinnar var mjókkaður um 2/3 þannig, að 1/3 var þverstýfður af og klofinn frá báðum meginn. En á hinni fjölinni var gerð nákvæmlega jafnlöng og breið rauf í miðjuna, svo að mjórri endi féll nákvæmlega í rauf hinnar. Síðan voru nokkuð mörg göt

p6
boruð í gegnum hliðar
skertu endanna. Lítill teinn úr vír með hring á öðrum enda var svo rekinn gegnum götin, sem voru látin standast vel á. Sitt á hvorum enda spjálkarinnar voru 2 mjög litlir en hvassir stáloddar, er stungið var sitt í hvern jaðar voðarinnar.

Að leggja upp. Það
verk að reikna út uppistöðuþráð í voð heyrði ég ætíð nefnt "að leggja upp". Eftir að ég man eftir, og það fólk er ég hef fengið upplýsingar hjá, var ætíð lagt upp úr hespum. Hespurnar voru vigtaðar, og var svo talað um voðina eftir þyngd þráðarins, t.d. 8 lóða, 5 og 3ja lóða verk.
Oft held ég, að hafi verið lagðar 2 álnir upp úr mörk af þræði. Sama segja mér 2 gamlar konur er ég nýlega hef hitt. Önnur úr A-Skaftafellssýslu.
Þær muna báðar eftir því að hafa séð rakið úr hnyklum. Þær minnir að þyngd valanna væri dregin frá þyngd þráðarins.

p7
Balbínustóll og snældur:
Balbínustóllinn var smíðaður úr tré, líkt og mjög grunnur botnlaus kassi, hólfaður sundur í 2 hólf eftir endilöngu. Í gegnum allar langfjalirnar voru boruð 6 göt í hverja fjöl, og var 6 gildum vírteinum stungið í gegnum þessi göt, sem auðvitað þurftu að standast vel á. Á þessum teinum léku svo balbínusnældurnar. Balbínusnældurnar voru smíðaðar líkt og gríðarstórar rokksnældur, nema á þeim voru báðir snúðar eins. Hver snælda var hub. 25 cm. á lengd og hver snúður víst 10 cm. í þvermál eða meira. Ekki held ég að sérstakir rokkar hafi verið smíðaðir til að balbína á. Þeir balbínurokkar, er ég sá, voru gamlir spunarokkar, er breytt hafði verið þannig að þessar löngu snældur komust fyrir á snælduteininum, og auðvitað var ekkert hnokkatré né þráðarop á teininum, heldur haldið um þráðinn eins og þegar fyrirvaf var spólað.

p8
Rakstokkur: Rakstokka
heyrði ég þau ílát kölluð er höfð voru til þess að rekja vef úr hnyklum.
Ég hef séð 2 rakstokka. Voru þeir báðir af sömu gerð, nema hvað annar var stærri og vandaðri. Báðir voru fyrir 12 hnykla.
Sá stærri var um meter á lengd og tæpur hálfur meter á breidd og um 15-17 cm. á hæð. Honum var skift eftir endilöngu í 2 jöfn hólf og þeim svo aftur skift í 6 hólf hvoru, svo rúm var fyrir 12 hnykla. Á allar langfjalirnar var felldur hub. 5 cm. breiður listi með ávölum brúnum. Átti víst að varna því, að hnyklarnir hrykkju upp úr hólfunum, er þeir fóru að léttast. Rakningsspaða hef ég aldrei séð, né getað fengið lýsingu á honum.

p9

Að reikna í skeið:
Aldrei heyrði ég annað nafn á vefjarskeiðum, en skeið eða vefjarskeið, þó oftar aðeins skeið. Hve margir þræðir voru hafðir í tönn, sem kallað var, fór eftir því, hve voðin átti að vera varpmikil. Varpmikil var voðin kölluð, ef margir þræðir voru hafðir í tönn. Voðin var þykkri og þéttari, ef þræðir voru t.d. 3 í tönn, en þynnri og gisnari væri t.d. 1 eða 2 í tönn varplítil, sem kallað var. Stundum voru hafðir 2 og 3 þræðir í tönn á víxl, og þótti það víst meðalvarp.

p10
Rakgrind: Grind
þá er voðarefnið var rakið á, heyrði ég ætíð kallaða rakgrind. Ég sá aldrei nema eina gerð áhalds þessa. Rakgrindin samanstóð af 2 ferhyrndum trégrindum, jafnbreiðum, en önnur grindin var þeim mun styttri, að hún féll aðeins liðlega innan í hina. Grindurnar voru allt að 2 metrar á hæð, en nokkru minni á þverveginn. Efst í hælum, sem þráðurinn eða uppistaðan var rakin á. Ekki vissi ég önnur nöfn á þeim, en efri og neðri hæll eða skilhæll. Oftast munu þeir, er áttu vefstóla, einnig átt rakgrind, þó vissi ég til, að rakinn var vefur á öðrum bæ, en ofinn var.

p11
Að rekja í vef, var
það kallað, er rakið var af balbínusnældunum á rakgrindina. Rakgrindin var sett upp, ýmist í íbúðarherbergjum eða framhýsum eða hvar sem rúm var fyrir hana, og hentug hæð undir bita. Á bitanum var útbúnaður til þess að festa grindina og var það ýmist úr tré eða leðri. Á miðjum þverrimum grindanna, voru göt er stóðust á, er grindurnar voru settar saman.
Undir grindinni var hafður þungur og þykkur trébútur, sléttur að neðan, en ávalur ofan. Upp úr honum miðjum stóð sterkur járngaddur, er gekk upp í gegnum neðri götin á grindinni. Annar gaddur var settur í að ofan, gekk hann í gegnum slíðrið á bitanum og efri götin á grindinni.
Á þessum göddum lék grindin, þegar rakið var.

Þegar byrjað var
að rekja var fyrst mældur 1 þráður jafnlangur og voðin átti að vera, og honum vafið um grindina hæla á milli, og honum fylgt er rakið ar. Síðan voru hnýttir saman svo margir þræðir, er vera skyldu í hverjum feta. Settur síðan upp á efri hælinn, og grindinni síðan snúið og fetanum brugðið um neðri hælinn. Farið með fetann sömu leið til baka og brugðið yfir efri skilhælinn. Gætt var þess að bregða fetanum yfir hælana, sitt til hvorrar handar, svo skil myndaðist.

p12
Fullrakin uppistaða
nefndist "slanga". Um leið og rakið var, voru sett nokkurskonar

skreppubönd á slönguna, bæði ofan og neðan við skilið, sem myndaðist við
það að brugðið var sitt til hvorrar hendar yfir hælana. Böndin voru sett
við hælana, oft um hverja 100 þræði. Ekki hef ég heyrt um mismunandi
aðferðir við að rekja. Ef um mislita uppistöðu var að ræða,
var vafið upp á spjald, mynstrið er átti að vera á voðinni, og sent vefaranum.
Hann raðaði þá þráðunum eftir því og festi saman jafnmörgum þráðum
og í mynstrinu voru og festi svo upp á hælinn. Þegar mælt var í voðina
var tekið tillit til þess, að voðin styttist. Gjört ráð fyrir hnútum
og afvikum, og dálítilli styttingu á voðinni.

p13
Höföld: Þau
fyrstu höföld, er ég man eftir, voru úr togþræði, tvinnuðum og mjög vel
spunnum og snöggum. Tel ég víst að hann hafi verið soðinn, því að
það var oft gjört við það garn, er sérlega var vandað t.d. í fín sjöl og
trefla. Aldrei vissi ég þó til, að vefjarefni væri soðið. Ekki vissi
ég heldur til þess, að feiti væri látin í vatnið, þegar soðið var band,
en gömul kona úr Hornafirði segir mér, að hún hafi vitað tólgarmola látinn
í vatn, er sjóða átti í hafaldaþráð. Skömmu fyrir síðustu
aldamót fóru að flytjast í verslanir, hafaldaaugu úr stáli, og urðu þau,
held ég, fljótt algeng. Eftir að farið var að nota "stálaugu"
voru höföldin hnýtt úr seglgarni. Þráðarhöföld voru hnýtt á þar til
gjörða grind er kölluð var "hafaldagrind". Hafaldagrind
sá ég ekki, en hef heyrt henni lýst. Hún mun hafa verið ferhyrnd
grind með miðrim, er myndaði augað. Auðvitað varð önnur endarimin
að vera laus, svo hægt væri að smeygja höföldunum fram af, er búið var
að hnýta. Kona, er kann að hnýta höföld, segir mér að fyrst hafi
verið mælt hve langur sá þráðarspotti þurfti að vera, er fæor í eitt hafald,
síðan var þráðurinn rakinn á eitthvað er mátulega lengd gaf, síðan skorið
af og einn og einn

p14
þráður hnýttur á
hafaldagrindina. Ekki sagðist þessi kona muna eftir neinum sérstökum
hnút er notaður hefði verið. Sagði, að sinn rembihnúturinn hefði
verið hnýttur hvoru megin við augað, en þar sem þræðirnir voru hnýttir
saman, ofan á skaftinu, hefðu oft verið hnýttir margir rembihnútar. Ekki
mundi hún eftir neinu sérstöku nafni á þræðinum, er bundinn var um sköftin
til þess að höföldin rynnu ekki út af. Þó minnir okkur að við höfum
heyrt orðið "varaþráður" haft um þennan þráð.

p15
Fetakambur: Fetakambur
var aflöng ferhyrnd grind. Lengdin var um það bil jöfn lengd rifsins,
en breiddin rúmir 15 cm. eða þar um bil. Umgjörðin var smíðuð úr góðum
og kvistalausum við, um 5 cm. breiðum og vel 2ja cm. þykk, í aðra langrimina

voru festar tennur, einsog, eða líkt og tennur úr hárkambi. Rimarnar voru grópaðar saman og neðri rimin, sem tennurnar voru í negld föst. Hin hliðarrimin var grópuð, en ekki negld. Hún var tekin frá þegar lagt var í kambinn, en fest aftur, er farið var að bóma vefinn. Tennurnar voru annaðhvort úr harðviði eða málmi. Í þeim fetakambi, er ég man eftir, minnir mig að væru vírtennur. Bilið milli tannanna í kambinum, mun hafa verið rúmur cm. Þegar farið var að setja í kambinn, var rifskaftið sett í slönguna, og því fest. Síðan látinn einn feti í hvert tannbil, síðan voru skilsköftin sett í slönguna. Skilsköftin voru 2 mjó ávöl, en þó flöt. Skorur eða göt voru í báða enda skaftanna, um 1 cm. frá enda. Í skorurnar eða götin, var festur þráður, er þau voru fest saman með.

p16

Að festa upp vef:

Ég heyrði öll nöfnin: að festa upp, setja upp og setja til vef, og veit ég varla, hvert algengast var. Að bóma vef: Verkið að vinda slönguna upp á rifinn, heyrði ég oftast kallað "að bóma" eða "vinda upp á rifinn. Hef aldrei heyrt orðið "að rifja" haft um það verk. Rifskaftið var sett í þar til gjört far í rifinu, og fest undir snúða á endum rifsins. Ég man ekki nafnið á þeim snúðum, en kona úr Skaftafellssýslu (Hornafirði), segist hafa heyrt þá nefnda "kraga".

Oftast voru aðeins 2 að verki við það að bóma. Annar hélt í slönguna, en hinn vatt á rifinn. Aldrei heyrði ég eða sá, að vefurinn ætti að ganga að sér á rifnum. Væri fetakambi vel fest við bómuna, þurfti ekki nema 2. Annar hélt íslönguna, en hinn vatt upp á rifinn.

p17

Að draga í höföld:

Ekki heyrði ég annað nafn á því verki. Að því unnu oftast 2, annar rétti en hinn "dró í" eða smeygði þræðinum í hafaldsaugað með fingrunum, ef höföldin voru úr þræði, en með litlum krók, líkum heklunál, ef stálaugu voru á þeim. Þegar viss þráðafjöldi var kominn, mig minnir um það bil 2-3 fetar, var gjörð lykkja á og byrjað á næsta skúf. Ekki man ég til að höföldunum væri neitt fest og hafaldakamb hef ég aldrei heyrt nefndan. Að draga í skeið: Ég heyrði ekki annað nafn á því en krókur. Krókurinn var úr járnþynnu eða mjög fínum vír, oftast úr járnþynnu. Sá krókur, er ég man eftir var úr stálþynnu, hub. 10 cm. á lengd og um 1 cm. í breiðari endann, en mjór í hinn og sorfið þar í hann far, til þess að halda þráðunum, líkt og á heklunál. Ég man ekki annað en að skeiðin væri í slagborðinu, er dregið var í hana.

p18

Að hnýta fram: Það

skaft minnir mig að væri kallað framskaft eða fremra rifskaft, en þó held ég að stundum hafi það verið kallað framhnýtingarskaft. Verkið að hnýta á skaftið, var ekki kallað annað en það eða hnýta á framskaftið.
Framskaftinu var fest við rifinn með snærum, er bundin voru um enda skaftsins, og lágu svo yfir frambómuna, og ofan á rifinn.
Að draga fyrir: Að skjóta skyttunni þegar byrjað var að vefa var oft nefnt að draga fyrir eða bara að vefa. Þegar búið var að skjóta skyttunni og vefarinn hafði gripið hana með hinni lausu hendi, setti vefarinn fingur þeirrar handar, er þá var laus ofan á milli uppistöðuþráðanna, sín megin við fyrirvafsþráðinn og ýtti honum í einum stórum boga í áttina að skeiðinni. Þetta var kallað "að gefa í". Greip svo í miðju slagborðsins og sló því einu sinni eða tvisvar að vefnum. Sá ekki aðra aðferð við ígjöf.

p19
Spanstokk er lýst á 5. og 6. blaði. Skilgalla þekki ég ekki. Þegar oft slitnaði uppustöðuþráður var það vanalega kennt spunakonum. Þráðurinn illa spunninn. Að fella vef: Heyrði varla annað nafn á því verki. Einstaka mann heyrði ég segja, að taka ofan vef, en að fella vef, var víst miklu algengara. Þráðarendar þeir er af gengu er vefur var felldur voru kallaðir afvikur. Helst voru afvikur notaðar til þess að þræða með, t.d. þegar verið var að sauma föt. Einkum voru það tvistafvikur er þannig voru notaðar. Þóf: Er voð var þvegin áður en hún var þæfð, var ætíð sá þvottur nefndur "að þvæla", og þvottalögurinn nefndur þvæli. Vatn var hitað í stórum potti allt að suðu, síðan var bætt í það þvottaefninu, sem oftast var keyta, sódi og sápa. Fyrir 1890 var það víst oftast keyta.

p20
Um eða litlu fyrir aldamót, var farið að nota fleirri efni, sérstaklega sóda og sápu. Oft var þetta notað allt saman. Voðin var svo þvæld upp úr þessu eins og þurfa þótti. Þvegin svo vel, helst í rennandi vatni. Ef lækur eða á var ekki við bæinn, var oft farið til næsta bæjar, eða 2-3 km. til þes að komast að rennandi vatni, því áríðandi var að voðin væri vel þvegin. Væri ekki um neitt straumvatn að gjöra, var ausið uppá, sem kallað var, en það var seinlegt. Voðin var undin þannig: Þegar búið var að fullþvo voðina, var stampurinn eða balinn borinn að einhverjum dyrum, oftast bæjar- eða skemmudyrum, þar sem góðar og stórar hjarir og lokukengur var. Þá voru teknir 2 sterkir tréstafir, t.d. sterkir broddstafir. Annar skorðaður við efri hjarakeng og loku þvert fyrir dyrnar. Hinn stafinn hafði sá í höndum, er vinda skyldi. Fjarlægðist hann nú dyrnar, síðan var sínum endanum brugðið um hvorn stafinn, en einn eða fleirri gættu þess, að ekki drægjust sundur endarnir á voðinni er vixllagðir voru mitt á milli stafanna. Væri voðin löng og þung, þurftu oft fleirri

að halda undir voðina á meðan hún var blautust. Oft var hellt yfir
hana vel

p21
vel heitu vatni,
áður en farið var að vinda. Þótti vindast betur væri hún heit. Þegar
allt var tilbúið, fór sá er úti var að snúa upp á voðina með stafnum, snéri
alltaf til sömu handar, þar til voðin var þurrundin. Voru þá oftast
farnar að myndast snurðuliðir á voðinni. Sá þurfti að vera vel sterkur,
er voðina vatt, ef hún var löng og þung. Fínt vaðmál var vanalega fastara
undið en gróft, því það þótti fínni áferð á þurrundnu þófi en blautu.
Hvar þæft var og hverjir það gjörðu, fór eftir heimilisástæðum.
Væri gott rúm í íveruhúsum, var þæft inni. Ef ekki, þá var
venjulega þæft í fjósi, vegna hlýinda, því betra var að þæfa í hlýju húsi.
Vanalega var þæft á hlera eða hurð. Væri þæft í fjósi var hlerinn
lagður í básinn og þófarinn, em ætíð var snöggklæddur og berfættur studdi
sig við milligjörð básanna, en væru þær of lágar var reiptagli bundið milli
stoða og stuðst við það. Þófarinn hnoðaði svo vaðmálið undir fótunum
af kappi. Þegar hann hafði þæft nokkra stund, var farið að hrist
upp eða "kippa", sem kallað var. Það var þannig gjört,
að 2 tóku í annan enda voðarinnar, annar tók hornin á voðinni sitt í hvora
hendi, en hinn tók í jaðra voðarinnar um það bil hálfan annan meter frá
endanum

p22
því næst breiddu
þeir út endanum, eins og hæft var. Þar næst færðu þeir sínar eigin
hendur alveg saman en linuðu þó ekki á takinu, kipptu svo örsnöggt í sundur
höndum sínum svo snöggt, að oft heyrðist hvellur. Þetta var endurtekið
2-3 eftir því er þurfa þótti. Síðan færðu þeir til hendurnar. Sá
er endann hafði tók í jaðrana þar sem hinn hafði áður, en þófarinn tók
við endanum og lagði voðina á hlerann og gætti hans. Þetta var endurtekið
voðina á enda. Hvenær voð var fullþæfð fór eftir ástæðum, t.d. var
ekki svellþæft vaðmál er átti að hafa í rekkjuvoðir og þynnri föt. Aftur
á móti var mikið þæft slitfatavaðmál. Voðin var hrist "kippt",
hub. á klukkutíma fresti. Ekki þekkti ég þófarabita, en venjulega
var eitthvað haft við í mat, og þófara gefið aukakaffi, oft með brauði
t.d. lummum. Þegar búið var að þæfa var voðin undin mjög
fast og slétt upp á fjöl og sett undir þungt farg og pressuð fleirri daga.
Ég held að farið var að pressa og lóskera hér, var oft sent fínt
vaðmál t.d. í peysu og jakkaföt til pressunar.

p23
Þó nokkuð var gjört
að því að hafa taglhár í leppa. Oftast held ég að karlmenn hafi unnið
þá. Hrosshárið var spunnið eins og í reipi, líklega þó heldur fínna.

Síðan voru prjónaðir úr því venjulegir leppar, og hafðir í skónum, annaðhvort einir eða undir ullarleppum. Sumir höfðu óspunnið hrosshár undir skóleppunum. Þetta þótti gott ráð við fótakulda. Tátiljur:

Hér um slóðir hafa líklega verið lítið notaðar tátiljur, en ég heyrði föður minn segja frá þeim og einn mann sá ég nota þær. Það voru skór.

p24

Þessa þulu lærði

ég sem barn. Aldrei heyrði ég fullorðna þófara fara með hana, en börn kváðu hana oft, er þau þóttust vera að þæfa. Bárður minn á jökli - leggstu á þófið með mér - ég skal gefa þér lóna - í leppana innan í skóna - naglabrot í bátinn þinn - og hálfskeifu undir hestinn þinn - ég skal gefa þér gull í skel - og meira, ef þú þæfir vel.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1902
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 7709

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Því miður kann ég fátt frá vefnaði að segja. Sjálf hef ég aldrei ofið, en fyrst þegar ég fer að muna, var til vefstóll á heimilinu. Ég var mjög ung þegar hætt var að vefa að staðaldri á Smáhömrum og treysti mér engan veginn til að greina frá heiti á hinum ýmsu hlutum vefstólsins. En þess skal getið að mynd C kemur mér kunnuglegast fyrir sjónir. Ekki mun hafa verið byrjað að vefa fyrr en eftir áramót, því sjóróðar voru stundaðir frá réttum til jóla. Hjónin á Smáhömrum, sem þá voru Matthildur Benediktsd. og seinni maður hennar Björn Halldórsson, hjálpuðust að við að setja upp vefinn, en hann óf. Það man ég ekki eftir að hún gerði, en hún var frábær spunakona fram á elliár. Úr tvisti var ofið efni í lök (hvítt), einnig í milliskyrtur karla, ýmist röndótt eða rúðótt. Úr ull voru ofnar rúmábreiður og vaðmál í ytri föt, einkum karlmannsbuxur. Þar sem ég þekkti til, var hætt að vinna vaðmál í rekkjuvoðir og nærföt. Þá voru prjónavélar komar til sögunnar og prjónaföt tekin við af vaðmálsnærfötum. Hringprjónavélar komu fljótt á flest heimili. Þó hægt færi urðu breytingar á klæðnaði fólks. Þegar komnar voru fasta verslanir á Hólmavík, fór að fást ýms vefnaðarvara, sem áður var sjaldséð, t.d. klæði í peysuföt, sem þá voru spariföt kvenna, cheviot ofl. ensk ullarefni í karlmannaföt. Þá voru einnig komin á markað innlend verksmiðjutau.
Ekki man ég hvenær hætt var að nota vefstól á Smáhömrum, eitthvað mun hafa verið gripið til hans á fyrri stríðsárunum, svo man

p2
ég að farið var að
lána á aðra bæi, vefjarskeiðar, skyttur ofl., ef eitthvað bilaði. Upphaflega var allt til, sem tilheyrði vefstól og vefnaði, t.d. voru til spólurokkur og balbínurokkur, sem ekki voru notaðir til annars.

Tvistur sem afgangs

var frá þessum tíma, var árum saman notaður í þræðingar (við fatasaum).
Kannast einnig við "afvikur", notaðar til hins sama. Vefstólar
munu ekki hafa verið til á hverjum bæ, en ég þekkti dæmi þess að vefarar
tóku vefnað heim til sín, og man ég að nefna 2 menn, sem það gerðu í Tungusveit.
Það var Eggert Einarsson, bóndi á Tindi og Guðmundur Björnsson, Miðdalsgróf.
Oftast voru það karlmenn, sem ófu. Þó voru undantekningar
á því. Soffía á Sandnesi, var orðlögð vefnaðarkona, og munu dætur hennar
og etv. fleirri afkomendur hennar hafa tekið það í arf. Um
eða fyrir síðustu aldamót óf Anna Eymundsdóttir, Bæ á Selströnd, vaðmál
í peysuföt handa sér, og saumaði þau sjálf, en móðir hennar Guðbjörg Torfad.
frá Kleifum spann þráð og fyrirvaf. Mér hefur áskotnast smá
vaðmálsbót úr þessu peysupilsi. Annað er ekki eftir af því, og þennan
bút sendi ég nú Þjóðminjasafni til varðveislu. Engan annan gamlan vefnað
hef ég undir höndum. Mér er sagt að Anna hafi ekki átt vefstól,
en henni þótti mjög gaman að vefa og greip í það, ef tækifæri gafst. Um
árabil var hún búsett á Hólmavík. Þá óf hún gólfrenninga og mottur,
svokölluð "tuskuteppi". Uppistaðan var netagarn, fyrirvafið niðurklipptar
tauræmur eða prjón.

p3
Þessi tuskuteppi
voru víða notuð á þeim árum. Þau voru stöðug á gólfi, hlýleg og endingar
góð, af því hafði ég reynslu. Þeir renningar sem ég sá voru með einskeftuvefnaði,
fast ofnir og endarnir bryddaðir en ekki faldaðir. Þeir voru þverröndóttir.
Aths: Eins og vaðmálspjatlan, sem ég sendi ber með
sér, er hún ekki tekin af ónotuðum stranga. Fyrst var saumað peysupils
og notað árum saman, uppúr því var saumað kjólpils og að síðustu síðbuxur
á dótturson vefarans, og úr þeim er þessi bót klippt. Þetta sýnir
endingu íslenska vaðmálsins, og því get ég þess hér.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1715

p1
Ull og tóvinna 3.
Eins og ráða má af titilblaði eru kynni mín af vefnaði með hinum eldri aðferðum, og þeim tilgangi að fullnægja þörfum heimila fyrir fataefnum og öðrum ofnum vörum bundin við stutt tímabil. Aðallega árin 1914-28. Á þeim árum var heimilisiðnaður almennt, og þó einkum vefnaður, á undanhaldi. Með tilkomu prjónavéla var fljótlega hætt að nota heimaofin efni í nærfatnað, og útlendar vefnaðarvörur leystu einnig heimavefnaðinn smátt og smátt af hólmi, sem efni í ytri fatnað og rúmfatnað.
Svör mín eru, að því er eigin reynslu varðar, byggða á því sem gerðist á þessu upplausnartímabili. Þar sem vikið er að vinnubrögðum frá því fyrir og um aldamót, er byggt á frásögnum foreldra minna, og nokkurra annarra mér eldri manna, er náin kynni höfðu af heimilisiðnaði, frá því um 1880 og fram yfir aldamót. Fram yfir aldamót var árlega "unnið til vefja" á því nær hverju heimili, nema sérstök forföll hömluðu. Innri sem ytri fatnaður var að mestu leyti heimatilbúinn og úr ull. Meirihlutinn ofinn, en nokkuð prjónað. Þar sem karlmenn sóttu sjóróðra á vertíð, var reynt að ljúka vefnaði, sem mest áður en þeir fóru í verið. Var þá jólafasta og tíminn frá nýjári til vertíðar annatími við vefnað. Oft var það bóndi sjálfur, en stundum aðrir, svo sem vinnumaður, sonur bónda, eða húsfreyja, en algengara var að karlmenn önnuðust vefnað.

p2
Á þessu tímabili (1880-1900) var það algengt á stærri heimilum, að vefari sæti allann daginn í vefstólnum, og honum væru ekki ætluð önnur verk. En á fámennum heimilum, var það algengt að ofið var aðeins milli mála, eða aðeins fáa klukkutíma um miðjan daginn. Á síðara tímabilinu (1914-1928) var aðallega ofið síðari hluta vetrar, frá því á þorra og fram um sumarmál.
Ástæða til þessarar seinkunnar var meðal annars sú, að vegna fólksfæðar

voru voðarefni ekki tilbúin frá hendi spunakvenna fyrr en langt var liðið á vetur. Afköst við vefnað voru misjöfn eins of við aðra vinnu, og margt getur tafið vefarann. Voðir ganga misjafnlega vel fram, eftir því hvort voðarefnið er fínt eða gróft. Einnig var ofið misjafnlega fast, og hefur það líka áhrif að þessu leyti. Þá ganga voðir mishratt fram, eftir því hvaða vend er ofin. Einskefta vefst t.d. hraðar fram en vaðmál. Þá er mikilvægt að uppistaða sé svo sterk, að hún slitni ekki neitt að ráði. Enn tefur það vefara, ef ofið er þverröndótt eða með tvennskonar fyrirvafi (salún). Helst voru afköst vefara miðuð við vaðmálsvefnað, og þá miðlungsgrófar voðir, svo sem efni í rekkjuvoðir.

Þótti það allgóður gangur, ef ofin var að meðaltali 3/4-1 alin á klukkutíma, og væri þá spólað fyrir vefarann. Æfðir og duglegir vefarar ófu meira en þetta í skorpum. Mest afköst við vefnað, sem mér er kunnugt um, eru það að vefari óf 30 álna vaðmálsvoð á einum

p3

degi, en líklega hefur vinnutíminn verið nokkuð langur þennan dag. Ef til vill allt að 20 klst. Ekki var að ræða um vefnaðarkennslu, er því nafni gæti heitið, nema um væri að ræða skraut eða listvefnað (salún, glit).

Heimilismenn, sem höfðu tækifæri til að fylgjast með öllu starfi vefarans, lærðu nær ósjálfrátt allar helstu aðferðir, sem notaðar voru og gátu undirbúningslaust sest í vefstólinn, og ofið með sæmilegum árangri, ef nauðsyn krafði. Það var því mest komið undir heimilisástæðum, og því hvernig hagkvæmt þótti að skifta verkum, hvenær menn byrjuðu að vefa. Sumir hófu því vefnað ungir, um og upp úr fermingu, en aðrir síðar á ævinni, þegar þörf kallaði. Vandasamar vefnaðargerðir, svo sem salún, glitvefnaður og jafnvel vormeldúkur, þóttu þó ekki meðfæri annarra en reyndra vefara, sem kynnt höfðu sér þessar vefnaðargerðir sérstaklega.

Glitvefnaður hafði sérstöðu, sem nokkurskonar listvefnaður og ófu það konur nær eingöngu. Lítið mun hafa verið um glitvefnað í uppsveitum Mýrarsýslu eftir aldamót. Vefarar tóku stundum verkefni af öðrum heimilum og ófu gegn borgun, ýmist í peningum eða vinnuskiftum. Tekjur af þessu voru þó svo litlar að fremur mátti telja aukagetu en atvinnuveg.

Gjald fyrir vefnað var miðað við álnatal voðar, og gat verið dálítið mismunandi eftir tegund.

p4

Vefstóllinn hét í daglegu tali "vefstaður". Um kljásteinavefstól þekki ég engar sagnir, aðrar en þá, að afköst sæmilegrar vefjarkonur við hann, hafi verið ein alin voðar á dag, og til þess að ljúka því dagsverki, hafi hún þurft að ganga eina þingmannaleið. Ekki var mikið smíðað af vefstólum eftir síðustu aldamót, þar sem notkun þeirra fór minnkandi. Foreldrar mínir létu smíða vefstól nálægt aldamótunum. Smiður var Sigurður Einarsson, bóndi í Bakkakoti í Stafholtstungum. Vefstóll þessi er enn til, en

hefur ekki verið notaður síðastliðin 20-25 ár, og er nokkuð farinn að láta á sjá, vegna lélegrar geymslu. Hann er í aðalatriðum af þeirri gerð, sem mynd B sýnir, en þó með nokkrum frávikum. Í stað fótstykkis eru langbönd til hliðanna að neðan og þverslá að framan eins og á mynd A. Setubekk er krækt með löngum krókum í járnlykkjur framan í framstólpum og framan á stólpana eru negldir sérstaklega tilsniðnir trékubbar, sem halda setubekknum í hæfilegri fjarlægð frá bómu. Slagborð er hengt upp á þann hátt, að uppihöldin mynda tvíarma gafla að ofan, og er þeim smeygt upp á kjálkana. Járnteinar ganga gegnum gaflana ofan við kjálkana og leika þar í raufum á járnum,sem fest eru ofan á kjálkana. Tvö sívöl trékefli liggja þvert yfir vefstólinn milli kjálkanna aftanverða, en yfir þau liggja hafaldasnærin, er halda uppi hafaldakömbunum. Að neðan er bundið upp (krækt upp) með grönnum hlekkjafestum í stað snæra.

p5
Slöngurifur (aftari
rifur) eru niðri, ens og á mynd B, en margir eldri vefstólar höfðu rifinn uppi. Tvíbreiðir vefstólar þekktust, en voru ekki algengir og hraðskyttuvefstólar voru mjög fágætir. Vefstólar voru allvíða til (1914-1928), en þau heimili voru þó mörg, sem ekki áttu nothæfan vefstól. Voðarefnum frá þeim heimilum var ýmist komið fyrir til einhvers nágranna, eða vefstóll var fenginn að láni. Oftar en hitt með þeim hætti, að fegið var leyfi vefstólseiganda, til að vefa heima hjá honum, en vefstóllinn ekki fluttur milli bæja. Vefjarskeiðar nefndust "ritti". Þær voru yfirleitt útlendar að uppruna, en fyrir aldamót mun þó nokkuð hafa verið smíðað af þeim innanlands. Vefjarskeiðar voru flestar 5 kvartil (30 þumlungar) að lengd og voru nefndar eftir tannafjölda á kvartili. Algengastar voru 60-72-90 tanna vefjarskeiðar, þó að fleirri gerðir væru til. Á útlendu vefjarskeiðunum var tannafjöldi á kvartili grafinn í aðra endatönnina, sem gerð var úr gildari stálteini en hinar tennurnar. Vefjarskyttur voru smíðaðar úr þéttum viði, íslensku birki, og þótti nokkur vandi að fá á þær gott lag. Endarnir dragast saman þvínær í odd, en sveygjan frá belgnum er önnur að framan (þeim megin sem veit að skeiðinni), en að aftan og sama gildir um samdráttinn til endanna að ofan og neðan. Oddar skytturnnar eru varðir með málmhlíf, oft úr látúni. Undir vönduðum skyttum voru

p6
svokölluð skíða,
mjóar látunsþynnur undir bríkunum sitt hvoru megin við belginn. Þráðargatið á skyttunni var einnig vandað að frágangi. Það varð að vera hóflega langt, ef vel átti að rekjast af spólunni. Til að koma í veg fyrir að fyrirvafið myndaði skorur út frá endunum á gatinu, voru þunnar glerplötur felldar inn í tréð að utanverðu og klætt þar utanyfir í kringum gatið með málmþynnu. Spóluteinninn var nefndur "skyttuteinn" eða aðeins "teinn". Hann var með litlum snúð nálægt öðrum enda,

sem hélt við spóluna, þegar húnvar látin í skyttuna eða tekin úr henni.
Spólur voru úr blikki, pípan ekki kveikt að öðru leyti en því að snúðar voru kveiktir á báða enda. Spólurokkar voru oft gamlri spunarokkar,sem hnokkatréð hafði verið tekiðð af, en járnteinn rekinn upp í pípuna. Fyrr (1880-1900) var nokkuð um handsnúna spólurokka, sérstaklega smíðaða til þeirra nota. Spanstokkur (spannstokkur), var notaður til að halda voðinni út á breiddina meðan ofið var. Hann var smíðaður úr góðum viði (eik), og voru amk. 2 gerðir algengar, en ekki kann ég fyllilega að lýsa nema annarri, sem sýnd er á teikningu. Það hét að "leggja upp" að ákveða lengd voðar úr tilteknu magni af vefjarþræði eða vefjargarni.
Hesputré (skrepputré), sem mældu lengd þráðar, vor allvíða til, og væru þau notuð mátti reikna þráðinn út, svo að ekki skeikaði. Algengara var þó að vigta

p7
þráðinn í hnyklum,
og ákveða lengd voðarinnar út frá þyngd. Eftir gerð þráðarins og eiginleikum, var ákveðið hve mikið mætti leggja upp úr mörkinni (250 gr.).
Ekki var þyngd sauðarvalanna, sem undið var á dregin frá. Fyrst athugaði vefari hversu grófur þráðurinn var og hve mikið þyrfti að "varpa" voðina, en með varpi var átt við þráðafjölda uppistöðu á hvern þumlung breiddar. Sem dæmi um þessi vinnubrögð má setja varp í meðalgrófa vaðmálsvoð (t.d. efni í rekkjuvoðir). Breidd voðarinnar í skeið skyldi vera 27 þumlungar, varp 40 þræðir á þumlung og þráðafjöldi als 1080. Litist vefara þráður í slíka voð, fínn og vel spunninn og úr vel þveginni vorull að mestu eða öllu leyti, taldi hann hóflegt að leggja upp þrjár álnir úr mörk, en minna ef þráðurinn var í grófara lagi eða að verulegu leyti úr óhreinni ull. Vanir vefarar fóru furðu oft nærri um það, hve mikið mátti leggja upp, en út af því gat þó brugðið. Var þá sagt að þráðurinn rekist betur eða verr, en við ar búist. Oftar var það að á skorti, svo að ekki fékkst fyrirhugaður þráðafjöldi í vefinn. Oftast mátti sjá þetta fyrir alllöngu áður en rakningu ar lokið, og varð þá að taka ákvörðum um hvað gera skyldi. Vinda mátti upp, það sem búið var að rekja, en til þess þurfti jafnmarga menn og þræðirnir voru, sem raktir voru í einni ferð. Til athugunar kom að minnka varpið, en ef þráður raktist vonum

p8
verr, benti það til
þess að hann væri þybbnari en búist var við, og fyllti betur upp. Ef ekki var nema um litla vöntum að ræða, gat komið til mála að mjókka voðina, sem því nam. Stundum var unnt að fá spunninn þráð til viðbótar. Loks kom til álita að breyta til um vend frá upphaflegri áætlum. Væri t.d. upphaflega gert ráð fyrir vaðmálsvend, mátti ef til vill vefa klæðavend eða einskeftu í staðinn, en þær vendir þurfa minna varp. Vaðmál þótti hæfilega varpað, ef þyngd þráðar og fyrirvafs var ámóta, en fyrirvafs þó

heldur meiri. Varplitlar voðir kröfðust meira fyrirvafs og þóttu lakari að áferð og endingu. Væru voðir aftur á móti mjög mikið varpaðar (stríðvarpaðar), gátu þær orðið harðar og óþjálar. Heimaunnið efni í uppistöðu í vef nefndist "þráður" eða "vefjarþráður", ef styttra orðið gat misskilist. En "veftur" var heiti fyrirvafsins, þó að orð eins og fyrirvaf og ívaf væru stundum notuð og öllum auðskilin. Vefur var rakinn á "rakgrind".

Ekki þekki ég nema eina gerð rakgrinda, frá þeim tíma sem hér er átt við, en vel má vera að fleirri hafi verið til. Rakgrindur þessar stóðu lóðréttar og snérust á ás í miðju, er náði bæði niður úr grindinni, og upp úr henni. Lék neðri endinn í þar til gerðri holu í trékumm, sem grindin stóð á, en efri endi í hólk eða leðurlykkju, sem fest var við loftbita eða á annan hátt yfir grindinni. Nokkur brögð voru að því

p9
rakgrind vantaði
á bæjum, þó að vefstóll væri til. Var þá farið með voðarefni til nágranna, sem betur bjó að þessu leyti, og fengin aðstaða til rakningar hjá honum. "Hælar" hétu trén,sem tóku við endum slöngunnar, og tók það nafn yfir hvorttveggja, þvertréð á milli arma grindarinnar og tréteinanna, sem mynduðu skilin á slöngunni. Talað var um efri hæl og neðri hæl, þegar verið var að rekja. Heyrt hef ég vefara úr Árnessýslu nefna hælatré þetta "krísholt". Áhöld til að "balbína" voru ekki algeng, en þekktust þó. Snældurnar, sem spólað var á hétu balbínur, og þær voru settar í balbínustól á meðan rakið ar af þeim, en verkið (að spóla snældurnar), að balbína.

Þráðarhnyklar voru
látnir velta í ílátum af ýmsu tagi, sem týnd voru saman til þeirra nota, á meðan rakið var. Oft voru það matarskálar, svonefndar spilkonur, þvottaskálar, snældustokkar og jafnvel næturgögn. Til þess að varna því að hnyklarnir skoppuðu upp úr ílátunum var vefjakamburinn lagður flatur ofan á ílátaröðina og þráðarendarnir þræddir í gegnum hann yfir miðju hvers íláts, en rakningsspaði var ekki notaður. Lengd uppistöðu var mæld þannig, að einn þráður var stikaður og undinn jafnóðum upp á annan þráðarhnykil. Þegar fyrirfram ákveðin lengd hafði verið mæld, var brugðið kappmellu á hinn mælda þráð og látinn í hana bandspotti með öðrum lit en þræðinum. Mældi

p10
þráðurinn var aftur
undinn á sinn upphaflega hnykil. Byrjað var að rekja efri hæl og þegar rakið var niður eftir grindinni, sagði misliti bandspottinn til um það hvar neðri hæl skyldi setja. Ekki var föst regla fyrir því hve margir þræðir voru raktir í einu. Fyrsti "fetinn" var settur á efri hæl með þeim hætti að endarnir voru jafnaðir og hnýttur á þá þverhnútur.

Þráðunum skift sem næst til helminga og lykkjunni smeygt upp á þann tein hælsins, sem tók við endaskilinu. Ekki var neitt sérstakt heiti á þessu skili. Þegar snúið var við í hælunum, var fetinn lagður yfir þann hæltein, sem fyrr var komið að og síðan brugðið undir hinn, og yfir aftur til baka, og þá undir fyrri teininn. Lágu fetarnir þannig á misvíxl milli teinanna. Þráðaumferð frá efri hæl niður á neðri hæl, og aftur upp á efri hæl, hét "umferð", en þræðirnir, semsamferða urðu milli hælateina, "feti". Rakið var neðan að slöngunni á rakgrindinni. Umferðir voru taldar á neðri hæl öðru hvoru, eftir því sem rakningu miðaði fram og brugðið bandi utanum þá, sem búið var að telja til aðgreiningar frá þeim, er við bættust síðar. Ekki þurfti nema einn mann til að rekja vef, en algengt var að stálpað barn eða unglingur væri vefara til aðstoðar við það verk. Fullrakin uppistaða í vef hét "slanga". Áður en hún var tekin af rakgrindinni þurfti að "hnýta í skilin". Sterkt band (seglgarn), var dregið í skilin á hælunum og hnýtt vandlega ofan á slöngunni. Að því búnu var efri hæll leystur

p11
og látinn siga dálítið
niður. Slaknaði þá á slöngunni, svo að taka mátti hana fram af hælnum.
Vefari tók nú um slönguna, svo sem 1/2 alin frá enda, gerði þar á hana lykkjuhnút, og herti dálítið að. Með vinstri hendi hélt vefari við slönguna um hnútinn, en fór með hægri hendi í lykkjuna og dró nýja lykkju af slöngunni í gegn, og þannig koll af kolli, þangað til slangan var á enda. Halda þurfti við rakgrindina meðan tekið var af, svo að slangan slaknaði ekki um of og hryndi niður. Var það verk aðstoðarmanns, ef viðlátinn var, en annars gerði vefari það með fætinum. Aðferð við að rekja langröndóttar voðir var í aðalatriðum sú sama, og gat hvorttveggja verið að litum væri blandað í feta, eða hver litur væri rakinn fyrir sig í sjálfstæðum fetum. Ekki þekktist nein algild regla um það, hve mikið voðir styttast í vefnaði meiðað við lengd slöngu. Er það nokkuð mismunandi eftir efni uppistöðu. Ullarþráður tognar nokkuð við áreynslu í vefstól, og vegur það nokkuð á móti styttingu vegna vefjarbindingarinnar.
En að sjálfsögðu fara bútar af báðum endum slöngunnar í afföll vegna framhnýtingar og afvekna, en þetta eru fastir frádráttarliðir, sem standa ekki í hlutfalli við lengd voðar. Höföld voru hnýtt á "hafaldatré" eða "hafaldagrind". Hafaldatréðvar mjór borðrenningur, rúmlega alin að lengd. Niður í renninginn voru tappaðir 2 tréstandar, annar rétt við enda, en hinn nálægt miðju, og var fjarlægðin milli ytri brúna þeirr hafaldslengd. Mitt á milli

p12
þessara standa var
grennri og lægri trétittur, en utan um hann var hafaldsaugað myndað. "Hafaldastóll" var annað áhald, er notað var til að rekja á efnið í höföldin, og geyma

á nýhnýtt höföld þangað til komið var nóg í hæfilega kippu. Lengd hafaldastólsins (fótstykki), var höfð slík, að rekja mátti á honum efnið í höföldin. Upp úr fótstykkinu stóðu tréteinar, sinn við hvorn enda, og á þá var höföldunum raðað, þegar losa þurfti af hafaldatrénu. Hafaldaefni var sterkt seglgarn, en þráðarhöföld munu hafa verið algeng fram undir aldamót. Höföld með stálaugum þekktust, en voru ekki talin hafa verulega kosti umfram önnur. Rakið var í höföldin á þann einfalda hátt, að seglgarninu var vafið um fótstykki hafaldastólsins enda á milli og umferðirnar taldar um leið. Þegar komin var hófleg tala t.d. 50 umferðir var seglgarnið skorið sundur á öðrum endanum og hafaldahnýting gat hafist.

Endarnir á hafaldaefni voru jafnaðir, lykkjunni brugðið á endastand hafaldatrésins, sem fjár var hnýtingamanni, en hann sat á enda hafaldatrésins, og hafði það milli fóta sér. Nú voru hnýttir tvöfaldir hnútar (rifhnútur) beggja megin við miðtitt, og þar með var augað myndað og loks var hnýttur þverhnútur á hafaldsendann við standinn, sem nær var hnýtingamanni. Hafaldið var nú fullgert, augað losað af miðtitti og hafaldið látið renna á endastöndum niður að fótstykkinu. "Vefjarkamur" eða aðeins kambur, hét áhaldið, sem notað ar til að dreifa slöngunni í hæfilega breidd, þegar bómað var upp. Kamburinn sjálfur

p13
var nokkurskonar
greiða, búin til á þann einfalda hátt að járnnaglar (hauslausir), voru reknir með jöfnu millibili í trérenning. Yfir kambinum var lok, er taka mátti af, og var rauf í því miðju að endilöngu og stóðu endar naglanna lítið eitt upp í hana þegar kamburinn var lokaður. Við endana voru trétengi milli kambs og loks. Það hét að "þræða kamb" að dreifa slöngunni í kambinn. Reiknað var út fyrirfram, hve marga feta skyldi láta í hverja tönn á kambinum.

"Að setja til"
var samheiti yfir verkið að þræða í kamb "bóma upp" draga í höföld og skeið, hnýta eða krækja upp og hnýta fram. Verkið hófst á því, að vefari tók slönguna, rakti upp eina eða tvær lykkjur af henni, fór með fingur með seglgarninum, sem hnýtt var í endaskilið, og smeygði í það "rifskaftinu".

Því næst opnaði hann aftara skilið á sama hátt og dró í það skilþráðinn.

Skilþráðurinn var sterkur seglgarnsþráður. Við enda rifskaftsins voru á því göt og skilþráðurinn dreginn þar í gegn og bundinn fastur í annan endann, en sá endinn, sem dreginn var gegnum skilið, var svo dreginn í gatið á hinum enda skaftsins og hnýtt þar með hnút og lykkju, sem auðveldlega mátti leysa. Fetarnir lágu nú í kross milli skafts og skilþráðar, og var nú dreift reglulega í kambinn frá öðrum jaðri til hins. Að því loknu var kamburinn settur í þar til gerð slíður á vefstólnum. Tvo menn, hið minnsta, þurfti til að bóma upp. Hélt annar í slönguna, en hinn vatt upp á rifinu. Áður en vinding hófst var rifskaftið með slönguendanum dregið aftur

p14
yfir afturbómu og
niður að rif. Rauf var í rifinu að endilöngu, og féll skaftið ofan
í hana, en trésnúðar "kragar" voru sinn til hvorrar hliðar á
rifnum, og var þeim ýtt inn á enda skaftsins, og héldu þeir því þá föstu.
Kragarnir höfðu ennfremur það hlutverk að styðja að jöðrum slöngunnar,
og þurfti talsverða nákvæmni til að stilla þá, svo að jaðrar yrðu jafnstríðir
og aðrir hlutar slöngunnar. Þegar vefari var búinn að stilla kragana, hófst
vinding upp á rifinu. Sá er hélt í slönguna stóð sem lengst frá vefstólnum,
svo að minna gætti samdráttarins frá kambi. Meðan fyrsti vafningur
var undinn upp á rifinu, var slangan ekki höfð mikið strengt, til að forðast
of mikla áreynslu á rifskaftið, en eftir það var haldið allfast í slönguna.
Undið var upp á rifinu, þangað til síðari endi slöngu var komin aftur
fyrir fremri bómu, en þá var rifurinn settur fastur. Fremri bóma
var nú tekin burt og vefjarkambur sömuleiðis. Vefari tók slönguendann
fór með fingri með seglgarninu, sem hnýtt var í aftara skilið og greiddi
það aftur á bómu. Annað skilskaftið var nú sett í þetta skil, og því ýtt
svo langt aftur að það sæti aftarlega á bómunni. Fremra skilið greitt
á sama hátt og síðara skilskaftið sett í það. Seglgarn var nú dregið
í gegnum göt á endum skilskaftanna, og þau bundin niður á bómuna. Hafaldakambarnir
með hafaldasnærum og keflum voru teknir úr vefstólnum á meðan bómað var
upp, en nú voru þeir aftur

p15
settir á sinn stað.
Hafaldasnærin, sem halda uppi hafaldakömbunum, voru bundin saman
skammt fyrir ofan hafaldasköftin á meðan dregið var í höföld. Hófst
nú ídráttur í höföld, eftir að skorið hafði verið út úr lykkjunni á slöngunni.
Venjulega unnu 2 saman það verk, vefari hagræddi höföldunum
og dró þræðina fram úr þeim, en aðstoðarmaður, oft unglingur, rétti fram
þræðina eftir vissri röð. Með vissu millibili (á 40 þráða fresti),
var athugað hvort "rétt stæði á", þeas. athugað var samkvæmt
fetafjölda á skilsköftum, hve margir þræðir hefðu verið réttir fram, og
hvort sú tala kæmi heim við þann hafaldafjölda, sem búið var að draga í.
Væri þarna misvísun á milli, var leitað að skekkjunni, og hún leiðrétt,
en að því búnu, voru endarnir í áfanganum teknir saman fyrir framan höföldin
og brugðið á þá lykkjuhnút. Krækja var notuð við ídrátt í höföld, og skeið
(sumir vefarar drógu þó í höföld með fingrunum einum). Þetta var
lítill vírkrókur, rekinn inn í stutt tréskaft. Þegar lokið var ídrætti
í höföld, lá næst fyrir að draga í skeið. Ef vefari dró einn í skeiðina,
tók hann 2 "vefjarsnæri", gerði lykkjur á enda þeirra og smeygði
upp á enda skeiðarinnar, og batt snærunum upp um kjálka vefstólsins þannig,
að skeiðin hékk fyrir framan höföldin nokkru neðar en hafaldaaugun. Skeiðin
lá flöt í snærislykkjunum og hallaði lítið eitt fram frá höföldunum. Vefari
tók nú krækjuna, stakk henni upp um þá tönn skeiðarinnar, sem þræða

p16
skyldi í jaðri, snéri
krækjunni þvert á tannir skeiðarinnar og lét hana hanga þar á meðan hann leysti fyrsta hnútinn á uppistöðunni. Tók frá þann endafjölda, sem fara átti í tönn á skeiðinni, brá þeim á krækjuna og dró niður úr skeiðinni. Að því búnu færði hann krækjuna í næstu tönn, og svo koll af kolli. Þegar heill hnútur var kominn í skeiðina var endunum skift nálægt miðju og brugðið á einföldum hnút undir skeiðinni. Ef 2 unnu saman að ídrætti í skeið, var skeiðin sett í slagborðið áður en byrjað var, og það bundið fram að bómu. Vefari fór þá inn í vefstólinn milli hafalda og slagborðs og rétti fram þræðina, en aðstoðarmaður var yfir framan vefstólinn og dró endana fram með krækjunni. Þegar búið var að draga í skeið, var "hnýtt upp" (krækt upp) að neðan, "fótskammelin" tengd við hafaldakamba með hjálp "hliðarskammela", eftir vissum reglum, eftir því hvaða "vend" skyldi vefa. Þá var "framhnýtingarskaftið" tengt við framrifinn með vefjarsnærunum, en þau voru 3, gerð úr harðsnúnu snæri. Á öðrum enda hvers snæris var stutt lykkja, sem hinn endi snærisins var dreginn gegnum eftir að því hafði verið brugðið utan um rifinn. Þegar þannig hafði verið gengið frá snærunum á rifnum, vorulausu endarnir teknir fram yfir bómuna og framhnýtingarskaftið hnýtt í snærisenda milli bómu og slagbors. Skilsköftin voru nú leyst frá bómunni, en seglgarnið,

p17
sem dregið var í
göt á endum þeirra, hnýtt saman á endum svo að skilsköftin gátu ekki dregist úr skilinu. Þá voru böndin af hafaldasnærunum einnig leyst. Vefari kom nú setubekknum fyrir á sínum stað, settist í hann og "framhnýting" hófst. Byrjað var í miðju og hnýttur þar einn hnútur, en þar næst voru hnýttir hnútar sinn við hvorn jaðar, svo að skaftið fengi fast jafnvægi. Stigið var skil áður en framhnýting hófst, og það greitt fram áður en hnýtt var yfir skaftið. Reynt var að eyða sem stytstum endum í hnútana, en þó höfð örstutt lykkja á hnútunum, svo að leysa mátti þá upp, en fyrstu hnútarnir vildu slakna á meðan á hnýtingu stóð og þurfti þá að herða þá upp í lokin. Þegar hnýtt hafði verið fram, var "dregið fyrir". Stigið var annað skil á vefinn og skyttunni skotið í gegnum það "gefið í", stigið aftur, nýtt skil og fyrirvafsþræðinum ýtt varlega fram að skaftinu með slagborði og skeið. Vefa þurfti nokkra fyrirdrætti með varúð á meðan þráðahóparnir, sem voru saman í hnútum voru að fá jafna dreifingu í voðinni, en brátt mátti herða slögin, og þegar búið var að vefa 1-2 þumlunga var spannstokkurinn settur á sinn stað og vefnaður hófst af fullum krafti. Þegar voðin var búin að vefjast rúma umferð um framrif, voru vefjarsnærin tekin burt. Gefið var í með einum fingri í miðju voðar með þeirri hendi sem skaut skyttu, um leið var stigið skil og slegið, þ.e.

p18
slagborðinu kippt
snöggt fram að voðinni, með sömu hendi.

Voð var mæld jafnóðum
og ofið var með "mæliþræði" snúnum saman úr grönnu seglgarni
(skógarni), er mældi eina alin. Áður er á það minnst að þráðaslit
tefði vefara. Það var talið lítið slit, "þráðurinn hélt vel",
ef ekki slitnuðu nema 4-5 þræðir á alin. Væri slit mjög mikið, var
sagt að þráðurinn "hryndi niður". Vefari hafði í spólustokknum
afgang af þráðarhnykli "þráðarbót" til að bæta með. Tveir
hnútar voru algengastir á vefjarþræði, "reipahnútur" og "rembihnútur"
(rifhnútur), en "þverhnút" mátti ekki nota á vefjarefni, því
að hann er fyrirferðarmikill og harður, veitir mikið viðnám í höföldum,
og skeið fer illa í voð (slithætta). Skilgallar eru sjaldan alvarlegir,
ef höföld eru samstæð og uppbinding í lagi. Helst er það að einn
og einn feti hafi fengið á sig snúning í rakningu og þurfi hagræðingar
við fyrir aftan höföld. Það hét "færa", sem ofin var í
einu á milli þess að undið var ofan af afturrif og tilsvarandi upp á framrif
og verið að færa slönguna og voðina þannig til í vefstólnum hét líka "að
færa". Þegar búið var að gefa eftir á aftari rif, og vinda voðina
hæfilega langt fram, með því að snúa framrif, var afturrifur settur fastur
og "hert á" með framrif, eins og hæfilegt þótti að strengja vefinn.
Sagt var að voð "gengi saman", ef hún var til muna mjórri
ofin en slangan í skeið. Vefjargallar gátu stundum komið fyrir og
áttu ýmsar orsakr. Ef tilsetning var ekki í góðu

p19
lagi, gátu jaðrar
orðið skörðóttir og misstríðir. Mjög mikið slit og hnútamergð, sem
því fylgir er líka óprýði á voð. "Brigður" komu stundum
fram í voðum, og orsakast annaðhvort af misjafnri ígjöf eða misgrófu fyrirvafi.
Það hét "að fella vefinn" eða "taka ofanúr vefstólnum"
að ljúka vefnaði á voð. Klippt var á uppistöðuna, svo sem 1/2 þumlung
frá voðinni, afvikurnar dregnar aftur úr skeið og höföldum, skilþráðurinn
leystur af rifskaftinu og afvikurnar teknar fram af skaftinu. Afvikur
voru notaðar við saumaskap, helst til þræðinga, en voru þó ekki hentugar
til þeirra nota, því að þær eru stuttur nálþráður. Um leið og vefur
var felldur, var uppbinding leyst. Vefjarnsæri tekin af aftari rif, hafaldasnæri
bundin saman og voðin undin af framrif í stranga. Voðir úr
ull voru þvegnar úr blöndu af keytu og vatni áður en þær voru þæfðar. Þvælið
var hitað í stórum potti yfir hlóðareldi, þangað til það var orðið snarpheitt,
líklega 70-80 gráður. Þá var því hellt í stóran bala, voðin rakin
niður í þvælið og hreyfð fram og aftur með priki, þvæld góða stund. Að
því búnu var farið með voðina í nokkru af þvælinu að rennandi vatni, og

hún skoluð vandlega. Þess skyldi gætt að voðin kólnaði sem minnst fyrr en hún kom í skolvatnið, og væri þá rennvot af þvæli. Eftir skolun var voðin oft látin bíða næsta dags og lausu vatni leyft að síga úr henni.
Þá var enn hitað vatn og hrært út í það lítið eitt af grænsápu.

p20
Voðin var látin ofan
í sápuvatn þetta, og hreyfð til, svo að hún gegnhitnaði jafnt af vatninu.
Þá hófst vinding. Oft var undið fyrir framan bæjardyr eða fjósdyr.
Í dyrunum var skorðað gilt skaft eða járnkarl, og endum voðarinnar brugðið um hann á misvíxl. Maður stóð við þennan umbúnað og gætti þess að eigi færi úr skorðum. Sá er vatt var einnig með tréstaut, gildan göngustaf eða annað álíka. Brá hann því í lykkjuna á voðinni og gekk frá dyrunum, en þá raktist voðin tvöföld upp úr balanum. Þriðji maður var við balann, og gætti þess að voðin flæktist ekki ýt fyrir balann og óhreinkaðist. Langar voðir voru stundum hafðar þrefaldar í vindingu, og var þá annar endinn á priki vindingamanns. Þegar voðin hafði verið rakin öll upp úr bala, hófst vinding. Vindingamaður snéri priki sínu í ákafa, svo að snúður kom á voðina, og vatnið pressaðist úr henni. Þegar á leið vindingu, fór voðin að hlaupa í snúða, og var ekki hætt fyrr en hún var öll komin í snúða. Þegar fullundið þótti var snúið ofan af voðinni til endann, svo að sköftin næðust úr, en að því loknu var voðin borin inn til þófarans, látin snúa þar af sér og rakin niður fyrir fætur hans. Best þótti að byrja þófið strax á meðan voðin var enn volg. Þæft var ýmist í baðstofu eða fjósi. Væri þæft í baðstofu, var þæft á gólfinu, en í fjóli var þæft í auðum básí og oftast á hurð.
Þæft var undir fótum, og var þófari venjulega á nærklæðum einum

p21
við verkið. Þófari
tróð voðina undir fótum sér og hreyfði til á ýmsa vegu. Voðin var aðgætt á 1-2 tíma fresti meðan á þófi stóð og hrist upp. Var það gjarnan hlutverk húsfreyju að annast það verk ásamt þófara eða öðrum heimilismanni,sem til þess þótti hæfur. Hristarar höfðu 4-5 álna bút af voðinni á milli sín og héldu í jaðrana, kipptu svo í og frá sér um leið, öllum höndum í takt. Kom þá snögg sveifla upp á við á voðina og heyrðist hár kvellur, ef vel var hrist. Við þetta fauk laus ló úr voðinni, og réttist úr hrukkum. Mjög var það misjafnt hve mönnum sóttist þófið. Góðir þófarar voru eftirsóttir og oft fengnir á aðra bæi til að þæfa. Venjulega mun þófari hafa fengið einhvern aukaglaðning í mat á meðan á verkinu stóð (þófarakaka, aukakaffi). Ekki kann ég þófaraþulur nema eitthvað hrafl úr þulunni "Bárður minn á jökli - leggstu á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - vettlinginn á klóna - þegar ég kann að prjóna - naglabrot í bátinn þinn - hálfskeifu undir hestinn þinn - mórautt lamb og gimurskel - og meira ef þú þæfir vel. Ekki veit ég um neitt sérstakt, sem miðað væri við þegar voð var talin fullþæfð. Réði

þar mat voðareiganda (húsfreyju), sem tók tillit til þess í hvað voðin var ætluð. Að þófi loknu var voðin enn hrist upp og síðan undin upp á rúmfjöl. Tveir unnu verkið. Annar vafði upp á fjölina og strauk voðina

p22
út til jaðranna,
en hinn greiddi voðina fram, og hélt við, svo að hún vefðist þétt. Þegar voðin var öll undin upp á fjölina var önnur rúmfjöl tekin og vafið að nýju upp á hana ofanaf hinni fyrri. Voðin lá nú sléttari fyrir og var strokin sem vandlegast á hina seinni fjöl og vafin sem fastast. Þegar voðin var öll komin á síðari fjölina, var endinn saumaður niður, svo að ekki slakaði á. Fjölin með voðinni sett undir farg og látin liggja undir því, þangað til hún var tekin og þurrkuð. Nokkuð var gert að því að senda voðir, sem ætlaðar voru í betri fatnað, til þófs, litunar og lóskurðar í verksmiðjur (Klæðaverksmiðjuna Iðunn, Reykjavík). Til var það að voðir voru nefndar eftir því til hvers átti að nota efnið, svo sem buxnavoð, svuntudúkur, hæruvoð. Í rúmábreiður (brekán) þurfti rúmar 6 álnir af einbreiðu, og var lengd slíkra voða ávallt miðuð við að álnatal voðar yrði margfeldi af þeirri tölu. Einskefta er nafn á vefnaðarvend, og orðið notað án tillits til efnisins, sem ofið var úr.
Þó var orðið tvistur stundum notað um einskeftuvoðir, ofnar að öllu leyti úr útlendu bómullargarni, en einnig var sagt að slíkar voðir væru "garn í garn", og að ofið væri garn í garn þegar bæði uppistaða of fyrirvaf var "vefjargarn", en slíkar voðir voru oftast með einskeftuvend. Einskeftuvoðir voru notaðar í margskonar föt og rúmfatnað, og er ekki á mínu færi að lýsa einstökum gerðum nákvæmlega. Þó skal lítillega lýst skyrsíuefni,

p23
en ég veit ekki til
að það hafi verið ofið síðan laust eftir 1920. Efnið var tvöfaldur togþráður, spunninn svo snöggur sem kostur var og helst úr grófu togi.
Þráðurinn var undinn í hnykla á litla tólgarmola, hnyklarnir síðan soðnir í vatni í 3-4 klst., og hét það að seyða þráðinn. Eftir seyðingu varð að hespa þráðinn upp og þurrka. Skyrsíuefni var mjög varplítið, einn í tönn á 72 tanna ritti. Fyrirvaf var samskonar þráður og í uppistöðu. Vefurinn var ekki sleginn, en fyrirvafinu aðeins ýtt fram með skeiðinni, og þurfti aðgæslu við að efnið yrði mátulega þétt.
"Vaðmálsvend" var önnur algengasta vefnaðarvendin og raunar mun hafa verið ofið mun meira með vaðmálsvend en einskeftuvend. Vaðmál var notað í nærfatnað, rúmfatnað og margskonar ytri föt. Nærfataefni voru ýmist hvít eða blanda af hvítu og litaðri ull (blágrátt, indigólitur). Rekkjuvoðavaðmál voru hvít og efni í spariföt voru einnig hvít, en lituð áður en saumað var úr þeim. Í dagleg ígangsföt var svart og hvítt, útkoman varð grár litur, ljós eða dökkur, eftir blöndunahlutföllum litanna.

Þráður var mun snúðmeiri en fyrirvar, en að öðru leyti spunnin úr sama efni. Í nærfatnað og önnur efni,sem ekki máttu vera mjög þykk, var þráður hafður einfaldur, en í ytri fatnað var hann stundum tvöfaldur og fyrirvaf jafnvel líka. Þó að það væri sjaldgæfara. "Ormeldúkur" eða "vormeldúkur"

p24

var ekki algengur.

Vendin var sérstæð og þurfti aukatrissur í vefstólinn þegar hann var ofinn. Gerðir voru tvær, þráðarormeldúkur og veftarormeldúkur.

Þráðarormeldúkur þótti áferðarfallegri og hrinda betur frá sér vætu og óhreinindum. Aftur á móti krafðist hann meiri vandvirkni við þráðarspuna og aðgæslu við vefnað, þar sem þráðafjöldi uppistöðunnar var meir en í öðrum vendum. Ormeldúkur var notaður í yfirhafnir á ferðalögum, spariföt, karlmannsbuxur, og fyrir aldamót mun það hafa þekkst að ormeldúkur væri hafður í sængurver, en hann hélt fiðri flestum vefnaði betur.

"Salún" var nokkurskonar skrautvefnaður og eingöngu notað í rúmábreiður.

Vefjarefnið var ullarþráður, oftast tvöfaldur, stundum var þó notað svart vefjargarn í uppistöðu, og tvennskonar fyrirvaf, venjulegt fyrirvaf eins og í einskeftu, einfalt eða tvöfalt og með sama lit og uppistaðan, og yfirfyrirvaf eða salúnfyrirvaf, amk. tvöfalt og stundum þrefalt. Salúnsfyrirvafið var með öðrum lit eða litum, en grunnvoðin. Salúnsmunstur voru fram undir 1920 byggð upp úr ferhyrndum reitum, sem skipað var í bekki þvert yfir voðina, en síðar kom fram ný gerð, þar sem hringlaga munstur skipaði sér á bekk með ferhyrningunum,s em enn gengdu mikilvægu hlutverki (daladregill).

Grunndúkurinn í saluni var einskefta, en salúnsfyrirvafinu er skotið í skil, sem fást við sérstakan ídrátt í höföld og uppbindingu, sem er einkennandi fyrir salún. Venjulega mun hafa farið eftir

p25

fyrirmyndum þegar sett voru upp salúnsmunstur. Aðrar rúmábreiður voru daglega nefndar rúmteppi eða aðeins teppi. Þær voru úr fremur grófu vaðmáli, þráður venjulega tvöfaldur og fyrirvaf stundum einnig. Algengar voru stórköflóttar rúmábreiður með mjóum teinum utan með köflunum. Litir nokkuð dökkir, ýmist sauðarlitir, jurtalitir (litunarmosi ofl.) eða litir af útlendum uppruna. Hlutar úr aflóga rúmteppum voru auk þess að vera notaðir í bætur á önnur gatslitin teppi. Stundum notaðir utanum reiðingsdýnur (klyfberadýnur). Sokkabönd kvenna voru ofin á fæti. Hvort band var nokkuð á þriðju alin á lengd og þurfti slangan að vera rúmar 5 álnir. Efni var fínn tvöfaldur þelþráður. Rakið var á rúmstólpum.

Sokkabönd voru langröndótt, oft með tenntum bekk í miðju. Bundið var í skil á báðum endum slöngunnar, og hún síðan undin upp í hönk. Þegar eftir var hæfilegur spotti, var brugðið tvöföldu bragði utan um hönkina, skilið greitt frá endanum aftur að hönkinni og tánni á vinsti fæti brugðið í það. Næst var hafaldað. Til þess var notað sterkt band. Haldið

var í endaskilið með vinstri hendi, en með þeirri hægri var hafaldaefnið þrætt gegnum slönguna, brugðið yfir alla þræðina í efri skilhelmingi, en lykkjur dregnar niður á milli þráðanna í þeim neðri í réttri röð. Þegar þannig var búið að koma bandi á alla þræðina í efra skili, voru lykkjur að neðan jafnaðar sem best og síðan bundna saman svo að ekki rynni til.
Þegar ofið var,

p26
voru höföldin toguð
niður, þegar annað skilið var ofið, svo að þeir skilþræðir, sem áður voru að ofan, urðu nú að neðan, og skift var aftur um skil, með því að fara með hendi í skilið við fótinn, og það greitt fram að höföldum. Fyrirvaf í sokkabönd var samskonar þráður og í uppistöðu, og af sama lit og jaðarþræðir.
Það var undið upp á flata spýtu, sem jafnframt var notuð til að fara í skilið og þrýsta fyrirvafinu fram að vefnu. Ekki hef ég séð gjarðir ofnar í vefstól, heldur aðeins brugðnar reiðgjarðir oddabrugðnar, en klyfbergjarðir brguðnar þannig, að skilið var tekið þvert yfir gjörðina í einu. Vandað var til litasamsetningar á reiðgjörðum, svo að fram kæmu falleg oddamunstur, en við klyfberagjarðir var minna haft að þessu leyti. Gjarðaefni var spunnið úr hrosshári (faxhári).

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1890
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1250

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefstólar og vefnaður: Því miður verð ég strax að taka fram, að það sem ég kann að skrifa hér, verður lítils virði í fræðilegu tilliti.
Sjálfur lærði ég aldrei að vefa, og skeytti ekki um að kynna mér neitt þar að lútandi, meðan tækifæri hefði verið til. Enda þá ætluð önnur verk. Nöfnin sem ég hef sett á hina einstöku hluta á teikningunni af vefstólnum, eru nálega öll fengin hjá Árna Jóhannessyni á Vatnsenda, Þverárhr. V-Hún. En faðir hans var mikill vefari, og Árni nokkuð, einnig á yngri árum. Vefnaðaraýnishorn sem ég sendi munu bera með sér hvaðan þau eru upprunnin. Eitt þeirra sýnir venjulega breidd á voð í vefstól.
Frú Fríða Sigurbjörnsd. Sporði, Víðidal hefur sýnt mér ca. 50 ára gamla flík úr fínu vaðmáli, gallalausa. Það er kvenflík, þá nefnd "stokkapeysa" með flaueli á börmun og framan á ermum. Ef Þjóðminjasafninu léki hugur á að eignast þessa flík, væri ráð, að snúa sér beint til eigandans, áðurnefndrar Fríðu Sigurbjörnsd.

p2
Vefstólar þeir sem ég hefi séð eru nú allir af sömu eða svipaðri gerð. Og að einu leyti frábrugðir teikningu þeirri með uppsettri voð er hér fylgir, en það er að armar þeir er héldu skeiðarslaginu, voru festir að ofan og voru hreyfanlegir nokkuð fram og aftur, eftir bríkum þeim er skaga fram úr efri hliðum vefstólsins.
En á teikningunni virðist þeim fest neðan frá. Vera má að fagmaður sæi fleirra útafbrugðið. Hvergi veit ég um nokkrar leifar eða menjar hins gamla kljásteinavefstóls. Á þessu fyrrnefnda árabili hygg ég ekki ofmælt að vefstóll hafi verið á öðrum hvorum bæ, og líklega vel það.
Einstöku menn gerðu sér að atvinnu að ferðast milli bæja og vefa.
Oftast mun þó bóndinn sjálfur hafa ofið eða einhver fjölskyldumeðlimur, tengdafaðir osfrv. Væri tekinn vefnaður, var greitt visst gjald á hverja alin í voðinni. Það var ofurlítið misjafnt eftir því hver

tegund vefnaðar var. Það var t.d. seinlegra að vefa vormeldúk og hringavefnað, en blátt áfram vaðmál.

p3
Skeiðin: Stærðin
miðaðist við tölu tanna á einu kvarteli. Var held ég, aldrei heimasmíðuð eða sá tími hefur þá verið löngu liðinn. Lengd skeiðar í þuml. eða cm. get ég ekki sagt. En í vefnaðinum var miðað við tannafjölda, er gat verið 70-80 tanna skeið, upptil 120, og þar yfir. Því fínni sem þráðurinn var, því tannafleirri var skeiðin sem notuð var, en fínustu gerðirnar voru óvíða til, og voru fengnar að láni, ef svo stóð á, en flestir munu þó hafa átt 3 mismunandi gerðir. Skyttan var jafnan úr harðviði, oddmjó til endanna, er risu nokkuð. Þeir klæddir látúni, ennfremur voru flatir látúnsteinar venjulega 2 neðan á, svo skyttan rynni liðugar eftir skilinu. Teinninn sem spólan snérist á, heyrði ég ekki nefndan sérnafni. Opið á hlið skyttunnar, sem fyrirvafið var tekið út um, var mjög oft klætt með tölustút af litlu meðalaglasi, því allur málmur afhvaða taki sem var skarst mjög fljótt í sundur, þar sem bandið í fyrirvafinu rann um, alltaf á sama stað.

p4
Spólurokkur var oftast
aflóga spunarokkur, en breytt þannig að snælduumbúnaður var tekinn burt. Skift um brúðutréð, sett lengra og sterkara og þannig frágengið að brúðan varð hreyfanleg fram og aftur, á þann hátt að hægt væri, bæði að spóla og balbína á sama rokkinn.

Spjálk, og ekki annað,
hét það áhald, sem notað var til að spenna út voðina, sem næst því er skeiðarslagið barði fyrirvafið inní uppistöðuna. Spjálkin var í tvennu lagi úr þunnri fjöl. Breidd til endanna ca. 3 cm. og í þeim 3 járnoddar er var stungið í jaðarinn í voðinni, sitt hvoru megin. Hún fest saman um miðju á sérstakan hátt, og gat lengst eða styttst ofurlítið og risið upp um miðju á meðan hún var færð. Þegar hún var lögð niður, spennti hún voðina sundur, og var þá lokað með 2 smásnerlum. Ekki man ég svo glöggt eftir henni, að ég treysti mér til að teikna hana, svo í lagi yðri. Gamlir vefstólar af þessarri gerð munu vera til á stöku stað. Þannig hef ég séð einn uppsettan og að því virtist með öllu tilheyrandi í Laufási við Eyjafjörð.

p5
Að leggja upp: Get
blátt áfram ekkert sagt um og mun vera týnt úr minni flestra, og hefi ég engan fyrirhitt, sem það kann. Þó til kunni að vera. Hespan hafði breytilega þyngd, en sömu lengd, ef rétt var unnið. En hespa var talin 11 skreppur. En gróf- eða fínleiki bandsins var miðaður

við þyngd hennar eða lang oftast 6-5-4 lóða verk, þ.e. hespan var þetta að þyngd. En hvað umferðin á hesputrénu var löng, man ég ekki. En eitt lóð var sem næst 5 grömm. Sama er að segja um að reikna í skeiðina. Um það er ég alls ófróður. Vefjarefnið hét uppistaða, það sem sett var uppí vefinn og haft snúðharðara en ívafið eða fyrirvafið.
Rakgrind var allstórt verkfæri, 4 álmur eða 2 krossar, ofan og neðan, nákvæmt mál er mér því miður ómögulegt að segja, en ætla má að breiddin hafi verið um 2 álnir eða 120-130 cm., eða álman 60-65 cm. Hæðin á grindinni 170-190 cm. Hún var staðsett á miðju gólfi, t.d. í stofuhúsi og fest þannig ofan og neðan, að auðveldlega snérust. Balbínustóll fyrir 10 snældur, fylgdi að jafnaði grindinni.

p6
Því miður verð ég
að segja eins og er með það. Allt sem snertir undirbúning undir vefnaðinn, er mér ókunnugt eða gleymt. Mér er því ekki unnt að skýra frá neinu sem að því lýtur. Höföld voru búin til úr garni, tvist, eftir að ég fór að muna til mín. Stálaugu í höföld sá ég. En þau voru lítið notuð. Þau skáru úr sér bandið eða garnið sem þeim var fest með á hafaldasköftin, einnig slá á þau ryði við geymsluna yfir sumarið, og ryðbrann þá garnið algjörlega úr þeim. En hvernig höföld voru búin til, sá ég ekki. Við að draga í höföld og skeið voru jafnan 2, er sátu sinn hvoru meginn. Hafði annar krók er hann stakk í gegnum hafaldið, en hinn tók enda úr uppistöðunni og brá á krókinn, er svo var dreginn í gegn. Hét það að "rétta". Þegar viss þráðatala var komin í gegn, var brugðið lauslega hnút uppá, og svo haldið áfram uns lokið var. Eins var farið að þegar dregið var í skeiðina. Nema stundum eða oftast þurfti að hafa fleirri en einn þráð í hverju bili á skeiðinni. Tvíbreiðan vefstól sá ég aldrei.

p7
Sýnishorn þau af
vefnaði, er ég sendi þurfa ekki fleirri skýringa við frá minni hálfu, en við þau standa. En um gerðir vefnaðarins eða nöfn, gat ég ekki fengið upplýst. T.d. hvað er vaðmálsvend eða klæðavend. Vormeldúkur er ekki í þessum sýnishornum, né hringvefnaður. Eftir að tvistur fór að flytjast, var allmikið ofið af tvisttaui í ýmsum litum. Var mest notað í hversdags svuntur kvenna, í milliskyrtur karla, og jafnvel í sængurver. Þá einnig ofið þannig að uppistaðan var tvistur, en ívafið ull. Flíkur úr þessu efni þóttu léttari við vinnu, en úr einu saman vaðmáli. Tvisturinn var í mörgum litum, og því hægt að koma við all fjölbreytilegu litavali. Frú Fríða Sigurbjörnsd. mun góðfúslega láta safninu í té áðurnefnda kvenpeysu (treyju), ennfremur skotthúfu með hólk og skúf, ennfremur ábreiðu og máske fleirra. Hefi ég í huga að annast sjálfur um að gripir þessir komist til safnsins, einhvern tíma á komandi hausti. Þá hlýt ég að beiðast afsökunar á því hve ófullkomlega

þessi mynjagripa og starfslýsing er af hendi leyst.

p8
Þóf á ullarvoð þurfti
allmikinn undirbúning. Fyrst var voðin þvegin og þvæld úr gamalli keytu, líkt og þegar ull var þvegin. Þurfti stóran pott, enda voru til á öllum bæjum afar stórir pottar, er notaðir voru aðeins við ullarþvott á vorin og slátursuðu á haustum. Þegar voðin var þvegin og þvædd, eins og þurfa þótti, var hitað hreint vatn í pottinum og voðin undin upp úr því. Fór það fram á þann hátt: Voðin lögð saman tvöföld, öðrum enda fest örugglega, t.d. við þvottastaur eða jafnvel dyrastaf væri ekki annað fyrir hendi. Þá brugðið lykkjum á hinum enda voðarinnar sterkri stöng, t.d. gildum göngustaf. Síðan var teygt úr tvöfaldri voðinni eins og hæft var. Stafnum síðan snúið. Vattst þá upp á voðina við snúninginn. Með þessu var vatnið undið úr voðinni, með því að herða á snúningnum. Var þessu haldið áfram, þar til voðin þótti hæfilega undin og vatnslítil og hæf undir þófið, sen nú lá næst fyrir.

p9
Undir þófið var fyrirbúinn
staður, oftast á baðstofugólfi, þveginn blettur á gólfinu, helst í horni. Hlaðið í kring kistum og koffortum og jafnvel tjaldað ábreiðum. Þarna tók þófarinn við voðinni, berfættur og á nærklæðum einum. Byrjaði nú þófið, sem var innifalið því að þófarinn tróð voðina undir fótum af öllum kröftum og vellti fram og aftur á alla vegu. Eftir nokkra stund, þurfti að taka voðina upp og "kippa". Var það innifalið í því að 2 menn tóku sinn í hvern jaðar á litlum hluta af voðinni, og kipptu á milli sín. Heyrðust þá oft háir smellir. Rauk þá af henni ló osfrv. Þannig var farið yfir alla voðina. Var þetta gert til þess að þófið jafnaðist. En aðal hættan við þetta þóf, að í það kæmu "brigður", en það voru einskonar hrukkur, sem ekki fóru úr og skemmdu voðina til notkunar. Það þurfti að kippa oft, 3-4 sinnum meðan á þófinu stóð. Þófarinn fékk ætíð einhvern aukaglaðning, t.d. kaffi með lummum og jafnvel brennivíni, ef karl átti í hlut, en væri körlum ekki á að skipa, þæfðu stúlkur.

p10
Þegar þófinu var
lokið, var voðin vafin upp á fjöl, t.d. rúmfjöl og síðan komið undir þunga pressu, sem verið á margan hátt útbúin, t.d. skotið undir þunga kistu. Misjafnan tíma mun voðin hafa legið í pressunni, en eftir það var hún tilbúin til þeirrar notkunar, sem hún hafði verið ætluð.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1894
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1280

p1
Ull og tóvinna 3.
Víða byrjaði ekki vefnaður fyrr en eftir hátíðar. Þó voru það sum heimili, sem reyndu að koma af einni voð fyrir hátíðar. Sérstaklega þar sem sendir voru menn til sjós, og máske varð að fá nýja flík áður.
En flestir vildu ekki hafa voð í vefstól yfir hátíðarnar.
Það var víst víða, sem maður óf á hverju heimili, ýmist karl eða kona, og var þá reynt að haga því svo, að hann eða hún þyrftu sem minnstar frátafir að hafa, og var þá byrjað strax á morgnanna og verið að til vökuloka.
Þó gat hent sig, að á vökunni væri hætt um tíma, ef skemmtileg sögubók var lesin. Afköst voru mjög misjöfn, bæði eftir því hvað ofið var, og svo voru menn mjög misfljótir að vefa. Ég held að börn eða unglingar hafi lítið ofið. Þau urðu að vera sem sagt fullvaxin, til að ná vel á skammel og slagbroð. Fáir held ég, að hafi gengið milli bæja og stundið vefnað. Hef þó heyrt getið um einn karlmann, sem fór um og óf. En sum heimili tóku vefnað heim til sín, þá helst af greiðasemi.

p2
Vefstóll, vefstaður:
Ég hef aðeins kynnst einni gerð vefstóla, og hef þó séð þá nokkuð marga. Sömuleiðis þekkti ég einn mann, sem smíðaði nokkuð marga vefstóla.
Jón Loftsson á Geldingalæk, Rangárvs. Það voru mörg heimili, sem áttu vefstóla, fengu ýmist lánaða vefstóla eða komu voðum til annarra.
Vefstólar þeir er ég kannast helst við eru mjög líkir vefstól B og þann vefstól á ég enn með flestu tilheyrandi og rakningsgrind.
Skeið: Ég heyrði aðallega nefnt ritti. Ekki hef ég séð heimasmíðað ritti, nema eitt, sem notað var við hæruvefnað. Það er þegar hærupokar voru ofnir úr hrosshári. Ég held að rittin hafi verið lík á lengd, en með misþéttar tannir miðað við kvartil. Vefskytta: Skyttur voru smíðaðar úr ýmsum við, svo sem eik, brenni, greni og máske úr fleirri

efnum. Neðan á þeim var járn eða málmþinna um miðjuna, svo þær rynnu betur í skilinu.

p3
Renndar tréspólur
voru til á einstaka bæ, en annars var notað stinnt bréf og fiskroð lika.
Var notað þunnur nári úr ær eða lambsbjór í spóluroð.
Spólurokkur: Spólurokkur nefndist áhald það, sem notað var til að spóla, sem ýmist notaðir gamlir spunarokkar eða þá rokkar, sem smíðaðir voru bara til að spóla á. Þeir voru þannig smíðaðir: Dálítið stór fjöl, sem hægt var að skrúfa á borð. Upp úr öðrum endanum kom nokkuð þykk spýta eða járn og í gengum það var fest dálítið hjól, sem lék á ás, og á rönd hjólsins var gróp er hélt snúru er lík líka um spóluteininn, er var nokkru ofar, svo var smá sveif á hjólinu til að snúa því. Spólurokka þessa er ég sá smíðaði Einar nokkur kallaður Einar kléns. Fékkst nokkuð við járnsmíði, og var á sveit í Rangárvallahr. Annar þegar venjulegir rokkar voru notaðir, var víða tálguð til sívöl mjó spýta er stungið var uppí pípuna á rokknum, og á hana látið

p4
spóluroðið og haldið
við afturendann, oft með sauðarvölu og var þá spóluspýtan látin snúast í holunni á völunni. Líka tóku sumir hnokkatréð af rokknum og notuðu aðeins ásinn með trissunni og létu spóluroðin á hann eða notaður var sérstakur teinn með trissu á endanum. Spanstokkur: Spanstokkurinn var í tvennu lagi og gekk önnur álman inn í rauf á hinni álmunni, svo voru boruð þétt göt í gegnum allt og stungið í gegnum það 2 nöglum eða smá teinum.
Sumir höfðu líka einn tein (nagla) og einn hólk, sem var smeygt uppá báðar álmurnar. Og í báðum endum voru broddar, er stungið var í jaðranna á voðinni, og þegar þurfti að færa spanstokkinn, þá var dreginn eða færður ..... þá lyftist hann um miðjuna, og var þá færður í jöðrunum og naglanum stungið í aftur eða ef það var annar hólkur, á var hann færður til.

p5
Að leggja upp: Þegar
leggja átti upp í voð, þá var bandið eða þráðurinn, sem hafður var í uppistöðu, vigtaður og dregnar frá völur, sem yfirleitt var undið á, síðan var ákveðið hvað skyldi lagt upp úr mörkinni, hvað margar álnir, sem fór eftir því, hvað þráðurinn eða bandið var svert. Þeir sem voru vanir þessu voru mjög nákvæmir að fá mátulega lengd og breidd með þessu fyrirkomulagi.
Svo var mælt með tommustokk á einum hnykli eins margar álnir og ákveðið var að leggja upp úr þræðinum, og sett glöggt merki hnýtt í þráðinn þegar álnafjöldinn var kominn og síðan undið á hnykilinn aftur.
Að reikna í skeið: Ef ekki stóðst að fullu útreikningur og uppistaða var gisnari, var sagt að voðin væri varplítil. Verkið að

ákveða efnismagn í uppistöðu og ívaf voðar nefndist að reikna í vef. Orð notuð um ívafið: fyrirvaf, ívaf, veftur. Annars er ég farin að gleyma þessu, og þá sumir er ég hef verið að leita til.

p6

Rakningsgrind: Mér er ekki kunnugt um nema eina sort af rakningsgrindum. En ég hef heyrt talað um að rakið væri á hælum. Hælatréð er myndaði skilið var kallað, þar er ég veit, krísholt. Þegar farið var að rekja í við var rakningsgrindin sett upp í útihúsi t.d. skemmu, og í bita, sem var í mátulegri hæð við grindina var negldur leðurhólkur, sem efri endi grindarinnar lék í, en undir neðri endann, ásinn, var látið hellublað eða slétt járn, er neðri ásinn lék á. Ekki voru rakningsgrindur til allsstaðar, þar sem vefstóll var til, og var þá farið á aðra bæi til að rekja. Balbínur: Balbínur þar sem þær voru til, voru tréleggur, sívalur, holur í gegn með snúðum á báðum endum. Margir höfðu dálítið langan kassa með 2 hólfum , mátulegum fyrir lengd balbínunnar, og boruð göt með mátulegu millibili

p7

að balbínurnar næðu ekki saman þegar þær snérust. Þegar spólar var á balbínurnar var víða notaður sami rokkur og spólað var á með járntein fyrir hnokkatré, og trissa á aftari enda fyrir snúrurnar. Verkið við að spóla á balbínusnældu nefndist að balbína. Rakningsspaða man ég ekki eftir, en í krísholtunum voru 2 teinar, þar sem byrjað var á og eins endað og á þeim voru skilin mynduð. Rakningsstokkur: Rakningsstokkar voru sumsstaðar til. Það voru nokkuð stórir kassar, ekki djúpir, með 10 hólfum, og hvert hólf mátulegt fyrir fullstóran hnykil. Annars voru ýms ílát notuð, smákassar, og fötur osfrv. Rakning á grind: Hún var sett upp í útihúsi, skemmu. 2 voru oftast við rakning, oft annað unglingur að fyljgast með, ef þráður slitnaði eða þegar búið var að verða á hnykli eða balbínu.

p8

Lengd voðarinnvar var þannig ákveðin. Þráðurinn var vigtaður og ákveðið hvað leggja skyldi margar álnir uppúr mörkinni. Þá var tekin einn hnykill og mælt og rakið ofanaf honum, uns ákveðin lengd er komin. Þá hnýtt þar öðruvísi litu bandi í markið, svo undið á hnykilinn aftur, eins og fyrr segir. Þá voru allir þræðirnir af t.d. 10 hnyklum hnýttir saman og svo skift í helming við hnútinn og lykkjan þá smeygð uppá annan teininn á krísholtinu, og grindinni að svo búnu snúið og þráðurinn færðist niður grindina með jöfnu millibili, uns komið var að lengdarmarkinu, þá var hnýtt krísholtið, bundið þar á grindina og þráðurinn hafður yfir annann teininn, en undir hinn, og grindinni þá snúið öfugt, svo þráðurinn færður nú upp

grindina. Skil myndaðist þá á hælum krísholtsins, og var þá brugðið bandi oft sokkabandi um krísholtið, og brugið yfir þráðinn við hvert hundarð (fetaband). Reynt var að láta fetana koma sem jafnast á grindina. Þráðarskilin voru svo tekin, þegar búið var að rekja, með því að band var rennt í gegnum þræðina

p9
við báða kríshælana.
Þegar svo slangan var tekin af grindinni, var hún eiginlega fléttuð. Mynduð var lykkja og hendinni stungið í gegn og dregin öll slangan í gegn, sem myndaði þá aftur lykkju, og svo koll af kolli, uns allt var upp fléttað, þá var síðasti spottinn dreginn í gegn. Rakningur á vegghæla eða rúmstólpa er mér algerlega ókunnugt um. Hafaldagrind: Áhald það, sem höföld voru hnýtt á hét hafaldagrind. Hafaldagrind, sem ég þekkti til var eins og teikningin sínir. Efri þvertréð var smeygt lauslega upp á spýturnar 3, og tekin af þegar búið var að hnýta grindina fulla, og þá var hægt að draga höföldin uppaf. Mig minnir að rakið hafi verið á grindinni, það hærri en höföldin þurfti að vera sem fór í hnúta. Hafaldaefni og höföld: Efnið í höföldum var lengi vel unnið heima, uns farið var að nota garn. Áður unnin úr dregnu togi, og hafður vel snar, og oft soðinn í tólg. Þegar höföld voru hnýtt, þá voru hnýttir 2 rembihnútar, sitt hvoru megin

p10
við miðspýtuna, hafaldaauga,
og aftur við enda spýtunnar. Stálhöföld kannast ég ekkert við.
Vefjarkambur: Vefjarkambur var þannig smíðaður, að búinn var til trégrind álíka löng og breidd vefstólsins, svo voru reknir í neðri grindinni, nokkuð þéttir 3" naglar dúkkaðir, og þegar búið var að jafna þráðinn í kambinn, þá var efri hluti grindarinnar settur á, sem gekk niður á enda snpýtunnar og trétappa stungið í göt sem voru í gegnum hliðar spýtunnar og svo þvertréð. Að láta í kamb: Verkið við að dreifa slöngunni í vefjarkambinn nefndist að láta í kamb eða að leggja í kamb. Ég hef aðallega séð að notuð voru 2 rifsköft, en ekki þráð.
Að festa upp: Ég minnist helst að sagt væri um þessi verk, að setja upp voð eða að festa upp voð. Að bóma: Þar sem mér er kunnugt, var sagt að bóma vef eða vinda á bómu. Á afturrifnum var gróp, er plógskaftið féll í

p11
sem voru kallaðir
kragar, er settir voru upp á rifinn sitt hvoru megin, og þeim svo smeygt upp á endana á plógskaftinu. Á þessum krögum voru 2 þunn skinn, sem gengu inn á rifinn, og voðin vannst á. Þessir kragar héldu að þræðinum beggja megin. Það voru vanalega 2 menn við að bóma í vef, annar hélt nokkuð fast í slönguna, en hinn vatt uppá rifinn. Gæta þurfti þessa

að jafnfast yndist uppá rifinn, haldið þá fastara í miðjuna eða jaðar, eftir því sem þurfa þótti. Þegar búið var að bóma, voru skilsköftin sett í gegn, þar sem bundin var þráðurinn í skilin þegar rakið var á grindinni.

Að draga í höföld:
Hafaldasköftin voru bundin saman í báða enda þegar dregið var í höföld. Þegar búið var að bóma, var þráðarlykkjan klippt í sundur, svo rétti einn endana og annar dró í höföldin. Sá sem dró í höföldin taldi upp á fingur sér nokkur höföld, máske 25 af hverju hafaldi, og heldur þeim á fingrum sér uns búið var að draga í þau. Þegar búið var að draga nokkuð mikið í höföldin, 100 endar, var settur þverhnútur á endann.

p12
Að draga í skeið:
Tveir unnu við að draga í skeið, annar var með krækjuna í rittinu, en hinn setti endann á krækjuna. Að hnýta fram: Ekki man ég eftir að hafa heyrt nafn á teini þeim sem hnýtt var í þegar verið var að hnýta fram voð. Það voru höfð 3 snæri úr rifnum fram yfir bómu, og hnýtt svo í tein þann er þráðurinn var hnýttur í. Uppbinding:
Man ekki eftir neinu um þennan kafla sérstaklega.

Að draga fyrir:
Að draga fyrir var það almennt kallað þegar byrjað var að skjóta skyttunni í gegnum rifinn. Það var mjög misjafnt hvað mikið var gefið í (eða vel veftað). Þegar búið var að skjóta skyttunni í gegn, voru fingurnir á vinstri hendi reknir niður nálægt miðri voð og ívafinu ýtt upp að slagborðinu mis mikið, eftir því hvað mikið átti að gefa í í einum boga, og þá var tekið með hægri hendi í slagboriðið og kippt að sér,

p13
mismikið eftir því
hvað föst voðin átti að vera. Þegar búið var að vefa það mikið að spanstokkurinn kæmist vel fyrir, þá var hann settur á voðina. Helstu misfellur voru, ef þráðurinn slitnaði mikið. Það var hnýtt í þráðinn, er hann slitnaði og endinn festur í spanstokkinn. Einstök vinding voðar upp á voðarmeið nefndist áfæra. Að fella vef: Þegar búið var að vefa voðina, þá var kallað að fella vef eða fella voð. Afklippti þráðurinn var nefndur afvikur, og notaður við að bæta bætur á fat og ýmisleg smálegt. Þóf: Vatnið og keytan, þegar hún var notuð, var sjóðhitað, svo var voðin er þæfa átti, látin í bala og þvælinu hellt á voðina og þjappað í þessu nokkra stund með kvísl. Þá var látin járnkarl eða eitthvað skaft, sem var sterkt í dyr, svo var sett skaft í hinn endann, oft orf eða broddstafur og vaðmálinu jafnað á þetta með nokkuð löngu millibili. Þá var skaftinu í ytri endanum snúið og togað

p14
þar til þófið var
sem sagt þurrundið. Heimamenn sáu um þófið, ef hægt var, annars fenginn
þófari. Voðir voru oftast þæfðar í fjósi á hurð. Sumir þæfðu í tunnu,
og þá oftast í fjósi. Þófararnir voru á nærklæðum einum. Voðin
var nokkrum sinnum hrist upp á meðan á þófinu stóð. Það geru 2 menn
eða konur, og lykkjaði þá annar vaðmálið um háls sér, áður en farið var
að hrista upp, tóku svo sitt í hvern jaðar með nokkru millibili og hristu
svo að small í vaðmálinu, og nú lykkjaði hinn því um háls sér jafnóðum
og búið var að hrista hvern spotta. Þegar voðin var fullþæfð, var
hún orðin nokkuð þukk, og máske farið að sjást brygður í henni, sem kallað
var. Það voru smáhrukku gárar hér og þar. Oftast held ég að
þófarinn hafi fengið einhverja glaðningu á meðan á þófinu stóð, svo sem
kaffi og pönnukökur og máske þófaraköku. Þófaravísa: Bárður
minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan
í skóna - naglabrot í bátinn þinn - hálfskeifu undir hestinn þinn -

p15
mórautt lamb og gimbraskel
- og meira ef þú þæfir vel. Mér er ekki kunnugt um ákveðin laun fyrir
þóf, þó það hafi máske verið til. Þegar búið var að þæfa
var voðin undin upp á fjöl, oftast á rúmfjöl, við það voru 2 menn, fullgildir,
annar með fjölina, en hinn hélt í vaðmálið, og toguðu þeir svo heilmikið
í, og svo voru aðrir 2, oft liðléttingar, er héldu sitt í hvorn jaðar
og toguðu þeir í jaðrana eftir getu. Þegar svo búið var að vinda
voðina á fjöl var endinn ..... í vaðmálið, síðan var vafið einhverri tusku
utan yfir allt og látið í pressu, oft undir kistu, sem var þung. Á
síðustu árum, var farið að senda voðir í verksmiðjur innanlands til litunar
og lóskera, og jafnvel til þófs.

p16
Að endingu vildi
ég biðja um að mér yrði ekki sendar fleirri spurningaskrár. Ég er
orðin það fullorðin og farin að gleyma, og hef aldrei verið lipur skrifari.
Hér með sendi ég smábót af vefnaði. Ég held þetta sé
kölluð veipa. Þetta hefur ofið Freygerður Guðmundsd. fyrrum húsfreyja á
Kaldbak á Rang. líklega árið 1928. Hún er nú dáin.
Ennfremur vil ég geta þess, að ég á heila ábreiðu, ofna um 1920, sem mér
væri sama þó þið fengjuð, ef þið vilduð.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1904
Sveitarfélag: 780 Höfn í Hornafirði

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 6551

p1
Ull og tóvinna 3.
Þegar haustannir voru búnar, upptaka garðávaxta og sláturgerð, var strax komið með kamba og rokka úr sumargeymslu inní baðstofu, og byrjað að tæta ullina, spinna í það vef, sem átti að vefa fyrir jól, einnig var ofið úr tvisti í milliskyrtur og svuntur. Vefur var alltaf felldur nokkru fyrir jól og vefstóll tekinn niður og fluttur út í skemmu, og ekki settur upp aftur fyrr en eftir hátíðar. Auðvitað þurfti að sauma fyrir jólin úr því efni, sem ofið var, sumt var vaðmál og annað í skyrtur og svuntur, og var litum fallega raðað saman. Konur unnu mest að vefnaði, þó var einstaka karlmaður, sem kunni að vefa, misjafnt hvað vel var ofið. Tvær systur þekkti ég, sem voru mestu hamhleypur. Hjá þeim var aldrei neitt fát. Því hjá öðrum var ekki alltaf gefið jafnt uppí eða spanstokkur færður hæfilega oft. Sama konan sat alla daga í vefstólnum og óf af kappi. Matmálstímar og kaffi var eina hvíldin. Aldrei sá ég börn vefn, en stúlkur komnar yfir fermingu, ófu vaðmálsvend og einskeftu, það var svo auðvelt. Ekki heyrði ég talað um borgun fyrir að vefa fyrir nágrannann. Oft var það fátækt fólk, sem átti ekki vefstól, kom á stundum greiði á móti, t.d. að spinna fyrir húsmóðurina. Engin vefnaður til verslunar, þar sem ég þekkti, ef voru 16-18 menn í heimili. Þurfti svo mikið vaðmál bæði í nærföt og utanyfirföt.

p2
Vefstóll: Þar sem ég þekkti til var aðeins eitt nafn á vefstól, vefstóll. Gamla kljásteinsvefstólinn sá ég aldrei. Helst væri að leita að honum á Byggðasöfnum. Því miður var of mörgu af gömlu dóti fleygt heima hjá mínum fósturforeldrum. Voru synir hjónanna smiðir. Einn þeirra smíðaði vefstólinn fyrir heimilið og mörg önnur heimili var ofið fyrir. Systurnar voru svo duglegar að vefa. Ekki var vefstóll lánaður af

bæ. Ekki hægt um að flytja hann yfir djúp vatnsföll, heldur var ofið fyrir þau heimili, sem engan átti vefstólinn og enginn kunni að vefa. Ég kannast við vefstól A. Sjón mín er svo léleg, að ég treysti mér ekki í þá lýsingu. Ég er blind á öðru auga og léleg sjón á hinu.

p3

Skeið: Sú skeið, sem ég man eftir var gljáandi eins og væri tennurnar úr stáli, og var ekki smíðuð heima. Var keypt, ég veit ekki hvaðan. Skeiðin var miðuð við tannafjölda, svo þegar dregið var í skeiðina var þráðurinn settur á gikkinn. Talað var um að hafa 2 í tönn osfrv. Vefskytta: Alltaf var valið gott efni í skyttur á þeim, sem ég sá var vönduð smíði, mjög vel yfirfarnar fyrst með grófum sandpappír, síðan fínum sandpappír, sumar með þunnum látúnsrenningum, til þess þær rynnu betur í skilið. Teinninn nefndist spóluteinn. Spólurnar voru renndar í rennibekk, gerðar vel sléttar og hálar, svo bandið festist ekki í ójöfnur. Sá aldrei spólur nema úr tré. Spólurokkur: Spólurokkur var gamall rokkur, sem hætt var að spinna á, en hægt að nota til að spóla á. Var þá settur sérstakur spóluteinn og lagður þannig að spólan passaði á teininn.

p4

Spanstokkur: Aldrei heyrði ég annað nafn á honum. (Teikning). Í endum voru fínar klær, sem settar voru í voðina til hliðar, og héldu henni þaninni, svo ekki kæmi skekkja á jaðrana. Að leggja upp: Talað var um að leggja upp í vefinn. Elstu konurnar á bænum sáu alltaf um að setja upp vefinn og reiknuðu allt rétt út. Þær voru svo vanar að festa upp vef. Hvíldi öll vegsemd á þeim. Ég held þær hafi reiknað allt út í huganum, eftir þyngd þráðarins. Ekki sá ég sauðarvölur vigtaðar, en þá giskað á þyngd þeirra eftir fyrstu vigtun. Að reikna í skeið: Alltaf var reiknað út hvað margir þræðir voru í tönn, áður en byrjað var að draga í hana, t.d. 2 í tönn, eftir því hvernig fólk hafði þráðinn fínann eða grófan. Þar var aldrei neitt feil. Tvær konur unnu við að draga í skeiðina, önnur rétti þræðina á gikkinn, hin dró hann gegnum skeiðina. Ég vissi aldrei um annað en að allur útreikningur stæðist.

p5

Að reikna í vef: Það var venjulega ein kona, sem reiknaði það, ef vefurinn var þetta meiri vandi. Ég held að engin hafi sett up vef, nema sú eða sá væri alltaf viss. Svo það komu aldrei nein mistök, þar sem ég þekkti til. Orðið var uppistaða um uppistöðu í vef, svo ívaf, sem var spólað og látið í skyttuna. Rakningsgrind: Rakningsgrind var ekki til heima. Allir vefir raktir á hæla, em stungnir voru í veggi,

og aldrei var neitt feil. Balbínur: Ég sá sérstakan
balbínurokk eða balbínustól. Rokkurinn var eins í lögun og spunarokkur,
nema í hjóli, sem smíðað var og fest í afturstjaka, small alltaf í eftir
svo og svo margar umferðir, og eftir því var reiknað. Verkið var
kallað að balbína. Rakningsspaði: Ég sá aldrei rakningsspaða.
Vissi að þeir voru til þar sem rakningsgrind var á bæ.

p6
Rakningsstokkur:
Ég sá þá ekki. Þeir hafa kannske verið til á betri bæjum. Hnyklarnir
voru látnir í alllanga kassa og djúp ílát, svo þeir skyldu ekki hoppa upp
úr. Rakning á rakningsgrind: Ég get lítið sagt um þetta,
þar sem heima var ekki þessi grind, en þó rakið væri á hæla, var ef þráðurinn
var hvítur, sett rautt band til leiðbeiningar. Alltaf tekin skil
og alltaf sett merki við gangaskilin. Þó allt væri rakið á hæla.
Bandspottinn var nefndur fetaband. Fullrakinn uppistaða var
nefnd slanga. Rakið á veggjahæla: Það var kallað að
rekja á hæla. Ekki man ég að þeir nefndust neitt sérstakt, nema skilhælarnir
og munu þeir hafa verið geymdir. Annars voru alltaf valdar vel sléttar
spýtur svo bandið festist ekki við þá. Oftast var rakið í stórri
og bjartri hlöðu þegar komið var pláss, búið að gefa nokkuð úr henni.
Rakið á rúmstólpa: Vissi aldrei til að rakið væri á rúmstólpa,
enda ekki handhægt þar sem margt fólk var í baðstofum og lítil börn.

p7
Hafaldagrind: Ég
man aðeins eftir hafaldagrind, sem var til heima, svo þegar hætt var að
vefa, hefur henni verið fleygt eins og fleirru þegar nýjar kynslóðir taka
við. Hún var ekki mjög stór. Ég treysti mér ekki að teikna
hana. Ekki man ég eftir neinu áhaldi til hjálpar, aðeins hendurnar,
sem kunnu verkið. Hafaldaefni og höföld: Efni í höföld
var spunnið úr togi, samkembt grátt og hvítt. Bandið varð að vera
snuðrulaust þó nokkuð harðsnúið líkt og þráður, nema mikið grófara. Það
mun hafa verið í hespum, sem soðnar voru í vatni, og svo þegar þær voru
þurrar, voru þær undnar fast í hnykla, síðan hnýtt á hafaldagrind með hnútum,
sem við áttu. Miðhluti var hafaldaaugað. Sá aldrei stálhöföld.
Bandið sem varnaði því að höföld drægist út af hét vartág.
Vefjarkambur: Ég man vel hvernig hann var þó ég treysti mér
ekki að teikna ann. Það varð að vanda smíði hans eins og allt tilheyrandi
vefstólnum.

p8
Að láta í kamb: Oftast
var sagt að láta í kamb. Skaftið sem sett var í gangaskilið var af
sumum nefnt plógskaft og öðrum rifskaft. Allt var sama meiningin.
Þráðurinn var alltaf nefndur skilþráður. Að festa upp:

Að festa upp vef, eða setja upp vef var nokkuð sama.
Að bóma vef: Alltaf sagt að bóma, ég held til endanna hafi verið kragar á rifinu, svo enginn hætta var að slangan lenti útaf. Það kom aldrei fyrir. Þegar slangan var sett á rifinn, sem hún var undin upp á varð að halda jafnt á móti, því ein snéri rif og annar gaf eftir jafnt og vel af slöngunni. Tveir unnu alltaf við að koma slöngunni á rifinn, oftast karlmaður, sem snéri bómunni, kona sá um að enginn slaki yrði á.

Að draga í höföld:
Það var gróp, sem hafaldaskiptin voru fest í. Alltaf unnu tveir við að draga í höföldin, einn setti, annar sat framan við höföldin og dró í gegn. Það var viss tala af þráðum sem hnýtt var á, ekki losað nema eitt knippi í einu, og aftur hnýtt að. Þegar búið var gegnum augun á höföldunum.

p9
Að draga í skeið:
Áhaldið sem notað var til að draga í skeiðina hét gikkur. Skeiðin var sett í sömu hæð og höföldin áður. Kona stóð aftan við skeiðina, önnur sat framan við og rétti gikkinn inn á milli tanna skeiðarinnar, og hin lét þráðinn upp á gikkinn, sem var dreginn í gegn. Að hnýta fram: Ekki man ég eftir neinu nafni á því, bara talaðum að hnýta fram, og svo fest við fremri bómuna, sem vaðmálið kom svo á þegar byrjað var að vefa. Alltaf sagt að hnýta fram. Uppbinding:
Ekki veit ég um nöfn á vefstólssnærum, veit bara að skaftið var bundið við fremri bómu. Að draga fyrir: Þegar skyttunni var fyrst skotið í skilið, var það kallað að draga fyrir. Þá var byrjað að vefa. Gefið var upp í með vinstri hendi og gefið í einum boga, misjafnlega langa í hvern vef, svo var slegið að með skeiðarhaldi. Spanstokkur var festur eftir reglu vefjarkonunnar, svo aldrei var látið vefast inn alltaf sama breidd. Aldrei skilgallar, en ef þráður var linspunninn þá var hnýtt saman aftur með þannig hnút að hann gengi greiðlega gegnum skeiðina.
Engin hjátrú. Vinding upp á bómu nefndist áfæra.

p10
Að fella vef: Það var alltaf nefnt að fella vefinn. Þræðir voru stundum nefndir afvikur eða hrafnabuxur. Veit ekki hvað við þá var gert. Þóf: Bárður minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - naglabrot í bátinn þinn - ef þú leggst á þófið mitt.
Ekki voru allir þófarar eins. Sumir þóttu mjög góðir og þæfðu vel og voru þeir fengnir á bæi til að þæfa. Voðin var þvegin úr snarp heitu vatni, sem hitað var í stórum potti úti í hlóðareldhúsi, síðan var hún lögð saman í miðju og endar látnir mætast, svo var tekin stór og sterk stöng og smeygt í endann, sem lokaður var. Stöngin skorðuð við dyrastafi

bæjardyra, í hinn endann var lítil stöng eða stafur. Karlmaður stóð við þann endann og snéri stafnum í sífellu. Nú varð snúðurinn að vera jafn. Haldið áfram þar til ekkert vatn lak úr vaðmálinu, og gekk sá er á snéri og spyrnti við fótum, svo ekki kæmi snuðra á voðina. Húsmóðirin eða vefjarkonar voru viðstaddar og sögðu körlunum til, síðan var vaðmálið látið á þann stað sem átti að þæfa helst í baðstofuhorni og settar kistur og koffort fyrir svo vaðmálið var alltaf á sama stað, og kólnaði ekki. Þófari var snöggklæddur í skyrtu og nærbuxum, var þó oftast of heitt.

p11

Aldrei máttu koma brigður á voðina. Var hún af og til hrist upp af tveimur konum, sem hristu það með samtaka átaki í báða jaðra og létu smella hátt í, hrökk þá lóin af því, svo var haldið áfram þófinu, sem konur dæmdu um hvenær var búið. Þá var voðin undin upp á breiða rúmfjöl. Það varð líka að vanda, svo endar væru jafnir, síðan var fjölin sett undir þunga kistu til að pressa vaðmálið sem best. Eftir hæfilegan tíma var vaðmálið tekið af fjölinni, og var þá slétt og fallegt. Þegar átti að sauma fín föt, jafnvel peysuföt, var vaðmálið sent til lóskurðar og litunar.

Aukabitar handa þófara voru alltaf heima, sykraðar pönnukökur og gott kaffi. Einn góðan þófara þekkti ég, sem var lánaður til að þæfa á bæ sem var víst nóg til af hangikjöti. Þegar heimafólk fór fram í eldhús að borða var þófaranum færður matur þangað sem hann var að þæfa.

Að lokinni máltíð kom einhver heimamanna upp á pallinn, og sér að þófarinn er búinn að borða, og segir við hann: "Já, þú ert búinn að borða". Þá svarar þófarinn: "Það er ekki lengi gert að borða kartöflur og graut". Var öðru vanur frá sínu heimili.

Vefnaðarsýnishorn: Hef ekki getað útvegað það, því ég er í Hveragerði á hælinu. Vefkonan semur - vaðmálin ný - með sköftum þremur - og skilfjöl í - en þegar krókur kemur - kvöl er að því. Vefarinn hefur vanda þann - sem veiga-skorðin mörg kann - að festa upp í hleinar hann - hver ein ekki nemur - þegar hann krókur kemur - athuga hlýtur um það mann - svo allt sé skorðum í - annars kemur krókur - og kvöl er að því. Vaðmálsdans: Svo vefum við mjúka - og dýrindis dúka - Vefum mjúka - dýra dúka - skjótum skyttu í skil - vefum mjúka dýra dúka - skjótum skyttu í skil.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1902
Sveitarfélag: 400 Ísafirði

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1317

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Vefnaður hófst, norður í Sléttuhreppi, aldrei fyrr en eftir áramót, og það sama gilti um næstu hreppa. Það var svo margt annað að starfa til jóla, að ekki vannst tími til að setja upp vef fyrir jól og vefa að nokkrum mun. Eftir sláturstíð, á haustin, var venjulega byrjað á að spinna og prjóna sokka, vettlinga og þau föt sem prjónuð voru, og að öllu jöfnu var spunnið fyrir jól í verkið, sem sett var upp í vefstólinn eftir áramót. Lítil ljós og léleg, munu einnig hafa verið ástæða fyrir því, að ekki var sett upp í vefstól fyrir jól. Ljós voru ekki önnur en lýsislampi og týra, og lítill olíulampi til hátíðabrigða (ef til var olía á hann). Tvær manneskjur settu vefinn upp, en svo var ofið oftast af einum, að jafnaði, sem sat í vefstólnum frá fótaferð til háttumála. Börn eða unglingar

p2
byrjuðu að hjálpa til um 13-14 ára. Ekki tíðkaðist það þar sem ég ólst upp, að menn færu á milli bæja til að vefa, an það mun hafa átt sér stað annarsstaðar, svo sem í Víkursveit í Strandasýslu, að menn gerðu það, og tóku 1.50 kr. fyrir að vefa 1 alin. Vefstóll: Enginn af þeim sem ég hefi talað við, kannast við kljásteinsvefstaðinn, og vita ekki hvenær hann lagðist niður. Vefstólar voru smíðaðir norður í hreppunum. Í Grunnavíkurhreppi, smíðaði Jakob Hagalinsson allt tréverkið í vefstólinn, en Benedikt Hermannsson, Reykjarfirði, smíðaði öll járn í hann. Þessir menn lærðu báðir hjá Stíg Stígssyni á Horni, en hann var jafnvígur á tré og járn, og smíðaði vefstóla að öllu leyti fyrir Sléttuhrepp. Og víðar um landið munu hans vefstólar hafa farið. Hann var

p3
einnig skipasmiður

með afbrigðum og smíðaði allan saum í skipið og einnig ræðin.
Skeið: Vefjarskeiðar nefndust þær. Þær voru ekki heimasmíðaðar.
Stærð þeirra var miðuð við tannafjölda, 60 tanna skeið.
Vefskytta: Efni í vefskyttu var oftast blikk. Spóluteinninn
í skyttunni nefndist rill eða spóluteinn. Spólurnar voru renndar.
Efnið svellharður rauðaviður.

p4
Spólurokkur: Áhaldið
sem spólað var á nefndist spólurokkur. Venjulega voru notaðir gamlir rokkar.
Það var settur í þá sérstakur spóluteinn í stað snælduumbúnings.
Að leggja upp: Verkið við að reikna út uppistöðuþráð
í voð, er vefa átti, nefndist að leggja upp. Efnið í voðina var undið
í hnykla. Sauðarvölur voru alltaf notaðar til að vinda á, en þær voru alltaf
dregnar frá þyngd hnyklanna. Venjulega voru 2 1/2 alin lögð uppúr
þráðarmörk í hnyklum.

p5
Að reikna í skeið:
Verkið við að ákveða fjölda uppistöðuþráða í breidd voðar, er vefa
átti, nefndist að reikna í skeið. Ef uppistaðan varð gisnari en ætlað
var, var það kölluð "vefjargleypa". Að reikna í vef: Verkið
nefndist "að reikna út í vef", og uppistaða í vef "uppistaða",
en ívafið "fyrirvaf". Rakningsgrind: Áhaldið sem
uppistaða í voð var rakin á, var kölluð rakningsgrind. Tréð, sem
skilhælar voru festir á hét "skilkambur. Rakningsgrindur voru til
á öllum heimilum sem áttu vefstóla.

p6
Rakningsstokkur:
Ílátið sem hnyklarnir voru látnir velta í, er rakið var á rakningsgrind,
var venjulega tréfata. Rakning á Rakningsgrind: Rakningsgrindin
var venjulega sett upp í útihúsi eða bæjardyrum, ef rúmgóðar voru. 2
unnu að því að rekja. Vefarinn og unglingur eða kvenmaður. Lengd
voðarinnar var mæld með því að setja rauðan bandspotta, sem merki á uppistöðþráðinn.
1 þráður var hafður í hafaldi, gat var borað á stórgripavölu, og
hún látin leika á uppustöðuþráðunum til þess að jafna þá.

p7
Hafaldagrind: Áhaldið
sem höföld voru hnýtt á hét hafaldagrind. (Hér er teikning af hafaldagrind).
Hafaldaefni og höföld: Efni í höföld var unnið heima úr dregnu
togi. Þráðurinn var spunninn jafn og hnökralaus, hafður dálítið snúðharður,
svo þrinnaður, og þá varð hann snöggur eins og garn, og haldgóður. Elstu
menn muna ekki eftir öðru en þráðarhöföldum.

p8
Verkið við að dreyfa
slöndunni í vefjarkambinn var nefnt "að láta í kamb". Skaftið,
sem sett var í gangaskilið og tengt við slöngurifinn hét plógskaft.
Að festa upp: Verkið við að vinda slönguna upp á slöngurifinn, draga
í höföld og skeið og festa uppistöðu í framrif nefndist "að festa
upp". Að draga í skeið: Áhaldið sem notað var við að
draga í skeið nefndist "krókur eða gikkur". Tveir unnu
að því að draga í skeiðina, annar þeirra rétti.

p10
Að hnýta fram: Skaftið
sem uppistaðan var hnýtt fram á, nefndist "framhnýtingarskaft"
og verkið við að hnýta á skaftið "að hnýta á skaft". Að
fella vef: Er vefnaði á voð var lokið og hún var tekin úr vefstólnum,
það var nefnt "að fella vef". Þráðarendar sem gengu af,
er vefur var felldur voru nefndir "afvikur". Þeir voru
notaðir til að bæta með vaðmálsföt. Engu var kastað.
Þóf: Átta fjórðunga pottur var settur á stærstu hlóðirnar í eldhúsinu,
bornar í hann 2 fjórðungsfötur af vatni

p11
og 4 fötur af keytu,
hitað snarpheitt, svo var voðin látin smátt og smátt ofaní pottin. Byrjað
á öðrum endanum, þangað til voðin var öll komin niður í pottinn. Ef
voðin var þunn, þá fór minna fyrir henni, og var þá hægara að hreyfa til
í pottinum, en það var gjört með þar til gerðum spaða, sem einnig var notaður
til þess að kreysta voðina að barminum og botni pottsins. Voðin var
fest saman á báðum endum, og því tvöföld. Hún var því undin þannig,
að 2 göngustafir voru látnir sitt í hvorn enda á voðinni og svo var hún
undin með því að snúa stöfunum öfugt, hver á móti öðrum. Með því
snérist voðin í vöndul, og um leið úr henni allt vatn. 2 karlmenn
undu venjulega voðina. Það var venjulega þæft á baðstofulofti, því
þar var mestur ylur frá fólkinu, sem vann í baðstofunum. Um annan
hita var ekki að ræða.

p12
Heimamenn önnuðust
oftast þóf, annaðhvort karl eða kona. Þæft var á hurð. Fólk
var oftast léttklætt við þóf, því úr þófi fékkst nógur hiti. Karlmenn voru
á einni skyrtu og nærbuxum, og auðvitað berfættir, en konan í skyrtu og
millipilsi. Svo var stappað á þófinu lengi dags, og passað var að
þófið færðist ekki út af hurðinni. Tvisvar til þrisvar var voðin
hrist, en til þess þurfti 2 menn. "Þófarabitinn" var rúgmjöls
flatkaka og hnoðað ofaná hana íslensku smjöri, og svo kæfu þar ofaná, en
þófarabitinn fór nú algjörlega eftir því hve húsmóðirin var rausnarleg.

Eftir þófið var voðin hrist vandlega, svo var hún vafin upp á fjöl og slétt úr henni mjög vandlega. Svo var látið stykki utan um hana, og lögð undir farg, kistu eða koffort með þungavöru. Voðir voru aldrei sendar héðan úr þessum nyrstu hreppum til útlanda til litunnar.

p13

Hér kemur svo þófaraþulan:

Bárður minn á jökli - leggst þú á með mér - ég skal gefa þér lóna - leppana inní skóna - mórautt lamb og gimburskel - og meira ef þú þæfir vel - hálfskó undir hestinn þinn - og þá gengur þófið.

Vefnaðarsýnishorn:

Ég sendi hér með sýnishorn af vaðmáli. Bótin er 51 árs gömul, og er úr karlmannajakka. Spunnið í vaðmálið og ofið af Ketilríði Jóhannesdóttur í Reykjarfirði á Ströndum, með hjálp Jakobs Kristjánssonar, sem þá var ungur, giftur Matthildi Benediktsd. Vaðmálið var ofið 1915.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1887
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1333

p1
Ull og tóvinna 3.
Sjaldgæft mun hafa verið að vefstóll væri settur niður fyrir jól, en væri það gjört var það venjulega sökum þess að ekki hafði unnist tími til að ljúka vefnaði veturinn áður, annað hvort fyrir heimilið eða og ekki síður ef lofað hafði verið að gefa fyrir einhvern sem þurfti að koma í vefnað, en ekki varð framkvæmt. Þá var sjálfsagt að byrja á því og efna þannig loforð sitt. En fyrri hluta vetrar var unnið að ullarofanaf-tekt-plagga-tóskap og smá-bandi, sem var sérstök iðnaðartegund sem var lagt kapp á að koma til innleggs í verslunina fyrir áramótin. Eftir að tvistur fór að flytjast var oft byrjað að vefa eftir nýár t.d. í milliskyrtur handa karlmönnum sem var all títt, ofl. Næst var svo ýmis konar ullartóskapur t.d. í rekkjuvoðir og utanyfirfatnað. En fínni dúkar einkum ef voru með fleiri litum voru ekki ofnir fyrr en á útmánuðum, þegar daginn lengdi og birtan betri. Oftar var það að einn maður annaðist um vefnaðinn eða hafði yfirumsjón með honum, því fleiri gátu ofið en hann og þá oftar húsbóndinn, en hafði þá jafnframt útiverk á höndum, t.d. hesta- eða lambahirðingu,tók kúahey o.þ.l. Fátíðara var að menn ferðuðust um til að vefa fyrir heimilin eða fengnir til þess þó það væri til.

p2
Tóku frekar vefinn heim til sín, þótti það hentugra. Atvinna gat það ekki kallast því það voru þá oftast þeir sem höfðu þrengstan skó hvað aðstöðu og afkomu snerti sem báðust eftir þessu. Karlmenn stunduðu vefnað aðallega.
Engin ákvæði eða regla mun hafa verið um greiðslu t.d. fyrir alinn mun það hafa farið eftir geðþótta hvers og eins svo og hvaða tegund var ofin, fínt, gróft, dúkur, tvistur og ekki síst hvernig tóið hélt. Vefstóll, ætíð nefndur svo, tvær gerðir. Eldri gerðin, hærri kinnar og slöngurifur uppi, þeir yngri, slöngurifur undir afturbómu og allur lengri, eða einstakir hlutir þeirra. Lifa aðeins þessi heiti, tvíbreiðir sömuleiðis. Flest

heimili áttu vefstól, tveir á sumum bæjum þar sem var fleirbýli. Hér í þessum hreppi er ekki kunnugt nema um tvo vefstóla sem hafi verið smíðaðir hér og eins á verkstæði á Húsavík, hét sá maður Páll Kristjánsson sem sá um smíði hans, ættaður úr Mývatnssveit, nú fullra 90 ára til heimilis að Álftamýri 7, Reykjavík. Heimildarmenn mínir sem eru tvær systur 60 og 70 ára og hafa stundað vefnað (ásamt annari vinnu) fram á þennan dag og fylgjast vel með vefnaðai og breytingum á seinni árum, telja að teikningin af vefstól B sé líkust þeim vefstólum íslenskum sem þær hafi mest kynnst og vildu vísa algjörlega um heiti og annað til vefjarbókar Sigrúnar Blöndal.

p3

Vefjarskeiðar, annað

heiti ekki kunnugt, ekki heimasmíðaðar, allar af sömu lengd, fínum kvartel, og heiti þeirra eftir því hve margt var á kvarteli t.d. áttaíu reyra skeið, 100 reyra o.s.frv. Mjög sjaldan talam um 80 tanna skeið. Og þegar dregið var í skeiðina var alltaf talað um hve margir mættu vera í reyra. Þessar konur höfðu séð gamlar skeiðar úr timbri og látuni.

Orðið vefskytta var ekki þekkt hér, heldur vefjarskytta. Talið er að þar hafi aðallega verið útlendar. Eitt dæmi mun vera til þess að maður sem smíðaði skyttu gjörði sér það til gamans að hafa hana á hjólum eftir erlendri fyrirmynd en þótti lítil bót að. Aldrei annað en spóluteinn í skyttunni eða aðeins teinn. Renndar tréspólur til þess að spóla ívafið á. Dæmi voru til þess að hveitilím var borið á pappírsblað, vafið þétt utan um spóluteininn tekið ofan af honum og látið harðna, varð það þá harður stingull og ágætt að spóla á það. Spólurokkur ætíð nefndur svo fylgdu honum spóluteinn og balbínuteinn, mislangir, báðir með snælduútbúnaði, stjakinn færður til í götunum eftir því hvert verkið átti að framkvæma. Oftast notaðir uppgjafa spunarokkar. Sérstakir spólurokkar munu hafa verið til en mér ókunnir. Spjálk aldrei nefnt annað svo mér sé kunnugt. Teikningin í vefnaðarbók frú Sigrúnar Blöndal er nákvæmlega eins og hér var notað.

p4

Talað var um að leggja upp í vef, (einnig að reikna upp í vef) og almennt notað hesputré við fram útreikning. Skreppurnar á hesputrénu samsvöruðu handraða í vefnum í uppistöðunni. 50 þræðir í skreppunni, en skreppufjöldi hespunnar fór eftir því hve mörg hundruð átti að vera á vefnum. Talað var um fjögra lóða verk, fimm lóða verk o.s.frv. Hér þekkist varla að vinda vefjartó á völur en þó var það til, þar sem ekki var til hesputré og þóttu þær konur fara undranærri um hvað eða hvernig mátti leggja upp úr því.

Að reikna í skeiðina var eingöngu viðhaft um þram þátt vefsins. Stóðst það ekki var talað um að voðin væri of lítið verpt og þá dregið úr skeiðinni og reiknað upp aftur. Uppistaða og ívaf voru algeng heiti.

Rakgrind eingöngu notað um það vefkfæri, fleiri tegundir ekki þekktar,

þær voru ekki til á öllum bæjum en fengu að rekja hjá grönnum sínum. Miðað var við að rekja (alltaf talað um að rekja vef) undirbita eða þverslá, sem grindin næði upp að, var klossi negldur á bitann sem hvolft hafði verið úr, svo gat myndaðist, var enda á priki stungið niður um það og gegnum göt sem voru á miðjum þverslám grindarinnar að aftan, gekk prikið þar niður í gegn. Ekki þó svo að það gengi ofan úr. Stundum var negld leðurpjatla á bilin svo þröng að prikið hélst í henni en þó grynnra í neðri endann. Á milli þess sem grindin var notuð var hún lögð saman og geymd upp á bita.

p5

Balbínur, balbínustóll:

Ætíð nefndar balbínusnældur misstórar holar innan með snúðum á báðum endum því stærri sem snældurnar voru styttri. Balbínustóll, nauðsynlegt áhald við vefnaðinn, venjulegast grind með þremur uppi stöndurum með götum sem vírteinar með lykkju á öðrum enda lágu í gegnum sem snældan snérist á, 6-7 hvoru megin við mið-uppistandarann. Þessir balbínustólar urðu að hallast að þili eða vegg, en aðrir voru sjálfstæðir, hölluðust lítið eitt aftur og studdust við bakuppistöður. Þekkti ekki sérstaka balbínurokka, þó kunni að hafa verið til, ávallt notaðir uppgjafarokkar, breytt til þessa og kallaðist "að balbína" á þá. Rakningsspaði: og umspurt áhald þekktist ekki fyrr en með erlendum vefstólum. Rakningsstokkur: ekki þekktur, en væri rakið af hnyklum voru notaðir koppar og kassar, þvottaföt o.fl. til þess að láta hnyklana velta í. Rakgrind: var sett upp í einhverju því húsi í bænum, þar sem var aðstaða (pláss) og umfram allt birta, hvort var í baðstofu, stóarhúsi eða framhýsi var fólki stundum kalt við að rekja. Áður en fest var á grindina efra hælatréð tók rakningsmaðurinn alinmál og mældi með því einn þráð janfmargar álnir og vefurinn átti að gefa og klippti fram yfir því sem þurfa þótti til að samsvara því, sem vefurinn myndi styttast við vefnaðinn og lét vinda þennan þráð upp á hnykil þegar mæld var sú lengd batt hann merki þar í þráðinn og vatt svo því sem mælt var upp á snælduna aftur með hendinni. Um vafningsspaða þarf ekki að ræða því þeir voru ekki til og ekki þráðarvölur.

p6

Venjulega voru tveir við að rekja og var full þörf, ekki síst ef um fleiri liti var að ræða t.d. dúka sem rekja var í flokkum. Ein umferð á grindina (upp og niður) nefndist "gengur" en ein ferð upp eða niður "feti" kallaðist "að leggja á grind" fyrsta fetann. Föst regla var ekki um hvernig rakið var að ofan eða niður, en sá sem þetta ritar sá aðeins rakið að neðan. Til þess að fylgjast með þráðarfjöldanum var settur sterkur spotti í skilið þegar handraðið var unnið, stórt eða lítið og bundið af. Var því svo fram haldið, brugðið um hvert handrað sérstaklega þar til rakningu lauk. Vefjarslanga: Dregnir voru spottar í öll skil áður en hún var látin niður. Heyrt höfum aðeins getið

um að rakið hefði verið á hæla en kunnum engin skil þar á.
Hafaldagrindur: voru til og virðast hafa verið algjörlega eins og teikning af þeim í vefnaðarbók frú Sigrúnar Blöndal. Ekki er kunnugt um sérstakt áhald til að rekja hafaldarefnið á, en í sumum tilfellum a.m.k. var það sniðið þannig til að undið var upp á bók sem hafði það ummál að jafngilti því sem þurfti til að hnýta 1/2 hafald, því tveir sátu hver á móti öðrum við að hnýta hafaldið. Vindingurinn var svo skorinn utan af bókinni og var þá komið tilsniðið efnið. Heyrt hefi líka að undið hefði verið upp á fjöl o.s.frv. frumstæð vinnubrögð. Efni í haföld var unnið úr dregnu togi og var mjög vandað til þess.

p7
Til þess að gjöra
þráðinn snöggan og haldgóðan var hann undinn upp á tólgarmola og soðinn í vatni þar til bandprjónn gekk í gegnum hann. Hafaldsauga
eða aðeins auga: Haföld voru geymd á þurrum stað, stundum hengd upp á skemmuloftum (gömlum). Stál-höföld fluttust fyrst laust eftir síðustu aldamót.
Vefjakabmur: Talað um að láta í kamb, eða leggja í kamb. Var þá losað um skilþráðinn og rifskaftið sett í. Skilþráður - almennast var talað um að "setja til vef" og "vinda upp vef".
Á slöngurifnum venjulega kallaður aðeins "rifur" voru kragar á báðum endum - stungið spítum í gegnum rifin til að stöðva þá svo vindingurinn yrði jafn út við. Helst þurfti 4 menn að hjálpast að við að vinda upp vef. Einn vatt á rifinn, annar hélt í slönguna, þriðji sat í setbekk að framan, gætti kambsins o.fl. og fjórði gætti rifsins og bómunnar að aftan, að ekki færi út af eða mikið út að flækjum og slitnum þráðum ef til fælust. Slöngu-endar greindir sundur og hnýtt á lykkja 1-2 hundruð í hverri. Draga í höföld: Bundið um hafalda sköftin að ofan. Tveir unnu saman að því að draga í höföld, annar rétti fram þræðina, sat aftan við eða inní eftir gerð vefstólanna. Ef um toghöföld var að ræða tók sá sem dró í með fingrunum þráðinn í gegnum augað. En með vírkrók "hafaldakrókur" eftir það að stálhöföld komu til notkunar. Þræðina (lagði) sveigði hann til hægri handar út á höföldin og hnytti saman með lykkju þegar ástæða þótti til.

p8
Skeiðarkrókur: flöt
blikk-þynna ca þumlungs breið og 6-7 þuml. löng, ávöl að framan með gogg myndað nef, sem var krækt fyrir þræðina. Við það starf voru ýmist einn eða tveir, eftir því sem hver og einn hafði vanið sig á. Ef tveir voru við það, var skeiðinni smeygt á milli hafaldasnæranna og lá langs eftir þeim, voru þau bundin saman svo skeiðin gekk ekki ofan á milli þeirra. Stóð þá sá sem dró í skeiðina framan við höföldin með hægri hendlegg yfir og aftanvert við höföldin og krækti með skeiðarkróknum fyrir þræðina, sem vefarinn tók til að ættu í hvern reyra, en hann sat framan við höföldin, með vefjarendana í vinstri hendi, en tók þræðina til með

þeirri hægri. Þurfti sá að hafa góða sjón, sem dró í skeiðina, því gæta þurfti þess vandlega að skilja ekki eftir reyr. En væri einn við ídráttinn hafði hann skeiðina í "slagborðina" lá það fyrir fram hann og dró þræðina með hægri hendi, þræðina niður um skeiðina, en hjálpaðist með báðum höndum að taka þá til. Hnýta á skaftið: aldrei heyrt talað um "framhnýtingu" eða "framhnýtingarskaft".

Uppbinding ekki heldur, þar voru aðeins viðhöfð vefstólssnæri. Þrjú fest um rifinn, þrædd í gegn um göt á rifnum sem snærishnútarnir féllu ofan í, en rás var eftir rifnum sem prikið (skaftið) féll í, þegar það bar að. Þegar ofnar höfðu verið nokkrar álnir var "tekið undan" sem kallað var, rekið ofanaf rifnum það sem búið var að vefa og snærin tekin burt, því annars hlaðaðist óeðlilega mikið á þau og myndaðist þá "gúlpur" eða miskengja í voðina.

p9

Svo voru snærin notuð aftur þegar vefnum var að ljúka, þá voru þau hnýtt í skilprikið að aftan og farið eins að og að framan. Oftast var talað um að fella niður vef eða fella af. Þegar vefur hafði verið "felldur af" voru þeir endar sam þá gengu af nefndir "neðangangur" notaður við botaskaga á fötum. En hinir endarnir frá byrjun vefsins "krummaklær" lítt nothæft. Að draga fyrir: það var eingöngu nefnt að draga fyrir þegar farið var að vefa einkum ef það var ekki nema lítið í fyrstu.

"Ég dró aðeins fyrir í gærkveldi". Ekki þekkist nema eitt orðtak um að gefa upp í, og ein aðferð við það, að gefa upp í einum boga - á öllum venjulegum vefnaði. Ef um grófan vefnað var að ræða voru oftast slegin tvö högg og þau þéttingsföst. Var fínni vefnaður einkum dúkar - var ívafið lagt hægt að með einu höggi og áréttað með öðru þéttara. "Spjálk": Spanstokkur ekki þekkt heiti.

Teikning af henni er í Vefnaðarbók frú Sigrúnar Blöndal - mjög lík því sem hér tíðkaðist, ætluð til þess að halda voðinni í jafnri breidd - endunum stungið í báða jaðra - naglaoddum í endanum og haldið þannig af kross flögu eða snerli sem hélt þeim niðri svo voðin varð þéttari og útlits betri, einkum í jaðarinn. Vefarinn hafði alinarlangan seglgarnsspotta sem hann færði til við lok hverrar álnar með hnút á enda, óf það í voðina við hver skifti.

p10

"Tæra"

nefndist að hleypa af afturrif og vinda upp á framrif nefndist bæði að færa og öll athöfnin tæra (nafnorð). Oftast talað um að fella niður vefinn. Fella af "þóf" var tvenns konar: þurraþóf og votaþóf.

Skal fyrst lýst lítillega þurraþófi: heitu vatni var hellt í stóran bala og sett í það "blauta-sápa" og sódi og þar næst lítils háttar af "keytu" mun ekki hafa verið ákveðið mál þar á. Þá var voðin sett í þetta, stappað á henni með prikum og henni velt til. Að

þessu loknu var þessum legi hellt af og hellt á hana volgu vatni oftar
en einu sinni til þess að ná skólpinu úr, og upp úr því var voðin undin
úti á hlaði, voru við það 3-4 menn. Fór sú athöfn þannig fram, að
fest var sterkt prik eða spíta í dyr sem ekki mátti láta undan, endanum
á voðinni vafið þar um eða faldir í voðinni sem var svo dregin upp úr balanum
og jafnframt snúið upp á hana og sett sterkt prik í lykkjuendann, svo auðveldara
væri að snúa upp á voðina. Var teygt á henni af og til. Þegar
þótti full undið voru prikin losuð úr endanum og voðinni hleypt saman í
harðan hnút sem hún gjörði sjálfkrafa. Þá var hún borin inn og losuð
í sundur og þófarinn tók til starfa sem fór fram í tunnu, eða þó oftar
á palli afmörkuðum í baðstofuhorni, því það þurfti að vera í hlýindum.
Þófarinn, sem var venjulega létt klæddur í skyrtu og einum buxum,
því þetta var hita-starf, fór að þæfa

p11
sem aðallega var
fólgið í því að velta þófinu til og frá með fótunum og sparka á því. Með
ca 30 mín millibili var þófinu kipp. Var það framkvæmt af teimur (venjulega)
konum sem höfðu á milli sín 3-4 al. lengju af voðinni, héldu í jaðrana
og kipptu þeim til hliðar með snöggu handtaki, nokkrum sinnum í hvert sinn
sem kippt var. Voðin jafnaðist og varð áferðarfallegri við þessar
aðgjörðir. Þegar voðin dæmdist full þæfð, sem húsmóðirin réði venjulega
um, var hún vafið lauslega upp á fjöl, en síðan af henni og á aðra og vandað
til þess - sátu þá tveir hver á móti öðrum og strengdu sem best. Þeir
gátu voðina á milli sín, var sú áreynsla svo mikil að konur fengu stundum
strengi í handleggi af átökunum. Síðan var vafið eða saumað utan
um fjölina, hún sett undir kistu og jafnvel farg þar ofan á, mjölsekkir
ef til voru, eða grjót. Votaþóf fór fram með líkum hætti. Fór
alið s.a.s. fram í tunnuskrokk og í fjósi. Var það undið upp úr þvælinu
þegar haft var vatnaskipti en fullnaðar vinding eins og áður er lýst. Venjulega
var það jafnað á eftir votaþófinu með þurru þófi, einni eða tveimur skorpum,
en svo nefndist tíminn á milli þess sem kippt var. Undantekningar
lítið þæfðu karlmenn, oftast heimamenn, en í sumum tilfellum voru eldri
menn fengnir til þess sem voru þá á lausum kili, en atvinna gat það ekki
kallast þó þeim væri eitthvað þægt fyrir. Talað var um "þófarabita"
og "þófaralummur"

p12
og var það föst regla
að baka þær handa þófaranum, því þær tilheyrðu því sem nefnt var tilhald
á þeim árum. Ekki er kunnugt að voðir væru sendar í verksmiðjur
í öðrum löndum til litunar eða lóskurðar né þófs, en þegar Gefjun tók til
starfa á Akureyri var sá háttur tekinn upp að senda þangað voðir einkum
fínni dúka til pressu og lógskurðar, en grófari dúka til þófs.

Skráð í febrúarmánuði
1966 Jónas Helgason

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1917
Sveitarfélag: 720 Borgarfirði (eystri)

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1261

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Vefnaður var ekki hafinn að hausti, nema ef svo stóð á, að tóskapur frá síðasta vetri hafði ekki komist í voð einhverra orsaka vegna. Hausttíminn fór mestur í að hirða um búgripina, lóga til vetrarins, sjóða og ganga frá vetrarforðanum til geymslu í salti og sýru. Einng fór mikill tími í það að hirða um eldivið er allur var heimaframleiðsla og starfsfrekur. Oftast mun hafa verið byrjað á því að spinna prjónaband og þráð er hafður var til aðgerðar á ullarfatnaði. Ekki man ég til þess að höfð væri föst venja á því á hvaða vefjarefni byrjað var, heldur mun brýnust þörf hafa ráðið þar mestu. Oft var byrjað á að tæta í þráðardúksvoðina, var mjög vönduð vinna og ull til hennar.
Uppistaða og ívaf var spunnið mjög grannt, og varð voðin þessvegna varpminni en úr gildari þræði. Þessi voð var aðallega notuð í nærfatnað og rekkjuvoðir. Lítið var um það að vefstóll væri settur saman fyrir jól. Þótti óhentugt að stunda vefnað í skammdeginu. Um þorrakomu var tíðast byrjað. Þá fór dag að lengja og birta að skýrast, og aðstaða öll að batna í misjafnlega björtum húsakynnum. Ef vefari var á heimilinu var venjan

p2
að hliðra þannig
til með útiverk að hann gæti stundað vefnaðinn frátafa lítið. Voru þessar aðstæður ekki, var fenginn vefari, og var það alltítt að góðir vefarar stunduðu vefnarvinnu á vetrum, ýmist hjá öðrum eða tóku voðarefnið heim. Afköst í vefnaði fóru aðallega eftir tvennu: hversu vefarinn var slyngur í starfi og hinu hvort uppistaðan slitnaði mikið eða lítið. Væri þráðurinn grannur og snúðlinur þótti það þolraun að koma voðinni fram, og vildu fáir við það fást. En metnaðarmál var það flestum að ljúka góðu dagsverki. Aðfengnum vefurum var ýmist goldið dagkaup eða vist auratal á alin. Hvert gjaldið var man ég ekki, en dagkaupið var 1 til 1 1/2

króna. Hvað setið var lengi í vefstólnum fór mjög eftir aðstæðum og kappi vefarnas, ef um ígripavefnað var að ræða. 10 til 20 álnir ofnar á dag þótti gott dagsverk, og átti hald slöngunnar sinn þátt í því. Þroskamiklir unglingar 14 ára og eldri fóru að fást við vefnað, ef aðstæður leyfðu, þá búið var að festa upp vefinn. Ekki varð ég þess var að vefnaður væri hafður til vöruskifta, enda var það metnaður allra betri heimila að framleiða flestar nauðsynjar sínar.

p3

Vefstóll: Vefstóll

var hann oftast kallaður, þó heyrði ég stöku sinnum nefndan vefstað. Kljásteinsvefnaðinn heyrði ég oft talað um, en ekki get ég fullyrt um það hvenær hann lagðist alveg niður, en hinsvegar heyrði ég oft talað um harm, og hið mikla erfiði er honum fylgdi. Það var talið með bestu afrekum í því starfi, ef ofin var ein alin á dag. Engar menjar sá ég frá þeim vefnaði nema steina er kallaðir voru kljásteinar. Voru þeir sjáanlega höggnir til og þynntir í eina brúnina og gat gert í gegnum hana. Kljásteinar þessir voru notaðir í hengsli á hurðir, sem áttu að falla aftur, er um dyrnar var gengið. Tvennum vefstólsgerðum kynntist ég, er að mestu leyti voru eins og myndirnar á A og B á spurningaskrá nr 15. Foreldrar mínir áttu vefstól af A gerðinni fram um 1890, þá var smiður fenginn til þess að breyta honum í B gerðina, þótt ekki væri hún að öllu eins. Smiðurinn er breytinguna framdi ar vel hagur bæði á tré og málma og fórst starfið vel úr hendi, og var sá vefstóll lengi notaður. Þá er að greina frá mismun myndarinnar A og þess vefstóls, sem ég þekkti. Vefjarrifurinn (stangarrifurinn)

p4

var staðsettur í

þríhyrningi, er felldur var í kverkina, sem myndaði vinkilhorn milli afturstöpla og efstu hliðarrima vefstólsins. Armar skeiðhaldsins voru þannig að efri hluti þeirra var mun breiðari en þar, sem þeir gengu gegnum þverspýturnar, er héldu að skeiðinni, en í breiðari hlutann voru gerðar raufir, hæfilega breiðar fyrir þykkt efstu hliðarrimanna. Sívalur járnteinn lá þvert yfir raufarnar, og héldu þeir uppi skeiðarhaldinu, er því var smeygt á rimarnar. Ofan á rimunum var gengið frá járni upp á röð með 3 skorum í röndinni. Í þeim skorum hvíldu járnteinar skeiðarhaldsins, og var þar hægt að færa það fram eða aftur, eftir því er henda þótti. Þá var skammelarimin staðsett milli framstöplanna neðan við setubekkin. Frá setubekknum var þannig gengið, að sverar járnlykkjur voru reknar framan í framstöplana, og aðrar 2 til endanna, gegnum setubekkinn. Í þeim voru festir járnkrókar, er var krækt í lykkjurnar framan í stöplunum. Þetta var öruggur útbúnaður á sætinu. Annan útbúnað sá ég á setubekk við vefstól, en hann var svo svikull að vefarinn lá í pallinum er síst skyldi.

Þá er að geta um uppihöld hafalda. Hafaldssláin, sem lá á milli og ofan á efstu rimunum, hélt uppi höföldunum,

p5
á þann hátt, að bundið
var upp um slána 2 trissum yfir báðum endum hafaldaskaftanna. Á hjóli
trissarma eru bönd með krókum á báðum endum, sem krækt er í lykkjur á hafaldasköftunum.
Milli hafalds og hliðarskafta eru bönd með króka á báðum endum er
tengja saman sköftin og samskonar bönd tengja saman hliðarsköftin og skammelin.
Krækingar milli skafta og skammela voru breytilegar eftir því hvaða vend
átti að vera á voðinni. Þegar A vefstól var breytt í B, var
byrjað á því að saga afturstöplana sundur ofan við bómurimina, skift var
um áður kallaðar miðhliðarrimar, en látið í þeirra stað breitt og viðamikið
borð, þar var vefjarrifurinn staðsettur afturundir afturstöplunum. Rifshausinn
var utan á vefstólsgrindinni vefaranum til hægri handar framan á hausinn
var negldar krossspýtur er notaðar voru þegar slangan var undin á rifinn.
Járngaddar voru reknir í hausinn með jöfnu millibili og var stillir
á þeim til þess að takmarka áfæruna. Um miðju vefstólsins voru uppstandarar
felldir utan í hliðarborðin og treyst með skrúfnagla gegnum hvorttveggja.

p6
Slá var felld ofan
á uppstandarana sem var nefnd hafaldaslá og gengdi sama hlutverki og á
mynd A. Skeiðarhald var staðsett á sama hátt og á A myndinni. Þverrimar
breiðar voru milli hliðarrimanna öllu framar en armar skeiðarhaldsins í
þær var voðarrifurinn settur og var hausinn á honum innan við rimina til
hægri handar vefarans. Á hausinn var negldur járnhringur fremur smátenntur
á efri brúnina og var hann það stærri en ummál haussins að tennurnar stóðu
út af brúnum hans. Járnloka var þar staðsett þannig, að hún gekk
eftir tönnunum er rifnum var snúið áfram, en hindraði að hann gæti gengið
til baka. Á þennan hátt var vefurinn spanaður. Gat var borað
gegnum hinn enda rifsins við innanverða þverrimina, í það var settur nagli
er stóð út af rifnum beggja vega og hindraði að hann gæti gengi til. Ofan
í spor á hliðarrimum var felld þverspýta, er var nefnd hnéslá, stækkaði
hún rými vefarans er hann sat að starfi. Allflest heimili munu hafa
átt vefstól, en þar sem þeir voru ekki var vefnaðinum komið fyrir á öðrum
bæjum. Ekki man ég til þess að vefstólar væru til sölu, hitt mun
hafa verið tíðara, að þeir væru smíðaðir heima. Hraðskyttu
og tvíbreiða vefstóla heyrði ég nefnda, en ekki varð ég þeirra var hér
um slóðir.

p7
Skeið: Vefjarskeiðar
voru 5 kvartel á lengd, og voru nefndar eftir tannatölu á kvarteli. Flestar
þeirra voru 80 til 100 tanna, en fátíðar voru 70 og 120 . Allar voru
þær útlendar og engar sá ég né heyrði talaða um er smíðaðar voru hérlendis.
Ekki heyrði ég önnur nöfn á skeiðunun. Vefjarskyttur: Allar

voru þær smíðaðar úr harðviði, eik, brenni og aski. Breiðastar voru þær um miðjuna. Þar gjört hús fyrir spóluna. Í öðrum enda þess var gengið frá járnteini er kallaður var ýmist spólu eða skyttuteinn. Í hinum enda hússins var gengið frá málmplötu með holu í miðju, en lítil rák var ofan að holunni, eftir henni var hinum enda teinsins þrýst ofan í holuna, og sat þá teinninn fastur í miðju spóluhúsinu. Spóluhúsið var oftast tæpur þriðjungur að lengd skyttunnar. Endar skyttunnar voru miklum mun grennri en miðjan, skorið var sveigmyndað úr þeirri hliðinni er að vefaranum snéri, en af hinni hliðinni, er frá vissi, var tekið af endanum þannig að endarnir voru út af miðju skyttunnar. Einnig voru endarnir mjög þynntir fram. Þá var eir eða látúnshlíf sett á endana er var mjög grönn fremst. Neðan á skyttuna voru settir 2 látúnsvírar og voru vinkilkrókar á endum þeirra reknir neðan í skyttuna, en þannig var að þeim

p8
þrengt, að þeir gátu
ekki lagst alveg að skyttunni, og voru undir 2/3 hlutum hennar. Þetta minnkaði svigrúm skyttunnar er henni var skotið gegnum skilið. Á hlið spóluhússins er að vefaranum snéri, var gat, sem tryggt var á ýmsun hátt gegn því, að ívafið af spólunni, er gegnum það gekk, mætti þar engri hindrum. Þær spólur er ég kynntist voru allar úr trávið. Þær elstu voru með beinhnúðum er voru felldir á enda leggsins, en illa þótti rekjast af þeim til endanna. Renndu spólurnar voru þannig að endar þeirra voru hæstir og jafn halli ofan á legginn. Þá sá ég notaða fyrir spólur, hólka, er beygðir voru saman úr þykktu pjátri, hnúðalausir. Þóttu þeir neyðarúrræði. Roðspólur sá ég ekki. Spólurokkur: Spólurokknum gjörði ég skil í svari mínu við spurningaskrá 14 og vísa til þess.
Spanstokkur: Spanstokkur er einnig var kallaður sprauta, var hafður til þess að halda út jörðum voðarinnar, svo að hún héldi sömu breidd og hún hafði í skeiðinni. Varð þessvegna að gæta þess að færa sprautuna er voðin gekk fram. Tvennar gerðir sá ég af sprautum. Endar sprautunnar voru röskir 2 þumlungar á breidd.

p9
Grannir málmoddar
voru í endunum, er stungið ar í voðarjaðarinn. Skammt frá endum var þverskora gerð inn að miðju spýtunnar frá báðum hliðum. Síðan var ..... rennt í sundur milli skoruendanna, og voru 2 helmingar jafnir.
Þá voru göt gegnum báða helmingana og nokkur fleirri á öðrum. Band var þrætt í götin og helmingarnir bundnir saman. Með því að færa til bandið í götunum, var hægt að stytta eða lengja sprautuna eftir þörfum.
Klúrur voru á báðum helmingunum til þess að halda andstæðingnum niðri.
Hin gerðin var þannig að þverskorur voru gerðar gegn hvor annarri í renndur spýtunnar skammt frá enda hennar, en miðhlutinn skorinn úr hinum hluta hennar og tekinn þar í sundur skammt frá enda hennar. Þá voru

boruð göt þvert í gegnum þessa 3 arma og sívalur málmás rekinn í gegnum á einum stað, og var þolinmóður sprautunnar. Málmgjörð var smeygt upp á tvíarmaða hlutann, og var hún færð yfir á neðri hlutann, er sprautan var spönuð. Hægt var að lengja og stytta eð því að færa þolinmóðinn.

Að leggja upp vef: Um það hefi ég fátt að segja annað en það að farið var eftir lengd þráðarins er í vefjarslönguna átti að fara. Breidd voðarinnvar var ákveðin, og varð að hafa ákveðinn þráðafjölda.

p10

Efnið ákvað því lengd slöngunnar. Gangurinn var þannig: þráðurinn var hespaður af rokksnældunni. Ummál hespuhjólsarmanna 3 álnir. 50 umferðir voru kölluð knekk og spotti hafður til þess að greina þau hvert frá öðru. Þar sem lengd hespunnar var kunn, var auðvelt að reikna hvað slangan mátti vera löng. Ekki er mér kunnugt um hvaða aðferð var notuð við að reikna út slöngustærð eftir þunga þráðarins. Sá aðeins einu sinni komið með hnykla í vefjarslöngu, og er sennilegt að þar hafi verið miðað við þunga þráðarins, en vafasamari hefir sá grunnur verið á að byggja en lengdarmálið. Sauðvölur voru almennt notaðar til að vinda á hnykla, en aðallega var það prjónaband og saumþráður. Að reikna í skeið: Að reikna í skeið vissi ég ekki til að ylli vandræðum. Gerð allra voða var miðuð við breidd og varp. Væri efnið af skornum skammti, var það látið koma fram á breiddinni, en auðvitað var varp voðanna miðað við í hvaða klæðnað þær áttu að fara. Að reikna í vef: Þegar reikna átti út vef í 80 tanna skeið, var fyrst athugað að skeiðin var með 400 tennur. Væri gjört ráð fyrir

p11

að hafa 2 þræði í annarri tönn, en þrjá í hinni, og til að fylla út í skeiðina þurfti slangan að hafa 1000 þræði. Þá var vitað hvað slönguefnið var margar álnir og var þá reiknað hvað voðin mátti vera löng. Í spurningunni er talað um munstur, er ég býst við að sé hið sama og við hér eystra köllum vígindi, t.d. vaðmálsvígendi, einskeftu vígind osfrv., en munstur var það kallað, er slanga og ívaf var mislitt eða annað tveggja. Ekki sagt um hvaða reglum var fylgt þegar þungi þráðarins var hafður að undirstöðu, var sú aðferð gengin um garð, er ég var að alast upp, en hinu man ég eftir að spunakonur voru að vigta hespur, sem þær vissu hvað höfðu langan þráð og töluðu um hvað margra lóða garn það væri. Að reikna í skeið: Þegar uppfestingu vefs var það langt komin að búið var að draga í höföldin, var vitað um þráðafjölda slöngunnar, og var hann venjulega sá er ráð var fyrir gert, en ystu þræðirnir færri, var það látið koma fram á voðarbreiddinni, en ekki á varpinu, og jafnmargar tennur á báðum endum skeiðarinnar ekki notaðar. Hins vegar var varp voðanna mjög misjafnt eftir því í hvaða fatnað þær áttu að fara.

p12
Að reikna í vef:
Þessu tel ég að mestu svarað við að leggja upp í vef. Uppistaða í vef var slönguefnið kallað, en slanga eftir að það kom af rakgrindinni.
Fyrirvaf og ívaf nefndist sá hluti vefsins er skyttan flutti gegnum skilin. Veft heyrði ég nefndan á síðustu árum hins almenna vefnaðar iðnaðar hér á Fljótsdalshéraði, og mun það orð hafa verið aðflutt.
Rakningsgrind: Rakgrind var það áhald kallað er vefjarslanga var rakin á, og var hún þannig gjörð að 2 spýtur jafnlangar voru lagðar saman í kross og tengdar saman á þann hátt, að spor var tekið í flatveg beggja, og voru gerð nákverna fyrir breidd spýtanna. Þegar spýturnar voru felldar saman í sporin, gátu þær ekki gengið til í krossinum. Þannig voru báðir endar rakgrindarinnar gerðir. Hliðar grindarinnar, er voru mun lengri en krossarmarnir, voru felldar inn í enda krossanna og mynduðu vinkilhorn við þá. Krappar voru settir í hornin til styrktar.
Eina rakgrind þekkti ég, er hafði þriðja krossinn í miðjunni. Hún þoldi vel þungar slöngur án þess að skekkjast. Víð göt voru gerð í miðja krossana. Gegnum þau var langur timburás og stóðu endar hans bæði uppúr og niðurúr krossinum. Þegar farið var að rekja vef, var rakgrindin venjulega höfð undir lofti í portbyggðu húsi, baðstofu

p13
eða framhýsi. Neðri endi ássins var hafður í holu er gerð var í spýtu er höfð var undir enda hans á gólfinu, en efri endinn var hafður í hanka úr tré eða leðri, sem negldur var utan á bita er loftið hvíldi á. Milli tveggja hliðarálma grindarinnar voru settir 2 hælar er nefndir voru rakgrindarhælar, en utan í þá voru festir 2 hælar í annan en 3 í hinn og voru þeir kallaðir skilhælar.
Rakgrindur munu hafa verið færri en vefstólar. Balbínur, balbínustóll:
Balbínum og balbínurokk hefi ég lýst í svari við spurningaskrá 14, og vísa til þess. Balbínustóll var þannig gerður að 3 uppstandarar voru festir í borðstúf að neðan, og spýta var felld ofan á endana til þess að halda þeim saman. Milli uppstandaranna var myndað rúm fyrir 2 balbínur samhliða. Göt með jöfnu millibili voru boruð á uppstandarana og sívalir járnteinar í þeim, sem balbínurnar ultu á er rakið var. Neðan á borstúfinn voru þverspýtur negldar, til þess að gjöra hann stöðugri, er af honum var undið. Misjafnir voru þeir á hæð, fyrir 12 eða 16 balbínur. Kallað var það að balbína, að fylla þær.
Rakningsspaði: Rakningsspaða sá ég engan né heyrði talað um, en völur heyrði ég talað um, að hafðar hefðu verið á vefjarþráðum, þá rakið var.

p14
Rakningsstokkur:
Eins og ég mun hafa getið um, sá ég aðeins einu sinni rakið úr hnyklum.

Var það nágrannakona er kom með vefsefnið og fékk það rakið. Smá ílát voru tínd saman undir hnyklana. Rakning á rakningsgrind:

Uppsetningu rakgrindar sagði ég frá, er ég lýsti henni. Áður en byrjað var að leggja á grindina, var álnað ofan af einni balbínunni jafnlangur þráður og slangan átti að hafa, var þar hnýtt merki á þráðinn, síðan var hann undinn upp á balbínuna aftur. Þá voru endar allra þráðanna bundnir saman, en fyrir ofan hnútinn var þræðinum skift í 2 jafna hluta og smeygt upp á fremsta hælinn af 3 er festir voru utan í rakgrindarhælinn efst á grindinni. Síðan var tekið þéttingsfast utan um þræðina með vinstri hendi og fyrsti fetinn lagður á grindina á þann hátt, að hann var lagður ofan á annan skilhælinn en undir hinn, en grindinni snúið með hægri hendi þar til að komið var að markinu á merkta þræðinum. Þá var neðri grindarhællinn settur í grindina og bundinn og stillt svo til að markið á þræðinum kæmi framan á fjarri skilhælinn. Var fetinn lagður undir hinn hælinn, en ofan á þann fremri og brugðið um hann og farið til baka, og var þá fetinn lagður ofan á hinn skilhælinn og til baka upp grindina neðan við fyrri fetann.

p15

Þegar komið var að efri skilhælunum, var fetinn lagður ofan á skilhælinn, sem fyrri fetinn var undir, en undir hinn hælinn, og síðan framyfir fremsta hælinn, án þess að mynda skil þar. Tveir fetar fram og aftur um grindina voru nefndir gangur. Utan um fyrsta ganginn var bundinn spotti, og var honum brugðið um og milli þeirra er á eftir komu. Er búið var að rekja vefinn, voru spottar dregnir í skilin og bundið að, bæði að ofan og neðan, og gátu gangaskil ekki raskast. Spottar þessir voru nefndir skilspottar. Venjulega voru 2 við að leggja fyrsta ganginn á grindina. Var þess vel gætt að halda þétt og stöðugt um fetann, og leggja hann ávallt á bera grindina, en ekki utan á það sem komið var, og fyrir neðan fetana. Þegar lokið var að rekja, nefnist uppistaðan á grindinni slanga. Þá var slangan tekin af grindinni þannig, að byrjað var á efri enda og brugðin lykkja á hann. Gegnum hana var hendi rétt fram á slönguna, og hún dregin í gegn. Myndaðist þá lykkja er var hnýtt á sama hátt og hin fyrri, og svo koll af kolli, þar til hinn endi slöngunnar var dreginn gegnum síðustu lykkjuna. Þetta var kallað að lykkja niður af grindinni. Væri um mislita uppistöðu að ræða voru litaskiftin höfð á fyrjunarhælunum. Ekki kynntist ég því að framyfir skot væru viðhöfð er uppistaða var mæld. Fyrir henni var gjört ráð í upphafi.

p16

Að rekja á veggjahæla og rúmstöpla: Þeirri aðferð kynntist ég ekki, hinsvegar heyrði ég talað um þá aðferð í svipaðri fjarlægð og kljásteinavefnað.

Hafaldagrind og höföld: (hér er mynd af hafaldagrind). Þá hef ég gert tilraun til að teikna hafaldagrind, þótt ekki tækist fimlega. Hafaldaefnið

ar rakið þannig að þræðinum var brugðið um efri enda augteinsins er upphaf
stendur, og mælt hvað hann þurfti að vera langur, var þar gjörð lykkja
og vísifingri brugðið í enda hennar. Síðan var þráðurinn hespaður
milli teinsins og fingursins. Þegar nóg þótti komið í svip, var hespan
skorin sundur við fingurinn og var fenginn annar helmingur í hafaldið.
Hinn var fenginn á sama hátt, en hafður mun lengri sökum þess að
með honum var myndað auga hafaldsins og hnýtt að teininum, en hinum þræðinum
brugðið í lykkjuna áður en hnýtt var að.

p17
Venjulega voru 2
að hnýta og höfðu grindina á milli sín. Hnýta varð hnúta sem ekki
rann á. Heyrði ég hann nefndan bæði spöruhnút og línuhnút. Útaf
hliðum grindarinnar stóðu endar gaflanna, milli þeirra var bundinn sterkur
spotti er kallaður var leyniþráður. Þegar búið var að hnýta að hliðunum,
var endunum einnig brugðið um þræðina og hnýtt að. Þegar búið var
að hnýta hafaldið var neðri gafl grindarinnar tekinn af henni og hafaldasköftunum
smeygt með hliðunum og leyniþræðirnir bundnir um enda þeirra og fast strengdir,
svo höföldin gátu ekki gengið af sköftunum. Augateinninn var lítið
grennri niður en hafaldið hnýtt efst um hann, og fært niður er því var
lokið. Er vefnaði var lokið var höföldunum vafið um önnur sköftin,
bundið utan um þau og hengd upp á þurrumstað. Stálhöföld heyrði ég
ekki nefnd, en höföld með stálaugum heyrði ég talað um, en sá ekki. Þau
fengu misjafna dóma of voru mjög fátíð. Vinnslu hafaldaþráðar hef
ég getið í fyrri svörum mínum. Vefjarkambur: Hann var
gjörður af 2 spýtum jafnlöngum. Á annarri voru hælar út við hvorn
enda. Á hinni voru spor, sem hælarnir gengu gegnum. MIlli hælanna
var áþekk lengd og hafalda og skeiðar og í það bil boraðar 50 holur, og
þær reknir sívalir tindar

p18
úr brúnspæni. Rás
var gjörð á milli sporanna á hinni spýtunni og síðan færð á hælana, og
gengu þá tindaendarnir inn í skoruna. Þá var loka sett í hælana og
vefurinn lokaður í kambinum. Að láta í kamb: Það var
kallað að leggja í kamb, er slöngunni var dreyft á milli tindanna í vefjarkambinum.
Fór það eftir breidd slöngunnar, hvort lagt var í hann allan eða
ekki, en hins var gætt að hafa jafn breitt í kambinum og átti að verða
í skeiðinni. Fetunum var síðan skift jafnt eftir því er hægt var,
milli tinda þeirra er notaðir voru, en aldrei var feti klolfinn til þess
að jafna þráðafjölda. Rifskaft var það skaft kallað sem fest var
í rifinn og gekk gegnum afturskilið, og var sterkur þráður bundinn um enda
þess, og var hann síðan dreginn gegnum fremra skilið og bundinn um hinn
enda skaftsins. Hann var vel strengdur. Að festa upp: Það
var kallað jöfnum höndum að festa upp, og að setja upp vef.
Að bóma vef: Að vinda slöngu á slöngurif var kallað að bóma vefinn.

Rifurinn var þannig gjörður, að djúp skora var í honum endilöngum, ofan
í hana var rifskaftið látið. Tveir kragar voru

p19
utan um rifinn og
3 göt voru boruð gegnum báða enda hans. Í þeim voru járnteinar sem
kragarnir voru felldir að með því að færa til járnteinana í götunum var
hægt að lengja eða stytta bilið á milli kraganna eftir þörfum. Þá
voru kragarnir færðir upp á skaftsendana í skorunni og héldu því föstu.
Venjulega voru 4 menn við að bóma vefinn. Tveir undu
á rifinn, einn gætti kambsins, og þess að slangan legðist slétt á rifinn
og þétt að krögunum og greiddi úr flækju, ef fyrir kom. Sá fjórði
hélt í slönguna og þótti það mestu skifta að það tækist vel. Frá
slöngurif var slöngunni brugðið upp yfir bómu og fram yfir efri framrim,
og þaðan fyrir voðarrifinn. Aldrei sá ég bómaðan vef án þess að kragar
væru á rifnum, en um það heyrði ég talað. Þegar búið var að bóma,
var komið með 2 sköft, sem nefnd voru skilsköft. Voru endar þeirra
bundnir saman með stuttu millibili, er búið var að smeygja þeim í skilin.
Þá voru öll bönd leyst af slöngunni, og breitt úr henni á sköftunum,
og enda skift í mörg smá hnýti, til undirbúnings við hafaldadrátt.
Að draga í höföld: Tveir menn voru jafnan við það að draga
í höföld, sat annar framan við höföldin. Byrjaði hann á því að telja
25

p20
höföld á fremsta
hafaldi, brá hann þeim í greipina milli þumal- og vísifingurs vinstri handar.
Þá tók hann áþekkan fjölda af næsta hafaldi milli vísifingurs og
löngutangar. Eins fór hann með aftari höföldin, og tók þau í greiparnar
er eftir voru. Hinn sat aftan við vefstólinn og rétti fram þræðina.
Byrjaði hann að leysa lykkjuna á jaðarhnýtinu með skilgreiningu og
rétti hafaldamanni er risti fram úr lykkjunni, og rétti til baka. Þá
var réttur jaðarþráðurinn, og var hann dreginn gegnum augað á aftasta hafaldinu.
Þeir næstu í þau næstu og sá fjórði í fremsta hafaldið. Þetta
var svo endurtekið þar til höföldin í þumalgreipinni voru þrotin, og 100
þræðir komnir í hafaldaaugun. Þráðarendarnir sem lagðir voru til
hægri fram á höföldin voru teknir í tvennt og hnýttir saman og lykkja gjörð
á seinna hnútsbragðið. Sama aðferð var endurtekin þar til slangan
var búin. Sá er rétti fram, varð að gæta þess að þræðir hvers feta
kæmu rétt fram. Að draga í skeið: Áður en byrjað var
að draga í skeiðina voru bönd bundin milli efri og neðri hafaldaskaftanna,
og voru þau höfð það slök að skeiðinni var smeygt inn fyrir þau, og var
hún látin halla lítið að manninum í henginu. Til þess að draga þræðina
gegnum skeiðina var notað áhald er kallað var gikkur.

p21

Þetta var venjulega
lítil spýta, sem var mjög þynntur fram og krókur á endanum. Sá er
dró í skeiðina tók þráðarknippið í vinstri hendi, rak gikkinn upp á milli
tannanna þar sem hann sat fastur, tók síðan þræðina með hægri hendi og
lagði þá á skeiðina þvert fyrir gikkinn, og dró þá í gegn. Ekki kynntist
ég því að 2 væru við að draga í skeiðina. Þegar 100 þræðir voru komnir
í gegn, var þeim skift í tvennt og hnýtt að. Að hnýta fram:
Þegar búið var að draga í skeiðina var skeiðarhaldið látið á vefstólinn,
og skeiðin í það. Þá var komið með skaft er uppistaðan var hnýtt
fram á, og nefnt var framhnýtingarskaft og vefstólssnærið. Það hlaut
það nafn, af því að það var ekki notað til annars en við uppsetningu og
fellingu vefa. Miðju snærinu var bundið um mitt skaftið og endarnir
dregnir í gegnum göt á voðarrifnum, er voru náið endum hans, og síðan var
þeim bundið um enda framhnýtingarskaftsins. Þá var byrjað á framhnýtingu
á þann hátt, að 100 þráða hnútur var leystur um miðja skeið og helmingur
hans hnýttur fram yfir skaftið. Síðan voru jaðrahnýtingar teknir
og gjörð sömu skil, og síðan koll af kolli, þar til slangan var öll komin
fram. Þetta verk varð að vinna af mikilli vandvirkni svo vel færi.
Þræðir allir jafnt strengdir.

p22
Uppbinding:
Henni hef ég að nokkru lýst, er ég lýsti vefstól, og er þar litlu við að
bæta. Útlit voða tók breytingum eftir því hvernig rækt var frá höföldum
niður í skammel. Aðallega voru 3 vefnaðartegundir framleiddar: vaðmál,
einskefta og vormeldúkur. Afbrigði frá þeim voru klæðisvefnaður og
brekáns. Áferð vefnaðarins var kölluð vígindi, og var hún breytileg
eftir því sem rækt var upp og stigið. En hver rækjuaðferð tilheyrði
hverri vefnaðartegund er ég búinn að gleyma. Vefjarhnúta heyrði ég
ekki nefnda, en línuhnútur var notaður við vefnað vegna þess að hann var
fyrirferðar minnstur, og aldrei rann á hann. Að draga fyrir:
Þegar vefarinn settist í stólinn, og steig í skammelin, kom skilið
í ljós, og skyttunni var skotið í gegnum það. Oftast var gefið upp
í, sem kallað var, og var það framkvæmt þannig, að vefarinn brá fingri
eða fleirrum, niður um miðja slönguna og ýtti ívafinu í boga upp að skeiðinni,
og hún lögð að áður en annað skil var stigið. Voð var kölluð vel
vörpuð þess efnismeiri sem hún var, og var það gjört með því að gefa upp
í og með því að hafa 3 þræði í tönn. Þeirri hendinni er skyttunni
skaut var gripið ofan í skilið, og gefið upp í og síðan um skeiðar og ívafið
slegið að. Voru þá oft framkvæmd snör handtök.

p23
Strax þá búið var
að vefa það breiða mön, að spanstokkurinn hafði þar sæti, var hann lagður
á og stilltur þannig að hann hafði sömu lengd og breidd slöngunnar í skeiðinni.
Engin hætta var á því að voðin gengi að sér, ef spanstokkurinn var

þétt færður. Þegar búið var að skjóta fyrstu fyrirdrögunum, var tekinn sterkur og toglaus spotti, rekinn hnútur á enda hans. Þá var mæld alin frá hnútnum á spottaendanum, og hann látinn ofan á milli þráðarma og ofið að. Hnúturinn varnaði því að spottinn drægist úr voðinni.

Er búið var að vefa alin var spottin tekinn og notaður aftur. Þetta var kallað alinmál. Lítið var um misfellur í vel röktum og vel uppsettum vef, nema ef slönguþráðurinn var grannur og snúðlinur, og var þá ekki annað fyrir en bæta og hnýta, en þolraun þótti það vera. Ekki vantaði það, að talið væri um aðsókn á fyrri dögum, en fáum hygg ég að hafi verið alvörumál, en sjálfsagt var að nota tækifærið, ef tilefni var til, er góðkunningja bar að garði. Áfæra var það nefnt að losa af slöngurif og vinda á voðarrif. Að fella vef: Að ljúka vefnaði og taka hann úr vefstól, var kallað að fella ef. Neðanafgangur voru þeir endar kallaðir, sem af gengu, og voru notaðir til aðgjörða. Krummabrækur af framhnýtingarskafti.

p24

Þóf: Mig rekur minni til þess að okkur krökkunum þótti mikið til koma þegar fara átti á svokallað fótaþóf. Nýofin voð hafði verið tekin niður úr vefstólnum.

Ef hún var löng, var henni skift í stykki, er hæfileg þóttu að hafa undir fótum í einu. Þá var settur pottur á hlóðir og hitað mikið vatn. Þegar sauð, var því hellt í stóran bala, og þvottaefni sett saman við. Upp úr þessu var voðin þvæld og þvegin. Síðan tóku 2 menn balann með voðinni og báru fram í bæjardyr. Höfðu þeir sinn stafinn hvor meðferðis. Annar þeirra greip hendi ofan í voðina og frá stafnum í lykkju þá er myndaðist og gekk frá dyrunum, þar til dyramaður var búinn að rekja voðina upp úr balanum, og brá endum hennar utan um sinn staf, er hann hafði þversum í dyrunum. Síðan tók útimaðurinn að snúa upp á voðina og gjörði hann ýmist að snúna á eða toga í voðina, eftir mætti og rann þá vatnið úr henni, og ekki hætti hann fyrr en hún var komin í einn hnút upp við hendur dyramanns. Þá var voðin borin til baðstofu, og rakin sundur ofan á sterkan hlera, sem lagður var ofan á pallinn. Fór þá þófarinn að fækka fötum, og var oftast á nærfötum einum. Betra þótti að hafa eftirlit með þófaranum,er honum hljóp kapp í kinn. Þegar þóf fór að koma í voðina, tóku 2 hana milli sín og teygðu, héldu um jaðrabrúnir og lögðu nærri saman

p25

og kipptu síðan snöggt og fast í jaðrana, og ef að þeir urðu vel samtaka kom hár smellur, og var það kallaður búmanna smellur. Þetta var kallað að kippa, og var endurtekið svo oft sem þurfa þótti. Oftast voru karlmenn á heimilinu er þæfðu.

Þófið var miðað við í hvaða fatnað voðin átti að fara. Þófaralaun var sjálfsagt að gjalda, og var það oftast í mat eða drykk og öðru því er þófaranum þótti til koma. Alkunn ar hér vísan til Bárðar á jökli, og

kváðu unglingar hana hárri röddu, er þeim þótti seint ganga þófið. Vísan var höfð svona: Bárður min á jökli, leggst þú á þófið mitt - Eg skal gefa þér lóna innan í skóna - hálfa skeifu og nagla þrjá - mórautt lamb þegar ég á - og láttu ganga þófið þá. Ekki var ég þess var að borgun væri tekin fyrir að þæfa voð, var það talinn sjálfsagður nágrannagreiði.

Þegar þófi var lokið, tóku 2 menn voðina og undu hana upp á fjöl, teygðu hana á lengd og breidd. Þá var tekin önnur fjöl og undið af þeirri fyrri á hana og vandað vel, og látin undir far. Lítið var um það að voðir væru sendar í verksmiðjur til lóskurðar eða litunar. Votaþóf var oftast þæft í stampi úti í fjósi.

p26

Þurubragur ortur

af séra Ólafi Indriðasyni á Dvergasteini. Lofsyng ég Þuru sem þörfust var
hér - þakklæti henni og virðingin ber - hennar frá Silstöðum frægðin út
fer - fúna því ekki, hún skyldi hjá mér. Eina hér nýlega bjó hún til brók
- bandið hún rétt fyrir mánuði tók - höfuð, mund, læri og handleggi skók
- handagang mikinn og skrum jók. Af hennar vörum fékk orð ekki neinn
- öllum hún dögunum þagði sem steinn - hver hennar talaði hrund eða sveinn
- hann varð að skrafa það allt einn. Svitinn í dropum af drósinni rann
- dansinn að neðan í setinu brann - andlit af raununum umhverfast vann
- um hana mokkaði gufan.

Persónuupplýsingar

Kvenmaður
Fæðingarár: 1923
Sveitarfélag: 310 Borgarnesi

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 6276

p1
Ull og tóvinna 3.
Ég þakka fyrir vinsamlegt bréf frá 14. febrúar. Gott ef eitthvað nýtilegt finnst í þeim molum, sem maður er að reyna að sópa saman.
Því miður kom þetta síðasta verkefni að tómum kofunum hjá mér, eða svo má heita. Þetta er orðið það fjarlægt. Foreldrar mínir áttu ekki vefstól. Við vorum á leigujörð, Hægindi í Reykholtsdal, 1926-36. Eigandi jarðarinnar, Helgi Þorbergsson, f. 22-11-1859, d. 7-10-1947, átti heima þar. Hann átti vefstól, og óf fyrir heimilið fyrstu árin. Hel, að ég hafi verið 8 ára, þegar hann síðast "setti til vef" heima. Hann gat þá notað mig til að rétta í höföld, og eitthvað spólaði ég líka. Ég man þetta óljóst, enda meir en hálf öld síðan, en spólurokkurinn var apparat með titti sem spólunni var smeygt uppá, og handsnúið. En ég veit líka að gömlum rokkum var breytt í spólurokka. Vefstóll var aðalnafnið, en ég heyrði þó nefndan vefstað.
Ég hef aðeins heyrt um kljásteinavefnað. Laufey Hannesd., man að móðir hennar Ólöf Sveinsd. í Brekkukoti, ættuð úr Fljótshlíð hafi heyrt í æsku, að gott hefði þótt, eða góð afköst, að vefa alin á dag í kljásteinavefstól.

p2
Ég man nöfnin skeið og ritti. Efni kopar og járn. Bestar voru harðviðarskyttur.
Sumar voru látúnsklæddar að neðan. Spólusteinninn kallaður prími, en Laufey Hannesd., sem ég hef meiri hluta af þessum svörum frá, segir að faðir sinn hafi slegið til spólur úr járni.

Laufey rissaði upp mynd af spanstokk, sem fylgir þessu. Orð notuð um uppistöðu voru ívaf og uppistaða. Rakningsgrind hef ég áreiðanlega heyrt, en Laufey segir rakgrind. Hún nefnir ás, grind og grísholt. Grísholt

efst og neðst, sem rakið var uppá af rakgrindinni. Uppistaðan var nefnd slanga. Við Laufey munum bara aðkeypt hafaldagarn. Ég man eftir brúnni, nokkuð stórri hnotu. Höföld voru geymd í kommóðuskúffu, og reynt að verja þau fyrir slaga. Þráðurinn í fremra gangskilinu - skilþráður. Tveir unnu saman við að draga í höföld. Annar rétti fram þræðina.

p3
Þráðarendar frá voð
voru kallaðar afvikur, og var notað sem þræðigarn (að þræða sauma), en mig rámar í að hafa heyrt krummabuxur líka. Faðir minn þæfði í baðstofuhorni, og var hlaðið í kringum hann. Þar þæfði hann undir fótum, léttklæddur og kófsveittur. Ég man þegar móðir mín og amma voru að hrista það upp. Þær létu smella hátt. Það var talað um þófarabita, en ekki man ég hvað pabbi fékk, en hann þurfti mikið að drekka. Það sem ég kann úr vísu: Bárður minn á jökli - leggstu nú á þófið mitt. Lengra nær ekki minn lærdómur í því. Voðin var undin upp á fjöl, og sett undir farg, til pressunar.

Ég sendi nokkur vefnaðarsýnishorn
fyrir ári síðan, flest frá Brekkukoti í Reykholtsdal. Hef fengið lofun fyrir bót á einum bæ, og þarf að kanna á öðrum bæ, en hef ekki tök á því núna. Þetta er aumt, en ég get ekki betur. Ég veit ekki hvort ég á að endursenda verkefnablöðin, ef svo er, þá látið mig vita. Ég held að ég sendi þetta síðasta, svo eitthvað verði í umslaginu.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1891
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1275

p1
Ull og tóvinna 3.
Vefnaður: Meðan tóvinna og vefnaður var stundaður af kappi á heimilum var venjulega byrjað að vefa í nóvember. Ég heyrði áhugasamar húsmæður segja: "Það er ekki álitleg með tóskapinn, ef ekki er búið að fella vef fyrir jól". Ef lá fyrir að vefa í utanyfirföt var það látið ganga fyrir. Oftast ófu karlmenn.
Fengu sumir auknefnið vefari, t.d. Gísli vefari á Héraði. Til voru og konur, sem urðu afkastamiklar við vefnað og stunduðu hann fram á efri ár. Ef ég man rétt hef ég áður nefnt Margréti Ólafsd. á Héraði.
Hér í Vopafirði var Aðalbjörg Þorsteinsd, lengi húsfreyja á Rauðhólum, kunn fyrir lægni og duganð við vefnað. Oddný Metúsalemsd., húsfreyja í Ytri-Hlíð, hefur ofið fram á síðustu ár. Áður fyrr heimilinu til hagsbóta, á seinni árum sér til ánægju, þrátt fyrir annasöm heimilisstörf.

p2
Um það hve lengi var setið í vefstólnum á dag vil ég segja þetta. Ég veit dæmi um það, að menn byrjuðu að vefa kl. 7-8 að morgni og hættu ekki fyrr en kl. 10 að kvöldi. Alltaf mun hafa verið ætluð ein stund til miðdegisverðar, vanalega kl. 2-3 og 2 önnur hlé, samtals aðra klukkustund. Var þá setan í vefstólnum fullar 12 stundir á dag. Sjaldan held ég að þetta áframhald hafi staðið margar vikur í einu. Bestu afköst í vefnaði voru 18-20 álnir á dag, og voru sjaldgæf. Varla munu þau hafa náðst nema vefurinn væri frekar grófur, ofið vaðmál eða einskefta og vefarinn kappsamur. Annars þóttu 10-12 álnir á dag góð afköst, þó ofið væri vaðmál, ef bandið var fínt, og ofið dag eftir dag.
Aðrar vefnaðargerðir var seinlegra að vefa og eins ef vefa átti röndótt eða köflótt. Varla held ég að unglingar hafi byrjað að

p3
vefa fyrr en 16-17
ára, svo heitið gæti. Ekki vissi ég til þess að neinir lifðu á því
eingöngu að vefa. Hvorttveggja var að vísu til, að menn ferðuðust
um og ófu og að menn tóku vefnað heim, en það var tímabundið. Sjaldan
meira en 2-3 mánuði á vetri, því oft voru fleirri en einn í sveit, sem
þetta gátu gert. Greiðsla var 20 aurar á alin fyrst þegar ég man eftir.
Var líklega komið í 40-50 aura fyrir fyrra stríð, 1914-18. Síðar
hækkaði þetta upp í kr. 1,5o-2.oo kr. á alin.

p4
Vefstóll: Orðið
vefstóll hefur eingöngu verið notað um þetta áhald, þar sem ég þekki til.
Ég hef ekki kynnst neinum mönnum, sem hafa séð kljásteinavefstól.
Nágrannar mínir Gísli og Þorsteinn, sem ég hef áður nefnt segjast
ekki muna eftir neinu honum tilheyrandi frá sínum uppvaxtarárum í Suðursveit.
Ég sá nokkuð marga vefstóla á uppvaxtarárum mínum á Héraði.
Ég get þó ekki nefnt nokkurn vefstólasmið. Þó hef ég fyrir
satt að Þórarinn Sölvason á Ormarsstöðum hafi smíðað sinn vefstól. Hef
ég nefnt Þórarinn áður, ef ég man rétt. Ekki minnist ég þess
að ég sæi nema einn vefstól, einsog og mynd A sýnir, að því leyti að bóman
væri svona hátt uppi. Var mér sagt að það væri eldri gerð. Sama
segja og vinir mínur úr Suðursveitinni. Þetta virðist manni einkennilegt.
Þeir hafa þó verið plássfrekir og ekki nentað vel í lágreystu

p5
baðstofunum áður
fyrr. Eitt var frábrugðið á þeim vefstól, sem ég sá og mynd
A sýnir. Skeiðarhaldið var þar fest á slá nr. 10 og að sjálfsögðu slána
á móti. Þar snéri upp, það sem niður snýr á skeiðarhaldinu á mynd A. Umbúnaður
um skeiðina var eins og með því að ýta höföldunum lítið eitt aftur, gætum
við hugsað okkur að skeiðin kæmi á sama stað, slá nr.5 yrði að neðan og
hin sláin ofar. Mætti hún vera aðeins grennri. Þá yrði að búa
svo um slá nr. 5, að hún gæti ekki dottið niður. Sé ég þá ekki betur
en sú tegund af vefstól sé komin, sem ég sá áður fyrr. Ég þykist
muna það alveg greinilega að umbúnaður á skeiðarhaldinu var svona. Þarna
var það hangandi en ekki standandi. Ég nota hér orðið skeiðarhald
hvk., en hef þó á tilfinningunni að það hafi meira verið notað í kk. skeiðarhaldari,
á mínum uppvaxtarárum.

p6
Ég kannast ekki við
að orðin fram-rifur og aftur-rifur væru notað á Héraði fyrst þegar ég man
eftir. Þau komu síðar. Ásinn sem vefjarslangan var
undin á kallaðist bóma, en ásinn, vem voðin vattst á var kallaður rifur.

Á öllum vefstólum, sem ég man eftir frá þeim tíma voru bóma og rifur á sömu hæð, eins og sýnt er á mynd B og skeiðarhaldið fest eins og mynd A sýnir. Aðeinn einn var af annarri gerð, þ.e. bæði bóma og skeiðarhald fest að ofan eins og áður segir.

Bræðurnir Gísli og Þorsteinn segja, að mörgum gömlum vefstólunum hafi verið breytt þannig, að bóman var færð niður. Ef ég skil mynd B rétt, er skeiðarhaldið þar fest að ofan. Ef til vill hefur að verið stundum. Hitt var áreiðanlega algengara að frágangurinn væri eins og mynd A sýnir. Þegar vefurinn fór að nálgast skeiðina þurfti "að færa". Þá var lyft upp hleypiloku og slakað á bómunni um 3-4 þuml., gæti ég trúað.

p7

Á enda rifsins var tenntur kragi dálítið stærri en gildleiki rifsins. Á vefstólinn, nálægt kraganum var komið fyrir litlu bognu járni, sem kallaðist stillir.

Annar endi hans var þunnur með gati í gegn. Hinn endinn var meitillaga og gat fallið niður milli tanna kragans, þegar vefurinn var strengdur eftir hverja færu. Með nagla, sem gekk í gegnum gat stillisins var hann festur við vefstólinn, en hinn endinn nam við kragann. Hakar voru á enda rifsins, svo hægt væri að vinda upp á hann, þegar slakað hafði verið á bómunni. Þessi umbúnaður og kraginn var kallaður rifshaus.

Á enda bómunnar voru samskonar hakar, en í stað tennta kragans voru standar með jöfnu bili, sem ásamt hleypilokunni, tempruðu lengd hverrar færu.

p8

Vefjarkeið: Ekki hef ég heyrt annað nafn á þessum hlut. Í daglegu tali var þó sagt skeið. Ég veit ekki til að þær vefjarskeiðar, sem ég sá, væru heimasmíðaðar.

Ég held að þær hafi allar verið úr járni eða stáli. Þær voru allar af svipaðri lengd, ekki þó alveg jafnlangar, ef ég man rétt. Nágrannar mínir, Gísli og Þorsteinn segja að þær hafi allar verið jafnlangar. Ég man ekki hvort ég heyrði talað um 60 tanna skeið, en ég heyrði áreiðanlega nefnda 70,80,90 og 100 tanna skeið. Gísli og Þorsteinn segjast muna eftir 60 og jafnvel 50 tanna skeið. Allir, sem ég hef talað við segja, að þessi tala sé miðuð við ákveðna lengd á skeiðinni, þ.e. eitt kvartel = 1/4 úr alin. Með öðrum orðum: Með þessum tölum var það táknað hve grófar eða fínar skeiðarnar voru. Algengastar voru 70 og 80 tanna skeiðar, einnig voru 90 og 100 tanna skeiðar allmikið notaðar.

Ég þykist og muna eftir 120 tanna skeið.

p9

Vefjarskytta - vefskytta:

Í æsku minni heyrði ég bæði þessi orð, oftar það fyrra. Oftast

var þó í daglegu tali sagt skytta. Vefarar lögðu sig fram um að eignast góðar skyttur, ekki síður en smiðir að eignast góð verkfæri. Allar skyttur, sem ég sá, voru úr tré og líkar að lögum, en handbragð og trjátegundir gat verið misjafnt. Flestar voru úr harðviði, ask eða eik. Áttu þær að vera léttar, vel fágaðar og þær áttu að smjúga gegnum skilið eins og silungur gegnum vatnið. Flestar voru úr látúns- eða koparvír, sem barinn var sléttur og síðan sorfinn og fágaður. Þegar lengdin var fundin voru endarnir beygðir og síðan negldir upp í botn skyttunnar.

Spóluteinninn var venjulega úr samskonar vír. Oft var og felldur vír á báða enda skytturnnar. Fremur var það gert til prýðis en gagns, held ég.

p10

Spólurokkur: Ég sá spólurokk, heimagerðan, einfaldan og ekkert listasmíði, en var þó notaður árum saman. Hugsum okkur 2 borð hlið við hlið. Lengd 1 1/2-2 álnir, breidd 5-6 þuml., þykkt 2/3-1 þuml. tengd saman með 3-4 listum. Undir hvorn enda eru settir 2 fætur álíka og á rokk. Ofan á þetta skammel voru greyptir eða festir vel 4 uppstandarar, tveir og tveir hvorum megin, segjum 4-5 þuml. frá endum. Hjólinu var komið fyrir á uppstandarana hægra megin. Var hæð og bilin milli þeirra við það miðuð. Við uppstandarana hinum megin var festur grunnur kassi.

Í honum var útbúnaður fyrir spóluteininn með áfastri trissu. Hjólið og trissan var tengt saman með snúru. Sá rokkur, sem ég hef sérstaklega í huga var handsnúinn. Litla breytingu þurfti að gera til þess að hægt væri að stíga hann.

p11

Spanstokkur: Ekki þekki ég annað nafn á áhaldi því, er haft var til að strengja jaðra voðarinnar þegar ofið var. Var hann í 2 hlutum, eins og reynt er að sýna. Smánaglar voru í hvorum enda, sem stungið var í jaðrana. Hlutar hans voru tengdir saman með nagla, sem gekk í gegnum göt á báðum álmum hans. Samanlögð lengd beggja arma átti að vera jöfn breidd slöngunnar í skeiðinni hverju

sinni.

p12

Balbínur: Það voru snældur, sem uppistöðuþráðurinn var undinn á, áður en rakið var. Þær voru lengri og gildari en rokksnældur og snúðarnir stærri og báðir eins.

Það var hægt að balbína á spólurokk, ef fenginn var tilheyrandi teinn og trissa. Líka sá ég gamlan spunarokk,sem breytt hafði verið í balbínurokk.

Verkið kallaðist að balbína, hliðstætt því að spóla. Balbínustóll:

Þegar átti að vinda af rokksnældu voru þær venjulega látnar í snældustól.

Eins var gert við balbínurnar, þegar átti að fara að rekja í vefinn.

Þær voru látnar í balbínustól. Hann var mjög einfaldur að gerð.
Hugsum okkur gluggakarm, dálítið lengri en hann er breiður, með póst í miðju á lengri veginn. Boruð voru göt með jöfnu bili, bæði á hliðar og miðslá. Í þau voru látnir hæfilega langir járnteinar. Voru 2 balbínur látnar á hvern, t.d. 6-8 hvorum megin.

p13
Rakgrind - rakningsgrind.
Fyrra orðið var nær eingöngu notað á Héraði um þetta áhald, þegar ég var að alast þar upp. Ekki man ég eftir nema einni gerð af þeim. Líklegt er þó að þær hafi verið fleirri. Reyni ég þá að lýsa rakgrind. Hugsum okkur 2 krosstré, jafnarma með gati í miðju, sem grópuð hafa verið saman vinkilrétt. Súla var sett í gegnum gatið á krosstrjánum. Var hún ofurlítið hærri en grindin átti að vera. Þá hugsum við okkur 4 renglur (slár) jafn langar. Á hvorn enda þeirra voru endar krosstrjánna greyptir þannig, að lengd þeirra takmarkaði hæð rakgrindarinnar. Venjulega var rakið í húsi eða stofu undir baðstofulofti. Stundum í gestastofu í frammihúsi. Að ofan var rakgrindin fest í loftsbita eða í borð eða blankabút, sem þá var negldur neðan í loftið. En hún stóð á gólfinu á plankastúf eða skammeli lágu eða háu eftir ástæðum. Rakgrindur voru færri en vefstólar.

p14
Rakningsspaði: Þetta áhald sá ég aldrei meðan ég var á Héraði og ekki heldur síðan ég kom hingað í Vopnafjörð. Vinir mínir úr Suðursveitinni segja að hann hafi ekki þekkst þar. Aftur segist ung kona Oddný P Jóhannsd., sem fyrir 12-14 árum var á húsmæðraskólanum á Hallormsstað, kannast við rakningsspaða.
Hann hefði verið notaður þar, þegar vefir voru raktir. Þetta er dálítið spjald með götum, 4-5 cm. á lengd og með skafti. Eru þræðirnir þræddir í götin og haldið um skaftið með annarri hendinni, og síðan rakið á grindina á venjulegan hátt. Rakningsstokkur: Ég man ekki eftir þessu orði frá æskuárum mínum. Ég sá rakið af hnyklum.
Þurfti að hólfa þá sundur, til þess að ekki færi allt í flækju. Man ég eftir einum slíkum kassa með allmörgum hólfum. Þó þurfti a bæta við plaggakassa og kembulár, man ég eftir. Gaman þótti

p15
okkur krökkunum að passa hnyklana, að þeir hoppuðu ekki upp úr hólfunum meðan rakið var. Gaman var og að sjá að endingu á hvað þessi eða hinn hnykilinn hafði verið undinn eða hvort undinn hafði verið hönk til að byrja með. Rakning á grind: Alltaf voru amk. 2 við að rekja vefinn, gjarnan karlmaður og kvenmaður, venjulega sá eða sú, sem ætlaði að vefa og einhver annar.
Lengd voðarinnar var mæld þannig að mældur var einn þráður af einhverri balbínunni, t.d. 30, 40 eða 50 álnir, eða hvað sem vefurinn átti að vera.

Þar var hnýttur ullarlagður eða léreftspjatla á þráðinn. Síðan var þráðurinn undinn á balbínuna aftur. Þá tók rakningsmaðurinn alla þræðina, jafnaði endana og hnýtti á hnút. Nú skipti hann þráðunum í jafna hluta og setti lykkjuna á þann hæl, sem næst var enda hæltrésins.

Var nú byrjað að rekja, þ.e. leggja á grindina. Farið var ofan við miðhælinn

p16
neðan við hinn og
fetað áfram niður grindina, þangað til kom að merkinu. Þar var neðra hæltréð fest, og var þá snúið við, brugðið ofan og neðan við hælana á víxl og myndaðist þannig skil. Ég þykist muna að spotta væri brugðið um ákveðinn þráðafjölda í neðra skilinu, líkt og gert var um knekk á hespu.

Minnir mig að það væri miðað við 5 eða 6 umferðir á rakgrindinni.

Þræðirnir í hverri umferð voru kallaður "feti", hvort sem farið var niður eða upp grindina þegar rakið var. Eins var talað um feta, t.d. þegar farið var að leggja í kamb. Þess var gætt, þegar rakið var, að hver feti kæmi þétt ofan við þann næsta. Þannig myndaðist samfellt belti, sem lá í bugðum niður alla grindina og breikkaði sífellt meðan haldið var áfram að rekja.

Fullrakin uppistaða
á grind kallaðist vefjarslanga eða bara slanga. Bundinn var

p17
spotti í skilið við
hvern hæl bæði að ofan og neðan og vel gengið frá öllu. Einnig var bundið á 2 stöðum, utanum slönguna við hvern hring á grindinni, til þess að hún flóknaði ekki. Síðan var slangan losuð af efri hælnum og fléttuð niður grindina í svokallaða möskva. Þurfti að styðja vel við grindina á meðan, svo að slangan hrapaði ekki. Sömu handtök voru alltaf notuð við að taka slöngu af grind. Ekki vissi ég dæmi til að slanga flóknaði, jafnvel þó hún væri sett í poka og borin milli bæja.

p18
Hafaldagrind: Þetta
áhald sá ég í æsku minni. Var það afskaplega fábrotið. Fjórar renglur voru greyptar saman hornrétt. Mun hafa verið 32-33 vm. bil milli hliðarfjala. Lengd líklega 45-50 cm. gæti ég trúað. Mitt á milli hliðarfjala lá grönn slá, kúpt eða sívöl. Takmarkaði hún stærð augans, sem líklega hefur verið 1 1/2 cm. eða svo. Áður voru höföld unnin úr togþræði. Ekki sá ég það gert. Þau höföld, sem ég man eftir og sá hnýtt, voru úr samskonar garni og silunganet, virtist mér.

Að rekja hafaldaefnið var að vinda það upp á fjöl, sem var nokkuð lengri en breidd hafaldagrindarinnar. Tveir unnu saman að því að hnýta höföldin. Nú skáru þeir efnið af fjölinni þannig að

hver umferð varð tveir spottar. Tóku þeir sinn endann hvor, tengdu
þá saman og hnýttu síðan hafaldið þannig: Þeir jöfnuðu endana, tengdu
þá saman í miðju og um leið batt annar sínum spotta um miðslána með 2 hnútum,
þ.e. "hnýtti augað".

p19
Síðan batt hvor um
sig um hliðarslána sín megin með 2 hnútum og tengdu að lokum endana saman
með einum hnút. Á þennan hátt sá ég höföld hnýtt. Augað fylgdi
efri hlutanum. Á honum voru 5 hnútar. Hinn hlutinn var tengdur
í augað, hnýttur um gangstæða hlið hafaldagrindarinnar, hnútar þrír. Síðar
settur á neðra hafaldaskaftið. Ofurlítið bil átti að vera milli hnútanna
tveggja, sem mynduðu hafaldið og endahnútanna. Í þetta bil var dreginn
þráður. Voru endar hans vandlega bundnir um enda hafaldaskaftanna.
Voru þar oft tálgaðar skorur í sköftin, til þess að stöðva bandið.
Stundum voru festar lykkjur á sköftin í sama tilgangi. Bandið, sem
ég hér tala um, kallaðist leyniband eða leyniþráður.

Ég hygg að stálhöföld
hafi lítið verið notuð hér um slóðir. Það var aðeins augað, sem var
úr stáli. Ég man að þau voru talin dýr, entust lítið, af því að þau
vildu ryðga og uppistaðan slitnaði meira í þeim.

p20
Vefjarkambur: Ég
hygg að það hafi varla brugðist að þar sem vefstóll var á heimili, þar
var líka vefjarkambur. Var hann notaður þegar bómað var, þ.e. slangan
undin á afurrifinn, bómuna. Ég man ekki, að ég heyrði annað nafn
á þessu áhaldi. Margbrotið var það ekki, líktist nokkuð hrífuhaus
með lindum. Var hann nokkuð lengri og gildari en venjulegur hrífuhaus
og alveg beinn. Borað var fyrir tönnum kambsins, eins og tindum í
hrífuhaus. Voru þær álíka gildar og lítið eitt lengri en venjulegir
hrífutindar úr tré. Efni og smíði var vandað eins og föng voru á.
Því miður get ég ekki sagt hve langur kamburinn var, né hve langar
og þéttar tennurnar voru. Ég þykist muna eftir kambi, sem í voru
35 tennur. Aðalhluti kambsins, sem tennurnar voru negldar í náði 3-4 cm.
út fyrir endatennurnar beggja megin. Þar á voru greyptir kubbar,
sem voru allt að helmingi lengri en tennurnar. Á þessu endakubba
voru gerðir stallar jafnir hæð tindanna, en þunnir

p21
geirar stóðu upp
úr þeim miðjum. Ofan á þetta var sett passandi fellilok. Var
gat eða skora á endum þess. Féll það slétt og nákvæmlega á tindana
og áðurnefnda stalla. Gat var borað á hvorn geira ofan við lokið,
og það síðan fest með splitti. Brúnirnar á hliðum loksins féllu lítið

eitt niður á tindana. Að láta í kamb: Verkið að dreifa
slöngunni í vefjarkambinn var hér um slóðir kallað "að leggja í kamb".
Var það fast orðtak um það verk. Vefarinn vissi alltaf
hve margir þræðir voru í slöngunni, og þá líka hver breiddin yrði þegar
búið væri að draga í höföldin. Breiddin í kambinum átti að vera sú
sama og í höföldunum. Með þetta í huga var auðvelt að reikna út þráðafjölda
í tönn á kambinum.

p22
Að festa upp: Það
var í stuttu máli þetta: Að vinda slönguna á bómuna, afturrifinn,
draga í höföld og skeið og festa uppistöðu í framrif, þ.e. festa slönguna
í vefstólinns, svo að hægt væri að byrja að vefa. Að bóma
vef: Ásinn, sem slangan var undin á kallaðist bóma, síðar afturrifur,
sem er ljótt orð. Að bóma var að vinda slönguna á bómuna. Eftir endilangri
bómunni, frá rifshaus og aftur var heflað plógfar, íhvolf lægð. Í
það var rifskaftið sett. Á bómunni voru svokallaðir kragar. Voru
það 2 tréplötur á stærð við nokkuð stóran disk með gati í miðju. Áttu þeir
að falla nokkurn veginn á bómuna, en vera þó hreyfanlegir. Gegnum bómuna
voru boruð göt, 6-8 hvorum megin. Utan á kragana voru negldar 2 litlar
lykkjur hvor á móti annarri. Nú voru kragarnir færðir til á bómunni
þannig að þeir kæmu yfir enda plógsskaftsins og bilið milli væri jafnt
og breidd slöngunnar í kambinum. Mátti setja þá

p23
fasta með vír, sem
þræddur var í götin á bómunni og lykkjurnar á krögunum.

Gerð voru vik upp
í kragana, af því að plógskaftið féll ekki alveg niður í farið. Var
það líka bundið við bómuna á 2-3 stöðum. Venjulega voru 3
við að bóma. Einn vatt upp á rifinn, annar hafði auga á kambinum
og þriðji sá um áferð á bómunni. Það átti að vinda jafnt og rólega,
enda runnu þræðirnir venjulega viðstöðulaust gegnum kambinn. En stundum
sást þó slitinn þráður, snurða eða slaki, sem þurfti að laga. Oft
var það kvenmaður, sem sá um bómuna. Þurfti hún að vera aðgæti og
handfljót. Áferðin átti að vera sem jöfnust og sléttust, en það vildu
myndast garðar og lægðir og þó sérstaklega út við kragana. Höfðu
þær ekki við að jafna á bómunni, þó hægt vær undið. Ekki man ég eftir
að nein áhöld væru notuð við að slétta á vómunni. Að verki loknu
vor slönguendinn bundinn við brjóstbómuna (sjá mynd B).

p24
Að draga í höföld:
Þetta var fast orðtak um að þræða slönguþræðina í höföldin. Tveir
hjálpuðust að við það verk. Annar var framan við höföldin og dró

í. Hinn var aftan við þau og rétti þræðina. Efri hafaldasköftin
voru bundin saman meðan verkið stóð yfir. Að öðru leyti voru þau
laus. Ef áætlað var að ekki þurfti að nota öll höföldin, þótti lögulegra
að skilja þau ónotuðu eftir beggja megin. Var byrjað á að binda utanum
þessi auka höföld. Nú taldi maðurinn, sem ætlaði að draga í, 25 höföld
á fremsta skafti og setti þau milli þumalfingurs og vísifingurs vinstri
handar, þá tók hann af næsta skafti álíka mörg höföld, án þess að telja
og setti þau milli vísifingurs og löngutangar, sama gerði hann við þriðja
skaftið og setti þau höföld milli löngutangar og græðifingurs, og loks
tók hann höföld af fjórða skafti og setti milli græðifingurs og litlafingurs.
Nú hafði hann gott vald á höföldunum. Hann byrjaði á aftasta
skafti hægra megin, og áfram röðina fram. Byrjaði svo aftur og endurtók

p25
röðina í sífellu.
Þegar hann dró í síðasta hafaldið á fyrsta skaftinu, þá vissi hann
að fyrstu 100 þræðirnir voru komnir í höföld. Þá tók hann endana,
jafnaði slaka og hnýtti á þá lykkju framan við höföldin. Var þetta
endurtekið þangað til verkinu var lokið. Gengið var frá skilsköftunum
og kamburinn fjarlægður, áður en farið var að draga í höföldin. Hjálparmaðurinn
átti alltaf að vera viðbúinn með þráð og gæta þess, eftir því sem hægt
var, að þeir kæmu í réttri röð. Að draga í skeið: Þetta
verk vann aðeins einn maður þar sem ég þekkti til. Áhaldið, sem hann
notaði, kallaðist venjulega krækja. Gikkur þekktist einnig. Báðir
endar skeiðarinnar voru festir við höföldin, gjarnan aukahöföldin. Átti
hún að vera lárétt og önnur brún hennar að falla að fremsta hafaldinu,
neðan við þráðahnútana. Verkið byrjaði og maðurinn leysti fyrstu
100 þræðina, tók 3 þá ystu og setti með krækjunni gegnum skeiðina þar sem

p26
hann ákvað að byrja.
Dálítið var breytilegt hve margir þræðir voru hafðir í tönn, ýmist
2 eða 3. Þegar hundraðið var búið var hnýtt að því neðan við skeiðina.
Að hnýta fram: Þetta var fast orðtak hér um verkið
að hnýta slönguþráðunum á skaft, sem svo var tengt við framrifinn. Því
miður man ég ekkert hvað þetta skaft var kallað, en það var tengt við rifinn
með 3-4 jafnlöngum snærum. Var nú búið að draga í skeiðina og setja
hana í skeiðarhaldarann. Voru endarnir leystir, hvort hundrað, og
hnýttir við skaftið í 4 knippum, minnir mig, hvert. Uppbinding:
Hér mun vera átt við að tengja saman skammel, hliðarskammel og hafaldasköftin.
Þetta var venjulega kallað "að krækja upp" í vefstólnum.
Þetta var mismunandi eftir því hvað ofið var og treyti ég mér ekki
að fara út í það. Lykkjur voru í skammelunum. Í neðri hafaldasköftunum
snæri með krókum, sem tengdust í lykkjurnar.

p27

Að draga fyrir: Þetta var fast orðtak um að byrja að vefa. Oft var skilið óhreint til að byrja með. Varð að greiða skyttunni leið fyrstu ferðirnar. Venjulega lagaðist þetta fljótt. Það tilheyrði sumum vefnaði, t.d. vaðmáli "að gefa upp í". Það var að grípa með hendi gegnum uppistöðuna framan við ívafsþráðinn um leið og hann raktist af spólunni, og ýta honum nær skeiðinni. Lá þráðurinn í boga þegar stigið var, og slegið með skeiðarhaldinu, sem hvorttveggja gerðist í einu. Þetta gerði voðina þéttari. Ef uppistöðuþræðir slitnuðu var talað um að bæta vefinn, þegar það var lagfært. Þegar voðin nálgaðist skeiðina þurfti "að færa", þ.e. lyfta hleypilokunni, slaka á bómunni og vinda upp á framrifinn.

p28

Þóf: Það var talið vandaverk að þæfa og voru oft fengnir til þess æfðir þófarar. Vandinn var að voðin þófnaði öll jafnt. Fyrst þurfti að bleyta vel og rækilega í þófinu, þ.e. þvo voðina vandlega. Var það gert á líkan hátt og þegar ullin var þvegin, nema að voðin var þvegin inni og bæði þvottaefnið og verkið sjálft vandað enn betur. Voðin var undin úti. Hjálpuðust 2 að við það, og þó helst 3. Undu 2 voðina líkt og þegar snúið var upp á hespu, en sá þriðji sá um að hún óhreinkaðist ekki. Oft var voðin brotin saman fjórföld og sköft látin í lykkjurnar, til þess að hægt væri að vinda betur. Ég sá þæft í fjósi, á hurð eða hlera.

Oftast var þó þæft í baðstofu, uppi eða niðri, t.d. í skoti við rúmgafl og var þá gjarnan stóll himum megin. Þótti þófaranum gott að geta stutt niður höndum. Oftast var hann aðeins klæddur nærbuxum og einni skyrtu meðan á verkinu stóð, en hann vildi helst vera þar sem hlýtt var.

Oft stóð verkið 4-6 klukkutíma, minnir mig, og ef til vill lengur.

p29

Venjulega vann þófarinn kappsamlega meðan á verkinu stóð, stjáklaði, þjarkaði og snéri þófinu alla vega undir fótum sér, enda varð hann oft sveittur. Þér talið um hvort þófið hafi verið hrist. Það var vanalega gert tvisvar og hvíldi þófarinn sig á meðan. Annars var það oftar kallað "að kippa" þófið. Það gerðu 2 menn. Þeir byrjuðu á öðrum enda voðarinnar, tóku fyrir 1-1 1/2 alin í einu. Tóku þeir nú sinn jaðarinn í hvora hönd sína og létu þær mætast um leið. Síðan kipptu þeir höndunum til hliðar hart og títt, eins og breidd voðarinnar leyfði. Á þennan hátt áttu þeir á svipstundu að hreinsa öll óhreinindi af þófinu.

Það var regla að þófarinn fengi aukaglaðningu, þegar hann var að þæfa. Vanalega var það kaffi og pönnukökur, stundum súkkulaði eða annað

góðgæti. Ekki minnist ég þess, að ég hafi heyrt hvaða reglur giltu um kaup þófara. Ekki mátti dragast lengi að ganga frá voðinni, þegar búið var að þæfa. Var hún vafin upp á fjöl. Átti hún að vera dálítið lengri en vefurinn vr breiður og 5-6 þuml.

p30

mun hafa þótt æskileg breidd. Ekki þótti nóg að vinda einu sinni. Þurfti alltaf að vinda voðina upp tvisvar. Þurftu 2 að vinna þetta verk. Sátu þeir hvor á móti öðrum, oft annar á rúmi, hinn á stól og hafði annar fjölina.

Endi voðarinnar var lagður slétt á fjölina og 2 fyrstu vafningar vafðir þétt og varlega. Eftir það var athugað við hvern vafning að hann lægi sléttur á fjölinni, sérstaklega jaðrarnir. Var það áréttað með því að annar hélt við fjölina, en hinn togaði þéttingsfast í voðina.

Þannig var haldið áfram þangað til allur vefurinn var kominn á fjölina.

Ekki var látið sitja við svo búið. Áður en margir dagar liður, var voðin undin á aðra fjöl. Var nú byrjað þar, sem áður var endað og mjög á sama hátt. Verkið var vandað, engu síður en áður, enda var dúkurinn að jafnaði fastar og betur undinn í síðara skiftið. Var síðan látið brigði utan um voðina og hún látin undir farg, t.d. þungt koffort eða kistu. Var hún talsvert ólík, þegar hún síðar var rakin af fjölinni, og ún hafði áður verið, þegar hún lá á gólfinu og átti að fara að þæfa.

p31

Ekki vissi ég til þess að þeir, sem þæfðu fótaþóf, færu með vísur eða þulur sér til flýtis eða fulltingis. En móðir mín kenndi okkur krökkunum þulu, sem hún sagði að ágætt væri að hafa yfir og helst að syngja þegar við ættum að þæfa sokka eða vettlinga. Minnir mig að hún segja að hún héti þófaraþula.

Sagði hún að, ef við færum með þuluna 10-12 sinnum og kepptumst jafnfram við að þæfa, þá mundi þófið verða langt komið. Og ef það yrði ekki alveg búið, þá skyldum við bara byrja á þulunni aftur. Þetta sagði hún. Hér kemur þulan. Ég veit ekki hvort ég man hana alla.

Bárður minn á Jökli - komdu og leggstu á þófið mitt - ég skal gefa þér lóna - innan í skóna - og vettling á klóna - þegar ég kann að prjóna - naglabrot í bátinn þinn - hálfskeifu undir hestinn þinn - mórautt lamb og gimburskel - og meira til ef þú þæfir vel. Meira man ég ekki, enda komin tími til að hætta.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1879
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1249

p1
ULL OG TÓVINNA 3.
Faðir minn var vefari og óf fyrir heimilið en tók ekki vefnað. Ég lærði vefnað af föður mínum og óf töluvert á tímabili æfinnar fyrir heimilið. Á tímabilinu í kringum 1890 tók faðir minn oft vefara. Hér í dalnum var afbragðs vefari Guðmundur Jónsson frá Strjúkastöðum síðar bóndi á Auðólfsst. hér í dal. Hann byrjaði að vefa innan við fermingu, og á 14.ári fékk faðir minn hann eitt sinn til að klára vef fyrir sig, og óf hann þá yfir 10 al á dag, af nokkuð fínu vaðmáli. Eftir að hann varð fullorðinn óf hann oft 10-15 al. af vaðmáli á dag. Rakti stundum og setti upp vef á dag. Hann var afburða vefari, og fór hér víða um og óf. Stundum tók hann vefnað heim. Víða var það að ákveðnir menn á heimilinu ófu,og höfðu þá lítinn annan starfa. Fyrir jól var oft lítið ofið. þó var stundum settur upp tvistvefur fyrir jól, var það haft í milliskyrtur millipils, þau þá oft með bekkjum að neðan, en annars röndótt. Milliskyrtur

p2
voru venjulega langröndóttar.
Þá voru ofnar stundum úr tvisti (þ.e. bómullargarn) þær voru oft rúðóttar. Æfinlega var sjáfsagt að klára vef fyrir jól. Hér var vefstóllinn hafður í baðstofu, og þótti taka mikið pláss. Sumstaðar þar sem vefstóll var ekki í baðstofu var minna hirt um að klára vef fyrir jól, og til var að sumir vefarar höfðu uppi vef allt sumarið og gripu í að vefa í rigningu eða vondu veðri jafnvel um sláttinn. Misjafnt var það hvað menn sátu lengi við vefnað, en þeir sem ekki sinntu öðru sátu oft við allan daginn. Það var ákaflega breytilegt hvað menn ófu, enda ákaflega misjafnt hvað þráðurinn hélt vel, ef mikið slitnaði gekk oft seint að vefa. Oft var ekki ofið nema 6-7 al af fínu verki 4-5 lóða verki, en stundum upp í 10 al og það þótti ágætt. Einu sinni man ég að ég óf um 16-18 alnir að meðaltali á dag, það var svo góður þráður að 10 eð 12 þræðir slitnuðu allan vefinn. Þann þráð

spann Margrét Eiríksdóttir, er lengi bjó á Sækambi

p3
í Víðidal var hún
þá orðinn gömul kona. Af tvisti var oft hægt að vefa 10-12 al á dag miðað
við 12 klst. Sumir sátu miklu lengur við vefnað, en ófu oft ekki meira
fanst mér enda er vefnaður erfiður. Hér ófu nær eingöngu karlmenn og byrjuðu
oft um 14 ára aldur. Ákveðin greiðsla var fyrir vefnað var tekið á alin,
og var misjafnt eftir því hvort verkið var fínt eða gróft. Um aldamótin
var algengt 15-16 og upp í 20 aura á alin. Eitthvað voru vaðmál seld í
kaupstaði fyrir fisk, en miklu meira var selt af smjöri og tólg fyrir fiskmeti.
Eins fengu hjá oft vaðmál upp í kaup. Strax eftir nýár voru vefir settir
upp, og þá látið stija fyrir að vefa í nærföt. Fyrir og um aldamót voru
flestir í vaðmálsskyrtum næst sér og vaðmálsbuxum. Prjónaföt komu seinna.
Var það fínt vaðmál sérstaklega í skyrtum 4-5 lóða verk oftast grófara
í buxum 6-7 lóða verk. 32 lóð eru í pundi eða 1/2 kg. og er miðað við að
hespan sé svona og svona mörg lóð (t.d. 5-6 lóð)

p4
Hér var alltaf talað
um vefstól. Ég heyrði talað um kljásteinavefnað, en hann var lagður niður
löngu fyrir mitt minni, og mig minnir að hvorki faðir minn (f.1844) eða
móðir mín (f.1847) sæu aldrei ofið í honum en þau vissu nokkurn veginn
hvernig það var gert. Helsti vefstólasmiðir þegar ég man fyrsti var
Friðfinnur Jónsson bróðir Guðm. Jónss.er getið er hér að framan og Þorlákur
Þorlákss. í vesturhópshólum V.Hún. Ég þekkti bæði vefstóla með slöngurifinu
uppi (okkar vefstóll var þannig) og með rifinn fyrir neðan bómuna. Þóttu
þeir vefstólar taka minna pláss, var frekar hægt að hafa þá undir súð.
Annað var líka breytilegt, að skammelin sem stigið var á voru stundum á
aftur slánni, og var þá stigið á þau fremst. Stundum voru stíg skammelin
neðan á fram slánni og gengu aftur af henni. Það gjörði stigið léttara.
Laga þá skammelin á gólfinu oftast eða um það bil, en

p5
bogið járn lá þá
aftur fyrir slána, og það ás í gegnum skammelin, Svo var á okkar vefstól.
Annars lágu skammelin ofan á slánni og teinn þar í gegnum þau. Tvíbreiðir
vefstólar þekktust hér ekki fyrr en seinna, en ég man ekki hvenær að kom
tvíbreiður vefstóll hér í Svartárdalnum, og þá um leið hraðskytta. Tvíbreiðir
vefstólar voru að gerð svipaðir hinum nema miklu breiðari ég held að þeir
hafi tekið tveggja aln. breiðan vef. Annars áttu vaðmál að vera 1 al og
3 þuml á breidd, og við það var jafnan miðað. Flest heimili hér áttu vefstól,
þau sem ekki áttu vefstól komu þá vefnaði fyrir. Ég man nnú ekki hvað nýjir
vefstólar kostuðu en líklega hefur það verið 60-80 kr. Hvorugur vefstóllinn
íslenski B eða C er líkur þeim vefstólum er hér voru smíðaðir. Skammelin
voru venjulega gert á slána undir setubekknum og sú slá var niðurundir

gólfi. Setubekkurinn var oft kræktur, en engin slá undir setubeknum, honum krækt beint

p6
í stólpann að framan.
Aftur á móti eru vefshausarnir á B eins og var á okkar vefstól. Á sumum vefstólum voru svo kallaðar vippur (bogin tré) yfir höföldunum á okkar vefstól voru það hjól, sem höföldunum var krækt í eða sem snærin láu yfir, ofan í höföldin var það miklu liðugra, en þessar vippur. Skeiðarslagið var klofið að ofan og teinn á milli armanna, sem lá í járntnnum sem var ofan á barðinu er skeiðar slagið hékk á, mátti færa skeiðarslagið nær og fjær þar uppi, því tannirnar eða fölsin uppi voru 4-5. Hliðarstykkin á vefstólmun voru fast samsett, á milli þeirra var svo skammelasláin að framan og önnur slá eins að aftan, gengur þær í gegnum fram og aftur stólpana, og fleygar reknir niður til þess að halda vefstólnum saman (sjá nr.23)á vefstól(). Að aftan var svo þráðarbóman grópuð útfyrir afturstólpann, og trétappi rekinn gegnum hana inn í afturstólpann. Að ofan hélt saman hafalda sláin eða hafalda bóman (sem sumir kölluðu). Hún hafði hök út fyrir grindina, svo að hliðar

p7
stykkin gátu ekki
gengið sundur, Brjóstbóman að framan var sett ofan í framstólpan og hök á henni að utan og innan veitti það mikinn stuðning. Rifunum var svo bara smeygt í. Mátti því taka allan vefstólinn sundur, mjög fljótlega, og geyma hann þannig. Hér var jafnan talað um vefjarskeiðar eða bara skeiðar. Ég heyrði ekki ritti nefnt fyrr en hér á húsmæðraskólanum á Blönduósi. Eitthvað af vefjarskeiðum þær grófustu voru heima smíðaðar. Ég átti eina heimasmíðaða skeið úr látúni eða úr eir tannirnar. Hún hafði 48 tannir á kvarteli. Svo voru skeiðar með 60 tönnum á kvarteli (=6þuml.) fínar skeiðar voru ekki notaðar á ullar verk. Á tvisti voru notaðar 100-120 140 og 150 tanna á kvarteli. Skeiðar voru yfirleitt 5 kvartel á lengd. Skeiðar voru svo kallaðar 60 eða 80 tanna osfrv. Vefjar skyttur voru venjulega úr beyki eða öðrum góðum viði. Ég sá skyttu úr rauðaviði, ágæta.

p8
Neðan á skyttunum
voru látnar þynnur eða látúns eir sleginn flatur, svo þar rynni betur um skilið, svo var venjulega látuns brydding sett á hvorum enda svo að viðurinn trosnaði ekki upp. Í skyttunni var svo teinn til þess að láta spóluna á. Var hann ýmist laus eða fastur á öðrum enda í lykkju, var svo látuns fjöður að framan, eða þeim megin sem teinninn var laus, og honum þrýst niður í gat á fjöðrinni, þegar spólan var komin á. Væri teininn laus, var þeim megin sem fjöðrin var ekki, látúns plata með gróp um í fyrir spóluteininum. Ef teininn hefði leikið í tré mundi hann fljótlega hafa slitið því og dottið

úr. Spólurnar voru venjulega rendar úr tré. Faðir minn átti (og ég síðar) spólur úr látuni með snúðum á endunum. þar voru dálítið þungar en að öðru ágætar. Þar voru smíðaðar af Þorsteini Hjálmarsyni er bjó í Hvarfi í Víðidal. Hann var afbragðs

p9
smiður. Smíðaði ágæta
rokka hesputré ofl. Fiskroð vissi ég aldrei notað fyrir spólur.
Spólurokkurinn var venjulegur rokkur, fremur sterkur, en í stað snældu umbúning var einn með einni trissu, sem spólunni var smeygt á, og að framan var ekki vanalegur uppstandari eða brúða heldur uppstandari með rauf framan í til þess að láta teininn leika í (sjá mynd). Var þessu tré sem oftast var vinkil beygt stungið ofan í gatið, sem brúðan var í. Að hafa þetta tré þannig en ekki beint, var til þess að teininum væri lengri og tæki líka balbúnu snældur. Því á þennan sama rokk var balbínað (sjá síðar)
Spanstokk heyrði ég aldrei nefndan heldur spjálk sem haft var til þess að halda úr jöðrunum á voðinni (sjá mynd). Spjálkir voru með tvennu móti (sjá mynd). Á annari gekk spýtan inn í klofna fjöl og 2 naglar í gegn sem mátti færa til í götunum og lengja þannig spjálkina. Hún

p10
var tvær fjalir mjóar
með skornum inn í að utan, var svo snæri í gegnum gat á annari fjölinni sem mátti færa til í skorunum á hinni fjölinni og þannig lengja spjálkina.
Voru svo tvö typpi sem snérust á nagla, sem héldu spjálkinni, svo að hún hlypi ekki upp, þegar voðin strengdi á henni. Þannig er spjálkin á mínum vefstól. Að setja upp vef. (Leggja upp). Ef
um ullar verk var að ræða var byrjað á því að vigta hespurnar, því hér var aldrei lagt upp úr hnyklum. Voru nú hespurnar t.d. að meðaltali 8 lóð, og ullin í verkinu væri sæmilega hrein og ekki mikil haustull í því (hún var þyngri) þá var algengt að leggja upp úr hespunni 1 al og 6 þml eða 6.5 þml. eða úr 20 hespum 25 al 10 þml. Var þá varpið á slöngunni 999 þræðir á 27 þml.(1al 3þml) sem var algeng breidd á vaðmáli. Þetta var hægt að reikna úr því að hver hespa hafði ákveðna lengd. Hespan var 11 skreppur

p11
og hver skreppa 44
þræðir og hverr þráður (umferðir á hesputrénu) var 2 al og 15 þml. Var hver hespa því 1270 alin. Annars höfðu allir vefarar töflur yfir þetta, hve hæfilegt var að leggja upp úr hverri hespu eftir þyngd, og hvar margir þræðir komu þá á þumlung. Ég á svona töflur. Hér var æfinlega talað að um 5,6 eða 8 lóða verk og var þá miðað við að hespan væri 5-6 eða 8 lóð að þyngd að meðaltali. því sjaldan voru 2 hespur nákvæmlega jafn þungar, en mjög litlu munaði það hjá góðum spunakonum. Um leið og lagt var upp var athugað hvað hentugt var að fá marga þræði á slöngurnar eða

hvað skyldi varpa mikið með hliðsjón af skeiðinni. T.d. ef hespan var að meðaltali 5 1/4-6 lóð og skeiðin hafði 90 tannir á kvarteli eða 360 á alin og þá 405 tannir á 27 þml-sem var vanal.breidd þá var hæfilegt að fá á slönguna 1215 þræði, það voru 3 þræðir í tönn og var það talið vel varpað á 6 lóða verk, og þá

p12
mátti leggja upp
1al og 1.1 þml úr hespu eða 20 al og 22 þml úr 20 hespum, en vont var að rekja svo alveg upp og mundi því varla vera lagt upp meira 20al og 20þml. úr 20 hespum, og átti þá að fást 1215 þræðir á slöngu og voru þá 3 þræðir í tönn á 90 tanna skeið eða sem hafði 405 tannir á 27þml. Ef ekki voru til hentugar skeiðar varð stundum að hafa 3 þræði í annari tönn og 4 þræði í hinni eða jafnvel 4 þræði í þriðju hverri tönn, en það þótti alltaf slæmt, best var að hafa jafnl. í öllum tönnum. Stundum var því varpað meira eða minna, ef illa stóð á tanna fjölda í skeið. Venjuleg tvist hespa (bómullargarn) var 10 skippur og 10 þræðir, og er sú hespa 1181 1/4al og við það mátti miða, en vanalega var ekki lagt eins nákvæmt upp úr tvisti, minna gerði þá að þar yrði afgangur. Hér er miðað við ívaf sé jafn gróft og þráðurinn, ef ívaf var grófara mátti varpa minna

p13
Að reikna í skeið.
Skeiðar þær sem ég þekkti voru 45 tn. á kvarteli, á ábreiðu verk. 60 tanna á nokkuð gróft ullarverk. 70 og 80 tanna og jafnast 90 tanna á fínt ullarverk. 120-140 og 150 tanna á tvists. Voru oft tveir þræðir í tönn á þessum fínustu skeiðinni. Stundum var ull höfð í ívafi í tvist, mátti þá varpa meira. Í næsta kafla á undan er talað um að reikna í skeið, því það var jafnan gjört um leið og lagt var upp. Að reikna í vef. Var vanalega kallað að leggja upp, eða að setja upp vefi átti þó frekar við allt þar til farið var að vefa. Að reikna út munstur í vef átti frekast við tvist vef, því þá var munstur oft margbrotið. Að öðru leyti er frá þessu sagt í kafla 7 hér á undan Hér var jöfnum höndum talað um ívaf eða fyrirvafi. Vöflur hefi ég ekki heyrt

p14
Vanalegast var talað
um uppistöðu og ívaf. Ef talað var um varp þá var átt við þráða fjölda á slöngunni. Rakgrind (ekki talað um rakningargrind) Alltaf kölluð rakgrind. Rakgrindur voru allar svipaðar, þó voru misháar, og ef til vill misbreiðar. Rakgrindur voru oft smíðaðar úr 1 1/4"x4" borðum. Var það ferköntuð grind eða (sjá mynd) grindur um 2 1/2x2al. Gekk grindin utan yfir að ofan, en var innaní að neðan og voru það grópaðar saman um miðjuna og var járn stungið á gegnum samskeitin að ofan og neðan og snérist grindin á þessum járnum. Var þá oft höfð fjöl undir járninu

að neðan, og járnið þar með holu sem járnið í grindinn snerist í. Einnig var járnplata í grindinni svo að járnið snerist ekki, var það bæði að ofan og neðan. Járnið að ofan lék oftast í tré, þó sá það leiki í gjarðajárni og stundum í leðri. Voru bæði járnin að ofan og neðan ferköntuð í grindina, en sívöl að ofan og neðan. Einhver þverslá var höfð yfir

p15
grindinni sem efra
járnið lék í. Tvær mjóar slár (1"x1") lágu þvert yfir um miðja grindina, og var rennt það í fals. Þetta var til þess að grindin svignaði ekki inn um miðjuna, þegar rakið var á hana. Ég sá líka rakgrindur smíðaðar úr 2"x4" battingu og þá þurftu ekki þessar milli slár.
Skilhælarnir voru festir í 4"x 1 1/4" slá sem var með skornum á endunum, og var þessi slá klemmd á milli langslánna í rakgrindinni. Hælarnir voru oft 3 að ofan en 2 að neðan. Fáir notuðu nema tvo hæla að ofan oft 1 að neðan, en höfðu vartág að neðan til að aðgreina fetana. Vartág var band sem brugðið var um hvern feta, og svo bundið um endana á skafti því er sett var á rifinn, þegar slangan var sett upp í vefstólinn. Skilhælaslárnar voru eins að ofan og neðan. Voru slár þessar oft bundnar til þess að vera viss um að þær högguðust ekki. Rakgrindur voru ekki til á öllum bæjum, sem

p16
sem áttu vefstóla.
Fóru þeir þá á aðra bæi til að rekja. Balbínustóll og balbínusnældur.
Balbínustóll var vanalega úr 1 1/4x4" borðum. Var það aflöng grind með slá upp og ofan í miðjunni, svo að tvær snældur voru hver við endan á annari. Hér tók balbínu stóllinn 12 snældur, eða 6 hvoru megin í stólnum. Þessar snældur voru með stórum snúðum, svo að á þær komust fleiri hespur. Þær voru um 8 þml. langar. Teinar lágu í gegnum stólinn og snældurna. Voru þeir fyrst er ég man úr tré, en seinna úr járni eða eir, skröltu þær meira eftir að hætt var að nota tréteina. Sami rokkur var notaður til þess að balbína á og spóla. Var þá rekið tré með teininum þegar balbínað var til þess að festa snældurnar. Að vinda þráðinn á balbínu snældurnar var kallar að balbína.

p17
Rakningsspaði:
Rakningsspaða sá ég aldrei, en heyrði getið um hann. Gét því ekki lýst honum. Rakningsstokkur: Hér var aldrei rakið nema af snældum, ef margir voru litir eins og stundum var í tvistdúk svo að balbínu snældurnar dugðu ekki, þá voru notaðar rokksnældur sem hafðar voru í snældustól.
Rakning á rakgrind: Rakgrindin var ýmist sett upp í baðstofu (og svo var hér) eða skemmu eða skála. Oft hafði vefari krakka eð stúlku til þess að sjá ef slitnaði, og til að bæta saman. Sumir röktu allt af einir.
Lengd voðarinnar var mæld á kvarða eða alin mál, og sett merki við á uppistöðu

þráðinn, sem mældur var. Rakningsspaða var aldrei nataður eins og ég hefi áður sagt.

p18
Aldrei voru hafðir
tveir þræðir í hafaldi þegar byrjað var að rekja voru allir þræðirnir hnýttir saman og smeygt upp á efri hælinn. Var svo farið t.d. ofan á hinum hælunum þá farið var niður og neðan á honum þá farið var upp. Var þetta kölluð feta skil og ef til vill stundum þráðaskil. Ég hefi áður sagt hvernig gengið var frá hælunum. Frá skilinu að neðan var gengið eins og að ofan en þar var höfð vartá (það er band) sem brugðið var um hvern feta. Gangaskil hefi ég ekki heyrt. Umferð á grindinni var bara kölluð umferð eða feti. Var talað um fyrstu umferð á grindinni. Var oft strengd dálítið á fyrstu fetunum til að forðast slaka í jaðri. Því fyrstu fetarnir vildu verða slakir af, því snældurnar runnu létt meðan þær voru fullar. Varptág heyrði ég ekki heldur vartá. Fetaband heyrði ég en fátítt. Vel má vera að varptá sé réttara en vartá. Stundum var merkt við 20 feta ef þurfti að ýta saman á skilhælunnnum að neðan.

p19
Það þótti sjálfsagt
að rekja á auða grind en ekki utan á fyrri umferðir því þá varð fetinn lengri. Flestir röktu aðra umferðina ofan við, en hina neðan við. Þó sá ég afbragðs vefara, sem alltaf rakti ofan við, hvort sem hann fór upp eða ofan. Fullrakin uppistaða hét slanga. Bundið var spotti í skilin bæði að ofan og neðan áður slangan var tekin niður. Byrjað var að taka slönguna af efri hæl og svo var slangan fléttuð niður, það er hægri hendi brugðið gegnum lykkju og slangan tekin þar í geng. Var slangan niður tekin eins og stór fléttingur. Var það kalla að taka af grindinni eða taka ofan slönguna, hélt þá sá sem tók ofan við grindina með fætinum svo að hún snerist ekki of hratt. Ef átti að setja upp fleirlita uppistöður var algengt að vefja upp á spil eða eldspýtustokk litina í þeirri röð sem þeir áttu að vera, mátti þá glöggt sjá munstrið, var svo rakið samkvæmt því.

p20
Ég tek til dæmið,
röndótt milliskyrtu efni með 32 þráðum hvítum 4 brúnum 2 bláum. Þá hefi ég á 8 snældum hvítt, það verða tvær umferðir upp og tvær ofan. Svo hefi ég á 2 snældum brúnt. það er 1 umferð niður og 1 upp. Svo hefi ég annaðhvort á 1 snældu blátt og fer upp og niður, eða ég hefi á 2 snældum og fer eina umferð niður og slít frá. Byrja svo aftur á brúnu og fæ 4 þræði og þá hvítt.
Allir vita að voðin skreppur saman eða hleypur úr vefstólnum, en ég heyrði aldrei neitt um það hvað mikið það væri. Enda voru allar ullarvoðir þæfðar og þá styttust þær mikið og hlypu líka á breiddina. Rakið á vegghæla:. Sá ég aldrei. Rakið á rúmstólpum sá ég ekki heldur.
Hafalda grind: Hafalda grind aflangur ferhyrningur með mjóum

(sjá mynd) trétein í miðju sem var hæfilega sver fyrir hafaldaaugað.

p21
Var svo hafaldið
lagt yfir annan arm grindarinnar hnýtt að fast við mið teininn og
lagt yfir hann (til að mynda augað) og hnýtt að hinu megin og svo hnýtt
að hinum arminum. Svona var haldið áfram þar til grindin var nær full.
Þá var efri sláin tekin upp af hún var feld ofan á hliðarstuðlana, og fest
með trétöppunum í geng og höföldin tekin upp af. Ekki höfðum við neitt
áhald til þess að rekja höföldin á. Það voru bara reknir tveir 3 eða 4
þml. naglar í fjöl og haflada garninu undið inn þá, og svo skorið á við
annan endann og sú fjöl var alls ekki geymd, því höföld voru ekki hnýtt
nema með ára millibili. Margir áttu ekki afalda grind en fengu hana lánaða.
Hafalda efni og höföld: Þau höföld sem ég fyrst man voru
úr heimaunnum þræði -togþræði. Hafði amma mín Kristin Kristmundsd. í Miðhófi
spunnið hann. Var hann afar jafn og snöggur, líkastur fínu seglgarni. Var
mér sagt að hann væri soðin en í hverju

p22
man ég ekki, en sviðinn
var hann ekki. Hafalda hnýtingu hefi ég áður lýst (17). Hafalda hnútar
voru réttir rembihnútar, sumir kölluðu það rifhnúta, seinast voru oftast
hnýttir 3 eða 4 hnútar. Ég held að sama aðferð hafi verið höfð við alla
hafalda hnýtingar. Miðhluti hafaldsins var augað eða hafaldsaugað. Ef höföld
voru geymd (sem oft var) var hnýtt að þeim að ofan og neðan svo að hægt
væri að smeygja hafalda sköftunum í þau, síðan voru þau hengd upp á rakalausum
stað. Um 1890-1900 fóru að koma stálaugu, þau voru pöntuð í gegnum pöntunarfélögin,
og voru ódýr. Þau voru með dálítið stóru auga í miðju og svo smágötum á
endunum til þess að hnýta í. Þau voru svo hnýtt á hafaldagrind, en þá tekinn
burtu teininn í miðjunni en settur nagli hæfilegur fyrir stálaugað í neðri
slána á hafaldagrindinni, og auganu smeygt þar á, og bundið svo frá báðum
hliðum. Var oft notaður saman snúinn

p23
tvistur í þessi stálaugu
og dugði vel. Eins og áður segir hét band það sem brugðið var um fetana
að neðan þá rakið var vartág, hún var svo bundin út fyrir endana á sívölu
skafti sem felt var inn í rauf eða kýlingu á efri eða aftari rifunni (Rifskaftinu).
Bandið sem var haft til þess að halda höföldunum á hafaldasköftunum vissi
ég ekki til að hefði neitt nafn. Var sagað upp á endana á sköftunum, og
bandið sett þar í og svo bundið utan um endana á sköftunum. (Hafaldasköftunum).
Vefjakambur: Það er sennilega nafnið á því sem var hér jafnan
kallaður Eknir. Eknirinn var um það bil 1 al og 6 þml á lengd og um 6þml
á breidd. Voru það 2 sterkir listar til hliðanna og eins til endanna. Var
annar hliðarlistinn festur með töppum við enda listana og mátti taka hann

burtu þegar látið var í eknirinn. Hann var með 6o tindum úr tré.

p24
Að láta í Kamb:
Hér var jafnan sagt að láta í eknirinn. Var fetum inn í slöngunni dreift jafnt um eknirinn og jafn breitt og vefurinn átti að vera (á 27þml). Sívalaskaftið sem ég hefi áður getið hét rifskaft. Þráðurinn sem festur var við skaftið (fetaþráðurinn) hét eins og ég hafi aður sagt vartá. Var sagað upp í endana á því og vartáin strengd þar í og svo bundið utan um skaftendana. Aftur á móti var kallaður skilþráður sem bundinn var í skilin áður en tekið var ofan af rakgrindinni. Að festa upp: Var aldrei sagt hér. heldur að setja upp vef eða setja til. Að bóna vef: Hér nefndist það að vinda slönguna upp á rifinn. Að vinda upp á rifinn aldrei annað. Hér voru jafnan hafðir kragar til þess að halda við jaðra slöngunnar á rifnum. Voru þeir

p25
venjulega 8 kantaðir
eða 6 kantaðir og féllu fast að rifnum, sumir voru bara borð 8 köntuð með gati fyrir rifinu og oftast rauf fyrir rifskaftið. Var svo járni stungið í gegnum rifinn fast utan við kragana svo að þeir gengju ekki út. Sumir kragar voru í tvennu lagi og festir saman með gjarða járni (venjulega) öðru megin, en hinu megin voru vinkilbeygð járn með götum sem nagli gekk í gegnum með ró á endanum (mottering) og mátti þá skrúfa kragann svo að hann sat blýfstur. Var þetta sérstaklega gert ef voðir var eitthvað misbreiðar. Þrír unnu við að setja upp slönguna eða að vinda upp rifinn. Einn hélt í slönguna annar vatt upp á rifinn og sá þriðji hélt við eknirinn. Það þurfti að halda fast og jafnt í slönguna og aldrei slaka á. Sá sem hélt við eknirinn varð að gæta þess að jafnt var undið að krögunum. Hér voru aldrei notuð rifsköft, en slangan var látin ganga jafnt

p26
úti að krögunum allan
tímann aldrei látin dragast að sér. Þegar búðið var að vinda upp á rifinu voru skilsköflin sett í skilin og skilþráðurinn leystur. Þau voru bundin saman. Gat voru á endunum á þeim í því skini, og þau svo bundin við aftur bómuna. Að draga í höföld: Vanalegast drógu tveir í höföld. Annar rétti en hinn dróg í gegnum augun. Margir höfðu vírkrók við að draga í höföld, og allir eftir að stálaugu fóru að tíðkast. Lék þá sá sem rétti þráðinn á krókinn og sleppti honum ekki fyrr en han var kominn í gengnum augað. Þá sá ég að maður dró einn í höföld, og var furðu fljótur, enda snillingur við allt er að vefnaði lauk. Þegar búið var að draga í 50-100 þræði þá var hnýtt á endana svo að ekki dragist úraftur. Maðurinn sem dróg í höföldin, tók einhvern slátt af höföldinu í greiparnar á hverju skafti í vinstri

p27
höndina, tók svo
eitt og eitt hafald af hverju skafti, sem hann dróg í, og færði það svo frá þegar búið var að draga í. Einstaka vefarar drógu alltaf í, í röð t.d. fremsta næst fremsta, næst aftasta og aftasta eða 1,2,3,4. Aðrir drógu í í króka t.d. fremsta næst aftasta, næst fremsta og aftasta. Þannig drógu við hér venjulega í á vaðmáli en í röð á dúk. Hvernig dregið var í höföldin réði munstrinu. Að draga í skeið: Þegar dregið var í skeiðina var hún venjulega sett upp á höföldin. Rétti annar skeiðina, en hinn dróg í. Var til þess notaðar nokkuð breiður krókur úr blikki eða látúnsþynnu, vírkrók var varla hægt að nota því að hann snerist í skeiðinni. Þegar komnir voru 50-100 þræðir var hnýtt að, eins og þegar dregið var í höföldin. Að hnýta fram, og uppbindingu:
Það var vanalega kallað að hnýta á skaftið. Ég man ekki að það skaft væri kallað neitt.

p28
Skaftið var fest
við rifinu með þremur snærum. Voru alltaf höfð sömu snærin til þess, og geymd í spólustokknum. Sérstakur stokkur var hafður fyrir spólurnar. Voru þessi snæri kappmelluð utan um rifinn og undnir minnst tveir snúningar upp á hann, svo lágu snærin yfir frambómuna og þar hnýtt utan um skaftið. Byrjað var að hnýta, svo sem tvo hnúta á milli skaftið, svo var byrjað á jöðrunum, og hnýtt alltaf á víxl. Varð að gæta þess að jafn stíft væri á öllum þráðum. Hnýttir voru venjulegir réttir rembihnútar eða rifhnútar, teknir t.d. 50 þræðir (eða færri) þeim skift, sem næst í tvennt, og hnýttir fram fyrir skaftið. Snærin voru kölluð vefjarsnæri. Munstrið var komið í skeið og höföldinu, þurfti ekki um það að hugsa við hnýtingu. Snærin voru svo tekin þegar búið var að vefa um 2 álnir. Að draga fyrir:
Ég man nú ekki til að ég heyrði talað um að draga fyrir. Það var bara talað um að

p29
byrja að vefa. Hér
var aldrei talað um annað en að gefa í eða gefa fyrir. Ívafið var þannig gefið fyrir, að vefarinn færði ívafið í stærri eða minni boga með einu eða tveimur fingrum fram undir skeiðina, og hélt því þannig þar til að hann hafði stigið niður skammelið eða skammelin ef fleiri voru stígin. Þá sleppti hann ívafinu og tók í skeiðarslagið og sló því fram. Stundum voru slegin tvö slög, ef fast skyldi vefa. Mismikið var gefið í, var það undir ýmsu komið t.d. hvað mikið var varpað, þá þurfti minna að gefa í, eða ef fyrir vafið var grófar en þráðurinn ofl. Spálkin (hér var alltaf notuð íslenskan) var til þess að teygja voðina á breiddina svo að minna reyndi á jarðarþræðina, og tennur skeiðarinnar. Ef lítið var varpað þá gekk voðin saman sem kallað var. Vefarar höfðu alltaf mæliþráð til þess

að vita hvað þeir ófu daglega. Var það álnaband með hnút á enda var það svo fært við hverja alin.

p30
Ýmsar voru misfellur
í vefnaði sem oft stafaði af uppsetningu. Algengast var slaki í jörðum (jaðrar voru misslakir). Stafaði það ýmist af því að fyrstu fetarnir á rakgrindinni voru of lausir, því að snældurnar gengu liðugar meðan mikið var á þeim, en tóku meira í þegar minnkaði á þeim. Stundum var slak í jöðrum af því að klaufalega var undið upp á rifinn, slangan lagðist ekki jafnt að krögunum. Var töluverður vandi að vinda upp á rifinn. Sumir reyndu að strengja á jaðri með því að setja eitthvað undir voðina á neðri rifinu, Sagt var að einn vefari hefði þurft að setja það stórtreyju á neðri rifinu til þess að taka af slaka á jaðri. Þráðaslit var algengt bæði af því að þráður var ekki snúðmikill eða var ójafnt spunninum þá gengu hólarnir illa í gegnum höföldin. Skilgöllum man ég ekki eftir nema skil voru minni þar sem jaðar var stirður. Við þráðaslit var ekki annað að gera en að bæta.

p31
Aldrei man ég eftir
því að það væri kennt aðsókn þó slitnaði í vefi. Hér var hver vindingur upp á framrif kölluð færa. Verkmótið heyrði ég aldrei talað um, og ekki áfæru. Að bóma var heldur ekki sagt. Að fella vefi: Vanalega var sagt að fella vef, eða taka niður voðina. Þráðar endarnir voru vanalega kallaðir undarlás, þó heyrði ég nefndar afvikur (það var sunnlenska), en aldrei önnur nöfn á þessum endum. Þessir endar voru oft brúkaðir til þess að bæta með ullarföt, þegar um ullar undanlás var að ræða. Tvistur var brúkaður sem saumagarn í stað tvinna bæði til þess að þræða með ofl. Voðin var undin upp af framrifnum, og var kallaður vefjarstrangi. Þóf:
Oft voru voðirnar þvegnar fyrst úr heitri keytu

p32
og síðan úr heitu
vatni undir þæfingu. Síðan var voðin undin, og þurfti helst til þess þrjá menn. Voru það gjarna 1 karlmaður og 2 konur. Vanalega var settur járnkarl eða sterk spýta þversum í dyr (ofan bæjardyrnar) og voðinni brugðið það um, svo var karlmaðurinn með sterkum staf helst um 2 1/2-3al á lengd, það var voðinni líka brugðið um, og svo endarnir lagðir saman, svo að voðin var tvöföld. Karlmaðurinn með stafinn vatt svo uppá voðina, og stakk þá gjarnan stafnum í jörðin til þess að halda við þegar mikið fór að vindast. Kona hélt svo undir voðina svo að hún færi ekki niður í hlaðið, hún strauk líka vatnið af voðinni jafnóðum og hún var undin. Þegar voðin var orðin mjög undin, setti konan sem hélt undir voðina lit á hana, og byrjaði þá upp við járnkallinn í dyrunum og hélt áfram þar til liðir voru komnir á alla voðina, og togaði þá karlmaðurinn fast. Vattst þá voðin

p33
ágætlega. Hin stúlkan
sem var við voðina hafði ekki annað að gjöra en halda við járnkarlinn í
dyrunum. Hér voru það oftast heimamenn sem þæfðu, en stundum fóru sérstakir
menn um sem þæfðu. Hér vissi ég aldrei að kvenmenn þæfðu vaðmál. Vanalega
þæfðu menn hér í baðstofu. Var þá rækilega þveginn bletturinn sem þæfa
átti á, og koffortum eða öðru raðað í kringum blettinn, og fært að borð
eða annað sem þófarinn gæti stutt sig við. Sumir vildu þæfa í fjósbás,
ég held að þeim hafi þótt það hlýrra. Var þá hurð sett í básinn undir þófið.
Einstaka þæfðu fyrst í tunnu og þá í vatni eða keytu, ég held að það hafi
aðallega verið gert til þess að þurfa ekki að þvo eða þvæla vaðmálið áður
en þæft var. Þetta var kallað að þæfa vota þóf. Svo var vaðmálið undið
eins og áður er sagt og þæft þura þóf. Vanalega voru menn í nærfötum einum
við

p34
þóf (einni skyrtu
og nærbuxum) og brettu þá nærbuxurnar upp undir hné. Voðin var svo troðin
með fótunum, og velt fram og aftur, svo að öll voðin stigist sem jafnast.
Þegar voðin fó.r að þæfast var hún hrist upp. til þess að hrista af henni
lóna. Stundum var voðin kippt. Það er tveir menn tóku ákveðna lengd af
voðinni og kipptu og hristu hana á milli sín, og átti þá helst að smella
í. Var þannig öll voðin hristi og teygð. Þegar voðin fór að fara í birgður,
var þófi vanalega hætt. Annars var misjafnt hvað vaðmál var þæft
mikið, eftir því hvað það átti að vera ofl. Æfinlega var þófara gefin einhver
glaðning. Hann fékk gott að borða, oft baunir og ket, og svo kaffi og lummur.
Aldrei heyrði ég neina þófara þulu. Ekki man ég eftir að nein ákveðin laun
voru fyrir það að þæfa voð. Hæfilegt þótti -eða það fyllsta- að þæfa 20
álnir. Væri voð mikið lengri var henni skift venjulega. Voðir voru
venjulega pressaðar í rúmi undir undirsæng. Ég man ekki til að þær

p35
voru neitt þurkaðar
eftir þófið. Voðin þornaði mikið í þófinni. Voðin var lögð margföld undir
sængina. Fyrir aldamótin, komu Ási í Hegranesi Ska. Vélar til þess
að lógskera og pressa og ég held að lita, voru voðir í utanyfirföt stundum
sendar þangað, og var mikill munur á hvað þær voru fallegar á eftir.
Vefnaðarsýnishorn: Því miður eru víst engin vefnaðarsýnishorn til
hér. Ég óf á yngri árum millipils úr tvisti, voru þau langröndótt með bekkjum
neðan til. Einnig óf ég salons ábreiður yfir rúm og ábreiður með hringavefnaði,
en það er allt orðið ónýtt. Söðuláklæði var líka hér til fyrst þá ég man
eftir. Var það merkilegt og mun amma mín Kristín Kristmundsdóttir í Miðhópi
hafa átt það. Ég held að Halldóra Bjarnadóttir hafi nú tekið upp
munstrið úr því á klæði. Annars var helst ofið vaðmál og dúkur og vormeldúkur.

p36
Ég læt fylgja hér
með tvo hnúta reipahnút og algengan eða réttan rembi hnút en sem sumir kalla rifhnút. Voru þessir hnútar algengir þá bætt var í vefstól, og réttur rembihnútur var brúkaður þá hnýtt voru höföld. Ef þið vilduð fá uppskrift af vefjartöflu þeirri en ég brúkaði við að setja upp ullarvef, þá get ég gefið ykkur uppskrift af henni, en sennilega hafið þið nóg af slíku.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1903
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1971

p1
Ull og tóvinna 3. Vefnaður:
Hér, eftir að ég man, var ekki ofið fyrir jól. Þó mun það hafa verið gert, þar sem var maður sem ekki gerði annað. Þá mun hafa verið hillst til að voðin yrði búin fyrir jól. Það þótti ekki gott að láta vinnuna verða jólafeita. Svo var það myrkrið. Það var svo víða dimmt. Pabbi minn lærði vefnað nokkru eftir fermingu. 2 Vetur var hann eingöngu við vefnað, annars ekki nema ígrip frá gegnum.
Vefstóll: Hans vefstóll var smíðaður fyrir hann. Ég veit ekki hver það gerði, sem kemur ekki upp á neitt að nefna. Þessi vefstóll var líkastur B gerðinni. Vefjarskeiðar voru úr járni, útlendar, að ég held. Skeiðin var talin 80 tanna skeið 120 og 140 tanna skeið, víst miðað við tönnur á þumlungi. Skyttan var úr hvalbeini, önnur úr svörtum viði, hörðum, og þriðja úr brenni, allar járnvarðar til endanna og járnvarðar að neðan, þar sem þær runnu á eftir skilinu um augað, sem

p2
fyrirvafið frá spólunni rann um.
Þá var ..... járnfjöður, sem hélt spóluteininum. Spólan var þunnt járn, sem var beygð um heldur stærri tein en hún átti að renna á.
Spólurokkur eða balbínurokkur var sá sami hér aðeins færður til fram uppstandarinn, eða brúðan, sem líka er kölluð á spunarokkunum.
Spanstokkur, alltaf kölluð spjálk. Að leggja upp, að setja til verk (vefjarverkið). Ef ekki var hespað á skreppurtré, sem vera átti rétt, sem ég man ekki hvað var lagnur hringur, hvort var 2 al 3 kvartel 4 þuml. 44 þræðir í skreppunni og hespan 11 skreppur. Það var kölluð löghespa. Annars varð að hespa 1 eða 2 hnykla og vigta hespuna og vita hvað hún var þung, hvað mörg lóð. Svo að telja hnyklana og vigta eða áætla þyngd þeirra og það sem undið var á, dregið frá. Og þá var betra að láta ekki verða sveltu við rakninguna. Þegar þetta

var þyngd hespunnar og þettað margar hespur, þá var farið að sjá hvað uppsetning mátti verða löng (slangan).

p3
Balbínur: Þá voru hespurnar
balbínaðar. Þær voru úr tré með tveimur snúðum, holum legg, sem teinn gegg í gegnum. Hann var með fastri trissu, sem var með einni skoru, bara eins snúra. Það var dálítið misjafnt, sem á þær komst, eftir því hvað þráðurinn var grófur. Þær máttu ekki vera mjög þungar, svo þráðurinn slitnaði ekki. Þá var til tafla, sem upp var gefin, hvað voðin mætti verða löng af þessum hespufjölda og hespan mörg lóð.
Að reikna í skeiðina fór eftir þráðafjölda og hver skeiðin var.
Sem fór eftir grófleika þráðar, eins kannske eftir því hvað vendin átti að vera. Ég lærði aldrei að setja upp vef, en hjálpaði til að setja upp ritti í höföld og svoleiðis. Eftir því hver vendin var, þurfti að draga í höföldin og eins skeiðina. Rakgrind var hún nefnd hér. Hún var notuð sem hesputré. Það var sívalingur, sem gekk í gegnum krossinn. Hann var það lengri en greinar stuðlarnir að efri endinn var festur við

p4
bita undir loftinu, og svo var
slá með holu í sem var látin undir hinn endann, og fest svo ekki gengi til. Þá var látið slá sem stoð heima á einn kantinn. Það var með ..... randanna og var skorðað þar sem krossin kom í upp í standana.
2 hælar útúr öðrum til að gera skilið, hinn að neðan var með einum hæl, þar sem endinn á slöngunni afmarkaði lengdina. Svo verður að snúa grindinni. Það verða færri fetar, ef rakið er á mörgum. Þar þurfti að passa að jafnt rektist, svo ekki yrði mislengja, eins að ekki slitnaði. Eins var stundum rakið úr hnyklum. Hnyklastokkurinn var fyrir 24 hnykla, og þeir vildu hoppa upp úr. Það áttum við að passa, sem hjálpuðum til. Eins ef að slitnaði eða voru að vera búnir.
Mig minnir að balbínurnar væru 18 sem smíðaðar voru með vefstólum.
Svo voru til aðrar minni. Balbínugrindin var svokölluð sem þær léku í nokkurskonar snældustól. Þegar skilið var gert á skilhælinn, þar var dreginn hampspotti með snúningi til að þeir færu

p5
ekki saman. Svo var það sem
hér var kallaður fetakambur. Þá var hver feti látinn á milli hverra tinda. Svo var honum lokað þegar búið var að láta skaftið, sem fest var á afurrifinu. Þegar undið var upp slangan eða vefurinn, þá var haldið í slönguna svo fast sem sá gat, snúið rifnum. Það var að svo vera, svo fast sem hægt varð, til þess að það gæfi ekki eftir þegar farið var að vefa, sem sagt að strengja þræðinum. Öðruvísi var hér ekki

rakið, nema í sokkabönd eða styttubönd og beislistaum,sem ofin voru í vefstól.
Þó sá ég ofin sokkabönd á fæti, og líka gjarðir í vefstól.
Hafaldaefni var þráður, þar til að tvistur kom, svo stálaugun þau voru hnýtt með tvisti. Hafaldagrindin var 3 rimar í stuðlum. Þá var hnýtt augað um miðslána og annar stuðullinn var laus, svo hægt var að taka hann frá og smokka höföldunum úr. Svo var látið í höföldin en dregið í skeiðina.

p6
Til að halda slöngunni út var notaður fetakamburinn. Það voru 2 við að vinda upp vefinn. Það voru eins 2 við að láta í höföldin og draga í skeiðina. Fetasköftin voru látin í áður en fetakamburinn tekinn úr. Þá var slönguendinn bundinn við slána, sem var á milli uppstandaranna fyrir ofan hafaldasköftin. Yfir uppistöðin var sett band í endann á fetasköftin, svo þau drægjust ekki úr.

p7
Ull og tóvinna 4.
Eftir því hvað ætlast var til að ætti að nota vefjarefnið. Til vinnufata vaðmæal, t.d. karlmannafata, með vaðmálsvend klæðisvend eða hálf hringofið og svo vormeldúrkur (ormel þekki ég ekki). Í önnur efni t.d. svuntur, millipils, milliskyrtur, oftast dúkvend. Rekkjuvoðir dúk- eða vaðmálsvend. Peysuföt klæðisvend. Og í betri föt karlmanna, ég man aðeins eftir jakkafötum úr mórauðri ull með klæðisvend. Þau voru sem talið var 5 lóða verki, þung, höfðu verið sérstaklega vélunninn. Ofin af eigandanum og systir hans vann þráð og fyrirvaf og sneið og saumaði allt í höndum með saumþræði.
Stærð voðar var ekki neitt víst, að ég held, en þó var reynt að hafa það sem haganlegast, því af stuttri voð fór tiltölulega meira í afvikur., því sem ekki var hægt að nota, bæði þegar byrjað var og endað.
Þær sameinuðust í voð, eftir umtali, 2 eða fleirri konur um voðina.

p8
Svo .... svuntudúk, millipils, ábreiður og því um líkt. Eins var með fleirra. Þá var lagt til eftir því hvað það þurfti að vera margar álnir. Vefarinn sagði til, eftir þyngd hespunnar, hvað úr henni fékkst í uppistöðuna. Í ein peysuföt þurfti að mig minnir 9 álnir, 3 í peysuna og 6 í pilsið.
Heiti uppsetningu: 1. einskefta eða pokavend. 2. Vaðmálsvend. 3. Klæðisvend. 4. Hringofið eða hálfhringofið. 5. Vormeldúkur (ormel heyrði ég aldrei nefnt). 6. Salún. Hefi séð sessuáklæði og ofaná rúm. Brekán sá ég aldri, en ábreiður, sem þá eldra fólk kallaði stundum brekán. Þau voru með vaðmálsvend og einskefta, stykkjótt, hringofin og hálfhringofin eða bara röndótt, ýmist með sauðalitum eða lituð.

p9
Glitvefnað, krossvefnað, flosvefnað
og spjaldvefnað heyrði ég talað um, en hann var aldrei ofinn hér. Fótvefnaður
var ekki ofinn nema sokkabönd, styttubönd og beislistaumur.
Hundshár hefi ég aldrei heyrt talað um til nota. En þegar ull var
vond, stuttu í henni, var sagt það væri eins og að spinna úr hundshári.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1899
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 3061

p1
Ull og tóvinna 3:
Meðfylgjandi þjóðháttarskrá mun ég hafa fengið í hendur vorið 1966, frá Þór Magnússyni. Það er því orðinn ansi langur ómagahálsinn á svörum mínum. En í bætiflákann er það helst að bera, að ég hefi stundum, sem síðan þá ekki verið vel frískur. Þó að mestu valdi hitt, að ég mun áður hafa verið búinn að svara öllu, sem ég vissi og kunni full skil á, um svipað efni. Ennfremur minnir mig fastleg, að ég hefði nokkuð lengi í huga, að leita fræðslu hjá gamalli kunningjakonu minni, viðvíkjandi þessarri skrá.

p2
En af mun aldrei
hafa orðið, og nú er það of seint. Að ég skrifa þetta núna er mest til þess að hafa það ekki lengur á samviskunni, að hjá mér liggi svarlausar þjóðháttarskrár, en í raun og veru komst ég aldrei í verulega snertingu við þessa hluti, og auk þess búinn að gleyma því litla sem ég vissi ungur.
Það sem ég enn man með fullri vissu er, að faðir minn átti vefstól, ýmist nefndur vefstóll eða vefstaður, og óf eitthvað á hverjum vetri, þar til hann seldi eða gaf bróður sínum vefstólinn, veturinn 1911-12, að ég ætla. Ég hygg að faðir minn hafi ekki verið sérlega mikill eða listrænn vefari, þó man ég eftir

p3
að hann óf stór verk,
margra álna löng, og að þau voru þvegin uppúr hlandþvæli og síðan farið með þau út á hlað og skoluð í bæjarlæknum, endarnir síðan festir í hjall- eða skemmuþil, en digru priki, sem kallað var "snarvölur" stungið í lykkjuna og síðan snúið upp á af öllu afli til þess að vinda þvælið og vatnið úr voðinni, uns snurður hlupu á hana, svo að hún mátti heita þurrundin, þá hengd upp á snúrur og þurrkuð til fulls. Ég man líka eftir

áhaldi, sem kallað var spjálk, og faðir minn hafði til þess að halda út jöðrunum á voðinni í vefstólnum. Áhald þetta var með smátönnum á endunum,

p4
sem stungið var í
jaðra voðarinnar, en í miðjunni á spjálkinni, var einskonar þolinmóður, svo lengja mátti hana og stytta, að einhverju marki. Skeiðin í vefstóli föður míns mun vissulega hafa verið erlend að uppruna, því hún var úr járni og þétt, þ.e. lítið bil á milli þráða. Ég man líka að mikið vandaverk þótti að setja vefinn upp, og mun það einkum hafa verið verk móður minnar, sem var vel að sér í öllu er að tóskap og saumaskap laut. Það er rétt svo, að ég man eftir hlutum og áhöldum eins og skytta, spóla, höföld osfrv., en að lýsa þeim nánar og notkun þeirra, treysti ég mér ekki svo að not verði að.

p5
Áður en ég lýk þessu
fátæklega skrifi, vil ég geta þess, að á uppvaxtarárum mínum í Steingrímsfirði, var þar kunnastur vefari og í mestum metum, Soffia á Sandnesi, dóttir Torfa alþingismanns á Kleifum á Selströnd. Hún var þá að vísu komin nokkuð til aldurs, f. 1842, en óf samt enn ásamt Guðbjörgu dóttur sinni, konu fræðaþulsins Sigvalda Guðmundssonar. Hún var ekki hvað síst listrænn vefari, og þær mæðgur allar ófu svonefnda "vormeldúk" í spariföt karlmanna, salúnsábreiður í stórum stíl, og einnig, að ég hygg, þótt ég viti það ekki fyrir víst, glitofin áklæði og brekán. Með fullri vissu man ég það, að í æsku minni var til á heimili foreldra minna glitofið

p6
söðuláklæði og glitofið
brekán, allt litað úr jurtalitum, frekar fölum, ekki skærum. Að vísu má vera að gripir þessir hafi verið úr búi ömmu minnar, Ingveldar Finnbogad., því að slitnir voru þeir nokkuð, einkum brekánið.

Persónuupplýsingar

Karlmaður
Fæðingarár: 1891
Sveitarfélag:

Spurningar

Svör úr opnun textareit
Nr. 1276

p1
Ull og tóvinna 3.
Um vefnað: Ég sem þetta skrifa hef ekki séð ofið síðan um aldamót, þá barn að aldri. Á heimili foreldra minn var vefur aldrei "settur til", einsog það var kallað, fyrr en eftir hátíðar.
Haustannir voru miklar og það tók tíma að vinna í vefjarverkið.
Ekki kunnu allir að vefa, og því síður að setja vef til. Heimilum var nauðsyn að eiga völ á vefara, ekki síður en að einhver væri bænabókarfær, því nálega allur klæðnaður var heimaunninn. Á þeim tíma er um ég get, var maður Jón að nafni, sem vann að vefnaði á vetrum. Hann var kallaður Jón vefari. Voðir voru galdeyrir í skiftum við verstöðvarnar.
Vefstóll og vefstaður var nokkuð jöfnum höndum sagt. Kljásteinsvefnað hef ég aðeins séð á Þjóðminjasafninu. Gamalt fólk, sem ég kynntist í æsku virtist kannast við hann. Um smíði eða smiði get ég ekkert sagt. En vefstaðurinn á mínu bernskuheimili var tigurlegur. Hann hafði slöngurifinn uppi og var hnarreistur. Annarsstaðar sá ég rifinn niðri. Mér fannst þeir kollóttir. Vefstaðir voru hér í öllum eyjum.
Ég sé ekki fram á að ég átti mig neitt á myndunum.

p2
Skeið: Skeiðar voru 3 til á heimili mínu. Ekki hafði ég vit á að athuga efni þeirra.
Mér er ekki grunlaust um að ein hafi verið úr hvalskíði. Ein var með látúns tönnum. Hún var þeirra mest, nýjust og kjörgripur talin. Hún mun hafa verið 80 tanna talin. Það lætur nærri að hún hafi verið 5 kvartela löng, hinar líklega eitthvað styttri.
Vefskytta: Skyttur munu hafa verið úr einhverskonar harðviði. Þær voru með 2 látúnsvírs spöngum að neðan, vel innfelldum, sem sífellt glönsuðu. Allar spólur hér voru úr sauðaleggjum. Afturfótaleggur af gamalli á eða sauð, var helst notaður. Sagað var af báðum endum leggsins.
Spólurokkar: Uppgjafa spunarokkur var hér notaður til

að spóla á. Hann gekk undir nafninu spólurokkur, sem og var haft um suma menn. Teinninn var sérstaklega gerður til þessa. Hann var með einni trissu eða kringlu og einni snúru. Spólunni var rennt upp á teininn framan frá. Ull eða band var vafið um teininn aftur við trissuna og enda spólunnar þrýst þar á, svo hún sæti föst meðan spólað var á hana.

p3
Spanstokkur: Spjálk
var það kallað hér. Ekki er ég fær um að lýsa henni að gagni. Hún mun hafa verið um 4 cm. á breidd. Jafn breið öll, að mig minnir, með 2 litla odda á hvorum enda, sem stungið var í jaðar voðarinnar. Um miðjuna lék hún á hjör með spennu, ekki ólíkt því, sem nú er á járnsög.
Ég treysti mér ekki til að teikna hana, enda skildi hana aldrei.
Að leggja upp, að reikna í skeið, að reikna í vef, get ég engu svarað. Ég mun ekki hafa verið öllu meira en 9 ára, þegar ég sá vef síðast. Rakningsgrind: Rakgrind var það kallað hér.
Ég kynntist aðeins einni. Þessi grind var mjög mikil að fyrirferð.
Myndi tæplega notast í láreistum húsum. Hér var og er enn stórt timburhús. Þar var stór vinnustofa, sem bæði var rakið og ofið í.
Bitar eru þar undir yfirlofti. Þegar rakið var, var sleigið oka með rauf til hliðar á bitanum. Á gólfinu var 11-12 cm. hár kubbur með runnu spori. Þar í lék fótur grindarássins, en að ofan lék ásinn í okanum á bitanum. Hælatré var það kallað hér, sem skilin voru gerð á. Rakgrind mun víðast hafa verið til. Ég er fátækur í rakverksmálum. Við börn fengum lítið að vera inni á meðan á athöfninni stóð. Hún reyndi á heilann, og þoldi ekki truflanir.

p4
Balbínu eða rakningsspaða
kannast ég ekki við. Rakningsstokkur: Hólfaður kassi var hér fyrir hnyklana. Hann var talsvert djúpur, um 30 cm. Vírlykkja var á kassabarminum við hvert hólf, þar var þráðurinn látinn leika í. 2-3 hólf voru á þverveginn og 5-6 á langveginn. Þó man ég þetta ekki glöggt. Hafaldagrind: Í mínu minni var smíðuð grind.
Hvernig það var áður man ég ekki. Grindin var með sívölum ás í miðjunni á langveginn. Breidd grindarinnar var ætluð fyrir lengd hafaldanna. Auga hafaldsins, sem þráðurinn skyldi leika í var myndað um miðásinn og hnýtt að beggja vegna. Önnur endasláin var laus og tekin burt þegar höföldin voru tekin af grindinni.

p5
Hafaldaefni: Hér
voru höföld búin til úr tvisti (vefjargarni). Sennilega tvinnuðum eða fleirri þættum. Þráðarhöföldum man ég óglöggt eftir, en kann ekki fleirra um þau að segja. Ekki kann ég að greina frá hvernig höföld voru fest

á sköftin, en víst er að þau röskuðust ekki úr skorðum. Vefjarkambur mun vera sama áhaldið og hér var kallað tindastóll. Fetagrind var það líka kallað. Hann var löng grind með tindum í gegnum þvert. Lengdin var alltaf breidd voðarinnar eða eitthvað meira. Á milli hverra tveggja tanna mun hafa verið einn feti. Skilsköftum man ég eftir og sköftum í báðum rifum. Ekki kann ég þar fleirra frá að segja.

Mér er ekki fært að greina frá hvernig vefur var settur, því það sá ég aldrei. Börn skyldu sofnuð áður. Þó hafði ég óljóst veður af að það var mikið tilstand. Þetta gerðist að lokinni rakningu, sem stóð fram á kvöld. Það var ekki venja á því heimili að tvínóna við störfin.

p6

Að draga í höföld

var rómantískt starf. Það var gert í vefstólnum. Vefarinn, sem hér var alltaf karlmaður, þræddi höföldin. Til aðstoðar fékk hann svifétta nótentátu, eftir því, sem tök voru á. Til handagagns höfðu þau rúnnann stíl eða síl með rauf í oddinn. Þegar hann hafði lagt hinn rétta þráð í rauf sílsins, rétti hann aðstoðarkonunni áhaldið um augað á hafaldinu, sem hélt auganu opnu og tók því sem að var rétt. Lítið var um umgang annarra um vefjarstofuna meðan á starfinu stóð. Þó vafðist verkið fyrir allt að 3 dögum. Að draga í skeið: Krókur eða goggur, var áhaldið kallað, sem dregið var í skeiðina með. Hér var það tálgað úr höfðuðkambi (lúsakambi). Tálgaður var goggur eða krókur á annann endann. Þetta áhald var rétt á milli tanna skeiðarinnar.

Þræðirnir voru látnir á krókinn, og dreginn þannig í gegn. Tveir eða tvö unnu að þessu verki. Vefarinn að sjálfsögðu. Væri sunnudagur áður en verkinu lauk, var skift um aðstoðarstúlku. Ég man þetta vegna eftirkastanna. Slagborðið var á sínum stað og skeiðin í því. Kallað var að gefa í. Það var gert í einum boga. Spjálk hélt voðinni jafnbreiðri. Hún var færð við hverja hleypu, sem kallað var. Kallað var að fella vef. Afvikur var þráðurinn, sem af gekk kallaður. Hann var notaður til að sauma með.

p7

Þóf: Voðin

var þvæld úr keytu, keytublandi í stórum bala. Síðan var voðin borin út í balanum. Síðan voru báðir endar festir um ás eða tré, sem tók um þverar dyrnar. Þar studdi ráðsett kona að, og gætti endanna. Efldur karlmaður með járnkarl að vopni dró lykkjuna út eins langt og hún náði.

Brá vopni sínu í lykkjuna og snéri uppá voðina. Allir, sem vettlingi gátu valdið röðuðu sér á voðina að strjúka af henni vatnið. Þangað til snéri víkingurinn vopni sínu, að liðir runnu á voðina. Það voru kölluð börn, sem honum voru eignuð. Nú var voðin fullundin. Gerð var stía í vinnustofuhorninu. Þófið og þófarinn sett þar inn. Hann hálfber og þvæfði með fótunum, þar til yfir lauk. Þófarabita fékk

hann, oft fleirri en einn. Þessa naut hann einkum meðan voðin var hrist upp. Það önnuðust tvær konur. Það voru háir skellir.

Ég var að mestu búinn að gleyma öllu, sem að vefnaði laut. Við lestur þessarar skrár rifjast það upp fyrir mér, þó hefur sjálfsagt margt gleymst.